Alþingi 1940.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1940, fimmtudaginn 15. febrúar, var fimmtugasta og fimmta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og þriðja aðalþing í röðinni, en sjötugasta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Friðrik J. Rafnar, vígslubiskup, steig í stólinn og lagði út af Rómv. XIV, 7.—8.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
6. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
7. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
8. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
9. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
10. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
11. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
12. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
14. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
15. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
16. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
17. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
18. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
19. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
20. Hermann Jónasson, þm. Str.
21. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
22. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
23. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
24. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
25. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
26. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
27. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
28. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
29. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
31. Ólafur Thors, þm. G.-K.
32. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
33. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
34. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
35. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
36. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
37. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
38. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
39. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
40. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
41. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
42. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
43. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
44. Thor Thors, þm. Snæf.
45. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
46. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
47. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema þm. N.-Þ. og 2. þm. Reykv., sem boðað höfðu veikindaforföll. En ókomnir voru til þings:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940, dags. 1. febr. s. á. (Sjá Stjtíð. 1940, A. bls. 9).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

„Minnumst ættjarðarinnar og konungs!“ og tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Í dag er fimmtudagur, og er venjulegt að halda ekki fundi á laugardögum. Auk þess halda tveir stjórnarflokkanna allsherjar flokksfundi þessa dagana, og hefir ríkisstjórnin þess vegna talið hagkvæmast að fresta fundi til næstkomandi mánudags kl. 1½, og er ætlazt til þess, að flokkarnir noti þann tíma til að undirbúa kosningar í nefndir, þannig að hægt sé að ljúka öllum venjulegum störfum með nægilegum hraða á þeim fundi.

Fundi frestað til mánudags.

Mánudaginn 19. febr., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið. Voru þá til þings komnir þeir þingmenn, sem ókomnir voru við þingsetningu, en fjarstaddir voru þm. N.-Þ., sem var veikur, og 11. landsk. þm., sem boðað hafði forföll.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til að stýra fundi þar til kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Kosning forseta.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Thor Thors, þm. Snæf., og lét síðan ganga til kosninga um forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.,

með 23 atkv. — Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv., fékk 1 atkv., en 20 seðlar voru auðir.

Gekk þá hinn kjörni forseti til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrra varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Pétur Ottesen, þm. Borgf.,

með 31 atkv. — 15 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta sameinaðs þings, og var kosinn

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.,

með 30 atkv. — 15 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var BjB, en á B-lista TT. — Með því að ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Thor Thors, þm. Snæf.

Kjörbréfanefnd.

Loks var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust þrír listar, A, B og C. Á A-lista var VJ, á B-lista EÁrna, BJ, og á C-lista GSv, ÞÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:

Einar Árnason,
Gísli Sveinsson,
Bergur Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Vilmundur Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 20. febr., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu þrír listar, A, B og C, með jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Af A-lista: Pétur Ottesen,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður E. Hlíðar,
Sigurður Kristjánsson.
Af B-lista: Bernharð Stefánsson,
Bjarni Bjarnason,
Helgi Jónasson,
Páll Hermannsson.
Af C-lista: Emil Jónsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Fram komu tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Af A-lista: Thor Thors,
Jóhann Jósefsson,
Garðar Þorsteinsson.
Af B-lista: Bergur Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Jónas Jónsson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Varamenn:
Af A-lista: Magnús Jónsson,
Ólafur Thors,
Bjarni Snæbjörnsson.
Af B-lista: Gísli Guðmundsson,
Páll Zóphóníasson,
Pálmi Hannesson,
Haraldur Guðmundsson.

3. Allsherjarnefnd.

Fram komu tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina, og lýsti forseti yfir samkv. því, að kosnir væru án atkvgr.:

Af A-lista: Magnús Jónsson,
Árni Jónsson,
Þorsteinn Briem.
Af B-lista: Einar Árnason,
Jörundur Brynjólfsson,
Finnur Jónsson,
Páll Zóphóníasson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
4. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
7. Hermann Jónasson, þm. Str.
8. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
9. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema 11. landsk. þm., sem boðað hafði forföll.

Forsætisráðherra, Hermann Jónasson, kvaddi elzta þm. deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson, 2. þm. N.-M., og Bjarna Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Kosning forseta og skrifara.

Var þá gengið til forsetakosningar. Kosinn var

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 14 atkv. — 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórninni og lét fyrst fara fram kosningu fyrra varaforseta. Kosningu hlaut

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.,

með 13 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.,

með 11 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var PHerm, en á B-lista BSn. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., og
Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Sætaskipun.

Þá skyldi hluta um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom till. frá 2. landsk. þm. um að veita þau afbrigði frá þingsköpum, að sætaskipun skyldi haldast óbreytt eins og hún var á síðasta þingi, og var sú till. leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 20. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Af A-lista: Bernharð Stefánsson,
Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Magnús Jónsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Af A-lista: Jónas Jónsson,
Páll Zóphóníasson.
Af B-lista: Árni Jónsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Af A-lista: Páll Zóphóníasson,
Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Þorsteinn Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Af A-lista: Ingvar Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson.
Af B-lista: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd.

Af A-lista: Jónas Jónsson,
Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Bjarni Snæbjörnsson.

6. Menntamálanefnd.

Af A-lista: Jónas Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.
Af B-lista: Árni Jónsson.

7. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Sigurjón Á. Ólafsson,
Ingvar Pálmason.
Af B-lista: Magnús Gíslason.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
6. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
7. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
17. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
18. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
19. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
20. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
23. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
26. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
27. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
28. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
29. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
30. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
31. Thor Thors, þm. Snæf.
32. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
33. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi, nema þm. N.-Þ., sem var veikur.

Fjármálaráðherra, sem var elzti maður deildarinnar, kvaddi næstelzta þingmanninn, Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Tók hann þá við stjórn fundarins og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara þá Emil Jónsson, 6. landsk. þm., og Eirík Einarsson, 8. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,
með 22 atkv. — 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrra varaforseta. Kosinn var

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.,
með 18 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

Því næst var kosinn annar varaforseti. Kosningu hlaut

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,
með 16 atkv. — Héðinn Valdimarsson hlaut 1 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var EmJ, en á B-lista EE. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Þorsteinn Briem,
8. — — Sveinbjörn Högnason,
9. — — Pálmi Hannesson,
10. — — Pétur Ottesen,
11. — — Skúli Guðmundsson,
12. — — Bjarni Ásgeirsson,
13. — — Sigurður Kristjánsson,
14. — — Ásgeir Ásgeirsson,
15. — — Sigurður E. Hlíðar,
16. — — Einar Olgeirsson,
17. — — Vilmundur Jónsson,
18. — — Stefán Stefánsson,
19. — — Steingrímur Steinþórsson,
20. — — Helgi Jónasson,
21. — — Jón Ívarsson,
22. — — Pétur Halldórsson,
23. — — Gísli Guðmundsson,
24. — — Héðinn Valdimarsson,
25. — — Finnur Jónsson,
26. — — Thor Thors,
27. — — Gísli Sveinsson,
28. — — Garðar Þorsteinsson,
29. — — Bergur Jónsson,
30. — — Bjarni Bjarnason,
31. — — Haraldur Guðmundsson,
32. — — Ísleifur Högnason,
33. — — Jón Pálmason,

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 20. febr., fóru fram kosningar í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram 3 listar, A, B og C, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Fóru kosningar því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason.
Af C-lista: Jón Pálmason, Stefán Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Af A-lista: Vilmundur Jónsson.
Af B-lista: Gísli Guðmundsson, Helgi Jónasson.
Af C-lista: Gísli Sveinsson, Eiríkur Einarsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Af A-lista: Haraldur Guðmundsson.
Af B-lista: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson.
Af C-lista: Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Af A-lista: Finnur Jónsson.
Af B-lista: Bergur Jónsson, Skúli Guðmundsson.
Af C-lista: Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar.

5. Iðnaðarnefnd.

Af A-lista: Emil Jónsson.
Af B-lista: Bjarni Ásgeirsson, Pálmi Hannesson.
Af C-lista: Gísli Sveinsson, Eiríkur Einarsson.

6. Menntamálanefnd.

Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Bjarni Bjarnason, Pálmi Hannesson.
Af C-lista: Gísli Sveinsson, Pétur Halldórsson.

7. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Vilmundur Jónsson.
Af B-lista: Bergur Jónsson, Sveinbjörn Högnason.
Af C-lista: Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1941.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.: **Frv. til fjárlaga fyrir árið 1941** (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég mun nú svo sem venja er til við 1. umr. fjárl. gefa yfirlit yfir afkomu ríkissjóðs árið 1939, og skal ég þá fyrst lesa skýrslu um skatta og tolla (sjá næstu opnu).

Samkvæmt rekstraryfirlitinu, sem ég las upp, má heita, að rekstrartekjur og gjöld standist á. Tekjuafgangurinn hefir orðið aðeins kr. 19635.00, í stað þess að hann var í fjárlögum áætlaður sem næst 1200 þús. Stafar þetta af því, að þó að tekjurnar hafi að vísu farið nokkuð fram úr áætlun, eða um nálega 1200 þús., þá hafa gjöldin farið enn meira fram úr áætlun, eða 2377 þús.

Til samanburðar skal á það bent, að í fjárlögum 1938 voru tekjurnar áætlaðar 17464280.00, en urðu 19532580.00, eða fullum 2 millj. meiri en áætlað var. Gjöldin voru hinsvegar áætluð 16322141.00, en urðu 17764938.00, og fóru því ekki nema um 1440 þús. fram úr áætlun. Þannig hafa umframtekjur þess árs orðið um 560 þús. meiri en umframgjöld, en umframgjöld ársins 1939 nálega 1200 þús. kr. meiri en umframtekjur.

Það kemur nú engum á óvart, þó að gjöld ríkissjóðs hafi farið allverulega fram úr áætlun á síðasta ári. Það er eðlileg afleiðing af breyt. þeirri, sem gerð var á gengi ísl. krónu snemma á árinu og hlaut að hafa veruleg áhrif til hækkunar á mikinn hluta af rekstrargjöldum ríkisins.

Eins og ég sagði áðan, hafa gjöldin farið fram úr áætlun um hart nær 2400 þús., og skal ég nú gera nokkra grein fyrir þeim umframgreiðslum.

Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaganna hafa farið fram úr áætlun um nál. 282 þús. kr. Af þeirri upphæð voru 206 þús. kr. gengismunur á vöxtum af erl. skuldum, en 76 þús. vextir af innlendum lánum; hefir áætlun fjárlaganna reynzt þeirri upphæð of lág.

Gjöld samkv. 8. gr. hafa orðið um 7 þús. hærri en áætlað var, og stafar það af gengismun.

Gjöld samkv. 9. gr., alþingiskostnaður, hafa farið 71 þús. fram úr áætlun, en ekki orðið nema 48 þús. hærri en árið 1938, og stafar sú hækkun af því, að þing var haldið bæði haust og vor 1939.

Gjöld samkv. 10. gr. I, stjórnarráðið, hafa orðið 151 þús. meiri en áætlað var. Er þó í því sambandi þess að gæta, að sá kostnaður hefir á árinu 1938 orðið 79 þús. kr. hærri en áætlað var árið 1939, og mismunur á kostnaðinum 1938 og 1939 því ekki nema 72 þús. Hækkunin stafar annars aðallega af fjölgun ráðherra og stjórnardeilda og ýmsum kostnaði, er af því stafar, og þá einnig af hækkuðu verðlagi, m. a. vegna gengisbreytingarinnar. Skrifstofukostnaðurinn er talinn að hafa farið fram úr áætlun um 118 þús., en eins og áður en sagt stafar sú umframgreiðsla að mjög miklu eða mestu leyti af ósamræmi milli áætlunar og raunverulegra útgjalda, eins og þau voru orðin næsta ár á undan. En auk þess telur ríkisbókhaldið, að 25 þús. af þessari upphæð eigi að endurgreiðast af ýmsum öðrum liðum fjárlaganna. Laun ráðherra hafa orðið 15 þús. kr. hærri en áætlað var, kostnaður við ríkisbókhald og féhirði 3 þús. kr. hærri, útgáfa ríkisreiknings og Stjórnartíðinda 4 þús. kr. hærri og kostnaður við ráðherrabústað og stjórnarráðshús 10 þús. kr. hærri.

Gjöld samkv. 10. gr. II, utanríkismál, hafa farið 88 þús. kr. fram úr áætlun. Af því eru 15 þús. kr. gengismunur á kostnaði við sendiherraembættið í Kaupmannahöfn, 18 þús. kr. aukinn kostnaður við aðra meðferð utanríkismála, gengismun og greiðslur Vilh. Finsens, og loks eru 55 þús. aukinn kostnaður við samninga við erlend ríki, þar með talinn kostnaður við ensku samninganefndina s. l. haust, sem ekkert var áætlað fyrir í fjárlögum.

Gjöld samkv. 11. gr., dómgæzla, lögreglustjórn o. fl., hafa farið mjög verulega fram úr áætlun, eða samtals um 400 þús. kr., og er þess þó þar að gæta, að ekki hefir komið til greiðslu á 25 þús. kr. vegna brunatryggingar og fasteignagjöld, sem áætlað hafði verið fyrir, og hafa umframgreiðslurnar þannig raunverulega orðið 25 þús. kr. meiri en hér er talið.

Gjöldin samkv. 11. gr. A, dómgæzlan, voru áætluð 1522750.00, en urðu 1827648.00, eða 305 þús. krónum meiri. Í því sambandi er þess þó að gæta, að árið 1938 urðu þessi gjöld nál. 1796 þús. kr., og hefir þessi kostnaður því ekki aukizt á árinu 1939 nema um 32 þús. krónur. Og með hliðsjón af því mætti líta svo á, að áætlun fjárlaganna hefði verið allt of óvarleg. En einstakir gjaldliðir hafa farið fram úr áætlun sem hér segir: hæstiréttur 5 þús., laun hreppstjóra 16 þús., skrifstofukostnaður tollstjórans í

Reykjavík 27 þús., lögreglustjóra 23 þús., toll- og löggæzla í Reykjavík 54 þús., löggæzla utan Reykjavíkur 35 þús., bifreiðaeftirlit 23 þús., hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögreglu í Reykjavík 24 þús., skrifstofukostnaður sýslum. 13 þús., landhelgisgæzla 57 þús., sakamálakostn. 7 þús., Litla-Hraun 17 þús., löggildingarstofan 4 þús., eða samtals eins og áður er sagt 305 þús. En þegar tillit er tekið til þess, að umframgreiðslurnar voru árið áður, miðaðar við sömu áætlun, orðnar 273 þús., þá veit ég ekki, hvort meiri ástæða er til að undrast það, hve mikil eða hve lítil hækkunin hefir orðið á þessu ári.

Gjöld samkv. 11. gr. B, sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur, voru áætluð 329 þús., en hafa orðið 424315.00 og þannig farið 95 þús. fram úr áætlun, og hafa þá ekki verið greiddar 25 þús. kr. fyrir brunatryggingar og fasteignagjöld. Árið 1938 urðu þessi gjöld samkv. ríkisreikningi 444 þús. kr., eða 20 þús. kr. meiri en greidd hafa verið á árinu 1939, en 5 þús. minni, ef með eru taldar þessar 25 þús. kr., sem ógreiddar eru. Umframgreiðslurnar á árinu 1939 eru þessar: fasteignamat 85 þús., ríkisskattanefnd 8 þús. og eyðublöð 27 þús., eða samtals 120 þús., en þar sem tilsvarandi umframgreiðslu hefir verið um að ræða árið 1938, verður að telja, að áætlun fjárlaganna hafi verið mjög um of óvarleg.

Um útgjöld samkvæmt 11. gr. A. og B. skal ég svo vekja athygli á því, að árið 1927 voru þau útgjöld samanlögð skv. ríkisreikningi *1094540.33, en árið 1938 1795871.58+444126.13, eða* samtals 2239997.71, og hafa þau því hækkað um 1145457.38 á 11 árum, eða sem svarar um 100 þús. kr. á ári. Á næsta 11 ára tímabili á undan hækkuðu þessi útgjöld úr 174426.99 árið 1916 upp í 1094540.33 árið 1927, eða um sem svarar 83 þús. kr. á ári. Á fyrra tímabilinu, sem ég nefndi síðar, urðu nokkrar sveiflur á útgjaldaupphæðinni frá ári til árs, og hefir það að sjálfsögðu staðið í sambandi við launalögin frá 1919 og dýrtíðaruppbótina. Lækkun dýrtíðaruppbótarinnar og niðurfelling hennar á hærri launum, sem framkvæmd var á síðara tímabilinu, hefir hinsvegar að því er virðist lítil áhrif haft á heildarútgjöldin. En af þessu, að þessi útgjöld hafa þannig farið nokkuð jafnt og þétt vaxandi síðustu 22 árin, er ljóst, að nokkru auðveldara muni að tala um að halda þeim í skefjum en að gera það í framkvæmdinni, og stafar það að sjálfsögðu af því, að störf þau, sem um er að ræða, hafa orðið umfangsmeiri og margbrotnari með ári hverju, eftir því m. a., sem tolla- og skattalöggjöfin hefir orðið margbrotnari og færðar hafa verið út kvíarnar í þeim efnum.

Gjöld samkv. 12. gr., heilbrigðismál, voru áætluð 660731 kr., en urðu 684 þús. og umframgreiðslur þannig orðið 23 þús. Eru þessar umframgreiðslur á ýmsum liðum og þykir ekki ástæða til að fara nánara út í það. Árið 1938 voru þessi útgjöld 44 þús. krónum hærri.

Útgjöld til vegamála voru áætluð 1620 þús., en hafa orðið 1855 þús., eða 235 þús. hærri. Af því hafa farið 86 þús. í viðhald og endurbætur umfram áætlun, 20 þús. til nýrra akvega, 51 þús. til þjóðvega af benzínskatti, 11 þús. til brúargerða, 8 þús. til fjallvega, 28 þús. til sýsluvega, 5 þús. til þess að halda uppi vetrarflutningum. 12 þús. til að halda uppi byggð og gistingu á afskekktum stöðum (Bakkasel og Fornihvammur), 8 þús. til aðstoðarmanna og mælinga og 4 þús. til skrifstofukostnaðar. Árið 1938 urðu þessi útgjöld 1826764 kr., eða um 27 þús. kr. lægri en á þessu ári.

Til samgangna á sjó voru áætlaðar 654 þús. kr., en þau útgjöld urðu ekki nema 576 þús., eða 78 þús. kr. lægri. Árið 1938 urðu þau útgjöld 663 þús. kr. Stafar lækkunin af því, að síðara árið var aðeins eitt strandferðaskip í föstum ferðum, en fyrra árið voru þau tvö framan af árinu.

Til vitamála og hafnargerða var áætlað 707 þús., en þau útgjöld verða 699932 kr., eða 7 þús. kr. lægri. Árið 1938 urðu þau útgjöld 662 þús.

Til flugmála var áætlað 11500 kr., en varið 19400 kr. og umframgreiðsla því 7900 kr. Árið 1938 urðu þau útgjöld 17226 kr.

Gjöld samkv. 14. gr. A, kirkjumál, voru áætluð 408 þús., en urðu 410 þús., en 403 þús. á árinu 1938.

Gjöld samkv. 14. gr. B, kennslumál, hafa farið fram úr áætlun, urðu 166 þús. kr. Voru áætluð 1939 þús. kr., en urðu 2105 þús. Skiptast umframgreiðslurnar á einstaka liði þannig: háskólinn 8 þús., námsstyrkur stúdenta 5 þús., fræðslumálaskrifstofan 5 þús., menntaskólinn í Reykjavík 12 þús., menntaskólinn á Akureyri 17 þús., *kennaraskólinn* 7 þús., Hólaskóli 5 þús., Hvanneyrarskóli 18 þús., barnafræðsla 25 þús., Eiðaskóli 5 þús., héraðsskólar 9 þús., gagnfræðaskólar 27 þús., unglingafræðsla 5 þús., húsmæðrafræðsla 5 þús., ýmsar greiðslur 13 þús. Um þessar umframgreiðslur er svipuðu máli að gegna eins og um greiðslurnar samkv. 11. gr. Árið 1938 urðu fjárlagaútgjöldin til kennslumála 1990690.23 og fóru þá nákvæmlega eins mikið fram úr áætlun og nú. Þar er þess þar að auki að gæta, að allmiklar greiðslur hafa verið inntar af hendi til kennslumála samkv. sérstökum lögum bæði árin, og kem ég að því síðar. En hinsvegar er augljóst, að mikill hluti þessara umframgreiðslna til kennslumálanna er jafnóðum orðinn föst útgjöld, sem koma aftur og aftur ár eftir ár, hvað sem fjárlögin tiltaka. Útgjöldin eru að langmestu leyti lögbundin og með þeim hætti, að þau vaxa með ári hverju beinlínis samkv. lagafyrirmælum. Árið 1916 námu þessi útgjöld tæpl. 330 þús. kr., árið 1927 urðu þau 1170 þús., og höfðu þannig hækkað um 840 þús. eða sem svarar um 76 þús. á ári. Árið 1938 eru þau orðin 2107 þús., og hafa þannig á undanförnum 11 árum hækkað um 937 þús. kr. eða sem svarar 85 þús. á ári.

Gjöld samkv. 15. gr. hafa farið tæp 14 þús. kr. fram úr áætlun og urðu um 18 þús. kr. meiri en á árinu 1938. Kemur þar til greina að nokkuð verulegu leyti aukinn kostnaður vegna gengisbreytingarinnar og alm. verðhækkunar eins og á flestum öðrum útgjaldaliðum.

Gjöld samkv. 16. gr. hafa farið fram úr áætlun um 182 þús. kr. Af því koma 163 þús. á áburðareinkasöluna, og af þeirri upphæð eru 148 þús.

Áætlun um tekjur og gjöld

	Tekjur	Fjárlög	Reikningur	
2. gr.	Skattar og tollar:			
	Fasteignaskattur	445000.00	483625.00	
	Tekju-, eignar- og hátekjuskattur	1942000.00	2228123.00	
	Lestagjald af skipum	55000.00	80264.00	
	Aukatekjur	665000.00	652347.00	
	Erfðafjárskattur	56000.00	94760.00	
	Vitagjald	490000.00	473081.00	
	Leyfisbréfagjald	28000.00	29525.00	
	Stimpilgjald	585000.00	685097.00	
	— af ávísunum og kvittunum	75000.00	72431.00	
	Bifreiða- og benzínskattur	715000.00	840852.00	
	Útflutningsgjald	10000.00	28792.00	
	Áfengistollur	1200000.00	1067432.00	
	Tóbakstollur	1500000.00	1390336.00	
	Kaffi- og sykurtollur	1245000.00	1343872.00	
	Annað aðflutningsgjald	72000.00	65071.00	
	Vörutollur	1555000.00	1507009.00	
	Verðtollur	1400000.00	1371078.00	
	Gjald af innfluttum vörum	1530000.00	2217533.00	
	Gjald af innlendum tollvörum	500000.00	511985.00	
	Skemmtanaskattur	135000.00	168765.00	
	Veitingaskattur	100000.00	87382.00	
	Samtals	14303000.00	15399360.00	
	÷ Endurgr., niðurf., hækkun eftirst. o. fl.	.....	550000.00	14849360.00
3. gr. A.	Ríkisstofnanir:			
	Póstmál	1000.00	10000.00	
	Landssíminn	572000.00	710000.00	
	Áfengisverzlunin	1600000.00	1821257.00	
	Tóbakseinkasalan	630000.00	661049.00	
	Ríkisprentsmiðjan	53000.00	50500.00	
	Landssmiðjan	.....	12699.00	
	Grænmetisverzlun	.....	68000.00	
	Vífilsstaðabú	5000.00	8232.00	
	Kleppsbú	5000.00	11241.00	
	Bifreiðaeinkasalan	66000.00	117037.00	
	Raftækjaeinkasalan	90460.00	65000.00	
	Ríkisútvarp og viðtækjaverzlun	÷ 11500.00	24125.00	3559140.00
3. gr. B.	Tekjur af fasteignum	33000.00	.....	30000.00
4. gr.	Vaxtatekjur	508000.00	.....	549120.00
5. gr.	Óvissar tekjur	50000.00	.....	114580.00
	Samtals	17904960.00	.....	19102200.00

kr. gengistap á erlendum skuldum verzlunarinnar. Árið 1938 fóru greiðslur samkv. þessari gr. fram úr áætlun fjárl. þess árs um 92 þús., en sú áætlun var 175 þús. kr. lægri en árið 1939.

Gjöld samkv. 17. gr., styrktarstarfsemi, fóru 60 þús. kr. fram úr áætlun: berklavarnir 24 þús., alþýðutryggingar 25 þús., til foreldra óskilgetinna barna 7 þús., allt lögbundin útgjöld, og til nauðstaddra Íslendinga erlendis 4 þús.

Gjöld samkv. 18. gr., eftirlaun og styrktarfé, verða tæpum 7 þús. kr. undir áætlun.

Gjöld samkv. 19. gr., óviss útgjöld, hafa farið 212 þús. kr. fram úr áætlun, og eru stærstu liðirnir þessir:

	Í þúsundum	
Kostnaður vegna erlendra lána	19	
Tillag til Eskifjarðarhrepps	20	
Greitt fyrir samn. lagafrv. og reglugj.	20	
Málfl.laun	18	
Erlendir gestir	20	
Fálkaorðan	9	
Bifreiðakostnaður stjórnarráðs	12	
Ýmsir utanfararstyrkir	24	
		142

Gjöld samkv. sérstökum lögum, sem ekki hafa verið áætluð í fjárlögum:

Lög 51 '30 um bændaskóla	28
— 27 '31 um innflutning sauðfjár	2

	Gjöld:	Fjárlög	Reikningur
7. gr.	Vextir	1680000.00	1961635.00
8. gr.	Borðfé konungs	60000.00	66932.00
9. gr.	Alþingiskostnaður	245920.00	317060.00
10. gr. I.	Stjórnarráðið	292046.00	443326.00
10. gr. II.	Hagstofan	66300.00	66635.00
10. gr. III.	Utanríkismál	149000.00	237484.00
11. gr. A.	Dómgæzla	1522750.00	1827648.00
11. gr. B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	329000.00	424315.00
12. gr.	Heilbrigðismál	660731.00	684182.00
13. gr. A.	Vegamál	1620077.00	1855067.00
13. gr. B.	Samgöngur á sjó	654200.00	576200.00
13. gr. C.	Vitamál og hafnargerðir	707250.00	699932.00
13. gr. D.	Flugmál	11500.00	19400.00
14. gr. A.	Kirkjumál	408020.00	410023.00
14. gr. B.	Kennslumál	1939229.00	2105498.00
15. gr.	Vísindi, bókmenntir og listir	251660.00	265183.00
16. gr.	Atvinnumál	4003200.00	4185590.00
17. gr.	Styrktarstarfsemi	1618800.00	1678078.00
18. gr.	Eftirlaun	386108.00	379526.00
19. gr.	Óviss útgjöld	100000.00	312209.00
	Sérstök lög	.....	322916.00
	Þingsályktanir	.....	129832.00
	Væntanleg fjáraukalög	.....	113894.00
		16705791.00	19082565.00
	Tekjuafgangur	1199169.00	19635.00
	Samtals	17904960.00	19102200.00

Lög 60 '32 um kirkjugarða 2
— 11 '35 um gjaldeyris- og innfl.n. . 35
— 93 '35 um eftirlit með skipum og bátum 2
— 135 '35 framfærslulög 15
— 71 '36 um kennslu í vélfræði 5
— 85 '36 um meðferð einkamála í héraði 10
— 57 '37 um lestrarfélög og kennslukvikmyndir 30
— 38 '37 um loðdýrarækt 6
— 70 '37 um verðlag á vörum 36
— 67 '38 um rannsókn á hag togaraútgerðarinnar 7
Lög 80 '38 um vinnulöggjöf 11
— 86 '38 um lífeyrissjóð ljósmæðra . 15
— 100 '38 um iðnaðarnám 3
— 10 '39 húsaleigunefnd 6
— 10 '39 kauplagsnefnd 6
— 14 '39 um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki 52
— 37 '39 um ráðstafanir vegna styrjaldar 30
—— 301

Gjöld samkv. þingsályktunum, sem eins stendur á um:
Milliþingan. í tolla- og skattamálum 29
— í bankamálum 2

Eignahreyfingar 1939. (Samkv. bráðabirgðauppgjöri.)

Inn:	Fjárlög	Reikningur
Tekjur samkv. rekstrarreikningi	17904960.00	19102000.00
1. Fyrningar	343833.00	365000.00
2. Útdráttur bankavaxta- og veðdeildarbréfa	50000.00	66000.00
3. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000.00	12000.00
4. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50000.00	55000.00
Greiðslujöfnuður	50248.00	1470000.00
Samtals	18409041.00	21070000.00

Út:	Fjárlög	Reikningur	
Gjöld samkv. rekstrarreikningi	16705791.00		19083000.00
I. Afborganir lána:			
1. Ríkissjóður:			
a. Innlend lán	396840.00	445000.00	
b. Dönsk lán	306487.00	159000.00	
c. Ensk lán	494923.00	572000.00	
2. Lán ríkisstofnana:			
a. Landssiminn	215000.00	250000.00	
b. Ríkisútvarpið	75000.00	100000.00	1526000.00
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:			
1. Landssiminn	130000.00	190000.00	
2. Ríkisprentsmiðjan	10000.00	10000.00	
3. Ríkisútvarpið og viðtækjaverzlunin	.....	25000.00	
4. Tóbakseinkasala	.....	30000.00	
5. Bifreiðaeinkasala	.....	20000.00	
6. Grænmetisverzlun	.....	68000.00	343000.00
III. Til að gera nýja vita	65000.00	.....	100000.00
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna	10000.00	.....	18000.00
Samtals	18409041.00	.....	21070000.00

Milliþingan. í landbúnaðarmálum	2	
Til alþjóða hafrannsókna	10	
Til sundhallar í Reykjavík	83	
Kostnaður við rafveitur	4	
		130
Aukagreiðslur, sem ekki eru sérstakar lagaheimildir fyrir og verða teknar upp í fjáraukalög:		
Greitt vegna Matthíasar-bókhlöðu	10	
Til Skáksambandsins vegna ferðar til S.-Ameríku	3	
Vilhjálmur Þór, erindrekstur í New York	14	
Auðlindarannsóknir	36	
Greitt vegna sauðfjárpestar	45	
		108

Um tekjur ársins er það að segja, að þó að þær hafi ekki orðið miklum mun lægri en árið áður, þá verður eigi að síður að telja, að þær hafi brugðizt að mjög verulegum mun, með tilliti til þess, hve mjög gjöldin hlutu að vaxa við gengisbreytinguna síðastl. vor og síðan vegna ófriðarástandsins, en hinsvegar mátti vænta nokkurrar aukningar teknanna af sömu ástæðum. Í heild hafa tekjurnar árið 1939 samkvæmt því, sem nú er upplýst, orðið 430 þús. krónum lægri en árið 1938. Skattar og tollar hafa orðið 186 þús. lægri, tekjur af ríkisstofnunum 237 þús. og aðrar tekjur 7 þús. Af einstökum tekjuliðum, sem hafa orðið verulegum mun lægri, má nefna: útflutningsgjöld 154 þús., áfengistoll 119 þús., tóbakstoll 364 þús., vörutoll 65 þús., gjöld af innlendum tollvörum 81 þús., tekjur af áfengisverzluninni 84 þús., tekjur af tóbakseinkasölunni 107 þús. og tekjur af raftækjaeinkasölunni 73 þús. Veruleg hækkun hefir hinsvegar orðið á þessum liðum: erfðafjárskatti 39 þús., stimpilgjaldi 91 þús., kaffi- og sykurtolli 131 þús., verðtolli 71 þús., gjaldi af innfl. vörum 213 þús., símatekjum 135 þús., bifreiðaeinkasölu 40 þús. Þess hefði hinsvegar mátt vænta, að hækkun á verðtolli og jafnvel einnig gjaldi af innfl. vörum hefði orðið mun meiri, vegna gengisbreytingarinnar og síðan verðhækkunar af öðrum ástæðum, en raun hefir orðið á. Um tekjur áfengis- og tóbaksverzlananna skal þess getið, að frá þeim hefir verið dregið allverulegt gengistap, sem orðið hefir á erlendum skuldum þeirra. Tekjur af útflutningsgjaldi verða væntanlega nokkru meiri en talið er í yfirlitinu um rekstrartekjur.

Þá skal ég að lokum, áður en ég vík að fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1941, gera nokkra grein fyrir skuldum ríkissjóðs í árslokin síðustu, samanborið við árslokin 1938:

	1938	1939
Föst innlend lán ...	3822575 kr.	3600000 kr.
Dönsk lán	6117027 —	7940000 —
Ensk lán	31600995 — (£1426681½)	35780000 — (£1391134)
Lausar skuldir	4320694 —	5816000 —
Samtals	45861291 kr.	53136000 kr.

Skuldir ríkissjóðs hafa þannig hækkað á árinu um kr. 7275000, og stafar sú hækkun einvörðungu af gengisbreytingunni. En með óbreyttu gengi hefðu þær staðið því sem næst í stað, og þó heldur lækkað.

Lausu skuldirnar hafa hækkað sem næst því sem svarar afborgunum af föstum lánum, og kemur sú hækkun fram í hlaupareikningsviðskiptum við Landsbankann, og verður óhjákvæmilegt að borga þá skuld niður, enda hefir verið svo ráð fyrir gert, að tekið yrði skuldabréfalán innanlands til lækkunar lausum skuldum, samkvæmt heimild, sem gefin var á haustþinginu 1937 til slíkrar lántöku, allt að 3 millj. kr., en eftir eru af þeirri heimild um 2300 þús. En auk yfirdráttarskuldarinnar hjá Landsbankanum eru fleiri lausar skuldir, sem kallað er eftir greiðslu á. 100 þús. punda víxilláninu, sem tekið var í Englandi 1938, var sagt upp um síðustu áramót, og hefir það nú verið flutt yfir í Landsbankann, en greiðslu er krafizt á skuldinni á yfirstandadi ári eigi að síður. Hluti ríkissjóðs í því láni var í árslok 1938 talinn kr. 821817.00, en við bætist gengistap á allri skuldinni, er nemur kr. 357000.00. Það, sem ráðstöfun þyrfti að gera til þess að greiða af lausu skuldunum, er því:

Greiðsluhalli í ríkisreikningi 1939	kr. 1470000.00
Hluti ríkissjóðs í enska víxlinum	— 821817.00
Gengistap	— 357000.00
Samtals	kr. 2648817.00

Nú er það að vísu svo, að lántökuheimildin frá 1937 hrekkur ekki til slíkrar lántöku, en þó að úr því mætti að vísu bæta, þá tel ég vonlítið eða vonlaust, að takast mundi að fá slíkt lán innanlands á einu ári.

Hér við bætist svo það, að fjárlögin fyrir árið 1940 voru afgr. á nýafstöðnu þingi með 572599 króna greiðsluhalla, auk þess sem ákveðið var að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins verðlagsuppbót á laun þeirra. Auðsætt er, með hliðsjón af reynslu síðasta árs, að til beggja vona getur brugðið um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári, og gæti svo farið, jafnvel þó að beitt væri til hins ýtrasta heimild 22. gr. fjárl. til að lækka ólögbundin útgjöld um allt að 20%, að allverulegur greiðsluhalli yrði á ríkisreikningnum fyrir þetta ár. Verðlagsuppbótina er væntanlega ekki varlegt að áætla öllu minni en 350—400 þús., og yrði þá greiðsluhallinn allt að 1 millj. kr. samkv. fjárlögum, en eins og horfur eru nú í heiminum, er yfirvofandi hætta á því, að flutningar til landsins kunni að teppast að meira eða minna leyti, en því yrði óhjákvæmilega samfara, að tekjur ríkissjóðs hlytu að bregðast að miklum mun. Það verður því að telja mjög óvarlegt að gera ráð fyrir því, að komizt verði hjá því, að greiðsluhalli verði á fjárlögunum, allt að því sem í þeim er áætlað, eða 500 þús. til 1 millj. Verður þannig að gera ráð fyrir því, að við þær gjaldföllnu skuldir, sem ég þegar hefi gert grein fyrir, kunni að bætast á þessu ári allt að einni millj. kr., sem úrræði verði að finna til að ráðstafa, eða að þær skuldir verði samtals allt að 3½ millj.

Þetta var það, sem fjármálaráðuneytið varð að horfast í augu við, þegar það átti að fara að semja nýtt fjárlfrv. fyrir árið 1941. En svo mjög sem allt er í óvissu um afkomu ríkissjóðsins á þessu nýbyrjaða ári, þá er þó allt í enn meiri óvissu um afkomu næsta árs. Það eitt virðist mega telja auðsætt, að fullkomin ástæða sé til þess að gæta fyllstu varúðar í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna á þessu þingi. Ég taldi mér því skylt að leitast af fremsta megni við að gera fjárlfrv. þannig úr garði, að komizt yrði a. m. k. hjá greiðsluhalla á árinu 1941.

Ég skal hér geta þess, að í lok síðasta þings, þegar ákveðið hafði verið, að þing kæmi saman aftur að mánuði liðnum, þá var um það talað, að ekki mundu verða tök á öðru en að sníða hið nýja fjlfrv. mjög eftir fjárlögunum fyrir árið 1940, eins og þau höfðu verið afgreidd af þinginu í janúarmánuði. Var það bæði með tilliti til þess, hve naumur tími var til stefnu, og að í rauninni virtust ekki líkur til þess, að menn yrðu nokkru nær um afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu 1941 að einum mánuði liðnum en menn voru þá. Hinsvegar breyttist mitt viðhorf til væntanlegrar afgreiðslu fjárl. gersamlega við þá athugun á afkomu síðasta árs, sem gerð var á þeim stutta tíma, og við það að gera mér grein fyrir þeim greiðsluerfiðleikum, sem framundan væru. En af því, hve stuttur tími var til stefnu og að ég var veikur síðustu vikuna fyrir þingsetningu, þá varð það úr, að ég varð að láta frv. fara í prentun án þess að bera það undir samstarfsmenn mína í ríkisstjórninni fyrr en það var fullprentað. Ég hefi þannig verið einn um samningu frv. og ber einn ábyrgð á því. Hinsvegar er ég að sjálfsögðu, eins og ég lýsti þegar yfir á fundi með hinum ráðh., þegar ég lagði frv. fram fyrir þá, reiðubúinn til hins fyllsta samstarfs um afgreiðslu málsins bæði í heild og í einstökum atriðum.

Til þess að ná greiðslujöfnuði á fjárlögum verður fyrst og fremst að gæta þess, að tekjurnar séu ekki af óvarlega áætlaðar, og síðan að sníða útgjöldunum stakk eftir því. Í fjárlfrv. þessu eru tekjurnar áætlaðar nokkru lægri en í fjárlögum ársins 1940. Aukatekjur eru áætlaðar 100 þús. kr. lægri, eða 500 þús. í stað 600 þús. Þessi tekjuliður varð 662 þús. árið 1939, en gera má ráð fyrir, að með minnkandi siglingum til landsins lækki þær tekjur að verulegum mun. Af sömu ástæðum eru vitagjöld lækkuð niður í 300 þús. úr 390 þús. Þær tekjur urðu að vísu miklu meiri síðastl. ár, en þá gætti siglingateppunnar aðeins síðustu mánuðina. Bifreiðaskattur er lækkaður um 60 þús. og áætlaður 350 þús., vegna þess að gera má ráð fyrir miklu minni skatti af einkabifreiðum, bæði vegna skömmtunar og dýrleika á benzíni. Loks hefir vörumagnstollurinn verið lækkaður um 200 þús.,

vegna þess að gera verður ráð fyrir allmiklu minni innflutningi á þeim vörum, sem þann toll bera aðallega, svo sem öllum skömmtunarvörum. Tekjur af rekstri ríkisstofnana hafa verið áætlaðar 385 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1940. og er þar farið eftir till. forstjóra stofnananna. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að skoðanir geti þó orðið skiptar um einn þeirra tekjuliða, þó að ég hirði ekki um að ræða það frekar að sinni.

Samkvæmt þessu eru rekstrartekjur áætlaðar samtals kr. 17778173.00 í stað kr. 18594830.00 í fjárl. yfirstandandi árs. Hinsvegar voru rekstrarútgjöldin áætluð kr. 17857448.00 í fjárlögum yfirstandandi árs, eða nokkru hærri en tekjurnar í þessu frv. Til þess að ná greiðslujöfnuði á frv. þurfti því að lækka útgjöldin a. m. k. sem svaraði áætluðum rekstrarafgangi ársins 1940, að viðbættum áætluðum greiðsluhalla, eða um 1300 þús., auk áætlaðra útgjalda vegna verðlagsuppbótar embættis- og starfsmanna ríkisins samkvæmt ákvörðun síðasta þings. Við athugun á föstum lánum ríkissjóðs kom hinsvegar í ljós, að fært mundi að lækka áætlun um afborganir af þeim um 258 þús., eða úr kr. 1646 þús. í 1388 þús. Einnig var komizt að þeirri niðurstöðu, að nægja mundi að áætla 1936178 kr. í vaxtagreiðslur, eða 134 þús. kr. lægri upphæð en á fjárlögum yfirstandandi árs. Það hefir einhverstaðar verið vefengt, að sú áætlun geti staðizt, og ég skal játa það, að sjálfum þykir mér hún grunsamleg. En við ítrekaða athugun hefir ekki tekizt að finna neina skekkju í áætluninni, og hefir henni því ekki verið breytt. Þrátt fyrir þessa lækkun var þó eftir að lækka útgjöldin um 1400 þús. krónur, ef fullur greiðslujöfnuður átti að nást, auk þess sem óhjákvæmilegt kynni að þykja að hækka gjaldaáætlunina á einstökum rekstrarliðum.

Mér þykir það nú allmikilli furðu gegna, ef nokkrum hv. þm. getur komið það til hugar, að ég hefði ekki helzt kosið að geta gert till. um verulegar lækkanir á beinum rekstrarkostnaði ríkisins, svo sem skrifstofukostnaði og öðrum kostnaði við framkvæmdastjórn ríkisins, eins og t. d. útgjöldum 11. gr. fjárl. En við athugun á þeim gjöldum komst ég að þeirri niðurstöðu, að það mundi þurfa meiri undirbúning og breytingar á öllu kerfinu en unnt væri að framkvæma í einni svipan. Þegar það er athugað, hvernig þessi gjöld hafa vaxið frá ári til árs, eins og ég gerði grein fyrir í sambandi við umframgreiðslur á 11. gr. og 14. gr., þá er augljóst, að það muni lítið stoða, að reyna að skera þau gjöld niður með einu pennastriki, eins og þegar fyrirskipað var að spara skyldi 10% af starfrækslukostnaði sjúkrahúsanna. Ég skyldi vera manna fyrstur til samvinnu um þær ráðstafanir, sem óhjákvæmilega yrði að gera til að ná þeim tilgangi, en ég er sannfærður um, að þá yrði að byrja á því að gera róttækar breytingar bæði á löggjöfinni og öllu stjórnarkerfinu. En það virðist mér a. m. k. auðsætt, að það væri ekki til annars en svíkja sjálfan sig, að fara að lækka þau útgjöld aðeins „á pappírnum", án nokkurs undirbúnings.

Mér telst svo til, að útgjöld ríkissjóðs hafi aukizt um allt að 8 millj. á 11 ára tímabilinu 1927—1938, og að meðtöldum afborgunum af lánum um 8½ millj. Vaxtagreiðslur og afborganir hafa hækkað um 1700 þús., dómgæzla og lögreglustjórn um 1150 þús., samgöngumál um 1442 þús., kennslumál um 936 þús., verklegar framkvæmdir um 2550 þús., styrktarstarfsemi um 580 þús. Dómgæzlu og lögreglustjórn væri hægt að lækka með því t. d. að fella niður tollgæzluna, sem mjög hefir vaxið síðustu árin. En verður það talið fært, eins og tekjuöflun ríkissjóðs er nú háttað? Eða að minnka löggæzluna? Eða vill háttvirt Alþingi stíga svo stórt skref til baka í kennslumálunum, að verulegur sparnaður verði að? Eða vill það fella niður alþýðutryggingarnar, sem aðallega valda gjaldaaukningunni til styrktarstarfseminnar? Ég er reiðubúinn til þess að ræða þessar leiðir við háttv. fjvn., en ég geri mér satt að segja litlar vonir um, að samkomulag geti náðst um þær.

Þá eru eftir tveir útgjaldaflokkar, því að væntanlega dettur engum í hug að skera niður vaxta- og afborganagreiðslur, því að hjá því verður ekki komizt að inna þær af hendi, nema þá með þeim hætti, að taka ný lán til að standast þær, og það get ég ekki séð, að fært muni vera, eins og nú er komið. Og ég hefi ekki getað séð möguleika til útgjaldalækkunar í svipinn, sem nokkuð munaði um, aðra en þá, að lækka enn framlög til samgöngumála og verklegra framkvæmda. Og ég er sannfærður um, að greiðsluhallalaus fjárlög verði ekki afgr. að þessu sinni, nema höggvið verði enn í þann knérunn, nema þá aðeins á pappírnum, með því að hækka tekjuáætlunina eða lækka útgjöld, sem vitað er fyrirfram, að ekki muni lækka í framkvæmd.

Ég skal nú minna á það, að á síðasta þingi var gerð veruleg lækkun á framlögum til ýmissa framkvæmda. Framlag til fiskimálasjóðs var lækkað um 350 þús. og fjárveiting til landhelgisgæzlu um 100 þús.; fjárveitingar til samgangna á sjó voru lækkaðar um 270 þús., greiðsla til fiskveiðasjóðs var lækkuð um 30 þús.; framlag til verkfærakaupasjóðs var lækkað um 35 þús., til byggingar- og landnámssjóðs um 75 þús., en hinsvegar hækkað framlag til jarðakaupasjóðs um 45 þús. kr. og tekin upp fjárveiting til vaxtagreiðslu af jarðræktarbréfum, 26500.00, og fjárveiting til skógræktar hækkuð um 18 þús. Í frv. fyrir árið 1941 er gert ráð fyrir að fella niður þær 100 þús. kr., sem haldið var eftir af framlaginu til fiskimálasjóðs, og er raunar ekki gert ráð fyrir, að til greiðslu á því komi á yfirstandandi ári. Í því frv. er einnig gert ráð fyrir, að felld verði niður fjárveiting til að byggja nýja vita, en til þess eru áætlaðar á yfirstandandi ári 65 þús. Enn er gert ráð fyrir að lækka fjárveitingu til byggingar verkamannabústaða um 130 þús. kr., að lækka fjárveitingu til hafnargerða um 58 þús., til bryggjugerða og lendingarbóta um 54 þús., og að fella niður fjárveitingu til undirbúnings friðunar Faxaflóa, 40 þús., og fjárveitingu til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum, 10 þús. Þannig hafa ýmist verið samþykktar eða ráðgerðar lækkanir á fjárveitingum til þarfa sjávarútvegs og sjávarsíðu-

manna, er nema a. m. k. allt að millj. kr., og þar af er um helmingurinn ákveðinn í fjárl. yfirst. árs, en um hinn helminginn eru gerðar till. í fjárlfrv. 1941. Hinsvegar hafa til þessa sama og ekkert eða alls ekkert verið lækkaðar fjárveitingar til landbúnaðarframkvæmda. Og það er fyrst nú í þessu frv., sem till. eru gerðar í þá átt, svo að nokkru nemi.

Það hefir verið gert mikið veður út úr því, að ég hafi í þessu frv. gert till. um, að framlög til landbúnaðarframkvæmda yrðu lækkuð um allt að 900 þús. kr. Þessar till. hefi ég gert, það er rétt. En ég tók það strax fram, þegar ég lagði frv. fram á ráðherrafundinum, að þær till. bæri fyrst og fremst að skoða sem ábendingu um þá möguleika, sem ég sæi til þess að lækka útgjaldabálk fjárlaganna, svo að nokkru verulegu næmi, og von gæti verið um, að fjárl. yrðu afgr. greiðsluhallalaus eða því sem næst. Úr hinu hefir verið minna og raunar alls ekkert gert, að í frv. eru einnig till. um að lækka framlög í þágu annara atvinnuvega, eða sem þá menn snerta, er aðra atvinnuvegi stunda, um allt að 500 þús. kr. í ofanálag á álíka lækkanir á þeim framlögum, sem samþykkt voru á síðasta þingi. Um þá hlið málsins hefir verið svo vandlega þagað sem frekast var unnt.

Ég hefi lagt til eða bent á þá möguleika, að lækka fjárveitinguna til nýbýla og samvinnubyggða um 105 þús. kr., niður í 50 þús. kr., að gjöld skv. jarðræktarlögunum verði lækkuð um 380 þús., eða niður í 225 þús. kr., að framlög til byggingar- og landnámssjóðs og byggingarstyrkja verði lækkuð um 100 þús., eða niður í 150 þús. (2 × 75 þús.), framlag til jarðakaupasjóðs um 65 þús. og framlag vegna mæði- og garnaveiki um 190 þús. Þetta eru samtals 840 þús. kr., og býst ég þá við, að níunda hundraðið teljist fyllt með till. um niðurfellingu á fjárveitingunni til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Nú skal ég geta þess, að um allt þetta var rætt á síðasta þingi, nema e. t. v. lækkunina á fjárframlögum vegna sauðfjárpestanna. Það var rætt um þessa möguleika í fullri alvöru og með það fyrir augum, að e. t. v. yrði ekki hjá því komizt að hníga að þeim. Og það var fullkomlega „tekið í mál“, engu síður af fulltrúum sveitanna en öðrum. Þá þótti hinsvegar ekki tiltækilegt að lækka nýbýla- og jarðabótastyrkinn vegna þess, að búið væri að vinna svo mikið að þessum framkvæmdum í trausti þess, að styrkir yrðu veittir á yfirstandandi ári, og því yrði ekki komizt hjá að inna þá af hendi. Hitt kom í rauninni öllum saman um, að allar slíkar framkvæmdir hlytu að falla niður að mestu leyti á næstunni, sakir dýrleika og vöntunar á þeim efnivörum, sem til þeirra þyrfti, svo sem byggingarefni og áburði. Og í bréfi til fjármálaráðuneytisins nú fyrir skemmstu lætur búnaðarmálastjóri þá skoðun í ljós, að allar jarðræktarframkvæmdir aðrar en framræsla hljóti að falla að mestu leyti niður um sinn. Og þetta skildist mér, að myndi eiga jafnt við um nýbýli og samvinnubyggðir eins og um jarðræktarframkvæmdir samkvæmt jarðræktarlögunum. En hinsvegar er mér kunnugt um, að yfirleitt allir, sem skyn bera á þessi mál, eru sömu skoðunar og búnaðarmálastjóri um þetta. Nú getur að vísu verið, að eitthvað hafi verið unnið að því að koma upp nýbýlum, í trausti til styrkja í framtíðinni, en til þeirra hluta eiga þá líka að vera handbærar 175 þús. kr. á þessu og næsta ári. En sé um meiri skuldastofnanir að ræða vegna slíkra framkvæmda, þá virðist hugsanlegt að þær skuldir gætu fengið að standa áfram í eitt ár þar, sem þær nú kunna að vera niður komnar. Um jarðabótastyrkinn ætti þessu hinsvegar ekki að vera til að dreifa, því varla kemur til mála, að unnið hafi verið fyrir meiri styrkjum en fjárveiting yfirstandandi árs hrekkur fyrir. Styrkir til framræslu hafa hinsvegar verið svo litlir til þessa, að þó að þeir fimmfölduðust, þá nægir ráðgerð fjárveiting til að standa straum af þeim. Um byggingastyrkina virðist mér, að mjög svipuðu máli muni gegna. Um byggingar- og landnámssjóð skal ég geta þess, að á síðasta þingi var komin fram till. í fjvn. um að lækka framlagið til hans eins og farið er fram á í frv. En yfirleitt verður að gera ráð fyrir því, að allar byggingarframkvæmdir falli að mestu niður í nánustu framtíð, sakir efnisskorts og dýrtíðar. Um framlagið til jarðakaupasjóðs er þess að geta, að hækkun þess á fjárlögum yfirstandandi árs var gerð alveg af sérstökum ástæðum, og ekki tilgangurinn að hún héldist áfram. Þá hafði mér skilizt, að gert væri ráð fyrir því, að kostnaður vegna mæðiveikinnar mundi geta lækkað á næsta ári. Og samkvæmt upplýsingum, sem ég hefi fengið, er allt í óvissu um það, hvað hægt verði að gera til varnar gegn garnaveikinni, sökum vöntunar á bólusetningarlyfi því, sem varnirnar byggjast aðallega á. Hinsvegar er það að sjálfsögðu til athugunar, hvað fært þykir að lækka þessi fjárframlög. Um fyrirhleðsluna á vatnasvæði Þverár er aðeins það að segja, að ég hugði, að orða mætti það, að fresta þeirri framkvæmd aðeins um eitt ár. Og sama er að segja um vegargerðina á Krísuvíkurleiðinni, sem lagt er til, að frestað verði framkvæmd á á árinu 1941, og virðist sú vegargerð enn eiga svo langt í land hvort eð er, að það geti ekki skipt neinu aðalmáli, þótt henni væri frestað í eitt ár.

Af öðrum breytingum, sem gerðar eru í frv., er rétt aðeins að geta þess, að styrkir til skálda og listamanna hafa verið teknir aftur upp í 15. gr. með nokkrum breytingum frá því, sem áður var, og einnig frá því, sem menntamálaráð hefir ákveðið. Mér virtist svo lítt úr því skorið á síðasta þingi, hvort þingið vildi fella þessa styrki úr fjárlögunum eða ekki, þar sem niðurfellingin var samþykkt með aðeins 22 atkv. gegn 21, að rétt væri að láta það koma aftur undir atkvæði, en um það læt ég að öðru leyti skeika að sköpuðu.

Aðrar smávægilegar breyt., sem í frv. felast, sé ég ekki ástæðu til að gera að umtalsefni að þessu sinni. Þar er um að ræða ýmsar smærri breyt. á gjaldaáætluninni, eftir því sem rök hafa þótt vera til að gera. En yfirleitt verð ég að játa það, að gjöldin eru svo lágt áætluð, að gæta verður ýtrustu varúðar, ef sú áætlun á að geta staðizt, og gefur hún þannig fullt tæki-

færi til þess, að reynt verði á það, hversu vel megi takast að lækka starfræksluútgjöldin í framkvæmdinni.

Ég skal svo að lokum aðeins taka það fram, að skv. frv. eru rekstrarútgjöldin áætluð kr. 16952653.00, en tekjur kr. 17778173.00, og rekstrarafgangur því kr. 825520.00, en greiðsluhalli verður þá kr. 169953.00. Tilsvarandi tölur í fjárlögum yfirstandandi árs eru: rekstrarútgjöld kr. 17857448.00, tekjur kr. 18594830.00, rekstrarafgangur kr. 737382.00, en greiðsluhalli 572599.00. Rekstrarútgjöldin hafa þannig verið lækkuð um 900 þús. krónur, þrátt fyrir það, að gert er ráð fyrir nýjum útgjaldalið, að upphæð 500 þús. krónur.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. síðasti ræðumaður byrjaði á því að lýsa yfir því, að honum væri það sérstakt gleðiefni, að fjárl. hefðu lækkað frá því, sem áður var, en það vakti undrun mína, að í allri ræðu hans kom annars fram óánægja yfir því, að fjárl. höfðu lækkað. Ég tel þó, að hann hafi viljað koma að þessum aðfinnslum sínum aðallega til þess að geta rétt sneið að mér, því að við höfum oft áður átzt við í svipuðum tilfellum.

Annars var það ekki meiningin, að af hálfu Framsfl. yrði veruleg þátttaka í þessum umr., og ætlun mín er aðeins sú, að lýsa afstöðu okkar framsóknarmanna til aðalbreytinganna í þessum fjárl. frá fjárl. síðasta árs. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram, eru rekstrarútgjöld áætluð um 900 þús. kr. lægri en fyrir síðasta ár. Eins og hann sagði, eru flestar lækkanirnar gerðar á fjárveitingum til atvinnuveganna, einkum landbúnaðarins. Flestar veigamestu lækkanirnar hafa fengizt með niðurskurði á fjárveitingum til landbúnaðarins. Þess vegna höfum við ráðh. Framsfl. talið rétt, að það kæmi fram, að þessar till. eru ekki gerðar í samráði við okkur. Er við fengum vitneskju um þetta, sögðumst við munda gera grein fyrir okkar afstöðu og koma fram með brtt. við 16. gr. Við getum ekki fallizt á þessar lækkanir á framlögum til landbúnaðarins með tilliti til þess, að á síðasta þingi voru þessi framlög lækkuð. En þá voru framlög til nauðsynjamála lækkuð nokkuð jöfnum höndum, en ekki eins einhliða og hér. Nú vil ég ekki segja, að einstök atriði í till. hæstv. ráðh. eigi ekki rétt á sér, vegna þeirra sérstöku ástæðna, er nú eru, en ef tök hefðu verið á því að ræða þetta áður, hefði það eflaust komið fram, að nú eru sérstakar ástæður til að gera ákveðnar ráðstafanir í landbúnaðarmálum. Hitt er aftur á móti ekki sanngjarnt, að heildarframlag til landbúnaðarins sé hækkað mjög, þegar ekki eru tök á að hækka önnur framlög. Vænti ég þess, að góð samvinna geti orðið um þetta, og má ályktа það af orðum, sem um þetta hafa fallið.

Hæstv. fjmrh. minntist á, að óvíst væri um útlitið, og er það hverju orði sannara. Hann minntist á, að afkoma ársins 1939 myndi breyta nokkuð viðhorfinu, þar sem það hefði reynzt lakara en ráð var fyrir gert í upphafi. Ég vil í þessu sambandi benda á, að árið 1939 hefir ríkissjóður orðið fyrir sérstökum töpum, eins og líka kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Gengistöpin, sem ríkiseinkasölur og önnur ríkisfyrirtæki hafa orðið fyrir á skuldum sínum, nema um 750 þús. kr. Þessi töp endurtaka sig ekki, því það eru töp á skuldum, sem þessi fyrirtæki skulduðu erlendis, þegar genginu var breytt. Ef þessi töp hefðu ekki orðið, þá hefði afkoma ríkissjóðs orðið því betri sem því nemur, og hefði þá ekki munað nema 400—500 þús. kr. til þess, að útkoman hefði orðið eins og fyrirhugað var. Það hafa því verið sérástæður fyrir hendi, sem taka verður til greina, þegar dregnar eru ályktanir frá árinu 1939. Nú er þess að gæta, að fjárl. fyrir árið 1940 eru á aðra millj. kr. hærri en fjárl. 1939, sem gáfu þá útkomu, sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir. Það eru líka nokkur útgjöld, sem gert er ráð fyrir, en ekki eru tekin upp í fjárl. Ef nú sömu tekjur verða 1940 og 1939, þá horfir þunglega nú. En þar á móti kemur það, að tollskráin, sem samþ. var á síðasta þingi, hlýtur eins og nú standa sakir að gefa að verulegum mun meiri tekjur en sá grundvöllur, sem var 1939, ef innheimtur er tollur á flutningsgjaldi, eins og nú er orðið og gert er ráð fyrir í l. Það má þó búast við einhverjum breyt. þar.

Eins og ég sagði áður, þá mun ekki þurfa að gera ráð fyrir þeim sérstöku töpum, sem komu á rekstrarreikning 1939. Ef miðað er við ástandið eins og það er í dag, þá finnst mér, að ekki þurfi að gera ráð fyrir slíkum töpum.

Eins og hæstv. fjmrh. tók fram, þá er ókleift að sjá nokkuð fram í tímann. Mér finnst, að einmitt þess vegna sé ekki hægt að miða afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1941 við neitt ástand annað en það, sem er, því það er ómögulegt að spá neinu um framtíðina. Ég vil sérstaklega í sambandi við það vekja athygli á því, að sá möguleiki sé athugaður í fjvn., að ríkisstj. sé gefið vald til þess að víkja frá fyrirmælum fjárl., ef tekjur innheimtast ekki. Það verður þá að ganga frá slíkum neyðarráðstöfunum þannig, að þær komi sem jafnast niður.

Að lokum vil ég láta þess getið, að við framsóknarmenn viljum láta athuga um það frv., sem lá fyrir síðasta þingi, um innheimtu tekju- og eignarskatts af vaxtafé, áður en tekið er það ráð, að skera niður framlög til brýnna nauðsynjamála.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en ég vildi aðeins gera grein fyrir afstöðu okkar framsóknarmanna við þessa 1. umr. fjárl.

Jón Ívarsson: Einn hinn merkasti viðburður hvers Alþ. er þegar fjmrh. birtir skýrslur um afkomu ríkisins á liðnu ári, og er fáu veitt eins mikil og almenn athygli, sem vonlegt er.

Tekjur ríkisins og gjöld og afkoma öll eru líka þau atriði, sem hverjum gjaldþegn þjóðfélagsins er skylt að gera sér grein fyrir og skapa sér skoðun á.

Annað atriði viðkomandi fjármálum og afkomu þjóðarheildarinnar er einnig mörgum

*) Stjarna (*) framan við nafn ræðumanns táknar, að ræðan sé prentuð eftir handriti innanþingsskrifara, óyfirlesin af ræðumanni.

mjög hugleikið og vekur mikla eftirtekt, en það er hversu viðskiptareikningur þjóðarinnar gagnvart útlöndum stendur við lok hvers árs, þ. e. hver inn- og útflutningur hefir orðið og hverjar breyt. hafa orðið á erlendum skuldum allrar þjóðarinnar. Það er að vonum, að menn fylgi þessu með mikilli athygli, þar sem skuldirnar eru fyrir löngu komnar á það stig, að full ástæða er til að líta á þær alvarlegum augum, ekki síst fyrir okkar þjóð, sem vill og ætlar að vera frjáls og fullvalda. — Sannarlega ætti þjóð okkar að vera það mikið áhugamál að vera fjárhagslega sjálfstæð þjóð, en það er öðru nær en svo sé. Vér höfum, síðan vér urðum sjálfstætt ríki, tekið lán ofan á lán erlendis, og er nú komið svo, að erlendar skuldir þjóðarinnar námu fullum 1000 kr. á hvert mannsbarn í landinu við lok síðasta árs.

Það er eftirtektarvert, hvernig breyt. hafa orðið á skuldum þjóðarinnar frá ári til árs, og tek ég hér upp til athugunar skuldaupphæð hvers árs síðan 1930:

1931	eru	skuldirnar	....	81.6	millj. kr.
1932	—	—	....	79.3	— —
1933	—	—	....	74.7	— —
1934	—	—	....	83.6	— —
1935	—	—	....	91.3	— —
1936	—	—	....	90.3	— —
1937	—	—	....	96.8	— —
1938	—	—	....	98.6	— —

Síðan 1931 höfum við aukið erlendar skuldir um 17 millj. kr. fram til ársloka 1938. Í þessu sambandi er rétt að taka það fram, að á þessum tíma var gengi íslenzku krónunnar óbreytt gagnvart sterlingspundi og Norðurlandakrónum nema danskri krónu. Þetta ætti því að vera réttur mælikvarði.

Það er mjög eftirtektarvert, að árin 1932 og 1933 lækka skuldirnar um 2.3 millj. kr. fyrra árið og um 4.6 millj. kr. hið síðara, eða samtals um 6.9 millj. kr. Þó eru þau árin að meðtöldu 1931 alveg vafalaust hin langerfiðustu um afkomu atvinnuveganna á þessu tímabili. Hvers vegna getum við þá borgað upp undir 7 millj. kr. af erlendum skuldum? Svo hækka skuldirnar aftur 1934 um 8.9 millj. kr. og 1935 um 7.7 millj. kr. Árið 1936 lækka þær um 1 millj., en hækka aftur 1937 um 6.5 millj. og 1938 um 1.8 millj. Við aukum því skuldir okkar erlendis á árunum 1934—1938, að báðum meðtöldum, um hvorki meira né minna en 24 millj. kr., úr 74.7 millj. upp í 98.6 millj. Þó verður því naumast neitað, að þessi ár hafi verið batnandi ár, og það má segja, að þau síðustu hafi verið hvert öðru betra.

Þetta yfirlit sýnir það, sem raunar oft hefir komið fram, að góðu árin, sem svo eru kölluð, aukast skuldirnar, en á lakari árunum lækka þær.

Ég veit, að benda má á það, að erlend lán hafi verið tekin 1935 og 1936 til sérstakra framkvæmda, og hafi því verið eðlilegt og von til, að skuldir hækkuðu, en ég vil aftur á móti segja það, að með batnandi viðskiptaástandi áttum við engu að síður að geta lækkað hinar eldri skuldir þá en við gerðum 1932 og 1933, á hinum erfiðustu árum.

Hvaða aðilar eru það, sem hækkað hafa hinar erlendu skuldir á tímabilinu 1934—1938, að báðum meðtöldum? Það eru þessir aðilar:

1.	Ríkissjóður um	7.5	millj. kr.
2.	Sveitar- og bæjarfélög um ..	7.6	— —
3.	Bankar um	0.4	— —
4.	Ríkisfyrirtæki og einstakl. ..	8.4	— —
	Alls um	23.9	millj. kr.

Þessi skuldahækkun á 5 árum hlýtur að valda 2½—3½ millj. kr. auknum greiðslum til útlanda í vöxtum og afborgunum, þ. e. hækka hallann á duldum greiðslum þjóðarinnar sem því nemur. Það er líka svo komið, að þjóðin hefir óhagstæðan greiðslujöfnuð ár eftir ár, einnig 1939, þrátt fyrir lágt verð á aðkeyptum vörum ⅔ hluta þess árs og hátt afurðaverð síðustu 4 mán. á því ári, og þar með á meiri hluta ársframleiðslunnar.

Það er von, að spurt sé, hvenær greiða eigi skuldirnar, en mörgum mun verða ógreitt um svarið. Það er eins og við höfum snúið við dæminu um feitu og mögru kýrnar frá dögum Faraós. Þá voru það mögru kýrnar, sem átu þær feitu, án þess að verða feitari, en hjá okkur virðist þetta vera orðið svo, að þær feitu eti hinar upp. Skuldirnar eru fyrir löngu orðnar meiri en forsvaranlegt er og viðráðanlegt fyrir 120 þús. sálir, með útflutningsverðmæti, sem nemur ca. 60 millj. kr. árlega og taka þarf af 10 millj. kr. á ári í vexti og afborganir.

Ástandið er því orðið þannig í þessum efnum, að það er ástæða til fyrir alla hv. alþm. að athuga vel og nákvæmlega, hvernig megi úr þessu bæta, og er þetta í raun og veru efni til athugunar fyrir alla okkar þjóð.

Forseti (PO): Nú tekur til máls hv. 1. landsk. og talar fyrir hönd 2 utanflokksmanna auk sjálfs sín, þeirra hv. 5. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, og hv. 4. landsk., Ísleifs Högnasonar. Hann hefir 18 mín. til umráða.

Brynjólfur Bjarnason: Eins og kunnugt er, eiga samkvæmt þingsköpum að fara fram umræður í útvarpið í sambandi við fjárlögin, þar sem stjórnmál eru rædd almennt — hinar svokölluðu eldhúsumræður.

Á síðasta þingi tóku stjórnarflokkarnir upp á þeirri nýbreytni, að brjóta landslög og fella þessar umræður niður. Ég skal taka það fram, að þetta er ekki fyrsta lagabrotið, sem þjóðstjórnin hefir framið. Eitt atriðið á stefnuskrá hennar virðist vera að virða landslög að vettugi.

Svo mikils þótti við þurfa, að landslög voru brotin, til þess að landsmenn fengju ekki að heyra mál stjórnarandstæðinga. Samt hafði stjórnin um það bil fimmfaldan ræðutíma móts við stjórnarandstæðinga. Svona var kjarkurinn, þegar á hólminn kom, þegar þessir virðulegu herrar áttu að mæta hinum fyrirlitlegu landráðamönnum. Svona vel treysta þeir málstað sínum, og svona vel treystu þeir Finnagaldrinum.

Ég mun því nota þetta tækifæri til að tala

nokkur orð um stjórnmálin almennt. Enda er ekki nokkur leið að tala um fjárlfrv. af viti, nema að rannsaka nokkuð hinn pólitíska aðdraganda þess.

Stjórnmálaástandið er nú gerbreytt síðan síðast fóru fram stjórnmálaumræður í útvarpið. Nú er styrjöldin skollin á, sem lengi hefir vofað yfir. Og þjóðin er þegar farin að kenna á afleiðingum hennar, þó þetta sé aðeins byrjunin. Óbærileg dýrtíð færist yfir landið. Yfir vofir, að atvinna stöðvist í fjölmörgum atvinnugreinum, t. d. að engin saltfisksvertíð verði í vetur. Landið og atvinnuvegir þess er svo háð umheiminum sem mest má vera. Hörmungar vofa yfir þjóðinni, ef aðflutningar teppast. — Þegar styrjöldin hefst, er ástandið í viðskiptamálunum þannig, að í skjóli innflutnings- og gjaldeyrishaftanna hefir þróazt einokun, sem veldur því, að dýrtíðin er miklu meiri en ella hefði orðið. Sambandið og samtök heildsala skipta nú innflutningnum bróðurlega á milli sín, og nefnd, sem Bretar drottna yfir, ræður yfir öllum útflutningi.

Fyrst af öllu spyrja menn. Hvað hefir ríkisstj. gert til að undirbúa þjóðina undir að mæta erfiðleikum styrjaldarinnar? Á ég þar bæði við núverandi ríkisstjórn og fyrirrennara hennar.

Þingmenn Sósíalistafl. hafa margsinnis krafizt þess, að gerðar yrðu ráðstafanir til að búa landið undir styrjaldarástand. Á þinginu 1938 fluttum við till. um skipun nefndar, sem allir þingflokkar ættu fulltrúa í, til þess að hafa þessi mál með höndum ásamt ríkisstjórninni. Síðan höfum við flutt fjölmargar till. um ráðstafanir í atvinnumálum og fjármálum til að gera landið sem sjálfbirgast. Við höfum sífellt hamrað á því, að allar opinberar aðgerðir yrði að miða við það, að styrjöld væri yfirvofandi.

Hvað hefir svo ríkisstjórnin gert?

Hún hefir að vísu skipað eina nefnd, en ekki er kunnugt um afrek hennar. En ríkisstjórnin hefir margfaldað þá örðugleika, sem þjóðin verður að mæta af völdum styrjaldarinnar, og stofnað atvinnulífi þjóðarinnar í hina mestu hættu. Hún hefir komið gjaldeyrismálunum í öngþveiti og notið til þess góðrar aðstoðar Landsbankans og hlutafélagsins Kveldúlfs.

Árum saman hefir átt sér stað fullkomin glæframennska í rekstri útgerðarinnar. Meðan vel hefir gengið, hefir stórfé verið dregið burt úr atvinnurekstrinum og sóað eða flutt út úr landinu í stað þess að endurnýja framleiðslutækin. Skipin gengu svo úr sér — veiðitækin úreltust og hættu að vera samkeppnisfær. Við þetta bætast svo stórtöp vegna spákaupmennsku, sem hefir verið gerð auðveld með því að gefa spákaupmönnunum greiðan aðgang að veltufé þjóðarinnar. Geysiháar skuldir safnast fyrir og hvíla á atvinnutækjum, sem eru orðin lítils virði. Í stað þess að gera upp glæfrafyrirtækin, er sukkinu haldið við með því að ausa nýjum millj. af lánsfé úr bönkunum, án þess að tryggingar komi á móti. Á þennan hátt hefir gjaldeyrisjöfnuður þjóðarinnar verið eyðilagður. Þá var gripið til gjaldeyris- og innflutningshaftanna. Þau hafa orðið til þess að gera ástandið enn verra, þar sem þau hafa skapað þá dýrtíð, sem hefir margfaldað örðugleika útgerðarinnar og alls atvinnurekstrar fyrir erlendan markað.

Fyrir alla þessa ráðsmennsku hefir þjóðinni orðið að blæða. Allar opinberar aðgerðir hafa verið miðaðar við að bjarga glæfrafyrirtækjunum, sem hafa gerzt hold af holdi þjóðbankans.

Fyrir hlutafélagið Kveldúlf var íslenzka krónan lækkuð, fyrst um 18% og síðan um 11%. Fyrir hlutafélagið Kveldúlf hefir þjóðin orðið að búa við þá dýrtíð, sem lækkun gengisins, bæði hins raunverulega og skráða gengis, hefir haft í för með sér. Fyrir hlutafélagið Kveldúlf og aðra slíka fjárplógsmenn var verkfallsrétturinn tekinn af verkalýðsfélögunum, — rétturinn til að verðleggja vinnuna og hafa samtök um að bæta kjörin, rétturinn, sem íslenzk verkalýðsfélög hafa aflað sér í áratugalangri baráttu, rétturinn, sem skilur frjálsa verkamenn frá þrælum. Öllu þessu voru íslenzkir verkamenn rændir á einni nóttu í sölum Alþingis í fyrra vetur. Svo endurtók sagan sig núna. Allt til þess að þóknast stjórn Landsbankans, Jensenssonum og öðrum ástkærustu viðskiptamönnum bankans. Um þetta sameinuðust þingmenn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., auk Bændafl. Þannig fæddist þjóðstjórnin.

En það hefir verið gert meira fyrir hlutafélagið Kveldúlf.

Eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir atvinnulíf Íslendinga er að fá auknar síldarverksmiðjur á heppilegum stöðum. Þetta vita allir landsmenn, og enginn dirfist í móti að mæla. En það eru til „Íslendingar", sem hafa andstæða hagsmuni í þessu efni við alla aðra Íslendinga, eins og bezt sést á því, sem ég ætla nú að skýra frá í stuttu máli.

Siglufjarðarbær hefir litla síldarverksmiðju, sem afkastar 1000—1200 málum á sólarhring, en er svo úr sér gengin, að hún er ekki nothæf lengur. Nú tókst Siglufjarðarbæ að fá erlent lánstilboð um endurbyggingu verksmiðjunnar og um að koma upp nýtízku verksmiðju með 5000 mála afköstum á sólarhring. Lóðin er einhver heppilegasta lóð fyrir síldarverksmiðju á öllu landinu. Lánið var mjög hagkvæmt, og engrar ríkisábyrgðar krafizt. Eftir var aðeins að fá leyfi atvinnumálaráðherra, Ólafs Thors. En hann neitaði um leyfið. Það væri freistandi að segja alla sögu þessa hneykslis, en til þess er enginn tími.

Það er ekki gott að segja, hvað Ólafur Thors hefir skaðað landið mikið með þessu gerræði sínu, en það verður varla of hátt áætlað. Í sæmilegu síldarári fara hundruð þúsundir mála forgörðum vegna verksmiðjuleysis og verðmæti, sem skiptir milljónum króna, hent í sjóinn. En nú eftir að styrjöldin er komin, er augljóst, að tjón það, sem þessi hæstv. endemis-atvinnumálaráðherra hefir bakað þjóðinni, er ennþá stórkostlegra. Síldarlýsi er nú ein allra verðmætasta vara, sem gengur á heimsmarkaðinum. Og úr því komið var í veg fyrir, að hægt væri að byggja þessa verksmiðju, áður en stríðið skall á, er öllum slíkum framkvæmdum vitanlega teflt í tvísýnu vægast sagt, og allar framkvæmdir margfalt dýrari.

Það er heldur ekki gott að reikna út, hvað sjómenn og útgerðarmenn tapa miklu. Það er sannanlegt, að á hverju síldarmáli hafa verksmiðjurnar grætt 4—5 kr. í skjóli þeirrar einokunar, sem ríkið og Ólafur Thors hafa á síldarbræðsluiðnaðinum. Hefði þessi einokun verið brotin á bak aftur af óháðri verksmiðju, myndi ekki hafa verið hægt að koma við þessari féflettingu á sjómönnum og útgerðarmönnum. Á þennan hátt hafa sjómenn og útgerðarmenn verið „snuðaðir" um 3—4 millj. En að sama skapi sem fiskimenn tapa á þessu, græðir hæstv. ráðh., Ólafur Thors. Og hér höfum við skýringuna á þessari furðulegu framkomu.

En hinir ráðherrarnir hafa heldur ekki legið á liði sínu að búa þjóðina undir styrjöldina.

Forsjál ríkisstjórn mundi hafa lagt kapp á að láta byggja sem mest af íbúðarhúsum, á meðan tími var, til þess að menn þyrftu ekki að standa uppi húsnæðislausir, þegar aðflutningar á byggingarefni tepptust eða verð þess margfaldast. En íslenzka ríkisstjórnin hefir farið öfuga leið. Hún hefir torveldað svo innflutning á byggingarefni og þar með byggingu íbúðarhúsa sem henni hefir frekast verið unnt. En frægust er þó ríkisstjórnin í þessum efnum fyrir aðgerðir félmrh. síns, Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Hann setti bráðabirgðalög, þar sem sjálfsákvörðunarrétturinn er tekinn af byggingarfélögum verkamanna, gersamlega að tilefnislausu, aðeins til að ná sér niðri á pólitískum andstæðingi, og gerði sig þar með sekan um stjórnarskrárbrot.

Afleiðingin af þessu tiltæki er m. a. sú, að fjöldi verkamanna, sem árum saman hafa greitt gjöld sín til Byggingarfélags alþýðu, missti nú rétt sinn til að fá húsnæði, sem þeim bar eftir réttri röð. Sá réttur fellur nú á aðra menn eftir vali St. Jóhanns, hæstv. félmrh. En öll þessi rekistefna og margföldu lögbrot drógu þann dilk á eftir sér, að byggingar verkamannabústaða í Reykjavík drógust svo, að ekki var byrjað á þeim fyrr en í vetur. Á meðan hefir byggingarefni hækkað hóflaust í verði, og í staðinn fyrir að nota sumarblíðuna, er vinna hafin um það leyti, sem hörkufrost ganga í garð. Útkoman verður — óhæfilega dýrar byggingar og miklu minni byggingar en ella.

Hvar sem maður fer eða flækist, þá kemur það varla fyrir, að maður hitti mann, sem í fullri alvöru tekur upp vörn fyrir þetta athæfi hæstv. atvmrh. og hæstv. félmrh., sem hér hefir verið lýst. Og ég held, að það séu tiltölulega fáir alþm., sem treysta sér til að verja það eða vilja verja það. Samt standa þeir með þessum ráðh. sínum, þegar á hólminn kemur, og greiða t. d. flestir atkv. með bráðabirgðalögum hæstv. félmrh. Svona miklar mannleysur sitja á Alþingi innan um hina. Þar á vissulega við hið fornkveðna:

Eru þar flestir aumingjar,
og illgjarnir þeir, sem betur mega.

En það eru ekki bara síldarverksmiðjur og húsabyggingar, sem hæstvirt ríkisstjórn hefir látið til sín taka á þennan hátt.

Yfirleitt virðist þessari hæstv. ríkisstjórn vera meinilla við, að gæði okkar auðuga lands séu hagnýtt. Um það má nefna fjölmörg önnur dæmi. Og þetta á sér orsakir eins og allt annað. Hin gjaldþrota klíka, sem hefir siglt fjármálalífi okkar í strand, er vitaskuld óhæf til að hafa forustu um nokkrar framfarir, og hún óttast allan atvinnurekstur, sem upp kynni að vaxa óháður henni — eins og heitan eldinn. Þá myndi spilaborgin hrynja. Á einræði í atvinnulífinu byggir hún pólitíska yfirdrottnun sína. Og fyrir ríkisstjórn, sem hefir hag af veikum verklýðssamtökum og rýrum kaupkjörum og byggir tilveru sína á verzlun með sál og sannfæringu, er atvinnuleysi beinlínis nauðsynlegt.

En hér með er ekki allt talið í stríðsundirbúningi hæstv. ríkisstjórnar.

Lögin um gengisskráningu, sem sett voru í vor og hneppa verklýðssamtökin í lagaviðjar, svo þau geta ekki hækkað kaup sitt eða gert nýjan kaupsamning, þó dýrtíðin aukist fram úr hófi — eru vissulega ekki ónýtur stríðsundirbúningur fyrir yfirstéttina. Með þeim er öllum byrðum styrjaldarinnar velt yfir á verkalýðinn, meðan stríðsgróðamennirnir raka saman fé.

Á þinginu 1938 voru sett lög um skatt- og útsvarsfrelsi fyrir stórútgerðarmenn í 5 ár, eða til ársins 1943. Sannarlega voru þessi lög sett á réttum tíma fyrir þá, sem hlut áttu að máli. Nú er komið „blessað stríðið", sem færir þessum mönnum óvæntan stórgróða, og meðan þeir raka saman gróðanum, eru þeir skattfrjálsir, en aðrir landsmenn, er búa við þröngan kost, dýrtíð og atvinnuleysi og allskonar örðugleika, verða að bera allar skattabyrðarnar.

En til þess að hægt sé að sleppa stríðsgróðamönnunum við skatta, til þess að hægt sé að halda uppi ríkislögreglu, nýjum bitlingum og öðrum nýjum útgjöldum „vegna stríðsins", þarf að fá nýja tekjustofna handa ríkissjóði. Með nýju tollskránni hafa tollarnir hækkað um millj. En þó hafa tollar á nauðsynjavörum hækkað mest. Þetta kallar ríkisstjórnin baráttuna á móti dýrtíðinni.

Hér hefir verið drepið á annan þátt í stríðsundirbúningi stjórnarinnar. Það, sem einkennir fyrri þáttinn, er, að allt er látið reka á reiðanum. Síðari þátturinn er aftur á móti gerður af hinni mestu forsjálni. Þar er þess vandlega gætt að búa svo í haginn, að þegar styrjöldin skelli yfir, verði allur þorri landsfólksins að búa við sult og seyru, meðan örfáir menn geti auðgazt í friði, án þess að þurfa að óttast kaupkröfur eða skattgreiðslur.

Þá eru það fjárlögin, sem nú gilda. Það þótti helzt ráð við atvinnuleysinu að skera stórum niður framlög til verklegra framkvæmda. Framlög til fiskimálanefndar og til bátasmíða innanlands voru felld niður. Framlög til landhelgisgæzlu og strandferða skorin niður. Framlög til byggingar- og landnámssjóðs minnkuð um helming. Verkamannabústaðir verða engir byggðir. Brúargerðir og hafnarmannvirki að mestu lögð niður. Framlag til ræktunarsjóðs af útflutningsgjaldi skal falla niður samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Framlag til verkfærakaupasjóðs að miklu leyti fellt niður. Styrkur til áburðarkaupa skal falla niður, þar sem gert er

ráð fyrir, að bændur fái sama og engan erlendan áburð.

Og ekki batnar þegar litið er á það fjárlagafrumvarp, sem hér liggur fyrir. Þar eru framlög til verklegra framkvæmda og landbúnaðar enn skorin niður um meira en 1 millj. króna. Útgjöld til þjóðvega um rúm 150 þúsund, til hafnargerða um 120 þúsund, til verkamannabústaða um 130 búsund, til nýbýla- og samvinnubyggða um 105 þús., til byggingar- og landnámssjóðs og byggingarstyrkur til bænda um samtals 100 þús., styrkveitingar til jarðabóta lækka um 380 þús., kostnaður við mæði- og garnaveiki lækkaður um 190 þús. kr.

Og svo eru þessir herrar alltaf að klifa á því að bæta úr atvinnuleysinu með því að flytja fólk upp í sveit. Samtímis gera þeir ráðstafanir til þess að gera ólífvænlegt í sveitunum. Þetta er met í hræsni. Og svo kalla þeir þetta sparnað. Flestir hrekklausir menn, sem taka mark á sparnaðarruglinu, halda, að í því felist sami skilningur og öll alþýða leggur í það, að draga beri úr óþarfa eyðslu til þess að tryggja afkomu almennings í landinu. Í þeim skilningi er sparnaðurinn vissulega lofsverður. En þegar til kastanna kemur, þá er það alls ekki meiningin, heldur er verið að spara atvinnuvegi landsins, til þess að braskararnir og bitlingamennirnir geti haft meira fé til umráða, til útgjalda, sem þeim finnast enn nauðsynlegri, eins og ég skal strax sýna fram á. Þetta er svo sem álika og ef bóndinn tæki upp á því að spara bústofn sinn með því að skera niður ærnar og kýrnar, til þess að afla sér veizlufanga handa hinum virðulegu forustumönnum flokks síns, þegar þeir halda yfirreið um sveitina.

Ég vil vara ykkur við því, hlustendur góðir, að taka nokkurt mark á því, þó Framsfl. og Alþfl. séu að mögla eitthvað út af þessu frv. Það er nákvæmlega í sama anda og núgildandi fjárlög, sem eru þeirra verk, haldið áfram á sömu braut, eins og ég hefi sýnt fram á. Og þið getið verið alveg vissir um, að þetta fellur allt í ljúfa löð. Takið bara eftir. Fjárl. verða samþ. með fullu samþykki allra þjóðstjórnarflokkanna, enda þótt hlutunum verði kannske eitthvað „möndlað“ öðruvísi til en frv. gerir ráð fyrir.

Hvað á svo að gera við það, sem sparast?

Jú, það fer í ráðherrana, sem nú eru 5, og aukinn stjórnarkostnað að öðru leyti. Það fer í konunginn, sem fær 15 þúsund króna launahækkun, karltetrið. Það fer í aukinn kostnað við sendiherrann í Kaupmannahöfn. Það fer í aukna vexti og afborganir, sem er ein afleiðingin af gengislækkuninni. Og það fer í ríkislögregluna, því samkvæmt lögum, sem Hermann Jónasson lét samþykkja á síðasta þingi, er hægt að leggja í ótakmarkaðan kostnað til aukningar lögreglunni sem hann sjálfur fær jafnframt einræðisvald yfir.

Ekki má gleyma því, að rithöfundastyrkurinn er, samkv. frv., tekinn af þrem mestu rithöfundum landsins, þeim Halldóri Kiljan Laxness, Þórbergi Þórðarsyni og Jóhannesi úr Kötlum. Þetta kemur til af því, að það er ekki hægt að gera hvorttveggja, að vera mikill rithöfundur og andans maður og hafa sálufélag við þjóðstjórnarflokkana. Hinum rithöfundunum er ósköp kurteislega gefið til kynna, að eftirleiðis verði rithöfundastyrkurinn því skilyrði bundinn, að *menn gerist leiguritarar afturhaldsins*, eftirleiðis verði litið á rithöfundastyrkinn sem mútur. Hér er það andi Péturs Þríhross, sem sveimar yfir vötnunum. Hér er hið menningarlega afturhald í algleymingi.

Eftir er að nefna afkáralegasta þáttinn, hinn svo kallaða Finnagaldur þjóðstjórnarihaldsins, sem hófst með yfirlýsingu þeirra á Alþingi um vanþóknun á Sósialistafl. fyrir afstöðu hans til Finnlands! — Þið megið nú nærri geta, hlustendur góðir. hvort okkur, þm. Sósialistafl., finnst ekki vansæmd fyrir þjóðina að fulltrúum þjóðstjórnarihaldsins á Alþingi. En svo aumir erum við ekki að fara að gera okkur að athlægi með að lýsa þessum tilfinningum okkar í sérstöku þingskjali. En það bjálfalegasta við þennan skrípaleik er þó hitt, að Sósialistafl. hafði enga afstöðu tekið til styrjaldarinnar í Finnlandi, og voru því öll þessi fíflalæti eintóm vindhögg. En hver einasti Íslendingur veit, til hvers refirnir eru skornir. Hér er í fyrsta lagi verið að gera tilraunir til að skapa átyllu til ofsókna gegn Sósialistafl., og í öðru lagi eru þessir herrar að reyna að gera sér mat úr raunum finnsku þjóðarinnar til að breiða yfir óþokkaverk sín gegn íslenzku þjóðinni. — Það er Íslendingum til mikils sóma, að þessar afkáralegu múgæsingar hafa litinn árangur borið.

Að síðustu vil ég drepa á nokkrar af helztu till. Sósialistafl. til að afstýra hinu óþolandi atvinnuleysi og bæta úr bráðri neyð þjóðarinnar á þessum erfiðleika- og hættutimum. Ég hefi ekki tíma til að dvelja við till. flokksins áður en styrjöldin hófst. Ég vil aðeins hvetja menn til að kynna sér þessar till., og mun þá engum dyljast, að ef sú stefna, er í þeim felst, hefði verið tekin upp í tíma, væri öðruvísi umhorfs á Íslandi nú og landið betur búið undir styrjöldina. Nú leggur flokkurinn áherzlu á, að allar ráðstafanir í atvinnumálum verði miðaðar við að gera landið sem sjálfbirgast, að atvinnubótavinna verði aukin mjög og varið svo sem kostur er til að undirbúa aukna framleiðslu.

Í byrjun styrjaldarinnar tóku þjóðstjórnarflokkarnir upp það kjörorð, að eitt skyldi yfir alla ganga. Nú ætti það að vera öllum Íslendingum ljóst, að í þeirra munni var kjörorð þetta argasta hræsni, því öll þeirra verk sanna hið gagnstæða, allar þeirra ráðstafanir miða að því að velta byrðum styrjaldarinnar yfir á almenning, en hlífa þeim ríku og gefa þeim ótakmarkað olbogarúm til að raka saman stórgróða. Eini flokkurinn, sem af fullum heilindum fylgir kjörorðinu, að eitt sé látið yfir alla ganga, er Sósialistafl. Þess vegna krefst Sósialistafl. þess, að verkakaup hækki með vaxandi dýrtíð og verklýðsfélögin fái aftur algerlega frjálsar hendur til að bæta kjör sín. Þingmenn flokksins flytja frv. um þetta efni til breytingar á gengisskráningarlögunum, sama frv. og þeir fluttu á síðasta þingi. Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir, að ellistyrkur, örorkustyrkur og aðrar tryggingarbætur hækki að sama skapi og framfærslukostnaður hækkar.

Þar sem gera má ráð fyrir miklum húsnæðisvandræðum, meðan styrjöldin stendur yfir, leggur flokkurinn til, að greiða verði tafarlausar ráðstafanir í húsnæðis- og byggingarmálum, til að tryggja nægilegt húsnæði, til að nýta á hagkvæman hátt það, sem fyrir er, og ákveða sanngjarna leigu.

Flokkurinn mun bera fram till. um, að ráðstafanir verið gerðar til að bæta að fullu upp það atvinnutap, sem af því hlýzt, ef engin saltfisksvertíð verður hér í ár, og fjárins verði aflað t. d. með sérstökum skatti af stríðsgróða. Þá mun flokkurinn leggja fram till. um ráðstafanir til að auka skipakostinn. Hann mun flytja till. um að nema burtu þrælahaldið úr framfærslulögunum, sem sett voru á síðasta þingi, og hann flytur till. um hækkun framfærsluvyris í samræmi við dýrtíðina. Þá leggja þm. flokksins fram frv. til að tryggja öryggi sjómanna, sem sigla um hættusvæðin. Ennfremur till. um að sjómenn og fiskimenn fái fulla uppbót vegna verðhækkunar á síld og síldarafurðum. Það var hindrað, að sú till. fengi að koma til atkv. á síðasta þingi. Loks leggur flokkurinn til, að gerðar verið á fjárlögunum gagngerðar breytingar til sparnaðar á öllum óþarfaútgjöldum, bitlingum, aukalaunum, hálaunum o. s. frv., en framlög til verklegra framkvæmda og almenningsþarfa ekki lækkuð, heldur stórhækkuð, eins og brýn nauðsyn krefur.

Sósialistafl. er sannfærður um, að ekki er hægt að hverfa inn á þessa braut til almenningsheilla, nema þessi stjórn, sem nú situr að völdum, verði látin víkja. Hann telur hinsvegar meiri þörf á því en nokkru sinni áður, að öll samtök fólksins, allur almenningur og allar stofnanir þjóðarinnar taki höndum saman til að afstýra örðugleikunum. Hann skorar því á öll heilbrigð öfl með íslenzku þjóðinni, hvar í flokki, sem þau standa, að sameinast um að koma þessari stjórn frá, og greiða götu fyrir myndun ríkisstjórnar, sem þjóðin getur treyst til að ráða fram úr mest aðkallandi nauðsynjamálum hennar, þegar svo mikið liggur við. Á slíkum tímum telur flokkurinn, að óhjákvæmilegt sé, að sem nánust samvinna sé milli ríkisstjórnarinnar, bæjarstjórna og annara stjórnarvalda og allra verklýðsfélaga, samvinnufélaga og alþýðusamtaka landsins.

Það getur orðið löng og erfið barátta framundan. En við munum halda merkinu hátt og láta aldrei kjörorðið niður falla: Íslenzk alþýða til sjávar og sveita! Tökum höndum saman, þar til fullur sigur er unninn.

Haraldur Guðmundsson: Síðasti ræðumaður, hv. 1. landsk., Brynj. Bjarnason, fulltrúi kommúnista, lauk ræðu sinni með því að segja, að það, sem gera þyrfti, væri að víkja frá völdum þeirri stjórn, sem nú er við völd, og mynda stjórn, sem þjóðin gæti treyst. Og það var svo sem auðheyrt á ræðu hans, hvaða stjórn þjóðin ætti að geta treyst. Það væri stjórn, mynduð af þeim þremenningunum hér í þinginu, honum og sálufélögum hans.

Þessi ummæli eru ekki verð annara svara en þeirra, að vitanlega yrði slíkri stjórn ekki til annars treystandi en svipaðra aðgerða og skoðanabræður hans í öðrum löndum eru nú að leitast við að koma þar fram. Slík stjórn myndi njóta svipaðs trausts hjá ísl. þjóðinni og stjórn Kuusinens nýtur hjá finnsku þjóðinni.

Þá fullyrðir hv. þm., að lög hafi verið brotin með því að hafa ekki útvarpsumræður á seinni hluta síðasta þings, þ. e. eldhúsumræður. Slík fullyrðing er ekki svaraverð. Í því efni var fylgt þingsköpum út í yztu æsar.

Ég tók eftir því, að hv. þm. A.-Sk., Jón Ívarsson, lét í ræðu sinni orð falla um það, að þeir undarlegu atburðir hefðu gerzt hér hjá okkur, að „feitu kýrnar", eins og hann orðaði það, hefðu lagt sér til munns „mögru kýrnar". Vildi hann þar með halda fram, að „góðærin", sem hann kallaði, 1934—1938, hefðu etið upp „afganga harðæranna" 1932—1933. Ég vil ekkert fullyrða um, hvernig árferðið hefir verið í kjördæmi þessa hv. þm. árin 1934—1938. En hitt veit ég, að á þeim árum dundi yfir okkur markaðslokun á Spáni, alheimskreppa í viðskiptum, stórkostleg mæðiveiki í sauðfé og óminnilegt aflaleysi. Þetta er í augum þessa hv. þm. „góðæri". Árin 1932—1933 voru vissulega um margt erfið ár, en þó var fiskafli þessi ár um helmingi meiri en árin 1935—1938, að meðaltali hvert ár.

Þar sem ummæli hv. þm. um, að þessi „góðæri" hefðu etið upp „afgang harðæranna" 1932—1933, láta mér undarlega í eyrum, fékk ég hjá hæstv. viðskmrh., fyrrv. fjmrh., upplýsingar um, hvað tölurnar segja um þessi efni. Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar er hækkun á skuldum þjóðarinnar við útlönd frá árslokum 1935 til ársloka 1938 talin 14.8 millj. kr. En þar af eru 5½ millj. kr., sem liggja einungis í því, að betur er talið fram, fyllri upplýsingar fyrir hendi um skuldirnar við lok þessa tímabils en við upphaf þess. Skuldir þessar voru til 1934, en ótaldar þá. Skuldaaukning við útlönd á þessu tímabili er því ekki nema rúmlega 9 milljónir króna. Þar af er lánið til Sogsvirkjunarinnar eitt saman 7 millj. kr. Auk þess voru á þessu tímabili stækkaðar og byggðar síldarverksmiðjur fyrir milljónir króna, og hafa þær orðið bjargvættur fyrir þjóðina, þegar þorskaflinn brást. Rafveitur og fjöldi iðnfyrirtækja, sem kostuðu stórfé, voru og reist á þessum árum. Alls var lagt fram á þessum þremur árum, 1935—1937, til slíkra framkvæmda mun hærri upphæð en samtals á 10 næstu árum þar á undan.

Ég vil nú biðja hv. þm. að athuga í fyrsta lagi: Hvað voru feitu kýrnar feitar? Og í öðru lagi: Hvað voru mögru kýrnar magrar? Og í þriðja lagi: Hvað var „afgangur harðæranna" mikill?

Árið 1933 var hagstæður verzlunarjöfnuður um 2½ millj. kr. En greiðslujöfnuðurinn var óhagstæður, því þar eru ekki taldar duldar greiðslur, sem áreiðanlega hafa verið þrefalt hærri. Gengi dönsku krónunnar lækkaði á þessu tímabili og því skuldir við Danmörku taldar í ísl. krónum.

Skal ég svo víkja að fjárlagafrv. sjálfu og ræðu hæstv. fjmrh.

Ég skal játa, að það er ákaflega örðugt, að ég ekki segi ómögulegt, að semja nú á þessum

tíma frv. til fjárlaga, sem gilda eigi fyrir árið 1941, og ég er þess fullviss, að hæstv. fjmrh. er þetta ljóst. Enda hygg eg, að okkur geti komið saman um það, að þetta frv. beri fremur að skoða sem frómar óskir og ábendingar heldur en að hæstv. ráðh. búist við, að hægt sé að líta á það sem trausta undirstöðu til að byggja á fjárhagsframkvæmdir á næsta ári. Einmitt þegar á þetta er litið, er það því undarlegra, hvernig undirbúningi fjárlagafrv. hefir verið háttað að þessu sinni. Ég hefi það fyrir satt, og það er ekki ágizkun ein, að hæstv. fjmrh. hafi ekki ráðfært sig í ríkisstjórninni áður en hann gekk frá frv. Ég verð að harma, að svo hefir verið farið að, því að þegar þjóðstjórnin var mynduð, var það tilætlunin, að sem mest samvinna væri á milli ráðherra þeirra flokka, er að ríkisstjórninni standa, og að reynt væri á þann hátt að sneiða hjá árekstrum.

Áður en ég vík að sjálfu frv., vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp örfá orð úr þeim ræðum, sem fluttar voru, þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum.

Í þessum ræðum og sérstaklega ræðu hæstv. forsrh., sem talaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar, er það tekið fram, hvað stjórnin telur sín höfuðverkefni, og í hvaða skyni hefði verið til samvinnu stofnað.

Þá sagði hæstv. forsrh. m. a.:

„Ríkisstjórnin telur, að meginviðfangsefni hennar verði fyrst og fremst:

1) Að efla framleiðslustarfsemina í landinu.

2) Að búa þjóðina undir að geta lifað sem mest af gæðum landsins og gera aðrar ráðstafanir þjóðinni til sjálfbjargar, ef til ófriðar kemur.“

Þetta eru 2 fyrstu atriðin. Síðan telur hæstv. ráðh. tvö önnur meginatriði sem stefnumál stjórnarinnar.

„3) Að sameina lýðræðisöflin í landinu til verndar og eflingar lýðræðinu,“ og

„4) Að sameina þjóðina um þann undirbúning, sem gera þarf í sambandi við framtíðarákvarðanir í sjálfstæðismálinu.“

Þá segir hæstv. forsrh. síðar í ræðu sinni við þetta sama tækifæri:

„Ennfremur mun ríkisstjórnin vinna eftir megni að sparnaði og lækkun útgjalda, bæði hjá ríkinu og bæjarfélögum.

Í því sambandi tekur ríkisstjórnin þó fram, að hún telur, að ekki beri að draga úr verklegum framkvæmdum hins opinbera eða framlögum til atvinnubóta eins og atvinnuástandið er nú í landinu.“

Það er ljóst af þessum ummælum, að meginatriðið, sem lagt var til grundvallar við myndun þjóðstjórnarinnar, var, að öll orka væri í það lögð að halda uppi verklegum framkvæmdum í landinu og auka atvinnuna.

Vissulega var þessa þörf þá, en ekki er þess síður þörf nú. Ástandið er þannig, að það, sem þá var þörf, er nauðsyn nú í þessu efni.

Þá tók þessi hæstv. ráðh. einnig fram:

„Ennfremur vill ríkisstj. vinna að aukningu og endurnýjun fiskiflotans með því að veita til þess fé á svipaðan hátt og verið hefir undanfarin tvö ár, eftir því, sem fjárhagur leyfir.“

Ég get ekki látið vera að minna á þetta atriði vegna þeirra sérstöku örðugleika, sem reynzt hafa á því að fá gjaldeyris- og innflutningsleyfi í sambandi við kaup á fiskibátum fyrir Reykvíkinga og jafnvel til fleiri staða á landinu. Ennfremur verð ég að minna á það, að á síðasta þingi var framlag til fiskimálanefndar lækkað um eða yfir 300 þús. kr. Hefði því mátt vænta þess, að ekkert yrði ógert látið til að greiða fyrir innflutningi þeirra báta, sem mögulegt yrði að kaupa. Ég vil vona að það lánist að greiða úr þessum erfiðleikum, og að Alþingi sjái sér fært að halda áfram að styðja aukningu fiskiflotans.

Þá mælti hæstv. félmrh., Sefán Jóh. Stefánsson, við sama tækifæri:

„Vegna hins mikla atvinnuleysis, sem ríkir í landinu, telur Alþýðuflokkurinn, að halda beri uppi opinberum verklegum framkvæmdum og atvinnubótum eins og verið hefir undanfarin ár, um leið og reynt er að láta opinberu framkvæmdirnar og atvinnubæturnar stuðla að aukinni framleiðslu í landinu.“

Í ræðu hæstv. atvmrh., Ólafs Thors, er ekki að þessu vikið á annan veg en þann, að hann sé þessu sammála. En til viðbótar þessu segir sá hæstv. ráðh. í ræðu sinni við þetta tækifæri, að Sjálfstfl. hafi tekið þá ákvörðun, að ganga til stjórnarsamvinnu, með því skilyrði m. a., að „ráðherrar hafi gagnkvæman rétt til að fylgjast með öllu, er gerist, hver í annars ráðuneyti, og skulu fjmrh. og viðskmrh. alveg sérstaklega hafa nána samvinu.“ Ég óttast eða öllu heldur veit, að samvinna um undirbúning þessa fjárlfrv. hefir ekki verið eins og gert hefir verið ráð fyrir og æskilegt hefði verið með tilliti til þessara orða hæstv. atvmrh.

Ég minnist þess frá fyrri árum, án þess að ég vilji nú fara að rifja upp gamlar væringar, að mjög var talað um eyðslu og fjárbruðl fyrrv. ríkisstjórnar af andstæðingum hennar. Þeir fullyrtu þá, að auðvelt væri að lækka ríkisgjöldin um millj., ef þeir, en ekki Alþfl. og Framsfl., færu með stjórn þessara mála. Ég beið eftir tillögum sjálfstæðismanna í þessu efni á síðasta þingi, og þá ekki síður í frv. því til fjárlaga, sem fram er nú komið. Ekki ber því að neita, að frv. sýnir vilja í þessa átt, þó að ég þykist glöggt sjá á till. hv. ráðherra, að niðurskurðurinn hefir reynzt honum býsna örðugur. Á pappírnum lítur að vísu svo út, að ríkisútgjöldin eigi að verða um 1 millj. kr. lægri en þau eru ákveðin í fjárlögum yfirstandandi árs. En þess er að minnast, að þau fjárlög eru mun hærri en frv. var, sem lagt var fyrir þingið. Ég tel líka fullvíst, að eins færi um þetta frv., að óhjákvæmilegt verði að hækka ýmsa liði þess, ef þeir eiga að nálgast veruleikann. Ýmsir útgjaldaliðir frv. eru áreiðanlega vantaldir, þó ekki sé nema með tilliti til aukinnar og vaxandi dýrtíðar, sem hlýtur að valda hækkun á mörgum liðum öðrum en launum opinberra starfsmanna. Þá munu og nokkrir lögboðnir gjaldaliðir ótaldir í frv. Sú lækkun, sem hæstv. fjmrh. í frv. telur, að verði á heildarútgjöldum og nema á um 1 millj. króna, er því meira en vafasöm. Ég óttast, að lækkunin sé fremur

á pappírnum en í veruleikanum, í orði fremur en á borði. Segi ég þetta ekki til að ámæla hæstv. ráðh. Engum er ljósara en mér, hversu *gífurlega erfitt er að skera niður ríkisútgjöld* nú á þessum tímum, þegar flestar þjóðir verða að hækka fjárlög sín.

Ég bendi einnig á í sambandi við þetta, að einnig hinum skeleggustu flokksmönnum hæstv. ráðh. ætlar að verða heildarlækkunin býsna erfið. Hv. þm. A.-Húnv., Jón Pálmason, sem er alkunnur sparnaðarmaður, hefir lagt fram frv. þess efnis, að veittar verði úr ríkissjóði 2 millj. kr. til þess að bæta upp verð á kjöti og mjólk. Ef þetta frv. nær fram að ganga, yrði býsna lítið eftir af sparnaði hæstv. fjmrh.

Skal ég þá með örfáum orðum víkja að einstökum liðum, sem breytt hefir verið í fjárlfrv. þessu frá gildandi fjárlögum. Er þá fyrst að minnast á styrkinn til landbúnaðarins, sem er ætlazt til, að verði lækkaður um á milli 900 þús. og 1 millj. kr. Þar er stærsta breyt. tæplega 400 þús. kr., sem ætlazt er til, að jarðræktarstyrkurinn lækki um. Jarðræktarstyrkurinn er aðeins áætlaður í fjárlögunum, því í sérstökum lögum er ákveðið, hve mikið eigi að greiða í styrk fyrir hvert dagsverk eða styrkeiningu. Ég hefi ekki fengið neinar þær upplýsingar enn, er bendi til þess, að jarðræktarframkvæmdir minnki svo mikið á þessu ári, að skynsamlegt megi telja að lækka þennan styrk svona mikið. Ef þetta ákvæði á því að verða annað en augnagaman, væri nauðsynlegt að setja lög um það að takmarka jarðræktarstyrkinn við þessa upphæð.

Mér er það ljóst, að það er þýðingarlaust að tala um nokkurn verulegan niðurskurð á fjárl., án þess að það hljóti að ganga að verulegu leyti út yfir styrki til landbúnaðarins, vegna þess að þeir styrkir eru svo mikill hluti af fjárlagaútgjöldunum, ég ætla fullar 3 millj. kr. En mér virðast till. hæstv. fjmrh. um lækkun þessara styrkja gerðar mjög af handahófi. Styrkjakerfi landbúnaðarins hefir verið byggt upp með löggjöf á h. u. b. 15 árum og hygg ég því, að alveg ógerlegt sé að raska því verulega, án þess að á undan hafi gengið gaumgæfileg rannsókn á þeim málum. Það getur verið sumpart eðlilegt að lækka nokkra þessara styrkja eitthvað, og sumpart getur öll nauðsyn gert það óhjákvæmilegt *að draga eitthvað úr öðrum. En á þessu þarf* sem sagt að fara fram ýtarleg rannsókn áður en hægt er að gera stórfelldar ráðstafanir. Líka getur sama nauðsyn verið til að auka við á öðrum sviðum. Ég tel t. d., að einmitt nú sé alveg sérstök nauðsyn til að auka vissa grein jarðræktunarstarfseminnar; á ég þar einkum við að þurrka og brjóta land til ræktunar kringum sjávarþorp og kaupstaði, þar sem þéttbýlast er og samgönguskilyrði góð.

Ennfremur verður að sjálfsögðu, eins og hæstv. ráðh. segir, óhjákvæmilegt að taka tillit til þess, hverjar framkvæmdir eru kröfufrekastar til innflutnings og erlends gjaldeyris og hverjar gera minnstar kröfur í þessum efnum.

Aðrar lækkanir samkvæmt frv. eru t. d. 150 þús. kr. lækkun á fjárveitingu til nýrra þjóðvega. Þetta er í beinu ósamræmi við yfirlýsingu samstjórnarinnar, sem hún gaf þegar hún var mynduð og ég las upp áðan, og auk þess óskynsamlegur sparnaður. Vegavinnan og framræsla lands eru þær framkvæmdir, sem minnst taka til sín af erlendum gjaldeyri og við því eigum hægast með að halda uppi, þó að gjaldeyriserfiðleikar aukist og flutningar til landsins torveldist vegna styrjaldarinnar. Helmingurinn af þessum 150 þús. kr. fyrirhugaða sparnaði á að koma niður á Suðurlandsbrautinni, sem á að tengja Reykjavík við Suðurlandsundirlendið og bráðlega veitir einum stærsta kaupstaði landsins, Hafnarfirði, greiðan aðgang að ræktunarlandi, auk þess sem Hafnfirðingum og Reykvíkingum er að þessu verki atvinnubót. Ég álít það því mjög misráðið að gera ráð fyrir lækkun fjárframlaga til vegalagninga, og þó sérstaklega þessarar.

Þá get ég heldur ekki fallizt á, að lækkað verði framlagið til verkamannabústaða, eins og hér er gert ráð fyrir í frv., um 130 þús. kr. Mér er að vísu fullkomlega ljóst, að erfitt er að halda uppi byggingarframkvæmdum eins og nú árar. Vil þó í lengstu lög vona, að ekki verði á því sviði fullkomin stöðvun. Og verði nokkuð hægt að byggja, á að sjálfsögðu að láta þær byggingar sitja í fyrirrúmi, sem allra nauðsynlegastar eru. Og þá koma þessir bústaðir í fremstu röð. En jafnvel þó að svo færi, að ekki yrði hægt að byggja neitt af verkamannabústöðunum á næsta ári vegna styrjaldarinnar, þá er óhyggilegt að fella þennan styrk alveg niður eða lækka. Það er alveg víst, að eftir stríðið verður húsnæðisekla og ástandið þannig, að óumflýjanlegt verður að bæta þar úr. Og mjög er óvíst, að þá verði auðvelt að hækka aftur framlög *til byggingarsjóðanna til* að bæta þeim upp tekjumissinn. Er því nauðsynlegt, þó ekki sé byggt, að byggingarsjóðurinn fái að halda þeim tekjum, sem ber að leggja fram af hálfu þess opinbera til verkamannabústaða, svo hægt yrði að grípa til fjárins, þegar úr raknar.

Með tilliti til ástandsins og framtíðarútlits, verð ég að telja, að ógerlegt sé að lækka framlög til atvinnubóta og verklegra framkvæmda. Að vísu getur orðið óhjákvæmilegt að draga úr þeim framkvæmdum, sem gjaldeyrisfrekastar eru, en þá verður jafnframt að auka hinar, sem minni innflutning heimta, til að bæta það *upp, og jafnvel auka við.*

Það veit enginn, hvernig árið 1941 verður. En ég get ekki neitað því, að útlitið er mjög skuggalegt. Byggingarvinna hlýtur að minnka stórkostlega, og útlit er fyrir, að vinna við fiskverkun, t. d. saltfisk, verði stórmikið minni en verið hefir. Ef þessar tvær atvinnugreinar dragast svo mikið saman sem útlit er fyrir, þá fæ ég ekki séð, að hjá því verði komizt að auka fjárframlög til ákveðinna verklegra framkvæmda, sem minnstan gjaldeyri þurfa, eða auka það framlag, sem kaupstöðunum er ætlað í atvinnubótaskyni, eða jafnvel gera þetta hvorttveggja. Í sambandi við þetta er rétt að minna á, að vonandi tekst að ljúka við hitaveitu Reykjavíkur á þessu ári, en hún er nú stærsta atvinnubótin hér. Ég veit það vel, að til eru margir þeir menn, sem telja, að það fé,

sem veitt er til atvinnubóta, sé eingöngu eyðslufé og því algerlega á glæ kastað. En ég er viss um, að þessir menn myndu skipta um skoðun, ef þeir hefðu farið hér um nágrenni Reykjavíkur og séð þá ræktun og þá vegi, sem gerðir hafa verið fyrir þetta fé, og ef þeir athuga götumar, sem gerðar hafa verið fyrir atvinnubótafé, garðinn við Eiðið í Vestmannaeyjum og yfirleitt öll þau mannvirki og umbætur í kaupstöðum landsins, sem framkvæmd hafa verið fyrir atvinnubótafé, þá mundu þeir ekki lengur segja slíkt í alvöru. Auk þessa er þess að gæta, að vegna þessara fjárframlaga hafa þúsundir manna fengið atvinnu, sem hefir fleytt þeim yfir erfiðasta tíma ársins, þegar allar aðrar bjargir voru bannaðar, öll sund lokuð nema vonin um beinan framfærslustyrk.

Ég get svo látið máli mínu lokið að þessu sinni. Alþfl. mun að sjálfsögðu sýna afstöðu sína til þessa frv. í einstökum atriðum með því að flytja till. til breytinga og með atkvgr. um fjárlfrv. í heild og einstök atriði, þegar til þess kemur. En þau atriði, sem ég hefi nú gert að umtalsefni, eru mér og öðrum alþýðuflokksmönnum ríkust í huga.

Stefán Stefánsson: Þá er Sjálfstfl. bar fram vantraust á fyrrv. ríkisstjórn á þinginu 1938, var af hálfu Bændafl. borin fram rökstudd dagskrá, þar sem skorað var á ríkisstj. að athuga skilyrði til þjóðstjórnar eða styrkrar meirihlutastjórnar. Var dagskráin rökstudd með því, að ástandið með þjóðinni, einkum í fjármálum og gjaldeyrismálum, væri svo vaxið, svo alvarlegt, að sameina þyrfti sem flesta krafta þjóðarinnar, ef takast mætti að ráða fram úr erfiðleikunum.

Að þessu ráði var fyrst horfið þann 17. apríl 1939 við myndun þeirrar samsteypustjórnar, er nú fer hér með völd og skipuð er fulltrúum þriggja stærstu þingflokkanna. Var þessari samsteypu furðu vel tekið af yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar, og þjóðin mun vissulega ekki óska eftir breyt. í þessu efni, í því trausti að samsteypustj. takist vel og giftusamlega að ráða fram úr hinum mörgu og aðkallandi vandamálum, er fyrst og fremst skapast vegna þess ófriðarástands, sem nú ríkir.

Bændafl. hefir stutt þessa samsteypustjórn til nýtilegra úrræða. Telur hann það skyldu allra landsmanna, sem eigi afneita sínu föðurlandi, að sýna það, eigi aðeins í orði, heldur og í verki, að þeir vilji allt á sig leggja, öllu fórna. til þess að samstarf og eining megi ríkja með þjóðinni á þessum hættutímum.

Fjárlögin fyrir yfirstandandi ár voru undirbúin af fyrrv. fjmrh. (EystJ), enda þótt þau fyrst næðu samþykki þingsins eftir að núverandi fjmrh. (JakM) tók við störfum.

Nú hefir hæstv. fjmrh. lagt fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1941. Samkvæmt sjóðsyfirliti er fjárlfrv. þetta um 1.2 millj. lægra en fjárlög þessa árs, eða um 18 millj. og tæp 500 þús. Samkv. rekstraryfirliti er rekstrarafgangur áætlaður rúm 800 þús., og er því um 100 þús. meiri en á þessu ári.

Það hlýtur út af fyrir sig að vera gleðiefni, að fjmrh. hefir leitazt við að lækka fjárlfrv. frá því, sem verið hefir. Þess var full þörf. Hin síhækkandi fjárlög undanfarandi ár voru orðin mörgum áhyggjuefni, eigi hvað síst af því, að hagur framleiðslunnar blómgaðist eigi að sama skapi, heldur hið gagnstæða, en á henni hvílir raunverulega öll gjaldabyrði þjóðarinnar. En þá er fjárlög eru lækkuð, skorin niður útgjöld, hlýtur ætíð að verða nokkur ágreiningur um það, hvað skera eigi niður, hvar eigi að spara. og mun svo einnig verða um þann niðurskurð, er fjmrh. hefir lagt til í frv. En ég vil vænta þess, að fjvn. og Alþingi takist að ná fullu samkomulagi við ráðh. um þau atriði, er ágreiningi valda.

Til þess er samsteypustjórnin meðal annars stofnuð, að friðsamlega lausn megi fá um ágreiningsmál þau, er upp kunna að koma, og að þeim verði ráðið svo til lykta sem bezt má verða. Þar eiga sjónarmið um heill og hamingju þjóðarinnar að ráða, en eigi hagsmunir einstaklinga eða pólitískra flokka.

Við fljótlegt yfirlit yfir fjárl.frv. dylst það eigi, að lækkunin byggist fyrst og fremst á niðurskurði á 16. gr., en í henni ræðir um framlög til verklegra fyrirtækja. Hlýtur þessi niðurskurður að vekja nokkra athygli, þar sem hann beinist langmest að landbúnaðinum.

Samkv. 16. grein eru framlög til landbúnaðarins skorin niður um 900 þús.:

1. Framlag til nýbýla og samvinnubyggða er lækkað úr 155 þús. kr. í 50 þús., eða um 105 þús. kr.

2. Styrkur samkvæmt jarðræktarlögunum er lækkaður úr 580 þús. í 200 þús., eða um 380 þús. kr.

3. Framlag til byggingar- og landnámssjóðs er lækkað úr 125 þús. í 75 þús., eða um 50 þús. kr.

4. Byggingarstyrkur til sveitanna er lækkaður úr 125 þús. í 75 þús., eða um 50 þús. kr.

5. Framlag til rannsókna og varna gegn garna- og mæðiveiki og styrkur til bænda, er beðið hafa tjón af völdum þessara fjárpesta, er lækkaður úr 690 þús. í 500 þús., eða um 190 þús. kr.

6. Þá er framlag til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, 50 þús. kr., fellt niður.

Ennfremur er lækkaður styrkur samkvæmt þessari gr. til verkamannabústaða um 130 þús., eða úr 180 þús. niður í 50 þús.

Í aths. við frv. segir ráðh., að þessar lækkanir byggist á því, að vegna dýrtíðar og hins háa verðs á aðfluttu byggingarefni muni svo draga úr byggingum, að þessi upphæð nægi, og ennfremur, að á næsta ári muni útlendur áburður verða af skornum skammti og í háu verði, og því hljóti að draga stórkostlega úr jarðræktarframkvæmdum. Þá segir ráðh. að því er snertir styrki til bænda á mæðiveikisvæðunum, að komizt verði af með lægri styrki en að undanförnu vegna hækkaðs verðs á landbúnaðarafurðum.

Ég get verið fjmrh. sammála um, að nokkuð muni draga úr ýmsum framkvæmdum landbúnaðarins á árinu 1941, svo framarlega sem núverandi ófriðarástand verður ríkjandi, en slíkur einhliða niðurskurður sem hér hefir verið

gerður er óverjandi, og hann verður að lagfæra.

Allir alþm. munu vera sammála um, að eitt mesta átumein í okkar þjóðfélagi sé og hafi verið flóttinn frá framleiðslunni, og þá einkum frá landbúnaðinum. Framleiðslan hefir verið rekin með litlum tekjum, en miklum áhyggjum og áhættu. Þjóðin hefir á ýmsan hátt búið betur að öðrum stéttum en framleiðslustéttunum. Mönnum er gjarnt að sækja að þeim eldinum, sem bezt brennur, og því hafa menn hópazt frá framleiðslunni, og þá einkum landbúnaðinum, til kjötkatlanna. Sá hugur virðist vera ráðandi hjá áhrifamönnum þjóðarinnar, að reyna að breyta þessu öfugstreymi í okkar þjóðlífi. Framlög til styrktar landbúnaðinum eiga meðal annars að vinna að því, að þetta megi takast. Lítil er það uppörvun þeim, sem hvattir eru til að hverfa úr bæjunum til framleiðslunnar í sveitinni, ef skera á niður svo stórkostlega þau framlög, er landbúnaðurinn hefir notið og gert hafa það að verkum, að flóttinn úr sveitunum hefir eigi verið ennþá örari og almennari en verið hefir.

Styrkurinn til endurbygginga í sveitum, jarðræktarstyrkurinn og styrkur til handa þeim bændum, er verða fyrir þyngstum búsifjum af hinum skæðu fjárpestum, mæðiveiki og garnaveiki, þeir eru lífsskilyrði fyrir sveitirnar til framdráttar framleiðslunni, og allir þeir mörgu, sem lifa óbeint á framleiðslunni, sem því miður eru allt of margir, ættu sízt að stiga nokkurt það spor, er verða má henni til ófarnaðar.

Lífvænleg afkoma og hagur framleiðslustéttanna er fyrir öllu.

Í tilefni af þeirri aths. fjmrh. fyrir lækkuðum styrk til bænda á mæðiveikisvæðinu vegna hækkaðs afurðaverðs er því að svara:

1. Ráðh. er með öllu ókunnugt um, hvað kann að verða afurðaverð á árinu 1941.

2. Einnig ætti honum að vera það kunnugt, að fjöldi bænda á mæðiveikisvæðinu hefir misst og er að missa mestan eða allverulegan hluta af bústofni sínum, og kemur því að litlu haldi hækkandi verð á þeim afurðum, er þeir eigi hafa, þótt um hækkun kynni að verða að ræða.

3. Þrátt fyrir einhverja hækkun á afurðum landbúnaðarins eru litlar líkur til, að hún vegi upp á móti hinni geysilegu hækkun erlendra vara, er bændur þurfa til síns heimilis og búrekstrar.

Í sambandi við lækkun þá, sem gerð er á framlagi til jarðakaupasjóðs, vildi ég aðeins leyfa mér að skjóta því til ríkisstjórnarinnar, hvort hún sæi eigi aðrar leiðir til styrktar fjárhagslega aðþrengdum bændum en að láta ríkissjóð kaupa jarðir þeirra. Slíkar sölur munu að jafnaði gerðar út úr neyð, gegn vilja þess, er selur. Það er trúa mín, að íslenzkum landbúnaði og íslenzku þjóðinni sé það fyrir beztu, að hver bóndi eigi sitt ábýli, og að því beri að keppa.

Að því er snertir lækkun framlags til verkamannabústaða er það að segja, að mestur hluti þess fjár hefir lent hér í höfuðborginni, og verður því ásamt mörgu öðru, t. d. atvinnubótafénu, til þess að draga fólkið úr dreifbýlinu til höfuðborgarinnar og kaupstaðanna. Væri ekki úr vegi að leggja þetta fé að allverulegu leyti til byggingar nýbýlahverfa einhverstaðar við sjávarsíðuna, þar sem væri hvorttveggja í senn, gott land til ræktunar og gott útræði. Slíkir staðir eru án efa víða á landi hér. Geti eigi orðið lífvænlegt á slíkum stöðum, þar sem fólkið hefði sitt lífsviðurværi bæði frá smábúskap og sjósókn, þá er vissulega eigi lífvænlegt á nýbýlum uppi til sveita, enda mun mörgum reynast það erfitt.

Við höfum gert allt of mikið að því á undanförnum árum að draga alla hluti frá dreifbýlinu og hingað til Reykjavíkur. Hér er mestallt fjármagn landsins safnað saman. Hér er byggt fyrir fleiri millj. á ári hverju. Hér eru allar aðallánstofnanir ríkisins. Hér eru allar ríkisstofnanirnar, sem greiða í vinnulaun millj. á ári hverju. Hér eru allir æðstu ráðamenn þjóðarinar á öllum sviðum. Vegna þessa meðal annars þyrpist fólkið í höfuðstaðinn. Kjördæmi utan Reykjavíkur gera meir og meir að því að sækja fulltrúa á Alþingi Íslendinga hingað til borgarinnar, þrátt fyrir það þótt ágætir menn séu heima fyrir. Allt virðist gert til þess að draga allt vald til Reykjavíkur og undir menn þar búsetta.

Ef litið er á tekjuhlið fjárlaganna, þá er hún nokkru lægri en á yfirstandandi ári. Samkv. 2. gr. lækka tollar og skattar um 450 þús. kr. og einnig tekjur af ríkisstofnunum á 3. gr. um 385 þús. Þessi lækkun á tekjum ríkissjóðs af ríkisstofnunum byggist þó eigi á því, að þær til samans svari minni brúttó tekjum en á yfirstandandi ári, heldur þvert á móti. Tekjurnar eru áætlaðar 100 þús. meiri. En rekstrarkostnaður þessara ríkisstofnana vex um hálfa milljón. Þessi geysihækkun á rekstrarkostnaði er undarlega mikill. Eigi verður séð, hve mikill hluti þessa kostnaðar liggur í auknu kaupi eða fjölgun starfsmanna, sjálfsagt er það að litlu leyti, en þó má ætla, að sú upphæð skipti tugum þúsunda, t. d. hækka laun við áfengisverzlun ríkisins um 12 þús. kr. Er svo gífurleg aukning á rekstrarkostnaði þessara ríkisstofnana nauðsynleg? Væri eigi ástæða til þess fyrir fjmrh. og ríkisstjórn að taka til nákvæmrar rannsóknar allan rekstur þessara stofnana með tilliti til þess, hvort eigi mætti þar við koma sparnaði í rekstri?

Sé farið í gegnum fjárlögin, verður þess fljótt vart, að um allverulegar hækkanir er að ræða á launagreiðslum til opinberra starfsmanna, og er þá ýmist um hækkun launa að ræða eða fjölgun starfsmanna. Má ætla, að þessar hækkanir nemi eitthvað á annað hundrað þúsund. Það skal tekið fram, að hér er eigi um dýrtíðaruppbætur að ræða; fjárlögin ætla sérstaklega hálfa milljón til dýrtíðaruppbótar opinberra starfsmanna.

Hver verður endir á hinum síhækkandi launagreiðslum til opinberra starfsmanna og opinbers rekstrar? Gerðar eru kröfur, þarfar og óþarfar, um fjárframlög af hálfu hins opinbera. Flestar eru kröfur þessar samþykktar, og útgjöldin þar með ákveðin. Álögurnar eru síðan ákveðnar, án þess að gætt sé að líta nægilega

á gjaldþol atvinnuveganna, sem bera uppi öll fjármál þjóðarinnar. Þetta er þveröfug aðferð við það, sem vera á. Fyrst ber að rannsaka gjaldgetuna, hvað hún leyfir, og ákveða síðan útgjöldin í samræmi við hana.

Engin merki sjást til þess í fjlfrv., að nokkuð sé gert til að draga úr útgjöldum til hins opinbera rekstrar eða að fækka þar starfsmönnum, sem farið hefir mjög ört fjölgandi undanfarin ár. Hefði svo verið gert, væri sönnu nær lækkun útgjalda til verklegra framkvæmda einnig, enda væri þá eitthvað léttar álögurnar á móti. Einmitt á þessum lið fjárlaganna verður að koma fram sparnaði með góðu eða illu, en í frv. er það þveröfugt. Laun starfsmanna hafa verið hækkuð, en annarstaðar gert ráð fyrir auknu starfsmannaliði. Launahækkanir til prófessora háskólans voru að vísu réttmætar, það var þjóðinni eigi vansalaust að launa þá verr en almenna skrifstofumenn hjá ríkisstofnununum. En um launahækkanir annars er að gæta hins mesta varhuga, og fjölgun starfsmanna á ekki að eiga sér stað. Hvers vegna þarf að fjölga starfsfólki eða hækka kaup, þó vinna aukist eitthvað frá því, sem verið hefir? Fólk á opinberum skrifstofum vinnur eigi nema 5—6 tíma á dag; á pappírnum kann það að hafa lengri vinnutíma, en í framkvæmdinni verður það ekki. Þótt því störf kunni eitthvað að aukast, sýnist eigi nema sjálfsagt, að vinnutími þessa starfsfólks sé lengdur og því falið að vinna störfin án aukins kostnaðar fyrir hið opinbera.

Fjmrh. hefir haft nauman tíma til undirbúnings þessu frv., þar sem aðeins var um rúman mánuð að ræða. En ég vil fastlega vænta þess, að ráðh. sjái sér fært að gera fjárlög fyrir árið 1942 svo úr garði, að um verulegar niðurfærslur verði að ræða á útgjöldum til hins opinbera rekstrar, en að eigi verði dregið úr nauðsynlegum framlögum til eflingar framleiðslunni í landinu.

Eitt af mörgu, sem samsteypustjórnin þarf að gera, er að taka til rækilegrar endurskoðunar allar launagreiðslur hjá ríkinu og ríkisstofnunum. Fellur þetta fyrst og fremst í hlut fjmrh. Um allar launagreiðslur þessara manna ríkir hin mesta óvissa og ósamræmi og einnig um starfrækslu og vinnutíma. Launalögin eru frá 1919 og því orðin úrelt og á eftir tímanum. Til þess nú að bæta upp hin lágu laun, er þar eru ákveðin, hafa ýmsir opinberir starfsmenn fengið allskonar uppbætur, bita og aukabita. Mun nú vera svo komið um marga þessa starfsmenn, að uppbæturnar og bitarnir gefa þeim meiri tekjur en þeir fá fyrir það, sem á að vera þeirra aðalstarf. Slíkt launafyrirkomulag er óþolandi og er undirrót allskonar persónulegrar og pólitiskrar spillingar.

Starfsmönnum hins opinbera á að ætla nóg að starfa. Þjóðin krefst þess, að við, er vinnum að framleiðslustörfum, vinnum vel og vinnum lengi. Hún krefst þess, að opinberir starfsmenn geri það einnig. Mönnum þessum á að greiða góð laun, svo að þeir með skynsamlegu lífi geti á þeim bjargazt. Ríkið hefir eigi ráð á því að greiða laun til að lifa nokkru óhófslífi.

Á síðastl. þingi mun nokkuð hafa verið unnið að því fyrir atbeina fjvn. að safna upplýsingum og gera skýrslur um tekjur starfsmanna hins opinbera og þeirra stofnana, er njóta styrks af opinberu fé, og einnig um launagreiðslur hjá starfsmönnum Reykjavíkur og jafnvel annara kaupstaða. Mun hafa verið ráðið á tímabili að prenta þessar skýrslur og gefa út, en talið er, að margir hafi þá gerzt órólegir, og jafnvel að ýmsir þm. hafi verið þar fremstir í flokki.

Hvers vegna komu nú þessir háttv. þm. í veg fyrir útkomu þessara launaskýrslna? Þurfa þeir að fyrirverða sig fyrir þau laun, er þeir taka á móti af opinberu fé?

Það, sem fyrst og fremst hefði unnizt við útkomu þessara skýrslna, var það, að menn hefðu fremur veigrað sér við að vera á snöpum eftir allskonar aukastörfum, sem þeir þá oft vinna að á þeim tíma, er þeir eiga að vera við sitt aðalstarf. Þessu verður að ráða bót á, og á samsteypustjórninni að vera slíkt vorkunnarlaust með sterkum launalögum, þar sem gengið sé út frá við ákvörðun vinnutíma og launa, að hver starfsmaður hins opinbera hafi aðeins eitt starf með höndum og ein laun. Það er markmið, sem verður að hafa við setningu nýrra launalaga. **Eitt starf, ein laun.**

Þegar alþm. samþykkja frv. það, er hér liggur fyrir, með þeim breyt., er á því þarf að gera, þá gerum við það í því trausti, að forsjónin haldi yfir okkur sinni verndarhendi, svo sem hún hefir gert í ófriði þeim, er nú geisar, við samþykkjum þau í því trausti, að okkur verði kleift að flytja inn í landið okkar nauðsynjar og út okkar afurðir. En ef þessar vonir bresta, hrynja öll fjárlög til grunna. Útlitið verður æ skuggalegra með hverjum degi, sem líður, og vel gæti svo farið áður varir, að siglingar til og frá landinu stöðvuðust að mestu eða öllu. Samsteypustjórnin hefir haft mörg vandamál með höndum frá því hún tók við völdum, en eigi þætti mér ólíklegt, að hennar bíði ennþá meiri vandi um úrlausn mála.

Ég vildi mega vænta, að samsteypustjórnin ráði öllum þeim vanda, er að höndum ber, farsællega til lykta, að hún gæti þar aðeins skyldu sinnar gagnvart landi og þjóð, en að allur kritur einstaklinga og flokka milli verði útlægur ger, en jafnframt vænti ég þess, að þjóðin taki vel öllum ráðstöfunum, er nauðsynlegar eru og eigi verður hjá komizt.

Sýnum það hver og einn, þegar á reynir, að Íslendingar viljum við allir vera.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Mér finnst ég geta yfirleitt þakkað þær undirtektir, sem þetta frv. hefir fengið hjá þeim ræðumönnum, sem ég hefi á annað borð hlustað á og fylgzt með. Sérstaklega verð ég að viðurkenna, að hæstv. viðskmrh. tók þessu máli mjög vísamlega, þótt hann lýsti afstöðu sins flokks á þá leið, að hann myndi eiga mjög erfitt með að sætta sig við þær niðurfærslur á fjárlögum til landbúnaðarins, sem gerðar eru í frv. Í því sambandi er ekki annað fyrir mig að gera en vísa til þess, sem ég hefi þegar sagt um þá hluti. Þessar till. eru byggðar á þeirri skoðun minni, að í raun og veru sé ekki hægt að gera ráð fyrir, að þær framkvæmdir,

sem þar er um að ræða að styrkja, geti átt sér stað. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að fjárframlagið til landbúnaðarins í fjárl. yfirstandandi árs hafi lækkað jöfnum höndum við framlög til annara nauðsynlegra mála, enda sýndi ég fram á það í ræðu minni áðan, og tel mig ekki þurfa að endurtaka það.

Það var ljóst, að hæstv. ráðh. vildi láta í það skina, að ég hefði í þessu frv. málað of svart framtíðarhorfurnar og byggt of mikið á slæmri afkomu síðasta árs, sem stafaði af sérstökum ástæðum, t. d. gengistapi ríkisfyrirtækja, þannig að ríkistekjurnar af þeim voru minni en áætlað var. Því er til að svara, þótt ekki þurfi að gera ráð fyrir slíkum áföllum á þessu eða næsta ári fyrir þau fyrirtæki, þá er hinsvegar þess að gæta, að ófriðarástandið tók ekki til nema ⅓ hluta síðasta árs, og afleiðingarnar, sem það ástand getur haft fyrir afkomu þessara fyrirtækja og ríkissjóðs, eru ófyrirsjáanlegar og geta orðið eins þungbærar og það gengistap, sem olli slæmri afkomu síðasta árs.

Hæstv. ráðh. vék að því, að tiltækilegt væri að líta nokkru bjartari augum á framtíðina en ég hefði gert, en ef reynslan sýndi, að afkoman yrði erfiðari en ráð var fyrir gert, mætti halda aukaþing síðar á árinu og grípa þá til róttækari ráðstafana. Ég vil nú í stað þess stinga upp á því við þá, sem þannig hugsa, hvort ekki sé eins heppilegt að fara gætilega að þessu sinni, en ef reynslan skyldi verða sú, að við sæjum ekki upp úr peningahrúgunni, sem um okkur safnast á þessu ári, þá væri tekið til athugunar á þinginu næsta ár, hvað hægt væri að leiðrétta í framkvæmdum ársins 1941, sem hér er lagt til, að fært sé afvega frá þeirra sjónarmiði. Ég tel, að með þeirri aðferð mætti ná alveg sama tilgangi, og ég tel þá aðferð forsvaranlegri, eins og horfurnar eru nú.

Hv. 3. landsk., Stefán Stefánsson, talaði á þann veg, að ég get ekki annað en látið mér vel líka undirtektir hans undir frv. Hann talaði að vísu um það, að í frv. væri gert ráð fyrir hækkun ýmissa rekstrarútgjalda, sem hann hefði óskað, að væru lækkuð. Ég get ekki verið hv. þm. sammála um það. Frekar er ég þeim sammála, sem orð hafa haft á því, að í því efni mundi frv. vera of óvarlegt fremur en þvert á móti. Ég skal í því sambandi benda á, að útgjöldin á 11. gr. eru áætluð lægri en í l. fyrir 1940, og sama máli gegnir um 14. gr., þó að þetta muni ekki miklu, og það eina, sem um er verulega að ræða, sé 10. gr. Þar er nokkuð hærri upphæð áætluð, og stendur það í sambandi við það, að nauðsynlegt er talið, að endurskoðunin í fjmrn. verði aukin. Getur e. t. v. komið til mála að athuga í samráði við fjvn., hvort rétt sé að falla frá þeirri aukningu og spara þau útgjöld, en óneitanlega er æskilegt að hafa endurskoðun ríkisins í sem beztu lagi.

Í þeirri gr. er einnig gert ráð fyrir auknum kostnaði með hliðsjón af aukinni dýrtíð, t. d. á prentun, skýrslum, pappírsnotkun, og held ég, að forsvaranlegra væri að taka meira tillit til slíkrar hækkunar á öðrum liðum heldur en færa niður þessa gr. Sama er að segja um það, sem talið er, að heyri undir fjmrh., er snertir endurskoðun á launakerfi og starfsemi ríkisins, en það er bersýnilegt, að slíku verður ekki komið í framkvæmd nema með fullu samstarfi á milli allra ráðh. og þeirra annara aðila, sem slíkt veltur á. Í því efni tekur mjög til starfssviðs hinna ráðh. umfram það, sem tekur til fjmrh. Þótt fjmrh. vildi einn reyna að framkvæma slíka endurskoðun, þá er það alveg óframkvæmanlegt fyrir hann, nema í samstarfi við hina ráðh. Slíkt verður að gerast með samstarfi á milli stjórnarinnar og þingsins, og stjórnarinnar og embættismanna þeirra, sem hugsað væri til að gera einhverja breytingu með.

Það er svo langt bil á milli okkar hv. þm. Seyðf. og mín, að ég veit ekki, hvort það er til nokkurs fyrir okkur að talast við. Á þeim tíma, sem ég er að bogna undir því, hvernig eigi að standa straum af gjaldföllnum skuldum, að upphæð 2½ millj. kr., og horfast í augu við það, að við kunni að bætast enn ein millj., þá talar hv. þm. Seyðf. um að safna í sjóði. Þarna er svo langt á milli, eins og ég sagði áður, að okkur þýðir ekki að deila. Ég geri alls ekki ráð fyrir, að fjárhagsafkoman verði þannig, að ríkissjóður geti safnað fé; miklu heldur eru líkur til að skuldirnar aukist. Það er hægt að tala um, að nauðsynlegt sé að auka jarðrækt og framkvæmdir á öllum sviðum, en við verðum einhverstaðar að fá fé til þess, og framkvæmdirnar geta líka strandað á fleiru en peningaleysi, eins og t. d. margar jarðræktarframkvæmdir, sem þeir menn, sem bezt hafa vit á, telja, að muni stöðvast af sjálfu sér. Hvað þýðir að tala um nauðsyn þess að auka þær framkvæmdir, sem menn sjá fyrir, að hlýtur að draga úr? Hv. þm. sagði, að jarðabótaframlagið væri lögbundið. Mér var það ljóst, en ég þykist sjá fram á, að samkomulag náist um að fá það lækkað, eins og gert er ráð fyrir í frv., og að gerð verði sú lagabreyting, sem tryggi, að það nái fram að ganga.

Hv. þm. minntist á, og þótti það miður, að lækkað er framlag til nýrra þjóðvega, en það hefir líklega farið fram hjá honum, að framlagið til vegagerðar yfirleitt er nokkurnveginn eins og í núgildandi fjárl. Ég býst við, að vegavinnan geri sitt gagn fyrir fólkið í landinu, hvort sem það eru nýir vegir eða annað, sem unnið er að. Ef auka ætti það framlag, þyrftu að leggjast fram um það till., sem hægt væri að hafa trú á, að hægt væri að standast kostnaðinn af.

Hv. þm. talaði sérstaklega um það, og það var að vísu nokkur von, að ekki gæti komið til mála að lækka fjárveitingu til verkamannabústaða, og að aldrei hefði verið brýnni nauðsyn á þeim byggingum en nú. Tilgangurinn með styrk til byggingarsjóðs verkamanna var ekki upphaflega sá, að það fé yrði lánað út til byggingarstarfseminnar, heldur að aflað yrði annara lána til þess, en styrkurinn yrði til þess að borga vaxtamismun af þeim lánum og skuldum þeirra, sem húsin eiga að eignast. Einmitt í þessu sambandi sló hv. þm. fram þeirri hugmynd, að gott væri að eiga sjóðina, þegar úr rættist, stríðinu væri lokið og hægt að hefja framkvæmdir af fullum krafti. Ég vil enn víkja

að því, að ef ríkissjóður safnar fé í sjóði á yfirstandandi ári, þá er nægur tími að ráðstafa því fé á næsta þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 20 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 5. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, 92, n. 93).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23:3 atkv.

Forseti (HG): Áður en umr. hefjast um málið, skal ég geta þess, að mér hafa borizt tilmæli frá formönnum allra þingfl. um það að hafa ekki útvarpsumr. við þessa almennu umr. um fjárl. Samkv. þingsköpum er ekki skylt að útvarpa þessum umr., en um það hefir myndazt venja, og vil ég þess vegna ekki breyta frá þessari venju án þess að fá samþykki þm. til þess. Vil ég þess vegna biðja þá hv. þm., sem vilja fella niður útvarpsumræður að þessu sinni, að gera svo vel og rétta upp höndina.

ATKVGR.
Samþ. var að fella niður útvarpsumr. með 31:3 atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Þar sem fjvn., eða ég fyrir hennar hönd, óskar ekki eftir að gera að umræðuefni nú nein sérstök atriði úr störfum n., þá vil ég aðeins óska þess, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Í sambandi við þann úrskurð, sem hæstv. forseti hefir flutt viðvíkjandi útvarpi frá eldhúsumr., þá vil ég enn mótmæla því, sem hér hefir komið fram.

Hæstv. forseti tilkynnti, að hann hefði leitað álits formanna allra þingfl. um það, með öðrum orðum formanna allra stjfl. hér á Alþ., og þeir hefðu ekki óskað eftir því, að útvarpað yrði eldhúsumr. Þetta þýðir það, að stjfl. hér á hæstv. Alþ. hafa komið sér saman um það að útvarpa ekki umr. um fjárl. til þjóðarinnar. Á síðasta þingi var reynt að afsaka þetta með því, hve áliðið væri þings, og því ekki nokkur tími til þess að hafa útvarpsumr. Það var þá ekki látið líta svo út sem neitt brot á þingsköpum eða þingreglum, sem myndazt hafa, heldur ætti það að vera til þess að spara. Nú er auðséð, að þessi þjóðstjórn er að gera það að fastri reglu að fella niður útvarp við eldhúsumr., sem vanalega hafa verið við 3. umr. og eru þær umr. hér á Alþ., sem fólkið í landinu hefir mest hlustað á.

Ég mótmæli því aftur fyrir hönd Sósialistafl., að þetta sé löglegt. Ég held því fram, að skylt sé eftir anda þingskapanna að útvarpa eldhúsumr. Þótt stjfl. hafi reynt að hanga þarna í orðalagi, geta þeir samt ekki neitað því, að þetta er á móti öllu þingræði og móti anda þingskapanna, að útvarpa ekki eldhúsumr. En þetta er gert til þess að dylja það, hvernig stj. hefir breytt gagnvart þjóðinni, og hindra það, að hún fái að vita það. Stjfl. hafa þó fimmfaldan ræðutíma á við Sósialistafl., og virðist því sem þeir ættu að þora að mæta okkur í útvarpinu.

Ég lýsi því hér yfir, að slíkar eldhúsumr., eins og hér er ætlazt til, að fari fram, brjóta í bága við l. um þingsköp. Það var borin út dagskrá og gengið þar út frá að hafa engar eldhúsumr. nú. Hinsvegar hafa eldhúsumr. verið hafðar í sambandi við 3. umr. fjárl. Þessar aðfarir hér ná ekki nokkurri átt. Og þetta er einn liðurinn í framferði ríkisstj. til að hindra, að þjóðin fái að vita um aðgerðir hennar í pólitíkinni.

Sósialistafl. krefst þess sem eini andstöðufl. hér á Alþ., að þessum eldhúsumr. verði útvarpað til þjóðarinnar eins og áður hefir tíðkazt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 92, n. 93, 127).

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Fjárlög þessa árs voru samþ. af Alþ. síðustu daga ársins 1939. Fjvn. hafði þá leitað allra þeirra upplýsinga snertandi afgreiðslu fjárlaganna, sem unnt var að afla. Útlitið var þá næsta skuggalegt og erfitt að spá nokkru um framtíðina. Er fjvn. þessa þings kom saman til fundahalda fyrir tæpum 4 vikum, eða einum og hálfum mánuði eftir að síðasta Alþ. samþ. fjárl. fyrir árið 1940, var allt viðhorf óbreytt og að verulegu leyti sömu menn í n. og áður. Var því tæplega um nýjar upplýsingar að ræða, sem gætu verið grundvöllur undir störf n. að því er snerti fjárl. fyrir árið 1941.

Þótt tekjuliðir ríkissjóðs séu á venjulegum tímum nokkurnveginn í jafnvægi, eru þeir lítt útreiknanlegir á styrjaldartímum; svo mikið byggjast þeir á viðskiptum okkar við aðrar þjóðir. Gjöldin leita í hækkunaráttina, dýrtíðin eykst og verðlag á erlendu efni til verklegra framkvæmda fer síhækkandi. Þörf athafnalífsins er öllum augljós, en möguleikarnir til verklegra framkvæmda eru tengdir blómlegum atvinnuvegum og öruggum tekjustofnum. En er fjárlagafrv. er athugað, kemur í ljós, að það er á annan veg en fjárl. þessa árs. Útgjöldin eru áætluð 16952653.00 kr. á rekstrarreikningi, eða rúmum 900 þús. kr. lægri en í gildandi fjárl. Tekjur á 2. gr. voru í frv. áætlaðar 17778173 kr., eða um 450000 kr. lægri en í fjárl. 1940. Lækkanirnar voru nær eingöngu á verklegum framkvæmdum, þ. e. 13. og 16. gr. Þar sem ekki er nein vissa fyrir því, að tekjur ríkissjóðs bregðist árið 1941, en fjvn. er hinsvegar ófús að skera fyrst niður verklegar framkvæmdir, hefir n. orðið sammála um að gera hækkunartill. bæði tekju- og gjaldamegin. — Hæstv. fjmrh. (JakM) lýsti yfir því í útvarpsræðu við 1. umr. fjl., að hann bæri einn ábyrgð á frv. eins og það lá fyrir. Hann lýsti ennfremur yfir því, að hann væri fús til samkomulags um breytingar á fjárlagafrv. Þessar opinberu yfirlýsingar hæstv. ráðh. gerðu það að verkum, að n. var ekki bundin af sameiginlegum ákvörðunum allra ráðh. En um leið og ég vík að brtt. n., vil ég endurtaka það, sem sagt er í nál., að þær eru í öllum aðalatriðum gerðar með vitund hæstv. ríkisstjórnar.

Um brtt. n. snertandi tekjuliðina er ekki hægt að segja, að þær séu óvarlega áætlaðar. Á síðasta þingi gafst n. tækifæri til þess að athuga álit milliþn. í tolla- og skattamálum, og voru till. fjvn. þá að miklu leyti byggðar á þeim athugunum. Frv. um tollskrá, sem lagt var fyrir síðasta þing og er nú orðið að l., kom í staðinn fyrir l. um toll af tóbaki, sykurtoll, kaffitoll, verðtoll, vörutoll og önnur gjöld af innfluttum vörum. Tekjuáætlunin er byggð á þessu, að því athuguðu, að vörumagn af ýmsum innfluttum vörum minnki, svo sem af skömmtunarvörum og byggingarvörum. Verðhækkun á vörum og hækkun farmgjalda hefir hinsvegar mikil áhrif á verðtollinn og vegur að miklu leyti eða öllu á móti minnkandi innflutningi. Nefndin hefir þó ekki lokað augunum fyrir óvissri afkomu þjóðarinnar, eins og lýsir sér í till. n. við 22. gr. um lækkunarheimild gjalda, er síðar verður vikið að.

Ég læt svo nægja það, sem ég hefi sagt um brtt. n. snertandi tekjubálk fjlfrv., en vil með nokkrum orðum víkja að öðrum brtt., sem n. hefir flutt, en mun stytta mál mitt svo sem verða má.

8. brtt., um lækkun fjárveitingar til einkasíma í sveitum úr 15000 kr. í 10000 kr., stafar af því, að innflutningur á efni til símalagninga er takmarkaður, og verða þessar framkvæmdir því að bíða.

9. brtt., bæjarsíminn í Rvík og Hafnarfirði. Í fjárveitingunni, eins og hún er í fjárlagafrv., er innifalin stór upphæð til efniskaupa, og leggur n. til, að fjárveitingin lækki um 110000 kr., eða úr 630000 kr. í 520000 kr. — 10. till., aðrar símastöðvar og eftirlitsstöðvar. Fjárveitingin lækki úr 180000 kr. í 155000 kr. Í fjárveitingunni skv. fjárlfrv. var tekin upp nokkur upphæð til launabóta handa starfsmönnum, en n. lítur svo á, að launabætur eigi að felast í einni upphæð, sem skv. frv. er áætluð 500000 kr., en n. hefir lækkað í 350000 kr. — 11. till., póst- og símahús á Hvolsvelli, liðurinn fellur niður. Hér er um nýbyggingu að ræða, og getur sú framkvæmd beðið.

12. till., um hækkun afnotagjalda ríkisútvarpsins úr 450000 kr. í 500000 kr., er gerð skv. till. frá ríkisútvarpinu. — 13. till., lækkun á húsaleigu útvarpsins um 10000 kr., er bundin samningi milli útvarpsins og landssímans.

14. till. — Fjárveitingin var ætluð til verzlunarfulltrúa í New York og var að upphæð 75000 kr., en n. leggur til, að upphæðin lækki um 25000 kr. og að liðurinn orðist: Vegna verzlunarfulltrúa erlendis. Nokkur óvissa ríkir um það, hvernig þessum málum muni hagað, og er þessi upphæð umfram annað, sem ætlað er í svipuðu skyni.

15. till. — Í fjárl. þessa árs er aths., að ríkisskattanefnd skuli fá greiddar 10 kr. á mann fyrir hvern fundardag. Þetta var fellt úr frv. stjórnarinnar, en n. hefir tekið það upp af nýju.

17. till., að skrifstofukostnaður vegamálastjóra lækki úr 31000 kr. í 23000 kr. Vegamálastjóri hafði lagt á skrifstofukostnað gjöld, er tilheyrðu áhaldasjóði, og leggur n. til., að sá kostnaður teljist á áhaldasjóði svo sem verið hefir.

Þá koma vegatill. Sé ég ekki ástæðu til þess að ræða um hverja einstaka till., en n. leggur til, að vegaféð hækki um ca. 150 þús. kr., og eru þær upphæðir algerlega í samræmi við till. vegamálastjóra. Þetta eru framkvæmdir, sem flestum þm. er mjög annt um, enda hafa óskir þm. um fjárframlög fyrst og fremst beinzt að samgöngubótum. Það skal játað, að hér er um allverulega hækkun að ræða, en ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um það, að nauðsynlegt sé að veita fé til þessara framkvæmda svo sem frekast er unnt. Um nýja vegi í till. n. er ekki að ræða, og mun ég því ekki fara fleiri orðum um þessar till.

19. till. er smáviðbót til bókasafns verkamanna og þarfnast ekki skýringa.

20. till. — Tillög til akfærra sýsluvega eru í fjárlfrv. talin 34000 kr. og eru á einum lið. N. hefir aftur fært fjárveitinguna í 2 liði, eins og er í fjárl., og hækkað liðinn um 6000 kr. Ætlast n. til, að þar af fari 5000 kr. til Miðeyjarvegar í Rangárvallasýslu.

21.—22. till. eru hækkanir vegna launabóta.

23. till., lækkun ýmissa gjalda hjá vitamálastjóra, fyrir 25 þús. kr. komi 15 þús. kr., og hefir vitamálastjóri fallizt á þá lækkun.

24.—27. till., um hafnarbætur, þurfa ekki skýringa við. Má hið sama segja um þær og vegina, að þetta eru framkvæmdir, sem öllum er mjög annt um, að falli ekki niður þrátt fyrir fjárhagsörðugleika, enda eru allar hafnarbætur gerðar í þeim tilgangi, að styðja framleiðsluna.

28. till., til flugmála 20000 kr. Þetta er sama upphæð og er í fjárl., en var áður varið á dálítið annan hátt. Till. er nú í einum lið, en áður voru 10000 kr. veittar til Flugfélags Akureyrar, en það mun nú vera lagt niður.

29. till. — Til Akureyrarkirkju eru í fjl. þessa árs ætlaðar 30000 kr., og leggur n. til, að henni verði ætlaðar 5000 kr. í fjl. 1941. Má að vísu um það deila, hvort ríkinu beri skylda til að leggja þessa fjárhæð fram, en þörfin er áreiðanlega mikil.

Þá er 30. till. n., til bókavörzlu í háskólanum. Ríkisstjórnin hafði ætlað 6000 kr. til bókavarðar háskólans, en n. hefir lækkað það í 1200 kr., eins og er í fjl. þessa árs. Þó hefir borið á því, að menn væru ósammála um, hve mikið fé væri nauðsynlegt að veita í þessu skyni. Ég hefi heyrt, að háskólinn ætti um 60000 bindi bóka, sé gjöf Benedikts Þórarinssonar talin með, og var hugmyndin að setja sérstakan mann til þess að hafa þar bókavörzlu. N. telur það ekki nauðsyn að svo stöddu. — 31. till., um lækkun á kostnaði við hita og ljós handa háskólanum, er gerð með tilliti til þáltill., er liggur fyrir þessu þingi frá hv. þm. S.-Þ. (JJ), um að ríkisstjórninni takist að semja við Reykjavíkurbæ um einhver fríðindi háskólanum til handa.

32. till., fjárveiting til þess að gera brjóstlíkan af Hirti Snorrasyni. N. leit svo á, að með fjárveitingu í fjl. yfirstandandi árs mætti koma þessu verki áleiðis, og leggur því til, að liðurinn falli niður.

33. till. a., fyrir 120000 kr. kemur 135000. Þessi hækkun stafar af því, að samkv. nýju héraðsskólalögunum er gert ráð fyrir því, að rekstrar-

styrkur til skólanna hækki lítilsháttar. Lætur nærri samkv. þeim nemendafjölda, sem nú er, að hækkunin nemi um 15000 kr. — 33. till. b., stofnkostnaður héraðsskólanna. Hér er um hið mesta vandamál að ræða. Ýmsir skólanna hafa byggt nýlega, og á ríkissjóður ógreiddan lögboðinn styrk. Þannig er t. d. með Reykholtsskóla. Hinsvegar eru skólar, sem hafa algerlega ófullnægjandi húsnæði; sem dæmi má nefna héraðsskólann í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það þarf nauðsynlega að rífa þar tvo svefnskála, sem fyrir eru, og byggja eitt hús. Kostnaður er áætlaður 20000 kr., og fullnægir fjárveitingin þannig ekki þörf þessara tveggja skóla. N. vill þó vænta þess, að Reykjanesskóli verði styrktur til að umbæta sín húsakynni og að fundin verði lausn til nauðsynlegrar fyrirgreiðslu á byggingarskuld Reykholtsskóla. Með tilliti til hinna nýju héraðsskóla og með aðstoð ákvæða í þeim l. tel ég persónulega, að hæstv. ríkisstjórn sé það kleift. — Þá er till. um að veita 4000 kr. til Snorragarðs í Reykholti.

34. till., að hækka styrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði úr 1500 kr. í 2500 kr. Hún heldur þarna uppi húsmæðrafræðslu af eigin rammleik, og þar sem ekki er um annan slíkan skóla að ræða á Suðurlandsundirlendinu, telur n. ekki sanngjarnt, að þessi litli styrkur verði skertur.

Þá er til húsmæðraskólans á Laugalandi, stofnkostnaður, 3000 kr. Skólanefnd telur, að ríkissjóður eigi enn eftir að greiða sitt lögboðna framlag til skólans, er nemi a. m. k. tvöfaldri þessari upphæð, en sættir sig við, að framlagið verði greitt í tvennu eða þrennu lagi.

35. till., laun til Ólafs og Jóns Pálssona. Hér er aðeins um smávægilega breytingu að ræða.

Sú breyting hefir orðið á, að n. tók út allar fjárveitingar til íþróttamála og steypti saman í einn lið, sem hér er 36. till., til íþróttasjóðs, 30000 kr., og er það gert samkvæmt íþróttalögunum. 37.—38. till. eru afleiðingar af þessu, og falla fjárveitingar til Í. S. Í. og íþróttakennslu niður.

Þá er 39. brtt., nýr liður, um 1200 kr. styrk til héraðsbókasafns Suðurlands, gegn tvöföldu framlagi annarstaðar frá. Þessi fjárveiting hafði verið felld niður úr frv. að þessu sinni, en n. leit svo á, að safnið yrði að styrkja, þar sem hér væri um svo merkilega menningarstarfsemi að ræða, og héraðsbókasafn ekki til á Suðurlandslåglendinu.

Þá er 40. brtt., um breyt. á 25. lið, þannig að veitt sé til fornritaútgáfunnar 4 þús. kr., og í öðru lagi til útgáfu Heimskringlu 4 þús. kr. Seinni liðurinn var tekinn upp á síðasta þingi, og samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, mun þeirrar fjárveitingar þurfa við í 6 ár, eða alls 24 þús. kr. Þar sem einu sinni hefir verið gengið inn á þessa braut, geri ég ekki ráð fyrir, að talið verði rétt að leggja þessa fjárveitingu niður, með því að þarna er um merka útgáfu að ræða.

Með 41.—42. brtt. er lagt til að fella niður smástyrk til Blaðamannafélagsins, en veita styrk félagi Vökumanna.

Nýr liður eru 1000 kr., sem n. vill veita til viðgerðar á Grenjaðarstaðabæ í Suður-Þingeyjarsýslu. Fornminjavörður mun hafa í hyggju að varðveita gamla bæi víða á landinu. Þessi bær er einn af þeim reisulegustu, sem til eru í landinu af þessari gerð. Ungmennafélagið í sveitinni ætlar sér að leggja fram sjálfboðavinnu, ef þessi fjárveiting verður samþ.

Þar með er lokið brtt. við 15. gr.

Við 16. gr. er fyrst 44. brtt., um að bæta við aths., á þann hátt, sem áður hefir verið gert, við liðinn um 500 þús. kr. framlagið til framleiðslubóta og atvinnuaukningar: „Þar af 100 þús. kr. til Suðurlandsbrautar, til atvinnuaukningar fyrir Hafnfirðinga og Reykvíkinga.“ — Með þessu einu móti gátu ýmsir þeir hv. þm., sem bera fyrir brjósti atvinnuaukning á þessum stöðum, fallizt á, að fellt yrði niður að þessu sinni framlag til malbikunar vega, en sú ráðstöfun er nauðsynleg af gjaldeyrisástæðum. N. leggur því eindregið til, að aths. þessi verði tekin upp.

Þá er 45. brtt., um að hækka framlag til nýbýla og samvinnubyggða úr 50 þús. í 155 þús. kr. Með þeirri fjárveiting, í viðbót við jafnháa upphæð, sem er á fjárl. þessa árs, ætti að vera hægt að uppfylla að mestu leyti gefin loforð um framlag til býla, sem þegar hafa verið reist, en til nýrra býla er ekki gert ráð fyrir að veita fé, eins og nú horfir. Það skiptir þá menn mjög miklu, sem reist hafa nýbýli í trausti á hinn lofaða styrk, að þessi upphæð á árinu 1941 verði ekki af þeim tekin.

Í 46. brtt. er gert ráð fyrir að færa styrk til sandgræðslu úr 40 þús. niður í 31 þús., eins og hann er nú á fjárl. N. treystir sér ekki til að ganga lengra en það að leggja til, að framlög þessarar tegundar fái að standa óbreytt frá því, sem er í fjárl.

Í 47. brtt. er lagt til að hækka jarðabótastyrk, sem í fjárl. er 580 þús. kr., úr 200 þús. í 350 þús., og má lækkunin teljast geysimikil samt. Vitanlega er ekki hægt að fullyrða, að þessi upphæð nægi til að uppfylla ákvæði jarðræktarlaganna. Menn verða efalaust að draga úr jarðabótum, vegna skorts á erlendum áburði, efni til bygginga og fleira. Æskilegt hefði verið, að styrkurinn hefði staðið óskertur og því, sem fyrr hefir gengið til nýræktar og endurbóta á gömlum túnum og bygginga, yrði nú varið til að þurrka mýrar í stórum stíl. Þá er í 48. brtt. lagt til að hækka tillag til byggingar- og landnámssjóðs og endurbyggingastyrkja í 125 þús., og tillag til verkamannabústaða í 120 þús. Um þessa styrki er svipað að segja og um framlög til nýbýla, að þeir verða eingöngu notaðir til að viðhalda því, sem þegar er að mestu unnið, án þess að nokkuð verulegt sé gert að nýbyggingum.

Til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts leggur nefndin til að veita 50 þús. kr., en 2500 kr. til fyrirhleðslu við Kaldaklifsá undan Eyjafjöllum. Það er augljóst, að ekki er hægt að hætta fyrirhleðslu við jökulvatn í miðju kafi, án þess að stórhætta sé á, að það eyðileggist, sem þegar er gert. Fyrirhleðslan við Kaldaklifsá er minna mannvirki, en einkum gerð til varnar þjóðveginum frá skemmdum.

Á liðnum um lax- og silungsveiði vill n. gera 700 kr. hækkun til þess að greiða fyrir því, að gerðir séu laxavegir. Það er 51. brtt., en 52. brtt. er um að lækka styrk til loðdýraræktar úr 20 þús. í 15 þús. og veita 6 þús. kr. til ræktunarvega í Vestmannaeyjum og Flatey. Af styrknum til loðdýraræktar er ætlazt til, að 10 þús. fari til ráðunauts og ferðakostnaðar hans. En hitt hefir gengið til loðdýraræktardeildar Búnaðarbankans til rekstrarlána. Nú mun þurfa lagabreyting til þess að breyta megi hér um hið árlega framlag til lánastarfseminnar, en lægri upphæð virðist nægja, þar sem útlánum er hætt í bili. Styrkur til ræktunarvega hefir verið á fjárl., og virðist ekki sanngjarnt né rétt að kippa honum burt á stöðum, þar sem um enga aðra vegi er að ræða en ræktunarvegina. Verkið skal unnið undir eftirliti vegamálastjóra.

Í 53. brtt. er lagt til, að 47. liður 16. gr. orðist svo: „Til Kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, enda haldi það uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni, 1000 kr." Það er 600 kr. hækkun. — Næsta brtt. er um 1000 kr. hækkun á styrk til Sambands sunnlenzkra kvenna til námskeiða, þetta er sama upphæð og verið hefir, og 1000 kr. til skóla fyrir húsmæðraefni í Hveragerði. Á Suðurlandi hefir enginn húsmæðraskóli verið nema þessi litli skóli Árnýjar Filippusdóttur, og þar sem ekki er hægt að reisa þar húsmæðraskóla að svo stöddu, væri mikilsvert að styrkja þessa viðleitni til skólahalds.

55. brtt. er nýr liður, 30 þús. kr. til frystihúsa, og eru það eingöngu áður byggð frystihús, eitt hjá Sláturfélagi Suðurlands, tvö á Norðurlandi.

Í 56. brtt. er gert ráð fyrir, að kostnaður vegna mæðiveikivarnanna lækki um 110 þús. kr., niður í 140 þús., en hinsvegar hlýtur kostnaður af að styrkja bændur, sem misst hafa fé, að vaxa stórum, og er gert þar ráð fyrir 380 þús. kr., og til rannsókna og varna gegn útbreiðslu garnaveikinnar, nýr liður, 130 þús., og er það þó 30 þús. lægra en á gildandi fjárl. Það er talið, að vörzlukostnað vegna mæðiveikinnar megi minnka nokkuð, og mun ekki lagt í nýjar girðingar hennar vegna. Kostnaður vegna garnaveiki fer nokkuð eftir því, hvort þau áhöld fást, sem pöntuð hafa verið til rannsókna, og því, hvaða lyf verða notuð. Vel má vera, að þessi 130 þús. reynist of lítið.

Þá er lokið brtt. við 16. gr. Við 17. gr. er engin brtt., en brtt. við 18. gr. sé ég ekki ástæðu til að tala um, þær skýra sig í raun og veru sjálfar.

Þá kemur að 19. gr. Dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna hefir verið áætluð 500 þús. í frv. En með því að það mun vera nokkuð óljóst, eftir hvaða reglum hún verður greidd, hefir n. lagt til að lækka upphæðina í 350 þús. Nú liggur fyrir þinginu frv. um þetta efni og óvíst, hvernig því reiðir af, en eftir því, sem ráðgert er, ætti þessi upphæð að sjá langt til dýrtíðaruppbótar fyrir starfsmenn ríkisins. Auðvitað veltur talsvert á því, hvort uppbótin er látin ná til allra eða takmörkuð við ákveðna launaupphæð.

65. brtt., við 20. gr., er um 30 þús. kr. til að gera nýja vita. N. lítur svo á, að það sé mjög illt að leggja alveg niður fjárveitingar í þessu skyni. Það er á valdi atvmrh., hvernig þessari fjárhæð verður varið, að fengnum tillögum vitamálastjóra.

Þá er að lokum við 22. gr., XIII., breyting á lækkunarheimild ólögboðinna gjalda, að fyrir 20% komi 35%, — með það fyrir augum, sem um hefir verið rætt, að komast megi hjá að nota svo stórfellda lækkunarheimild, ef tekjur ríkissjóðs kynnu að reynast eitthvað nálægt því, sem áætlað er, eða betur, en hafa þar vaðið fyrir neðan sig, ef illa fer. Meðfram vegna hækkana þeirra á gjöldum, sem n. leggur nú til, þótti henni nauðsyn að rýmka lækkunarheimildina. Það má vera, að ekki þætti hyggilegt að gefa flokksstjórn slíka heimild. En þar sem stjórnin er skipuð fulltrúum þriggja stærstu þingflokkanna, sýnist hættan minni að fela stjórninni að afráða þetta eftir þörfum og ástandi ársins 1941. Vitanlega er því treyst, að stjórnin gangi þá ekki lengra í lækkunum en nauðsyn krefur. Hin ólögboðnu gjöld, sem lækkunin getur náð til, nema um 5 millj. kr. og er að finna í ýmsum gr. frv., en þó sérstaklega í 13. og 16. gr. Þarna varð að ráðast á garðinn, þó að það komi að vísu hart niður á almenningi og öllu verkafólki að minnka verklegar framkvæmdir og framlög til almennra heilla. En n. telur, að þetta sé eina tryggingin, sem unnt er að gefa, eða hún getur lagt til, að stjórninni sé veitt, ef tekjustofnar bregðast, svo að nauðsyn sé að draga mjög úr gjöldum.

Útgjöld ríkisins á rekstrarreikningi verða, ef brtt. n. verða samþ., eins og hér segir í nál. á þskj. 93, talin í heilum þúsundum, 17555 þús. kr., en tekjur 18328 þús. kr. Tekjuafgangur á rekstrarreikningi frv. er, eins og n. gengur frá því við þessa umr., 772920 kr., eða 52600 kr. lægri en í frv. stjórnarinnar, og greiðsluhallinn nær 252553 kr., eða um 82 þús. kr. meiri en í frv. stjórnarinnar.

Enn á n. eftir að athuga ýms erindi, sem henni hafa borizt, og margvísleg mál, er snert geta útgjöld og afkomu ríkissjóðs. Ekkert verður sagt um, hverjar brtt. hún kann að bera fram við 3. umr. En vitanlega mun hún gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að útkoman þá verði ekki til muna lakari en hún er nú.

Fjmrh. (Jakob Möller): Út af því, sem hv. frsm. (BjB) sagði í lok ræðu sinnar, að hið eina, sem fjvn. gæti gert að sinni tillögu til að tryggja afkomu ríkissjóðs á árinu 1941, umfram þær niðurfærslur einstakra gjaldaliða, sem samkomulag er um, væri að hækka úr 20% í 35% lækkunarheimild ólögboðinna gjalda, þá vil ég taka það fram, að mér hafði skilizt, að hv. fjvn. hefði a. m. k. haft til athugunar möguleika til frekari lækkunar einnig á ýmsum lögboðnum gjöldum eða heimildir til lækkunar. Það liggur í augum uppi, að samkv. þeim till., sem n. hefir gert, mundi vera um allalvarlegan ágreining að ræða milli mín og hennar. Það er rétt hinsvegar, að hækkanir, sem n. hefir

gert einmitt á þeim liðum fjárl., sem ég hafði lækkað, byggjast á því, að hún gat hugsað sér að taka tillit til þessarar varasemi, sem ég vildi sýna, á annan hátt. Ég lýsti yfir því, þegar ég lagði fram fjárlfrv., að ég væri fús að ræða alla möguleika í þessum efnum. En að sjálfsögðu var það því skilyrði bundið, að fjárl. yrðu þannig afgreidd, að ég gæti talið afgreiðsluna forsvaranlega. Ég hafði haft í huga, að í stað þess að hafa ýmsar fjárveitingar eins háar og n. leggur nú til, kæmi til mála, að ríkisstj. yrði heimiluð viss fjárhæð til þess að bæta upp þær lækkanir, ef afkoma ríkissjóðs reyndist betri en gert er ráð fyrir í frv., þannig að þá þyrfti ekki að koma til niðurskurðarins. Í samtali, sem tveir af nm. áttu við hæstv. forsrh. (HermJ) og mig, var um þetta rætt. En fulltrúar n. gátu ekki sætt sig við það, og þó skildist mér samkomulag hafa náðst um, að n. lækkaði ekki aðeins ólögboðin gjöld, heldur að heimilaðar yrðu lækkanir fleiri gjalda, auk þess sem gert er ráð fyrir í frv., sem fyrir þinginu liggur, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og yrðu þær lækkanir eða heimildir til lækkana ákveðnar í sérstökum lögum. Ég leit svo á, að það mætti einu gilda, hvort gjöldin yrðu áætluð ríflega, með þessa heimild að baki, þannig að ef vissir erfiðleikar yrðu, hefði ríkisstj. heimild til þess að takmarka þessar greiðslur. Hinsvegar hefði ríkisstj. heimild til að hækka þær, ef fjármagn yrði fyrir hendi til þess. Hv. frsm. lýsti því, hve stutt hefði verið milli þinga, og þar sem fjvn. hefði að mestu verið skipuð sömu mönnum, hefði þess ekki verið að vænta, að hún liti mjög öðrum augum á ástandið nú heldur en í lok síðasta þings, þegar fjárl. yfirstandandi árs voru afgr. Þetta er náttúrlega rétt, það sem það nær, því í rauninni var ekki um það að ræða, að ástandið í heiminum breyttist neitt verulega á þeim rúma mánuði, sem leið milli þinga, eða horfurnar fyrir afkomu ríkissjóðs yrðu betri. Eftir að hafa athugað gaumgæfilega, hvernig fjárreiðum ríkissjóðs var komið, verð ég hinsvegar að álita, að ástandið hafi versnað. Það kann vel að vera, að hv. fjvn. hafi gert sér grein fyrir þessu, en ég verð að játa, að ég gerði mér ekki fulla grein fyrir því fyrr en á því tímabili, sem leið frá því, að síðasta þingi var slitið, og þangað til þetta kom saman. Þó hafði ég hugmynd um, að fjárhagurinn væri örðugur og að við ýmsa örðugleika myndi verða að stríða á næstunni. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu fjárl., að lausaskuldir ríkisins, sem yrði nú þegar að ráðstafa, næmu 2½ millj. kr. Ég benti einnig á það, að samkvæmt fjárlagafrv. mætti gera ráð fyrir 1 millj. kr. greiðsluhalla, sem hlyti að koma í sambandi við greiðslu á dýrtíðaruppbót til starfsmanna ríkisins. Það eru því alls 3½ millj. kr., sem ríkissjóður verður að ráðstafa. Það hefir stundum verið talið forsvaranlegt, að afborganir af lánum væru greiddar með því að taka ný lán, en þótt svo hafi verið hingað til, þá er viðhorfið breytt hvað þetta snertir. Þegar um er að ræða 3½ millj. kr., sem þyrfti að fá lán fyrir, og halda ætti áfram á sömu braut, að gera ráð fyrir, að afborganir yrðu greiddar með nýjum lánum, þá er ég hræddur um, að fari að þyngjast fyrir um að fá lán. Ég er hræddur um, að fullörðugt verði að fá lán til þess að standa skil á þeim greiðslum, sem þegar eru fallnar, þó að ekki verði bætt við nýjum lánum. Ég tel því af þessum ástæðum, að viðhorfið hafi mjög breytzt, þó að stutt væri um liðið. Þess vegna taldi ég ekki fært að afgr. fjárlagafrv. til þingsins með svipuðu móti og fjárl. síðasta árs voru afgr., jafnvel þó að það hefði mátt teljast forsvaranlegt, eins og þá horfði við. Það er annað að halda alltaf áfram á sömu braut, að hlaða þungum lausaskuldum hverri ofan á aðra, heldur en þó að hugsa sér, að hægt sé að fljóta áfram eitt ár með því að bæta við þær. En út frá því sjónarmiði, sem ég gerði grein fyrir í upphafi, hvernig mætti mæta því, ef afkoma ríkissjóðs yrði ekki eins góð og við getum gert okkur vonir um, þá gæti þó afgreiðsla fjárl. eins og hv. fjvn. leggur til talizt forsvaranleg. Ég vænti þess því, að þessi lagaheimild, jafnframt fjárl., verði afgr., og þá þarf ekki frekar að deila um meðferðina á fjárl.

Ég þarf ekki að ræða brtt. hv. fjvn. aðrar en þær, sem mestu valda um niðurstöður fjárl. Hv. n. hefir ýmist fellt niður eða gert till. um hækkun á ýmsum þeim liðum, sem ég hafði gert ráð fyrir, að yrðu lækkaðir. En til þess að vinna þetta upp hefir n. hækkað ýmsa tekjuliði, sem að vísu má deila um, hvað réttlátt sé. En það hefir vitanlega enga þýðingu fyrir afkomu ríkissjóðs að breyta tölunum á tekjuáætluninni, til þess að hún standist, og ég vil vænta þess, þegar n. heldur áfram meðferð sinni á frv. til næstu umr., að hún byggi ekki um of á þeim möguleikum, að auka megi tekjuliðina. Ég sé, að n. hefir hækkað tekju- og eignarskattinn um 100 þús. kr. Það kann að geta orkað tvímælis, hversu réttlátt það er, það þótti a. m. k. ekki fært á síðasta þingi, og ástæðurnar, sem ollu því, tel ég ekki mikið breyttar. Þá er þess að gæta, að útgerðin er mikið til skattfrjáls, og að gengistap kaupsýslustéttarinnar er úr sögunni á næsta ári, þegar kemur að því að reikna út skattinn. En að afkoma almennings gæti orðið þeim mun betri, að tekjuskatturinn yrði meiri en gert er ráð fyrir á þessu ári, er eitt af því, sem mjög varlegt er að áætla. Það getur eins vel átt sér stað, að afkoman verði miklu verri. Eins og nú horfir, getur vel farið svo að framleiðsla landsmanna stöðvist að meira eða minna leyti vegna flutningaörðugleika, og að mjög erfitt verði að fá ýmsa hluti, sem til framleiðslunnar þarf. Við undirbúning fjárlagafrv. taldi ég rétt að áætla varlega, vegna þess að undir því er að hálfu leyti komið, hvernig tekst að tryggja það, að ekki verði greiðsluhalli.

Hv. frsm. gat þess, að n. hefði breytt áætluninni um tekjur af landssímanum, þannig að ýmsir gjaldaliðir hefðu verið lækkaðir um 110 þús. kr. N. heldur fast við það, að framkvæmdir, sem þurfi efniskaup til, geti fallið niður, og að þess vegna sé hægt að lækka þessa gjaldaliði. Hinsvegar er því haldið fram af póst- og símamálastjóra, að útgjöldin muni verða það, sem hann áætlar, hvað sem kunni að verða sett í

fjárl. Ég held, að þetta muni reynast eins og póst- og símamálastjóri heldur fram; það hefir líka verið þannig á undanförnum árum, að þetta hefir orðið svipað því, sem hann hefir áætlað. Að öðru leyti get ég vísað þessum málum til hæstv. atvmrh.; hann á mestu um þau að ráða. Um hækkunina á tekjum ríkisútvarpsins skal ég ekki segja; hv. frsm. sagði, að það væri gert í samráði við till. útvarpsins, og má vel vera, að svo sé.

N. hefir hækkað verðtollinn um 260 þús. kr. Ég geri ekki ráð fyrir, að líkur séu fyrir því. að hann muni verða meiri en hingað til. Að vísu hefir vöruverð hækkað og flutningsgjöld sömuleiðis, en það verður ekki talið annað en eðlilegt, að eftir því, sem tímar líða, komi verðhækkunin meira fram. Ég skal geta þess, að það verður að telja vafasamt, að lengi verði fært að láta tollana ná til hækkandi farmgjalda. Það hefir alls ekki verið tekin nein endanleg ákvörðun um það, hvort eigi að láta tollana fylgja farmgjaldahækkuninni alveg til enda, eða að nema skuli staðar, en vitanlega hefir það nokkur áhrif á tekjur þær, sem um er að ræða í þessu sambandi. Ég sé, að n. hefir tekið upp aftur aths. um greiðslu til ríkisskattan., 10 kr. á mann fyrir hvern fundardag. Mér þykir þetta hálfleiðinlegt, og ég held, að þeir, sem eru í ríkisskattanefnd, ættu að vera sæmilega haldnir af því, sem þeim hefir verið úrskurðað fyrir sitt starf. Þess er að gæta, að þessir menn vinna ekki aðeins á fundum, heldur einnig utan funda, og ættu þess vegna ekki að fá sérstaka greiðslu fyrir.

Till. n. til vegamála sé ég enga ástæðu til að fara út í sérstaklega, ég hefi áður gert grein fyrir því. Ég sé, að n. hefir hækkað þetta framlag allverulega, jafnvel frá till. vegamálastjóra. en um það hefi ég ekkert sérstakt að segja, get að mestu vísað til þess, sem ég hefi áður sagt þar um. Hið sama er að segja um framlög til hafnarbóta og bryggjugerða. Ég ætla ekki að gera frekari aths. við einstakar till. hv. fjvn. að þessu sinni, þar byggjast að mestu á því, að halda í svipuðu horfi og verið hefir um verklegar framkvæmdir, en um það hefi ég rætt áður. Þó get ég ekki alveg gengið framhjá till. n. um dýrtíðaruppbót, vegna þess að það stendur í beinu sambandi við horfurnar á því. hvernig afkoman verður. Hér er yfirleitt um lækkanir að ræða, sem ég hefi ekki trú á, að geti staðizt. Laun opinberra starfsmanna munu nú vera um 5½ millj. kr. Þess vegna er það, að ef dýrtíðaruppbótin er áætluð 350 þús. kr., þá er hún töluvert lægri heldur en ef farið væri eftir svipuðum mælikvarða og við útreikning dýrtíðaruppbótar til verkamanna samkvæmt l. frá síðasta þingi. Nú er það svo, að ástæða kynni að vera til þess að gera mun á almennum verkamönnum og starfsmönnum ríkisins. Þess er jafnframt að gæta, að l. frá síðasta þingi fjalla ekki aðeins um þá verkamenn, sem eiga það svo að segja undir veðri og vindi, hvort þeir hafa atvinnu þennan daginn eða ekki, heldur er þar einnig um að ræða menn, sem hafa fasta atvinnu alveg eins örugga og fjöldi af starfsmönnum ríkisins. En þó að gert væri ráð fyrir, að dýrtíðaruppbótin yrði ekki hærri 1941 heldur en í fjárlagafrv. árið sem leið, þá eru engar líkur til þess, að þessi áætlun myndi geta staðizt. Það má ganga út frá því sem gefnu, að óhjákvæmilegar umframgreiðslur munu nema a. m. k. þeim mismun, sem áætluninni nemur í frv. Ég er mjög hræddur um, að það verði aldrei komizt hjá því, að verulegur greiðsluhalli verði á þessari áætlun.

Ég sé ekki á þessu stigi málsins ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta frv. Þingm. munu mestu um það ráða, hvernig farið verður með einstakar till., sem hv. fjvn. hefir gert, og ég geri ráð fyrir, að þær séu gerðar með fyllstu sanngirni og með tilliti til hagsmuna og áhugamála einstakra þm.

Forseti (HG): Útbýtt er á fundinum brtt. á þskj. 135, og þarf að veita afbrigði til þess, að þær megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Aðalatriðin í því, sem ég vildi segja, eru um fjárlfrv. yfirleitt og einstakar gr. þess, brtt. þær, sem fram hafa komið frá hv. fjvn., svo og það, hvernig farið hefir um eldhúsumr. eða þær umr. um fjárl., sem venjulega hefir verið útvarpað áður. Allt þetta vildi ég gera að umræðuefni almennt og einnig þá stefnu, sem fram hefir komið í frv. og viðurkennd hefir verið af fjmrh. og raunar líka af hv. fjvn. Það er, að það eina, sem þessir aðilar geta fundið til að spara á, eru verklegu framkvæmdirnar. Það má segja, að það eina, sem hv. fjmrh. og hv. fjvn. hefir greint á um, er, að hv. fjmrh. hefir viljað skera niður verklegu framkvæmdirnar með því að minnka framlagið á fjárl., sem til þeirra er ætlað, en hv. fjvn. hefir viljað hafa þá aðferð, til þess að það væri ekki alveg eins áberandi, að heimila ríkisstjórninni að lækka upphæð þá, sem áætluð er á fjárl. til verklegra framkvæmda, um allt að 35%. Hæstv. fjmrh. vildi ganga beint framan að fólkinu og segja því, að um þessa upphæð verði lækkað það fé, sem fáist til verklegra framkvæmda, en þá kemur hv. fjvn. með þá till., að ríkisstjórninni verði gefin heimild til að skera niður fjárl.-upphæðina um 35%, eða um 2 millj. kr., úr 7 millj. niður í 5. Þarna kemur ekki fram mikill stefnumunur, heldur aðeins mismunandi aðferðir við, hvernig á að segja fólkinu frá því, að það eigi að taka frá því brauðið, sem það á að lifa af. Hinsvegar er hæstv. fjmrh. og fjvn. sammála um það, að það eina, sem hægt sé að skera niður, séu verklegu framkvæmdirnar. Hinsvegar á það ekki að ná nokkurri átt að hreyfa við hálaunamönnunum í sambandi við fjárl., þeirri stétt þjóðfélagsins, sem hefir haldið við hálaununum og bitlingunum. Slíkt eru þó allir stjórnarflokkarnir svo innilega sammála um, að sé óþarfi, þegar þeir eru farnir að tala við kjósendurna. Þar að auki virðast báðir þessir aðilar, fjmrh. og fjvn., sammála um, að ekki sé hægt að leggja meiri skatta á landsmenn eða ná inn

nýjum tekjum með þeim. Þótt upplýst sé, að nú þegar eru meiri vandræði með afkomu almennings en þekkzt hafa um langan aldur, þá eru samt stórgróðamennirnir, togaraeigendurnir, að mestu leyti skattfrjálsir. Það bólar ekki enn a. m. k. á neinum till. frá stjórnarfl. um að afnema þetta skattfrelsi eða breyta þeim l. að neinu leyti. Aðalstefnan, sem fram kemur í fjárl. og till. fjvn., er sú, að skera niður verklegar framkvæmdir, en hylja það allt fyrir almenningi, sem snertir hálaunamennina og stjórnmálamennina.

Ég ætla að taka nokkur dæmi um það, hvernig breyta mætti frv., ef nokkur vilji væri fyrir hendi hjá þinginu til að gera þar nokkuð til úrbótar. Það, sem í fyrsta lagi hefði verið sjálfsagt að gera í sambandi við þetta þing, út af öllum þeim umkvörtunum, sem sífellt heyrast um það, hve erfitt sé að afla nýrra tekna, var það, að athuga, hvort ekki væri hægt að ná inn meira fé með því að leggja skatt á styrjaldargróðann. Hann er sannarlega fyrir hendi, þótt borgarablöðin reyni að hylja hann, eins og þau frekast geta. Á ísfisksveiðunum mun t. d. hafa orðið sá mesti gróði, sem þekkzt hefir á nokkrum stórrekstri á Íslandi. Einstakir togarar hafa grætt upphæðir, sem nema hundruðum þúsunda króna. Sá gróði, sem fengizt hefir á ísfiski frá því að stríðið hófst, mun þegar vera farinn að skipta milljónum króna, ég gæti hugsað mér. að ekki væri fjarri lagi að gizka á 4—5 milljónir. Ég þykist vita, að það sé ekki til neins að koma með fyrirspurnir um það hér á Alþingi, hve mikill þessi gróði er, svo hægt væri að sjá, hvaða tekjustofnar eru til fyrir þjóðina til að leggja á skatta á tímum eins og þessum, því ráðh. telja það alveg sérstaklega sína skyldu að hylma yfir þennan gróða, enda er annar ráðh. Sjálfstfl. eigandi að slíku stórgróðafyrirtæki, en hinn hefir margra ára reynslu í því að hylma yfir með fjársukki bankavaldsins. Þess vegna þýðir ekkert að spyrja ríkisstjórnina um þessa tekjustofna og hvað hægt væri á þá að leggja, því hún skoðar það sem sitt aðalhlutverk að hindra, að lagðir séu skattar á þá menn, sem geta borið þá, en pína þá út úr þeim, sem ekkert mega missa, og láta til þeirra, sem hafa fullar hendur fjár fyrir. Tollarnir eru þyngdir að sama skapi og skattur á stórgróðamennina er afnuminn. Meira að segja, þegar síðasta Alþingi, sem þó var engan veginn gott þing, samþykkti heimild handa fjmrh. um það, að nýju tollarnir, sem reiknast eiga af cif-verði varanna, skyldu verða reiknaðir af flutningskostnaðinum eins og hann var fyrir stríð, en ekki með þeirri hækkun, sem á honum hefir orðið síðan stríðið hófst, — meira að segja þessi heimild er ekki notuð. Nei, hæstv. ráðh. notar tækifærið og hækkar tollana á nauðsynjavörum almennings fram yfir það, sem jafnvel síðasta Alþingi ætlaðist til. Þegar svo kemur fram fyrirspurn til ráðh. í þinginu um það, hvers vegna þessi heimild sé ekki notuð, þá fella þm. þeir, sem eru í vasa þjóðstjórnarinnar, að leyft skuli að bera fram slíka fyrirspurn. Það er því augljóst, að núv. ríkisstj. á að haldast það uppi óátalið að haga því eftir eigin geðþótta, hvort hún notar eða notar ekki, eða misnotar, þær heimildir, sem þingið veitir henni. Þar með eru engar hömlur lengur lagðar á það, hvað framkvæmdavaldið getur leyft sér. Það má í því sambandi minna á þær stefnuskrár, sem flokkarnir hafa, er nú fara með völd. Þeir munu allir hafa það á stefnuskrá sinni að hafa tolla á nauðsynjavörum sem lægsta, og sérstaklega leggur Alþfl. mikið upp úr því í kosningaræðum, að láta þá borga brúsann, sem efni hafa á því, en sleppa alþýðunni við tolla af nauðsynjavörum. En stefna ríkisstjórnarinnar er aftur á móti sú, að okra á almenningi, og ganga þar jafnvel skör framar en Alþingi hefir ætlazt til.

Þá mætti benda á það í sambandi við, hvar tekjustofna er helzt að leita, að eignarskattur er ekki enn orðinn neitt tilfinnanlegur hér á landi. Ástandið er svo í landinu, að rúml. þúsund menn telja fram sjálfir í skuldlausa eign og skattskylda um 80 millj. kr., en af því er varla greitt meira í skatt en 200 þús. kr. Finnst manni það varlega álagt, a. m. k. á tímum eins og þessum, þegar fjöldi manna á við neyð að búa. Þar virðist nú hægt að finna tekjustofn í sambandi við fjárl., ef forráðamenn flokkanna og ríkisstj. hefðu áhuga fyrir slíku.

Þá skal ég gera að umtalsefni nokkur helztu atriðin í sambandi við gjöldin á fjárl. Vil ég taka fram í því sambandi þær upplýsingar, sem fram komu í framsöguræðu hæstv. fjmrh., um að ríkið hefði tapað á gengisfallinu fyrsta árið vegna hækkaðra vaxta nálægt 750 þús. kr. Virðist þar ætla að koma bráðlega í ljós, að gengislækkunin hefir ekki reynzt sérstaklega hentug ráðstöfun til að bæta úr vandræðum sjávarútvegsins. Það virðist þegar á fyrsta ári ætla að verða ríkinu nokkuð dýrt.

Þá ætla ég, af gömlum vana, að minnast ögn á 8. gr., borðfé konungs, sem hefir verið hækkað úr 60 þús. kr. í 75 þús. Þess má og geta, að hæstv. fjmrh. hefir á árinu 1939 hækkað þá upphæð upp í 67 þús. kr. utan fjárl. að Alþingi fornspurðu. Það er auðséð, að þjóðstjórnin er óvenju nákvæm með það, að sjá um, að konunginum sé greitt í dönskum krónum. Þá liggur beint við að spyrja, hvers vegna aðrir atvinnuleysisstyrkir í landinu hafa ekki líka verið hækkaðir um 10%? Það er hart, að hæst launaði embættismaður íslenzka ríkisins skuli fá slíka uppbót, en íslenzkir atvinnuleysingjar fá þá einu uppbót, að eiga á hættu, að það atvinnubótafé, sem á að veita þeim atvinnu, verði skorið niður um 35%. Þetta er gott dæmi um það, hvernig ríkisstj. hagar sér annarsvegar gagnvart þeim ríku og hinsvegar gagnvart þeim fátæku.

Í 10. gr. eru úgjöldin við ríkisbáknið á Íslandi. Það er auðséð, að þar eru útgjöld, sem ekki má snerta við. Þm. Sósialistafl. hafa hvað eftir annað borið fram till. um, að ríkisstjórnin athugi, hvað hægt er að spara í sambandi við ríkisbáknið, og hvað þar er hægt að skera niður, sérstaklega í sambandi við háu launin. Þessar till. okkar hafa aldrei einu sinni fengizt ræddar. Hinsvegar vildi það til á árunum 1933 og 1934, að Alþingi neyddist til að skipa nefnd til að rannsaka þessi mál. Sú n. komst að þeirri nið-

urstöðu, að án þess að skera niður laun við mikilmenni þjóðfélagsins, eins og bankastjóra og aðra slíka menn, væri hægt að spara 700 þús. kr. með því að lækka háu launin og skera niður bitlingana. Þessar till. launamálan. voru aðeins framkvæmdar að örlitlu leyti, en yfir 90% af þeim var stungið undir stól. Það er talið, að þau beinu útgjöld, sem ríkið hefir af launagreiðslum embættismanna, séu um 5 millj. kr., en þau laun, sem ríkið í raun og veru greiðir, eru miklu meiri. Ég gæti trúað, að þau væru á milli 10 og 12 millj. kr. Rannsókn á þessum efnum fæst engin, og það er ekki til neins að bera fram fyrirspurnir um það, — upplýsingar fást engar. Hitt mun sönnu nær, að ef einhver vill segja sannleikann um þetta, þá yrðu ráðstafanir gerðar til þess af valdhöfum þjóðarinnar, að slíkt kæmist ekki fram. Það þarf ekki langt að leita til þess að finna orsök þess, að aðalmarkmið þjóðstjórnarinnar er að viðhalda þessu ríkisbákni eins og það er, viðhalda bitlingunum og háu launum og sjá um, að engin rannsókn geti farið fram. Það er upplýst af einum hv. þm. á síðasta þingi, að eitthvað um 30 þm. hefðu sjálfir yfir 10 þús. kr. laun eða meira, og flestir þeirra taka meiri hl. þeirra launa frá ríkinu. Það er líklega lítilla endurbóta eða sparnaðar að vænta af hálfu Alþingis meðan ástandið er þannig, að meiri hl. þm. hefir eigin hagsmuna að gæta í því, að almenningur fái því ekki framgengt á sínu eigin þingi, að fluttar séu verulegar sparnaðartill. við rekstur ríkisbáknsins, sem þegar er orðið svo þungt, að þjóðin er að kikna undir því. Það er eftirtektarvert, að þm. þjóðstjórnarinnar, hv. fjvn. og hæstv. fjmrh. sjá engar aðrar frambærilegar till. til sparnaðar en að skera niður verklegar framkvæmdir á einn eða annan hátt.

Það væri gaman, ef hægt væri að fá upplýsingar frá hæstv. fjmrh. í sambandi við ýms einstök atriði viðvíkjandi ríkisbákninu, en ég býst ekki við, að til neins sé að spyrja að slíku. T. d. væri gaman að fá upplýsingar um verzlunarfulltrúann í Ameríku. Honum eru ætlaðar 75 þús. kr. í fjárl. Ég hefi komið áður með fyrirspurn um, hvort þetta væru einu launin, sem viðkomandi fulltrúi fengi, eða hvort skrifstofa hans ætti þar að auki að fá umboðslaun af viðskiptum sínum. Þeirri fyrirspurn var ekki svarað, enda býst ég við, að þetta sé eins og önnur viðskipti þjóðstjórnarinnar, þau eigi ekki að sjá dagsins ljós. Það á að nota þá þægilegu aðferð. að dylja allar viðskiptaaðferðirnar, og neita svo stjórnarandstæðingunum um upplýsingar þar að lútandi.

Þá er líka fróðlegt að athuga 11. gr. fjárlfrv., 10. lið, þar sem ætlaðar eru 80 þús. kr. til lögreglunnar í Reykjavík af tekjum ríkissjóðs. Væri gaman að fá upplýsingar frá dómsmrh., sem er yfirmaður lögreglumálanna, um það, hve mikill hluti af þessu fé á að fara til vopnakaupa, sérstaklega vegna þess, að sá sami hæstv. ráðh. neitaði með öllu, að slíkt kæmi til mála, en lét um leið breyta gildandi l. á síðasta þingi með það eitt fyrir augum að geta keypt vopn handa lögreglunni. Þá væri líka gott, ef almenningur gæti fengið að vita, hve miklu af erlendum gjaldeyri ætti að verja til þessa, á sama tíma og sjómenn fá ekki gjaldeyri til að kaupa fyrir ný skip eða efni til þeirra, svo hægt sé að smíða þau innanlands. En það mun vera sama máli að gegna um þetta og önnur viðskipti þjóðstjórnarinnar, það á að knýja það í gegn, án þess að alþjóð viti nokkuð um það. Þær till., sem nú hafa verið lagðar fram við fjárlfrv. hæstv. fjmrh., horfa sízt til bóta frá því, sem fjárl. voru fyrir árið 1939, og vil ég fyrir mitt leyti athuga, hvað hér gerist og taka eftir því afstöðu til till., sem fram koma.

Þá vil ég að síðustu gera að umtalsefni 16. gr. fjárlfrv. og það, hvernig þar er hugsað fyrir hag fólksins af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í 16. gr. eru aðalframlög til verklegra framkvæmda, að undanteknum samgöngumálum. Ég þarf ekki að brýna það fyrir hv. þm., hverskonar atvinnuútlit er nú í landinu. En í fjárlfrv. virðist fyrst og fremst hugsað um það að tryggja atvinnu hálaunamannanna og gróða togaraeigendanna, en ekki skeytt um það, þótt almenningur sjái ekkert annað framundan en vaxandi atvinnuleysi, því það er almennt viðurkennt, jafnvel af stjórnarflokkunum, að fyrirsjáanlegt er, að byggingarvinna mun að mestu leyti leggjast niður, og enn er vafasamt, hvort saltfisksvertíðin verður nokkur. Þar að auki fer atvinna við verzlun og iðnað eðlilega mjög minnkandi. Ástandið á fjölda mörgum heimilum verkamanna er þannig, að þar sverfur skorturinn meira og meira að. Áður en þetta ástand hófst, leið meiri hl. verkamanna hér á landi skort, meira að segja miðað við það, sem hagstofa Íslands hefir reiknað út og viðurkennt, að sé nauðsynlegt fyrir menn að hafa til að geta dregið fram lífið á sæmilegan hátt. Menn hefðu nú getað ætlazt til, að Alþingi hefði reynt að gera eitthvað til að draga úr þessum vandræðum, sem vofa yfir, en af því, sem hér er lagt til, er auðséð, að engar ráðstafanir hafa verið gerðar í þá átt. Hæstv. fjmrh. leggur til með þessu frv., að mikið af því, sem ætlað var til verklegra framkvæmda, sé beinlínis skorið niður, og hv. fjvn. gerir þá eina breytingu, að leggja til, að ríkisstjórninni verði gefin heimild til að skera þessi framlög niður. Það er allur munurinn. Það má minna á það nú, þegar þetta frv. er komið fram frá ráðh. Sjálfstfl., hvernig þessir sömu menn töluðu um þessi mál, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu fyrir tveimur árum. Þá talaði núverandi atvmrh., Ó. Th., um það, að sjálfsagt væri að auka fjárframlög til útgerðarinnar og annara verklegra framkvæmda í landinu, því við það, að atvinnulífið blómgaðist, myndi hagur landsmanna batna. Og hv. 2. þm. Reykv. (JakM) greiddi atkv. með till. okkar sósialista um að hækka atvinnubótafé úr 500 þús. kr. og upp í 700 þús. kr. En nú er hann orðinn fjmrh. og greiðir nú ekki aðeins atkv. á móti till. um það að hækka atvinnubótafé, heldur leggur til, að sér verði gefin heimild til þess að skera það niður um 35%, ef honum finnist með þurfa og tekjurnar ætla ekki að streyma inn í ríkissjóðinn eins og hæstv. atvmrh. spáði, meðan hann var bara formaður Sjálfstfl. Það virðist því svo sem þessum hv. þm. og ráðh. Sjálfstfl.

finnist tiltölulega lítið gagn að þeim till., sem þeir báru fram, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. Og þeir taka nú upp sömu aðferðir, sem sú stjórn hafði, sem þeir áður álösuðu mest. Af hálfu Framsfl. og þeirra ráðh., sem fyrir hans hönd sitja í ríkisstj., virðist það vera helzt eitt, sem þeir sífellt japla á, að fólkið eigi bara að fara út í sveit og rækta landið. En svo voru þeir á síðasta þingi með till. um að skera niður styrkina til jarðræktarinnar í landinu. Þarna er einkennilegt samræmið á milli. En nú leggur hv. fjvn. einróma til, að jarðræktarstyrkurinn verði hækkaður frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Það kom fyrir atvik nýlega, sem varpar skæru ljósi yfir það, hvernig þessi ráð koma fram í reyndinni, að lækka tillög til landbúnaðarins. Það mun hafa verið ungur framsóknarmaður, sem vildi rækta landið, sem skrifaði hv. 2. þm. Árn. (BjB), frsm. fjvn., og þm. birti þetta bréf í Tímanum og sagði frá því þar, að þennan unga mann, sem er nýgiftur, langaði til þess að komast í sveit með konu sína, til þess að geta skapað nýbýli í staðinn fyrir eitthvert af þeim býlum, sem eru að leggjast í eyði. Hann lýsti því, hvaða erfiðleikar eru á því fyrir fólk úr bæjum að komast upp í sveit til þess að byggja landið og rækta. Hann lýsti yfir, að með þeim niðurskurði á styrkjum til landbúnaðarins, sem nú eru á döfinni, væru engin skilyrði fyrir slíka menn sem hann að byggja og rækta landið. Og þm. Framsfl. svaraði honum. Og ráðið, sem hann gaf, var heldur kaldranalegt. Ráðið var það að fara í vist til einhvers stórbónda, og þessi setning stóð í greininni: „Stærri bændum gæti verið að slíku mjög mikið hagræði." Ég býst nú við, að þessi setning sé nokkuð táknræn fyrir stefnu þá, sem Framsfl. hefir tekið í þessu efni. Þá menn, sem þurfa að þiggja hjálp af sveit, á að flytja nauðuga upp í sveit til þess að vinna hjá stærri bændum. Og svo á að segja við hina, sem vilja flytja úr kaupstöðum upp í sveit til þess að byggja og rækta landið, en vilja ekki vinna hjá öðrum: „Þið fáið ekki nauðsynlegan styrk til að stofna heimili í sveit, og hungrið á svo að þiska ykkur til að sleppa því að stofna sjálfstæð býli í sveit, heldur ráða ykkur í vist hjá stærri bændum, því að þeim getur verið hagræði að því." Þetta er það, sem blasir nú við framtíð æskunnar í landbúnaðarmálum á þessu landi. Það væri kannske ekki mikið, þó þessir stjórnmálafl. skæru niður alla styrki til þess að bjarga sér í landinu, ef skildir væru þá eftir möguleikar til þess að fá að bjarga sér í friði fyrir ríkisvaldinu og flokkunum, sem standa að ríkisstj. En það er nú ekki svo vel, því að þó að einhverjir menn vilji koma sér upp sjálfstæðri atvinnu á þann hátt að slá sér saman um fyrirtæki, þá fá þeir það ekki. Ef t. d. sjómenn vilja fá að kaupa bát í þessu skyni, þá kemur gjaldeyris- og innflutningsn. til skjalanna og Sjálfstfl. og neita um leyfi til þess að flytja slíka báta inn eða efni til þeirra. Ef menn vilja koma sér upp atvinnu við iðnað, þá er sama svarið: „Nei, góði, þú færð ekki þetta, því að það standa ákveðnir framsóknar- og sjálfstæðismenn nær því að fá þetta heldur en þið. Þið fáið þetta ekki." Og þó að það eigi að byggja verksmiðju, sem veitt gæti hundruðum manna atvinnu, og þó að búið sé að fá hagfellt lán til hennar, og þó að bygging hennar krefji engan erlendan gjaldeyri, þá fæst ekki að koma upp þessu atvinnufyrirtæki. Nei, atvinnufyrirtækin eiga aðeins að vera fyrir Kveldúlf og Alliance. Hér er hverjum manni í landinu bannað að bjarga sér, sem ekki tilheyrir vissum hópi manna. Og þegar á sama tíma er svo skorinn niður styrkurinn til landbúnaðarins, þá virðist nú valdaklíkan vera farin að færa sig nokkuð mikið upp á skaftið.

Það er þess vegna auðséð í sambandi við þær till., sem fyrir liggja hér um verklegu framkvæmdirnar í landinu, að ríkisstj. og hennar fl. eru beinlínis að stefna að því með allri sinni pólitík að koma meginþorra þjóðarinnar á vonarvöl, til þess að atvinnurekendurnir geti pískað verkalýðinn til að vinna fyrir hvaða kaup sem þeim þóknast. Það er þannig verið að reyna að brjóta verkalýðssamtökin á bak aftur. Það á að skapa verkalýðnum þau sultarkjör, að hann verði að sækja helzt allt til stærstu svindlaranna í landinu, — til þeirra manna, sem sölsað hafa undir sig atvinnufyrirtækin og fjármagnið í landinu.

Við þm. Sósíalistafl. munum flytja till. um aukningu á framlaginu til atvinnubóta.

Ég skal svo aðeins gera lítilsháttar að umtalsefni till. hv. fjvn. Það er auðséð, að fjvn. finnst, að þegar þeir gæðingar, sem hæstv. fjmrh. sérstaklega hefir haft í huga, væru búnir að fá sitt, þá væri ekki þörf á því að hugsa um alla þá, sem sitja eftir í bönnuðum kjallaraíbúðum, og þess vegna mætti skera meira niður framlagið til verkamannabústaða heldur en gert hefir verið áður.

Svo er að síðustu till., sem er veigamest af þeim, sem hv. fjvn. flytur, till. um að heimila ríkisstj. að skera niður hin ólögbundnu útgjöld um allt að 35%. Hv. frsm. fjvn. skýrði frá því alveg réttilega, að þessar ólögbundnu greiðslur væru í 13. og 16. gr. fjárl. Þetta mundi þýða niðurskurð um 1¾ millj. kr. af verklegu framkvæmdunum í landinu. Með þessari heimild er verið að gefa ríkisstj. einræðisvald að því er snertir verklegu framkvæmdirnar í landinu. Og það er auðséð, hver er hugur hv. fjvn. og stjfl. til verklegu framkvæmdanna í landinu, þegar þeir vilja veita heimild til þess að láta skera þær niður um 35%, en snerta ekki við nokkrum sköpuðum hlut öðrum. Það hefði alveg eins mátt samþ. sérstök heimildarl. fyrir ríkisstj. til þess að skera niður svo eða svo mikil hálaun í landinu eða leggja sérstakan skatt á hálaun, þannig að þegar þau komast upp yfir eitthvert ákveðið hámark, yrðu þau öll tekin. Það hefði líka mátt setja sérstakan skatt til þess að taka striðsgróða, til þess að það megi nota hann til þess að bæta upp þá gjaldaliði, sem ella yrðu undir áætlun. En engu af þessu vill hv. fjvn. snerta við.

Hv. frsm. fjvn. sagði, að það hefði verið nokkuð langt gengið að gefa ríkisstj., sem væri hrein flokksstjórn, svona heimild. Já, ég býst satt að segja við, að það sé nú sjaldgæft, að

einstakir pólitískir fl. séu eins samábyrgir og standi eins vel saman um samskonar svívirðingar í garð alþýðunnar eins og þessir þjóðstjórnarfl., sem hér hafa myndað ríkisstj. Ég sé ekki betur heldur en það megi einmitt telja þessa ríkisstj., sem nú situr að völdum, einhverja hreinustu flokksstjórn þannig séð, sem lengi hefir setið við völd, nefnilega flokksstjórn Kveldúlfsflokksins, togaraeigendanna og bitlingamannanna í landinu. Því að ég sé ekki betur en að hvert einasta stefnumál, sem fl. áður stóðu að, sé algerlega gleymt, en heldur sé það aðeins eitt, sem vakir fyrir ríkisstjórninni, að vernda Kveldúlf og togaraeigendurna. Striðsgróða manna má ekki skerða né hreyfa við bitlingunum, hvað sem það kostar þjóðina.

Ég hefi nú rakið það, sem við þm. Sósialistafl. höfum sérstaklega út á fjárlagafrv. að setja, og þær till., sem hér liggja fyrir. Við munum við 3. umr. gera okkar brtt. við frv., þó að ég hinsvegar, að fenginni reynslu, gangi út frá því, að það muni lítil áhrif hafa á þjóðstjórnina eða afgreiðslu þessa fjárlagafrv. Það er þess vegna vitanlegt, að fjárl., eins og flest önnur mál, sem afgr. eru hér á þingi, eru ekki afgr. nema að nafninu til hér í hæstv. Alþ. sjálfu, heldur á flokksfundum og með baktjaldamakki, og þá einnig af öðrum valdhöfum en þm. Og þm. eru þess vegna í raun og veru næstum því eins og að leggja niður sitt starf sem löggjafar og ekki orðnir nema eins og peð í höndunum á framkvæmdavaldinu í landinu. Og slíkt er vitanlega hjá einu þjóðþingi að stefna beint í áttina til sjálfsmorðs.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Áður en ég sný mér að brtt. við fjárlfrv., sem er á þskj. nr. 135, langar mig til að benda á eina þrjá liði viðvíkjandi brtt. hv. fjvn.

Þegar fjárl., sem nú gilda, voru til umr. nú fyrir áramótin, benti ég á það, að mér væri það ekki sársaukalaust að sjá, að einn vegur, sem alla tíð hefir verið inni á vegal. og fengið upp undir 2 þús. kr. á ári, væri alveg strikaður út. En ég benti þá á, að ég mundi sætta mig við það samt sem áður, að hann væri látinn eiga sig að sinni, en í þeirri ákveðnu von, að hann kæmi aftur inn í fjárl. eins og verið hafði. Fjvn. tekur þó ekki þennan veg upp. Ég hefi nú ekki komið með brtt. um að taka hann upp. En ég vænti þess fastlega, að hv. fjvn. taki hann upp og leggi til, að til hans verði veittar 2—4 þús. kr. Þetta er Vopnafjarðarvegur, en hann tengir einn af stærstu hreppum landsins við vegakerfið. Það er kominn vegur á stuttum köflum, en sundurlaust og ekki nærri um alla sveitina. Og í ár verður ekkert unnið þar. Ég vonast til þess, að fjvn. sjái sér fært að taka upp, þó ekki sé nema 2 þús. kr. fjárveitingu til þessa vegar, og ef henni finnst ekki mögulegt að láta fjárl. hækka um þetta, þá álít ég, að það mætti vel lækka framlagið til Austfjarðavegarins um 2 þús. kr., hafa það 20 þús. í stað 22 þús. kr. Heldur en að sleppa alveg þessum vegi, sem ég nefndi, álít ég þetta heppilegra.

Þegar til þess kemur að greiða atkv. um jarðabótastyrkinn, þá mun ég geta greitt atkv. með 350 þús. kr. tillaginu, sem fjvn. ætlar til styrkja eftir jarðræktarl., en með þeirri ákveðnu forsendu, að það verði ekki bundið við þessa upphæð sem hámark, því að um upphæðina, sem til framkvæmdar þeirra l. þarf, er ekki hægt að vita með neinni nákvæmni fyrr en vitað er, hvað hefir verið unnið. Jarðræktarl. eru nokkurskonar harmonikulög, sem ekki verður fyrirfram vitað, hve mikið framlag krefja úr ríkissjóði; það getur orðið meira eða minna, eftir því hve mikið er framkvæmt. Ég hefi ekki trú á að það verði ekki nema 350 þús. kr., en sætti mig við upphæðina sem áætlaða og treysti því, að hún verði ekki ákveðin sem hámark í bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Þá vil ég benda á, að það hafa núna síðustu dagana komið til mín nokkrir menn, sem eru að hugsa um að flytja sig með sínar fjölskyldur út í sveit og setjast þar að. Allflestir af þessum mönnum eru þannig settir, að þeir hafa ekki tæki til þess, né heldur fjárhagsástæður til að kaupa þann lágmarksbústofn, sem þeir þurfa til þess að geta lifað af í sveit. Það eru nú ætlaðar hér 500 þús. kr. til atvinnuaukningar. Ég vil nú mjög beina því til hv. fjvn., hvort ekki væri möguleiki til þess að geta greitt fyrir þessum mönnum, sem vantar mjög mikið til þess að geta flutt í sveit, en vilja það. Einn þeirra er t. d. með 13 hálfuppkomin börn, svo að þeim ætti að vera mögulegt að bjarga sér í sveit. Og án efa verða nógu margir atvinnulitlir menn samt í kaupstöðunum, þó að það tækist að koma þessum mönnum til hjálpar með að flytja í sveit.

Það hefir nú verið svo hin síðari ár, að hæstv. Alþingi hefir ekki séð sér fært að veita það mikið fé til brúargerða, að hægt hafi verið að brúa hin stærri fallvötn í landinu. Eftir því sem vegamálastjóri upplýsir, er eftir að brúa ár hér á landi, sem kostar mikið fé að brúa. Það mun sennilega láta nærri, að það mundi kosta 3½ millj. kr. að brúa þær ár, sem nú er eftir að brúa í landinu og eru svo dýrar, að hver kostar yfir 30 þús. Síðustu stórárnar, sem brúaðar hafa verið, í Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Skjálfandafljót og viðar, hafa verið brúaðar fyrir lánsfé. Þannig hefir kostnaðinum af því verið dreift á fleiri ár, eða á framtíðina. Þetta er að vísu miður heppilegt og óskandi, að frá þessu væri breytt. Í tilefni af því höfum við nokkrir þm. í Ed. lagt fram frv. um eins eyris gjald af hverjum lítra af benzíni, sem lagt væri í sérstakan sjóð til þess að brúa þær ár, sem óbrúaðar eru og hver kostar yfir 30 þús. Þetta frv. var fellt í dag í Ed. með jöfnum atkv. Þeir hv. þm., sem stóðu að því að fella frv., voru svo fullir af velvilja til brúagerða, að það flóði út úr. Þeir töldu sig allir með því, að ríkið veitti fé til brúagerða í ríkum mæli, því að það væri geysiþarft verk. Hinsvegar voru þeir allir á móti því alveg ákveðið að leggja þennan skatt á benzínið til þess. Það vildu þeir ekki. Nú vil ég veita þessum hv. þm. tækifæri til þess að láta eitthvað af þeirra yfirfljótanlega velvilja í garð brúagerða í landinu flóa út við atkvgr. þessa fjárlagafrv. og yfir þessa brtt., sem við tveir þm., hv. 2.

þm. S.-M. og ég, höfum borið fram um brúargerðir á þskj. 135. Engum blandast hugur um það, að það liggur á þessari brú. Þessi á, Jökulsá á Fjöllum, skilur Norðurland frá Austurlandi. Til þess að komast þarna leiðar sinnar þarf nú að fara 82 km. krók fram yfir það, sem verður, þegar brúin er komin.

Síðasta sumar var bifreiðaeftirliti ríkisins falið að rannsaka, hvað kostaði benzín, gúmmí, varahlutir o. þ. h. til þess að aka 5 manna bíl 1 km. Það komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi kosta 25 aura. En í vetur hefir þessi rannsókn verið endurtekin, og niðurstaðan varð þá, að það kostaði 33 aura. Þessa vegalengd, sem fara þarf nú sem krók til þess að komast á milli Norður- og Austurlands, keyrðu 500 bílar, ekki 5 manna, heldur stærri, sem eyddu meiru í benzíni, gúmmí og varahlutum á hvern km heldur en bílarnir, sem bifreiðaeftirlitið hafði haft til hliðsjónar við sínar athuganir. Ef við samt sem áður tökum tölurnar eins og þær liggja fyrir og gerum enga áætlun um, hvað stórir bílar eyða meira benzíni heldur en litlu bílarnir, þá hefir á síðasta sumri, með því verði, sem nú er á þessum hlutum, eyðzt sem svarar fullum 13 þús. kr. í erlendum gjaldeyri við akstur þessara bíla bara þennan krók, sem ég gat um.

Nú eru tvö brúarstæði á þessari á, annað undan Grímsstöðum á Fjöllum, þar sem mun kosta um ¼ til ⅓ úr millj. að brúa ána, en hitt undan Möðrudal. Þar er hægt að brúa hana í tvennu lagi. Hún rennur þar á milli klappa; þar er hugsað að hafa járnbrú, sem mundi kosta 50 til 60 þús. kr. með núverandi verðlagi. Hinsvegar væru þá óbrúaðar kvíslar, sem, þegar áin væri mikil, geta verið ófærar, og þyrfti að sjálfsögðu að brúa þær seinna. Till., sem hér liggur fyrir á þskj. 135, gerir ráð fyrir, að nú verði greiddar 90 þús. kr. til þess að brúa þessa á, og talan sett með tilliti til þess, að þó að það þurfi að grípa til þess að skera af upphæðinni 35% eftir till. fjvn., þá verði nóg eftir til þess að brúa aðalána. Við flm. brtt. gerum ekki ráð fyrir því, þó að hún verði samþ., að þá verði eytt meiru af því tillagi heldur en þarf til þess að áin verði brúuð á þessum eina stað, enda þótt afgangur kynni að verða af þessari 90 þús. kr. fjárveitingu, — ef ekki þarf að skera af fjárl. yfirleitt. 35% af þessum 90000 ættu þá alltaf að sparast.

Nú vænti ég, að hv. þm. sjái, að þó að þarna verði að eyða 50—60 þús. kr. til að brúa þessa á, sem ekki þarf til erlendan gjaldeyri nema til að kaupa 14 tonn af járni, þá muni sá kostnaður í erlendum gjaldeyri fljótt vinnast upp með sparnaði á benzíni, gúmmíi og varahlutum ásamt sliti á bílunum, sem þarna keyra, með því að þurfa ekki að fara þennan 82 km krók, heldur geta farið yfir ána á þessari brú. Þar að auki sparast 1 dagleið öllum, sem á milli landshlutanna fara. Ég á bágt með að skilja, að þeir menn séu til hér á hæstv. Alþ., sem ekki vilja fallast á þessa sanngjörnu og hagfelldu till., heldur vilja þeir spara eyrinn og fleygja krónunni með því að byggja ekki þessa brú sem fyrst. Ég vona því, að þessi brtt. fái góðan byr hér í hæstv. Alþ. og verði samþ., — jafnvel af þeim hv. þm., sem ekki vildu vera með því að leggja 1 eyris skatt á hvern lítra af benzíni til þess að safna fé til brúargerða á stórám landsins. Ég vænti, að sá margyfirlýsti velvilji hv. þm. Ed. í því efni, að brúa stórárnar, sjáist nú við þessa atkvgr.

***Sigurður E. Hlíðar:** Það má segja, að óvanalegt sé, að maður úr fjvn. leyfi sér að koma með brtt. við fjárl. Ég hefi gert mig sekan í þessu, þar sem ég hefi ásamt öðrum góðum mönnum komið með brtt. á þskj. 127. Að ég hefi ekki farið með brtt. í fjvn. og fengið hana borna þar upp, liggur í því fyrst og fremst, að málið er sérstaks eðlis, og í öðru lagi að flm. till. að mér undanskildum hafa sérstöðu í þinginu, þar sem þeir eru formenn þeirra flokka, sem standa að þjóðstjórninni.

Það þarf ekki að rekja tildrög þessa máls, því að það er hv. þm. kunnugt, hvernig það er til orðið, að fjársöfnun hófst hér til þess að rétta hjálparhönd skipbrotsmönnunum af vélbátnum Kristjáni, til þess að gefa þeim tækifæri til að halda áfram sínu framleiðslustarfi. Það, sem vakti sérstaklega „stemningu“ hjá mér og mörgum öðrum mönnum, var einmitt það, að þegar þessi skipshöfn náði landi eftir þá einstökustu hrakninga, þá var þeim það efst í hug, þegar þeir koma í land, að komast út á sjóinn aftur sem fyrst til þess að taka þátt í framleiðslustörfunum á ný, eða m. ö. o. að fá skiprúm í öðrum bát. Ég þekki þessa menn ekki persónulega, en ég hygg, að þeir séu vel að því komnir, að þeim sé rétt hjálparhönd, enda hefir sú fjársöfnun, sem hafin hefir verið í þessu skyni utan þings, fengið ágætar undirtektir og sömuleiðis hér í þinginu, þar sem formenn þingflokkanna hafa nú gerzt flm. að þessari till. Vil ég því fastlega vænta þess, að hún verði samþ. Ég vildi, að það kæmi sérstaklega fram á þessari virðulegu samkomu þjóðarinnar, að hún kynni að meta það afrek, sem þessi skipshöfn hefir unnið, og vilji verðlauna hana. Hér er ekki verið að skapa neitt fordæmi, því að þetta er alveg einstakt tilfelli. Þessi skipshöfn var talin af af öllum. Það var sagt, að þeir væru horfnir í hafið mikla og mundu ekki sjást framar. Þess vegna vakti það hrifningu og fögnuð hjá hverjum manni, þegar þeir komu fram heilir á húfi.

Ég vil því leyfa mér að mæla með þessari till. og vona, að hv. þm. líti sömu augum á hana og ég og samþ. hana.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Með því að mjög fáar brtt. hafa komið fram frá einstökum hv. þm. og ekki er þörf að gera þær að umtalsefni, get ég verið mjög stuttorður, þar sem einnig hæstv. fjmrh. var mjög hógvær í aths. sínum við gerðir fjvn. En ég tel þó rétt að víkja nokkrum orðum að þeim atriðum, sem hann gerði að umtalsefni.

Ég vil þá fyrst víkja að því, að hve miklu leyti þm. eru sammála um afgreiðslu fjárl. og að hvaða leyti skoðanir þeirra eru skiptar.

Allir munu sammála um, að nauðsynlegt sé

og æskilegt, að fjárl. séu gætilega afgr., og í raun og veru vildu allir sjálfsagt óska þess, að hægt væri að lækka verulega ýmsa útgjaldaliði ríkisins. Hitt eru aftur á móti ekki allir sammála um, hvaða liði skuli helzt lækka. Hæstv. fjmrh. hefir sérstaklega bent á ýmsa liði á 13. og 16. gr. Er það að sumu leyti eðlilegt, þar sem þar finnast margir allháir liðir, sem eru ekki lögbundnir, en aftur á móti eru ýmsir hv. þm. þeirrar skoðunar, og ég tel mig í flokki þeirra, að óeðlilegt sé og mjög varhugavert að lækka fjárframlög til verklegra framkvæmda, en taka aftur á móti upp hækkanir til launagreiðslna. Og þrátt fyrir þessa skoðun get ég viðurkennt, að launamenn eru margir hverjir ekki of sælir af því, sem þeir fá, þ. e. a. s. starfsmenn ríkisins. Það verður að viðurkenna, að hagur þeirra fer versnandi eftir því sem dýrtíð vex. En lágmarkskrafa frá minni hendi, og ég veit, að svo er um marga aðra hv. þm., er þó sú a. m. k., að ef ætti að lækka framlög til verklegra framkvæmda, og það mundi ganga út yfir fjölda manna, sem taka laun sín sem daglaunamenn, þá yrðu a. m. k. látin standa í stað laun þeirra manna, sem hafa föst laun eða árslaun. Þetta sjónarmið vildi ég að kæmi fram, því að ég veit, að um þetta verða vitanlega átök, ef til þess kemur að fá algert samkomulag um lausn þessara mála.

Hæstv. fjmrh. gat um, að honum hefði skilizt svo, að fjvn. hefði ætlað sér að koma með frv. til l. um, að hægt væri að hreyfa einhverja útgjaldaliði, sem eru nú lögbundnir. Þegar við hv. form. fjvn. áttum tal við hæstv. forsrh. og fjmrh. um þetta efni, kom þetta til tals, en það kom aldrei til greina, að fjvn. flytti slíkt frv., heldur mundi hæstv. stj. leggja slíkar till. fram. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að fjvn. muni ekki leggja fram frv. til breyt. á útgjaldaliðum, sem eru nú lögbundnir. Hinsvegar mun n. eindregið óska eftir, að hæstv. stj. leggi fram till. um þessi efni, því að svo getur farið, ef tekjur ríkissjóðs bregðast, að lækka yrði þá ólögbundnu liði fjárl. svo mikið, að það yrði óviðunandi fyrir þá, sem þeirra greiðslna ættu að njóta, ef því væri að engu leyti einnig dreift yfir þá liði, sem eru nú lögbundnir. Þetta veit ég, að fjvn. óskar eindregið eftir, að hæstv. stj. athugi og geri till. sínar um.

Ég vil ekki segja neitt um tekjuliði frv. umfram það, sem ég tók fram áðan, en aðeins undirstrika það, sem ég sagði þá og hæstv. fjmrh. viðurkenndi líka, að þrátt fyrir það, að innflutningur kunni að minnka allverulega, þá hlýtur bæði vörutollur og verðtollur að gefa miklar tekjur, einmitt vegna verðhækkunar á vörum og hækkuðum farmgjöldum, og einnig með hliðsjón af því, hvernig hin nýju l. um tollskrá ætlast til, að reiknaður verði verðtollur og vörumagnstollur.

Ég skal ekki margt segja um það, sem hæstv. fjmrh. sagði um fjármálaástandið í landinu. Hann sagði, að viðhorf sitt til afgreiðslu fjárl. hefði breytzt nokkuð eftir að hann hefði kynnt sér ástandið eins og það væri. Ég geri ráð fyrir, og enda veit, að ástandið er að mörgu leyti erfitt. En ég hygg þó, að ekki sé óeðlilegt, þegar illa árar eins og nú og erfitt er um öflun tekna til allra þeirra þarfa, sem fullnægja verður í ríkisbúskapnum, þó að afborganir af skuldum geti ekki farið fram að öllu leyti eins og verða mundi í góðæri. Hitt er annað mál, að vel má vera, að erfitt verði að fá viðbótarlán til þess að mæta þeim samningsbundnu afborgunum.

Hæstv. ráðh. minntist á einstaka liði, sem ég sé ekki ástæðu til að gera að umtalsefni, þar sem ekki er í raun og veru um ágreining að ræða. Þó vil ég nefna einn lið, en það er till. n. um lækkun á útgjöldum bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hann gat þess, að póst- og símamálastjóri hefði látið orð falla um það, að á sama stæði, hvaða tölur stæðu í þessum lið í fjárl., því að þetta yrði borgað samt sem áður. Mér þykir óviðkunnanlegt, að opinber starfsmaður skuli láta svona orð falla, og kann ekki heldur við, að slíkt sé samþ., hvorki af fjvn., Alþ. né heldur hæstv. fjmrh., því að vitanlega þurfa forstjórar ríkisstofnana að beygja sig fyrir því, sem Alþ. ákveður, hvort sem þeim líkar betur eða verr, ef ekki er um bersýnilegar villur að ræða, sem er ekki hægt að framkvæma. Ég hefi hér í höndum sundurliðun á rekstrarkostnaði bæjarsímans í Reykjavík og Hafnarfirði fyrir 1939. Þar eru 3 liðir, sem heita „efnivörur allskonar og kostnaður við þær". Þeir liðir eru sem hér segir:

a.	Keypt hérlendis	24276.27 kr.
b.	Keypt erlendis, kostn. og tollar	176083.61 —
c.	Gengistap á efnisskuldum	25024.08 —
	Samtals	222383.96 kr.

Um stærsta liðinn, 176 þús., vísast til undirliða, og er þar hinn svokallaði jarðsími. Ég kannast við það frá viðtölum við póst- og símamálastjóra, að hann ætlar sér að leggja símann í jörðina, og er það í sjálfu sér nauðsynlegt, en fjvn. hefir litið svo á, að vegna þeirra miklu innflutningsörðugleika, sem við höfum nú við að stríða, þá verði þetta að bíða. Ég kannast við, að það geta verið einhverjir spottar, sem nauðsynlegt er að leggja í jörðina, en þó mun síminn víðast hvar vera í því lagi, þar sem hann er á staurum, að ekki sé aðkallandi að leggja hann í jörðina, og það er slíkt, sem fjvn. álítur, að verði að bíða eins og nú standa sakir, og hygg ég, að hægt sé að komast af með þá fjárveitingu, sem n. leggur til.

Um till. um útvarpið er það að segja, að n. átti tal við útvarpsstjóra og 2 menn úr útvarpsráði, og eru till. gerðar í samráði við þá.

Um dýrtíðaruppbótina vil ég segja það, að ég tel — og ég hygg, að meiri hl. fjvn. líti svo á, ég skal ekki segja hve margir — að ekki komi til mála að greiða dýrtíðaruppbót á öll laun, hversu há sem þau eru. Að þessu leyti hlýtur frv. um dýrtíðaruppbót að taka breyt. til lækkunar í meðferð þingsins. Það er mjög hæpið að byggja allt á gengislögunum. Ég tel allt öðru máli gegna um verkamenn. Þeir hafa óvissar tekjur og misbrestasama atvinnu. Þeir, sem hafa fast starf hjá einstökum atvinnufyrirtækjum, hafa einnig lakari aðstöðu en þeir, sem

vinna hjá ríkinu, því að ef fyrirtækið gengur saman, þá kemur oft fyrir, að mönnunum er sagt upp, en starfsmenn hjá ríkinu aftur á móti halda stöðum sínum og launum í lengstu lög. Og þegar neyðarástand getur orðið, þá hlýtur svona hugsun að vakna hjá mönnum, sem eiga að ráða fram úr þessu, að haga því sem mest í samræmi við ástæður einstakra manna, en ekki að fylgja reglu, sem gripur eins til allra. Ég vil einnig bæta því við sem minni skoðun, að ég tel, að einhleypir menn, sem hafa föst laun, hafi allt aðra aðstöðu en fjölskyldumenn, og beri einnig að athuga, hvort eigi að hafa sömu reglur um dýrtíðaruppbót til þeirra og hinna, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Það er því á engan hátt hægt að ákveða neina fasta upphæð, t. d. að taka 5 millj. kr., sem mun láta nærri, að ríkið greiði starfsmönnum sínum, og reikna svo 7% af því eða 10%, og að þannig komi lausnin á því dæmi, að ekki þurfi minna en 500000 kr. Þetta þarf miklu nánari athugunar við. Ég hygg, að hægt muni verða að greiða nokkra dýrtíðaruppbót og viðhafa sanngirni, án þess að notuð verði hærri upphæð en fjvn. leggur til, og mér þykir frekar ótrúlegt, að þingið gangi svo frá málinu, að tekin verði hærri upphæð. Þá yrði manni að spyrja: Hvað verður þá um atvinnurekendurna, ef laun fastra starfsmanna eiga að hækka, en afurðir framleiðendanna að standa í stað?

Ég vil svo að lokum benda á, að það er til ein tekjuöflunarleið, sem hefir áður verið bent á hér á Alþ. Hér liggur fyrir frv. um vaxtaskatt. Ef það yrði að l., þá mundu þar áreiðanlega koma drjúgar tekjur, og það er dálítið einkennilegt, að þegar verið er að knepa á allan hátt framlög til verklegra nytjaframkvæmda og laun fjölskyldumanna, bæði þeirra, sem taka föst laun, eins og verkamanna, þá skuli vera hikað við að nota alla þá tekjustofna, sem hugsanlegt er að nota og réttlátir eru.

Ég vil vænta þess, að um afgreiðslu fjárl. mætti verða gott samkomulag, ekki aðeins milli fjvn. og stj., heldur einnig í þinginu yfirleitt. Þeim tveimur hv. þm., sem hér hafa talað fyrir brtt. sínum, þarf ég ekki að svara, því að ég hefi ekki umboð til þess frá fjvn. að mæla með eða móti brtt. þeim, sem þar liggja fyrir. Um stærstu till., hækkun á fjárveitingu til brúargerða, vil ég þó segja, að ég hygg, að fjvn. muni ekki treysta sér til að mæla með henni, hversu gott sem málið er. Það skortir ekki, að menn stingi upp á góðum málum, það er síður en svo, en þetta er svo mikil upphæð, að ég get ekki búizt við, að fjvn. sjái sér fært að mæla með henni. Öðru máli gegnir um Vopnafjarðarveg og styrk til þeirra manna, sem nýlega hafa tapað skipi sínu.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Mér þykir rétt, áður en umr. lýkur og atkvgr. byrjar, að gera nokkra grein fyrir, og þó með örfáum orðum, að ég hefi mælt með, að fjárlagafrv. yrði afgr. eins og það hefir komið frá n.

Við nm. höfum að sjálfsögðu óbundin atkv. um einstaka liði, sem n. leggur til, að verði samþ., en ég get sagt það fyrir mig, að ég hefi litið svo á, að það væri ekki svo mikið, sem ég væri mótfallinn samþykktum n., að ég sæi ástæðu til að gera sérstakan fyrirvara fyrir minni undirskrift, en mun að sjálfsögðu neyta réttar míns til að greiða ekki atkv. með þeim till. n., sem ég álít, að muni vera hættulegar eða óréttar.

Þegar þetta frv. kom til aðgerða n., leit ég satt að segja svo á, að þótt gerð væri virðingarverð tilraun til þess að viðurkenna þá alvörutíma, sem við lifum á, þá mundi þannig í pottinn búið fjárhagslega, að þurfa mundi ennþá meiri niðurskurð á fjárl. Hitt er annað mál, hvort sá niðurskurður, sem gerður var á frv. frá því, sem var í fjárl., hefir komið niður í öllum atriðum á réttum stað. Ég vil þó fúslega viðurkenna það, að með því breytta verðlagi, sem orðið er í landinu, hefði það ekki verið neitt óeðlilegt, þó að fjárlögin hefðu hækkað talsvert mikið. En þar kemur aftur það til greina, að ástandið hefir mikið breytzt. Og það, sem olli því, að ég gat sætt mig við, að frv. væri afgr. með þeim heildarniðurstöðutölum, sem í því eru, byggist eingöngu á því, að menn frá fjvn. fóru á fund ríkisstjórnarinnar og áttu tal við 2 ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Varð að samkomulagi á þessum fundi, að ef n. aðhylltist það, þá skyldi á móti þeim hækkunum, sem n. gerði, koma heimild til nokkuð frekari niðurskurðar en heimilaður var í fjárlögum, sem nú gilda. Ég álít það vera mjög forsvaranlegt að afgr. þetta frv. með þessum niðurstöðutölum nú vegna þessarar væntanlegu heimildar. Ef þessi heimild væri ekki veitt, verð ég að segja, að frv. væri að mínu áliti mjög ógætilegt.

Ég ætla ekki að fara út í neina einstaka liði frv. Ég gæti talið upp ýmsa liði gjaldamegin, sem ég er sannfærður um, að myndi vel mega lækka mjög eða fella alveg burt, ef Alþ. vildi viðurkenna, að við þyrftum að afgr. veruleg kreppufjárlög. Nú skilst mér hinsvegar, að meiri hl. fjvn. hafi ekki viljað viðurkenna, að slíkt ástand væri skapað í landinu, að við ættum að afgr. kreppufjárlög, og ég vænti, að Alþ. verði þarna á sama máli. Þetta er að sönnu annað sjónarmið en ég hefi, því ég er þeirrar skoðunar, að ástandið sé þannig, að við hefðum gert skynsamlegast í að samþ. fjárlög þannig, að þau væru fullkomin kreppufjárlög.

Viðvíkjandi brtt. n. við tekjuliðina vil ég taka það fram, að ég gat að sönnu ekki orðið sammála um, að það væri varlegt að taka þær hækkanir allar upp, sem þar er gert. Ég held, að það sé óskynsamlegt, ekki sízt þegar það liggur fyrir, að ef til vill verður að skera niður eitthvað af útgjöldunum, að vera að blekkja sjálfan sig með því að áætla tekjuliðina of hátt. Ég vil í þessu sambandi taka eitt dæmi. Hv. frsm., sem að sjálfsögðu vandaði mjög til sinnar framsögu, gat um hækkun á áætluðum tekjum útvarpsins. En þess er vert að geta í sambandi við þessa áætlun, að hún er frá hálfu okkar nm. byggð á því, að útvarpsnotendur verði jafnmargir og þeir nú eru, en slíkt er ekki varlega áætlað. Útvarpsstjóri hafði sjálfur gert sínar till. nokkru lægri til ríkisstjórnarinnar. Og

þegar ekki er tryggt, að hægt sé að sjá fyrir nýjum útvarpstækjum, er ekki varlegt að gera ráð fyrir, að útvarpsnotendur verði jafnmargir og þeir eru nú.

Það verður auðvitað að skeika að sköpuðu, hvort þessar áætlanir okkar standast, en ég hlýt að nota þetta tækifæri til að láta í ljós og endurtaka þá skoðun mína, að það hefði verið skynsamlegra fyrir Alþ. nú að viðurkenna það, að svo langt er komið í okkar fjárhagsvandræðum, að við getum vel forsvarað það gagnvart þeim mönnum, sem eiga von á ýmiskonar fjárhagslegu liðsinni frá ríkinu, að lofa engum slíkri liðveizlu að þessu sinni. Ég hefði kosið miklu frekar, að önnur leið hefði verið farin en sú, að heimila stjórninni þennan niðurskurð. Ég hefði heldur kosið, að farið hefði verið eftir till. hæstv. fjmrh., að hafa fjárlögin lægri, en heimila stj. að greiða vissan hundraðshluta fram yfir á ýmsum tilgreindum liðum fjárlaganna, ef tekjur ríkissjóðs leyfðu það. Þessi aðferð hefði verið betri að mínu áliti, vegna þess að það er fjöldi manna í landinu, sem hlýtur að gera ýmsar ráðstafanir með hliðsjón af þeim fjárhæðum, sem á fjárlögum standa. Þetta getur því leitt til ýmiskonar erfiðleika fyrir menn. Hitt hefði verið þægilegra, að á fjárlögum hefði staðið lægri fjárhæð, en þar með fylgt heimild til hækkunar, ef tekjur ríkissjóðs leyfðu það.

Mér ber ekki að hafa þessi orð fleiri, þar eð ég hefi samþ., að fjárlfrv. væri lagt hér fyrir eins og það er nú úr garði gert. En þessi orð eru fyrst og fremst sögð til þess að gera grein fyrir því, að ég tel mér frjálst að greiða annaðhvort ekki atkv. eða greiða atkv. á móti einstökum liðum í till. n., sem ég tel, að séu ógætilega innsettir.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Það er í sjálfu sér lítið tilefni til þess fyrir mig að taka til máls aftur.

Ég get í raun og veru þakkað hv. frsm. n. fyrir það, sem hann hefir fyrir n. hönd sagt hér, því að n. hefir í aðalatriðum a. m. k. viðurkennt mitt sjónarmið í sambandi við undirbúning frv. fyrir þingið. Og þó sú hafi orðið niðurstaða n. að afgr. frv. með nokkru öðru móti en ég hafði hugsað mér, þá skilst mér, að n. hafi í raun og veru orðið mér sammála um, að ekki hefði verið ástæðulaust, að viðhöfð var sú varúð, sem ég taldi nauðsynlegt, að viðhöfð væri, þegar frv. var samið.

Það hefir orðið lítilsháttar misskilningur milli okkar í sambandi við heimild til lækkunar á útgjöldum, sem ekki eru í fjárlögum. Það var ekki mín meining, að ég hefði búizt við, að fjvn. kæmi með frv. um þá heimild. Það liggur í hlutarins eðli, þegar af þeirri ástæðu, að n. hefir sem slík ekki aðstöðu til að bera slíkt frv. fram, vegna þess að frv. þarf að berast fram í d. Ég saknaði þess aðeins bæði í nál. og ræðu frsm., að á þetta væri minnzt. En nú er fengin viðurkenning fyrir því, að n. hafi verið þetta kunnugt, og meira að segja, að mér skilst, að n. hafi beinlínis gert ráð fyrir, að slíkt frv. kæmi fram, og jafnvel að hún væri þess hvetjandi, að slík ráðstöfun yrði gerð. Annars geta umr. um það atriði að sjálfsögðu beðið þangað til það frv. kemur fram.

Yfirleitt finnst mér, þegar allt er athugað, að okkur beri ekki svo mikið á milli um afgreiðslu málsins.

Hv. frsm. sagði, að menn væru sammála um, að lækka þyrfti útgjöldin, en um það mætti deila, hvað af þeim ætti að lækka. Í því sambandi gat hann þess, að a. m. k. þyrfti að sjá um, að laun starfsmanna ríkisins héldust sem mest í því horfi, sem nú væri, en þau væru ekki hækkuð á sama tíma og lækka þyrfti framlög til nauðsynlegra framkvæmda. Mínar skoðanir á þessu fara í sjálfu sér mjög nálægt hans skoðunum á þessu atriði, en eins og ég tók fram í framsöguræðu minni við 1. umr. fjárlaganna, þá treysti ég mér ekki að svo stöddu að byggja afgreiðslu fjárlaganna á slíkum sparnaði, og mér skilst, að n. sé mér sammála að þessu leyti, því hún hefir ekki komið með neinar till. í þessa átt, a. m. k. ekki almennt.

Hvað snertir till. um dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna, þá vil ég minna á það, að frv. það, sem nú er fram komið, var samið beint eftir samþykktum síðasta þings, sem gerð var svo að segja einróma. Hvernig afstaða þessa þings verður til þessa máls, er ekki vitað, en þangað til afstaða verður til þess tekin, verður að gera ráð fyrir, að dýrtíðaruppbótin verði sú sama, sem gert var ráð fyrir í l. frá síðasta þingi. Annars er ég ákaflega hræddur um, jafnvel þó dýrtíðaruppbótin yrði lækkuð, að ekki verði hægt að komast af með þá fjárhæð í þessu skyni, sem n. hefir lagt til.

Áætlun einstakra liða er ekki ástæða til að fara nánar út í en þegar er orðið. Það hefir orðið talsverður meiningarmunur um áætlun á tekjum af landssímanum og útvarpi. Ég skal leiða þær umr. hjá mér að öðru leyti en því, að ég get sagt, að ég tel ákaflega hæpið, að áætlun n. að þessu leyti geti staðizt. Hvað snertir tekjurnar af útvarpinu get ég vísað til þess, er hv. 6. þm. Reykv. sagði. Áætlun n. mun vera byggð á því, að hver einasti útvarpsnotandi greiði sitt afnotagjald, en það tel ég óvarlegt að áætla.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um þá tekjustofna, sem ónotaðir væru, þá er ekki til neins að vera að ræða slíkt. Meðan vaxtaskatturinn er ekki kominn á, er ekki hægt að gera ráð fyrir þeim tekjum, sem af honum leiðir, enda ekki um svo verulega upphæð að ræða, a. m. k. ef miðað er við frv. eins og það var, þegar það fór úr Nd. á síðasta þingi. Það gæti því ekki skipt verulegu máli í þessu sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 15. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 92, n. 93, 127, 135).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 92,1—3 samþ. með 33:2 atkv.
— 92,4—6 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 92,7 samþ. með 32:4 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 31:2 atkv.

Brtt. 92,8 samþ. með 29:5 atkv.
— 92,9—10 samþ. með 27:7 atkv.
— 92,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 92,12—13 samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 33:1 atkv.
8. gr. samþ. með 29:2 atkv.
9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 92,14 samþ. með 25 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 92,15 felld með 24:14 atkv.
11. gr. samþ. með 30:2 atkv.
12. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 92,16—17 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 92,18,a.1—52 samþ. með 43:1 atkv.
— 92,18,b.1—4 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 135,a—b felld með 23:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, IngP, ÍslH, JJós, JÍv, JJ, JörB, PHerm, PZ, SÁÓ, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BrB, EÁrna, EOl, ErlÞ, EystJ, HG.
nei: GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, JakM, JPálm, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, StSt, TT, ÞBr, ÞÞ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EE, EmJ.
PHann greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (FJ, GG) fjarstaddir.
Fjórir þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa lund:

Jón Pálmason: Þar sem ég tel, að brúargerðir séu einar af þeim framkvæmdum, sem sjálfsagt sé að spara fé til á meðan á stríðinu stendur, segi ég nei.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Með því að sérstaklega er tekin upp stefna fjvn. í fyrra, að neita slíkum tryggingum, og ég aðhyllist hana og hefi ekki snúið við, þótt fyrrv. form. n. hafi gert það, þá segi ég með mikilli festu nei.

Páll Zóphóníasson: Með því að brotin var stefna fjvn. í fyrra strax á því þingi, og með því að hún hefir líka verið margbrotin á þessu þingi, og það af nefndinni sjálfri, og með því að ég mun við meðferð frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. koma með till. um auknar tekjur til þess að standast kostnað af þessari brú, segi ég já.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Í trausti þess, að samþ. verði lækkun á benzínskattinum og fé þetta síðan lagt í sjóð, unz hægt verður að flytja inn efni í brýrnar, og framlag þetta komi þannig raunverulega í stað frv. um brúasjóð, sem fellt var í Ed., segi ég já.

Brtt. 92,19 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 92,20.a—b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 92,21—22 samþ. með 29:1 atkv.
— 92,23 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 92,24—27 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 92,28 samþ. með 32 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 92,29 samþ. með 29:12 atkv.
— 92,30—31 samþ. með 26:6 atkv.
— 92,32 samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 92,33.a—b samþ. með 29:2 atkv.
— 92,34,a—b samþ. með 26:1 atkv.
— 92,35 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 92,36 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 92,37 samþ. með 29:2 atkv.
— 92,38 samþ. með 32 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 92,39 samþ. með 30:1 atkv.
— 92,40.a—b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 92,41 samþ. með 33:1 atkv.
— 92,42 samþ. með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SÁÓ, SkG, StgrSt, SvbH, ÞÞ.
nei: ÁJ, BJ, BSn, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, JJós, MG, PHalld, SK, StSt, TT, VJ.
ÞBr, HG greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 92,43 samþ. með 27:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 92,44 samþ. með 25:2 atkv.
— 92,45 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 92,46 samþ. með 26:8 atkv.
— 92,47—51 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 92,52.a tekin aftur til 3. umr.
— 92,52.b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 127 samþ. með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PHann, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, SvbH, TT, ÁJ, BJ, BÁ, BSn, BrB, EOl, EE, EmJ, ErlÞ, ÍslH, JJós, HG.
nei: MG, PZ, PO, SkG, StgrSt, VJ, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BjB, EÁrna, EystJ, GÞ, HelgJ, HV, IngP, JÍv, JPálm.
StSt, GSv, HermJ, JakM greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (FJ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 92,53—54 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 92,55 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 92,56.a—b samþ. með 29:1 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 92,57—62 samþ. með 32 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv.
Brtt. 92,63 samþ. með 27:8 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 92,64 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 92,65 samþ. með 37 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 92,66 samþ. með 37:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BjB, BSn, EÁrna, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JÍv, JPálm, JJ.
nei: BJ, BÁ, BrB, EOl, ErlÞ, HV, ÍslH, JJós, EE, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. (FJ, GG) fjarstaddir.
22. gr., svo breytt, samþ. með 34:3 atkv.
23.—24. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 160, 272, 308, 327, 333).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 308, 327 og 333. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Fjórar fyrstu brtt. fjvn. eru við 12. gr. Þarf sú fyrsta engra skýringa við.

2. brtt., um læknisvitjanastyrk handa Kjósarhreppi, styrkurinn er felldur niður, sökum þess að ætlunin er að mynda á þessu svæði sérstakt læknishérað: „Álafosshérað".

3.—4. brtt. þurfa engra skýringa við.

Hækkanir á 12. gr. umfram lækkanir nema 1100 kr.

5. brtt. er við 13. gr. Hún þarf engra skýringa við.

6. brtt. er um það, að laun skrifstofustjóra vegamálastjóra séu ekki höfð innifalin í skrifstofufénu, heldur sé honum greitt beint af ríkisféhirði. Hér er því aðeins um tilfærslu að ræða.

Þá er 7. brtt., um tillag til umbóta á Öxarfjarðarheiði. Heiði þessi eða fjallgarður skiptir héruðum Norður-Þingeyjarsýslu í tvennt. Norðaustan hennar eru Þistilfjörður og Langanes. Framlag þetta miðar fjvn. við það, að byrjað verði að ryðja sumarveg yfir heiðina. Á löngum köflum eru melar, sem nú eru sæmilega færir. Með þessum vegi bindast sveitirnar beggja megin heiðarinnar saman, sem nú eru mjög óþægilega aðskildar vegna heiðarinnar. M. a. má benda á, að í Þistilfirði eru nokkrar bergvatnsár, sem að líkindum gætu orðið allálitlegar veiðiár, ef þær væru ræktaðar og yfirleitt um þær hugsað, eins og nú gerist með slík veiðivötn. En eins og kunnugt er, lifnar jafnan yfir slíkri starfsemi við bættar samgöngur.

8. brtt. er um framlag til Vopnafjarðarvegar. Til hans hefir verið veitt fé í mörg ár. Samtímis því, að lagt er til, að þessar 4 þús. kr. verði veittar í Vopnafjarðarveginn, er gerð till. um að lækka Austurlandsveginn um 2 þús. kr.

9.—11. brtt. þurfa engra skýringa við.

Þá er 12. brtt. *Áætlaður hluti ríkissjóðs af* kostnaði við dýpkun hafnarinar á Raufarhöfn er 90 þús. kr. Þessi upphæð, kr. 10 þús., er því aðeins byrjunarfjárveiting.

Þá er 13. brtt., um að 6 þús. kr. verði veittar til bryggjugerðar í Stykkishólmi. Bryggjan þar er ekki nægilega sterk og þarf verulegrar viðgerðar við. Framlagið er miðað við hin nýju hafnarlög fyrir Stykkishólm.

14. brtt., a-liður, er um fjárveitingu til lendingarbóta á Stokkseyri. Það þarf mikið fé til þess að gera innsiglinguna þar sæmilega. Þessi fjárveiting dugir því ekki, en hún er sérstaklega ætluð til þess að sprengja svokallaðan Dyrós; má þá í góðu sigla út og inn ósinn, enda þótt nokkuð sé lágsjávað. Það er skilyrði, að Stokkseyrarhreppur leggi fram fé að jöfnu á móti framlagi ríkissjóðs. — B-liður þessarar brtt. er um 1500 kr. fjárveitingu til endurbóta á gamalli bryggju vestur á Skarðströnd í Dalasýslu. — C-liður sömu till. er til bryggjugerðar á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þarna er nú skólasetur og aðalsamkomustaður við Djúpið. Þetta er því *samgöngumál*. Ríkissjóður hefir áður styrkt byggingar þeirrar bryggju, sem fyrir er, en hún er ennþá ófullnægjandi og að ýmsu leyti hættulega ónóg, ekki síst með tilliti til þess, að fólk á öllum aldri, börn og gamalmenni, ferðast þarna um sjóleiðis. Hugmyndin er að byggja einskonar haus við enda bryggjunnar; að því loknu verður aðstaða þarna allgóð, og slysahætta þá lítil á þessari fjölförnu bryggju.

15.—16. brtt. eru einnig við 13. gr. Þær þurfa engra skýringa við. Brtt. fjvn. við þessa gr. valda 41300 kr. hækkun.

17. till., að liðurinn orðist svo: Til stúdentaráðs háskólans, til þess að starfrækja leiðbeiningarskrifstofu undir stjórn Lúðvigs Guðmundssonar, 3500 kr. — Um nokkur undanfarin ár hefir Alþ. veitt stúdentaráði háskólans nokkurn árlegan styrk til rekstrar leiðbeiningarskrifstofu, en vegna þröngs fjárhags hefir skrifstofan orðið að takmarka nokkuð starfsemi sína. Á síðastl. vori réð stúdentaráðið Lúðvig Guðmundsson skólastjóra til að veita skrifstofunni forstöðu, en hann hefir áður stýrt henni um 6 ára skeið. Tilgangur skrifstofunnar er: 1) að fá heillegt yfirlit um námsgreinar þær, sem ísl. karlar og konur leggja stund á erlendis, 2) að afla ábyggilegra upplýsinga um kjör og kostnað við nám erlendis í ýmsum námsgreinum, 3) að fá glögga vitneskju um gjaldeyrisþörf ísl. námsfólks erlendis, og 4) að fá vitneskju um dvalarstað sérhvers Íslendings, sem dvelur við nám erlendis. Þar sem ýmsir nemendur eru styrktir til náms erlendis af opinberu fé, en til þess þarf að sjá þeim fyrir erlendum gjaldeyri, virðist ekki ónauðsynlegt, að til sé upplýsingastöð, er hafi yfirlit yfir þessi mál. Er þetta mikið verk, er leysa þarf af hendi, og taldi n. því nauðsynlegt að veita þessa upphæð.

18. till. — N. leggur til, að veittar verði 3000 kr. til kennslu í sauðfjárrækt og sauðfjárhirðingu á fjárræktarbúinu að Hriflu. Nú er hvergi til í landinu fjárbú, þar sem ungir menn geta fengið tilsögn í sauðfjárrækt og sauðfjárhirðingu sérstaklega, því að báðir bændaskólarnir eiga nú við fjárpestir að stríða. Gæti komið að góðu gagni að hafa þarna leiðbeiningastöð í þessu skyni, og leggur n. til, að veittar verði 3000 kr. til þess að styrkja þetta kennslubú.

19. till. er um hækkun styrks til Kvennaskólans í Reykjavík. Skólinn er allvel styrktur, þar sem hann nýtur 29500 kr. styrks í fjárl., auk styrks frá bæjarsjóði Reykjavíkur. Námsmeyjar skólans eru 100, og kemur þá 340 kr. styrkur fyrir hverja stúlku. Nú leggur n. til, að styrkur í fjárl. verði hækkaður um 20 kr. fyrir hverja námsmey, eða úr 40 kr. í 60 kr., þó aldrei yfir 7200 kr., en nú er hámarkið 4000 kr. Skólinn mun rúma 120 nemendur, og getur skólinn þannig fullnotað þessa upphæð, þegar hann er fullskipaður, og hefði þá í tekjur: frá ríkinu 32700 kr. (auk 1000 kr. námsstyrks til sveitastúlkna), skólagjöld 12000 kr. (miðað við 100

kr. gjald á hvern nemanda), alls 44700 kr. Auk þessa hefir skólinn styrk úr bæjarsjóði, er nemur 5000 kr. Til samanburðar má geta þess, að héraðsskóli með sömu nemendatölu myndi ekki fá nema 40500 kr. í tekjur, og gagnfræðaskólar svipaða upphæð, miðað við styrk fyrir hvern nemanda. Er kvennaskólinn í Reykjavík þannig sérstaklega vel styrktur, og get ég þessa hér ekki vegna þess, að hann sé ekki alls góðs maklegur, heldur vegna hins, að heyrzt hafa raddir um það, að kvennaskólinn væri olnbogabarn fjvn., en eins og sjá má af framansögðu, er langt frá því, að svo sé.

20. till. — Til vaxtagreiðslu vegna nýju héraðsskólalaganna 20000 kr. Ég býst við, að ríkið muni þurfa að taka að sér allt að 400000 kr. af skuldum héraðsskólanna, og er upphæðin, 20000 kr., miðuð við það.

21. till. er um hækkun styrks til kvennaskólans á Ísafirði, úr 6000 kr. í 8000 kr. Kvenfélagið Ósk á Ísafirði heldur þennan skóla.

22. till. er um að fella niður nokkra liði, sem stóðu óhreyfðir frá 2. umr. fyrir vangá. Þær upphæðir, sem þar um ræðir, renna í íþróttasjóð, og hann var miðaður við það við 2. umr.

24. till. er um að breyta orðalagi liðsins, vegna þess að með íþróttalögunum eru niðurfelld þau lög, sem þar er vitnað til.

25. till. þarf engra skýringa.

26. till., að framlag til íþróttasjóðs hækki um 2000 kr., stafar af því, að við fjárveitingu til Ungmennafélags Íslands stóð sú aths., að nokkrum hluta af því fé skyldi varið til íþróttastarfsemi, en sá þáttur fellur að sjálfsögðu undir starfssvið íþróttafulltrúa og íþróttanefnda. — Samhliða þessari till. vil ég taka 4. till. á þskj. 327, að framlag til íþróttasjóðs hækki í 40000 kr. Síðustu dagar vekja menn til umhugsunar um íþróttalífið í landinu, og þó sérstaklega að því er við kemur skíðaíþróttinni, sem nú er mjög stunduð um land allt. Ýms íþróttafélög og skólar hafa lagt á sig mikið erfiði og kostnað til þess að koma upp fjallahúsum fyrir félagsmenn og skólanemendur til þess að gera þeim kleift að iðka skíðaíþróttina af kappi, og eru þau félög bæði hér sunnanlands og norðanlands. Þau félög, sem mest hafa á sig lagt í þessu skyni, eru þó Skíðafélag Reykjavíkur og Íþróttafélag Reykjavíkur, og það liggur í því, að bæði þessi félög hafa byggt stökkbraut. Ég skal ekki með fullyrðingu gera upp á milli þessara stökkbrauta, hvað byggingu snertir, — þó get ég með nokkurri vissu sagt, að stökkbraut Í. R. muni vera fullkomnari að öllu leyti — en hins vil ég geta, að Skíðafélag Reykjavíkur hefir fengið allverulegan styrk til byggingar skíðaskálans í Hveradölum og til byggingar stökkbrautarinnar í Flengingarbrekku. Íþróttafélag Reykjavíkur hefir keypt Kolviðarhól, sem er mikil eign og notaleg fyrir íþróttastarfsemi félagsins, og ennfremur byggt þar fullkomna stökkbraut, eins og fyrr er sagt. Íþróttafélag Reykjavíkur hefir engan styrk fengið til þessara framkvæmda, og telur n., að skylt sé að hafa þetta félag sérstaklega í huga, þegar úthlutað verður styrk úr íþróttasjóði 1941, og þá tekið sérstakt tillit til framangreindra framkvæmda og hækkunartill. n. á fjárveitingu til íþróttasjóðs við þessa umr.

27. till. þarf ekki annarar skýringar við en þeirrar, að n. telur sjálfsagt, að stúdentar viðskiptaháskólans njóti sömu réttinda eins og aðrir stúdentar snertandi vist á stúdentagarðinum, en einhver togstreita virðist hafa verið um það, og jafnvel neitun. N. telur slíkt ranglátt sjónarmið.

Þá er lokið brtt. við 14. gr., og nema hækkunartill. n. 27000 kr.

28. till. þarf ekki skýringa við.

29. till., til Íslenzk-ameríska félagsins 1000 kr. Íslenzk-ameríska félagið sótti um 2000 kr. styrk til þess að vinna að auknum menningarskiptum milli Íslands og Ameríku, sérstaklega með námsmannastyrkjum. Dr. Leach, forseti The American Scandinavian Foundation í New York hefir boðizt til að leggja fram 1000 dollara á ári til að styrkja ameríska stúdenta til náms hér á landi, að því tilskildu, að nokkur fjárhæð kæmi héðan, helzt jafnhá, til styrktar íslenzkum námsmönnum í Ameríku. Leggur n. til, að veittar verði 1000 kr. í þessu skyni.

30. till., styrkur til Landssambands blandaðra kóra 2500 kr. Samband ísl. karlakóra hefir notið 6000 kr. árlegs styrks, og vill n. mæla með því, að Landssambandi blandaðra kóra verði veittur 2500 kr. styrkur. Mun fyrrnefnt samband hafa í hyggju að fá sér söngkennara, og væri þessi litla fjárhæð nokkur styrkur til þess að greiða laun slíks kennara. Það má vera, að þetta samband verðskuldi í raun og veru sama styrk og Samband ísl. karlakóra, en ég vil geta þess, að það er miklu yngra.

31. till., a.—b., þarfnast ekki skýringa.

32. till., snertandi úthlutun styrkja til skálda og listamanna. Fjvn. vill enn á ný freista að koma úthlutun styrkja til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna til ákvörðunar menntamálaráðs, og er 32. till. afleiðing af þessu sjónarmiði nefndarinnar.

Er þá lokið brtt. n. við 15. gr., og standast hækkunar- og lækkunartill. n. á.

Kemur þá fyrsta brtt. við 16. gr., en það er 34. till. n., til Garðyrkjufélags Íslands, til leiðbeiningarstarfsemi, 5000 kr. Félag þetta er nýlega stofnað og þyrfti að fá í sinar hendur öll garðyrkjumál, sem nú heyra undir Búnaðarfélag Íslands. Þar sem Búnaðarfélag Íslands hefir fyrir sitt leyti fallizt á þá tilhögun, en garðyrkjufélaginu er nauðsynlegt að hafa starfandi ráðunaut, vill n. mæla með þessum styrk til félagsins og ætlast til, að hann gangi til þess að greiða laun slíks ráðunauts.

35. till. um hækkun á styrk til áveitufélags Ölfusinga, úr 4000 kr. í 10000 kr. Skurðgrafan, sem notuð er við gröft höfuðskurðanna á áveitusvæðinu, er gömul og viðhaldsfrek, og þarf mikið fé til viðhalds henni. Hinsvegar er þessu verki stjórnað af hagsýni og dugnaði og vel undirbúið, og er því áveitufélagið alls góðs maklegt. Það sótti um 15000 kr. styrk, en n. treystist ekki að mæla með hærri upphæð en till. ber með sér. — B-liður sömu till. er til þurrkunarfélags Safamýrar, 2500 kr. Félag þetta starfar að þurrkun og áveitu Safamýrar. Skurðgröfu-

verki er lokið, og er þessi styrkur ætlaður til þess að handgrafa skurði og hlaða flóðgarða.

36. till., til dýralækninga. N. hefir hækkað þennan lið um 500 kr. og ætlast til þess, að af þeim verði Ásgeiri Guðmundssyni í Æðey veittar 300 kr., en Páli Magnússyni á Norðfirði 200 kr.

37. till., til náttúrurannsókna, 30000 kr. Til er svokallað náttúrurannsóknaráð, því er ætlað viðtækt verksvið, og er fjárveitingin veitt þess vegna.

38. till. er smávægileg breyting. Í fjárlfrv. var bætt 1500 kr. til greiðslu á húsaleigu forstjóra veðurstofunnar. Þetta hefir n. fellt niður í það horf, sem áður var.

39. till. — Liðurinn hefir hækkað úr 7700 kr. í 8400 kr., og er ætlazt til, að sú hækkun gangi til þess að gera laxaveg í Blöndu. Liðurinn var hækkaður nokkuð við 2. umr., og var þá gerð grein fyrir því, hvert sú fjárhæð skyldi renna.

46. till., til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins, 5000 kr. Telja kunnugir menn þetta nauðsynlegt vegna sjómanna.

41. till. þarf ekki skýringa við, en það er nokkur styrkur til ræktunarvega í þrem eyjum.

42. till. Til Jóhanns Kristjánssonar byggingarmeistara, 1000 kr. Hann er talinn vera vel á veg kominn að finna upp eldavél, sem útlit er fyrir, að verði mjög sparneytin, og getur það haft mjög mikla þýðingu. Hann hefir áður notið lítilsháttar styrks, og fellst n. á að veita honum 1000 kr.

43. till. þarfnast ekki skýringa. Konan, sem þar er minnzt á, er látin.

44. till., til Ungmennafélags Íslands, 4000 kr. Ég hefi áður gert grein fyrir þeirri till.

45. till., til Íslandsdeildar norræna búfræðifélagsins, 500 kr. Félag þetta er starfandi um öll Norðurlönd, og er ein deild þess hér á landi. Hefir verið sendur maður héðan á fundi þessa félagsskapar. 1938 fór Árni G. Eylands til Stokkhólms og flutti þar erindi. Næsti fundur er áformaður í Oslo 1941, og hafa ríkisstjórnir annara Norðurlanda veitt verulegar fjárhæðir til þessa félagsskapar. N. leggur til, að Íslandsdeildinni verði veittar 500 kr.

Er þá lokið brtt. við 16. gr., og nema hækkunartill. n. 50500 kr.

Þá eru 3 till. við 17. gr., 46., 47 og 48. till. n.; þurfa þær ekki skýringa við. Hækkun á þessari gr. skv. till. n. nemur 1600 kr.

Ég leiði hjá mér að gera grein fyrir hverjum einstökum lið við 18. gr., og kem ég þá að 66. till. n., sem er 1. brtt. við 22. gr., að greiða Páli Sveinssyni fyrrv. yfirkennara full laun. — Í fjárl. yfirstandandi árs er heimild til þess að greiða Páli full laun, ef hann lætur af starfi sínu. Nú mun afráðið, að hann láti af starfi, og er því aðeins verið að uppfylla gefið loforð.

67. till., að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogsþingum. Sr. Ólafur er nú á áttræðisaldri og hefir verið þjónandi prestur yfir 50 ár. Hefir hann þjónað Strandarkirkju í Selvogsþingum fyrir sáralitla greiðslu, en frá Arnarbæli í Selvog er mjög erfið leið. Telur n. sanngjarnt, að hann fái 1400 kr. árl. með tilliti til þess, hve lítið hann hefir fengið greitt fyrir þjónustuna í Selvogi.

68. till. er um ábyrgð fyrir rafveitu Hafnarfjarðar, til að létta vöxtum og bankakostnaði af því fyrirtæki um ca. 6000 kr. Útvegsbankinn tekur nú 2% fyrir að ábyrgjast það útlenda lán, sem á rafveitunni hvílir, að upphæð ca. 115 þús. d. kr., og auk þess tekur bankinn víxilvexti af því, sem hann hefir lánað rafveitunni, en það eru ca. 150 þús. kr. Ef ríkið gengur í ábyrgðina, fellur bankaábyrgðin niður og þar með einnig sú þóknun, sem hann tekur fyrir hana. Ennfremur er talið líklegt, að með ríkisábyrgð mætti fá ódýrara innanlandslán og greiða Útvegsbankanum upp hans skuld.

69. till., a.-liður, er heimild til greiðslu á 40 þús. kr. til öldubrjóts í Hafnarfirði. Fjárveitingin er beint framhald af þeirri fjárveitingu, sem heimiluð var á síðasta þingi, og veitt með sömu skilyrðum. B-liður er heimild fyrir greiðslu á 100 þús. kr. til hafnargerðar í Njarðvík. — Hafnarmál Keflavíkurhrepps hafa að undanförnu verið til athugunar hjá ríkisstj., sem hefir falið vitamálastjóra að gera allýtarlegar rannsóknir og áætlanir í því sambandi. Nú eru hafnarskilyrði í þessum hreppi á þann veg, að brýn nauðsyn ber til, að þar verði á einhvern hátt verulega úr bætt. Einnig ber á það að líta, að mjög örðugt hefir reynzt nú að undanförnu fyrir báta utan af landi, sem vilja stunda þorskveiðar við Faxaflóa á vetrarvertíð, að fá viðlegupláss, því að hafnarmannvirki þau, sem fyrir hendi eru í verstöðvum við flóann suðvestanverðan, hafa ekki verið nema rétt aðeins fyrir heimabáta, og sumstaðar ekki einu sinni það. Þess vegna hefir sú hugmynd komið fram — og virðist samkvæmt þeim bráðabirgðaniðurstöðum, sem fyrir liggja um það efni, ekki óálitleg — að sameina lausn hafnarmáls Keflavíkurhrepps og hafnar fyrir báta utan af landi með hafnargerð í Njarðvík. Fjárveitingin er miðuð við það, að ríkisstj. geti að athuguðu máli, ef henni lízt það rétt, hafið framkvæmdir í þessa átt.

70. till. fjvn. þarf í raun réttri engra skýringa við.

Samkv. till. fjvn. hækka útgjöld um 133535.50 kr. Tekjur á rekstrarreikningnum verða þannig 18478173 kr. og gjöld 17868649 kr. Rekstrarafgangur verður því 609524 kr., en greiðsluhalli samkv. sjóðsyfirliti 407949 kr.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um till. n. að þessu sinni og lýk máli mínu.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 4. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 160, 272, 308, 327, 333, n. 342, 352).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 342 og 352. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

***Frsm. samvinnun. samgm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Samvinnunefnd samgöngumála hefir leyft sér að bera fram brtt. við frv. til

fjárlaga fyrir árið 1941, sem er á þskj. 352, en hún er á þá leið, að til flóabátaferða skuli á árinu 1941 verja 93900 kr. í staðinn fyrir 87900 kr., eins og gert er ráð fyrir í frv. Upphæð þessi er í samræmi við það, sem sagt er í nál. á þskj. 342. Samvinnunefnd þessara n. tók það ráð, að miða till. sínar við áætlun þessara útgjalda fyrir yfirstandandi ár, en styrkirnir voru þá hækkaðir talsvert. N. sá sér ekki fært að gera neinar verulegar breyt. á þessu, þar sem ekki er sýnt enn, hversu sú áætlun, sem þá var gerð, fær staðizt. Það þótti sýnt þegar á síðasta þingi, að þeir styrkir, sem áður höfðu verið ætlaðir til þessara hluta, myndu ekki nægja til að standast kostnað við þessar ferðir vegna aukinnar dýrtíðar, enda þótt flutningsgjöldin hækkuðu nokkuð. Ég hefi nokkuð kynnt mér þetta mál, og n. í heild. Það hefir komið í ljós, að flutningsgjöldin hafa hækkað misjafnlega mikið, en þó er alstaðar um hækkun á þeim að ræða, þar sem ferðir eru komnar í gang. Ég skal geta þess, að n. hefir sett það skilyrði, að skipaútgerð ríkisins hafi eftirlit með ferðunum og samræmi bátaferðirnar við höfuðstrandferðirnar. Sömuleiðis er nú gert ráð fyrir því, og það var tekið fram við forstjóra skipaútgerðar ríkisins, að skipaútgerðin hefði ríkt eftirlit með þeim taxtahækkunum, sem kynnu að verða óhjákvæmilegar, þrátt fyrir hækkaða styrki.

Ég skal geta þess, að ferðirnar um Faxaflóa munu ekki hafa borið sig eins vel síðasta ár eins og árið á undan. Kom þetta n. nokkuð á óvart, þar sem þessar ferðir virðast vera líklegastar til að bera sig. Samkvæmt skýrslum, sem fyrir liggja, en þó eru ekki alveg nákvæmar, lítur út fyrir, að Borgarnesferðirnar hafi ekki borið sig vel. Mun þetta liggja að nokkru leyti í því, að flutningarnir hafa meira færzt yfir á Akranes. N. komst þess vegna að þeirri niðurstöðu, að taka yrði upp styrk til Borgarnesferðanna, og leggur til, að veittar verði 4500 kr. til þeirra. Á fjárlögum yfirstandandi árs var ekki gert ráð fyrir neinum beinum styrki úr ríkissjóði til þessara ferða, en hinsvegar var til þess ætlazt, að „Laxfoss“ yrði veittur 6000 króna styrkur úr ríkissjóði til að halda uppi ferðum til Breiðafjarðar. Samtímis þessu hafa n. borizt fregnir um taxtahækkanir einmitt með þessum báti, og ég verð að segja, að mér finnast þær nokkuð miklar. Það verður hinsvegar að ráðast, hvernig afkoman verður af þessum ferðum bæði með mjög hækkuðum töxtum og hækkuðum styrkjum úr ríkissjóði, en allt þetta á að liggja undir eftirliti skipaútgerðar ríkisins. Styrkurinn til Borgarnesferðanna er það, sem mestu veldur um þá hækkun á flóabátastyrkjunum, sem n. hefir lagt til. Það hefir verið sýnt fram á það, að óhjákvæmilegt muni vera að hækka styrkinn til Skagafjarðarferða um 1000 kr. Um aðrar hækkanir er ekki að ræða í þessum till., nema einar 500 krónur, sem teknar hafa verið til samgangna milli Flateyjar og Húsavíkur.

Það orkar að sjálfsögðu alltaf nokkurs tvímælis hjá fulltrúum þeirra héraða, sem hér eiga hlut að máli, hvort styrkirnir séu nægilega ríflegir, en eins og gefur að skilja, er um þetta mál eins og önnur, að n. gat ekki farið eftir öllum kröfum, sem fram komu. Þetta veit ég, að hv. þm. er ljóst, og að þeir muni þess vegna sætta sig við till. n.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Hv. frsm. fjvn. gerði þá grein fyrir afgreiðslu n. til 3. umr., að samkvæmt till. hennar myndu gjöldin aukast um 133500 kr. og greiðsluhallinn á sjóðsyfirlitinu þá hækka upp í 407000 kr., í staðinn fyrir 274000 kr., eins og það var eftir 2. umr. Um þetta er það að segja, að mér finnst óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir frekari greiðsluhalla, sakir þess hve lágt er áætluð verðlagsuppbótin á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins, sem í frv., eins og það nú er, er áætluð 350000 kr., en í frv. eins og það var lagt fyrir var áætluð 500000 kr., og þá miðað við meðaluppbót, sem mér virðist engan veginn hafa verið of lágt áætlað, þar sem uppbótin í 1. flokki er nú þegar komin upp í 15%, og ef áframhald verður á styrjöldinni, þá er náttúrlega vitað, að dýrtíðin muni á árinu 1941 verða hækkuð til stórra muna frá því, sem nú er. Það er þess vegna alveg gefið, að þessi gjaldliður er of lágt áætlaður, og sjálfsagt ekki varlegt að gera ráð fyrir, að hann verði lægri en áætlað var í stjfrv. Greiðsluhallinn, sem þegar er sjáanlegur, verður þess vegna um 600000 kr., að viðbættum þeim gjaldaauknингum, sem felast í till. fjvn. Þar við bætist svo, að hér eru komnar æðimargar brtt. frá einstökum þm., sem ég skal annars ekki ræða um, enda hefir ekki verið fyrir þeim mælt af flm. þeirra, en þeirra á meðal eru vafalaust einhverjar, sem gera má ráð fyrir, að finni náð fyrir augum hv. þm. Og sumar þessar till. fela í sér talsverðar hækkanir. Ég sé til dæmis till. á þskj. 333, um fjárveitingu til framræslu og vegagerða, 300000 kr. Það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að svona till. komi fram, með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir, og það verður að sjálfsögðu að leggja talsvert fé fram til slíkra framkvæmda. En að þessu athuguðu finnst mér allt benda til þess, að greiðsluhallinn á fjárlögunum verði mun hærri en upphaflega var gert ráð fyrir. Það er þess vegna sýnilegt, að ekki verður hjá því komizt að beita til fulls þeim heimildum, sem þegar eru veittar til lækkunar útgjaldanna. Og hv. þm. er hollt að hafa það í huga, þegar þeir greiða atkv., að því meira sem bætist á gjaldaliði fjárlaganna, því meiri nauðsyn verður á því að nota þær lækkunarheimildir, sem veittar hafa verið, þegar á þessu ári, og ég vil undirstrika það, að þá verður einnig miklu meiri nauðsyn á að fá þær frekari lækkunarheimildir, sem farið er fram á með frv. því, sem nú er komið fram, um heimild til lækkunar á nokkrum lögbundnum gjaldaliðum.

Við till. fjvn. á þskj. 272 hefi ég svo sem ekkert sérstakt að athuga. Þær útgjaldahækkanir, sem n. leggur til, eru í sjálfu sér til þarfra hluta, sem æskilegt væri að geta lagt sem mest í. Það hefir aðeins það í för með sér, að hætta er á því, að baggi ríkissjóðs verði fullþungur. Ég tel ástæðulaust að ræða einstakar till. n. Atkvgr. sker úr um það, hvað menn vilja samþ.

af þeim. Yfirleitt geri ég ráð fyrir, að þær verði samþ.

Um 18. brtt. skal ég geta þess, að mér virðist hún koma „eins og þjófur úr heiðskíru lofti", eins og nú er búið að breyta því orðatiltæki, því að þar er talað um að veita til kennslu í sauðfjárrækt á jörð, sem mig minnir, að hafi verið gefin sérstöku sveitarfélagi til afnota í sínar þarfir í líku skyni, en mönnum hafði skilizt, að það væri það sveitarfélag, sem ætti að standa straum af þeirri starfsemi, sem þarna ætti að eiga sér stað, en þarna er að sjálfsögðu ekki um neitt stórvægilegt að ræða.

Um 20. brtt. skal ég geta þess, að þetta má telja beina afleiðingu af breyt. á héraðsskólalögunum á síðasta þingi, þar sem svo er fyrir mælt, að ríkið skuli taka að sér ¾ af stofnkostnaði héraðsskólanna, í stað ½ áður, sem ríkinu bar skylda til að greiða. Að vísu var þannig um hnútana búið í þessum l., að þetta kemur ekki til framkvæmda nema Alþ. veiti til þess sérstaka heimild t. d. með fjárveitingu. Það var auðvitað búið svona um þetta í frv. um breyt. á héraðsskólalögunum til þess að gera þetta aðgengilegra í svipinn, en að því hlaut að koma, að till. kæmi fram um, að þessu yrði hrundið í framkvæmd, og í raun og veru er hér ekki hart af stað farið, en samkvæmt því, sem hv. frsm. fjvn. sagði um þetta, er sá baggi, sem ríkissjóði er þarna bundinn, um 400000 kr., og þetta eru þess vegna ekki nema lágir vextir af þeirri upphæð, en hinsvegar ekkert gert fyrir afborgunum. En úr því að þetta er komið í l., geri ég ekki ráð fyrir, að hjá því verði komizt að taka það upp í fjárl., því að annars verður allt í óvissu um greiðslu á skuldum þeim, sem á þessum stofnunum hvíla.

Um 26. brtt. hv. n. á þskj. 272, og þó öllu heldur IV. brtt. hennar á þskj. 327, þar sem lagt er til að hækka framlagið til íþróttasjóðs úr 30 þús. upp í 40 þús. kr., get ég sagt það, að ég tel það vel ráðið af hv. n. að gera þessa till., sérstaklega með tilliti til þess, að brtt. á þskj. 327 miðar að því að hlynna að þeirri íþróttastarfsemi, sem haldið hefir verið uppi að Kolviðarhóli.

Það getur verið á misskilningi byggt hjá mér, en mér þótti undarleg 29. brtt. hv. fjvn., um 1000 kr. framlag til Íslenzk-ameríska félagsins til þess að kosta nám amerísks stúdents hér á landi. Sú grein er fyrir þessu gerð, að mætur maður í Ameríku hafi lofað að gefa 1000 dollara til þessa, að því tilskildu, að nokkur fjárveiting kæmi á móti héðan að heiman. Mér finnst nærri óviðkunnanlegt af þessum mæta manni frá þessari voldugu þjóð að binda þetta slíku skilyrði, þó að hann meini eflaust ekki nema gott eitt með þessu.

Hv. fjvn. hefir hækkað fjárveitingu til Jóns Dúasonar úr 3000 kr. upp í 5000 kr., til þess að kosta útgáfu á ritum hans. Ég skal ekki þrátta við hv. n. út af þessu. Ég tók fjárveitinguna upp í fjárl. eftir till., sem fram kom á síðasta þingi. Það skal játað, að ekki er vanþörf á þessari fjárveitingu, ef á að hraða útgáfunni, en það getur verið álitamál, hve mikil nauðsyn er á að hraða henni.

Þá er 32. brtt., sem mér kom alveg á óvart, en þar er farið fram á, að styrkveitingar til skálda og listamanna verði aftur færðar í sama horf og stofnað var til með fjárl. þeim, sem síðast voru afgr., þ. e. að menntamálaráði verði falið að úthluta 80000 kr. til slíkra manna. Ég hefi ekki áður gert verulega grein fyrir því, hvers vegna ég tók þá ákvörðun að setja þetta á fjárlfrv., þar sem þingið hafði ákveðið að fela þetta menntamálaráði. Ég skal því gera grein fyrir þessu nú, til þess að hv. þm. eigi kost á að sjá allar hliðar þessa máls, áður en gengið er til atkv.

Eins og margir hv. þm. muna, var mælt með þessari breytingu á síðasta þingi m. a. af því, að meðal þeirra, er styrki hafa hlotið, eru ýmsir óverðugir af ýmsum ástæðum. Sérstaklega var lögð áherzla á það, að ýmis skáldskapur hefði verið styrktur, sem væri sízt þjóðfélaginu til þrifa, að styrktir hefðu verið ýmsir menn, sem reka starfsemi óþarfa þjóðfélaginu og miða jafnvel skáldskap sinn og einkastarf við það að eyðileggja þjóðskipulagið eða vinna því mein. Ef fara á að miða styrkveitingar við slík sjónarmið, þykir mér enn varhugaverðara að þrengja hóp þeirra, sem styrkina eiga að veita. Ég hefi heyrt ýmsa halda því fram, og geta þeir haft nokkuð til síns máls, að það sé hæpin braut, að Alþ. fari að gera upp á milli manna eftir pólitiskum skoðunum þeirra. En hitt er ljóst, að enn hæpnara er að fela fárra manna n. innan fjögra veggja að skipta til hægri og vinstri samkvæmt þessu. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að Alþ. eigi ekki að nokkru leyti að styrkja menn, sem miða starfsemi sína við það að vinna á móti þjóðskipulaginu eða granda því. En það er þingið, sem á að skera úr um það, hverjir séu hæfir til að njóta styrkja, en það á ekki að fela það ábyrgðarlausum mönnum að inna af hendi á laun. Slíkt tel ég ekki forsvaranlegt. Hér við bætist, að þegar birtur var listinn yfir þá, sem menntamálaráð hafði ákveðið styrki, þá sást, að ráðið hafði ekki tekið þetta til greina að öðru leyti en því, að lækkaður var styrkur til eins listamanns, en það er ekki það, sem um ræðir, hvort slíkir menn eigi að fá krónunni meira eða minna, heldur hitt, hvort styrkja beri þá yfirleitt. Þessi tilbreyting, að fela menntamálaráði úthlutunina, hefir því ekki borið þann árangur, sem hafður var að yfirskini til þess, að því væri falið þetta verk, og það ætti að vera næg ástæða til þess að taka þennan vanda aftur af því, þar sem ekki verður betur séð en menntamálaráð hafi aflað sér þessa trúnaðarstarfs með röngum forsendum.

Svo var önnur hlið á þessu máli. Það var mikið talað um það, að háð hefði verið grenjaskyttustarfsemi hér á þingi, þar sem menn, sem ekki höfðu unnið til styrkveitinga, smöluðu sér atkv. og höfðu þannig fram styrkveitinguna. Nú sé ég, að menntamálaráð hefir fellt niður styrk til allmargra manna, sem staðið hafa á fjárl. undanfarin ár, en síðan hefir verið innt að því við fjmrn., hvort það sæi sér ekki fært að sjá þessum mönnum farborða. Ef það á að vera svo, að menntamálaráð styrki þá

menn eina, sem því þykir sér sómi að, en ýti við öðrum að hlaupa í skörðin og styrkja þá, sem minni sómi þykir að, þá er þetta enn hæpnara. Þeir, sem vinna að því að koma þessum styrkveitingum úr höndum þingsins, telja sér mikinn stuðning að þeim mörgu till. um styrkveitingar, sem fram eru komnar á Alþ., en auðvitað er það á valdi þingsins, hvort það vill samþ. þær eða ekki, og eins, hvort það vill halda á fjárl. ýmsum þeim mönnum, sem þar hafa verið, þrátt fyrir hegðun þeirra og háttalag, hvort það vill binda sig við upphæðir þær, sem áður hafa verið veittar á fjárl., eða lækka þær o. s. frv. En ég vek athygli á því, að með því að miða styrktarféð við ákveðna upphæð er málið komið á vafasaman grundvöll. Ef athugaðar eru styrkveitingar menntamálaráðs þetta ár, þá sést, að lækkaðir hafa verið allmjög styrkir til ýmissa manna, sem enginn ágreiningur er um, að vel séu að því komnir að fá nokkurn styrk til síns framfæris. Þeir hafa áður verið styrktir með svo háum upphæðum, að auðséð er, að það hefir verið gert í því skyni, að þeir gætu komizt af að allmiklu leyti á styrknum. Nú hefir menntamálaráð, til þess að geta veitt fleirum styrki, lækkað styrkveitingarnar til þessara manna. Má gera ráð fyrir, að í framtíðinni komi legió manna til menntamálaráðs og biðji um styrk, og má gera ráð fyrir, að ráðið sjái sér ekki annað fært en veita hann nokkrum þeirra, og er þá um tvennt að velja, annaðhvort að hækka heildarfjárveitinguna eða lækka styrkinn hjá öðrum. Getur því farið svo, að menn, sem Alþ. hefir ætlazt til, að kæmust nokkurn veginn af með sinn styrk, verði að svelta. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa gert það upp við sig, hvort þeir vilji þetta. Það er viðkvæmt atriði að nefna nöfn í þessu sambandi, en þess þarf ekki heldur. Hv. þm. geta af skrá menntamálaráðs sannfærzt um það, að ýmsir menn hafa verið lækkaðir mjög, sem þingið hafði veitt ákveðnar upphæðir. Á styrki þingsins hafa auk þess verið greiddar dýrtíðaruppbætur, en ekki á styrki menntamálaráðs.

Ég er eins og fyrr þeirrar skoðunar, að það sé rangt, að þingið velti af sér ábyrgðinni, sem fylgir því, að það fari sjálft með þetta styrkveitingavald, ekki síður fyrir þá sök, að ef ekki á aðeins að meta hæfileika manna til að vinna að listrænum störfum, heldur einnig starfsemi þeirra á annan hátt, þá er óforsvaranlegt, að þingið afsali sér þessu valdi í hendur fárra manna, sem líklegri eru til að misbeita því en þingið í heild. Þar við bætist, að með afgreiðslunni á síðasta þingi var ekki úr því skorið, hverju meiri hl. þings var fylgjandi, þar sem till. var samþ. með 22:21 atkv. af 49 þm. Þar sem meiri hl. þings stóð ekki að þessari samþykkt, þótti mér sjálfsagt, að málið kæmi aftur til atkv.

Ég læt svo útrætt um málið að sinni, a. m. k. þar til ég heyri frekari rök fyrir þessari tilbreytni.

Þá er 38. brtt. hv. n., sem ég geri ráð fyrir, að henni þyki ekki ástæða til að gera að verulegu kappsmáli og ég hefi átt tal við hana um. En af því að ég legg til í fjárlfrv., að hnigið verði að því ráði að standa við gerða samninga, sem gerðir voru fyrir löngu, en hafa síðan verið rofnir, vil ég taka þetta fram: Í frv. eins og það var lagt fyrir þetta þing var gert ráð fyrir 15400 kr. launagreiðslu til forstöðumanns og fulltrúa veðurstofunnar, þar í innifalin 2400 kr. húsaleigustyrkur til forstjórans, en hann var áður 900 kr. En í l. um þetta var tiltekið, þegar byggt var yfir veðurstofuna, að forstöðumaðurinn skyldi hafa ókeypis húsnæði þar í húsinu. Nú hefir ekki verið byggt yfir veðurstofuna, en það hefir verið reist bygging, þar sem henni hefir verið fengið húsnæði, þar sem hún verður líklega framvegis. En ég get ekki fallizt á, að vegna þess, að ekki hefir verið reist sérbygging handa veðurstofunni, sé niður fallin skylda til að greiða forstjóranum húsaleiguna. Nú hefir þetta verið viðurkennt með því, að síðustu ár hafa honum verið greiddar 900 kr. Þessi skylda var viðurkennd ef til vill enn frekar með því, að aðstoðarmanni við veðurstofuna voru líka greiddar 900 kr. í þessu skyni. Byggist þetta á því, að í einhverri n. hefir verið samþ., að þegar byggt hafi verið yfir veðurstofuna og forstöðumaður fengið það húsnæði, þá skuli meta það húsnæði til leigu og forstöðumaður greiða aðstoðarmanni hálfa leiguna. Þó að ekki sé heimild fyrir þessu í l., þar sem það byggist aðeins á samþykkt þessarar n., þá er hitt gilt, að forstöðumaðurinn skuli fá húsnæðið greitt. Og ef greiða á aðstoðarmanninum húsnæði, þá á að greiða það af öðru fé en því, sem forstöðumanninum er ætlað. N. hefir þó ekki viljað fallast á þetta að svo stöddu og lagt til, að upphæðin væri aftur lækkuð niður í það, sem áður var.

Aðrar till. á þessu þskj. sé ég ekki ástæðu til að gera að umtalsefni. Þar er t. d. tekin upp aftur fjárveiting til þirtingar veðurfregna í verstöðvum landsins. Ég hafði fellt þetta niður í fjárlfrv., talið eins heppilegt að láta símann annast þetta, en ég mun þó ekki gera málið að ágreiningsefni.

Ég skal svo að endingu geta þess, að ég tel brtt. hv. fjvn., sem nema samtals um 130 þús. kr., ekki raska svo mjög grundvelli fjárl., að þess vegna sé ástæða til ágreinings við hv. n., en vil undirstrika, að því meira sem útgjaldahliðin hækkar, því meiri ástæða er til, að stj. fái heimild til að lækka útgjöldin, ef ástæður þrengjast, sem gera má ráð fyrir. Jafnvel þó að ástandið versnaði ekki frá því, sem nú er, getur orðið erfitt að skila greiðslum ríkissjóðs, og vísa ég þar til þess, sem ég hefi áður sagt um lausaskuldasöfnun undanfarinna ára, sem ekki eru líkur til, að hætta muni. Greiðsluhalli fjárl. fyrir þetta ár og það næsta bætist þar við. Og ef ekki vaxa stórkostlega tekjur ríkissjóðs af því, að tekjustofnar gefi meira en áætlað var, verður ekki hjá því komizt að skera niður lausaskuldir til að standa straum af þessum lausaskuldum, því að ár eftir ár er ekki hægt að halda áfram að hlaða skuldum hverri ofan á aðra. Beinir skattar eru orðnir svo háir, að meðtöldum þeim kvöðum, sem hvíla á bæjar- og sveitarfélögum, að ég held, að flestum komi saman um, að þar sé ekki eftir neinu að slægj-

ast eða hægt að herða þar meir að. Þá eru tollarnir. Ég held, að tollar séu svo háir, bæði á nauðsynjum og á hálfgerðum óþarfa, að það þyki vafasamt, að ávinningur sé að hækka þá tölulega í þeirri trú, að það bæti hag ríkissjóðsins.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Herra forseti! Á þskj. 308 höfum við þm. Sósialistafl. borið fram allmargar brtt. Ég ætla aðeins að nefna nokkrar og fyrst og fremst þær, sem miða að því að auka atvinnu í landinu. Ég skil yfirleitt ekki í því, hvernig menn hugsa sér að ljúka þessu þingi án ráðstafana til að mæta því gífurlega atvinnuleysi, sem áreiðanlega verður hér á næsta vetri. Byggingarvinna verður sama og engin. Af henni hafa um 4 þús. manns haft uppihald sitt í Reykjavík einni, samkv. áreiðanlegum upplýsingum, og fjöldi manns annarstaðar á landinu. Saltfisksvertíð er engin orðin í ár, og þýðir það stórfellt atvinnutap í sumar, — óvíst hvort nokkur saltfiskssala verður héðan, meðan stríð stendur og gróðavænlegast þykir að stunda ísfisksveiðar. Margskonar iðnaður dregst saman, og það því meir sem lengur líður og innflutningur hráefna torveldast. Það, sem helzt hefir verið til bjargar í vetur, hitaveitan, verður búið að vetri. Hvaða björg er þá til fyrir allan þann fjölda atvinnuleysingja, sem þurfa að framfleyta sér og sínum? Eiga þeir að leita á náðir sveitar sinnar eða bæjar? Ef svo er, hvar er þá fé til að veita þeim þar viðtöku? Það er sízt fremur fé til þess en til atvinnubóta. Svona eru þá horfurnar. Í fjárlfrv., eins og það er nú, og í brtt. hv. fjvn. er ekki stafur, sem bendi til neinna úrræða í þessum efnum. Ekki hefir atvinnubótafélð verið hækkað um eyri frá því, sem verið hefir í fjárl., þrátt fyrir atvinnuleysishorfurnar. Ekki eru verklegar framkvæmdir auknar á öðrum sviðum, heldur er í mörgu stórum dregið úr framlögum til þeirra. Það er ekki álitlegt fyrir atvinnuleysingja að fara í sveit, þegar ekkert er gert til að greiða fyrir búsetu þeirra þar, heldur dregið úr framlögum til jarðabóta, nýbýla o. s. frv. eða yfirleitt til framkvæmda í sveitum. Það era miklu fremur líkur til, að fólk neyðist til að flýja úr sveitum til kaupstaða í stórum stíl. Nú er ennfremur ætlazt til, að stj. sé heimilað að skera niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda um 35%, og það lögboðnar greiðslur jafnt og aðrar. Hvað hugsa hv. þm. sér að gera við það fólk, sem verður atvinnulaust sakir þessara breytinga og hefir ekkert til að lifa af? Ég þykist eiga kröfu á að fá þeirri spurningu svarað. Hugsa þeir sér að láta fólkið falla eins og fénað í vetrarhörkum? Varla. — En hvað annað?

Við flytjum hér, þm. Sósialistafl., brtt. um framlög til atvinnuaukningar. Við höfum áður flutt till. til þál. í Sþ. um ráðstafanir til þess að bæta upp það atvinnutap, sem hlýzt af því, að saltfisksvertíð fellur niður. Við höfum bent á möguleika til tekjuöflunar sem því svarar. Það er talið, að íslenzk stórútgerð hafi í vetur grætt milli 3 og 6 millj. kr. á ísfisksölu. Það virðist ekki ósanngjarnt að leggja nokkurn skatt á þennan gróða til að bæta upp tapið við hvarf saltfisksverkunar. Nú eru helzt horfur á, að þessi till. verði svæfð í n. Því vildum við gera mjög hófsama og lítilláta tilraun til að koma samt sem áður vitinu fyrir hv. þm. og flytjum nú brtt. um hækkun atvinnubótafjárins úr hálfri millj. í 1 millj. kr. Undanfarið höfum við flutt brtt. um, að það yrði 750 þús., og er það að þessu sinni varatillaga okkar, en hvergi nærri fullnægjandi. Með 35% niðurskurði yrðu ekki greidd nema 650 þús. kr., þótt aðaltill. okkar verði samþ., og það er ekki svo miklu meira en frv. ráðgerir, að ofætlun geti talizt, hvað þá umfram þarfir, nú þegar það fer saman, að atvinnuleysið vex og hætt er að skylda bæjarfélög til að leggja fram tvöfalt á móti atvinnubótafé ríkissjóðs, — hætt að skylda þau til nokkurs í því efni. Brtt. Alþfl. um að hækka atvinnubótafféð í 700 þús. kr. er svo gersamlega ófullnægjandi, að með 35% niðurskurði yrði sú veiting talsvert minni en frv. gerir ráð fyrir, þ. e. minni en fjmrh. Sjálfstfl. treystist til að leggja fyrir þingið í byrjun. Auk þessa vilja þeir veita 750 þús. kr., sem verja megi til bjargráða, ef nauðsyn krefur. Umráð þess eiga að vera í höndum n., sem sett var á síðasta þingi og átti m. a. að hafa vald til að flytja fólk í þvingunarvinnu, ef henni þætti þurfa. Það er engin trygging fyrir, að sú n. verji ekki fénu til styrktar einstökum fyrirtækjum eða jafnvel einstökum mönnum. Það er því að ýmsu leyti skuggalegt að veita n. þessi umráð. Þó mundi ég, ef það eitt sýndist geta gengið fram, greiða því atkv. mitt heldur en láta reka á reiðanum algerlega, þannig að ríkisstj. geti skotið sér undir það, að hún hafi ekki heimild til að veita nokkurt fé til nauðsynlegra bjargráða.

Þá flytjum við brtt. um 100 þús. kr. til Suðurlandsbrautar til viðbótar við þær 65 þús. kr., sem ætlaðar eru til hennar af benzínskatti, en þá ætlumst við til, að ekki verði tekið fé til þessarar brautar af atvinnubótafénu. Þessar 100 þús. eru ekki meira en veitt hefir verið til vegarins að undanförnu, og má ekki minna vera en það haldist, þegar áreiðanlega verður brýnust þörfin fyrir atvinnubætur í Reykjavík og Hafnarfirði. Menn geta deilt um það, hvort þessi vegur sé lagður rétta leið. En eigi að leggja hann þarna, borgar sig bezt að ljúka honum sem fyrst, og sérstaklega er nauðsynlegt að auka slíkar vegagerðir nú.

Sömu rök liggja fyrir brtt. okkar um að hækka fjárveiting til vegar á Siglufjarðarskarði upp í 50 þús. kr.. nema þar er enn meiri nauðsynin að fá færan bílveg. Þá eru 30 þús. kr. til brúar yfir Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga. Brúarstæði er þar svo gott, að vera má, að kostnaður verði aðeins um 20 þús., en réttara þykir að hafa fjárveitinguna þetta rúma. Hér er um að ræða hina mestu samgöngubót. Brúin er ákveðin í brúalögum.

Þá eru brtt. um hækkun á jarðabótastyrk o. fl. upp í það, sem veitt hefir verið á undanförnum árum eða síðustu fjárl. Við lítum svo á, að greiðslur til þeirra framkvæmda megi ekki lækka, og verði upphæðir frv., eins og það er, skornar enn niður um 35%, hrökkva þær ekki

einu sinni til alveg óhjákvæmilegra framlaga. Ég held það þurfi ekki að eyða orðum að þessu. nema þá síðar að gefnu tilefni. Á þskj. 308 eru enn ýmsar brtt., sem ég er meðflm. að, en vænti, að hv. meðflm. minir muni mæla fyrir, og miða sumar þeirra til atvinnuaukningar, aðrar að því að draga úr lítt þörfum útgjöldum hins opinbera.

Einar Árnason: Það er gömul venja að fylgja úr garði með nokkrum orðum þeim brtt. við fjárl., sem menn flytja. Ég hefi hvorki margar né stórar brtt., og þess vegna get ég verið stuttorður, og skal ekki tefja tíma þingsins mikið. Þessar brtt., sem ég er 1. flm. að, eru á þskj. 308. Vil ég fyrst drepa á VI. brtt., þar sem farið er fram á að auka framlög til vegargerðar yfir Siglufjarðarskarð um 10 þús. kr.

Þetta mál er nokkuð þekkt hér á þinginu, og það var sérstaklega mikið rætt hér á síðasta þingi. Það hefir verið sýnt fram á það, að þessi vegargerð, sem hafin var 1935, mundi ganga nokkuð seint, ef ekki yrði lagt meira fé fram til hennar en gert hefir verið undanfarið. Ef ekki verður hækkað framlag til þessa vegar, þá líða a. m. k. 10—20 ár þangað til hann verður fullger. Þó að leiðin yfir Siglufjarðarskarð sé ekki löng, þá er hún erfið og brött og mjög illt um vegarlagningu. Neðan frá jafnsléttu á Siglufirði og upp á háskarðið eru 5.4 km., en af þessari leið er búið að leggja veg yfir aðeins 3 km., og kostnaðurinn við lagningu þessara 3 km. hefir verið sá, að ríkissjóður er búinn að leggja fram 80 þús. kr., en nokkuð hefir verið lagt fram af Siglfirðingum sjálfum. Nú er eftir að leggja 2.4 km. til þess að vegurinn sé kominn upp á háskarðið, og með sama framlagi mun það taka a. m. k. 6—7 ár, og þá er eftir leiðin öll hinum megin við skarðið, til þess að komizt verði í samband við þann veg, sem þar er gerður. Það má gera ráð fyrir því, að það taki ekki skemmri tíma að koma veg þá leið, og þá kemur í ljós, að það mun þurfa 10—20 ár til þess að ljúka við veginn. Nú virðist ekki vera mikil hagfræði í því að leggja tugi þús. í þennan veg á þann hátt, að það liði hálfur mannsaldur þangað til nokkur maður hefir gagn af honum. Þess vegna virðist mér, að til þess að þetta komi að gagni, væri miklu heppilegra að leggja fram meira fé á ári, en fækka heldur árunum. Nú mun engum detta í hug, þar sem löggjafarvaldið hefir gert þennan veg að þjóðvegi og þegar lagt fram allmikið fé til vegarlagningar og með því viðurkennt nauðsyn þessarar samgöngubótar, að við byrjunina eina verði látið sitja, sérstaklega þegar svo er háttað um Siglufjörð, að það er engin leið önnur en þessi eina til þess að koma bænum í vegasamband. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira um þessa litlu till., vegna þess að þetta mál hefir áður verið rætt svo mikið hér á þinginu, að þm. er það kunnugt.

Ég hefi hér einnig þrjár smábrtt. við 15. gr., XX á sama þskj., um litilfjörlegan skálda- og listamannastyrk til þriggja manna. Ég vil strax taka það fram út af þessum till., að ég mun taka þær aftur, ef till. fjvn. um það að setja slíka styrki undir menntamálaráð verður samþ. En þar sem ekki er vitað, hvernig um þá till. fer, finn ég ástæðu til að segja aðeins örfá orð um þessar brtt. Hin fyrsta er um það að veita Björgvin Guðmundssyni tónskáldi á Akureyri 1500 kr. listamannastyrk. Björgvin Guðmundsson er Vopnfirðingur að ætt og ólst þar upp til tvítugs aldurs. Þá fór hann til Ameríku (1911) og var þá umkomulaus, fátækur unglingur. Það hafði þá þegar komið í ljós hjá honum tónlistar- og sönghneigð, en tækifæri eða möguleikar voru engir til þess fyrir hann að afla sér þeirrar þekkingar, sem þurfti til þess, að honum yrði nokkuð úr þeim hæfileikum. Þegar hann kom til Ameríku einn síns liðs, voru vitanlega ekki mörg tækifæri fyrir hann, fátækan og einmana, til þess að geta nokkuð verulega gert í þessu hugðarmáli sínu. En þó tókst honum, eftir fá ár, 1915, þrátt fyrir alla örðugleika, þegar hann var vinnumaður á búi einu í Ameríku, að semja sitt fyrsta stórverk, „oratorium“ — helgimál — við alla Strengleika Guðm. Guðmundssonar skálds. Eftir þetta fer að koma skriður á starf hans, semur hann þá einsöngslög og stærri tónverk. Þá samdi hann mikið verk í helgimálastíl, og hafði fyrir texta „Friður á jörðu“ eftir sama skáld, G. G. Um eina af hljómkviðum Björgvins, sem send var einu frægasta tónskáldi og pianosnillingi, segir þessi frægi maður orðrétt: „Hljómþula hans er ósvikin og betur gerð en langflest fræg tónskáld núlifandi gætu.“ Árið 1924 samdi Björgvin nýtt, stórt tónverk: hátíðarljóðið „Til komi þitt ríki“, þar sem hann þýddi textann sjálfur úr ensku, því hann er hagmæltur vel. Þetta verk hans var sungið af 60 manna kór í Winnipeg 1926 við ágætan orðstír. Upp úr þessu fer hann að vinna sér það orð og álit, að Íslendingar vestan hafs veita honum styrk í þeim tilgangi, að hann kæmist á konunglega hljómlistarskólann í London. Hann komst í 3. bekk skólans, og var þá 3 ára nám framundan, en því lauk hann á 20 mánuðum. Eftir þetta starfaði hann í Ameríku, oft í Winnipeg, að hljómlistarkennslu. Skömmu síðar samdi hann mjög stórt hátíðaljóð, „Örlagagátuna“, og alþingishátíðaljóðið, er hann nefndi: „Íslands þúsund ár“, sem líklega flestir Íslendingar hafa heyrt og þekkja. Haustið 1931 rættist ósk Björgvins, sú, að komast heim úr útlegðinni, réðst hann þá söngkennari við menntaskóla Akureyrar. Þetta var að sjálfsögðu léleg atvinna, en hann þráði að lifa og starfa hér heima. Þegar eftir heimkomuna stofnaði hann stærsta kór blandaðra radda á landi hér. Tónsmíðar Björgvins hafa hlotið ágæta dóma hjá mjög merkum hljómlistardómendum hérlendis, svo það mun óhætt að telja, að hann sé einn af allra fremstu tónlistarmönnum og tónsmiðum, sem við höfum átt. Ég hefi þegar nefnt örfá af stærstu verkum hans, en auk þess hefir hann samið um 70—80 einsöngslög og 50—60 karlakórslög og smálög. Það sést af þessu, að Björgvin er afkastamikill á tónlistarsviðinu og að hann á það skilið, að til hans sé eitthvað hugsað af hinu opinbera. Nú situr þessi maður við skorinn skammt norður í landi og auðgar þjóðina af dýrmætum tónverkum. Þessi fjárl., sem

við nú erum að afgreiða, eru fyrir árið 1941, og það vill svo til, að einmitt á því ári verður Björgvin fimmtugur. Mér finnst það vel við eigandi, að ríkissjóður veiti honum þennan glaðning á fimmtugasta ári hans, svo hann sæi, að einhvers væri metið það starf, sem hann hefir unnið í þágu íslenzkrar tónlistar.

Þá er hér brtt. um 1000 kr. styrk handa Friðgeir H. Berg á Akureyri. Ég geri ráð fyrir, að e. t. v. séu það nokkuð margir hv. þm., sem ekki þekkja þennan mann. Hann er maður yfirlætislaus. Hann er einn af þeim Íslendingum, sem starfa í kyrrþey, en hlotið hafa í vöggugjöf marga ágæta kosti, og um hann má segja, að hann hefir hlotið þá vöggugjöf að vera prýðilega hagmæltur. Hann hefir gefið út eina kvæðabók, en hann er líka skáld í óbundnu máli og hefir einnig gefið út eina slíka bók. Þessi maður er heilsuveill, þolir ekki erfiðisvinnu og hefir lítið starf með höndum, eins og margir aðrir, sem eru svipað settir og hann í þjóðfélaginu. Hann hefir áður sótt um það til þingsins, að sér yrði veittur lítilfjörlegur rithöfundarstyrkur, og þeirri styrkbeiðni hans fylgja meðmæli 10 merkra manna, sem þekkja Friðgeir Berg mjög vel og eru nákunnugir högum hans og hæfileikum. Ég ætla ekki að fara að metast um það, hvort þessi maður hafi meiri eða minni hæfileika en ýmsir þeir, sem þegar hafa fengið skáldastyrk, það finnst mér ekki eiga við. En af því ég þekki svo vel til mannsins og hans góðu hæfileika og hans erfiðu kringumstæðna, þá get ég ekki gengið framhjá því að láta hv. þm. fá tækifæri til þess að greiða atkv. um þessa till. — ef hún á annað borð kemur til atkv. — til þess að þeir með atkv. sínu gætu sýnt, hvort þeir vildu styrkja þennan mann með lítilfjörlegri fjárupphæð.

Þá er það þriðji maðurinn, sem ég, ásamt hv. samþm. mínum, hefi lagt fram till. um, en hún er sú, að Hallgrímur Valdimarsson á Akureyri fengi 600 kr. styrk. Hann var fyrir fáum árum á 15. gr. fjárl. með þennan styrk, en hefir svo fallið niður af einhverjum ástæðum, og vænti ég, að hv. alþm. vilji leiðrétta það, að þetta skuli hafa fallið niður, því vitanlega á hann alveg sama rétt á því að vera áfram á fjárl. með sinn styrk og hann hafði til að fá hann. Það getur vel verið, af því að þessi maður er lítið þekktur, að þá finnist mönnum ekki ástæða til að veita slíkan styrk sem þennan. Hann er ekki skáld og eiginlega ekki það, sem kallað er listamaður, en hann hefir þó varið allri sinni æfi til þess að styðja listir. Hann hefir unnið allra manna bezt að því á Akureyri að halda þar uppi leiklist. Þótt það kunni að vera svo, að einhverjir hv. þm. telji ekki leiklistina sérstaklega nauðsynlega, þá held ég þó, að menn vildu ekki, að sú starfsemi félli alveg niður með þjóðinni. Eins og geta má nærri, þá er það erfitt úti á landi í litlum bæjum að halda uppi leiklist, en það er búið að haldi uppi leiklist á Akureyri í tugi ára — ég hygg í hálfa öld eða meira en það — og það er óhætt að segja, að Hallgrímur hefir verið lífið og sálin í því alla sína æfi, og það mun vera hans verk meira en nokkurs manns annars, að þessu hefir verið hægt að halda áfram með góðum árangri. Ég vænti því, að hv. þm. vilji veita þennan lítilfjörlega styrk, 600 kr., sérstaklega vegna þess, að þarna á í hlut maður, sem alla sína æfi hefir verið þannig settur í lífinu, að hann hefir aldrei haft heilsu til þess að vinna erfiðisvinnu.

Skal ég svo ekki frekar fjölyrða um þessar brtt. mínar, en vil endurtaka það, sem ég áður sagði, að þessar 3 brtt. við 15. gr. mun ég taka aftur, ef till. fjvn. verður samþ. um listamannastyrkina.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Við þm. S.-M. eigum saman eina till. á þskj. 327, sem er um það að heimila ríkisstj. að kaupa síldarbræðsluverksmiðjuna í Neskaupstað, ef viðunandi samningar takast um verð og greiðsluskilmála, að dómi síldarverksmiðja ríkisins.

Ég get ekki komizt hjá því að eyða örfáum mínútum af tíma Alþingis til þess að gera grein fyrir þessari till. og færa rök fyrir því, af hverju við förum þessa á leit.

Það er upphaf þessa máls, að síldarbræðsluverksmiðjan á Norðfirði var reist með stuðningi ríkissjóðs, þannig að Alþingi féllst á að ábyrgjast nokkuð af því fé, sem gekk til þess að koma verksmiðjunni upp. Fyrstu árin eftir að verksmiðjan var reist, gekk rekstur hennar ekki sem ákjósanlegast að ýmsu leyti, sem einkanlega stafaði af því, að illa gekk að fá skip til að gera við hana fasta samninga um að leggja þar á land síld, sem var af því, að lega verksmiðjunnar er þannig, að hún liggur við austari jaðar síldveiðisvæðisins. Niðurstaðan af þessum rekstri varð sú, að verksmiðjan varð fyrir alvarlegum rekstarhalla, og endaði hennar saga þannig, að Landbanki Íslands yfirtók verksmiðjuna í fyrra upp í skuldir hennar við bankann. Nú stendur málið því þannig, að Landsbanki Íslands er eigandi verksmiðjunnar. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefir staðið nokkuð svipað á um fáeinar aðrar verksmiðjur, og nefni ég þar til verksmiðjurnar á Sólbakka og Húsavík og nú seinast verksmiðjuna á Seyðisfirði. Tvær af þessum verksmiðjum, sem teljast mega hliðstæðar verksmiðjunni á Norðfirði, hafa þegar verið keyptar af ríkinu, sem sé Sólbakkaverksmiðjan og Húsavíkurverksmiðjan, og nú hefir hæstv. fjmrh. tekið upp í fjárlfrv. það, sem hér liggur fyrir, till. til heimildar fyrir ríkisstj. til að kaupa verksmiðjuna á Seyðisfirði. Eina verksmiðjan af þessum, sem hliðstæðar eru, sem ríkið er ekki annaðhvort búið að kaupa eða ríkisstj. er heimilað að kaupa, er því verksmiðjan í Neskaupstað. Ég hefi heyrt það á ýmsum hv. þm., að þeir eru á sömu skoðun og ég um það, að þessar litlu verksmiðjur, sem liggja við útjaðar síldveiðisvæðisins, hvort sem er austan eða vestan, eigi einmitt að vera í eigu síldarverksmiðja ríkisins, vegna þess að þótt erfitt geti verið að reka þessar verksmiðjur sjálfstætt, af því að fiskiskipin eru treg til að gera við þær fasta samninga, þá geta þær aftur á móti orðið að miklum notum fyrir síldarverksmiðjur ríkisins sem heild, og sérstaklega getur það verið gott fyrir skipa-

flota þeirra að geta lagt upp síld þarna, þegar veitt er á þeim svæðum, að löndun síldar er hægust þar. Ég vil benda á, að síðasta sumar var mikið lagt á land af síld bæði á Seyðisfirði og í þessa verksmiðju, sem hér er lagt til, að ríkisstjórninni sé heimilað að kaupa. Eins og ég sagði áðan, þá raskar það ekki því, að erfitt sé að reka þessa verksmiðju sem sjálfstæða verksmiðju, án þess að hún sé í sambandi við stóru verksmiðjurnar á aðalsíldveiðisvæðinu. Ég geri ráð fyrir, að það geti brugðizt til beggja vona, að Landsbankinn sjái sér fært að reka þessa verksmiðju eina út af fyrir sig til langframa, en ég vil leyfa mér að halda því fram, að það geti haft mikla þýðingu fyrir síldveiðiflotann að síldarverksmiðjur ríkisis reki litlu verksmiðjurnar í útjöðrum veiðisvæðisins, þannig að hægt sé að taka við síld á þeim stöðum, sem bezt hentar á hverjum tíma.

Ég geri ráð fyrir, að ríkið gæti orðið eigandi að þessari verksmiðju með sanngjörnu verði. Ég get að vísu ekki nefnt neina upphæð, en ég geri mér ákveðnar vonir um, að komast mætti yfir hana fyrir sanngjarnt verð, miðað við þau not, sem af henni geta orðið undir vissum kringumstæðum. Ég vil benda á það í sambandi við þetta mál, að litlu verksmiðjurnar í útjöðrum síldsveiðisvæðisins, eins og verksmiðjurnar á Seyðisfirði og í Neskaupstað, hafa neyðzt til þess að gera samninga við erlend skip til þess að reyna að tryggja rekstur sinn. Hafa þær ekki séð sér fært annað en gera samninga við erlend skip — á ég þar aðallega við færeysk skip — fremur en að þær væru ekki reknar. Frá almenningssjónarmiði er þetta vafasöm ráðstöfun, að ganga inn á þá braut að leigja erlend fiskiskip til að veiða fyrir verksmiðjurnar, sérstaklega þegar skipin eru rekin af útlendingum. Þótt við höfum miklar verksmiðjur, þá kemur það alltaf fyrir, þegar mikil síld berst á land, að erfitt er að koma henni nógu fljótt í vinnslu. Ég fullyrði, að það, að verksmiðjurnar hafa verið neyddar til að gera samninga við erlend skip, stafar einmitt af því, að þessar litlu verksmiðjur hafa ekki verið reknar í sambandi við stóru verksmiðjurnar á aðalsíldveiðisvæðinu, en ef því yrði komið í kring, þá mætti haga löndununni eins og skynsamlegt væri í hvert skipti.

Ég vænti, að hv. alþm. geti fallizt á að veita ríkisstj. þessa heimild. Í till. er tekið fram, að leggja skuli málið undir dóm stjórnar síldarverksmiðjanna, eins og gert hefir verið með samskonar mál áður, og eins og gert er í þeirri heimild, sem hæstv. fjmrh. hefir lagt til, að ríkisstjórnin fengi um kaup á síldarverksmiðjunni á Seyðisfirði.

Ég vil aðeins taka það fram aftur, að ef þetta verður ekki gert, þá óttast ég, að svo kunni að fara bráðlega, að eigendur verksmiðjunnar treystist ekki til að reka hana eina út af fyrir sig, og getur orðið af því mikill skaði fyrir síldarútgerðina undir vissum skilyrðum, auk þess sem það væri mjög slæmt fyrir þann stað, sem verksmiðjan er á. Skal ég svo ekki þreyta hv. þm. á lengri grg. um þetta mál. Ég hygg, að ég sé búinn að taka það allt fram, sem mestu máli skiptir frá sjónarmiði okkar flutningsmanna tillögunnar.

Ég mun ekki gera einstakar brtt. við fjárl. að umræðuefni né heldur fjárl. í heild sinni, en vil aðeins skjóta fram nokkrum orðum viðvíkjandi till. þeirri, sem hv. fjvn. flytur í sambandi við styrkveitingar til einstakra manna, og vil ég taka það fram, að mér finnst, að hv. þm. ættu að geta sannfærzt um réttmæti þeirrar till., ef þeir athuga allar þær brtt., sem nú þegar eru komnar fram um styrkveitingar til einstakra manna í sambandi við fjárl. Og ég vil spyrja hv. þm. að því, þótt ég búist ekki við að fá því svarað nú, hvort hv. alþm. álíta, að þeir séu dómbærir um það, með þeirri athugun, sem þeir hafa getað haft á þessu máli, hvort allur sá aragrúi manna, sem lagt er til, að fái styrk af ríkisfé, eigi í raun og veru skilið að fá þennan styrk. Ég veit a. m. k., að mig skortir kunnugleik á þeim málum til þess að geta dæmt um það. Ég hefi ekki haft tíma til þess að kynna mér um einstaka menn, hverjar þeirra ástæður eru, og ég hygg, að ég sé ekki einn um þá aðstöðu. Ég hygg, að framkoma alls þessa aragrúa af styrktill. til einstakra manna, sem nú eru komnar, séu sterkasta röksemdin með því, að menntamálaráði verði falið að úthluta þessum styrkjum og Alþingi vísi þeim vanda frá sér. Ég vil skora alvarlega á menn að samþ. þessa till. frá því sjónarmiði, að það, sem þingið hefir haft af þessum styrkveitingum að segja, hefir sett á það leiðinlegan blæ, með þeirri togstreitu, sem hefir átt sér stað á hverju þingi um styrkveitingar til einstakra manna, og ég held, að till. hv. þm. um persónustyrki hafi aldrei gengið lengra en á þessu þingi, og það finnast mér vera sterkustu rökin fyrir því, að till. fjvn. sé samþ., og vil ég sterklega mæla með því.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég á hér einungis eina brtt., ásamt nokkrum öðrum hv. þm., og hún er svo sjálfsögð, að ég þarf lítið fyrir henni að tala. Vænti ég, að þegar hv. fjvn. hefir athugað hana endanlega, þá sjái hún, að þetta er ekki annað en leiðrétting, og muni þá mæla með henni. Þessi brtt. er á þskj. 327 og gengur út á það að ætla þeim mönnum, sem tjón hafa beðið af völdum garnaveikinnar, samskonar aðstoð og þeim, sem eru undir barðinu á mæðiveikinni.

Eins og allir hv. þm. muna, voru á síðastl. hausti samþ. l., sem ætluðust til þess, að reynt yrði hvorttveggja, að vinna bug á útbreiðslu garnaveikinnar og aðstoða þá bændur, sem hefðu af hennar völdum orðið fyrir tjóni. Þessi l. voru samþ. svo seint á þinginu, að ekki kom nein fjárveiting í fjárl. til þessara framkvæmda, enda þarf ekki nema litla fjárupphæð til þeirra á yfirstandandi ári, en á næsta ári þarf dálítið fé til þeirra, og þess vegna þótti okkur sjálfsagt að ætla þetta fé til þess. Með tilliti til þess, að mæðiveikin er búin að vera það lengi á döfinni, að hún er víða í rénun, þá fannst okkur ekki ástæða til að auka liðinn í heild. en taka fram, að honum skyldi varið til þessa hvorstveggja. Það kann að vera, að einhverjir

standi í þeirri meiningu, að liðurinn í heild þurfi að vera hærri, og geri ég þá ráð fyrir, að þeir sömu menn flytji um það brtt., en vitanlega á þetta fé að ganga til beggja aðila jafnt, eins og l. gera ráð fyrir. Ég vona, að liðurinn verði samþ. undir öllum kringumstæðum, og þótt hann yrði hækkaður, þá myndi ég ekki mæla gegn þeirri till., ef hún er á rökum byggð.

Þá vil ég þakka fjvn., að hún hefir séð sér fært að verða við ósk minni um að ætla fé til vegagerðar í Vopnafirði, eins og ég óskaði eftir við 2. umr. Að öðru leyti skal ég ekki eyða tíma hér, en mun við atkvgr. sína afstöðu mína til hinna einstöku till.

*__Jónas Jónsson:__ Ég hefi 2 brtt. við þessa umr. fjárl., sem ég vildi skýra stuttlega.

Fyrri till. er um það að veita sjúkrasjóði Mývetninga lítilsháttar styrk. Þetta er lág fjárhæð, þar sem ekki er beðið um meira en 250 kr. Þessi sveit hefir fyrir 4 eða 5 árum stofnað sjóð, sem hér um bil öll sveitin leggur í af frjálsum framlögum, og er þetta orðinn talsvert myndarlegur sjóður, þegar þess er gætt, hve stutt er síðan byrjað var. Ég álít, að þar sem fólkið leggur á sig byrðar af frjálsum vilja til þess að koma skipulagi á þessi mál, þá sé hart að neita því um styrk, eftir að þjóðfélagið er farið að veita margfalt hærri upphæðir vegna hvers einstaklings á mörgum stöðum á landinu, þar sem menn eru lögskyldaðir til þess, og gera það meira og minna nauðugir, að hafa þetta fyrirkomulag. Ég treysti því, að hv. þm. telji þetta réttmætt, þar sem þetta er til einnar af þeim fáu byggðum á landinu, þar sem fólkið vill vera og þar sem það reynir margt til að búa svo um sig, að þar geti orðið fleiri íbúar en áður.

Þá hefi ég, með hv. 7. landsk. (GÞ), borið fram brtt. viðvíkjandi fyrrv. forseta Fiskifélags Íslands, Kristjáni Bergssyni, um það, að honum verði greidd lítilsháttar fjárhæð bæði í ár og að ári af fé Fiskifélagsins. Þetta hefi ég byggt á því, að þó að það sé alveg rétt, að Fiskifélagið vildi gjarnan hafa meiri tekjur frá ríkissjóði, og hefir farið fram á það, og þó að það mundi hafa smávegis örðugleika í för með sér fyrir félagið að bæta þessu ofan á áætlun sína, þá þótti okkur flm. réttara að fara ekki fram á hækkun á framlagi ríkissjóðs vegna þessa, hvað sem hæstv. ríkisstjórn og fjvn. leggja til, heldur að gera ráð fyrir, að félagið gæti með svona litla fjárhæð komizt einhvern veginn fram úr því að leggja þetta fram þann tíma, sem hér um ræðir, og það því fremur sem þessi fyrrv. forseti félagsins hefir skilið svo við félagið, að það á nú skuldlausa eign, sem nemur 150 þús. kr., sem menn, er til þekkja, álíta, að sé ávöxtur af hans góðu og gætilegu stjórn á félaginu.

Kristján Bergsson hefir verið forseti Fiskifélagsins um 16 ára tíma og hefir að mörgu leyti verið duglegur maður. Hann er greindur og vel menntur í öllum sjómannafræðum. Hefir hann lengi verið sjómaður, og þá bæði skipstjóri og stýrimaður, og gegnt mörgum störfum viðvíkjandi sjómannamálum. Þegar hann var forseti Fiskifélagsins, hefir það komið honum að miklu haldi í þeirri stöðu. Ég álít, að það eigi ekki að láta hann gjalda þess, þó að hann hafi um eitt mál orðið á annari skoðun en margir menn aðrir, sem við sjó búa, vegna þess að sú skoðun gat ekki verið neitt persónulegt hagsmunamál fyrir hann, því að hann hafði ekki útgerð, heldur áleit hann sitt mál réttast í þessu efni. Og það, að sú skoðun hefir sigrað, á því byggist verulega mikill hluti af íslenzkum sjávarútvegi. Kristján Bergsson hélt því fram, eins og Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson, að það væri réttara fyrir okkur að nota dragnót. Og síðustu árin hefir dragnótin orðið undirstaðan undir okkar mikla útflutningi. Ég ætla ekki hér að fara ýtarlega út í þetta mál, heldur bendi ég aðeins á þetta, af því að það eru margir sjómenn, sem hafa verið á móti þessari veiðiaðferð. En þessi málstaður, sem Kristján Bergsson hélt fram, hefir sigrað og gefur landinu miklar tekjur nú sem stendur.

Lög Fiskifélagsins eru þannig, að forsetinn er kosinn af 12 fulltrúum, sem þar eru. Og það eru engin ákvæði um það, ef einn fulltrúann vantar, ef forsetinn, sem verið hefir, fær ekki nema 5 atkv. í stað 6 eða 7. Og þannig gerðist það, að Kristján Bergsson, eftir 16 ára starf sem forseti félagsins, fékk ekki nema 5 atkv. við kosningu forsetans, en annar maður ungur fær 6 atkv. Kristján Bergsson er þá á þriðja mánuði ársins skyndilega sviptur störfum, sem hann hefir gegnt í 16 ár. Nú finnst okkur, sem flytjum þessa till., að það sé a. m. k. sómaverk að borga þessum manni einhverjar litlar skaðabætur, ef svo mætti segja, fyrstu 2 árin, hvað sem svo við tekur. Ég hygg, að varla sé með sanngirni hægt að mæla á móti því, að þessa till. beri að samþ.

Þá ætla ég að minnast lítillega á mál, sem í raun og veru kemur mér ekkert sérstaklega mikið við, það sem hæstv. fjmrh. hefir getið um hér í dag, þ. e. skoðun hans, sem er gagnstæð skoðun fyrrv. fjmrh., að það sé réttara að hafa styrki eða laun til listamanna, rithöfunda og skálda veitt hér á Alþ. heldur en í n.

Þetta mál bar þannig að, að fyrrv. fjmrh. ákvað að vinna að því að taka þetta út úr þinginu, eins og margir styrkir hafa verið teknir áður; t. d. hefir vegamálastjóri vissa fjárhæð handa starfsmönnum sínum og fræðslumálastjóri hefir sömuleiðis nokkra fjárhæð handa sínum starfsmönnum. Og Alþ. ákvað að láta mjög mikið af styrktarfé til námsmanna fara í þessa sérstöku menntamálanefnd til úthlutunar. Og þó að menntamálaráð sé eins og annað, sem af dauðlegum mönnum er stofnað, nokkuð umdeilt um styrkveitingar, þá hafa ekki komið raddir um það, að Alþ. taki í sínar hendur að úthluta styrknum til námsmanna. Ástæðan til þess er m. a. sú, að ef þessi styrkjaúthlutun væri afgr. á Alþ., yrðu hv. þm. í mjög mörgum tilfellum að greiða atkv. um alveg ókunnuga menn. Og fyrrv. fjmrh., hæstv. viðskmrh., hefir nú lagt til, að sömu leið verði farið um úthlutun á styrk eða launum til rithöfunda, skálda og listamanna. Um þetta atriði voru greidd atkv. í vetur og með litlum atkvæðamun hallazt að því, að skipti

á þessu fé færu fram í menntamálaráði. Ég held, að ég hafi ekki orðið var við það nema í blaði kommúnista, að þessi skipti styrkjanna hjá menntamálaráði hafi mætt gagnrýni. En þau voru töluvert erfið, vegna þess að fjárhæðin, sem menntamálaráðið hafði úr að spila, var minni heldur en verið hafði áður, og þess vegna var erfitt að gera tvo mága að einni dóttur. En að öllu samantöldu gekk allur þorri manna inn á það, að þessari skiptingu væri svona fyrir komið í framkvæmd, nema núv. hæstv. fjmrh. var óánægður með þetta fyrirkomulag, og sýndi óánægja hans sig í því, að hann tók út 3 eða 4 menn, sem höfðu fengið nokkurn styrk, og vildi ekki hafa, að þeir fengju neitt. Nú var þetta að því leyti dálítið veik aðstaða frá hans hálfu, að sú framkvæmd, sem hann gekk undir þar að breyta, var gerð af hans flokksbræðrum. Svo að hann átti í striði, ekki fyrst og fremst við menn úr öðrum fl., heldur fyrst og fremst sína eigin samherja. En þeir höfðu í raun og veru að ég hygg fullkomlega ástæðu til þess að líta á það mál eins og þeir gerðu, þar sem hvorki ríkisstjórn eða Alþ. höfðu þá markað neina stefnu í því almenna viðhorfi gagnvart þeim mönnum, sem ekki eiga sitt föðurland á Íslandi, heldur í öðrum löndum.

Nú á Alþ. innan skamms að ákveða, hvaða stefna tekin verður í þessu máli. Og ég álít það mjög vafasamt af hæstv. fjmrh. að gera þessa breyt. á þennan hátt eins og hann gerði. Það hefði verið eðlilegra, að hann hefði látið það fyrirkomulag, sem samþ. var á síðasta þingi í þessu efni, standa til þingsins nú, og farið svo fram á það við fjvn. að taka það til athugunar og breyt., heldur en að breyta í þessu efni því, sem síðasta þing var búið að samþ. En þetta atriði skiptir ekki miklu máli, þetta hefði orðið deilumál fyrir það.

Þetta er ekkert hagsmunamál fyrir menntamálaráð, að fá þessi afskipti í sínar hendur. Það er aðeins aukið erfiði því samfara fyrir það og aukinn áróður, sem það verður fyrir. Og ég hefi ekki neinn, og enda hefi ekki haft, að ég held, minnsta hagnað af því, að menntamálaráði hefir verið eða mun verða falið að hafa á hendi þessi skipti.

Ég bjóst við því, að það mundi koma umsóknir um styrki til skálda og listamanna í stríðum straumi til Alþ. Og nú eigum við að greiða atkv. um 35 menn, sem einn eða annar hv. þm. telur maklega að koma hér inn. Ég efast ekki um, að allir þessir 35 menn hafi meiri og minni þörf fyrir að fá eitthvað úr ríkissjóði, og sumir þeirra eru náttúrlega mjög miklir menn. En ef þessi tala verður öll samþ. nú og bætt verður við þeim, sem hæstv. fjmrh. hefir tekið inn á fjárl., þá er það alls nokkuð mikið, eða 80 til 90 menn. Og viðbúið er, að aðrir 35 menn mundu koma til viðbótar á næsta þingi og svo koll af kolli.

Ég er viss um það, hvað sem samþ. verður í þetta sinn, að þá hlýtur stefna hæstv. fjmrh. í þessu efni að tapa á næstu misserum, af sömu ástæðu eins og þegar maður sér vatn og lægð er fram undan, þá leitar vatnið þangað. Það verður ómögulegt fyrir þingið að ráða við óskir um þessa styrki, sem fram verða bornar af nýjum og nýjum mönnum, sem í okkar listræna landi ætla að fá þessa styrki. Og ég verð að segja, að mér er kunnugt um, að fólki þykir leiðinlegt að lesa öll þessi nöfn í fjárl. og þykir ekki gott form á þessu. Og mörgum, sem þarna eru sjálfir, þykir leiðinlegt að hafa sín nöfn þarna.

Ég get tekið það fram, að í þessum lista, sem afgr. var frá menntamálaráði í vetur, þá er einn maður, sem ég get sannað hvar sem er, að á ekki þennan styrk skilið og hefir aldrei átt. En hvort sem þessi mál eru í Alþ. eða menntamálaráði, þá hefir þessi maður tvo flokka með sér, því að maðurinn segist vera í einum flokki, en fylgir raunverulega öðrum, og hefir þannig báða með sér og fær upp á þetta stuðning beggja. Það er alltaf dálítið til af svona mönnum, sem koma sér svona laglega fyrir. Og þessa menn verður Alþ. að sitja með eða menntamálaráð, hvort sem heldur er. Ennfremur hafði menntamálaráð erft ýmsar smásyndir frá Alþ., þannig að sú gagnrýni, sem með réttu er hægt að bera fram gagnvart okkar skiptum á þessu fé í vetur, hún er á þann hátt ósanngjörn, að við hlutum að taka menn og ákveða styrki handa þeim, sem Alþ. hefir í sjálfu sér haft á föstum launum. Það var þar af leiðandi ekki hægt að meta það, hvort þessir menn ættu að fá styrk, eins og um nýja menn væri að ræða.

Ég geri ráð fyrir, að smátt og smátt, þegar þessi átök, sem hér er um að ræða, eru orðin svo mikil, að jafnvel þeim frjálslynda hæstv. fjmrh., ef hann verður í þessari stöðu, þykir nóg komið af sliku, þá komi að því, að sett verði lög um það, að menntamálaráð skuli vinna þessa vinnu og svo afhendi ríkið vissa fjárhæð því til úthlutunar þessarar. Og eftir því sem tímar líða, verður hægra að taka þetta öðruvísi en nú er gert, þ. e. úthluta eftir verðleikum, en ekki beinlínis eftir því, þó að menn leiki það að vera í tveimur flokkum til þess að fá þennan styrk.

Læt ég svo úttalað um þetta mál nú og mun ekki, nema ég þurfi sérstaklega, ræða um það nú aftur. Ég álít, að það skipti tiltölulega litlu, hvað verður ofan á við atkvgr. um þetta nú, vegna þess að ef hæstv. fjmrh. hefir meiri hl. með sér í þessu efni, sem vel má vera, þá fær hann heilmikinn hóp af nýjum mönnum inn á fjárl. Ég býst við, að það drepi nú ekki landið, því að það verða ekki svo stórar fjárhæðir, sem þar bætast við. En á hinn bóginn er ég fullviss þess, að Alþ. mun ekki til lengdar sætta sig við þær viðbætur, og þar af leiðandi, ef það verður ekki nú, þá verður það á næsta þingi eða næst-næsta, sem menn taka upp það ráð, að mæta þessum mikla áróðri með ákveðinni fjárhæð, sem ætluð sé til styrkjanna.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi nú ekki á undanförnum árum lagt í vana minn að bera fram brtt. við fjárl. Ég hefi ekki gert það síðan árið 1933. Eina undantekningin frá því er, að ég var meðflm. að einni brtt. á síðasta þingi. Sú till. var aðeins um leiðréttingu á annari till., sem fram var komin frá fjvn., og get ég því

ekki talið hana. Og stendur því þetta í raun og veru, að ég hefi ekki borið fram brtt. við fjárl. til hækkunar síðan á þinginu 1933.

En nú hefi ég brugðið út af þeirri venju og gerzt meðflm. að einum fjórum brtt., sem hér liggja fyrir. Og með því að svo stendur á, að ég á, sem kunnugt er, sæti í fjvn., þá þykir mér rétt að segja hér nokkur orð mér til réttlætingar, því að í sjálfu sér er það svo, að þegar maður hefir setið á mörgum þingum án þess að bera fram brtt. við fjárl. og ekki átt sæti í fjvn., þá kynni í fljótu bragði að virðast enn minni ástæða að gera slíkt fyrir mann, sem þar á sæti. Ég mun þó ekki ræða neitt að ráði um hverja einstaka af þessum brtt., sem ég er við riðinn, því að sumpart eru þeir menn, sem flytja þessar brtt. með mér, búnir að tala fyrir þeim og skýra þær, og sumpart munu þeir gera það hér á eftir. En ég skal þó minnast á það, að ég hefi gert ásamt samþm. mínum brtt. um, að þremur mönnum verði veittur nokkur styrkur, og eru það allt menn, sem telja verður til listamanna og heyra undir þann lið. Það er búið að mæla fyrir þessari brtt., og aðalflm. hennar gat þess, að hún mundi verða tekin aftur, ef till. fjvn. um það að veita 80 þús. kr. til skálda og listamanna, sem menntamálaráð síðan úthlutaði, verður samþ. Það liggur nú í augum uppi, að það er ekkert ódæði, þó að fjvn.-maður flytji brtt. um þetta efni, af þeirri einföldu ástæðu, að fjvn. hefir alls ekkert fjallað um þessi mál að öðru leyti en því að bera fram till. um það að veita fé til þessa, sem menntamálaráð úthlutaði. Þingið sjálft er því sá eini vettvangur, þar sem ég gat komið þessari till. að. Og ég get bætt því við, að ég vona það fastlega, að þessi till. fjvn. um það, að menntamálaráð hafi með höndum úthlutun þessa fjár, verði samþ. Og ég finn alveg sérstaka ástæðu í sambandi við ummæli, sem fallið hafa um þetta frá hæstv. fjmrh., til að taka það fram, að ástæðan til þess, að ég fylgi þessari till., er ekki sú, að ég ætli menntamálaráði sérstaklega að sjá um það, að kommúnistar fái ekki styrki; ég tel það yfirleitt ekkert færara til þess heldur en þingið sjálft, ef sú stefna verður upp tekin á annað borð, heldur er ástæðan til þess, að ég fylgi því, að menntamálaráð vinni þetta verk, eingöngu sú, að ég sé ekki nokkurt annað ráð til þess að hægt sé að stöðva sig á ákveðinni upphæð, sem þinginu þyki á hverjum tíma tiltækilegt að veita í þessu skyni, heldur en þá að ákveða upphæðina í einu lagi í fjárl. og fela svo nefnd utan þingsins að skipta þessari ákveðnu upphæð. Það er alltaf svo, að þegar till. um einstaka menn eru bornar fram á Alþ., þá þykir ekki muna um það í hverju tilfelli, þó að samþ. sé till. um að bæta svo sem einu þús. kr. við o. s. frv. Og reynslan verður því sú, að þessi upphæð hækkar ár frá ári hjá þinginu, sem í þessu skyni er veitt, ef þingið á annað borð veitir þetta á nöfn. Út af þeim miklu umr., sem farið hafa fram um þetta mál, utan þings og innan, þykir mér ástæða til, úr því að ég stóð upp á annað borð, að taka þetta fram. Þetta er orsökin til þess, að ég er ákveðinn í því, eins og á síðasta þingi, að fylgja till. um það að veita 80 þús. kr. í þessu skyni og fela menntamálaráði að úthluta því.

En auk þess að ég hefi nú verið meðflm. að till. um að veita þessum þremur mönnum styrk, þá hefi ég einnig gerzt meðflm. að till., sem fjallar um nokkur fjárframlög til nauðsynjamála í mínu kjördæmi. Ég skal fara mjög stutt út í það að ræða þessar till., af þeirri ástæðu, sem ég gat um áðan, að það hefir verið gert og verður gert af öðrum. Ég vil þó taka það fram, að ég get alls ekki litið svo á, að till. um Siglufjarðarskarð, sem ég er meðflm. að, sé í raun og veru nokkurt kjördæmamál fyrir mitt kjördæmi, þó að svo vilji til, að framkvæmdirnar eiga að vera að hálfu leyti í mínu kjördæmi. Þetta er þjóðþrifamál, að koma Siglufjarðarbæ í samband við vegakerfi landsins, vegna þess hve sérstaklega stendur á um þennan bæ, að fjöldi manna viðsvegar af landinu dvelur þar um sumartímann, innilokaður að öðru leyti en því, sem hægt er að fara á sjó. Þetta mál hefir þar af leiðandi eins mikla þýðingu fyrir menn úr ýmsum héruðum landsins eins og fyrir Siglfirðinga sjálfa. Og ég ætla ennfremur út af þessu að leyfa mér að minna á þann góða vilja, sem fram kom hér á hæstv. Alþ. á síðasta þingi til þessa máls, því að þá voru allir hv. þm. sammála um, að það þyrfti mjög að hraða því, að þessi vegur kæmist yfir Siglufjarðarskarð. Það var aðeins talið, að fjvn. hefði ekki hitt á rétta aðferð til þess að hrinda þessu í framkvæmd. En allir þeir, sem þá upp luku sínum munni um þetta, töldu sig alveg fulla af velvilja og áhuga fyrir því, að þetta kæmist í framkvæmd. Nú vona ég, að ekki þyki svo mikið athugavert við formið á þeirri till., sem borin er fram um þetta efni, að ekki megi samþ. hana þess vegna. Ennfremur finn ég ástæðu til að geta þess út af þessari till., að mér hefði verið fullnægt með því að bæta aths. við liðinn, en hv. meðflm. mínir vildu einnig breyta upphæðinni.

Þá skal ég aðeins minnast á 12. till. á þskj. 308. Er þar farið fram á 5000 kr. til sjóvarnargarðs í Ólafsfirði og til uppfyllingar í sambandi við garðinn, fyrri greiðsla af tveimur. Ég hefi gerzt meðflm. að þessari till. af því, að ég álít, að hér sé aðeins að ræða um skyldu, sem ríkissjóður hefir til að láta Ólafsfjörð njóta jafnmikils réttar og aðra, sem hafa komið slíkum mannvirkjum upp. Það er búið að gera þetta mannvirki, og það hefir kostað um 30 þús. kr. Ríkissjóður hefir áður veitt styrk til alveg samskonar mannvirkja á þremur stöðum a. m. k., og tel ég því, að honum beri einnig að leggja fé fram í þessu skyni, eins og t. d. á Sauðárkróki og Húsavík, en á báðum þeim stöðum ætla ég, að fé hafi verið veitt úr ríkissjóði í raun og veru til nákvæmlega samskonar mannvirkja.

M. ö. o., afsökun mín fyrir því, að ég hefi gerzt meðflm. að nokkrum brtt. við fjárlögin, þrátt fyrir það að ég hafi átt sæti í fjvn., er sú, að með þessum till. er aðeins farið fram á, að Eyjafjarðarkjördæmi njóti sama réttar og ýmis önnur héruð landsins. Ég skal játa, að ef litið er á upphæðina eina, hefir Eyjafjarðar-

sýsla fengið ekki einasta eins mikið og sum önnur kjördæmi, heldur meira, og þetta er nú sá mælikvarði, sem ýmsir hv. þm. vilja leggja á um það, hvernig rétt sé að skipta því fé, sem sýslur fá á annað borð, hvað upphæðin er há á hvert hérað fyrir sig. Ég álít, að þessi grundvöllur sé rangur, það eigi að miða við íbúatölu í héraðinu og að nokkru leyti við það, hvað miklar tekjur í ríkissjóð héruðin greiða. Og þegar sá mælikvarði er lagður á, þá fullyrði ég, að jafnvel þótt allar þessar till., sem bornar hafa verið fram af þeim þm., sem kosnir hafa verið af Eyfirðingum, yrðu samþ., þá væri þar með ekki samþ. neitt annað en að Eyjafjörður njóti jafnréttis við önnur héruð.

Að öðru leyti vil ég svo láta hv. meðflm. mína um það, að svo miklu leyti sem það er ekki þegar búið, að gera grein fyrir og skýra þessar till. En ég vænti þess, að minir góðu meðnm. í fjvn. hafi nú sannfærzt um, að það var ekkert rangt af mér og engin brigðmælgi við þá, að gerast meðflm. að þessum brtt., þrátt fyrir það, að þær næðu ekki fram að ganga í fjvn., því að þess mega þeir sjálfir vera minnugir, að öllum þessum till. hreyfði ég í fjvn., þó að þær næðu þar ekki fram að ganga, og hét engu um það í n. að falla frá þessum óskum.

Forseti (PO): Útbýtt hefir verið brtt. á þskj. 365 við fjárlagafrv. Þarf afbrigði, til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég mun ekki gera fjárlögin eins og þau liggja fyrir að umtalsefni, heldur aðeins leyfa mér að vísa til ræðu hæstv. fjmrh.

Það eru örfáar till. af þeim, sem hér liggja fyrir, sem ég tel mér skylt að minnast á með nokkrum orðum. Ég vil þá fyrst leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir þrjár af þeim till., sem hún hefir flutt á þskj. 272. Það er fyrst 12. till., sem er við 13. gr., sem er um það, að lagðar verði fram sem 1. greiðsla af 9 10 þús. kr. til dýpkunar á Raufarhöfn. Eins og kunnugt er, er þess vænzt, að næsta sumar verði reist á Raufarhöfn verksmiðja, sem á að geta unnið úr 5 þús. málum á dag. Þarna er lítil verksmiðja, sem getur unnið úr 1200 málum. Það er vitað, að ef ný verksmiðja á þessum stað á að koma að gagni, þarf að dýpka höfnina, svo að stærri skip geti komizt þar að heldur en nú er. Til þess að það megi verða, þarf að gera hafnarbætur á Raufarhöfn, sem áætlað er, að muni kosta nokkuð á þriðja hundrað þús. kr. Framlag ríkissjóðs í þessu sambandi ætti að verða um 90 þús. kr., til þess að ríkissjóður fullnægi gagnvart Raufarhöfn þeim ákvæðum, sem hafa verið sett almennt á síðustu árum um hafnargerðir. Nú hefir n. með þessari till. lagt til, að svo verði, og vænti ég, að Alþ. samþ. þetta. Má svo gera ráð fyrir, að stj. verksmiðjanna hafi forgöngu um að afla ljánsfjár í þessu skyni, annarsvegar til að standast þann kostnað, sem hreppurinn á að hafa, og hinsvegar til þess að nú þegar verði hægt að leggja fram það fé, sem ríkið fyrir sitt leyti með samþykkt þessarar till. tekur að sér að inna af hendi á níu árum.

Þá vil ég næst minnast á 37. till. n., sem er um það, að ríkissjóður greiði til rannsóknarráðs 30 þús. kr. á árinu 1941. Ég tel þegar fengna reynslu fyrir, að starfsemi þessa rannsóknarráðs sé svo mikilvæg, að ríkinu beri að standa undir þeim kostnaði, sem af þeirri starfsemi leiðir. Ég hafði haldið, að rétt væri að hafa þessa upphæð nokkru hærri, en tel þó ekki ástæðu til að gera brtt. þar um, í fullu trausti þess, að Alþingi samþ., að stj. sé heimilt að inna af hendi þær greiðslur, sem reynslan sýnir að verða nauðsynlegar, eftir því sem atvik standa til.

Þá er það loks b.-liður 69. till. á sama þskj., um að veita 100 þús. kr. ábyrgð vegna hafnargerðar í Njarðvík. Það verður að vísu að játa, að enn liggur ekki fyrir full rannsókn um höfn á Suðurnesjum, hvort hún skuli verða í Njarðvík, en ég geri ráð fyrir, að áður en kemur fram á sumar, verði aðstaða til þess að dæma um með meira öryggi, hvort höfnin skuli vera þar eða annarstaðar. Ég geri ráð fyrir, að stj. muni ekki leggja í þessar framkvæmdir, jafnmikilvægar og þær eru og kostnaðarfrekar og jafnörlagarikar afleiðingar og þær geta haft, nema fullkomið öryggi sé fyrir í þessum efnum. Ég get hugsað mér, að þessi fjárveiting komi ekki til hagnýtingar á þessu sumri, því að mér er ljóst, að hún gildir ekki fyrr en árið 1941, en þrátt fyrir það er ég þakklátur hv. fjvn., því að með þessari till. hefir hún viðurkennt nauðsyn þess, að það opinbera leggi fram verulegan fjárstyrk til þess að koma upp bátahöfn við Faxaflóa, og þá einmitt á Suðurnesjum, og ég skil till. þannig, að þótt nefnd sé sérstaklega Njarðvík, þá sé meiningin sú hjá n., að stj. megi nota þessa heimild þar, sem hún álítur, að fenginni umsögn þar til hæfra manna, og þá fyrst og fremst vitamálastjóra og hafnarverkfræðinga, að réttast sé og heppilegast að byggja slíka höfn.

Þá er það næst 1. brtt. á þskj. 333, sem þeir flytja, hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. Skagf., að hækka framlag til flugmála úr 20 þús. í 30 þús. kr. Ég vil leyfa mér að skýra Alþ. frá því, að þessa brtt. hafði ég hugsað mér að flytja og hafði þegar leitað til þess samþykkis tveggja af ráðh., en hafði ekki haft tal af hinum. Mér þótti því vænt um, þegar mér barst til eyrna, að von væri á slíkri till. frá þessum hv. þm. Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að þingið samþ. þessa till., með þeim rökum, að ef ekki verður varið til flugmála meiru en 20 þús., verða áreiðanlega mikil vanefni á því að halda uppi allra nauðsynlegustu starfsemi á þessu sviði. Af þessum 20 þús. mun Flugfélag Akureyrar fyrrv., sem nú heitir Flugfélag Íslands, fá helminginn, samkv. loforði frá fyrrv. atvmrh., 1. flm. þessarar brtt. Er þá ekki eftir nema 10 þús. til allrar annarar flugstarfsemi, sem er vitanlega á engan hátt fullnægjandi, þó að ýtrustu sparsemi sé gætt.

Ég vil benda þinginu á, að nokkrar líkur eru

á, að nauður reki til að nú á þessu sumri verði að taka eignarnámi land suður við Skerjafjörð, sem að dómi fagmanna verður að teljast eftir atvikum bezti flugvöllur í nágrenni Reykjavíkur, miðað við framtíðarþörf. Ég hirði ekki að rekja það mál hér, en vil aðeins benda á, að þetta getur komið til, og hefir það þá vitanlega fjárútlát í för með sér, sem Alþ. yrði þá á sínum tíma að taka upp á fjáraukalög. Þessi till. felur í sér viðurkenningu þess, að því opinbera beri að stuðla að því í ríkari mæli en gert hefir verið hingað til, að efla flugmál hér á landi. Ég geng þess ekki dulinn frekar en áreiðanlega margir aðrir hv. þm., að reynslan er þegar búin að sýna greinilega, að flugmál hljóta að eiga hér mikla framtíð, og okkar vegur verður þá mestur, að við ekki látum dragast úr hömlu fram að sýna, að einnig Alþ. sem heild skilji þessa þörf þjóðarinnar. Flugferðir ryðja sér æ meir og meir til rúms hjá öllum menningarþjóðum, en mér er nær að halda, að óvíða sé meiri þörf fyrir flugsamgöngur en einmitt á Íslandi.

Um 1. brtt. á þskj. 352, um styrk til flóabátaferða, sem er flutt af samvn. samgöngumála, vil ég leyfa mér að vísa til ræðu hv. frsm. samvinnun., þm. V.-Sk. Skal ég láta mér nægja með þeim rökum, sem hann færði fram, og þeim rökum, sem greind eru í nál. samvn., að leggja áherzlu á, að sú till. verði samþ.

Þá vil ég einnig leyfa mér að mælast til þess, að Alþingi taki vel í VI. till. á þskj. 365, sem flutt er af hv. þm. Barð. og nokkrum öðrum hv. þm., um að hækka framlagið til Fiskifélagsins úr 75 þús. upp í 85 þús. Það er enginn vafi, að ef Fiskifélagið á að geta haldið uppi svipuðu starfi og það hefir gert að undanförnu, þá er þetta nauðsynleg fjárveiting. Það væri ekki heldur óeðlilegt, að Alþ. hækkaði nú nokkuð fjárveitingu til þessa félags, þar sem það hefir áður lækkað fjárveitinguna til þess, og ekki síður fyrir hitt, að það hefir haft fullan skilning á starfsemi annars hliðstæðs félags, Búnaðarfélags Íslands, og veitt ríkulega fé til þess að halda henni uppi.

Ég sé ekki ástæðu til að gera aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, að umtalsefni, og eins og ég *gat um í upphafi máls mins, tel ég ekki ástæðu* til að gera fjárl. almennt að umtalsefni, en vísa þar aðeins til ræðu hæstv. fjmrh. Ég vil þó aðeins segja það, að ég tel nauðsynlegt, að flokkar þeir, sem að stj. standa, hafi um það samstarf, að beita sér um allan þorra till. að því að afgr. fjárl. varlega. Ég lít líka svo á, að flestar þær till., sem einstakir hv. þm. hafa borið fram, beri fremur að skoða sem óskir, sem þessir þm. hafa fram að færa fyrir sín héruð eða þær persónur, *sem till. fjalla* um, heldur en kröfu um, að till. nái fram að ganga. Ég þykist vita, að ábyrgðartilfinning þeirra sé svo rík, að þeir geti sætt sig við, að till. þeirra verði vísað á bug, ef það gengur almennt yfir, svo að hægt sé að segja, að ekki sé þar um misrétti að ræða.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég á ekki stórar brtt. við þetta fjárlfrv., og hefði þó verið full ástæða til. En það verður að líta á fleira en eigin óskir og haga sér nokkuð í samræmi við það.

Ég hafði skrifað hv. fjvn. viðvíkjandi hluta af benzínskatti. Þegar 8 aura viðbótargjaldið var lagt á, var til þess ætlazt, að honum yrði varið til vegaendurbóta, og var það gert og er gert að nokkru leyti enn, en mér hefir þótt mitt kjördæmi nokkuð afskipt í þeim efnum, því að þar fellur mikill benzínskattur til, en það hefir gengið skrykkjótt að fá þingið til að viðurkenna sjálfsagðan rétt Vestmannaeyinga hvað not þessa fjár snertir. Ég ætla, að það muni ekki vera fjarri 6 þús. kr., sem þessi skattur nemur, og hefir þingið um eitt skeið fallizt á að borga 5 þús. til endurbóta á vegum þar, og það fór ég fram á, að nú yrði gert. Fjvn. hefir nú lagt til, að þessi upphæð yrði ákveðin 2 þús. kr., og er ég að vísu hvergi nærri ánægður með það, en hefi þó ekki ráðizt í að reyna að fá því breytt, þar sem n. er búin að taka þessa ákvörðun, en þá vona ég, að n. og Alþ. muni því frekar taka með sanngirni á öðrum þeim till., sem ég hefi borið fram og snerta þetta kjördæmi, sem hefir nú um langt skeið verið frekar afskipt um fjárveitingar.

Ég hefi flutt tvær brtt. við 22. gr. Önnur þeirra er ekki komin fram enn, en mun von á henni bráðlega. Er hún flutt fyrir eindregna áskorun frá hafnarnefnd og bæjarstjórn Vestmannaeyja og er um það, að veittur verði í eitt skipti fyrir öll sérstakur styrkur til hinnar mest aðkallandi dýpkunar á innsiglingunni í Vestmannaeyjahöfn. Um nokkurt skeið hafa verið veittar 30 þús. kr. í þessu skyni, og hafa komið 60 þús. á móti frá Vestmannaeyjahöfn í hvert sinn. Ég hefi líka skrifað fjvn. um þetta og farið fram á 20 þús. kr. í þessu skyni. N. hefir ekki séð sér fært að sinna þessu máli. Þess vegna ber ég fram till. um þetta og ætla að leyfa mér að minna á hana nú, því að ekki er víst, að maður komist að að tala um hana síðar. Er í till. farið fram á að heimila stj. að greiða til Vestmannaeyja í þessu sérstaka skyni, til dýpkunar, 20 þús. kr., gegn jafnmiklu framlagi frá Vestmannaeyjum, og til vara 15 þús. kr. á sama hátt. Það er þeim bezt kunnugt, sem *eiga við hafnarskilyrðin* að búa austur þar, hversu ákaflega mikill bagi er að því fyrir kaupendur á kolum, salti og annari stórvöru, að ekki skuli komast skip nema af mjög takmarkaðri stærð inn á höfnina, sökum þess hvað innsiglingin er grunn ennþá. Á síðari árum hefir verið unnið að því að ráða bót á þessu, en hefir ekki gengið svo fljótt sem æskilegt væri, þar sem fjárveiting hefir verið af svo skornum skammti sem raun ber vitni. Þetta er aðallega unnið af *köfurum, tekið grjót á botni og dregið upp á* yfirborð sjávar. Er það seinlegt verk og ákaflega dýrt. Sökum þess hvað þetta verk gengur seint, en er á hinn bóginn aðkallandi, hefi ég farið fram á þessa heimild til handa stj. Það verður þá, þótt þingið samþ. till., á valdi stj. að ákveða, í samráði við vitamálastjóra, hvort þessi heimild yrði notuð, og mundi hún sannarlega vera bær að dæma um það eftir beztu manna yfirsýn, og að sjálfsögðu er ég sann-

færður um, að verkfræðingar vitamálastjórnarinnar mundu verða á sama máli og þeir, sem fyrir þessum framkvæmdum berjast austur þar, að dýpkunin, sem þarna er sérstaklega um að ræða, megi vart úr hömlu dragast.

Hin brtt., sem ég flyt við 22. gr., er á þskj. 327,XXXI, þess efnis, að ríkisstj. verði heimilað að láta halda áfram því verki, sem hafið er til varnar gegn landbroti á Vestmannaeyjajörðum. Mér þætti það mjög skipta máli, að hv. fjvn. legðist ekki líka á móti þessari heimild handa ríkisstjórninni. Ég hafði fyrir ca. 2 árum fengið samþ. hér á Alþingi till. um, að verja mætti nokkru af tekjum umboðsins í Vestmannaeyjum til þess að verja land ríkissjóðs fyrir landbroti og sjó. En eins og kunnugt er, þá á ríkissjóður allar jarðeignir í Vestmannaeyjum, og því var þetta ekki nema eðlileg krafa. Á verki þessu var byrjað, samkvæmt þeirri heimild, sem ég nú hefi nefnt, en í fyrra fékkst ekki að halda verkinu áfram. En að stöðva slíkt verk sem þetta er verr farið en skyldi, það er alveg sama og t. d. að hætt væri í miðju kafi við fyrirhleðslu vatnasvæðisins í Rangárvallasýslu.

Þá vil ég minna á till. frá sjútvn. Ed., en hún leggur það til, að rekstrarábyrgð sú, sem veitt er á fjárlögum yfirstandandi árs fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar, verði hækkuð úr þeim 150 þús. kr., sem hún er nú, upp í 200 þús. kr. Þetta er sama upphæð og ábyrgzt er fyrir samskonar verksmiðju á Akureyri, og verður því að teljast fyllilega réttmætt. Í þessu sambandi má og geta þess, að tunnur þær, sem verksmiðjan á Siglufirði framleiðir, eru sérstaklega góðar. Þegar slíkt ástand er sem nú, er full þörf á, að slíkt fyrirtæki sem þetta sé stutt.

Þá á ég ásamt fleirum brtt. um að hækka styrkinn til Fiskifélags Íslands. Hæstv. atvmrh. hefir mælt með brtt. þessari. Auk þess má benda á það, að fyrir liggja gögn frá forseta félagsins, þar sem hann sýnir fram á, að það sé ekki hægt að framkvæma störf félagsins fyrir þá upphæð, sem til þess er ætluð í fjárlfrv., vegna aukinnar dýrtíðar o. fl. Þetta vænti ég, að hv. þm. geti fallizt á, og greiði því atkv. með till.

Hér hefir mikið verið talað um styrkinn til skálda og listamanna, og mun ég ekki blanda mér inn í þær umræður nema hið allra minnsta. En ég hefi leyft mér að flytja hér eina brtt., en hún er um það, að Þórarni Jónssyni tónskáldi verði veittar 1800 kr. Hann hefir fengið styrk á undanförnum árum, en nú hefir hann verið strikaður út. Um þörf hans fyrir styrkinn áfram þarf ég ekki að fjölyrða, hún er engu minni en hún hefir verið. Maður þessi dvelur nú í Berlín og á erfitt fjárhagslega. Ég vænti nú, að hv. þm. líti með velvild á brtt. þessa og lofi þessum fátæka listamanni að njóta þessa litla styrks áfram.

Þá á ég og smábrtt. um styrk til Bjarna Björnssonar leikara. Ég tel hann engu síður vel að því kominn að fá smá-listamannastyrk en aðra, sem hann fá og hafa fengið.

Annars skal ég taka það fram, að enda þótt ég flytji þessar brtt., þá finnst mér halarófan á fjárlögunum, með öll skáldin og listamennina, þegar orðin allhlöng, og ég get því vel fallizt á, að ekki sé úr vegi að taka upp aðra skipun á þessum málum en verið hefir. Það hefir verið deilt um réttlæti menntamálaráðs um úthlutun þessa fjár, — en hefir kannske ekki líka verið deilt um úthlutun Alþingis á því?

Að síðustu skal ég taka það fram, að enda þótt ég sé Vestmannaeyingur, þá styð ég till. um fjárveitinguna til vegar yfir Siglufjarðarskarð. Ég hefi oft fundið til þess, hversu mjög allar samgöngur á landi við Siglufjörð eru slæmar, þegar atvinnulífið þar er í sem mestum blóma.

***Eiríkur Einarsson:** Það er eins og í gamla daga, þegar fjárl. eru hér til umr., að þá er helmingur hv. þm. úti í Iðnó á leiksýningu að gera greinarmun hins forboðna og leyfða í samræmi við gömlu ávaxtasöguna. Hér er því fámennt og góðmennt, en það er líka eins gott að tala við fáa og góða.

Ég er nú ekki aðalflm. að neinni brtt. við fjárl., en ég hefi slæðzt til að vera meðflm. að nokkrum brtt. En úr því að hér eru ekki aðrir flm. að þessum till., ætla ég að nota þessa auðu stund til að segja nokkur orð um þær. Það eru tvær till., önnur á þskj. 333, en hin á þskj. 365, sem ég á þannig hlut að, og lúta báðar að eflingu mikilsverðra framfaramála. Önnur fer fram á aukinn styrk til skógræktarfélaga landsins, en hin lýtur að því að styðja ungan fræðimann með styrkveitingarheimild til að efla fiskrækt í stöðuvötnum landsins. Er þetta Skúli Pálsson, og er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélagið gefi álit sitt um málið, til tryggingar því, að varlega verði farið.

Til að örva skógrækt og fiskrækt (lax- og silungsveiðar) í landinu er vel varið fé, ef það mætti verða til eflingar því tvennu, sem frá því í fyrndinni og fram til þessa dags hefir orðið til þess að gefa Íslandi þann blæ, að það sé gott og fagurt, þar sem fiskar vaka í ám og vötnum og skógar klæða landið.

Þá er 3. brtt., sem ég vildi minnast á. Það er till. nr. 33 á þskj. 308, sem ég flyt ásamt hv. þm. Mýr., sem er 1. flm., og fer hún fram á, að veittar verði allt að 100 þús. kr. til að lækka útsöluverð á aðkeyptum áburði fyrir þetta og næsta ár, og er Búnaðarfélaginu ætlað að setja reglur um, hvernig þessu fé skuli úthlutað. Þessu máli var hreyft hér á síðasta þingi, en það fékk ekki framgang. En þar sem málið er aðkallandi, vildum við hreyfa því aftur í trausti þess, að hv. þm. taki því vel. Það þarf ekki að rifja upp, að verð þessarar nauðsynjavöru er orðið svo geipilegt, að mörgum fátækum er ofraun að kaupa hana. Ef landbúnaðurinn og garðræktin eru styrkveitingarþurfi, þá veit ég ekki, hvar það sæi betur stað en hér. Þá er það ekki aukaatriði, að í ýmsum héruðum, þar sem fjársýkin hefir verið skæðust, er talsverð túna- og garðrækt. Ég veit ekki, með hverju þeim, sem þar hafa orðið fyrir skakkaföllum, yrði betur hugnað en því að hjálpa þeim til að auka túnrækt sína og nautpening og svo garðávaxtarækt. Það hefir að vísu ýmislegt verið lögfest til hjálpar þessum mönnum, en sú hjálp

kæmi ekki beinna fram á annan hátt en þennan. Vitanlega koma fleiri staðir á landinu til greina að því er snertir þessa verðbólgu áburðarins, en þarna sæi þess á sérstakan hátt mikinn stað. Og þar sem Búnaðarfél. er ætlað að semja reglur um skipulag þessarar úthlutunar, veit ég, að það myndi sérstaklega láta þessa menn njóta styrkjar. Þar sem ég veit, að hv. 1. flm. mun mæla með till., fer ég ekki fleiri orðum um hana, en treysti því, að hv. Alþ. sjái sér fært að verða við henni sakir mikillar nauðsynjar. Ég get gjarnan gert það að innskoti, af því að hv. þm. eru víst í leikhúsi, og það gerir því ekkert til, þó að ég beiti meinlausu málþófi litla stund, að þegar verið er að tala um misfellurnar á jarðræktarl., t. d. hina margumtöluðu 17. gr., sem sumir telja, að eigi að standa, en aðrir segja, að ætti að fara, þó að ég vilji ekki leiða hana sérstaklega hér inn í umr., þá vil ég taka fram, að jarðræktarl. þyrftu endurskoðunar við. Þegar l. voru samin 1923, var það gert með tilliti til annars viðhorfs um búnaðarframkvæmdir en nú er. L. voru samin með viðhorfi til mikilla styrkja til að þenja út tún og garða, en án forsjár um það, hvort tök yrðu á að halda framkvæmdum í horfinu. Ég hefi áður haft orð á þessu, og þegar ég tek þetta fram, vil ég um leið gera grein fyrir því áliti mínu, að til þess að búnaðinum sé séð fyrir þörfum, ætti styrkur í líkingu við þann, sem till. okkar ræðir um, að skipa framarlega sæti, eins og framkvæmdin sjálf, svo að koma mætti að gagni fyrir aldna og óborna.

Þegar tíminn er svona ríflegur, skal ég nota þessa stund til að minnast á atriði, sem svífur nú yfir vötnunum, þegar rætt er um fjárl. Það er heildarviðhorfið og þær stefnur og þær aðalstefnur, sem fram hafa komið við útbúning fjárl. og þeirra brtt., er við þau hafa verið gerðar. Þar á ég í fyrsta lagi við viðhorfið að því er snertir 16. gr. fjárlfrv., en þar er dregið talsvert úr fjárframlögum til opinberra framkvæmda samkvæmt till. hæstv. fjmrh. Ég álít það virðingarvert af hvaða stjórnarherra sem er að bera fram á þessum tímum fjárlfrv., sem sýnir einlæga viðleitni á því að lækka útgjöld ríkisins vegna knýjandi nauðsynjar, og þó að það geti verið vafa undirorpið, hvort hér sé drepið á það, sem helzt skyldi, er mér ljóst, að ekki er auðvelt að framkvæma þetta, svo að vel sé, með því að breyta til á fjárl., sem frá er gengið frá ári til árs, þar sem margir póstar eru þar svo fastir. Þó verð ég að segja það sem mitt sjónarmið, að ég tel óaðgengilegt fyrr en allt um þrýtur, að ráðast á þá pósta, að svo miklu leyti sem hver liður um sig er hnitmiðaður við þær verklegu framkvæmdir, sem fyrir liggja í landinu í hvert sinn. Því á ég með tilliti til minnar sannfæringar ómögulegt með að greiða atkvæði með lækkun á framlögum til landbúnaðarins, sem ekki kemur hlutfallslega jafnt niður á alla liði fjárl. Þess vegna álít ég, að þessi lækkunarmöguleiki eigi frekar heima í hinni almennu heimild til handa stj. til að mega lækka útgjöld yfirleitt, ef nauðsyn krefur. Eins og játað er af öllum, að sjávarútvegurinn, eins og fleiri starfsgreinar hér á landi, á við erfiðleika að búa, eins hygg ég, að hið sama megi segja um búendur í landi. Á tiltölulega fáum árum er svo komið, að þeir hafa orðið að nauðsemja um skuldir sínar, og þetta er ekki orðið öruggt ennþá, þannig að ekki þurfi allrar aðgæzlu við til að bjarga því, sem bjargað verður, svo að ekki lendi allt aftur í sama farinu. Af þessu skapast mitt sjónarmið til málsins.

Svo, af því að umræðutími minn er svo frjálslegur og söfnuðurinn hljóður og góður, get ég minnzt á deilumál þau, er fyrir þinginu liggja um úthlutun styrkja til skálda og listamanna. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er ekkert hrifinn af því, að þm. þurfi að hnotabítast um það, hverjir eigi að fá þessa styrki og hverjir ekki. En þó að mér þyki þetta ekki gott, þá er ekki þar með sagt, að ég sé ánægður með það, sem komið hefir frá menntamálaráði um þetta. Ég hefði talið, að ýmislegt mætti þar betur fara. Og áður en farið var að deila um þetta hér á Alþ., hélt ég því fram í þingræðu, að það væri ótækt, að þm. væru að rífast um þetta á hverju ári og skammta mönnum á diskana. Í höfuðatriðum er þessi skoðun mín óbreytt enn. Ég hélt því fram, að Alþ. yrði að koma þessu af sér, því að svo mikið moldviðri er orðið hér af þessu listræna fólki, skáldum, málurum, söngvurum, sérfræðingum og sérgæðingum. Þeirra tala er legió, svo að ómögulegt er að greiða atkv. af nokkru viti. Hér mætast þeir beztu og allt niður í aumustu fúskara, sem ekki eiga skilið að koma nálægt því matborði.

Ég hefi sagt frá mínu sjónarmiði, að fyrir mitt leyti hneigist ég að því að fá mér frið frá því að standa í þessari vafasömu úthlutun, því að tilfellin eru svo mörg og vafasöm. Hinsvegar skal ég taka fram, eins og ég lauslega drap á áður, að ég er alls ekki ánægður með það, hvernig menntamálaráð hefir úthlutað þessum styrk. Sumir þeirra, sem eru góðir og gegnir menn og ríkið hefir látið njóta einhverrar úthlutunar áður, voru nú settir hjá, — menn, sem að mínu áliti áttu fremur slíkan styrk skilið heldur en sumir aðrir, sem fengu styrk. Ég vil t. d. nefna eitt tilfelli, sem að vísu er ekki neitt stórbrotið. Einn ágætur kennimaður fyrir austan fjall, séra Jón Thorarensen í Hruna, hefir safnað þjóðsögum og skráð þær af mikilli alúð. Hann hefir gert þetta með listfengi, því að hann er rithöfundur af guðs náð. Hann hefir skráð þjóðsögurnar mjög vel, og vakað yfir því, að það væri sem bezt af hendi leyst. Hann hefir gefið út nokkrar bækur í þjóðsagnasafninu „Rauðskinnu". En hann var settur hjá við úthlutun menntamálaráðs. Ég mun því vænta þess, að einhverjir þm. sýni glöggan skilning á þessu, því að hér er um réttlætismál að ræða. Þetta er að vísu ekki stórmál, en þar sem aðrir menn hafa orðið styrks aðnjótandi, sem ekki hafa gert neitt listrænt, hefði maður þó getað vænzt þess, að þessi maður hefði fengið að halda sínum styrk. Mér þykir verst, að hér er enginn viðstaddur úr menntamálaráði, en kannske fær þetta mál ekki mikla áheyrn hjá þeim góðu herrum. Samt hefði mér þótt betra, ef svo hefði staðið á. Ég gæti nefnt dæmi þess, að maður

hefði komizt á næsta árs úthlutun, ef hið sama menntamálaráð færi með þessa úthlutun fyrir það tímabil.

Ég fékk leyfi hæstv. forseta (HG) til þess að tala nú, enda þótt ég væri aftarlega á mælendaskrá, vegna þess að aðrir hv. þm. þóttust eiga nauðsynjaerindi í leikhúsið að horfa þar, held ég, á Mjallhvítarepliið. Og hafa ýmsir jafnan glæpzt á hinum eitraða helmingi hinna forboðnu ávaxta, og veit ég aldrei, hverjir koma þaðan lifs.

*Árni Jónsson: Herra forseti! Það er orðið einhverskonar þegjandi samkomulag um það milli okkar þm., sem hér erum, að reyna að stytta hæstv. forseta stundir, úr því að hann verður að verða af þeirri skemmtun, sem öðrum þm. er búin í kvöld. Mér datt nú í hug erindi eftir Þorstein Erlingsson, ég held úr Eiðnum, sem ég ætla að fara með:

„En gaman væri að verða að flugu,
það veit minn guð, og ná í smugu,
og gá, hvort Evu og Adams blað
er enn á sínum gamla stað.
Þau tvö þar engum augum kvíða,
en okkur kitlar furðu víða
í von um þennan unaðsyl,
ef eitthvað skyldi hnikast til."

Ég veit ekki, hvernig á því stóð, að mér datt þetta í hug, en kannske hefir það verið af því, að flestir hv. þm. hafa haft meiri áhuga á því að fara í leikhúsið í kvöld heldur en að vera hér, líklega í von um einhvern „unaðsyl" þar, og það er ekki þakkarvert, þar sem ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að banna að sýna þetta leikrit á leiksviði. En að öðru leyti sýnir þessi leikhúsferð mjög mikinn áhuga á fögrum listum, og ég býst við, að sá áhugi eigi eftir að koma til góða sumum brtt. við fjárl., en þær snerta nú flesta listamenn okkar.

Ég ætla ekki að fara að ræða mikið um það hér, hvort heppilegt sé að Alþ. hafi með höndum úthlutun á styrk til skálda og listamanna, eins og lengst af hefir verið, eða að hún sé í höndum menntamálaráðs. Það kynni þó að horfa betur að tala um það nú, eins og salur Nd. er nú skipaður, þar sem hér eru að mestu leyti hinir gömlu tryggu áheyrendur, sem alltaf eru hér, það eru stólarnir, heldur en ef hér væru fleiri viðstaddir, sem kynnu að verða til andsvara. Á síðasta Alþ. var háð mikil deila um það, hvort þessi úthlutun skyldi vera í höndum Alþ. eða menntamálaráðs. Fráfarandi fjmrh. (EystJ) hafði brotið þá venju, sem verið hafði áður, með því að leggja til, að úthlutun á listamannastyrknum yrði tekin af Alþ. og færð undir menntamálaráð. Hér á Alþ. var háð mikil senna um þetta, og sá, sem mest barðist fyrir menntamálaráðið, var form. þess, hv. þm. S.-Þ. (JJ). Þegar loks var gengið til atkv., voru 22 þm., sem vildu, að menntamálaráð hefði úthlutun þessa styrks með höndum, en 21 þm., sem vildi, að sú úthlutun yrði ákveðin hér á Alþ. eins og áður. Hinn tiltölulega litli meiri hl., sem hér er um að ræða, þar sem aðeins 22 þm. voru með menntamálaráði, gefur alls ekki skýra mynd af þingviljanum um þetta. Sérstaklega verður að vefengja það, að þingvilji liggi til grundvallar þessum úrslitum, vegna þess að þeir tveir þm., er úrslitum réðu, eiga báðir sæti í menntamálaráði, og manni virðist að nokkru leyti eins og þeir væru að dæma í sinni eigin sök. Þessir þm. eru form. menntamálaráðs, hv. þm. S.-Þ. (JJ), og hv. 1. þm. Skagf (PHann). En eftir að Alþ. var slitið, var mikill eftirleikur um þetta. Form. menntamálaráðs skrifaði langa grein um þetta mál í blaðið „Tímann". Það var nokkurskonar eftirmáli um „skáldin sjö", „grenjaskytturnar", og ásakanir um það, sem gert var á Alþ. En á Alþ. hafði hann m. a. talað um, að það væri einkennilegt, að maður eins og Jóhannes Kjarval málari skyldi gleymast 49 þingmönnum. Í sambandi við það var það formælandi form. menntamálaráðs, sem kvað vísu um þetta. Ég er ekki alveg viss um að hafa hana rétt yfir, en ég vona, að hæstv. forseti (HG) taki ekki af mér orðið, þó að ég þurfi að hugsa mig ofurlítið um. Mér finnst það ekkert saka, þó að þessi erindi birtist í Alþt.:

„Lævi blandið húm af heimsku
hylur allan þingsins geim,
svífa menn í svefni og gleymsku,
svo að Kjarval týnist þeim.

Meinleg gleymska manninn hrjáði,
meðan í stj. og þingi sat,
en uppi í menntamálaráði
mundi hann allt, sem hugsazt gat."

Þetta þótti dálítið einkennilegt, að þm. lýsti því yfir frammi fyrir 49 þm., að þeir hefðu gleymt Kjarval, en var þó sjálfur einn af þeim 49, sem hann sakar hér um gleymsku.

Ég ætla nú ekki að fara að tala mikið um þessa úthlutun á styrk til skálda og listamanna, sem menntamálaráð hefir ákveðið, en það er hætt við, að hún sæti misjöfnum dómum. Forsendurnar fyrir því, að þess var krafizt með svo miklum krafti, að menntamálaráð tæki að sér þessa úthlutun, voru þær, að því væri betur trúandi en öðrum til þess að sjá um, að þeir menn, sem unnið hefðu að óþjóðlegri og þjóðskaðlegri starfsemi, yrðu ekki viðurkenningar eða styrks aðnjótandi af opinberu fé. En það fór nú svo, að sumir þeirra manna, sem þeir, er börðust fyrir menntamálaráði, munu hafa átt við, þótt nöfn væru eigi nefnd, — að þeir héldu sínum fulla styrk, viðurkenningu og öðru, eins og áður hafði verið, þrátt fyrir það, þó að þeim hefði verið blandað inn í umr. hér á Alþ. til að fá þm. til þess að aðhyllast þessa ráðstöfun. En hvað þann snertir, sem ég hygg, að hafi verið talinn skaðlegastur, var fjárveitingin til hans lækkuð nokkuð frá því, sem áður hafði verið. Hann hafði haft á fjárl. undanfarinna ára 5 þús. kr., en menntamálaráð lækkaði styrkinn til hans niður í 1800 kr. Nú má segja það um slíka fjárveitingu sem styrkurinn til skálda og listamanna er, að það sé ekki eingöngu styrkur, heldur einnig heiðursviðurkenning. Það er líka eftirtektarvert, að styrkurinn fer í sumum tilfellum dálítið eftir því, hvort

sá, sem við honum tekur, er verulega þurfandi fyrir hann eða ekki. Ég get ímyndað mér, að hvað þann mann snertir, sem hér um ræðir, mann, sem þekktur er ekki aðeins hér á landi, heldur einnig utan landsteinanna, hafi lækkunin á upphæðinni til hans getað stafað af því, að menntamálaráð hafi litið þannig á, að hann hefði ekki þörf fyrir hærri upphæð en þetta, en hinsvegar gert þá ráðstöfun, að láta hann fá 1800 kr., til að sýna, að hann nyti viðurkenningar af hálfu þjóðfélagsins sem áður. Í stuttu máli má segja það, að þó að styrkurinn hafi verið skertur, hafi heiðursviðurkenning hans verið óskert eftir úthlutun menntamálaráðs. Þegar hæstv. núverandi fjmrh. (JakM) hefir tekið þessa fjárveitingu aftur í hendur Alþ. með fjárlfrv. fyrir árið 1941, hefir hann nú fellt niður nöfn þeirra manna, sem deilan stóð mest um. Hann hefir tekið þau út og fellt niður viðurkenninguna og styrkinn til þessara manna. Þess vegna held ég, að þannig mætti líta á, að þeir, sem endilega vilja, að menntamálaráð haldi áfram að úthluta þessu fé, geri það beinlínis til þess, að þessir menn, sem annars eru taldir allskaðlegir þjóðfélaginu, fari ekki á mis við þá viðurkenningu og þann styrk, sem þeir hafa hlotið fram að þessu. Mér finnst nú, að hæstv. forseti (PO) sé mér sammála, bæði er hann þannig á svipinn, og svo tel ég engan vafa á því, vegna þess að hann kinkar kolli til samþykkis.

Ég ætla að lokum að nefna þær brtt. við fjárl., sem ég hefi gerzt flm. eða meðflm. að. Það eru æðimargar brtt., en þó að ég flytji nokkuð margar brtt. við fjárl., þá held ég samt, að mér sé óhætt að fullyrða það, að samþykkt þeirra muni ekki hafa neina sérstaka erfiðleika í för með sér fyrir afkomu þjóðarinnar í heild sinni né breyta miklu útkomu fjárl.

Ég ætla fyrst að minnast á brtt., sem ég á á þskj. 308, undir tölulið XVIII. Hún er um það, að 1500 kr. verði veittar Blaðamannafélagi Íslands. Blaðamannafélagið er nú orðið gamalt félag, en það hefir til skamms tíma látið fremur lítið til sín heyra, en hin síðustu ár hefir færzt nýtt líf í það. Blaðamannafélagið hefir upp á síðkastið látið mjög mikið að sér kveða. Það stóð fyrir því, að hingað komu frá Danmörku á síðastl. sumri 9 blaðamenn í heimsókn og ferðuðust um hér á landi. Ég býst við því, að heimsókn dönsku blaðamannanna á síðastl. ári hafi miklu fremur en margar aðrar heimsóknir, sem við höfum fengið á undanförnum árum, orðið til þess að efla einlægt vináttusamband milli þessara tveggja landa. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að hvernig sem allt kann nú að snúast, þá hafi sambúð okkar Íslendinga við sambandsþjóð vora, Dani, síðan við urðum þó svo stórir, að við þóttumst standa nokkuð á okkar eigin fótum, verið mjög viðunandi. Það er eftirtektarvert, að því fer svo fjarri, að kali hafi aukizt milli þessara tveggja þjóða við það, að Íslendingar fengu fullveldi sitt viðurkennt, að þvert á móti hefir sambandið orðið miklu hlýrra og innilegra heldur en áður var. Nú eigum við Íslendingar eftir að stiga síðasta sporið í þessu máli, og ég hygg, að það sé okkur öllum sameiginlegt áhugamál, að úrslitin geti farið fram með sem allra friðsömustum hætti við sambandsþjóð okkar. Við höfum þann málstað í því máli, að bezta trygging okkar fyrir því, að sá málstaður nái tökum á hugum manna hjá sambandsþjóðinni, svo að hún geti skilið sjónarmið okkar og fallizt á það, er, að hingað komi áhrifamenn þaðan, sem fái tækifæri til þess að kynnast landi og þjóð, hugsunarhætti manna og viðhorfi eins vel og frekast er unnt í slíkum heimsóknum. Ég álít, að þessi blaðamannaheimsókn tryggi þetta eiginlega betur en flestar aðrar heimsóknir. Hér voru menn frá blöðum allra meiriháttar stjórnmálaflokka í Danmörku, og sumir þeirra mjög þekktir og mikilsvirtir blaðamenn. Það var ekki sá ófrelsisbragur á þessari móttöku eins og oft vill verða, þegar um opinberar heimsóknir er að ræða, sem kannske eru í þeim tilgangi gerðar að kynnast einungis efsta broddinum af þeim mönnum, sem helzt með völdin fara, og svo þeirra nánasta úrvalsliði. Þessir dönsku blaðamenn fengu tækifæri til að kynnast íslenzku þjóðinni á miklu viðara grundvelli en flestir aðrir, sem koma hingað til lands. Ég hygg, að það hafi verið talað alveg hispurslaust við þá um hlutina. Mér skildist af viðtali við þessa menn, sem ég hafði þá ánægju af að kynnast, að við Íslendingar myndum mjög vel við það una, ef sambandsþjóð vor yfirleitt væri þannig „stemmd“ í okkar garð eins og þeir voru, er þeir létu héðan í haf.

Þessi heimsókn kostaði vitanlega mikið fé, því að það var farið með blaðamennina í bílum norður í land, og sú ferð tók langan tíma. Auk þess voru veitingar við þá ekki neitt skornar við neglur og kostuðu allmikið fé. En fyrir þetta komst Blaðamannafélag Íslands í allmikil fjárhagsleg vandræði, og hefir það gert mjög mikið til að vega upp á móti því með ýmsu móti. Það hefir haldið 2—3 kvöldvökur í vetur með mjög fjölbreyttum skemmtiatriðum, og á þann hátt hefir það fengið nokkurt fé. Auk þess var haldin árshátíð blaðamanna, sem síðan hefir verið kölluð „sjáball“, vegna þess að dr. Guðm. Finnbogason landsbókavörður fann upp það nýyrði, að kalla það „sjá“, sem á útlendu máli og vondri íslenzku hefir verið nefnt „pressa“, og út af því fór einhver náungi að velta því fyrir sér, hvort menn gætu orðið blindir á „sjáballi“. Ég veit ekki, hvernig það hefir verið á þessu tilfærða „sjáballi“. En á þessu „sjáballi“ var það í fyrsta skipti tekið upp hér á landi, að hæstv. forsrh. (HermJ) hélt pólitíska ræðu. Það hefir aldrei áður verið gert hér á landi, að forsrh. haldi stórpólitíska ræðu á gleðisamkomu, en í öðrum löndum, t. d. í Englandi, er það mikill siður.

Annars þarf ég ekki að fjölyrða mikið um þessa till., sem ég tel sjálfan mig sérstaklega flm. að. Það má segja, eins og stundum stóð í ritdómum hér á árunum: Nafn höfundarins er trygging fyrir innihaldinu. Ég vil segja það, að nöfn flm. hljóta að vera allmikil trygging fyrir því, að hér sé gott mál á ferðinni, þar sem flm. að henni eru auk mín, hæstv. viðskmrh. (EystJ), sem hefir aldrei svo ég muni eftir borið fram brtt. við fjárl., hæstv. forseti Sþ. (HG), hæstv. fyrrv. atvmrh. (SkG) og hv. 3. þm. Reykv. (HV).

Ef hæstv. forseti (PO) hefir ekkert á móti því, ætla ég að láta lokið máli mínu um þennan lið.

Þá, að öllu gamni slepptu, því að ég sé, að hv. þm. eru að smátínast af samkomunni, þar sem von var á skemmtiatriðum, og ég ætla að vona, að hv. varaforseti (PO) haldi þeim hér við, úr því að þeir eru komnir inn á annað borð, ætla ég að snúa máli mínu að alvarlegra efni. Ég hefi teygt allmjög lopann í ræðu minni fram að þessu, en skal nú reyna að ljúka máli mínu á mjög skömmum tíma.

Næsta brtt., sem ég ætla að tala um, er um, að tekinn verði upp á fjárl. 2 þús. kr. styrkur til Sveins Þórarinssonar listmálara. Það er rétt, að ég geti þess, að ég er þessum manni ekki persónulega kunnugur, og get ég þess vegna vísað þegar á hug öllum ótta manna um það, að hér væri nein persónuleg vitneskja á ferðinni hvað þennan mann snertir. En ég hefi séð nokkuð af verkum hans og leitað mér upplýsinga hjá kunnugum mönnum um hann. Sveinn er einn þeirra manna, sem brotizt hafa úr mikilli fátækt til mikilla mennta, og um hann eins og suma aðra má segja, að þeir standa mörgum öðrum framar, þótt erfitt ættu í upphafi, og lifa langdvölum erlendis, enda eru fáir hér á Íslandi of sælir, sem eiga yfir listrænum hæfileikum að búa. Sveinn fór ungur utan og lauk námi við Kunstakademiet í Kaupmannahöfn. Síðan ferðaðist hann um ýms önnur lönd, einkum Frakkland, til þess að kynnast fyrirmyndar listaverkum annara þjóða en Dana einna. Sveinn sýndi mikla þrautseigju í að leggja á sig hið mesta erfiði án þess að njóta nokkurs styrks. Ef þessi till. verður samþ., þá er það í fyrsta skipti, sem Sveinn hefir notið nokkurrar viðurkenningar frá hinu opinbera. En þó að Sveinn hafi dvalið mikið erlendis, ber list hans það með sér, að hann er í engum greinum sporgöngumaður eða eftirherma annara. Nám hans og dvöl meðal erlendra þjóða hefir orðið til þess að auka og þroska hina miklu listgáfu hans sjálfs. En það er víst óhætt að segja, að Sveinn er í verkum sínum sérkennilegastur allra íslenzkra listmálara. Ég hefi heyrt á mörgum, sem um hann hafa rætt, að þeir telja hann íslenzkari í list sinni en flesta aðra. Hann velur fyrst og fremst viðfangsefni sín úr íslenzkri öræfanáttúru, íslenzku þjóðlífi og sveitalífi. Stærstu og beztu listaverk Sveins eru mörgum kunn, þeim, sem á annað borð hafa áhuga á málaralist. Svo að ég nefni nokkur, ætla ég að nefna Herðubreið, Dettifoss, Lestaferð, Gangnamenn og Heyskap, en það mætti nefna ýmis fleiri. Sveinn hefir vakið mikla athygli hvar sem hann heldur sýningar. Hann hefir sýnt listaverk sín víða erlendis, og nú síðast í vetur í Kaupmannahöfn, og hlaut þar mikið lof og viðurkenningu. Það var ekki lakari maður en Ejnar Nielsen, einn af beztu málurum Dana, sem lauk hinu mesta lofsorði á list hans. Sveinn er kvæntur danskri konu, sem einnig er listmálari, og hefir hún einnig hlotið lof fyrir sýningar á listaverkum sínum. Þau hjónin bjuggu lengi búi sínu í Ásbyrgi í Kelduhverfi, og það var, að ég hygg, eingöngu vegna lasleika konu Sveins, að þau urðu að flytja frá þessum fagra, þekkta stað, að þeim báðum nauðugum, eftir því sem ég bezt veit. Ég skal geta þess, að hagur þeirra hefir verið að mörgu leyti ömurlegur, vegna þess að konan er alvarlega veik og hefir legið langan tíma á sjúkrahúsi. Ég lít svo á, að þessi styrkveiting og viðurkenning, sem hér er farið fram á til Sveins Þórarinssonar, sé fyllilega réttlát. Ég treysti því, þó að fáir séu hér viðstaddir, nema hinir trúu stólar, að þá verði þó sú raunin á, að þessi till. komist í gegn.

Ég á hér nokkrar brtt. ásamt öðrum þm., en þar sem ég er ekki 1. flm. að þeim, þá stilli ég mig um að tala um þær. En ég ætla að fara örfáum orðum um brtt. mína á þskj. 308, XXVIII, sem er 1200 kr. styrkur til Péturs Jónssonar söngvara. Það má segja um Pétur Jónsson, að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir. Þeir eru nú orðnir allmargir þeir listamenn okkar, sem lagt hafa út á þá braut, að gera sönglist að atvinnugrein sinni, en til þessa dags hefir enginn náð jafnmiklum árangri og Pétur Jónsson. Hann dvaldi meðal þeirrar þjóðar, sem er söngmenntuðust af öllum þjóðum álfunnar og gerir yfirleitt hæstar kröfur í þeim greinum. En Pétur komst svo hátt í Þýzkalandi, að hann var talinn þar í fremstu röð tenorsöngvara, sem létu til sín heyra þar í landi. Hann var orðinn óskabarn Þjóðverja; það var hætt að kalla hann Jónsson, heldur kölluðu þeir hann „unser Peter“. En á meðan Þjóðverjar kölluðu hann „unser Peter“, þá gleymdi hann aldrei ættjörð sinni og lét ekkert tækifæri ónotað til að komast hingað heim og láta okkur verða aðnjótandi söngs síns. Ég mun ekki rekja hér tildrögin til þess, að Pétur Jónsson hætti á listamannsbraut sinni fyrr en búizt var við, en aðalástæðan var það almenna hrun, sem varð í Þýzkalandi og öllum er kunnugt um. Nú er svo, að hér heima fyrir er vitanlega ekki hægt, jafnvel þó að Pétur Jónsson sé einhver mesti Wagnersöngvari sinnar tíðar, að færa hér upp óperur Wagners eða greiða á annan hátt fyrir Pétri, svo að hann geti haft atvinnu af söng sínum. Þess vegna hefir Pétur orðið að snúa sér til borgaralegrar iðju og hefir rækt störf sín af hinni mestu kostgæfni og samvizkusemi, enda mjög vel metinn starfsmaður hér í bænum. Það mætti raunar segja, að honum væri ekki vandara um en öðrum opinberum starfsmönnum að lifa af sínum launum. En ég vil segja þar á móti, að hart sé aðgengið, ef Pétur á að gjalda þess, að hann vill vinna fyrir sér á borgaralegan hátt, þegar honum lokast listamannsbraut og frægðarferill erlendis af ástæðum, sem hann fékk ekki við ráðið. Ég stend einn að þessari brtt., taldi að ég þyrfti ekki að hafa aðra menn með mér, mér betri og áhrifameiri, því eins og ég sagði, er ég talaði fyrir till. næst á undan, er nafn flm. trygging fyrir því, að gott mál sé á ferðinni, og þá ætti nafn okkar Péturs Jónssonar að vera trygging fyrir því, að Alþ. sjái sér fært að láta þennan listamann verða styrksins aðnjótandi.

Svo læt ég máli mínu lokið.

***Pétur Ottesen:** Ég býst við, að auðu stólunum hér á Alþ. þætti það skrítið, að ég, sem

stend að brtt. um að taka af fjárl. fjárveitingar til einstakra listamanna og skálda og fela sérstakri n. úthlutun á þessu fé, að ég skuli samtímis því koma með brtt. um að taka einn þessara manna upp í fjárl. og honum verði veittur þar sérstakur styrkur. Ástæðan til þess, að ég hefi gert þetta, er sú, að nú stendur yfir 3. umr. fjárl., og ekki víst, hver forlög þeirrar till. verða, sem fjvn. flytur um að taka listamenn út af 15. gr. Þess vegna var ekki nema um tvennt að velja, — ef svo færi, að till. n. næði ekki fram að ganga, var loku fyrir skotið, að þessi till. gæti komizt að síðar. Þess vegna varð þetta hvorttveggja að vera samferða. Ég skal taka strax fram, að ef till. fjvn. verður samþ., þá tek ég að sjálfsögðu mína till. aftur, því að þá mun ég standa á móti því, að fjárframlög til einstakra manna verði tekin inn í fjárlögin, heldur verði þessum málum ráðstafað samkv. því.

Þessi brtt. mín fer fram á það, að dr. Eiríki Albertssyni á Hesti verði veittur 1200 kr. styrkur til ritstarfa. Dr. Eiríkur er einn af þeim fjölhæfustu gáfumönnum í andlegra manna stétt, sem nú eru í landinu, og auk þess mikill afkastamaður á því sviði. Það eru að ýmsu leyti miklir örðugleikar á því fyrir sveitaprest að fást við sögulegar rannsóknir, þar sem skortur er á öllum nauðsynlegum heimildum. Helzt er, að fræðimennirnir dvelji á þeim stöðum, þar sem heimildirnar eru fyrir hendi. Þetta kostar þess vegna ákaflega mikla vinnu og fé, og menn, sem fást við fræðiiðkanir og búsettir eru uppi í sveit, þurfa allmikið á sig að leggja, og þannig er háttað um dr. Eirík. En hann hefir ekki talið þá fyrirhöfn eftir sér. Hann hefir ekki eingöngu sótt heimildir til Reykjavíkur til þess að afla sér undirstöðuatriða í fræðiiðkunum sínum, heldur hefir hann einnig siglt til annara landa, þar sem hann gat fyllt í þau skörð, sem voru í þessum efnum hér heima. Þetta sýnir þann ákaflega sterka vilja, sem er hjá þessum fjölmenntaða gáfumanni, til þess að kryfja okkar sagnfræði og draga fram í dagsljósið ýmislegt af því, sem nú er dulið. Sögulegur fróðleikur er runninn þjóðinni í merg og bein, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að fjvn. og allir þeir, sem veitt gætu þessu stuðning, þeir séu slíkum manni innan handar, sem hefir svo mikla hæfileika til brunns að bera, jafnhliða löngun og vilja til þess að láta mikið eftir sig liggja, og sjái um, að honum verði veittur einhver stuðningur til þess.

Ég skal aðeins drepa á eitthvert merkasta verk dr. Eiríks á Hesti, en það er æfisaga Magnúsar Eiríkssonar, hins merka íslenzka gáfumanns, sem bauð svo fullkomlega byrginn þrautreyndum, háttsettum embættismönnum erlendis og kom fram til mikils sóma fyrir íslenzku þjóðina. Þetta verk hefir séra Eiríkur varið við háskóla Íslands og hlotið doktorsnafnbót fyrir. Auk þess hefir dr. Eiríkur skrifað ýmislegt fleira, fræðilegs og almenns efnis, flutt fyrirlestra við háskólann, og margt fleira hefir hann í smíðum, sem þetta snertir. Hinsvegar eru kjör og kringumstæður þessa mikilhæfa fræðimanns, eins og hjá fjölda annara sveitapresta, þannig, að hann er lítt efnum búinn og á þess vegna erfitt með að helga þessum hugðarefnum sínum krafta sína. Er nauðsynlegt, að hann fái styrk frá því opinbera til þess að geta hrundið fyrirætlunum sínum í framkvæmd.

Ef svo fer, að þingið verði leyst frá því leiðinlega verki að dæma um hæfileika fræði- og listamanna í sambandi við úthlutun fjár til þeirra, og það verði falið sérstakri n. eða einhverjum öðrum aðilum, ætlast ég til þess, að þeir menn, sem hafa það starf með höndum, kunni að meta hæfileika og áhuga dr. Eiríks Albertssonar við ritstörf og fræðiiðkanir, þegar styrknum verður úthlutað. Eins ætlast ég til þess, ef þingið heldur áfram að skipta þessu fé á milli einstakra manna, að það kunni ekki síður að meta þá hæfileika, sem hér er um að ræða. Það er engin ástæða til þess fyrir mig að vilja blanda mér inn í umr. fyrir hönd fjvn. Það gerir okkar frsm. og mun hann að sjálfsögðu lýsa afstöðu n. til einstakra brtt., þegar flm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim, sem tæplega verður fyrr en á morgun.

***Jörundur Brynjólfsson:** Það er ærið þunnskipað hér í Sþ. og má vera, að það stafi nokkuð af því, að menn hafi ekki búizt við, að fundarhöld yrðu, en því á hæstv. forseti enga sök á.

Ég hefi leyft mér að flytja hér 2 brtt. á þskj. 327, VII og X. Fyrri till. er um að veita Jóni Þorleifssyni málara 2000 kr. styrk. Orsökin til þess, að ég hefi borið fram þessa till., er sú, að ef Alþ. ákvarðar að úthluta sjálft listamannastyrkjunum, eins og vel getur átt sér stað, þá taldi ég, að meðal þeirra listamanna og skálda, sem fengju styrkinn, yrðu þau að vera, Þórunn Magnúsdóttir skáldkona og Jón Þorleifsson málari, enda eiga þau það fyllilega skilið fyrir sín störf. Ég skal jafnframt taka fram, að ég mun eins og á síðasta þingi vera því fylgjandi, að menntamálaráð úthluti þessu fé. Ég hefi oft fundið til þess, að þegar rætt hefir verið um þessa persónustyrki hér á Alþ., þá hefir það ekki ætíð farið á þann veg sem rétt var. Þess vegna taldi ég, að bezt færi á því, að dómbærir menn utan þingsins hefðu þessa úthlutun með höndum. Nú tókst svo til hjá menntamálaráði, þegar það úthlutaði styrknum til skálda og listamanna, að hvorki Jón Þorleifsson eða Þórunn Magnúsdóttir fengu styrk. Ég tel alveg víst, að það hafi ekki verið fyrir þær sakir, að menntamálaráð hafi ekki fundizt þau verðug styrksins, heldur vegna þess að það hafði mun minna úr að spila en áður hefir verið, og þess vegna þröngur stakkur skorinn með þessa úthlutun. En ég tel samt sem áður, að þetta megi ekki niður falla, og vonast eftir leiðréttingu á þessu, hvort sem menntamálaráð eða Alþ. úthlutar styrknum.

Þá skal ég víkja stuttlega að hvorri brtt. um sig. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þær, því að bæði Jón Þorleifsson og Þórunn Magnúsdóttir eru vel þekkt af öllum landslýð. Jón er, eins og kunnugt er, prýðilega að sér í sinni mennt. Hann bjó sig vel undir þetta starf, kostaði nám sitt af eigin rammleik og hefir

orðið að heyja þá baráttu, sem íslenzkir listamenn eru neyddir til, sökum þess hve fáir hafa ráð á að kaupa listaverk hér á landi. Þess vegna er eðlilegt, að listamenn okkar lands eigi við svo þröngan kost að búa sem raun ber vitni um. Ég hygg eftir því, sem ég hefi séð af verkum Jóns og ritdómum um þau, að hann sé mjög vel fær í sinni mennt. Mér hefir verið tjáð af þeim, sem sáu um Íslandsdeild New York-sýningarinnar, að það, sem Jón hafi lágt hönd að verki við undirbúning sýningarinnar, hafi borið vott um sérstakan listasmekk og vandvirkni. Kemur það engum á óvart, sem þekkja til hans. Ég vona, hvort sem þing eða menntamálaráð úthlutar styrknum, þá verði Jóni veitt sú upphæð, sem þessi brtt. fer fram á.

Síðari brtt. mín fer fram á að veita Þórunni Magnúsdóttur skáldkonu 1200 kr. styrk. Íslenzka þjóðin hefir ætíð unnað þjóðlegum fræðum og sagnfræði og hefir mikinn smekk fyrir þesskonar bókmenntum. Það er því engin tilviljun, þó að meðal Íslendinga séu margir menn skáldhneigðir. Þjóðinni er það í blóðið borið, og þess gætir mjög víða, ekki einungis meðal fólks, sem hlotið hefir góða menntun, heldur einnig meðal alþýðufólks. Það er vitað, að á öllum öldum hafa verið uppi alþýðuskáld, sem þjóðin hefir unnað fyrr og síðar og gert verk þeirra ógleymanleg. Þessi unga kona hefir skrifað margar bækur, sem allar bera vott um glöggt auga fyrir skáldskap. Persónurnar, sem hún dregur upp í bókum sínum, eru einkennilega skýrar og vel mótaðar. Hún hefir mjög góðan smekk fyrir íslenzku máli, og frásögnin er skýr og lifandi. Við eigum mjög fáar skáldkonur, en þær hafa flestar verið góðum hæfileikum gæddar, og ég tel, að Þórunn Magnúsdóttir sé ein meðal þeirra helztu. Þetta er ung kona, sem orðið hefir að vinna fyrir sér við dagleg störf til þess að draga fram lífið. Það, sem eftir hana liggur á bókmenntasviðinu, er því allt unnið í hjáverkum. Menn geta farið nærri um það, hve erfið slík aðstaða er, og þar að auki er mér sagt, að þessi kona muni ekki vera sérlega heilsusterk, og þá er það auðvitað því meiri vandkvæðum bundið, að geta lagt alúð við mikla fristundavinnu. En þrátt fyrir það liggur ekki lítið eftir þessa konu, og mörg atriði í bókum hennar bera þess vott, að hún eigi það skilið, að Alþ. sýni henni þann sóma, að veita henni litinn styrk. Það gæti orðið til þess, að hún gæti gert betur en hingað til og gefið sig fremur að þessum störfum en áður. Það hefir sýnt sig, að mikils má vænta af þessari ungu konu um framfarir, framsetningu og mál. Það er auðséð af bókum hennar; jafnvel fyrstu bækur hennar báru þess glögg merki, að þessi kona hefir gott auga fyrir íslenzku máli og góðum stíl. Ég vil vænta þess, að Alþ. fallist á að greiða þennan lítilfjörlega styrk. Raunar mætti segja um þessa till., að hún væri mest aðfinnsluverð fyrir þær sakir, hve smátækur ég er og lítilþægur fyrir hönd þessarar konu, að hafa ekki farið fram á meira. En ég vil vona, ef hv. þm. þykir það á skorta, að þá verði einhver til þess að bæta mér þá yfirsjón, og mun ég þá fús til að ljá rífari till. lið. Enda þótt upphæðin sé ekki hærri en þetta, vil ég vænta þess, að sú upphæð dragi þessa konu nokkuð, og að hún geti orðið til þess að hún geti lagt meiri stund á að sinna hugðarmálum sínum hér eftir en hingað til, og virðist það geta orðið mörgum íslenzkum konum og körlum til ánægju að lesa það, sem frá henni kemur. Ég vil vænta þess, að hv. þm. sýni nú höfðingsskap sinn í því að fylgja þessari till. Það er ekki fyrir mig gert, aðeins ræktarsemi við þá konu, sem sýnt hefir mikla hæfileika og dugnað í þeim verkum, sem komið hafa frá hennar hendi.

Ég ætla ekki að fjölyrða um fjárl. né þær till., sem fyrir liggja; ég tel það til lítils, þar sem hér eru svo fáir hlustendur, og veit raunar ekki, þótt fleiri þm. hefðu verið viðstaddir, hvort ástæða hefði verið til að fara hér um fleiri orðum.

Thor Thors: Ég á hér tvær litlar brtt. á þskj. 308 og eina orðalagsbreyt. á þskj. 327, sem ég vildi leyfa mér að fara um nokkrum orðum.

1. brtt. *mín* er við 13. gr. fjárl., að í stað 6 þús. kr. framlags til hafnarbóta í Stykkishólmi komi 12 þús. kr. Það er ráðgert að gera endurbætur á bryggjunni í Stykkishólmi svo fljótt sem þess er frekast kostur. Bryggjan þar er nú orðin um 30 ára gömul og orðin fúin á köflum, svo að bein hætta er orðin af umferð um hana, og það hafa þegar komið fyrir slys, er hafa orsakazt af þessu. Það er því alveg bráðnauðsynlegt að gera þessar endurbætur, og var byrjað á því á síðastl. sumri, og þá unnið fyrir 20—30 þús. kr., án þess að neitt framlag kæmi á móti frá ríkinu. Þessu verki verður að halda áfram, ef það á að koma að notum, og það minnsta, sem komizt verður af með til þessa verks, er um 60 þús. kr., til þess að það verði að verulegu gagni. Á síðasta Alþ. voru samþ. hafnarl. fyrir Stykkishólm, þar sem ákveðið var, að ríkissjóður skyldi leggja fram ⅔ hluta af kostnaðinum við hafnargerðina. Eftir því ætti ríkissjóður að leggja til þessa verks, er kostar 60 þús. kr., 24 þús. kr. Mér er ljóst, að eins og fjárhag ríkissjóðs er nú komið, er alveg gersamlega þýðingarlaust að fara fram á svo hátt framlag. Þess vegna læt ég mér nægja vegna aðstæðnanna að fara aðeins fram á 12 þús. kr., eða helming þess fjár, sem ríkissjóður ætti samkv. l. að leggja fram. Fjvn. lagði til, að það yrðu 6 þús. kr., sem varið væri í þessu skyni, en það verður langtum of lítilfjörlegt. Ég tel, að það komi svo að segja að engum notum, ef fjárveitingin verður ekki meiri en þetta. Mér er að vísu ljóst, að ríkið verður að spara fé, ef leggja skal fram fé til nýrra mannvirkja, en hjá þessu verki verður ekki komizt. Ég sé ekki heldur, hvernig Alþ. getur komizt framhjá þeirri skyldu, sem það tók sér á hendur á síðasta þingi, þegar hafnarl. fyrir Stykkishólm voru sett. Vegna allra aðstæðna vil ég vænta þess, að hv. fjvn. sjái sér fært að taka þessa brtt. mína til endanlegrar yfirvegunar og hækka þetta framlag eins og ég hefi lagt til. En sjái n. sér það ekki fært, vil ég vænta þess, að nægilega margir þm. fallist á nauðsyn þess, svo að þessu máli verði borgið.

Önnur brtt. mín á sama þskj. er till. um fjárveiting til hafnargerðar á Hellissandi, að til hafnargerðar þar verði varið 5 þús. kr. Það er búið að leggja fé svo tugum þús. kr. skipti til hafnarbóta á Hellissandi. En fyrir mistök af hendi trúnaðarmanns ríkisins, sem verkið var á hendur falið, er nú svo komið, að þessi hafnarvirki koma ekki nema að mjög litlum notum, og verði þau ekki bætt hið allra bráðasta, má jafnvel búast við því, að ýmislegt af því, sem þegar hefir verið gert, rýrni svo, að það komi að enn minni notum. En eins og kunnugt er, þá er mikill útvegur frá Hellissandi, og þorpsbúar hafa yfirleitt ekki aðra atvinnu til að stunda en sjósókn. En skilyrðið til þess, að sjósóknin geti verið nægileg til þess að sjá fyrir þörfum fólksins, er það, að hafnarskilyrðin séu þannig, að leggja megi aflann á land. Verði ekki frekara að gert í þessu máli, er beinlínis hætta á því, að sjósókn falli þarna niður, og munu allir hv. þm. geta gert sér ljóst, hvað þá tekur við fyrir þorpsbúa.

Ég hefi stillt mjög í hóf till. um fjárframlög til mins kjördæmis, þar sem ég á aðeins þessar tvær litlu till. á þskj. 308. Ég geri mér því vonir um, að hv. þm. líti á þessa hófsemi og sanngirni og verði fyrir þá sök enn frekar við þessum till.

Þá er ég hér flm. að brtt. á þskj. 327,VI, ásamt hv. þm. S.-Þ. (JJ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Það er aðeins breyt. á orðalagi; þessi till. felur ekki í sér neina hækkun frá því, sem ráðgert er á fjárl. Í 15. gr. fjárl. er ætlazt til, að 3 þús. kr. verði varið til þess að efla menningarsamband við Vestur-Íslendinga. Eins og hv. þm. er kunnugt, var á síðastl. vetri stofnað hér Þjóðræknisfélag Íslendinga, sem einmitt á að hafa það hlutverk með höndum, að auka og efla menningarsamband milli Íslendinga beggja megin hafsins. Ég tel rétt, að því fé, sem verja á í þessu skyni, verði varið til þessa félags, því að gera má ráð fyrir, að því sé bezt treystandi til að verja þessu fé þannig, að það verði að sem mestu gagni og tilganginum verði sem bezt náð.

***Stefán Stefánsson:** Herra forseti! Ég hefi leyft mér ásamt fjórum öðrum þm. að bera fram brtt. við fjárl. á þskj. 308, XL. tölulið, um að varið verði 5 þús. kr. úr ríkissjóði til að rannsaka riðuveiki í fé í Svarfaðardal, varna útbreiðslu hennar og til stuðnings bændum, sem beðið hafa tjón af völdum veikinnar. Ég geri ráð fyrir, að allmörgum þm. sé kunnugt um tilefnið til þess, að þessi brtt. er komin fram, og mun ég því ekki verða langorður um hana. Á Alþ. 1938 bárum við þessir sömu þm. fram þáltill. þess efnis, að ríkisstj. sæi um, að tekin yrði til rannsóknar, svo sem kostur væri, fjárpest sú, sem gert hefir vart við sig í Svarfaðardal og kölluð er riðuveiki. Þessi till. náði ekki fram að ganga, henni var vísað til n. og dagaði þar uppi. En ástæðan til þess, að við bárum þessa þáltill. fram þá, er hin sama sem til þessarar brtt. á þskj. 308. Ég vil nú drepa á það, að um allmörg undanfarin ár hefir geisað í Svarfaðardal ákaflega skæð fjárpest. Ég býst við, að hún hafi komið úr Skagafirði, en hún mun hafa verið undanfarin 10 ár í Svarfaðardal. Fyrst í stað fór hún ákaflega hægt yfir, en á síðustu árum hefir hún farið vaxandi með hverju ári, og hefir aldrei verið skæðari en nú. Það mun láta nærri, að á þessum tæpum 10 árum muni hafa fallið af hennar völdum um 1000 fjár, eða sem næst 100 fjár að meðaltali á ári. Þessi veiki kom upp víða í dölum norðanlands, en hvergi hafa orðið eins mikil brögð að henni né hún orðið jafnskæð sem í Svarfaðardal. Þessi veiki hefir komið upp í fé 60—70 fjáreigenda, og hafa þeir allir misst 2—3 ær á skömmum tíma, síðan plágan fór að ganga yfir, og ef svo fer sem horfir nú við, þá virðist hún ætla að verða landlæg í dalnum. Undanfarin ár hefir verið reynt, bæði af dýralækninum á Akureyri, Sigurði E. Hlíðar, og íslenzkum læknum, prófessorunum Níels Dungal og Lárusi Einarssyni, að rannsaka þessa fjárpest, en þær rannsóknir hafa engan árangur borið. Svarfdælingar óska þess fyrst og fremst, að þessi veiki verði rannsökuð, sé þess nokkur kostur, ef það mætti verða til þess að kynnast veikinni og þekkja sjúkdómsorsakirnar. Jafnframt er það mjög alvarlegt mál fyrir Norðlendinga, ef þessi veiki breiðist úr Svarfaðardal um Eyjafjarðarsýslu vestanverða. Við flm. þessarar till. teljum, að við höfum stillt óskum okkar til Alþ. mjög í hóf, þar sem við förum aðeins fram á 5 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni. Ég vil minna á það, að til rannsókna á mæðiveiki og garnaveiki hefir verið varið milli 600—700 þús. kr. á fjárl. Að sjálfsögðu dettur mér ekki í hug að bera þessa riðuveiki sama við þær fjárpestir. En riðuveikin í Svarfaðardal hefir þó verið allskæð, og næði hún að breiðast út, mun vafi leika á, hvort hún gæti ekki fullkomlega þolað samanburð við garnaveiki og jafnvel mæðiveiki. sem búið er að verja hundr. þús. kr. til rannsókna á og ráðstafana gegn, en hér er aðeins farið fram á 5 þús. kr. Þegar þessar upphæðir eru bornar saman, mun sjálfsagt öllum vera ljóst, hve hverfandi lítil sú upphæð er, sem hér er farið fram á, að varið sé til að rannsaka og hefta útbreiðslu riðuveikinnar, sé þess nokkur kostur. Þetta fé mun, ef samþ. verður, verða látið renna til hreppsnefndar Svarfdælinga, og henni falið að úthluta því milli fjáreigenda, sem beðið hafa tjón af völdum riðuveikinnar. Ég gæti hugsað mér, að þeir fjáreigendur, sem hafa beðið mestan skaða, yrðu þeirrar úthlutunar aðnjótandi, en ekki þeir, sem aðeins hafa misst 2—3 kindur. Ég treysti því, að hv. þm. sjái, að hér eru vandkvæði á ferðinni, þar sem riðuveikin hefir lagt að velli á 10 árum um 1000 fjár í einum hreppi, og að þeir geti allir orðið okkur flm. sammála og greitt atkv. með því, að þetta litla framlag til að rannsaka og hefta útbreiðslu veikinnar og styrkja bændur, er búsifjar hafa hlotið af hennar völdum, verði samþ. hér á Alþ.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 366, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Ísleifur Högnason: Ég og tveir aðrir þm. Sósialistafl. eigum hér nokkrar brtt. á þskj. 308,

sem ég ætla lítilsháttar að ræða um. — 1. brtt. er um það, að til vegar yfir Siglufjarðarskarð verði veittar á fjárl. 50 þús. kr., í stað 15 þús. kr., sem er í fjárlfrv. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) upplýsti það hér á Alþ. í dag, að það muni taka ein 20 ár að fullgera þennan veg, ef fjárveiting ríkissjóðs verður ekki nema 15 þús. kr. á ári, eins og hingað til hefir verið. Það er næstum sama sem að kasta fé á glæ, að láta svo lítið til þessa vegar, því að það má búast við því, að verkið skemmist jafnóðum sem það er gert. Tímans tönn vinnur því meira til skemmda en mannshöndin bætir, og þá er betra að hætta við verkið en að binda sig við svo litilfjörlega fjárveitingu. En líklega yrði hægt að ljúka við veginn, svo að hann kæmist yfir skarðið eftir 4—5 ár, með því að veita til þessa vegar 50 þús. kr. á ári. Það er alls ekki mjög há fjárveiting, sem farið er fram á hér, til þess að þessu verki yrði komið nokkuð áleiðis.

Þá er það VIII. tölul. á þskj. 308 við 13. gr. C. VIII. 6 (Vestmannaeyjahöfn), að fyrir 30 þús. kr. komi 40 þús. kr. Það er vitanlegt, að fjvn. og Alþ. telja sjálfsagt að samþ., að fyrri greiðslur hækki frá fyrri áætlun á framlögum til vegagerðar með tilliti til hinnar auknu dýrtíðar. Þessi hækkun, sem hér er farið fram á, er alls ekki fullnægjandi til að mæta þeirri auknu dýrtíð, sem orðið hefir á síðastl. ári og það, sem af er þessu ári. Þessi hækkun er bráðnauðsynleg til þess að framkvæma ýmislegt við höfnina í Vestmannaeyjum, bæði dýpkun, uppfyllingu og útmælingar.

Þá höfum við 3 þm. Sósialistafl. farið fram á í XIX. brtt., að styrkurinn til Vökumanna, sem í fjárlfrv. er áætlaður 2 þús. kr., verði felldur niður, vegna þess að það hefir nú upplýstst hér á Alþ. við umr., og það af forstöðumanni þessa félagsskapar, að þetta er pólitiskur félagsskapur, sem hefir það markmið að berjast gegn ákveðinni stjórnmálastefnu, og þess eru ekki dæmi áður, að flokki sé beinlínis veittur styrkur til þess á fjárl. Þetta er hin mesta ósvinna, og mætti gera tilraun til að fá þm. til að samþ. að fella þetta niður, og til þess *er þessi till. borin fram, þó að sennilega sé* samfylking um það hér á Alþ. að styrkja þetta félag með þessari upphæð.

Þá berum við fram tvær lækkunartill. á sama þskj., aðra um það að framlag til verðlagsnefndar verði lækkað úr 45 þús. niður í 30 þús., og framlag til skömmtunarskrifstofu ríkisins úr 85 þús. niður í 50 þús. kr. Þessar lækkunartill. nema samtals 50 þús. kr. Við trúum því ekki, að kosta þurfi svo mikið skrifstofubákn í þessu skyni, og teljum, að verðlagsnefnd mætti að skaðlausu leggja niður. Við álítum, að sú n. komi engum að gagni, nema e. t. v. starfsfólkinu, og jafnvel alveg hið gagnstæða. Það er enginn vafi á því, að verðlagsnefnd hefir ákveðið hækkað verð á nauðsynlegum vefnaðarvörum, en lækkað verð á glysvarningi, sem áður var lagt hærra verð á. Hvað verðlagsbreytingar snertir tel ég sjálfsagt að kosta kapps um að hafa *nægilegan hemil gegn óhæfilega háu* verðlagi með því að láta kaupfélögin fá nægilegan innflutning.

Þá er það XXXI. till. okkar þm. Sósialistafl., um að framlag til sandgræðslu verði hækkað úr 31 þús. upp í 50 þús., og XXXVII. till., um að framlagið til skóggræðslu verði hækkað úr 40 þús. kr. upp í 75 þús. kr. Það væri vel, ef því fé, sem nú er varið til verðlagsnefndar og skömmtunarskrifstofu ríkisins, sem eins og ég hefi tekið fram, má heita óþörf og jafnvel til skaða, yrði varið til þess að leggja meiri rækt við að græða upp landið og varna því, að það blási upp. Með þessari till. álít ég, að hv. þm. ættu að greiða atkv., ef þeir annars vilja hugsa málið. Það væri miklu betra að verja þessu fé til sandgræðslu og til að varna uppblæstri heldur en að kasta því í þessar n.

Þá eigum við þrír þm. Sósialistafl. á þskj. 308, undir XLIII. tölul., brtt. um, að til slysavarna verði veittar 50 þús. kr. í stað 8 þús. Síðan þessi brtt. kom fram, hefir komið fram frv. frá nokkrum þm. um það, að ríkisstj. sé heimilt að taka 220 þús. kr. lán til þess að landssíminn geti selt öllum bátum, 10 smálestir að stærð og þar yfir, talstöðvar á leigu. En það er sá ljóður á þessari till., að hún þarf ekki að koma til framkvæmda, ef fjárveitingarvaldinu sýnist, fyrr en árið 1942. Slíkt er allt of mikill seinagangur. Það er svo aðkallandi, að allir bátar fái talstöðvar, að það má alls ekki dragast svo lengi. Atvik, er gerzt hafa á síðastl. vetri, ættu að færa mönnum heim sanninn um það. Auk þess sem þetta er sjálfsagt mannúðarmál gagnvart sjómannastéttinni, að koma þessu á, er það einnig sparnaðarmál, því að það mun hafa verið varið fé svo tugum þús. kr. skiptir til að leita að einum bát í vetur, er ekki hafði talstöð og gat þess vegna ekki gert vart við sig samstundis, en ef hann hefði haft talstöð, hefði mátt spara þessa leit.

Á sama þskj., XLIII,2, leggjum við þm. Sósialistafl. til, að *nýr liður* bætist við 17. gr. 25, að veittar verði 500 kr. til styrktarsjóðs verkakvennafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum, og varatillaga 300 kr. Þetta verkakvennafélag hefir sótt um styrk til Alþ., en fjvn. hefir ekki tekið þann styrk upp í till. sínar. Ég fæ ekki séð, að *þetta félag eigi frekar að sitja á hakanum en* mörg önnur verklýðsfélög landsins. Þetta félag hefir starfað vel og lengi að því að bæta kjör verkakvenna í Vestmannaeyjum, og nú um þetta leyti ganga tugir kvenna í félagið, og ég veit það, að þessar konur verða fyrir vonbrigðum, ef Alþ. veitir félaginu ekki þennan litla styrk.

Síðasta brtt. við fjárl., sem ég vil mæla fyrir, er LI. tölul., við 20. gr. fjárl., að framlag til nýrra vita verði 65 þús. kr., í stað 30 þús. kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Það vill svo til, að á síðastl. misseri kom ég út að Þrídröngum, þar sem verið var að reisa vita, sem er sjálfvirkur, og mér var sagt, að hann myndi kosta 20—30 þús. kr. Þá munu hv. þm. sjá, að með þeirri dýrtíð, sem nú er orðin, og verði framlagið til nýrra vita aðeins 30 þús. kr., þá er varla til svo lítill viti, að slík upphæð myndi nægja til að reisa hann. 65 þús. kr. eru að vísu *lítil upphæð, en e. t. v. mætti samt koma upp* vita einhverstaðar á landinu fyrir þá upphæð, nema þá e. t. v. að Alþ. ætlist ekki til, að gerð-

ar verði ráðstafanir til nýrra vitabygginga á næsta ári.

Þá held ég, að ég hafi minnzt á allar þær brtt., sem ég er fyrsti flm. að á þskj. 308.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. fjmrh. (JakM), þar sem hann talaði um styrkinn til menntamanna. Hann lýsti því yfir — ég held, að ég hafi það rétt eftir — að það væri sín skoðun, að hinu opinbera bæri ekki að styðja þá menn til starfa, er sköðuðu þjóðfélagið. Ég veit ekki betur en að við þm. höfum á síðasta Alþ. samþ. allstóran hegningarlagabálk, þar sem Alþ. gerði ráðstafanir til þess að hegna þeim mönnum, er starfa að því að skaða þjóðfélagið, og það ætti að vera alveg nægilegt. En hér er lagt til að ofsækja menn fyrir ákveðnar skoðanir. Mér kom það nokkuð á óvart, þegar hæstv. fjmrh. er orðinn málsvari þessarar stefnu hér á Alþ. Ég hafði lengi vel þá von, að hann léti ekki hafa sig til þeirra afglapa. Það er auðséð og vitað, að þessir menn, sem hæstv. fjmrh. talaði um, að sköðuðu þjóðfélagið, eru þrjú höfuðskáld Íslendinga, þeir Jóhannes úr Kötlum, Halldór Kiljan Laxness og Þórbergur Þórðarson. Þessir þrír menn hafa unnið sér það eitt til saka, samkv. dómi hæstv. fjmrh. og skoðanabræðra hans, að hafa samúð með Sovét-Rússlandi. Það er höfuðsök í augum hæstv. ráðh. og skoðanabræðra hans að leyfa sér að hafa samúð með verklýðsríkinu Sovét-Rússlandi. En höfuðskáld Breta, Bernhard Shaw, er ekki feiminn að lýsa því yfir, jafnvel eftir að borgaraflokkarnir umhverfðust út af baráttu Rússa og Finna, að hann hafi samúð með verklýðsríkinu. Ég hefi ekki orðið þess var, að Bretar vilji afsala sér þessum andans jöfri fyrir það, og enn síður gera hann föðurlandslausan. Sama gegnir um höfuðskáld Dana Martin Andersen-Nexö. En hann hefir lýst samúð sinni með Sovét-Rússlandi og andúð sinni á Mannerheim og hvítliðum hans í Finnlandi. Ég hefi ekki heyrt, að þetta skáld hafi verið strikað út af fjárl. Dana. Vilhjálmur Stefánsson landkönnuður hefir látið í ljós, að hann hefði mikla samúð með Sovétríkjunum og þeirra vísindastarfsemi. Mér kemur það ekki á óvart, þó soðinn úr blaðamönnum þjóðstjórnarinnar skuli vera á annari skoðun. En að þeir, sem vilja láta bera virðingu fyrir Alþingi, skuli taka afstöðu með þessum dreggjum, mun spilla svo virðingu þingsins, að innan tíðar mun hver maður líta til þess með virðingarleysi, en ekki með virðingu. Nokkrir þm. hafa reynt að forða Alþ. frá þessari vansæmd með því að bera fram till. um að taka þessi þrjú höfuðskáld þjóðarinnar inn á fjárl. Mætti þingið sjá sóma sinn í því að samþ. þá till.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Það er einskonar lögmál, sem gildir um fjvnm., að þeir séu hófsamir í því að bera fram brtt. við fjárl. Það er þó einn þáttur í fjárlfrv., sem fjvn. hefir ekki tekið neinar ákvarðanir um nema sem heild, það eru skáld og listamenn. Það hefir verið samþ. í fjvn., að hún legði til, að styrkir, sem væru sérstakir persónustyrkir, væru teknir út af fjárl. og afhentir menntamálaráði, eins og gert var á síðasta Alþ. Og af því hafa þessir styrkir þar af leiðandi ekkert verið ræddir í fjvn. hver út af fyrir sig. En það varð að samkomulagi, að nm. mættu hafa þar alveg óbundnar hendur um að bera fram brtt. Það er hinsvegar svo með mig, að ég hefi ekki borið fram brtt. nema þær, sem eru á þskj. 352. Að sönnu var mér sagt, að mitt nafn væri á einni brtt., sem ekkert snertir þetta mál, en það hefir verið tekið traustataki, að sönnu með góðu málefni, sem ég vildi veita atkvæðisfulltingi. En mitt nafn er þó ekki tekið þar með mínu leyfi. Þær till., sem ég ber fram, má að sjálfsögðu fella alveg burt, ef þingið samþ. að fela menntamálaráði að úthluta styrkjum til skálda og listamanna. Brtt. eru allar á þskj. 352, og er þar um 2 fl. listamanna að ræða, sem ég hefi gert brtt. um, svo og fjárframlög til skálda, sem ég tel rétt að láta a. m. k. minn vilja koma fram um.

Fyrstur er þá Guðmundur Friðjónsson skáld á Sandi. Ég vil leyfa mér að halda fram, að ekkert skáld eigi að hafa hærri styrk en hann, og skal ég færa nokkur rök fyrir því, m. a. að hann er nú maður 70 ára og elztur skáldanna, og að mörgu leyti merkasta skáldið, sem nú er uppi á Íslandi. Ég ætla annars ekki að fara að ræða um verðleika þessara manna. Það er gersamlega óþarft um menn, sem eru fyrir löngu þjóðkunnir, að vera að telja afrek þeirra. En þegar fjárlfrv. var lagt hér fyrir Alþ., sá ég, að flest af skáldunum höfðu verið hækkuð í styrknum, þ. e. a. s. till. voru um hækkaðan styrk, og ég geri ráð fyrir, að það byggist á því, að peningar hafa fallið í verði og dýrtíð aukizt, og hér hefir verið gengið inn á þá braut, að hækka yfirleitt kaup í landinu, og þá hefir þótt eðlilegt, að styrkirnir til skálda og listamanna hækkuðu. Ég tók þá eftir því, að skáldin Jakob Thorarensen, Kristmann Guðmundsson og Jón Magnússon höfðu ekki verið hækkaðir. Ég hefi þess vegna lagt til með minum till., að styrkir til þeirra hækki örlítið, það eru 300 kr. til hvers, og hækkunin samtals er þá lítil upphæð. En mér finnst, að samræmisins vegna ætti þetta svo að vera.

Þá hefi ég einnig farið fram á, að Guðni Jónsson magister væri hækkaður úr 800 kr. og upp í 1500 kr. Ég skal leyfa mér, af því að hann er nýkominn inn í fjárl., að telja upp nokkuð af hans ritstörfum. Ég tel, að það sé ákaflega illa farið, að Guðni Jónsson getur ekki eingöngu gefið sig að ritstörfum, því að hann hefir sýnt það með þeim ritverkum, sem hann hefir lagt hendur á, að hann er til þess fallinn að vera rithöfundur. Hann er vandvirkur rannsóknari á sviði sagnfræðinnar, þrátt fyrir hin miklu skyldustörf, sem hann verður að vinna fyrir sínu brauði, en hann hefir á fáum árum afkastað ákaflega miklu á þessu sviði. Hann hefir gefið út merkar bækur, eins og t. d. Grettissögu og Borgfirðingasögu með prófessor Sig. Nordal, og ættartölubók um 400 blaðsíður, Bergsætt. Og Guðni Jónsson hefir einnig ritað Minningarsögu Flensborgarskóla og sögu Eimskipafélagsins og hann er ritstjóri og útgefandi að merkilegu ritsafni, sem er Landnám Ingólfs Arnarsonar. Að þessum störfum liggja mjög merkilegar rann-

sóknir, og eftir því, sem fróðir menn segja mér, eru þessi verk unnin af mikilli vandvirkni og góðri þekkingu. Mjög margt annað liggur vitanlega eftir Guðna Jónsson á þessu sama sviði. Hann er ritstjóri að tímariti, sem kallað er Blanda og Sögufélagið gefur út, og mig minnir, að hann sjái um útgáfu á öllum fornsögum, sem endurprentaðar eru af útgáfu Sigurðar Kristjánssonar. Hann sér um endurprentun þeirra jafnóðum og þær seljast. Og ég hefi séð allmikið ritað eftir hann um önnur efni, í Skírni og víðar. Ég tel það mjög æskilegt, að þessi maður fái betri skilyrði til þess að sinna þessum sögulegu ritstörfum heldur en hægt er með því, að hann hafi mikið annað fyrir stafni, sem hann er neyddur til, til þess að geta unnið fyrir sínu brauði.

Þetta voru rithöfundarnir, sem ég ber fyrir brjósti og legg til, að hækkaður verði styrkur til. Og allir þeir styrkir samanlagðir eru líklega ekki meira en eitt til tvö þús. kr.

Þegar menntamálaráð úthlutaði styrkjum til skálda og listamanna, þá held ég, að það hafi fellt niður alla þá menn, sem fást við söng og söngfræði, að undanskildum einum manni. Nú má vel vera, að við Íslendingar eigum ekki mikið af listamönnum á því sviði, en þó er það talið, að hæfileikar Íslendinga á sviði tónanna séu mjög miklir og góðir. En auk þess, að flestir þeir menn, sem þetta leggja fyrir sig, eru fátækir menn og af fátæku fólki komnir, þá hafa þeir að sjálfsögðu fæstir átt kost á því að fá hina fullkomnustu og beztu menntun í þessum efnum, og má þess vegna vera, að þeir hafi komizt skemmra heldur en aðrir, sem betri aðstöðu hafa haft, jafnvel þó að hæfileikarnir hafi ekki verið betri eða meiri. En ég tel það mjög illa farið, að þessum mönnum sé að engu sinnt. Það má segja um þá menn, sem leggja fyrir sig listir og vísindi, á hvaða sviði sem er, að ef þeir geta ekki komizt svo langt í þeim efnum, að það beri þeim sæmilegan arð til lífsuppeldis, þá sé þeim sjálfum um að kenna, því að þeir gætu eins lagt verk í eitthvað annað sem betur væri gefið fyrir. En um þessa hluti skyldi maður dæma mjög varlega. Það eru í upplagi manna einhverjar sérstakar þrár eða hvatir, sem draga þá út á þessar brautir. Og það er nú svo, að þegar fram líða stundir, þá á þjóðfélagið þessum mönnum geysimikið upp að inna; þó að sumir hverfi í gleymsku, sem hafa ekki náð því takmarki að lifa árin og aldirnar, þá standa þó einhverjir upp úr til ómetanlegs gagns fyrir þá, sem síðar fæðast, og láta eftir sig verk til minja með þjóðinni. Það hefði kannske mátt segja um ýmsa af þeim mönnum, sem eru höfundar að okkar beztu fornritum, þegar þeir voru að vinna að þeim ritstörfum, að þetta væri fánýtt fyrir framtíðina og þeim væri nær að vinna eitthvað annað, sem vissara væri með að gefa þeim brauð. Við höfum þó eignazt fyrir þessa köllun, sem þessir menn fundu hjá sér, ódauðleg verk. Mér þykir ekkert undarlegt, að það hafi þótt undarlegt uppátæki hjá þessum mönnum, sem byrjuðu að skrifa um ásatrúna fornu. En þetta hefir orðið til þess, að nú eigum við ódauðleg rit um þessi efni. Og margt er fleira í okkar fornu bókmenntum, sem vel má vera, að litlum skilningi hafi mætt hjá samtíðarmönnum þeirra, en lítur ekki þannig út frá okkar sjónarmiði. Ég hygg því, að við eigum að dæma ákaflega varlega um þá menn, sem farið hafa út á þessar brautir, jafnvel þó að þeir hafi ekki fundið þá tóna, sem standast samanburð við það bezta.

Þeir söngvarar, sem ég fer hér fram á, að verði veittur nokkur styrkur af fjárl., og hafa verið þar áður, eru þá fyrst Eggert Stefánsson söngvari. Hann hefir ferðazt víða erlendis og getið sér mikinn orðstír fyrir sín afrek. Sama er að segja um Sigurð Skagfield. Þetta eru menn, sem hafa átt við ákaflega þröng kjör að búa. Það eru hæfileikasnauðir menn til, og það kannske innan þessara veggja, sem ekki kunna að meta tónlist, en það gerir tónlistina ekki ómerkilegri, hún hefir sitt gildi fyrir því.

Þriðji maðurinn, sem ég fer fram á, að veittur verði styrkur, og hefir haft hann, er Einar Markan tónskáld. Hann fæst nú aðallega við tónsmíðar, en áður gaf hann sig aðallega við söng. Síðast nú í vetur hélt hann „concert“ og fór þar eingöngu með verk eftir sjálfan sig.

Loks er hér einn maður, Kristinn Pétursson málari. Hann hefir um mjög mörg ár fengizt við þessa list, en aldrei hlotið neinn styrk. Það er sama um hann að segja og söngvarana, að hann er fátækur maður og hefir ekki átt kost á því frekar en hinir að velja sér fullkomnustu kennslu, heldur hefir hann, eins og margur annar málari, látið sér nægja að mjög miklu leyti sjálfsmenntun. En nú stendur svo á fyrir þessum manni, að hann hefir í bráðina misst heilsuna. Honum var bannað að vinna fyrir sér í sinni grein síðastl. sumar og í það minnsta fram á þetta ár. Honum hefir verið bannað af læknum að reyna nokkurt erfiði á sig, en það er sama sem að banna honum að afla sér brauðs, því að hann hefir ekki haft sitt uppeldi af öðru en þessari grein listarinnar. Mér sýnist ákaflega vel til fallið, að hæstv. Alþ. nú í fyrsta sinni sýni þessum listamanni þá ræktarsemi að veita honum þennan lítilfjörlega styrk, sem hér er farið fram á. Ég hefi miðað mínar uppástungur um þessa styrki við þann bága fjárhag, sem við allir vitum, að er hjá okkur í ríkissjóði.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, og þó að ég að sjálfsögðu taki aftur mínar till. um þá menn, sem áður hafa verið teknir á styrk hjá menntamálaráði, ef till. fjvn. um að vísa þeim málum öllum þangað, verður samþ., þá vænti ég þó, að hv. þm. telji það ekki óeðlilegt, að ég haldi við þær till., sem eru um þá menn, sem menntamálaráð hefir ekki áður séð sér fært að veita styrkinn. Því að það, að menntamálaráð hefir ekki tekið þennan mann á lista hjá sér, er sennilega engu síður vegna fjárhags ráðsins heldur en hins, að því hafi ekki þótt hann viðurkenningarverður.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 160, 272, 308, 327, 333, n. 342, 352, 365, 366, 372, 375, 386, 387).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 372, 375, 386 og 387. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér nokkrar brtt., sem ég vil fara um nokkrum orðum. Fyrst er brtt. 327,II, 16 þús. kr. til að lengja hafskipabryggjuna í Borgarnesi. Þessi hafskipabryggja var byggð 1930, en var þá ekki fullgerð, og hefir hafnarstjórnin nú látið gera teikningu, mælingar og áætlanir um það, hvað þessi fyrirhugaða lenging myndi kosta. Það liggur nú fyrir áætlun frá vitamálastjóra, og gerir hann ráð fyrir, að þetta muni kosta 32 þús. kr. Að vísu var þessi áætlun gerð fyrir stríðið, en hafnarstjórnin gerir ráð fyrir því, að með því að tryggt sé að nokkru leyti innlent efni til þessara framkvæmda, þá muni mega komast af með svipaða upphæð til að fullgera verkið og áætlað var síðastl. ár. Það er mjög nauðsynlegt að lengja bryggjuna nokkuð, vegna stærri skipa, sem þar koma. En auk þess er vegna vetrarferða „Laxfoss" nauðsynlegt að gera bryggjuna nokkuð veigameiri; oft verða skip að liggja við hana í stórviðri og sjógangi, og stundum hafa skip verið komin mjög hætt, vegna þess að bryggjan er ekki eins veigamikil og hún myndi verða, ef hún yrði lengd.

Þá er brtt. á sama þskj., V. tölul., um útgáfu héraðssögu Borgarfjarðar. Það hefir verið unnið að þessu verki í nokkur ár af ýmsum mönnum; eru komin út 2 bindi og hið 3. í undirbúningi. Þarna er saman kominn mikill fróðleikur um sögu héraðsins, sem á sínum tíma mun verða einn þáttur þeirrar menningarsögu, sem skráð verður um líf þjóðarinnar á liðnum öldum. Þar sem ég sé, að ýmsir aðrir hv. þm. bera fram svipaðar fjárbeiðnir, þá þykir mér mjög sennilegt, að útgáfa héraðssögu Borgarfjarðar fái góðar undirtektir meðal þm., þar sem hér er um mjög merkilegt mál að ræða.

Þá á ég brtt. á sama þskj., VIII. töluliður, a. og b. Það er nýr liður um styrk til Guðmundar Böðvarssonar skálds og Halldórs Helgasonar á Ásbjarnarstöðum. Halldór hefir fengið smástyrk á fjárl. undanfarið, þangað til í fyrra, að þessir styrkir voru teknir út af fjárl., en þá fékk hann einnig viðurkenningu frá menntamálaráði með svipuðum styrk og áður. Halldór er ágætur hagyrðingur, og má segja, að hann sé með betri alþýðuskáldum landsins. Ég geri ráð fyrir, að þm. hafi nokkuð kynnzt verkum hans, og þurfi því ekki að lýsa þeim með mörgum orðum. Ef svo fer, að skáld og listamenn verða aftur teknir inn á fjárl., þá vona ég, að Halldór verði látinn fylgja öðrum skáldum, sem styrks hafa notið undanfarið.

Þá kem ég að hinum manninum, hann er ungur og hefir einskis styrks notið á fjárl., en hlaut styrk af því fé, sem menntamálaráð hafði með höndum síðastl. ár. Það er skoðun þeirra manna, sem dómbærir eru um þessa hluti og hafa kynnt sér skáldskap þessa manns, að hann sé mjög efnilegt skáld, og skoða margir hann nú þegar í röð fremstu skálda, sem látið hafa frá sér fara kvæðabækur hin síðari ár. Ég treysti því fullkomlega, ef styrkur verður veittur til skálda og listamanna nú eins og undanfarið, þá láti hv. þm. atkv. sín falla á þá lund, að veita þessu unga skáldi þann styrk, sem hér er farið fram á. Annars skal ég geta þess, að á síðasta þingi var ég einn meðal þeirra manna, sem greiddu atkv. með því, að menntamálaráð hefði úthlutun þessa styrks með höndum, og ég sé ekki ástæðu til þess að breyta um stefnu. En ef það skyldi verða ofan á, að þingið afsalaði sér þessum styrkveitingum í hendur menntamálaráðs, þá mun ég taka þessar brtt. aftur.

Þá er brtt. á sama þskj., XV. Það er byggingarstyrkur til Magnúsar Ásgeirssonar skálds, 1000 kr., og er ætlazt til, að það verði lokastyrkur. Ég skýrði frá því á síðasta þingi, þegar ég fór fram á samskonar styrkbeiðni, að Magnús hefði byggt sér smáhús uppi í sveit og hefði þar afnot af laugahita. Magnús hefir gert margar og merkilegar þýðingar, bæði í bundnu og óbundnu máli, og það má telja það víst, að hann nýtur sín miklu betur við þetta starf uppi í sveit heldur en ef hann væri hér í Reykjavík. Hinsvegar er hann félaus maður, eins og þm. er kunnugt, og hefir hann átt mjög erfitt með að koma upp þessari byggingu og standa straum af kostnaðinum. Það hefir ekki þótt tiltækilegt að veita honum byggingarstyrk af fé, sem varið er til að styrkja bændur til endurbygginga, vegna þess að hann hefir ekki þótt fullnægja þeim skilyrðum, sem til þess þarf. Hinsvegar sótti hann um þennan styrk. Þessi styrkur, sem ég vænti, að verði samþ., er mjög svipaður þeim hámarksstyrk, sem bændur fá til að koma upp varanlegum húsum í sveitum, og vildi ég vænta þess, að Magnús verði ekki settur skör lægra. Magnús er þegar búinn að fá viðurkenningu fyrir því, að vera einn hinn bezti þýðandi, bæði í bundnu sem óbundnu máli, sem þjóðin hefir átt. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. þm. veiti honum þennan styrk, svo að hann geti unnið að þessu menningarmáli, sem hann hefir tekið að sér. Það verður ekki betur gert á annan hátt en þann að hjálpa honum til þess að eignast heimili á þeim stað, sem hann hefir þegar valið sér, svo hann geti þar óskiptur unnið að sínum hugðarmálum.

Ég á brtt. á þskj. 308, XXX, sem flutt er af mér og hv. 2. þm. Skagf. Hann er 1. flm. till. og mun hann mæla fyrir henni. Ég skal þó geta þess, að hún er um hækkun styrks til Búnaðarfélags Íslands, til þess að unnt verði fyrir það að standa við þær skyldur, sem því munu sennilega verða lagðar á herðar með samþykkt á launauppbót til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Fé það, sem félagið hefir yfir að ráða, er af skornum skammti, og þannig var frá gengið á síðasta búnaðarþingi, að ekkert fé var ætlað til þessarar hækkunar. Það er því nauðsynlegt fyrir félagið að leita til þingsins um þessa hækkun. — Ég á einnig aðra brtt. á þessu sama þskj., XXXIV, sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Skagf., og mun hann líka gera grein fyrir henni.

Þá vil ég minnast á brtt., sem ég á á sama þskj., sem ég flyt ásamt hv. 8. landsk., um 100 þús. kr. styrk til áburðarkaupa, sem varið sé

til lækkunar á útsöluverði erlends áburðar á árunum 1940 og 1941 samkvæmt reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur.

Það er kunnugt frá síðasta þingi, að verðhækkun sú, sem orðið hefir á útlendum áburði vegna gengislækkunarinnar fyrst og síðan vegna hinar almennu verðhækkunar af völdum styrjaldarinnar, er orðin svo geigvænleg, að fullar horfur eru á því, að ekki sé unnt fyrir bændur að kaupa þann áburð, sem nauðsynlegur er til þess, að hægt sé að framleiða þær kartöflur, sem við þurfum að nota, og halda við ræktun á túnum, til þess að fullt gagn geti af þeim orðið. Við áttum því láni að fagna á síðastl. ári, að kartöfluframleiðslan varð í fyrsta skipti það mikil, að telja má, að þjóðin hafi orðið sjálfri sér nóg í þeim efnum. Þetta eru gleðilegar framfarir, auk þess sem það er einn liður í því öryggi, sem þjóðin verður að keppa að um að verða sem mest sjálfbjarga um eigin framleiðslu matvara. Ef svo fer fram, að verð á útlendum áburði stórhækkar, þá er þessu máli teflt í tvísýnu, svo að því getur rekið, að annaðhvort verði að flytja á ný inn kartöflur eða þjóðin verður að einhverju leyti að fara á mis við þessa dýrmætu fæðu og tapa auk þess þeirri atvinnu, sem framleiðsla kartaflna veitir landsmönnum.

Ég skal geta þess til frekari upplýsinga, að þessi verðhækkun, sem skall fyrirvaralaust á áburðinn á síðastl. ári, var svo mikil, að þrátt fyrir 25% hækkun á áburðinum síðastl. vor, þá varð áburðareinkasala ríkisins, auk þess sem hún átti 50 þús. kr. í varasjóði, að safna skuldum, sem nema 150 þús. kr., til þess að forðast það, að áburðurinn yrði ekki algerlega ófullnægjandi. Hina síðustu mánuði hefir fragtin hækkað svo, að hún er þrisvar sinnum hærri en á sama tíma í fyrra, og það er útlit fyrir, að verð áburðarins hækki frá 31°c upp í 77°c frá því, sem það var á síðastl. ári Ef þessu fer fram, þá verður ekki unnt, hvorki fyrir bændur né þorpsbúa, sem margir afla sér atvinnu að sumrinu með því að stunda kartöfluræktt, að stunda hana að neinu ráði, og horfir þá til hins óvænna um framleiðslu þessarar vöru og þeirrar atvinnuaukningar, sem hún getur skapað í landinu. Ég vil mjög vænta þess, að Alþ. geri það, sem í þess valdi stendur, til þess að firra þeim vandræðum, sem af því myndu hljótast, ef kartöfluræktin yrði að dragast mikið saman, og samþ. því þessa till., sem myndi koma að nokkru liði, þó vitanlega þyrfti að taka dýpra í árinni, ef vel ætti að vera.

Ég mun eiga eina brtt. ennþá, sem ég flyt ásamt nokkrum hv. þm., um að veita Rögnvaldi Sigurjónssyni 1500 kr. til náms í pianóleik. Það mun verða mælt fyrir þessari till. af öðrum, en ég vil aðeins geta þess, að þessi maður er óvenjulega efnilegur pianóleikari. Hann er snillingsefni í þeirri grein eftir því, sem fróðir menn á því sviði láta uppi, svo hann er sannarlega þess verður, að hann sé studdur til að fullkomna sig í þessari grein, svo framarlega sem nokkurt fé verður veitt á þessum tímum til slíkra hluta.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

Steingrímur Steinþórsson: Ég á hér nokkrar brtt., sem ég er 1. flm. að og mun mæla sérstaklega fyrir, og einnig er ég meðflm. að öðrum till., sem ég mun leiða hjá mér að mestu leyti að mæla fyrir.

Ég ætla þá fyrst að minnast á brtt. á þskj. 327, I, þar sem lagt er til, að það framlag, sem ríkissjóður leggur fram til að styrkja fyrrv. vegaverkstjóra. hækki úr 1500 kr. upp í 1800 kr., en af því renni 300 kr. til Daníels Hjálmssonar, fyrrv. verkstjóra. Hann var um langt skeið vegaverkstjóri hjá ríkinu. Hann er nú gamall og farinn að heilsu, en hefir aldrei fengið styrk hjá því opinbera. Það virðist því réttmætt, að hann fái litla viðurkenningu frá ríkinu þau fáu ár, sem hann á sennilega eftir ólifað, fyrir þau störf, sem hann hefir unnið, enda á hann það ekki síður skilið en ýmsir aðrir af starfsmönnum ríkisins, sem njóta opinberrar hjálpar eða styrks í ellinni, þegar þeir eru ekki lengur færir að vinna fyrir sér sjálfir. Daníel er sonur Hjálms Péturssonar, er um eitt skeið var fulltrúi Mýramanna á þingi. Ég vænti þess, að hv. Alþ. muni veita Daníel í elli sinni þennan lítilfjörlega styrk, sem hér er farið fram á.

Þá berum við þm. Skagf. fram brtt. á þskj. 308,XI, um að greiða aukatillag til Hofsósbryggju. Hofsóskauptún ræðst í það fyrir nokkrum árum að byggja þarna bryggju eða bátahöfn, en ríkissjóði ber samkvæmt l. að kosta þessa hafnargerð að ⅔. Það er svo ákveðið í fjárl., að ríkissjóður skuli greiða 7 sinnum 8 þús. kr., eða alls 56 þús. kr., í styrk til þessa mannvirkis. Nú hefir svo farið, að kostnaður við hafnargerðina hefir orðið nokkru meiri en áætlað var í fyrstu. Allur kostnaður mun hafa orðið 165 þús. kr., svo það mun láta nærri, að ríkinu beri að greiða 64 þús. kr. til þessa mannvirkis. Það er því till. okkar hv. þm. Skagf., að ríkið bæti við 8. greiðslunni, svo að ríkið leggi þá alls fram 64 þús. kr. til hafnargerðarinnar. Ég vil sérstaklega taka það fram um þetta mannvirki, að það hefir í alla staði heppnazt vel, því það hefir verið byggð þarna mjög góð bátahöfn, og það er enginn vafi á því, að hún er trygging fyrir því, að sjósókn geti orðið betri og öruggari í Hofsósi en áður hefir verið. Það er nokkurnveginn víst, að nokkur síld verður lögð þar upp í sumar. Einhver hin beztu síldarmið hér við land eru á Skagafirði, og liggur Hofsós mjög vel við þeim. En þeim hreppi, sem að þessu mannvirki stendur, er ofraun að standa undir hinum mikla kostnaði. Ég hygg, að ef þessar 8 þús. kr. verða greiddar úr ríkissjóði, sem ég álít, að ríkissjóði beri að greiða lögum samkvæmt og við þm. Skagfirðinga höfum borið undir vitamálastjóra, þá muni þessu mannvirki vera fjárhagslega borgið. Það er ekki verið að fara fram á nein útgjöld árið 1941, heldur að bætt sé við einni viðbótargreiðslu, þegar þar að kemur. Ég vænti þess, að hið háa Alþ. sjái sér fært að verða við þessu, því ég hygg, að með þessu muni þessu mannvirki vera borgið á þann hátt, að sveitarfélagið muni geta risið undir þeim skuldum, sem á höfninni hvíla að öðru leyti. Þó þetta verði ekki samþ. nú, þá mun það verða borið

fram á næstu þingum, unz leiðrétting fæst á þessu.

Þá á ég einnig brtt. á sama þskj., 308,XXIV, um að veita Jóni Þorsteinssyni, skáldi á Arnarvatni í Mývatnssveit, 500 kr. skáldastyrk. Hann er nú um áttrætt, þrotinn að kröftum og efnalaus með öllu. Hann hefir undanfarin ár staðið á 18. gr. fjárl. með þessa upphæð, og ég hygg, að það hafi verið af óaðgæzlu, að hann var felldur niður, þegar nöfn skálda og listamanna voru tekin inn á 15. gr. fjárl. Mér dettur ekki í hug að ætla, að þeim, sem undirbjuggu fjárlagafrv., hafi dottið í hug, að þessi gamli maður, sem í raun og veru hefir ekki úr öðru að spila en þeim lítilfjörlega styrk, sem þingið hefir veitt honum, væri felldur niður, heldur mun hér eingöngu um óaðgæzlu að ræða. Ég vænti því, að þessi styrkur fái að standa á fjárl. á meðan hann lifir. Ég skal taka það fram, að verði samþ. till. fjvn. á þskj. 272 um að taka öll nöfn skálda og listamanna út úr fjárl., en veita ákveðna upphæð í þessu skyni, þá mun ég taka þessa brtt. aftur. Ég treysti því, að menntamálaráð muni þá veita þessum aldraða heiðursmanni þennan lítilfjörlega styrk, sem hér er farið fram á.

Þá er á þskj. 308,XXX till. frá mér og hv. þm. Mýr. um að hækka framlagið til Búnaðarfélags Íslands úr 200 þús. kr. upp í 220 þús. kr. og til vara að hækka það um 10 þús. kr., eða í 210 þús. Hv. þm. Mýr. mælti með nokkrum orðum fyrir þessari till. áðan, en ég ætla að nokkru leyti að endurtaka það, sem hann sagði, og bæta þar örfáum atriðum við. Það má segja svipað um fjármál Búnaðarfélags Íslands og ríkisins, að sú fjárveiting, sem það fær úr ríkissjóði, er bundin frá ári til árs. Fjárveitingin fer til þess að launa ráðunauta þá, sem félagið hefir. Það mun vera um ¼ af styrknum, sem fer í launagreiðslur, eða 50—60 þús. kr. Til búnaðarsambandanna fer svipuð upphæð. Auk þess verður félagið að standa undir ferðakostnaði ráðunauta sinna, þegar þeir eru að annast sýningar- og leiðbeiningarstarfsemi. Enn má nefna það, að Búnaðarfélag Íslands starfrækir búfjárræktarl. fyrir ríkisstjórnina, og verður að gera það samkvæmt landslögum. Nú er það gefið, að ferðakostnaður í sambandi við sýningar- og leiðbeiningarstarfsemi hlýtur að stórhækka. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé tilætlun ríkisstj. eða Alþ., að þessi starfsemi verði lögð niður, en það er ómögulegt fyrir Búnaðarfélag Íslands að standa undir þessum auknu útgjöldum, nema það fái aukna fjárveitingu.

Það er vitað, að Búnaðarfélag Íslands verður að greiða uppbætur til sinna starfsmanna, ef frv. það, sem liggur fyrir þinginu um launauppbætur til starfsmanna ríkisins, verður samþ. Starfsmenn félagsins munu vera lægra launaðir en flestir aðrir hliðstæðir starfsmenn hér á landi. Af þessum ástæðum er það augljóst, að það er óhugsandi fyrir Búnaðarfélag Íslands að reka sína starfsemi með því fé, sem því er ætlað, þó hægt hafi verið að komast af með það á undanförnum árum. Það er þá ekki nema um tvennt að gera fyrir félagið, annaðhvort að segja upp einhverjum af starfsmönnum sínum eða að neita að framkvæma eitthvað af því, sem ríkið skipar því að framkvæma samkv. l.

Við flm. þessarar till. höfum farið svo vægilega í sakirnar sem mögulegt var. Ég vil taka það fram, að ég álít, að í raun og veru geti lægri upphæð en 20 þús. kr. hækkun, sem við förum fram á í aðaltill., tæplega komið til greina, því vitanlega er það svo, að fyrir árið í ár verður Búnaðarfélag Íslands að bera mjög aukin útgjöld vegna dýrtíðarinnar, að því er snertir ferðakostnað og að einhverju leyti launauppbót til starfsmanna sinna. Ég geri ekki ráð fyrir, að það fáist neinar uppbætur á það.

Ég vænti þess fastlega, að hið háa Alþ. samþ. aðaltill., um að hækka framlagið um 20 þús. kr., en mér dettur ekki í hug að trúa því, að nokkur þm. greiði atkv. gegn varatill., 10 þús. kr., því ég tel ómögulegt að gera það, þar sem Alþ. mun ætla að afgreiða l. um launauppbætur til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Það er ómögulegt að ætlast til þess, að starfsmenn Búnaðarfélagsins fái ekki einhverjar launauppbætur eins og aðrir starfsmenn ríkisins.

Ég hefi veitt því athygli, að nokkrir hv. þm. hafa borið fram till. um að hækka framlagið til Fiskifélags Íslands um 10 þús. kr. Mér er það ljóst, að sú till. er borin fram af sömu ástæðum eins og till. okkar hv. þm. Mýr. um Búnaðarfélag Íslands. Ég er ekki í vafa um, að sú starfsemi er jafnréttmæt, og ég lýsi því yfir, að ég mun greiða atkv. með till., þar sem ég veit, að hún mun vera sanngjörn. Ég vænti þess þá jafnframt, að till. okkar hv. þm. Mýr. nái samþykki Alþ. Ég get bætt því við, að fáist ekki þessi upphæð til Búnaðarfélagsins, þá hlýtur það að hafa þær afleiðingar í för með sér, að félagið verður að segja upp einhverjum af starfsmönnum sínum eða að leggja niður einhverja af starfsgreinum sínum, eða þá kannske að taka styrkinn af búnaðarsamböndunum að meira eða minna leyti. Ég tel þó, að það muni vera fáar upphæðir, sem veittar eru úr ríkissjóði, sem geri meira gagn. Búnaðarsamböndin hafa svo margháttaðar framkvæmdir með höndum, að þó hver þeirra um sig sé kannske ekki stór, þá er það svo, að þegar þær koma saman, þá eru það þau, sem að miklu leyti standa undir búnaðarframkvæmdum í sveitunum. En hvaða leið sem farin yrði til þess að skera niður það fé, sem rennur gegnum Bf. Ísl. til landbúnaðarins, þá hlyti það að hefta hina eðlilegu þróun búnaðarmálanna og valda landbúnaðinum tjóni og erfiðleikum.

Þá er enn á sama þskj., XXXIV, till. sem flutt er af mér og hv. þm. Mýr., um að hækka framlagið til búfjárræktar úr 68 þús. kr. upp í 70 þús. kr. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa till. Hún er afleiðing af því, að búið er að samþ. frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., en þar var gerð sú breyt. á frv. samkvæmt beiðni frá Bf. Ísl., að í stað þess að framlagið til búfjárræktar skyldi vera 68 þús. kr., þá var samþ., að það skyldi vera minnst 70 þús. kr. Ég tel því víst, að þessi hækkun verði samþ.

Þá á ég brtt. á þskj. 327, XVII. Sú till. er um

jarðakaupasjóð, að tillagið til hans hækki um 50 þús. kr., úr 20 þús. upp í 70 þús. kr. Á síðasta þingi var framlagið til jarðakaupasjóðs 85 þús. kr. Það mun þá hafa verið ákveðið að nokkru leyti með það fyrir augum, að nauðsynlegt þótti af sérstökum ástæðum, að heimild væri til að kaupa allmargar jarðir í einni ákveðinni sveit. Það mun nú vera hafinn undirbúningur um það að kaupa jarðir þær, sem hér um ræðir.

Það hefir verið svo, að mikil ásókn hefir verið víðsvegar af landinu um það að fá ríkið eða jarðakaupasjóð til að kaupa jarðir. Sá fulltrúi í stjórnarráðinu, sem hefir með þetta að gera, hefir tjáð mér, að nú liggi fyrir 86 skriflegar umsóknir um kaup úr jarðakaupasjóði, en hann hefir jafnframt tekið það fram, að í raun og veru liggi miklu fleiri umsóknir fyrir. Mönnum hefir verið sagt upp á síðkastið, að það þýddi ekki að senda umsóknir, því það væri ekki hægt að sinna þeim.

Það hafa verið mjög skiptar skoðanir um þetta mál, og ýmsir hafa talið, að það væri hið mesta glapræði, að ríkið væri að eignast jarðir á þennan hátt, því það myndi verða til ófarnaðar landbúnaði okkar. Ég held, að það sé enginn meiningarmunur um það, að heppilegast væri, að hver bóndi ætti sína jörð, og ætti hana þannig, að engar eða mjög litlar skuldir hvíldu á henni. Hann hefði jörðina á þann hátt, að hann þyrfti ekki að greiða neina verulega vexti af skuldum. Ég hygg, að allir geti orðið sammála um, að þetta sé bezta leiðin í þessu efni. En reynslan er þessi, að þegar menn ráðast í framkvæmdir á þessum jörðum, sem allir álíta nauðsynlegar, og kannske svo, að ómögulegt er að búa á jörðunum án þess að gera þær upp, byggja hús, rækta jörðina eða gera annað, sem til umbóta horfir, þá fer oft svo, að jarðirnar yfirhlaðast af skuldum, svo að eigendur þeirra ráða ekki við þær skuldir, sem á hvíla. Verkefni jarðakaupasjóðs álít ég, að eigi að vera það, að vera til hjálpar þeim mönnum, sem þannig hefir rekið í strand, kannske fyrir of örar framkvæmdir, en þó oft framkvæmdir, sem óhjákvæmilegt var að gera og engum dettur í hug að hafa á móti, að verði að gera, en oft eru kannske þannig, að þær koma ekki að fullum notum fyrr en síðar meir og hafa því að miklu leyti verið gerðar fyrir komandi kynslóðir. Ég er ekki í vafa um það, að þessi ár, sem jarðakaupasjóður hefir starfað, þá er hann búinn að hindra það, að margur bóndinn hafi verið flæmdur af jörð sinni, því að um leið og jarðakaupasjóður keypti jörðina af bóndanum, hefir ríkið leigt honum hana á erfðaábúð með ákveðnum skilmálum. Það er af þessum ástæðum, að við flm. þessarar brtt. leggjum til að hækka framlagið til jarðakaupasjóðs um 50 þús. kr. Nú getur jarðakaupasjóður ekki keypt neinar jarðir, nema hann fái aukið fé til þess. Ég álít það hættulegt fyrir íslenzkan landbúnað, ef þessi starfsemi leggst niður. Mín skoðun er, að þessi starfsemi eigi aðeins að ná til þess, eins og það hefir verið framkvæmt á undanförnum árum, að kaupa þær jarðir, sem svo hafa verið yfirhlaðnar skuldum, að þeir, sem á þeim sátu og áttu þær, gátu ekki ráðið við skuldirnar og hefðu þess vegna orðið að hrökklast burtu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum fleiri orðum um þessa brtt. Ég vil þó aðeins segja það, að úr því að Alþ. samþ. á síðasta þingi að auka framlagið til jarðakaupasjóðs upp í 85 þús. kr., þá þykir mér mjög óeðlilegt, að það nú felli þessa brtt. um að hækka framlagið upp í 70 þús. kr., því að auðvitað hefði verið eðlilegast, að upphæðin hefði verið sú sama og á síðustu fjárl.

Þá vil ég geta þess, að ég á brtt. á þskj. 333,III, ásamt hv. þm. Mýr. og hv. 1. þm. N.-M., um það að verja til framræslu og vegagerða á löndum ríkisins 300 þús. kr., og til vara við 22. gr., að ríkisstjórninni sé heimilað að verja jafnhárri upphæð til sömu framkvæmda. Við tökum þessa till. aftur af þeim ástæðum, að það hefir orðið samkomulag um það, að landbn. Nd. flytji brtt. við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir í Ölfusi, þess efnis, að ríkisstjórnin fái þar heimild til fjárframlaga í þessu skyni. Og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

Þá á ég hér eina brtt., á þskj. 365, VIII, ásamt hv. samþm. mínum og hv. þm. V.-Ísf. og hv. 8. landsk. Hún er við 22. gr. fjárl., um heimild fyrir ríkisstj. til að veita Skúla Pálssyni allt að 4 þús. kr. styrk til fiskiræktar, enda mæli Búnaðarfélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans með fjárveitingunni. Skúli Pálsson hefir síðastl. ár unnið að því að kynna sér fiskirækt og fengið dálítinn styrk frá Búnaðarfélagi Íslands til þess að kynna sér þetta á Norðurlöndum. Hann hefir með þessari starfsemi verið í samráði við Búnaðarfélagið og fiskideild atvinnudeildar háskólans, og þó einkum við Árna Friðriksson fiskifræðing, Árni Friðriksson fiskifræðingur hefir mælt mjög eindregið með því, að Skúla Pálssyni yrði gert kleift að halda áfram með tilraunir sínar á þessu sviði. En það, sem hann hefir fengizt við að gera, er að taka upp ræktun á fiskum eða silungum í ósöltu vatni eins og nokkurskonar búfjárrækt í smávötnum, eins og gert er erlendis, og fá þannig mjög verðmæta útflutningsvöru. Við flm. þessarar till. teljum það mjög eftirtektarverða tilraun, sem Skúli Pálsson hefir þarna byrjað á. Og ég er sannfærður um það, ekki sízt eftir að hafa rætt við Árna Friðriksson, að hér getur verið um mjög merkilegan atvinnuveg að ræða fyrir okkur. Skúli Pálsson er í undirbúningi með að stofna hlutafélag í þessu skyni, og hann er búinn að hefja undirbúning í þessa átt og sér um það að hefja þessa ræktun. Og af því flytjum við þessa till., að við höfum trú á því, að hægt sé að rækta silung á þennan hátt, sem geti orðið allverulega og verðmæt útflutningsvara fyrir okkur. Við höfum álitið rétt að setja það skilyrði fyrir þessari fjárveitingu, að Búnaðarfélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans mæltu með henni, vegna þess að ætla má, að þessar stofnanir hafi nokkra sérþekkingu í þessu máli. Skúli Pálsson sendi landbn. Nd. fróðlegt erindi um þetta, sem nefndin sendi síðan fjvn. með

ákveðnum meðmælum um það, að hún sæi sér fært að taka upp einhver fjárframlög í þessu skyni. Hv. fjvn. hefir ekki séð sér fært að verða við þessari beiðni, og þess vegna höfum við borið fram þessa brtt. Skúli Pálsson fór fram á 7 þús. kr. framlag í þessu skyni, en við höfum ekki vogað að spenna bogann hærra en að leggja til, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að greiða honum 4 þús. kr.

Ég hygg, að ég hafi nú mælt fyrir þeim brtt., sem ég er 1. flm. að. Og af því að ég er búinn að tala hér nokkuð lengi, læt ég vera að mæla fyrir þeim, sem ég er 2. eða 3. flm. að.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að tala hér nú um fjárl. almennt eða fjármálaástandið, þó að e. t. v. gæti verið ástæða til þess að ýmsu leyti. Ég vil þó aðeins taka fram um þá till. eða heimild, sem samþ. var hér við 2. umr. fjárl. um það að heimila ríkisstj. að lækka útgjöld ríkisins, sem ekki eru bundin af öðrum l. en fjárl., um allt að 35% á næsta ári, að ég greiddi þeirri till. atkv. við 2. umr. fjárl. En með því taldi ég líka, að ekki kæmi til mála, að farið væri að veita frekari heimildir til handa ríkisstj. um það að skera niður á fjárl. greiðslur, sem Alþ. hafði samþ. Mér virðist, að gengið hafi verið svo langt með því að samþ. þessa till., að ekki sé fært að ganga lengra, því frá mínu sjónarmiði tel ég mjög varhugavert að gefa slíkar heimildir í stórum stíl. Það er þó Alþ., sem á að hafa æðsta vald í fjármálunum. Og þegar svo langt er komið, að heimila á ríkisstj. að skera niður meira en ⅓ af því, sem Alþ. hefir ákveðið um ýmsar fjárveitingar, þá þykir mér vera nokkuð langt gengið í þessu efni. Og ég álít, að það sé mjög mikið álitamál, hvort ekki hafi í raun og veru þegar verið gengið of langt í þessu efni. Því að ef eitthvað kemur fyrir, þannig að nauðsyn sé að ganga svo langt frá þeirri ákvörðun, sem þingið hefir gert um fjárveitingar, þá álít ég, að ríkisstj. hljóti að kalla saman Alþ. til þess að taka ákvörðunina um þessa hluti.

Ég vildi aðeins nefna þetta hér, af því að komið er fram frv. um að heimila enn frekari niðurfærslur á fjárveitingum þeim, sem Alþ. hefir ákveðið. Ég fyrir mitt leyti er því frv. algerlega mótfallinn. Ég álít, að með þeirri heimild, sem ríkisstj. var gefin við 2. umr. fjárl. um 35% niðurskurð á ólögbundnum greiðslum, sé gengið svo langt í því efni, að ekki sé hægt fyrir Alþ. að ganga lengra á þeirri leið.

Skúli Guðmundsson: Það hafa verið lagðar hér fram allmargar brtt. við fjárlfrv. Og flestar þeirra eru um auknar greiðslur úr ríkissjóði, en þó eru þar fáar undantekningar. Vil ég minnast hér á brtt., sem ég hefi flutt á þskj. 308, við 14. gr. fjárlfrv., um launagreiðslur við Háskóla Íslands.

Ég veitti því eftirtekt, að í fjárlfrv. er gert ráð fyrir því, að launagreiðslur við háskólann á næsta ári verði 21 eða 22 þús. kr. hærri heldur en þær eru í fjárl. yfirstandandi árs. Í þeim l. er gert ráð fyrir 99 þús. kr. til þeirra hluta. Nú liggur fyrir Alþ. frv. til l. um verðlagsuppbót á laun starfsmanna ríkisins, og mér sýnist allt benda til þess, að það frv. verði að l. Þykir mér þá eðlilegast, að kennarar við háskólann, eins og aðrir starfsmenn ríkisins, fái launabætur aðeins eftir þeim l., en ekki sérstakar launahækkanir þar fyrir utan, eins og nú standa sakir. Mér er ekki kunnugt um, að standi til að fjölga starfsmönnum við þessa stofnun, þannig að þessi rúmlega 20 þús. kr. hækkun, sem gert er ráð fyrir í frv., er vafalaust sett þar af hálfu hæstv. fjmrh. í því skyni að hækka laun kennaranna. En ég hefi ekki farið svo nákvæmlega gegnum fjárlagafrv., að ég hafi gert mér það ljóst, hvort þetta er eina till. um hækkun á launum opinberra starfsmanna ríkisins, sem í frv. felst. En þar sem þarna er um allverulega upphæð að ræða til hækkunar á gjöldum úr ríkissjóði, þá taldi ég ástæðu til að bera fram þessa brtt., svo úr því fengist skorið, hvort það væri vilji Alþ. að veita þessa aukalaunauppbót til þessara starfsmanna ríkisins um næstu áramót. En eins og ég þegar hefi tekið fram, tel ég það ástæðulaust, og vænti því, að þessi brtt. mín verði samþ. og þetta fært í sama horf og nú er í l.

Á sama þskj., 308,XXXIX, hefi ég einnig aðra brtt., við 16. gr., um 300 kr. styrk til Kvennasambands Vestur-Húnavatnssýslu. Þetta kvennasamband er 20 ára gamalt á þessu ári. Það hefir beitt sér fyrir framgangi ýmissa nytsamlegra mála þar í héraðinu, t. d. heimilisiðnaðarmálum og garðrækt, og enn fleira mætti nefna af gagnlegum hlutum. Ég tel það því maklegt, að því sé veittur þessi styrkur, sérstaklega með tilliti til þess, að í fjárlagafrv. og á fjárl. undanfarið hefir staðið styrkur til margra slíkra félaga víðsvegar um landið. Get ég t. d. á það minnt, að í næstu sýslu er starfandi slíkt samband kvenfélaga, sem í nokkur ár hefir haft styrk eins og hér er farið fram á í minni till., að sambandið í Vestur-Húnavatnssýslu fái. Vænti ég þess, að hv. þm. geti á þetta fallizt.

Þá vil ég minnast á brtt. á þskj. 333, sem er flutt af mér og hv. 1. þm. Skagf. Hún er við 15. gr. frv. og er um hækkun á fjárframlagi til flugmála um 10 þús. kr.; í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 20 þús. kr. fjárveitingu til flugmála, en við leggjum til, að þessi upphæð verði hækkuð upp í 30 þús. kr. Með bréfi, dags. 19/12 1938, gaf atv.- og samgmrn. Flugfélagi Akureyrar fyrirheit um það, að rn. myndi leggja til við Alþ., að á fjárl. 1940 yrði tekið fjárframlag til félagsins að upphæð 10 þús. kr., fyrri greiðsla af tveimur. Þessu var fullnægt á síðasta þingi, þannig að þessi fjárhæð til Flugfélags Akureyrar var þá sett inn á fjárl. En þessi brtt. frá mér og hv. 1. þm. Skagf., um 10 þús. kr. hækkun á fjárframlagi til flugmála, er borin fram með það fyrir augum, að uppfyllt verði að öllu leyti þetta fyrirheit rn. um fjárstyrkinn til flugfélagsins. Og þó að nokkur breyting hafi orðið á þessu félagi, teljum við fulla ástæðu til þess að veita því þennan styrk, sem rn. lofaði á sínum tíma að leggja til við hæstv. Alþ., að á fjárl. yrði tekinn. Hæstv. atvmrh. hefir gert þessa brtt. okkar að umtalsefni og

mælt hið bezta með henni. Er ég honum þakklátur fyrir það og vænti þess fastlega, að brtt. verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð né heldur gera að umræðuefni fleiri brtt. við fjárlfrv., sem hér liggja fyrir.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég á hér nokkrar brtt., sem ég vil víkja fáeinum orðum að. Fyrst er þess að geta, að brtt. á þskj. 308,XVIII og á þskj. 365,VI eru um það að veita 1500 kr. styrk til Blaðamannafélagsins og að hækka styrkinn til Fiskifélagsins um 10 þús. kr. Fyrir *styrknum til Blaðamannafélagsins hefir verið* mælt svo vel, að lítil þörf er á að bæta þar við. Það sama má í raun og veru segja um hina brtt., því að hv. 2. þm. Skagf. drap á hana í ræðu sinni núna rétt áðan, og fleiri hafa mælt vel fyrir henni.

Þá á ég brtt. á þskj. 365, sem er um það, að Þórbergi Þórðarsyni verði veittur 2500 kr. styrkur. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvers Þórbergur er verðugur. Hann hefir staðið á fjárl. í allmörg ár með svipaðri upphæð og þessari. *En hann hefir ekki verið* metinn þess verðugur af menntamálaráði að fá styrkinn hjá því. Ég tel, að ekki þurfi að færa nein rök að því, að hann fái þennan styrk, heldur er það rétt og sjálfsagt að láta hann halda þessum styrk áfram.

Þá á ég brtt. á þskj. 333. Sú fyrri er IV, um það, að Nikulási Friðrikssyni sé veittur 1000 kr. styrkur til utanfarar til þess að kynna sér rafmagnshitun, enda leggi Reykjavíkurbær jafnháa upphæð á móti. Og til vara 750 kr. Þessi till. *hefir verið* lögð *fram á þingi* nokkrum sinnum og felld, — ég verð að segja af óskiljanlegum ástæðum, því að ég ætla, að í báðum tilfellunum hafi hún verið felld af fjvn. Ég veit, að hv. þm. hefir verið sýnd skýrsla Nikulásar Friðrikssonar um rafmagnshitun í Noregi, og í þessari skýrslu eru prýðileg gögn og upplýsingar um marga hluti þessu viðkomandi, sem okkur er mest nauðsyn á að vita, einkum nú, þegar svo mjög ríður á, að alstaðar þar, sem hægt er, verði notað rafmagn til hitunar, *til* þess að spara kol og efni, sem flutt er inn í landið. Við væntum þess, þó að þetta sé í þriðja skiptið, sem farið er fram á þetta við Alþ., og þó að það hafi ekki verið samþ. hingað til, þá verði það nú niðurstaða háttv. þm., að þeir geti fallizt á þessa litlu fjárveitingu.

Þá á ég aðra brtt. á þessu þskj., V, sem ég flyt ásamt hv. þm. Dal., um að veita Guðmundi Kristinssyni myndskera 300 kr. styrk. Hann hefir fallið niður hjá menntamálaráði, en af hvaða ástæðum, er mér ekki kunnugt. En mér er kunnugt um, að þessi maður er bæklaður, og sömuleiðis hitt, að hann er fyrir sína list alls góðs maklegur.

Ég á hér brtt. á þskj. 327, XXIII, um að hækka eftirlaun Tómasar Gunnarssonar fiskimatsmanns úr 300 kr. upp í 500 kr., og til vara kr. 400.00. Þessi maður er einn af allra elztu fiskimatsmönnum landsins og hefir í starfi sínu sýnt hina mestu árvekni, og er sjálfsagt, að hann njóti þeirra ára, sem hann á eftir ólifað, með sæmilegum eftirlaunum.

Ennfremur á ég á þskj. 372, III., ásamt tveim öðrum hv. þm., brtt. um að eftirlaun frú Theódóru Thoroddsen verði hækkuð úr kr. 800.00 upp í kr. 1200.00. Hún hefir, auk annara starfa, verið starfsmaður Alþingis um langan aldur; vil ég ekki trúa öðru en að um þetta geti orðið samkomulag.

Þá flyt ég á þingskj. 327, XIX, brtt. um það, að veitt verði til ræktunarvegar á Seyðisfirði 2500 kr. Það hefir verið upptekin regla hv. fjvn., að mæla því aðeins með till. um ræktunarvegi, að þeir séu í eyjum úti, en á Seyðisfirði er það svo, að það ræktanlegt land, sem liggur næst bænum, má heita allt upprætað. Hinsvegar hefir bærinn keypt land til ræktunar úti á Vestdalseyri, og verður nú ræktun hafin þar í stórum stíl. Það eru fáar aðgerðir, sem skila jafnfljótt aftur peningum eins og þær, sem gera mönnum kleift að nota landið í nánd við hina stærri kaupstaði, sérstaklega þegar áhuginn er eins mikill eins og á Seyðisfirði. Og eins og ég sagði, hefir verið ræktað allt það land, sem ræktunarhæft getur kallazt. Vænti ég, að hv. þm. sjái sér fært að samþykkja þessa till.

Einnig á ég till. VII. á þskj. 365, þess efnis, að 15000 kr., sem veittar eru til barnaheimila og barnaverndar, hækki upp í 20 þúsund kr. Það má með sanni segja, að í fjármálaaðgerðum síðustu ára hafa tillög til barnaverndarmála verið af tiltölulega skornum skammti. Stafar þetta af því, að einmitt í þessu skyni hefir verið létt að fá fé frá einstaklingum til þessa. Í þetta hafa frá einstaklingum og félögum fengizt um 75 þúsund krónur, er félögin hafa yfirleitt notað til sumardvalar fyrir börn í sveit og annars slíks, sem nauðsynlegt er. Ríkissjóður hefir á tveim síðustu árum ekki lagt nema 15 þúsund krónur til þessa, eða tæplega ⅓ hlutann. Nú er það, að kostnaður við barnaheimili og sumardvalir hlýtur að aukast með vaxandi dýrtíð, og er því aðeins hægt að fá fé frá einstaklingum áfram, að hið opinbera láti ekki sitt eftir liggja.

Auk þess á ég tvær till. á þskj. 327 ásamt hv. 2. landsk. Till. XVI er þess efnis, að framlag það, sem á að verja til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, verði hækkað um 200 þúsund krónur. Auk þess till. XXVIII, að nýr liður bætist við, sem heimili ríkisstj. að verja 750 þús. kr. úr ríkissjóði til ráðstafana í bjargráðaskyni, ef styrjöldin eða aðrar orsakir valda stórfelldri röskun á atvinnulífi þjóðarinnar. Gert er ráð fyrir að leita samvinnu við sveitar- og bæjarfélög um fjárframlög í þessu skyni og hvaða framkvæmdir séu líklegastar. Ég lét þess getið við 1. umr. fjárlaganna, að mér litist svo sem fjárlögin, ef þau yrðu afgr. nú á þessu þingi, mættu frekar teljast spegilmynd af óskum og ágizkunum þm. að því er snerti tekjuöflun og ráðstafanir fjárins 1941, heldur en að um öruggan *grundvöll væri* að ræða. *En allir* hljótum vér að játa það, að þótt óvissan sé svo mikil, að vér rennum nokkurnveginn blint í sjóinn bæði um fjárhagsafkomu og viðskipti árs-

ins 1941, þá er það alveg víst, að atvinnuleysi lítur út fyrir að verða miklu stórkostlegra hér á landi þá en nokkurntíma. Það eru allar horfur á því, að atvinna við saltfisksverkun hljóti að dragast saman. Þetta er á árinu 1941 það, sem næst stappar fullri vissu, — það er að segja, ef styrjöldinni er þá ekki lokið. Hvernig okkur gengur að halda uppi viðskiptum okkar við aðrar þjóðir, rennum við blint í sjóinn um. Nú hefir verið, með samþykki Alþingis við 2. umr. fjárl., horfið að því að veita óvenjulega heimild til þess að mæta þessari óvissu, þ. e. a. s. með því að skera niður öll útgjöld ríkisins um 35%. Ég verð að segja það, að þessi ráðstöfun er mér ákaflega ógeðfelld. Ég treysti mér ekki til þess að greiða atkv. með henni, en ég var ekki á móti, en ástæðan var sú, að ég tel, að ríkisstjórnin, eins og hún er skipuð, geti ekki notað þessa niðurskurðarheimild án þess að kalla þingið saman, enda á þingið að koma saman eigi síðar en 15. febr. Ég hefi því litið svo á, að hér væri um eðlilega forsjálni að ræða, og heimildin sé gefin vegna þess, að hæstv. fjmrh. hefir lagt áherzlu á hana, en að ekki væri meiningin að nota þessa heimild, nema fyllsta nauðsyn krefði og eins og ég sagði hafa um það samráð við Alþingi. Ég sé nauðsynina á því að hafa slíka heimild sem hér um ræðir til lækkunar á útgjöldum fjárl., en það er að mínu viti ekki síður nauðsynlegt að hafa heimild til þess að hækka útgjöldin annarstaðar. Veit ég, að menn sjá það, að ef fjárhagurinn verður þannig, að ekki er hægt að fylgja fjárl., og verður nauðsynlegt að lækka þau, er komið slíkt ástand í landinu, að það hlýtur að sýna áhrif sín á annan hátt, þannig að vissar atvinnugreinar lenda í örðugleikum, sem hlýtur að leiða af stóraukið atvinnuleysi frá því, sem nú er, þ. e. a. s. skapa það ástand í landinu, sem hlýtur að leiða af sér nauðsyn á sérstökum ráðstöfunum. Ég mundi telja það fyrirhyggjuleysi af ríkisstj. að afla sér ekki fjár til þess að grípa til, ef slíkt stæðjar að. Ég er ekki einn um þessa skoðun. Ég hlustaði á ræðu hæstv. fjmrh. í Ed. um daginn, og var hann á sama máli. Ef ég man rétt, sagði hann, að ástandið gæti orðið þannig, að það gæti skapað nauðsyn á því að lækka útgjöldin á einu sviði til þess að geta hækkað þau á öðrum sviðum. Ég er alveg sammála honum í þessu, og þess vegna er þessi till. mín borin fram.

Að því er snertir till. mína um að hækka atvinnubótafé úr ½ millj. upp í 700 þús. kr., er þetta að segja: Undanfarin ár, ég ætla ein 6, hefir verið varið úr ríkissjóði um ½ millj. kr. á ári til atvinnubóta, og hygg ég, að ekki séu skiptar skoðanir um það, að sveitar- og bæjarfélögum hefir verið hin mesta nauðsyn á þessu, og hefir það jafnvel verið talið skorið við nögl. Nú hækkar verðlag í landinu, og þó ekki sé víst, hve lengi það stendur, horfir allt til þess, að sú hækkun haldist. Kaupgjald hækkar líka. Dagsverkin verða því færri sem því nemur. Sú hækkun, sem gert er ráð fyrir á þessum lið, nemur ekki nema rétt röskiega því, sem hækkunin nemur, þannig að þetta verður ekki nema rúmlega sami dagsverkafjöldi, með því að hækkunin fáist, en fáist hún ekki, verða dagsverkin færri.

Ég veit, að það eru ýmsir, sem hafa tekið sér í munn lítilsvirðandi orð um atvinnubótavinnu, og veit, að þar er ýmislegt ómaklega mælt. Ég hygg, að ef menn vildu athuga það, mundu þeir sjá, að ýms góð verk hafa verið unnin í atvinnubótavinnu, auk þess sem þessi vinna hefir bjargað mönnum frá því að leita til hins opinbera. Ég játa, að verkin eru oft dýrari en þau þyrftu að vera, af því þau eru unnin á óheppilegum tímum, en ef málið er athugað, sýnir það sig, að mörg góð og þörf verk hafa verið unnin í atvinnubótavinnu, og er því fé, sem til hennar fer, ólíkt betur varið en ef það hefði verið notað til þess að halda mönnum uppi með fjárstyrk. Það er rétt, að mikið af þessu hefir farið til gatna hér í Reykjavík, en þó eru nú göturnar hér ekki svo góðar, að það megi ekki bæta þær.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. atvmrh. í Nd. fyrir nokkrum dögum í sambandi við saltfisksveiðar togaranna, að hann lét þau orð falla, að þó útlitið væri iskyggilegt, bætti vinnan við hitaveituna mikið úr, ekki sízt, bætti hann við, ef ríkisstjórnin tæki sér það bessaleyfi að auka nokkuð framlög til framkvæmda. Ég skyldi orð hans svo, að ef illa færi um atvinnu hér í bænum, væri ríkisstj. ljóst, að hún yrði einhverjar ráðstafanir að gera, og þar sem 3 flokkar standa að stjórninni, gæti hún aukið framlögin, en ég vildi segja, að ég teldi réttara að afla sér nauðsynlegra heimilda hjá þinginu, sem nú situr, en að taka sér bessaleyfi.

Ég skal að lokum aðeins drepa á eitt í þessu sambandi. Ég tel, að á undanförnum árum, þegar alveg óvenjulegir erfiðleikar hafa steðjað að einni fjölmennustu stétt landsins, bændum og búaliði, hafi Alþingi brugðið röggsamlega við. Það hefir verið varið stórum upphæðum, um einni millj. kr. á ári, til þess að bæta hag bænda, sem mæðiveikin hefir herjað á. Mér er það óskiljanlegt, ef þeir sömu menn, sem hafa talið óhjákvæmilegt að leggja á ríkissjóðinn frá ¾ til einnar millj. á ári vegna þessarar stéttar, telja ekki, þegar atvinnu sjávarfólksins er stefnt í augljósa hættu, að þeim beri að bregða eins vel við eins og fulltrúar þessara héraða hafa brugðið við óskum um stuðning til bænda, er þeir voru í vanda. Ég býst við, að ýmsum muni finnast þessi upphæð nokkuð stór, en vil benda á það, að hér er aðeins um heimild að ræða, sem ekki er ætlazt til, að notuð verði, nema nauðsyn krefji. Ég minnist þess, að til ráðstafana vegna mæðiveikinnar hefir verið notaður meiri hl. af fé bjargráðasjóðs. Nú mun ekki vera ætlazt til þess, að veitt sé fé úr honum til þess að afstýra neyð í kaupstöðunum, en það lokar ekki fyrir það, að það megi lána úr sjóðnum, ef þörf krefur í þessu skyni.

Það hefir síðan ég lagði fram þessa mína till. verið samþ. heimild til ríkisstj. um að leggja fram allt að 300000 kr. til undirbúnings ræktunar á löndum ríkissjóðs. Ég vil taka það fram, að eigi þessi framkvæmd að koma að gagni, þar sem mest er þörfin, verður hún að

koma þeim til góða, sem atvinnuleysið mæðir mest á, en ekki að notast til uppfyllingar á atvinnu annara stétta, sem geta séð sér sæmilega farborða án þess.

Ég skal svo láta þessu máli mínu lokið. Mér þætti vænt um, ef hv. þm. gætu fallizt á að samþ. þessa till. mína og sýndu með því, að þeir telji rétt og sjálfsagt, að ríkisstj. verði við því búin að mæta þeim örðugleikum, sem koma af því ástandi, sem nú ríkir.

Jón Ívarsson: Herra forseti! Ég á fáar brtt. við þetta frv. til fjárl., sem hér liggur fyrir, en vil gera grein fyrir þeim með fáeinum orðum. Á þskj. 327, XXII, á ég till. um, að Sigríði Steingrímsdóttur verði veittur lífeyrir, 200 kr. Þessi kona er ekkja Sigurðar Péturssonar í Árnanesi, sem um langt tímabil var póstur milli Prestsbakka og Bjarnaness í Hornafirði, og jafnvel til Eskifjarðar, en einnig milli Prestsbakka og Odda á Rangárvöllum. Hún er nú orðin aldurhnigin, en hefir aldrei fengið nein eftirlaun, þótt margar póstsekkjur aðrar hafi fengið þau. Vænti ég, að háttv. Alþingi sjái sér fært að veita hið umbeðna, svo bætt sé lítilsháttar úr því, hve lengi hún hefir verið sett hjá um slíkan styrk.

Þá á ég brtt. á sama þskj., IX, ásamt hv. þm. V.-Ísf., um það, að Höskuldi Björnssyni málara verði veittur byggingarstyrkur, 2000 kr. Hann hafði styrk á fjárlögum ársins 1939, sömu upphæð og nú er farið fram á, og skilst mér, að það hafi verið nokkurskonar samningur milli fjvn. og hans, að hann fengi þessa upphæð í 3 ár, til þess að hann gæti byggt, og vænti ég þess vegna, að þingið geti samþ. það, sem hér er farið fram á. Höskuldur er efnilegur málari, og er hann sérstaklega þekktur fyrir fuglamálverk og málverk af öðrum dýrum. Hefir hann haft málverkasýningar hér í bænum og fengið góða dóma. Ætti því till. þessi að fá nægilegt fylgi til þess að verða samþ.

Í þriðja lagi á ég brtt. á þskj. 308, XXXVIII. liður, að veita til ræktunarvegar í Höfn í Hornafirði kr. 1000.00. Í Höfn í Hornafirði hafa verið teknir til ræktunar um 60 hektarar lands og mestur hl. þess er nú þegar fullræktaður. Eins og gefur að skilja, er mikil þörf á bættum vegum um ræktuðu löndin og virðist því till. þessi eiga fullan rétt á sér.

Þótt hingað til hafi ekki verið veitt fé til annara ræktunarvega en í eyjum, virðist full ástæða til þess að styrkja vegalagningu einnig á öðrum stöðum, og tel ég, að á þessum stað yrði slíkt fjárframlag að verulegu gagni og ætti háttv. Alþingi því að samþ. þessa litlu fjárveitingu.

Ég vænti, að þessar brtt., sem ég nú hefi nefnt, finni náð hjá hv. þm., og að þær geti komizt inn í fjárl. fyrir árið 1941, ásamt öðrum gagnlegum till., sem samþ. kunna að verða.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vil vænta hins bezta.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég ætla aðeins að minnast á þær fáu brtt., sem ég er flm. að.

Ég flyt brtt. þess efnis að hækka eftirlaun sr. Sigtryggs Guðlaugssonar úr 2300 kr. í 3000 kr. Í raun og veru er hér aðeins um leiðréttingu á fjárl. að ræða, eins og ég hefi skýrt hv. form. fjvn. frá, því að í það 1½ ár, sem liðið er síðan hann lét af störfum, hafa honum verið greidd þessi eftirlaun, enda hefir stjórnarráðið skýrt svo frá, að hann hafi rétt til 3000 kr. eftirlauna.

Þá er till. um styrk til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu. Styrkur þessi, 1000 kr., hefir verið í fjárl. mörg undanfarin ár, og bygg ég, að það stafi meira af ókunnugleika, að hann hefir verið felldur niður. Vænti ég því, að hann verði tekinn upp aftur.

Þá hefi ég flutt till. um, að Elínborgu Lárusdóttur skáldkonu verði veittar 1200 kr. Ég skipti mér ekki af því, hvort úthlutunin á styrkjum til skálda og listamanna fer fram hér eða verður í höndum menntamálaráðs. En fari svo, að menntamálaráð hafi úthlutunina með höndum, er till. áminning um það, að frú Elínborg hefir áður notið styrks í fjárl. fyrir ritstörf, og sízt ástæða til þess nú, að sá styrkur verði lækkaður.

Loks ber ég fram till. um styrk til Halldórs Kiljans Laxness. Hann hefir áður haft styrk, hann hæsta sem nokkur rithöfundur hefir haft. Þegar hann á unga aldri hlaut svo háan ritstyrk, verður að álíta, að Alþ. hafi þá þegar talið hann hafa unnið þau afrek, sem þjóðin vildi minnast. Síðan hefir hann bætt við mörgum bókum, sem ekki er hægt að segja, að hann hafi minnkað af, enda þótt menn dæmi þær misjafnlega. Fæ ég því ekki skilið, að Alþ. eða menntamálaráð geti lækkað styrk til hans verulega. Ég hefi að vísu í brtt. minni lækkað styrkinn nokkuð frá því, sem áður var, en eingöngu af þeim ástæðum, að sá rithöfundur, sem hefir hæstan ritstyrk nú, Gunnar Gunnarsson, hefir ekki nema 3500 kr. Vildi ég þannig hafa Halldór jafnan þeim, sem hæstan ritstyrk hefir nú.

Um þá hlið málsins, að Halldór kunni að hafa þær pólitískar skoðanir, sem við óskuðum, að væru öðruvísi, ætla ég ekki að, ræða. Rithöfundar eins og Halldór Kiljan Laxness verða að vera frjálsir og óháðir um þá hluti. Ef þeir hafa þegar unnið þau afrek, sem lengi verður minnzt og verð eru talin mikilla launa, hefir þjóðin ekki misst neitt. Á þeim aldri, sem Halldór er nú, má og vænta þess, að hann bæti miklu við. Slíkir menn, sem auka andlegan arf þjóðarinnar, eiga að njóta styrks, og við megum ekki láta það henda okkur að taka styrkinn af slíkum mönnum, þótt okkur kunni að mislíka eitthvað við þá í bili. Annars er mér persónulega ókunnugt um, hvaða pólitískar skoðanir Halldór hefir nú, en ég hefi alltaf talið, eftir hans eigin sögn, að hann væri ekki flokksbundinn.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessa till. mína. Mér þótti vanvirða að því fyrir Alþ., ef ekki kæmi fram till. um það, að Halldór Kiljan Laxness skyldi njóta sama styrks og sá rithöfundur, er hæstan styrk hefir. Er till. mín skilaboð til menntamálaráðs, ef það kemur í þess hlut að úthluta styrkjum til skálda og

listamanna, að til þess sé ætlazt, að Halldór hljóti þennan styrk.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég flyt till. á þskj. 352 þess efnis, að Skúla Þórðarsyni magister skuli veittar 2400 kr. til þess að semja rit um verzlunarsögu Íslands. Skúli hefir um nokkur undanfarin ár unnið að samningu verks um þetta efni og hlotið úr ríkissjóði Dana nokkurn styrk í þessu skyni. Var gert ráð fyrir því, þegar hann hlaut þennan styrk í danska ríkisþinginu, að hann myndi hljóta einhvern styrk hér heima, þar sem efni það, er hér um ræðir, snertir sérstaklega sögu Íslands. Mér er persónulega kunnugt um, að Skúli Þórðarson magister er mjög efnilegur maður og áhugasamur um sína fræðigrein og hefir mikla þekkingu um þetta efni. Ég vildi mega vænta þess, að háttv. Alþ. verði við þeim tilmælum mínum að veita honum þennan styrk, 2400 kr., en til vara 1600 kr.

Ég skal geta þess, að hver sem kunna að verða örlög þess, að styrkir til skálda og listamanna verði veittir í fjárl. eða með úrskurði menntamálaráðs, teldi ég eðlilegast, að þessi styrkur yrði í fjárl., því að það, sem ætlazt er til, að menntamálaráð úthluti, eru fyrst og fremst styrkir til skálda og listamanna, en ekki fræðimanna eins og Skúla Þórðarsonar. Jafnvel þó svo kunni að skipast í framtíðinni, að ákveðin stofnun hefði með höndum úthlutun styrkja til skálda og listamanna, finnst mér vel geta komið til mála, að einstakir fræðimenn, sem vinna að ákeðnum verkum, njóti sérstaks styrks í fjárl. Vænti ég, að Alþ. geti verið sviparðar skoðunar og geti orðið við því að veita þennan litla styrk.

*Garðar Þorsteinsson: Ég mun ekki tefja umr. lengi. Ég er flm. að nokkrum brtt. við fjárl., en ekki 1. flm. nema að tveimur till.

Það, sem ég vildi leggja sérstaka áherzlu á, er 5000 kr. fjárveiting til sjóvarnargarðs og uppfyllingar í Ólafsfirði. Þetta verk er þegar unnið og kostaði 30000 kr. Alþ. mun hafa álitið, að hér væri um einkafyrirtæki að ræða, sem ekki ætti að njóta opinbers styrks. Þessi skoðun er á misskilningi byggð. Verk þetta er reist eftir teikningum og áætlunum vitamálastjóra og að öllu leyti að hans fyrirsögn. Þessi sjóvarnargarður og uppfylling er þess eðlis, að það kemur til góða allri útgerð Ólafsfjarðar og þeim, sem vildu leggja þar upp síldveiði. Samskonar mannvirki hafa verið styrkt áður með ⅓ hl. kostnaðarverðs. Ég skil ekki í því, að neitt það hafi komið fram, er geri það að verkum, að Ólafsfirðingar eigi ekki að njóta sama styrks og venja hefir verið að veita áður.

Þá vildi ég og leggja áherzlu á, að till. um 25000 kr. fjárveitingu til Siglufjarðarskarðsvegar verði samþ. Það er vitanlegt, að fjöldi manna streymir til Siglufjarðar yfir sumartímann, en Siglfirðingar eru útilokaðir frá því að hafa samband við uppsveitirnar landveg. Sú búfjárrækt, sem unnt er að stunda í Siglufirði sjálfum, fullnægir á engan hátt þörfum kaupstaðarins, og verður því að flytja það, er til vantar af landbúnaðarafurðum. annaðhvort á hestum yfir Siglufjarðarskarð eða á bátum innan úr Eyjafirði.

Þá vil ég að lokum minnast á eina brtt., sem ég álít, að hv. framsóknarmenn hljóti sóma sins vegna að samþ. Undanfarið hefir styrkur til verzlunarskóla Íslands og samvinnuskólans í Reykjavík numið 10000 kr. samtals, og hafa verið greiddar 5000 kr. til hvors skólans. Ég legg til, að veitt verði sama upphæð áfram, en að greiðsla til hvors skólans fari eftir nemendafjölda. Síðastl. ár voru í verzlunarskóla Íslands 300 nemendur og í samvinnuskólanum 52 nemendur. Finnst mér fjarri öllum sanni, að skóli, sem hefir sex sinnum færri nemendur, njóti sama styrks og hinn; í samvinnuskólanum hefir komið um 100 kr. styrkur á hvern nemanda, en um 16 kr. á hvern nemanda verzlunarskólans. Hér er ekki farið fram á annað en að lögfesta það, sem áður hefir verið lögfest í öðru tilfelli. Á ég þar við samþykktir síðasta þings viðvíkjandi héraðsskólunum, þar sem styrkveitingar eru miðaðar við nemendafjölda. Auk þess hefir hin góða og gilda höfðatöluregla verið látin gilda hér í öðrum tilfellum sérstaklega. (BSt: Er hv. þm. genginn inn á hana?). Ég hefi sagt, að þessi regla geti verið góð, en hún er það ekki alltaf. Í þessu tilfelli er hún sanngjörn, en öðru máli er að gegna um þau tilfelli, þar sem flokksbræður þessa hv. þm., sem greip fram í, beita henni til hins ýtrasta.

Ég vænti þess, að Alþ. geti fallizt á þessa till. mína, sérstaklega með tilliti til þess, að lögfest hefir verið samskonar ákvæði í héraðsskólalögunum. Ég myndi mótmæla því, ef því væri haldið fram um nokkurn þm., að hann væri svo ósanngjarn, að hann vildi láta greiða sama styrk til skóla, sem hefir 300 nemendur, og skóla, sem hefir 52 nemendur.

*Eiríkur Einarsson: Ég mælti í gærkvöldi nokkur orð með þeim brtt., sem ég er bendlaður við, og skal ég ekki itreka það nánar, en það, sem nú gefur mér tilefni til að rísa úr sæti, er brtt. á þskj. 372, II., sem útbýtt hefir verið hér á elleftu stundu. Það er styrkur til Jón Thorarensens prests í Hruna til ritstarfa. Ég beið svo lengi með þessa till. mína, því að ég bjóst við, að aðrir myndu verða til þess að bera fram þessa styrkbeiðni.

Ástæðan fyrir því, að ég tel rétt, að sr. Jón hljóti þennan styrk, er sú, að ég álít, að hann hafi umfram aðra stéttarbræður sína, að þeim ólöstuðum, þá ritfimi, að óhætt er að fullyrða, að hann sé rithöfundur að eðlisgáfum, rithöfundur af guðs náð. Hann er mjög áhugasamur og hefir sýnt mikla kostgæfni í að safna ýmsum þjóðsögum og ísl. fræðum og er sérstaklega natinn að finna, hvað feitt er á stykkinu. Auk þessa verð ég að telja, að sr. Jón sé snillingur í framsetningu. Sé það skrumlaust, sem ég hefi hér sagt og ég ætla, þá hefir slíkt alltaf verið mikilsmetið hér á landi, og því meir sem frá líður, eins og allt, sem hefir varanlegt gildi. Ég hefi heyrt glögga menn segja, að rithætti sr. Jóns mætti líkja við rithátt Gísla Skúlasonar á Breiðabólsstað, er skrásett hefir margar beztu

sögurnar í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar, og við riþhátt Brynjólfs Jónssonar á Minna-Núpi. En um þetta geta þeir sannfært sig, er lesa Rauðskinnu. Sr. Jón hefir gefið út 3 væn bindi af þessu safni og hefir það fjórða í smíðum. Fái hann ekki styrkinn, verður hann að byggja þar af sínum vanefnum, því að hann er fátækur maður.

Sr. Jón naut nokkurs styrks til ritstarfa í fjárl. undanfarin ár, en þegar menntamálaráð úthlutaði styrkjum í vetur, varð hann afskiptur. Veit ég til þess, að mörgum þótti það ekki maklegt. Hvað sem um það má segja, hvort úthlutun styrkja til skálda og listamanna eigi að vera í höndum menntamálaráðs eða í höndum Alþ., vil ég fullyrða, að öllum getur yfirsézt. Fyrir tveim árum lét ég fyrstur manna í ljós þá skoðun mína, að það væri ógerlegt fyrir þm. að hafa úthlutun þessara styrkja með höndum. Þetta er enn mín skoðun, en þar með er ekki sagt, að menntamálaráði geti ekki yfirsézt. Ég tel ýmsar ráðstafanir þess ekki réttar. Álít ég og hentast, að þeir, sem þessa úthlutun hafa með höndum, séu þess meðvitandi, að vakað sé yfir því, að hún fari sem réttlátlegast fram. Þegar sá er afskiptur, sem maklegur er styrks, er sjálfsagt að draga það fram í dagsljósið. Hitt getur engum dulizt, að í þeim mikla fjölda manna og kvenna, sem um þessa styrki sækja, eru margir, sem eru miður verðugir, og allt niður í fúskara á þessum sviðum. Það er sitt hvað, að styrkja með einhverjum upphæðum fátæka menn, sem þegar hafa sýnt, að eru góðum rithöfundahæfileikum gæddir og þurfa ekki framar skólunar við, eða að vera að gefa undir fótinn með styrkveitingum fólki, sem aldrei kemst lengra en svo, að því er hjálpað eftir skólabekkjum, þar sem námið getur ekki orðið annað en tilraun til þess að verða rithöfundur.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þennan lið. Ég treysti því, að hv. þm. skilji, að sr. Jón Thorarensen er maklegur þessa styrks, enda hefir hann áður notið styrks á fjárl. Verði úthlutun styrkja til skálda og listamanna í höndum menntamálaráðs, má það gjarnan sjást, að þessi till. hafi verið borin hér fram, hvort sem hún nær samþykki eða ekki. Læt ég svo staðar numið, þar sem ég vil ekki verða þess valdandi að spilla hinum dýrmæta hvíldartíma manna með lengri töfum.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Ég er hér meðflm. að allmörgum brtt. á þskj. 308, og hefir að vísu verið mælt fyrir sumum þeirra af hv. 1. landsk. (BrB) og hv. 4. landsk. (ÍslH), en ég vil drepa nánar á ýmsar þeirra.

1. brtt. er um að lækka borðfé konungs úr 75 þús. í 15 þús. kr. Það er heldur meira en við höfum lagt til áður, en við viljum fylgja fordæmi þjóðstj. í því að skera rösklega niður þar, sem gjarnan sýnist mega spara. Þetta borðfé hefir nú hækkað mjög, að sama skapi og dönsk króna, og kemur fram í því, að ekki er litið á konunginn sem íslenzkan embættismann. Fara þá skyldurnar við hann að verða harla vafasamar.

Þá leggjum við til að fella niður 50 þús. kr. greiðslu til verzlunarfulltrúa erlendis. Ég býst við, að þau verzlunarfyrirtæki, sem standa að innflutningi til landsins og útflutningi, muni hvort sem er hafa sína viðskiptafulltrúa í Ameríku og annarstaðar í aðalmarkaðslöndum okkar, og muni vera fær um að bera kostnaðinn af þeim sjálf.

Þá er brtt. um að spara 50 þús. af hinum áætlaða kostnaði við lögregluna í Reykjavík. Ég álít það óhætt, og þeim peningum betur varið til atvinnuaukningar en til að vopna lögregluna, í þeim tilgangi, að hún geti þá betur slegið atvinnuleysingjana niður. Sakamálakostnaður ætti líka að geta lækkað, eins og við leggjum til, úr 65 þús. í 50 þús. Þó að hið háa Alþingi stefni nú í flestu í öfuga átt við þessar brtt. okkar, kemur að því, að menn sjái, að þær stefna rétt.

Þá vil ég nefna XV. brtt., um 20 þús. kr. til kennslu í nýjum námsgreinum samkv. till. háskólaráðs, og falli þá niður styrkurinn til viðskiptaháskóla; ennfremur að framlag til íþróttasjóðs hækki úr 30 þús. í 50 þús. kr. Um fyrri liðinn get ég vitnað til þeirra raka, sem háskólaráðið hefir borið fram, og óska um miklu fjölbreyttari kennslu en nú er kostur. Um mál íþróttasjóðs hefir nú orðið sú breyting, sem ég sé á þskj. 327, að fjvn. vill hækka tillögu sína um framlagið úr 32 þús. í 40 þús. kr. Þó að það gangi fram, væri ekki fullnægt þörfunum, og munum við sósialistar halda fram till. okkar og reyna, hvort alvara hefir verið bak við fögur orð hv. þm. hér um daginn, þegar þessi upphæð, 50 þús., þótti yfirleitt ekki of há, en fellt var að binda hana til margra ára.

Um XXIX. brtt. hefir hv. 1. landsk. rætt. Um atvinnuþörfina, sem er fyrir höndum, eru allir sammála. Ófaglærðir verkamenn hafa það kannske ekki bölvaðra en áður, ef hitaveitan heldur áfram og útgerð verður allmikil vegna styrjaldarmarkaðs. En fiskverkun sýnist enga atvinnu *munu gefa í sumar. Og menn vita*, hvernig lítur út með byggingarvinnuna. Hér er því ekki að ræða um þörfina, heldur vilja hv. þm. Þessu skyld er XXXVI. brtt., um að hækka framlag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna úr 120 þús. í 300 þús. kr., eða til vara í 180 þús. kr. Því örðugra sem er um byggingar almennt, því meiri er nauðsynin að byggja fyrir þá fátækustu í landinu, strax þegar um hægist eftir stríð. Þeir hv. þm., sem berjast nú fyrir ýmsum till. um að leggja fé í sjóði, nýja sjóði, ættu a. m. k. að vera með því að halda loforð, gefin um 1930, við þá sjóði, sem fyrir eru, og horfa til slíkra þjóðþrifa sem þessir byggingarsjóðir.

Síðasta brtt. okkar er um að fella burt lækkunarheimild gjalda, er nemur 35% og er geysileg skerðing á fjárveitingarvaldi Alþingis. Annað eins á ekki að standa í fjárl. Alþingis, sem er að ræða um það að treysta sinn lýðræðislega rétt. Ef ástandið breytist svo, að slíkrar lækkunar sé þörf, á að kalla þingið saman, því að þá verður hvort sem er að grípa til nýrra ráðstafana og þyngja álögur á þeim, sem geta borið þær, eða skera niður önnur gjöld en þessi heimild nær til.

Þá vildi ég að lokum minnast á brtt. um styrk

til skálda og listamanna. Ég held ég hafi aldrei áður talað um það mál hér á þingi, en kemst ekki hjá því, þegar deilt er um, hvort vísa eigi þeim málum til menntamálaráðs, illu heilli, að ég tel, eða samþ. till. fjmrh., sem vill halda þessu fjárveitingarvaldi í höndum þingsins, og ennfremur liggja fyrir brtt. einstakra þm. um styrk til manna, sem útiloka átti af pólitískum ástæðum.

Hæstv. fjmrh. (JakM) vildi skýra það í ræðu sinni, hvers vegna hann hefði skorið niður styrkveitingar til Halldórs Laxness, Þórbergs Þórðarsonar og Jóhannesar úr Kötlum. Það var af því, að þessir menn væru annarar stjórnmálaskoðunar en hann; þeir væru móti hagsmunum þjóðfélagsins, og hann hafði mjög einkennileg orð um þeirra afstöðu. Hann dæmdi skáldin eingöngu eftir því, hvaða pólitískar skoðanir þau hefðu, minntist ekki á skáldskap þeirra, og ekki Jónas Jónsson heldur, hv. þm. S.-Þ. Það var eins og þessir hv. þm. teldu listargildi verka þeirra hafið yfir allan efa, og er það gleðilegt, ef það sýndi háttstandandi listarsmekk þeirra þm.

En hvað átti hæstv. ráðh. við, þegar hann hélt því fram, að skáldin væru „móti lýðræðinu"? Ekki þó móti mannréttindunum, lýðræðinu í eiginlegri merkingu sinni? Nei, þarna eru skáld, sem hafa ráðizt á óréttlætið og hræsnina í þjóðfélaginu með brennandi hita og fordæmt það mannréttindaleysi og lýðræðisskort, sem lamar alla alþýðu. Um þetta eitt eru þeir í rauninni sakaðir og fundnir sekir. Þess vegna þora menn ekki að vega að skáldskap þeirra.

Ég ætla ekki að hafa upp neitt úr skáldskap þessara manna fyrir hv. þm., þeir telja sig ekki varða um annað en pólitískar skoðanir þeirra. Að því hefir verið fundið, hve leiðinlega var deilt hér á þinginu um skáldskap Þorsteins Erlingssonar af líku tilefni fyrir rúmum mannsaldri. Þær deilur urðu mörgum þm. til skammar síðar. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkrar setningar, sem gefa hugmynd um, hvernig þær umr. voru. Fyrst tek ég orð eftir Skúla Thoroddsen 1903 (Alþt. B, 448—49):

„Sumir hafa fundið það að Þorsteini Erlingssyni, að skáldskapur hans hafi gengið í eina of ákveðna stefnu; en þingið á í þessum efnum eigi að dæma milli mismunandi lífsskoðana, ekki að gá að því, hvort maðurinn aðhyllist þá trúarstefnu, sem ríkið hefir sett stimpil sinn á, heldur líta á hitt, hvort maðurinn er skáld, sem bókmenntum þjóðar vorrar er sómi að."

Ég býst við því, að þessi fáu orð Skúla eigi fullt erindi til okkar enn í dag. Eru það lífsskoðanir þeirra eða skáldskapurinn, sem á að dæma þá eftir?

Þá er að taka nokkur atriði upp eftir þeim þm., sem deilt höfðu um Þorstein fyrr á þingum, t. d. 1897 (Alþt. B, 1007, 1157). Guðjón Guðlaugsson segir:

„En svo er ein ástæða til: Mér finnst það næsta óviðkunnanlegt að veita þeim einum af skáldunum styrk, sem annaðhvort opinberlega hafa ráðizt á kristindóminn og reynt til að rífa það niður, sem þjóðinni er helgast, eða starfa í þjónustu kirkjunnar, en gera það þannig, að þeir eru hvorki heilir né hálfir, heldur bera kápuna á báðum öxlum. Menn gætu dregið af því þá ályktun, að Alþingi áliti það sérstaklega verðlaunavert að níða niður kirkju og kristindóm."

Bæði Þorsteinn og Matthías Jochumsson eiga þessar hnútur. Sr. Sigurður Gunnarsson segir, að Þorsteinn hafi ekki aðeins gert árásir á kirkjuna, sem geti náttúrlega verið verðskuldaðar og þarfar, heldur einnig á sjálfa guðstrúna, og bætir við (Alþt. 1897, B. 1127):

„Á þennan hátt grefur hann sumstaðar í kveðskap sínum grundvöllinn undan hinni réttu siðferðislegu tilfinningu — — ég get ekki verið með því að launa þessar tilraunir með því að veita til þeirra styrk af opinberu fé."

Jens Pálsson er einkum hneykslaður yfir því, hvert léttmeti kveðskapur Þorsteins sé, og heldur svo áfram (Alþt. 1897, B. 1097):

„Hitt er verra, að efnið er sumstaðar ljótt og spillandi, bæði andlega og siðferðislega. — En ljóð hans eru snauð að því, sem gefur skáldskapnum sitt sannarlega gildi. Hann skortir lyftandi kraft og göfugar hugsanir."

Nú hafið þið heyrt, hvað þessir þrír virðulegu þm. 19. aldarinnar höfðu að leggja til mála. Loks tek ég orð eftir Jón Jónsson í Múla, 2. þm. Eyfirðinga (Alþt. 1897, B. 1157):

„Þegar hann (Jens Pálsson) t. d. talar um, að „tendens" í kvæðum Þorsteins Erlingssonar sé siðspillandi, þá verð ég að vera á algerlega gagnstæðu máli, því að ég held, að við eigum ekkert íslenzkt skáld, sem sé minna siðspillandi en Þorstein Erlingsson."

Nú vildi ég aðeins segja við ykkur, hv. þm., að þessir gömlu kirkjulega sinnuðu menn, sem töluðu á sínum tíma móti Þorsteini Erlingssyni, gerðu það af eðlilegri sannfæringu, sem við ættum að geta skilið. Sagan má ekki dæma þá of hart, þó að hún hafi þegar dæmt málstað þeirra. Sagan á miklu örðugra með að afsaka á sínum tíma afstöðu þeirra, sem tala nú gegn mönnum eins og Halldóri Laxness gegn sinni betri vitund. Ástæðan er sú, að þá var þessi barátta miklu síður stéttareðlis en nú og yfirdrepsskapur auðvaldsþjóðfélagsins miklu minna ráðandi. Það er eftirtektarvert, að ákærurnar á hendur Þorsteini miðast allar við kristindóminn, enginn fæst um það, þótt hann hafi sagt ljótt um þjóðfélagið. Og hafði hann þó sannarlega ort svo, að eftir mundi tekið nú á dögum og sagt hann væri fjandmaður þjóðarinnar og lýðræðisins og mannréttindanna. Hann tók fram, að árásir sínar á kirkjuna kæmu af því, að hún væri verkfæri auðvaldsins:

„Á prestana og trúna vér treystum þó mest
að tjóðra og reyra ykkur böndum,
því það eru vopnin, sem bíta hér bezt
í böðla og kúgara höndum.

Við vonum það gullkið standi í stað
og stöðvi ykkar sonu og dætur,
sem herðir nú frjálsbornu hálsunum að
og hryggina svínbeygjast lætur."

Þó að þessir 19. aldar þm. væru fullir af hleypidómum sinnar tíðar, hlustuðu þeir á ann-

að eins og þetta óttalaust. Nú er óttinn kominn hjá þeim, sem standa vörð um auðvaldsskipulagið, og þá finnst þeim þetta, en ekki guðleysið, vera brot gegn því allrahelgasta. Ég held okkur sé það nauðsynlegt, einmitt í sambandi við þessar umr. um skáldin og andlegt frelsi í landinu, að líta aftur til 19. aldar mannanna, sem deildu um 600 kr. styrkinn til Þorsteins Erlingssonar. Já, það er ekki hlæjandi að 600 krónum, þær voru a. m. k. eins mikið þá og þrjú þúsund nú; hv. þm., sem hér sitja, þurfa ekkert að vera upp með sér af vaxandi rausn sinni við andans menn. Og líklega muna allir þm. þá landfleygu vísu, sem út af þeim 600 kr. var ort. Nú veit ég, að formælendur afturhaldsins á þingi afsaka sig með því, að Þorsteinn hafi ekki verið þjóðskipulaginu eins andstæður og t. d. Halldór Laxness, og því sé ekki víst um sig, að afturhaldið og ofstækið sé verra nú en afturhald 19. aldar. Þeim skjátlast. Var það ekki Þorsteinn, sem kvað:

„Þá nötrar vor margyllta mannfélagshöll,
sem mæðir á kúgarans armi,
sem rifin og fúin og rammskekkt er öll
og rambar á helvítis barmi."

Ég veit ekki, hvort þeir kveða núna öllu fastar að orði eða djarflegar móti þjóðfélaginu en í þessum vísum Þ. E. Ef skáldin núna vilja eyðileggja þjóðfélagið, eins og hæstv. fjmrh. talaði um, held ég mætti snúa því öllu skarpar upp á Þorstein.

Þá mun verða sagt, að ekki hafi Þorsteinn verið slíkur föðurlandsleysingi sem skáldin séu nú. Og jæja, hvað nefna þeir Þorstein annað en föðurlandsleysingja, þegar hann

„kallar sitt föðurland viðstöðulaust
af harðstjórum himins og jarðar"?

Þorsteinn vissi, að fjöldinn átti ekki föðurland sitt, heldur varð að vinna það af þeim, sem hafa rænt því af honum.

Eða þá ef þm. telja, að afstaða til stríðs og utanríkismála geti réttlætt styrksvipting og fordæming á skáldum, sem neita að fylgja valdhöfunum eftir, skal ég minna á skáldið Stephan G. Stephansson, sem flestir þm. meta ekki minna en Þ. E. Það stóð stríð 1917. Bandamenn voru, eins og alltaf, að berjast fyrir lýðræðinu, en Þjóðverjar höfðu tekið Belgíu líkt og Pólland núna. Það var sagt, að þeir væru ættlerar, sem færu ekki til vígvallanna til að berjast fyrir lýðræðið, og fjandmenn þjóðfélagsins hétu þeir, sem leyfðu sér að segja, að stríðið væri ekki háð fyrir lýðræðið, heldur fyrir auðvaldið. Þessa er gott að minnast, þegar Halldór Laxness eða Þórbergur eru merktir fjandmenn þjóðfélagsins fyrir skoðanir, sem þeir hafa — eða skoðanir, sem þeir hafa ekki — á þessu stríði og orsökum og tilgangi þess. Ég vil minna á, hvernig Stephan G. lýsir því í kvæðinu Vopnahlé, að hermaðurinn, sem berst, „á hvergi fet af föðurlandi", og á hina bitru og átakanlegu kveðju Fjallkonunnar til íslenzkra Kanadahermanna við heimkomuna:

„Mér hrynja tár um kinnar,
mér hrekkur ljóð af vör
við heimkomuna ykkar
úr slíkri mæðuför,
með skarð í hverjum skildi,
með bróðurblóð á hjör.

Þann allra stærsta greiða —
en vildarlaust — mér vann
sá vopnum fletti börnin mín,
og sátt er ég við hann,
um gest minn síðan óhrædd er
og hult um heimamann.

En vei sé þeim! og vei sé þeim,
sem véla knérunn minn
að vega blindra höndum
í grannaflokkinn sinn,
eins hermilega og Höður
til óráðs auðsvikinn.

Minn frið til þeirra, er féllu.
Þú kyrrð og kös þá geym!
Og Kainsmerki leyndu
undir blóðstorkunni á þeim.
En að fá þá minni menn,
sem heimtast aftur heim,
er hugarraun mér þyngst."

Þetta er ort til þeirra manna, sem berjast fyrir lýðræðinu og föðurlandi sínu. Þetta kvæði er ort af þeim manni, sem ég veit, að hver einasti þm. lítur upp til, ekki einungis sem skálds, heldur einnig sem mesta spekings, er íslenzka þjóðin hefir alið. Mynduð þið nú, hv. þm., ef þið ættuð kost á því að bjóða St. G. St. heim, segja, að þið vilduð ekki líta við slíkum manni, vegna þess að hann tæki svona afstöðu í erlendri pólitík. En ég vil nú spyrja ykkur, hv. þm.: Gætuð þið nú ekki byrjað á því að viðurkenna skáldin, meðan þau eru lifandi, en sleppa heldur hinu, að reisa fagra legsteina, þegar þau eru dáin? Ég held a. m. k., að það væri mikið framfaraspor. Þarf það að endurtaka sig, að alltaf sé leikinn sami leikurinn í þessu efni?

Ég vil svo að síðustu segja það, að af hálfu þm. virðist eingöngu rætt um það, hvort þessi þrjú skáld eigi að fá styrk vegna sinna pólitísku skoðana, en alls ekki um hitt, hvort þau séu þess verðug vegna sinna listamannahæfileika. Ég vil í þessu sambandi minna ykkur, hv. þm., á tvær bendingar úr níðkvæði um Breta, eftir Stephan G. Stephansson. Þær eru svona:

„Og öllu, er skrifa skáldin þín,
er skildingsmerkið sama á!"

Alþ. Íslendinga er, með því að ætla að gera þá kröfu til skáldanna, að þau yrki eins og hagsmunir hinna ríku bjóða, að þrýsta skildingsmerkinu á enni hvers einasta manns, sem vill halda uppi skáldskap og listum á því herrans ári 1940. Það á að refsa þessum skáldum með því að taka af þeim styrkinn, vegna þess að þau hafa ráðizt á ranglætið og óréttlætið í þjóðfélaginu. Það er aðalsmerkið, sem ein hin beztu skáld Íslendinga fá hjá Alþ. 1940.

*__Magnús Jónsson:__ Ég er ekki frekur í kröfum á fjárl. heldur en áður. Það er aðeins ein

lítil till., sem ég er 1. flm. að, en er meðflm. að 2—3 öðrum till., öllum smáum. Ein þeirra er á þskj. 308,XVII, og er um það að veita sögufélagi Skagfirðinga ofurlitinn styrk til þess að það geti launað mönnum þar í héraðinu, er vinna að því að safna ýmiskonar fróðleik um það.

Ég er einnig meðflm. að till. á þskj. 327,III, og þar sem mér hefir borizt sú frétt, að 1. flm., hv. 4. þm. Reykv (PHalld), hafi veikzt hastarlega, þá ætla ég að segja fáein orð um þessa till. Þessi till. er um það að veita 6000 kr. til bókavarðar við háskólann, þar á meðal við safn dr. Benedikts Þórarinssonar. Ég held, að það hafi verið fyrir ófullnægjandi upplýsingar, að till. svipuð þessari kom fram við 2. umr., þar sem lagt er til að lækka þennan styrk nokkuð. Ég held, að hv. þm., og sömuleiðis hv. fjvn., hafi ekki verið kunnugt um það, að safn þetta ætti þegar í stað að koma undir eign háskólans, heldur hafi menn búizt við því, að það yrði ekki fyrr en seint, sem til þess kæmi. En þetta er ekki svo, heldur mun þetta safn verða tekið upp í bókhlöðu háskólans þegar hún er tilbúin. Nú vita allir, að það er mikið verk að starfa við slík söfn, svo að vel sé; þar að auki ræður háskólinn yfir mörgum fleiri bókasöfnum, t. d. bókasafni Finns Jónssonar, sem hann gaf og geymt er hér niðri. Svo eru fjögur önnur stór bókasöfn. Allt þetta verður að sameina í hinu nýja háskólahúsi, og hafa þar eina stóra bókhlöðu og lestrarsal. Það má því gera ráð fyrir, að óhjákvæmilegt verði að hafa einn bókavörð, og ef til vill verður ekki hægt að komast af með einn mann, heldur yrði a. m. k. að hafa einhvern honum til aðstoðar. Það er þetta tvennt, sem gerir það að verkum, að ástæða er til þess fyrir hv. þm., að samþ. þessa till, annarsvegar að safn dr. Benedikts Þórarinssonar kemur nú þegar að notum, en hinsvegar að hafður verður opinn lestrarsalur í háskólanum.

Ég vildi segja þessi fáu orð um till., ef svo skyldi fara, að enginn annar talaði fyrir henni.

Ég er svo meðflm. að till. á þskj. 327,XIV, ásamt hv. þm. N.-Ísf. og hv. 1. þm. Skagf., sem er 1. flm., og geri ég ráð fyrir, að hann muni mæla fyrir þeirri till. En hún er um að veita Örlygi Sigurðssyni styrk til myndlistarnáms. Þessi maður er sonur Sigurðar skólameistara á Akureyri, og eru margir, sem hafa séð myndir eftir hann, og ber öllum saman um, að hann sé góður dráttlistarmaður.

Sú eina till., sem ég er einn flm. að, er á þskj. 308,XXII; hún er um það að veita Ágúst Sigurmundssyni myndskera 1000 kr. styrk. Það getur æfilega verið álitamál, hverjum listamanni eigi helzt að veita styrk og hverjum ekki. Ég get ekki sagt, að ég sé persónulega kunnugur þessum manni, en ég hefi séð nokkur af verkum hans, og mér finnast þau bera vott um óvenjulega þroskaðan listasmekk. Mér finnst oft í tréskurði koma fram vandvirkni og fágun, án þess að það sé í raun og veru svo mikil list, en mér finnst þó í myndum þessa manns koma fram verulegur listamannssmekkur. En á hinn bóginn er mjög erfitt fyrir hann að hafa ofan af fyrir sér með myndskurði, vegna þess að hér er mjög lítill markaður fyrir slíka hluti. Ég hefi þess vegna, þrátt fyrir mikla ihaldssemi í þeim efnum, borið fram brtt. við fjárl., þar sem farið er fram á að veita þessum manni styrk, til þess að hann geti haldið myndskurðinum áfram. Ég skal svo ekki þreyta menn með frekari umr., en skal geta þess, að beztu meðmælin, sem ég gæti gefið þessum manni, væru þau, að ég léti myndir eftir hann ganga meðal þm., og myndi það þá bæta upp, hvað ég hefi talað lélega fyrir þessari till.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Það er vitanlega ógerningur að tala ýtarlega um allar þær till., sem hér eru komnar fram, og þó að fjvn. sé á móti þeim flestum, þá er það ekki vegna þess, að þær séu ekki þess virði að vera fram bornar, heldur vegna hins, að fjvn. hefir áður með till. sínum borið fram það, sem hún taldi fært, án þess að útkoma fjárl. yrði allt of óhagkvæm. Ég mun þó aðeins minnast á nokkrar till., sem n. mælir með, að verði samþ. En áður en ég vík að þeim, verð ég að segja örfá orð um eina brtt. fjvn., sem mér hefir sézt yfir að minnast á í framsöguræðu minni í gær, það er 69. till., c-liður, á þskj. 272. Þessi till. er um það að kaupa Langholt við Reykjavík, ef tiltækilegt þykir vegna verðs og annara atriða, sem þar koma til greina. En þetta er gert í því skyni, að búið á Kleppi verði flutt að Langholti, en að Kleppsfjósið aftur á móti verði innréttað sem sjúkrahús, og þá sérstaklega fyrir þá geðveika sjúklinga, sem órólegastir eru. Þetta fjós er mjög góð bygging, og er talið líklegt, að því megi breyta í sjúkrahús. N. leggur þetta til aðeins með því skilyrði, að Reykjavíkurbær taki verulegan þátt í að breyta fjósinu, og jafnvel geri það að öllu leyti. Mér hefir skilizt, að Reykjavíkurbær mundi fást til þess að láta framkvæma þetta verk með því skilyrði, að þeir sjúklingar, sem nú eru hér í bænum, verði látnir ganga fyrir um húsrúm. Með þessari till. er ríkisstj. heimilt að athuga þetta mál og gera þessi kaup, ef henni þykir tiltækilegt.

Þá eru nokkrar till. á þskj. 308, sem ég vil aðeins minnast á. Í fyrsta lagi er það IX. till., frá hv. þm. Snæf., um greiðslu til bryggjugerðar í Stykkishólmi. Þessi till. er hækkun upp í 12 þús. kr., en fjvn. hafði ætlazt til, að þessi fjárhæð yrði 6 þús. kr., og má vel vera, að mér hafi sézt yfir að geta þess í framsöguræðu minni, en ég vænti þess, að hv. þm. taki sína till. aftur. — Þá er X. till. á sama þskj., frá nokkrum þm.; það er fjárveiting til öldubrjóts á Siglufirði, endurveiting. Það mun ekki hafa verið hafið allt það fé, sem á fjárl. hefir verið veitt til þessa verks, en mér hefir skilizt, að flm. myndu fáanlegir til þess að taka till. aftur, ef fjmrh. vildi lýsa því yfir, að þetta fé yrði greitt, ef nægileg rök lægju fyrir um það, að fjárveitingin hefði ekki verið fullnotuð. Ég hefi átt tal um þetta við fjmrh., og hann sagði mér, að þetta myndi verða greitt, ef þau rök lægju fyrir, að fjárveitingin hafi ekki verið hafin að öllu leyti. — Þá er till. á sama þskj., XXXIV, um búfjárrækt. N. leit svo á, að þessi till., um að hækka tillagið úr 68 þús. kr. upp í 70 þús. kr.,

væri réttmæt, og mælir með, að hún verði samþ. — Þá er enn till., á sama þskj., XL., um það, að veita 5 þús. kr. til rannsókna og varna gegn útbreiðslu riðuveikinnar í Svarfaðardal og til stuðnings bændum, er beðið hafa tjón af völdum hennar. Fyrir hönd fjvn. vil ég geta þess, að hún er fús til að skrifa ríkisstj. og fara fram á, að rannsókn á þessum fjársjúkdóm fari fram. Ég get því búizt við, að flm. fallist á að taka þessa till. aftur á þessu stigi málsins. — Þá er *smátill. á sama þskj., XLVI, sem fjvn.* telur réttláta, hún er um það, að hækka styrk til Sigríðar Jónasdóttur. — Þá er XLIX. till., um að hækka styrk til Eiríks Steingrímssonar; n. leggur einnig til, að hún verði samþ.

Till. fjvn. á þskj. 327 um íþróttasjóð hefi ég áður mælt fyrir, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það. — Þá er XX. till. á þskj. 327, um mæðiveiki og garnaveiki. Ég hygg, að flm. verði fúsir til þess að taka þessa till. aftur, þar *sem komin er fram till. frá fjvn. um að hækka* c-lið, 1 um 20 þús. kr., en brtt. sú, sem hér um ræðir, fer fram á það, að orðalaginu verði breytt, þannig að í stað „mæðiveiki" kemur: mæðiveiki og garnaveiki. Ég bið flm. að athuga þetta. — *Þá er XXII. till. á sama þskj., frá hv.* þm. A.-Sk., sem n. mælir með, að verði samþ. — Um XXVI. brtt. á þskj. 327, frá hv. þm. Vestm., um að láta halda áfram verki því, sem hafið hefir verið til varnar gegn landbroti í *Vestmannaeyjum, vil ég láta þess getið, að* fjvn. hefir ekki stutt óskir manna um þetta efni og neitað um það óskum, sem komið hafa bæði frá Flateyri og Akranesi, með það fyrir augum, að þetta verk verði unnið af fé, sem ætlað er til atvinnuaukningar, enda eru um það bein fyrirmæli í sambandi við þessi fjárframlög og meðferð þeirra, að þau skuli nota í þessu skyni.

Á þskj. 333 eru tvær till., sem ég vil minnast á. Fyrri till. er um flugmál. N. hafði borizt erindi frá flugfélaginu um aukna fjárveitingu og töluvert hærri en þá, sem nú er gert ráð fyrir. Óskaði n., að ríkisstjórnin segði sitt álit um þetta mál, og að því athuguðu og í samráði við ríkisstjórnina er till. fjvn. fram borin, og mælir n. með því, að þessi till. verði samþ. — III. till. á sama þskj. er um framræslu og vegagerð á löndum ríkisins, 300 þús. kr. Hæstv. ráðh. getur þess, að þessi tillaga sé tekin aftur.

Þá er á þskj. 542 ein till. frá hv. samgmn. Fjvn. mælir að sjálfsögðu með því, að þessi till. verði samþ. Það hefir jafnan verið venja, að hv. samgmn. athugaði fjárveitingar til flóabáta yfirleitt, og till. hennar hafa ætíð verið teknar til greina.

Þá er hér till. á þskj. 386 frá fjvn., um að veita allt að 100 þús. kr. til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa. N. hafði áður flutt till. um sama efni, þar sem þessi fjárveiting var bundin við Njarðvík, en að athuguðu máli þótti ákjósanlegra að hafa það óbundið og láta rannsaka, hvar ákjósanlegastur staður væri, og í sambandi við þá rannsókn er ríkisstj. heimilað að nota þessa upphæð, og gerði ég allýtarlega grein fyrir þessu atriði í framsöguræðu minni.

Ég sé hér ekki fleiri till., sem ég hefi fengið tilefni til að mæla með, en vildi aðeins að lokum segja örfá orð um afgreiðslu fjárl. í heild sinni.

Greiðsluhallinn á væntanlegum fjárl., eins og þau verða samkvæmt till. fjvn., hefir m. a. leitt til þess, að hæstv. fjmrh. hefir látið orð falla um það, að jafnvel myndi rétt að nota heimild þá, sem hæstv. ríkisstj. er veitt í 22. gr. fjárlfrv., 13. lið, til þess að ná greiðslujöfnuði. Ég vil *vona, að tekjur ríkissjóðs reynist svo ríflegar,* að þær nægi til þess að greiða að fullu þau útgjöld, sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv., og önnur þau útgjöld, sem að höndum geta borið, en ekki eru fyrirsjáanleg. En fari svo, að ríkistekjurnar *reynist lægri en gjöldin, án þess þó að þær* reynist nokkuð verulega lægri en áætlað er í fjárl. fyrir 1941, sýnir samþykkt heimildarinnar, að Alþingi ætlast ekki til þess, að hún verði notuð, nema ríkistekjurnar bregðist að verulegu leyti. Þá ber einnig að líta svo á samþykkt Alþingis á þessu ákvæði, að hver einstakur ráðh. sé ábyrgur gagnvart sínum flokki, verði heimildin að einhverju leyti notuð, bæði hvað snertir nauðsyn þess að nota hana og það, *að lækkunin gangi hlutfallslega jafnt yfir alla* þá liði, sem hún nær til. Ég vildi láta þetta sjónarmið koma skýrt fram. Hinsvegar munu ummæli hæstv. fjmrh. um greiðsluhallann einungis hafa verið sögð sem aðvörun til hv. þm. um að athuga, hvað myndi taka við, ef samþ. væru að meira eða minna leyti þær brtt., sem þegar eru fram komnar frá einstökum hv. þm. Ég vil leggja áherzlu á, að hv. þm. geri sér grein fyrir, hversu hættulegt það er að auka gjöldin á fjárl. nokkuð verulega umfram það, sem fjvn. leggur til. Vænti ég, að hv. þm. athugi það í tíma, hversu áríðandi er, hvernig fer um afgreiðslu flestra þeirra brtt., sem fram hafa komið. Þær brtt., sem einstakir þm. hafa flutt, nema útgjaldaaukningu, sem gerir hér um bil 1.7 millj. hækkun. Á heimild 22. gr. er það fyrst og fremst ábyrgðarheimild, sem nemur 150 þús. kr., og útgjöld, sem nema um 750 þús. kr. Á þskj. 327 er svo síðast till. til heimildar fyrir ríkisstjórnina til að kaupa síldarverksmiðjuna í Neskaupstað og framlagið til Vestmannaeyja, sem ég hefi áður minnzt á. Það er augljóst mál, að slík afgreiðsla á fjárl., hvenær sem væri, og þó sérstaklega eins og nú stendur á, bendir til hins mesta ábyrgðarleysis, þar sem samþykkt þeirra gæti leitt til yfir 2 millj. kr. greiðsluhalla á fjárl. Væri það til vansæmdar fyrir Alþingi að afhenda ríkisstj. slík fjárl. Vil ég vænta þess fastlega, að þm. athugi vel, hvernig taka skuli á till. einstakra þm., áður en atkvgr. fer fram.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég þarf ekki að tala langt mál að þessu sinni. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í till. frá einstökum hv. þm., sem fram hafa komið, en ég get tekið undir það með hv. frsm., að það er lítt viðráðanlegt. Hinsvegar er lítil von um árangur, eins og þingið er nú skipað að tölu þm., þótt það séu ágætir menn, sem viðstaddir eru, og má fullkomlega gera ráð fyrir, að þeir taki tillit til þess,

sem hér hefir verið sagt. Þó eru það einstaka till., sem ég tel rétt að víkja að.

Hv. frsm. gat þess um till. X á þskj. 308, þar sem talað er um endurveitingu styrks til öldubrjóts á Siglufirði, að það kynni að hafa verið óþarft að samþ. till. vegna þessarar upphæðar og að greiða mætti hana án þess, ef rök væru fyrir því færð við ríkisstjórnina, að slík greiðsla væri réttmæt. Ég hefi fallizt á þetta, bæði við hv. frsm. n. og aðalflm. till., og tel það í sjálfu sér ekki miklu máli skipta, hvort till. verður samþ. eða ekki, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig afgreiðslu fjárl. yfirleitt er háttað.

Næsta till., sem ég vil minnast á, er á þskj. 333,IV, frá hv. þm. Seyðf., um að veita styrk til Nikulásar Friðrikssonar, sem borin var fram till. um af hv. fjvn. á síðasta þingi, en þá felld. Ég tel hinsvegar, að sú ferð, sem þessi maður tókst á hendur, og sá árangur af henni, sem fram hefir komið í skýrslum, sem hann hefir gefið, sé þess verður, að hann sé að einhverju leyti viðurkenndur með fjárveitingu af þingsins hálfu, og mér hafa borizt tilmæli frá mönnum, sem þessum málum standa nærri og fullkomlega verður að taka tillit til, hvað segja, sem eru þannig, að ég get ekki annað en mælt með því, að sú till. verði samþ. En ég hefði heldur óskað, að hún hefði ekki verið sett þannig fram, að það væri beint skilyrði, að jafnhátt framlag yrði lagt fram af Reykjavíkurbæ, þó ég geti fullkomlega mælt með því, að það yrði gert. Ef til vill mætti þá bera þá till. fram sérstaklega, en ég veit auðvitað ekki, hvað hæstv. forseti, sem jafnframt er till.-maður, sér sér fært í því efni. **(Forseti: Ég mun athuga þessa ósk hæstv. ráðh.)**

Þá er hér till. á þskj. 372, sem er einskonar varatill., um ritstyrk til dr. Einars Ól. Sveinssonar. Þannig er ástatt, að dr. Einar hefir haft styrk á fjárl. til ritstarfa, en í fjárlfrv. eins og ég lagði það fyrir þingið er lagt til, að veittar verði 6 þús. kr. til bókavarðarstarfs við Háskóla Íslands, og er gert ráð fyrir, að dr. Einar hafi það með höndum, eins og hann hefir fram að þessu annazt bókavarðarstarf fyrir háskólann, en fyrir mjög litla borgun. Ef sú till. verður samþ., mætti þessi ritstyrkur falla niður, en hv. fjvn. hefir flutt till. um, að þessi 6 þús. kr. styrkur skuli niður felldur, og ef svo fer, þá fellur með öllu niður styrkur til dr. Einars, en sá var alls ekki tilgangurinn með minni till. upphaflega um 6 þús. kr. veitingu til bókavarðarstarfsins. En fari svo, að min till. verði felld og öllum slíkum styrkjum vísað til meðferðar menntamálaráðs, vil ég vænta, að hann fái þá styrk hjá því.

Þá er hér till. á þsk. 375, 2, frá hv. fjvn., um að breyta aftur aths. við styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur. Eins og aths. er orðuð á því þskj., hefir hún staðið í fjárl. undanfarin ár, og þannig hefir hún verið samþ. fyrir yfirstandandi ár, en ég breytti aths. viljandi eins og hún liggur fyrir á hinu upphaflega fjárlfrv. Hv. fjvn. hefir e. t. v. ekki tekið eftir því við fyrstu yfirferð sína, en athugað það nú og þess vegna borið fram brtt. og viljað láta þá skipun haldast á þessu máli, sem verið hefir, svo að menntamálaráð gæti þannig haft hönd í bagga með starfsemi leikfélagsins. En e. t. v. stendur líka öðruvísi á um framkomu brtt. Má vera, að hún standi í sambandi við nýskeða atburði í sambandi við starf leikfélagsins. En hvað sem því líður, þá skal ég gera grein fyrir þessari breyt. á fjárlfrv. Hún er fram komin af því, að mér hefir skilizt, að engin framkvæmd hafi orðið á þessu skilyrði, og hefir það ekki verið af því, að leikfélagið hafi viljað skjóta sér hjá því að verða við því, heldur hefir menntamálaráð ekki hirt um að rækja sitt hlutverk í því sambandi. Meira að segja hefir mér verið tjáð, að svo væri málum háttað, að sá maður, sem átt hefir að hafa það hlutverk með höndum, að lesa rit leikfélagsins fyrir hönd menntamálaráðs, hafi mælzt til þess, að stjórn leikfélagsins hætti að senda sér þessi rit, svo ég sé ekki ástæðu til að hafa þennan dauða bókstaf áfram í fjárl., enda hugsanlegt, að misskilningur gæti orðið út af því, ef árekstur yrði svipaður því, sem nú hefir orðið nýskeð, vegna þess að ekki hefir verið framkvæmt eftirlit menntamálaráðs í þessu efni. A. m. k. hefir mér skilizt, að meðlimum menntamálaráðs hafi með öllu verið ókunnugt um efni þess leikrits, sem nú átti að fara að sýna, því það er ekki fyrr en komið er að því að halda á frumsýningu, að upp komu þær skoðanir meðal manna, að nokkur vafi væri á því, að leikritið væri sýningarhæft. Auðvitað hefði ekki til þessa komið, ef menntamálaráð hefið verið búið að kynna sér leikritið, eins og til var ætlazt og skilyrði hafði verið sett um. Ég veit ekki, hvort hæstv. Alþingi. að fengnum þessum upplýsingum, sér ástæðu til að taka upp aftur þetta skilyrði í fjárl., mér finnst það a. m. k. tilgangslaust.

Svo eru það ekki fleiri till. einstakra hv. þm., eins þá frekar en annars, sem ástæða er til fyrir mig að gera að umtalsefni. Út af orðum. sem fallið hafa frá einstökum hv. þm. í sambandi við styrki til skálda og listamanna og þeirri breyt., sem hv. fjvn. leggur til, að gerð verði á frv. í því efni, þá hefi ég lítið um það að segja í viðbót við það, sem ég sagði í ræðu minni í gær. Mér finnst, að það, sem mælt hefir verið með því fyrirkomulagi að fá menntamálaráði það til meðferðar, vera ákaflega veigalítið, en það fyrirkomulag hinsvegar hafa töluverða agnúa. Ég er hræddur um, að þeir hv. þm., sem búnir eru að bera fram aragrúa af till. um styrki til skálda og listamanna, verði fyrir verulegum vonbrigðum við þá framkvæmd á styrkveitingunum. Eins og kunnugt er, þá er samkvæmt till. hv. fjvn. gert ráð fyrir 80 þús. kr. í þessu skyni og menntamálaráði gert að halda sér við þá upphæð, eða eins og hv. 1. þm. Eyf. komst að orði, að nú „væri verið að stöðva sig á ákveðinni upphæð". Nú hafa hv. þm. flutt till. um styrki til margra manna, sem ekki hafa áður verið á fjárl., og ekki heldur hafa fengið styrk frá menntamálaráði, en samt ætlast hv. þm. til þess hver fyrir sig, að menntamálaráð taki þessa listamenn upp á sína arma og veiti þeim styrk, en jafnframt gera þeir ráð fyrir, að menntamálaráð veiti einnig þeim mönnum styrk, sem áður hafa fengið hann. Ég hygg, að tala þeirra nýrra manna, sem þegar hafa verið fluttar till.

um, sé komin upp fyrir tölu þeirra manna, sem þegar hafa verið viðurkenndir verðugir styrks og fengið hafa styrk frá þinginu og menntamálaráði, og ef þessar tölur á svo að leggja saman, án þess að hækka fjárveitinguna, þá verður bersýnilega ekki hjá því komizt, að hv. flm. þessara till. hljóta að verða fyrir vonbrigðum, þótt menntamálaráð taki fullt tillit til till. þeirra, án þess þó að sleppa hendinni af þeim mætu mönnum, sem þeir hafa þegar viljað rétta hjálparhönd. Ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér grein fyrir, til hvers er hægt að ætlast, þegar á „að stöðva sig á ákveðinni upphæð" til skálda og listamanna, eins og það hefir verið orðað. Það er ómögulegt „að stöðva sig á ákveðinni upphæð" til skálda og listamanna nema með því móti, að engum nýjum mönnum, eða ef nýjum mönnum er bætt við, þá hljóti það að verða til þess að draga frá þeim, sem þegar eru búnir að fá styrk. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að a. m. k. hjá einhverjum mönnum í hv. fjvn. hefir, einmitt í sambandi við þetta, komið upp sú spurning, hvort hægt væri að bæta þeim mönnum upp styrk, sem hann kynnu að fá hjá menntamálaráði, með dýrtíðaruppbót, og hafa þeir bent á, að styrkjunum á 18. gr. hefði fylgt dýrtíðaruppbót, og hefir um það verið spurt, hvort fjmrn. gæti úr þessu bætt. Mun þessari spurningu hafa verið beint til fjmrn. í samráði við menntamálaráð eða einhverja menn úr því. En þá væri ekki lengur staðar numið við ákveðna upphæð. Eins og ég gat um í ræðu minni í gær, þá ætti fjmrn. einnig að veita þeim mönnum styrki, sem menntamálaráð hefir ekki getað líknað neitt. Slíkt er ómögulegt, og það verða hv. þm. að gera sér ljóst. Mér dettur í hug í þessu sambandi það, sem er orðið frægt um einn skólastjóra í latínuskólanum gamla. Það var siður í skólanum, að piltunum var raðað þar á tveggja mánaða fresti eftir einkunnum. Og svo var ýmislegt uppi um það, sem því var samfara, sumir hröpuðu þá frá því, sem var við næstu röðun á undan, en aðrir hækkuðu. Og skólastjórinn skoraði á þá, sem höfðu hækkað, að halda sæti sínu. Og sömuleiðis, þegar einhver hafði lækkað, skoraði skólastjórinn líka á hann að herða sig og komast upp í sitt gamla sæti við næstu röðun. Þetta er dálítið álíka því, að það er ekki hægt að fullnægja hvorumtveggja; það er ekki hægt að veita þeim mönnum öllum styrk, sem hv. þm. koma nú með nýja, og veita einnig jafnmikið til þeirra, sem fengið hafa þennan styrk, eins og þeir að undanförnu hafa fengið, ef á að binda sig við einhverja vissa upphæð. Þessi meðferð á úthlutun styrksins, að láta menntamálaráð hafa hana með höndum, verður til þess, að þingið sleppir alveg af þessu hendinni, og gæti svo farið, að menn, sem þingið vildi styrkja, verði alveg útundan, og aðrir, sem þingið leggur minna upp úr, verði styrksins aðnjótandi. Þess vegna tel ég ekki rétt af Alþ. að sleppa þessu úr sinni hendi. Og að í menntamálaráði verði betur farið með þessi mál en í þinginu, tel ég fjarstæðu, og algert vantraust á þm. sjálfum að halda fram, að þeir séu ekki jafnfærir til þess að fara með þetta eins og menn, sem í menntamálaráði eru, að þeim ólöstuðum. Og í sambandi við þetta vil ég minna á þau ummæli, sem hv. þm. S.-Þ. viðhafði hér í gær, er hann sagði, að einn maður væri á lista menntamálaráðs, sem hefði hlotið styrk hjá menntamálaráði og reyndar hjá þinginu líka undanfarin ár, sem hefði aldrei átt að fá neinn styrk. Þessi maður hefði fengið þennan styrk að vísu með því að telja sig opinberlega til eins flokks, en í raun og veru með því að fylgja öðrum. Nú veit ég ekki, hvort það hefði mátt bæta því við, að honum hefði hlotnazt prófessorsnafnbót frá þriðja flokknum. Ég veit það ekki, en grunur minn er kannske, að svo sé. En hvað sem um það er, er það bersýnilegt af þessum ummælum hv. þm. S.-Þ., að sú ráðstöfun, að vísa þessari úthlutun til menntamálaráðs, hefir nú ekki reynzt einhlít til að koma á réttlátri skiptingu hvað þessum manni viðkemur, samkvæmt orðum hv. þm. S.-Þ. sjálfs, þar sem þessi mjög svo óverðugi maður heldur styrknum eftir sem áður, þó að menntamálaráð hafi fengið að hafa þessa úthlutun með höndum.

Ég minntist á það í gær, að þegar verið var að deila um þetta í fyrra á Alþ., þá var ein aðalröksemd fyrir því, að það bæri að fela menntamálaráði þetta, að það hefði sýnt sig, að þingið hefði veitt styrk kommúnistum sem kristnum mönnum, og mætti ljóst vera, að slíkt væri mesta óhæfa, enda óverðugt, einnig með tilliti til þeirra ritstarfa, sem þeir hafa innt af hendi. En hvernig fer? Þeir fá styrk alveg eins hjá menntamálaráði eins og hjá Alþ. Ég tel ekkert sanngjarnara en það, að það komi til atkv. þm. sjálfra, hvort þessi eða hinn maðurinn eigi að fá slíkan styrk eða ekki. Og ég fyrir mitt leyti tel því alveg rétt og eins og vera ber, að hér eru komnar fram till. um að taka upp styrki til þeirra „listamanna" (ég hefi það nú í gæsalöppum), sem ég felldi niður frá því, sem var í fjárl. Ég er nú svo lánsamur, að ég tel suma þeirra manna óverðuga styrks af ríkisfé, vegna þess að með því er styrkt þeirra pólitíska starfsemi, sem, eftir því sem tekið hefir verið upp eftir mér við umr., ég tel „þjóðskaðlega", eins og líka tekið var til orða í ræðu í dag. Það, sem sagt hefir verið um það, fer ekkert í bága við mínar skoðanir, hvers þessir menn séu verðir beinlínis sem rithöfundar, alveg að slepptri þeirra pólitísku starfsemi. Og það, sem einn hv. flm. var að tala um þann mikla arf, sem sumir þessara manna mundu skilja þjóðinni eftir, þá sé ég fyrir mitt leyti ekkert eftir því, þó sá arfur verði ekki mikill. Ég vil ekki kaupa þann arf fyrir neitt verð. Annars fer náttúrlega um þetta eftir því, sem hv. þm., þegar til atkvgr. kemur, telja sér til mests sóma og föðurlandinu til mestra heilla. Og læt ég svo útrætt um það.

Ég sé svo ekki ástæðu til yfirleitt að fara frekar orðum um þetta mál. Ég get í raun og veru þakkað hv. frsm. fjvn. fyrir þau ummæli, sem hann lét falla í sambandi við heildaraffgreiðslu fjárl. í sinni síðustu ræðu, og hefi ég ekkert við þau að athuga. Vona ég, að samstarfið milli mín og fjvn. verði það, sem eftir er, vand-

ræðalaust, eins og ég líka vona, að það verði við hv. alþm. En ef hinsvegar fleiri eða færri hv. þm. eru sama sinnis og hv. 2. þm. Skagf. og lýsa sig mótfallna frv., sem borið hefir verið fram um heimild fyrir ríkisstj. til að fella niður eða lækka ýmsar greiðslur samkv. l., þá verður að skeika að sköpuðu með það. Ef Alþ. ber ekki traust til ríkisstj. til þess að fara vel og réttilega með heimildir, sem ríkisstjórnin þykist þurfa að fá, þá verður náttúrlega að taka afleiðingunum af því.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Það eru aðeins fáein atriði í ræðu hæstv. fjmrh. í gær, sem ég vildi minnast á, þar sem hann gerði aths. við brtt. fjvn., en ég minntist ekkert á í minni ræðu, sem stafaði af því, að hans ummæli voru á þá leið, að þau gáfu ekki tilefni til svars. Þau voru *yfirleitt vinsamleg*, þó að það væru aths.

En um breyt. á orðalagi aths. við fjárveitingu til leikfélagsins hafði ég að vísu athugað það fyrr, að hæstv. fjmrh. hafði breytt orðalaginu. En ég get ekki neitað því, að þetta, sem kom fyrir nú í gær eða þessa dagana, hvatti mig heldur til að leggja það til, að orðalaginu yrði haldið eins og það er í fjárl. Ég hefi ekki séð þennan leik, sem verið er að sýna nú og hefir komið upp allmikil deila um, og get þess vegna ekki af eigin sjón og raun dæmt neitt um hann. En ég tel það heldur óþægilegt fyrir leikfélagið, sem fyrir hefir nú komið, og tel, að það væri nokkur trygging fyrir því, að slíkt kæmi ekki fyrir, ef lesin væri starfsskrá félagsins af þar til kjörnum mönnum, sem treysta mætti til þess. Nú segir hæstv. ráðh., að þetta hafi ekki verið gert, þrátt fyrir ákvæði fjárl. um þetta efni. Mér er ekki kunnugt um það, en ég geri ráð fyrir, að hann segi þar rétt frá, eða a. m. k. hafi verið svo í þetta skipti, því að hann sagði, að þessi árekstur hefði ekki komið fyrir, ef leikfélagið hefði fengið bendingu frá menntamálaráði um leikinn. En þetta tel ég þó vera nægilegt tilefni til þess, að liðurinn orðist eins og gert er ráð fyrir í umræddri till. Ég tel það vera heldur leiðinlegt, hvort sem það er leikfélag eða aðrir aðilar, sem styrktir eru af ríkisfé til starfsemi sinnar, ef *fyrir koma þeir atburðir í starfsemi slíkra* styrkþega, sem valda eins miklum ágreiningi eins og þessi skopleikur hefir gert þessa daga.

Um það, hvort greiða skuli dýrtíðaruppbót til þeirra manna, sem styrks njóta samkvæmt 15. gr., skal ég geta þess í fyrsta lagi, að mér þykir það óeðlilegt frá almennu sjónarmiði, að það komi til greina að greiða dýrtíðaruppbót á styrki, sem veittir eru samkvæmt 15. gr. Hinsvegar er réttur til dýrtíðaruppbótar á styrki, sem greiddir eru samkvæmt vissum liðum 18. gr. Og það, að Alþ. samþ. að flytja menn, sem styrks njóta, af 18. gr. á 15., þýðir það, að réttur inn til dýrtíðaruppbótar er þar með fallinn. Samt sem áður kom þetta til tals í fjvn. í morgun, og var borin upp till. í þá átt, að dýrtíðaruppbót skyldi veitt á styrki, sem veittir eru á 15. gr., og sú till. var felld með meiri hl. atkv. Þar með er mörkuð stefna fjvn. í þessu atriði.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þær brtt. eða atriði, sem snerta fjárl., að þessu sinni, þar eð ekki hefir gefizt sérstök ástæða til þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 8. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 160, 272, 308, 327, 333, n. 342, 352, 365, 366, 372, 375, 386, 387, 390, 391).

ATKVGR.

Brtt. 308,I.1 felld með 38:3 atkv.
— 308,I.2 felld með 38:3 atkv.
— 375,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 308,I.3 felld með 35:3 atkv.
— 308,II felld með 35:3 atkv.
— 272,1—2 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 272,3 tekin aftur.
— 308,III samþ. með 25:12 atkv.
— 272,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 272,5—6 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 308,IV felld með 33:4 atkv.
— 308,V felld með 38:4 atkv.
— 308,VI samþ. með 28:14 atkv.
— 272,7 samþ. með 29:4 atkv.
— 272,8 samþ. með 32:3 atkv.
— 272,9 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 272,10 samþ. með 31:5 atkv.
— 308,VII felld með 34:4 atkv.
— 272,11 samþ. með 34:1 atkv.
— 327,I samþ. með 29:1 atkv.
— 352,I samþ. með 45 shlj. atkv.
— 308,VIII felld með 33:4 atkv.
— 272,12 samþ. með 28:1 atkv.
— 308,IX samþ. með 24:16 atkv.
— 272,13, svo breytt, samþ. með 26:10 atkv.
— 327,II felld með 29:6 atkv.
— 308,X tekin aftur.
— 308,XI samþ. með 25:11 atkv.
— 308,XII felld með 24:10 atkv.
— 272,14 samþ. með 36:1 atkv.
— 308,XIII felld með 25:13 atkv.
— 272,15 samþ. með 21:7 atkv.
— 333,I samþ. með 29 shlj. atkv.
— 391,I felld með 27:11 atkv.
— 308,XIV felld með 28:5 atkv.
— 308,XV.1 felld með 30:3 atkv.
— 327,III felld með 24:16 atkv.
— 272,16 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 272,17 samþ. með 25:7 atkv.
— 308,XV.2 felld með 25:4 atkv.
— 272,18 samþ. með 27:14 atkv.
— 352,II samþ. með 32:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EE, EystJ, GP, GSv, HelgJ, HermJ, HV, IngP, JakM, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞÞ.

nei: ÁÁ, EmJ, ErlÞ, GG, ÍslH, JJós, JÍv, PO, SÁÓ, TT,[1]) VJ, ÞBr, HG.

BrB, EOl greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.

1) **TT:** Þar sem þetta mætti virðast svo, að Alþingi væri að greiða atkv. um höfðatöluregluna, þá segi ég nei.

Brtt. 272,19 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 272,20 samþ. með 27:1 atkv.
— 272,21 samþ. með 28:1 atkv.
— 272,22.a—b samþ. með 29:1 atkv.
— 272,22.c samþ. með 30:5 atkv.
— 272,23 samþ. með 29:6 atkv.
— 272,24 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 272,25.a samþ. með 26:2 atkv.
— 272,25.b samþ. með 27:2 atkv.
— 308,XV.3 felld með 31:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BrB, EOl, HV, ÍslH, JÍv, PHann, TT.
nei: ÁJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, GÞ, HelgJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÞÞ.
BJ, BSn, EE, ErlÞ, GG, GSv, HermJ, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.
Brtt. 327,IV samþ. með 37 shlj. atkv.
— 272,26 kom ekki til atkv.
— 272,27 samþ. með 32:3 atkv.
— 308,XVI felld með 25:14 atkv.
— 272,28 samþ. með 25:4 atkv.
— 390, aðaltill., felld með 26:3 atkv.
— 390, varatill., felld með 25:7 atkv.
— 327,V kom ekki til atkv.
— 387,I, aðaltill., felld með 30:4 atkv.
— 387,I, varatill., felld með 27:7 atkv.
— 308,XVII kom ekki til atkv.
— 375,2 felld með 25:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, ÞBr, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JÍv, JJ, JörB.
nei: SEH, SK, SÁÓ, StSt, TT, VJ, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB, EOl, EE, EmJ, ErlÞ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, JPálm, MG, MJ, ÓTh, HG.
JJós greiddi ekki atkv.
2 þm. (PHalld, FJ) fjarstaddir.
Brtt. 272,29 samþ. með 26:9 atkv.
— 308,XVIII tekin aftur.
— 272,30 samþ. með 25:17 atkv.
— 308,XIX felld með 26:6 atkv.
— 272,31.a samþ. með 27:5 atkv.
— 272,31.b samþ. með 25:3 atkv.
— 272,32 samþ. með 25:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TT, ÞBr, ÞÞ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EE, EystJ, GG, HermJ, IngP, JJós, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH.
nei: VJ, ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB, EOl, ErlÞ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, MG, SEH, SK, SÁÓ, HG.
BJ, EmJ, HelgJ, PZ, PHann greiddu ekki atkv.
2 þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Eiríkur Einarsson: Enda þótt mér þyki úthlutun á styrk til skálda og listamanna samkv. ákvörðunum menntamálaráðs mega að ýmsu leyti betur fara en nú hefir raun á orðið, mun ég samt greiða atkv. með því, að menntamálaráð hafi þá úthlutun með höndum, í trausti þess, að betur takist til næst. Ég tel, að sú úthlutun sé betur komin í höndum menntamálaráðs en þm., og vegna þess að ég vil, að ráðið leiðrétti það betur, sem það hefir nú gert, segi ég já.

Gísli Guðmundsson: Ég er þeirrar skoðunar, að Alþ. verði áður en langt líður að setja nýja löggjöf um úthlutun þessa styrks og færa hana á vissan og helzt öðruvísi grundvöll en gert hefir verið hingað til, en eins og málið liggur nú fyrir, segi ég já.

Pálmi Hannesson: Ég er að vísu efnislega samþykkur þessari till., en með því að þær ráðstafanir, sem hún felur í sér, sættu allmikilli gagnrýni frá ýmsum mönnum, er vildu heldur, að Alþ. hefði þessa úthlutun með höndum en menntamálaráð, tel ég ekki rétt að greiða atkv.

Brtt. 272,33 samþ. með 26:3 atkv.
— 352,III tekin aftur.
— 327,VI samþ. með 25:2 atkv.
— 327,VII tekin aftur.
— 308,XX tekin aftur.
— 308,XXI tekin aftur.
— 327,VIII.1 tekin aftur.
— 352,IV tekin aftur.
— 352,V tekin aftur.
— 327,VIII.2 tekin aftur.
— 327,IX felld með 24:16 atkv.
— 352,VI tekin aftur.
— 365,I tekin aftur.
— 352,VII tekin aftur.
— 352,VIII tekin aftur.
— 308,XXII tekin aftur.
— 308,XXIII tekin aftur.
— 308,XXIV tekin aftur.
— 327,X tekin aftur.
— 327,XI tekin aftur.
— 352,IX samþ. með 24:19 atkv.
— 366,I tekin aftur.
— 372,I tekin aftur.
— 308,XXV tekin aftur.
— 352,X.1 tekin aftur.
— 387,II tekin aftur.
— 365,II tekin aftur.
— 308,XXVI felld með 25:7 atkv.
— 308,XXVII tekin aftur.
— 327,XII tekin aftur.
— 365,III tekin aftur.
— 365,IV tekin aftur.
— 327,XIII tekin aftur.
— 308,XXVIII felld með 22:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BJ, BÁ, BSn, BrB, EOl, EE, ErlÞ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, JJós, MG, MJ, ÓTh, PHann, SEH, SK, TT, ÁJ.
nei: BSt, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, PZ, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÞÞ.
PHerm, SÁÓ, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.
Brtt. 372,II tekin aftur.
— 352,X.2 tekin aftur.
— 352,XI felld með 23:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁJ, BJ, BSn, BrB, EOl, ErlÞ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, JJós, MG, SEH, SK.
nei: StSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÞÞ, BSt, BjB, EÁrna,

EmJ, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG.

StgrSt, TT, ÁÁ, BÁ, EE, MJ, ÓTh, SÁÓ, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.

Brtt. 352,XII—XIV teknar aftur.

— 327,XIV samþ. með 24:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BSn, EOl, EmJ, ErlÞ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, MG, MJ, PHann, SEH, SK, SÁÓ, StSt, SvbH, TT, VJ, HG.

nei: BjB, EystJ, HelgJ, IngP, JJós, JÍv, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PO, SkG, StgrSt, ÞBr, ÞÞ.

BÁ, BrB, EÁrna, EE, HermJ, JPálm greiddu ekki atkv.

3 þm. (FJ, GG, PHalld) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Í trausti þess, að menntamálaráð sjái sér fært að veita þennan styrk, *segi ég nei.*

Garðar Þorsteinsson: Með því að betra er að treysta sjálfum sér en öðrum, segi ég já.

Jónas Jónsson: Með því að ég álít sjálfsagt, að þessi piltur fái styrk hjá menntamálaráði, og hann ekki minni en hér er farið fram á, segi ég nei.

Pálmi Hannesson: Með því að ég tel mjög vafasamt, að þessi piltur geti fengið styrk hjá menntamálaráði, segi ég já.

Brtt. 327,XV samþ. með 24:7 atkv.
— 365,V felld með 24:16 atkv.
— 308,XXIX, aðaltill., felld með 32:3 atkv.
— 308,XXIX, varatill., felld með 33:3 atkv.
— 327,XVI felld með 27:8 atkv.
— 308,XXX, aðaltill., felld með 24:15 atkv.
— 308,XXX, varatill., samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,XXXI felld með 25:3 atkv.
— 308,XXXII felld með 28:3 atkv.
— 308,XXXIII felld með 26:14 atkv.
— 308,XXXIV samþ. með 36:1 atkv.
— 308,XXXV felld með 27:3 atkv.
— 327,XVII samþ. með 26:14 atkv.
— 308,XXXVI, aðaltill., felld með 27:4 atkv.
— 308,XXXVI, varatill., felld með 28:4 atkv.
— 272,34 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,XXXVII felld með 34:3 atkv.
— 333,II samþ. með 24:9 atkv.
— 272,35.a samþ. með 24:1 atkv.
— 272,35.b samþ. með 28:1 atkv.
— 333,III,[1]) aðaltill., tekin aftur.

1) **Jörundur Brynjólfsson:** Ég vil benda hæstv. forseta á, að þessi till. var undir umr. tekin aftur, svo að hún getur ekki komið til atkv. nú, *þó einhver vildi taka hana upp.*

Forseti (HG): Það er upplýst, að þessi till. var undir umr. tekin aftur, án þess að hún væri þá tekin upp aftur, og kemur till. því ekki til atkv.

Brtt. 272,36.a samþ. með 30:2 atkv.
— 272,36.b samþ. með 26:1 atkv.
— 272,37 samþ. með 32:1 atkv.
— 272,38 samþ. með 26:6 atkv.
— 333,IV, aðaltill., án skilyrðis, felld með 25:16 atkv.
— 333,IV, aðaltill., með skilyrði, felld með 30:16 atkv.
— 333,IV, varatill., felld með 25:17 atkv.
— 365,VI, aðaltill., felld með 24:21 atkv.
— 365,VI, varatill., samþ. með 42:1 atkv.
— 327,XVIII samþ. með 28:3 atkv.
— 272,39 samþ. með 25:1 atkv.
— 272,40 samþ. með 28:1 atkv.
— 272,41 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 327,XIX felld með 26:12 atkv.
— 308,XXXVIII felld með 26:13 atkv.
— 272,42 samþ. með 31:2 atkv.
— 272,43 samþ. án atkvgr.
— 333,V samþ. með 25:17 atkv.
— 308,XXXIX samþ. með 24:7 atkv.
— 272,44 samþ. með 26:4 atkv.
— 375,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 327,XX tekin aftur.
— 308,XL felld með 24:15 atkv.
— 308,XLI felld með 29:8 atkv.
— 308,XLII felld með 30:6 atkv.
— 272,45 samþ. með 24:5 atkv.
— 365,VII samþ. með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, EmJ, ErlÞ, EystJ, GG, HelgJ, HV, IngP, ÍslH, JakM, JJós, MJ, PHann, SK, SÁÓ, StgrSt, SvbH, VJ, ÁJ, ÁÁ, BÁ, BSn, BrB, EOl, HG.

nei: HermJ, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, ÓTh, PHerm, PZ, PO, SEH, SkG, StSt, TT, ÞBr, ÞÞ, BSt, BjB, EÁrna.

GÞ, GSv greiddu ekki atkv.

3 þm. (FJ, PHalld, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 308,XLIII,1 felld með 25:3 atkv.
— 327,XXI samþ. með 29:3 atkv.
— 308,XLIII.2, aðaltill., felld með 30:4 atkv.
— 308,XLIII.2, varatill., felld með 28:5 atkv.
— 272,46 samþ. með 30:1 atkv.
— 272,47 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 391,II samþ. með 24:16 atkv.
— 272,48 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,XLIV.1 samþ. án atkvgr.
— 272,49 samþ. án atkvgr.
— 272,50 samþ. með 34:1 atkv.
— 372,III samþ. með 29:1 atkv.
— 308,XLIV.2 samþ. án atkvgr.
— 272,51 samþ. með 35:1 atkv.
— 308,XLV samþ. með 28:2 atkv.
— 272,52 samþ. með 34:1 atkv.
— 272,53 samþ. án atkvgr.
— 308,XLVI samþ. með 30 shlj. atkv.
— 272,54 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,XLVII samþ. með 27:16 atkv.
— 308,XLVIII samþ. með 33:2 atkv.
— 272,55 samþ. með 30:1 atkv.
— 308,XLIX samþ. með 32:3 atkv.
— 272,56 þar með ákveðin.
— 272,57—59 samþ. með 35:1 atkv.
— 327,XXII samþ. með 38 shlj. atkv.
— 272,60 samþ. með 34:2 atkv.
— 272,61 samþ. með 29:1 atkv.

Brtt. 272,62 samþ. án atkvgr.
— 272,63 samþ. með 30:1 atkv.
— 272,64 samþ. með 28:1 atkv.
— 375,4 samþ. með 30:1 atkv.
— 272,65 samþ. með 29:1 atkv.
— 308,L felld með 24:16 atkv.
— 327,XXIII, aðaltill., felld með 30:8 atkv.
— 327,XXIII, varatill., felld með 27:16 atkv.
— 375,5 samþ. með 24:9 atkv.
— 308,LI felld með 33:4 atkv.
— 272,66—67 samþ. með 33:2 atkv.
— 366,II, aðaltill., felld með 30:9 atkv.
— 366,II, varatill., felld með 26:10 atkv.
— 327,XXIV samþ. með 26:4 atkv.
— 272,68 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 327,XXV.1 felld með 27:10 atkv.
— 327,XXV.2 felld með 26:10 atkv.
— 308,LII felld með 24:20 atkv. .
— 272,69.a samþ. með 36:1 atkv.
— 386 samþ. með 33:4 atkv.
— 272,69.b þar með ákveðin
— 272,69.c samþ. með 40 shlj. atkv.
— 327,XXVI[1]) tekin aftur.
— 327,XXVII samþ. með 26:11 atkv.
— 327,XXVIII felld með 28:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EmJ, ErlÞ, GG, HelgJ, HV, ÍslH, SÁÓ, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BSn, BrB, HG.

nei: EÁrna, EystJ, GÞ, HermJ, IngP, JJós, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞBr, ÞÞ, BSt, BjB.

EE, GSv, JakM, ÁJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.

12 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Bergur Jónsson: Með því að samþ. hefir verið niðurskurður á fjárl., sem ég álít mjög óvarlegan, tel ég í alla staði eðlilegt, að stjórninni sé einnig veitt þessi heimild til þess að leggja fram fé til hjálpar fyrir fólk, ef þrengir að, og segi því já.

Bjarni Ásgeirsson: Með sama formála og hv. þm. Barð. segi ég já.

Brynjólfur Bjarnason: Enda þótt þessi till. sé stórgölluð, vil ég engan veginn, að stj. geti skotið sér undir það, að slík heimild sé ekki til í fjárl., og segi því já.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Hér hefir komið fram till. um að veita ríkisstj. heimild til þess að verja á árinu 1941 stórri upphæð til ræktunar á löndum ríkissjóðs, og segi ég því nei.

Jóhann Jósefsson: Ég lít svo á, að þýðingarlaust sé að tilnefna á þessu stigi málsins nokkra upphæð, og geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. mundi telja samþykkt þessarar till. stórfellda röskun á fjárl., og segi því nei.

1) **JJós:** Með því að því er yfirlýst af allri fjvn., að hún ætlist til þess, að þetta verk sé unnið af því fé, sem ætlað er til atvinnubóta, og í því trausti, að kaupstaðurinn verði ekki látinn líða við það, tek ég till. aftur.

Jónas Jónsson: Ég álít, að þar sem við njótum þeirrar heppni að hafa 5 manna stjórn til þess að stjórna okkar landi, getum við beðið eftir forsjá hennar, og segi því nei.

Magnús Jónsson: Með sama formála og hv. þm. Vestm. segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Þar sem þing verður vafalaust komið saman áður en þarf á upphæð að halda í þessu skyni, segi ég nei.

Pálmi Hannesson: Með sömu röksemd og hv. 1. þm. N.-M. segi ég nei.

Skúli Guðmundsson: Með tilvísun til röksemdar hv. 1. þm. N.-M. segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Ég álít ekki fremur hægt að nefna 750 þús. kr. en einhverja aðra upphæð, og greiði því ekki atkv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Með tilvísun til þess, sem hæstv. viðskmrh. lét um mælt, og með tilliti til þess, að þetta er heimild til stj., sem ég hefi í sjálfu sér ekkert á móti að taka við, mun ég ekki greiða atkv.

Brtt. 308,LIII felld með 40:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, HV, ÍslH.

nei: StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EE, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JJós, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SkG.

ErlÞ, SÁÓ, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Bergur Jónsson: Enda þótt ég telji rétt að samþ. till. að efni til, þá get ég ekki gert það vegna þess, hvernig hún er fram borin, og segi því nei.

Gísli Guðmundsson: Í trausti þess, að heimildin verði ekki notuð nema í ýtrustu nauðsyn, segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég telji heimildina óþarfa, þar sem þing kemur saman í byrjun ársins 1941, þá vil ég, til þess að geðjast hæstv. fjmrh., segja nei.

Brtt. 333,III, varatill., tekin aftur.
— 365,VIII felld með 24:13 atkv.
— 272,70 samþ. með 40 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 42:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 412).

2. Stimpilgjald.

Á 3. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (stjfrv., A. 3).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Frv. þetta er borið fram sakir þess, að hinn 1. júlí næstk. fellur niður heimild sú, sem ráðuneytinu er veitt með lögum nr. 5 1938 til þess að lækka eða fella niður stimpilsektir. Af því að sektirnar fyrir að vanrækja að stimpla skjöl eru mjög þungar samkv. stimpilgjaldslögunum, þá þótti rétt að gefa þinginu kost á að segja um það, hvort það vildi framlengja þessa undanþáguheimild eða ekki. Það má eflaust með fullum rétti segja, að frestur sá, sem veittur hefir verið í þessu tilfelli, sé þegar orðinn ærið langur, og engum ætti því að vera vorkunn að hafa áttað sig á honum, og því ekki vanrækt að láta stimpla skjöl sín. En þess ber að gæta, að það getur oft stafað af gleymsku hjá mönnum, að þeir láti ekki stimpla skjöl sín á réttum tíma, og þar sem sektirnar eru svo háar, að þær nema fimmfaldri upphæð stimpilgjaldsins, þá getur það auðveldlega orðið til þess, að menn leiti frekar undanbragða með að láta stimpla skjölin en ella. Ráðuneytið telur því rétt að framlengja heimild þessa um sinn. Vil ég því leyfa mér að óska þess, að málið nái fram að ganga og að því verði vísað til 2. umr. og fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 21).

Frsm. (Erlendur Þorsteinsson): Herra forseti! Frv. þetta fer fram á, að 52. gr. l. um stimpilgjald verði breytt frá því, sem nú er í lögum. Þessu ákvæði l. hefir verið breytt áður, bæði 1925 og 1938. Lög þessi leggja mönnum þá skyldu á herðar að láta stimpla skjöl sín, svo sem kaupsamninga, skuldabréf, víxla o. fl., og í lögunum er gert ráð fyrir, að sé vanrækt að stimpla skjöl þessi lengur en 2 mán. frá dagsetningu þeirra, þá skuli sektir nema 5-faldri upphæð stimpilgjaldsins. Sekt þessi er óneitanlega nokkuð há og hefir jafnan þótt það; og því var þegar í upphafi, er lögin voru sett, gert ráð fyrir, að fjármálaráðuneytinu væri heimilt að milda þessa sekt, eða jafnvel láta hana með öllu falla niður, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, fyrstu 10 árin eftir gildistöku laganna. Nú er það svo, að oft geta þær ástæður verið fyrir hendi, að menn hafi ekki getað komið því við að láta stimpla skjöl sín á réttum tíma, þrátt fyrir góðan vilja. Það væri því óneitanlega hart að þurfa undir slíkum kringumstæðum að beita hinu háa sektarákvæði. Þetta hefir þingið líka viðurkennt áður með undanþágunum frá 1925 og '37. Á síðara þinginu 1937 var borið fram frv. um þetta, og þá haft ótímabundið, en fjhn. Ed. breytti því á þann veg, að tímabinda undanþáguheimildina við 1. júlí 1940. En nú þykir ekki verða hjá því komizt að hafa undanþágu þessa áfram í lögum, og því er frv. borið fram. Fjhn. hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 10. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 77).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 128).

3. Atvinna við siglingar.

Á 4. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (stjfrv., A. 20).

Á 5. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 44).

Frsm. (Bergur Jónsson): Með þessu frv. er farið fram á að staðfesta bráðabirgðal., sem gefin voru út 12. jan. þ. á. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar. Í þessum l. er atv.- og samgmrn. heimilað að veita undanþágu frá, að faglærðir menn skuli gegna undirvélstjórastarfi á íslenzkum gufuskipum á tímabilinu 1. júní til 31. okt. ár hvert, en með bráðabirgðal. er ráðuneytinu heimilað að veita þessa heimild hvenær sem er á árinu, þar sem það hafði sýnt sig, að ekki væri nóg af faglærðum mönnum til þessa starfs. N. hefir nú athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég var ekki viðstaddur, þegar þetta frv. var til 1. umr., en sé, að það hefir ekki komið svo mikið að sök, þar sem n. hefir tekið málið til skjótrar afgreiðslu á þá lund, sem ég hefi óskað eftir, með því að leggja til, að það verði samþ. Hv. frsm. hefir gert grein fyrir efnishlið málsins, og hefi ég þar engu við að bæta nema að þakka n. fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Með bráðabirgðaákvæði í l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar, sem afgr. var á þingi 1938, var ríkisstj. falið að láta fram fara endurskoðun á þessum l. og kveðja til þess fulltrúa bæði frá sjómönnum og útgerðarmönnum. Þessi endurskoðun fór fram á árinu 1938, og fyrrv. ríkisstjórn sendi Alþ. í þingbyrjun 1939 frumvörp frá bæði meiri hl. og minni hl. þessarar mþn. En þau voru ekki tekin til flutnings á því þingi af sjútvn.

Þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var til meðferðar í sjútvn., þá vakti ég athygli á því, að fyrir n. lægju frumvörp um víðtækar breyt. á þessum l. En samkomulag varð ekki um það í n. að taka þau til flutnings nú að þessu sinni. En jafnvel þó svo færi í þetta sinn, þá tel ég, að eigi verði hjá því komizt áður en langt um líður að taka þessi nál. til athugunar og meðferðar á Alþ.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í umr. um þetta frv., að ég teldi, að það þyrfti áður en langt líður að gera frekari breyt. á þessum l.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 13. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 97).

***Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Sjútvn. þessarar d. hefir haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. Hér er um bráðabirgðalög að ræða, sem stj. hefir sett milli þinga til þess að ráða bót á vélstjóraskorti á hinum minni skipum. Að þessi skortur hefir gert vart við sig á þessum tíma árs, sem yfir stendur, er óvanalegt og stafar að mestu leyti af ófriðnum óbeinlínis, þ. e. a. s. vegna hinna auknu siglinga, sem við höfum nú á fiskiskipum, og þeirra mörgu manna, sem fiska á erlendan markað. Annars er ekki nýtt, að orðið hafi að veita undanþágur fyrir minni fiskiskip um síldveiðitímann, og hefir það verið á tímabilinu frá byrjun júní til loka október, en vegna þeirra auknu siglinga þarf nú líka að hafa þetta fyrirkomulag á þessum tíma, sem nú stendur yfir.

Það er ekki annað hægt en að fallast á þessar ráðstafanir. Bæði er það, að þær eru fyrir löngu komnar í gildi samkv. bráðabirgðal., og hinsvegar er þjóðarnauðsyn, að fiskiskipin þurfi ekki að liggja í höfn vegna vélstjóraleysis, þegar það er almennt viðurkennt, að á vissri stærð skipa geta menn, sem hafa nokkra þekkingu og reynslu, þótt ekki hafi fullkomið próf, komið að sömu notum og menn, sem eru faglærðir.

Það gæti komið til álita, hvort ekki þyrfti að gera dálitla breyt., til enn meiri rýmkunar en gert er í frv., en n. hefir ekki komið með till. um það, og get ég ekki boðað það í hennar nafni, að hún komi með slíka till. við 3. umr., en það er þó enganveginn fráleitt að taka það til athugunar.

Annars vil ég segja það almennt um þetta mál, að ræturnar standa nokkuð djúpt að þessum vandræðum, sem á hverju ári koma fram hvað það snertir að fá vélstjóra á fiskiskipaflotann. Ég tel, að höfuðorsökin liggi í því, að hin harðsnúnu stéttarsamtök vélstjóra og járnsmiða hafa torveldað aðgang fyrir unga menn, sem vilja ganga þá braut, ýmist sem járnsmiðir eða sem vélstjórar, svo mjög að verkstæðum, að afleiðingin hefir orðið sú, að skortur er orðinn á hæfum mönnum, a. m. k. á því sviði, sem hér ræðir um. Það er alkunnugt, að vélameistarar verða að vera vissan tíma á járnsmíðaverkstæðum. Það er einn þáttur í þeirra reynslu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð að þessu sinni, en vil vekja athygli á, að það er að minni meiningu þarna, sem vandræðin hefjast, sem hafa leitt til þess, að á hverju ári verður að

veita svo og svo miklar undanþágur til þess að geta fullnægt eftirspurninni eftir vélamönnum á fiskiskipaflotann, undanþágur, sem eru veittar þeim mönnum, er ekki hafa haft aðstöðu til eða á annan hátt ekki getað uppfyllt lagabókstafinn, en á hinn bóginn taldir hæfir til starfsins.

Sem sagt, við þessa umr. hefir n. ekki neinar brtt. að gera við frv., og ég veit ekki til, að einstakir hv. þm. ætli heldur að gera það. En ég tel ástæðu til að athuga fyrir 3. umr., hvort ekki sé rétt að gera breyt. um, að heimildin verði rýmri en gert er ráð fyrir í frv.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það er út af nokkrum ummælum hjá hv. frsm., að ég vil segja hér örfá orð.

Ég hefi engu við það að bæta, sem hann sagði um nauðsyn þessa máls. Það er rétt, að þessi undanþága er nú vikkuð hér út þannig, að hún skuli ná yfir allt árið, af því að sá floti, sem þessir vélamenn eiga að vinna á, er nú starfræktur yfir þann tíma, sem hann hefir ekki verið starfræktur á venjulega. Það má segja, að hver stærri fleyta hafi verið sett í gang til þess að flytja fisk til Englands. 1937 var samþ., að veita mætti undanþágu slíka sem þessa um 2. vélstjóra.

En það var annað í ræðu hv. frsm., sem ég held, að stafi af misskilningi, en það er, að nokkur vöntun sé í þessa stétt annarstaðar en á þessum litlu skipum. Mér er ekki kunnugt um, að vöntun sé á lærðum og hæfum mönnum á stærri eimskipin. Sú aukning, sem orðið hefir í vélstjórahópnum, hefir yfirleitt alveg fullnægt þörfinni. Hitt gefur auga leið, að þessir menn leita á stærri skipin, vegna þess að þau gefa lengri atvinnu. Það er í raun og veru ekki um neina vöntun að ræða. Annars getur n. leitað upplýsinga um það, ef þurfa þykir.

En vegna þess, sem hv. frsm. sagði um stéttarsamtök vélstjóra og takmarkanir hjá járnsmiðunum, vil ég segja það, að vel getur verið, að þar hafi kennt óþarflega mikillar þröngsýni hjá þeim, að lofa þeim ekki að uppfylla sínar námsskyldur. En allir, sem ætla að verða vélstjórar, þurfa 4 ára nám til þess að ljúka því verklega, og 2 vetra nám til þess að ljúka því bóklega. Það er sýnilegt, að hver sá, sem ætlar að verða fulllærður vélstjóri, þarf til þess 6 ára nám. En þessi eimskip, sem eru með vélar undir 300 hestöflum, eru yfirleitt gömul, aðkeypt skip, sem litur út fyrir, að smátt og smátt fari að hverfa úr sögunni. En þau skip, sem koma í staðinn, verða með dieselvélum. Þessi stétt hlýtur því smátt og smátt að hverfa. Allir, sem ætla sér að stunda vélgæzlu sem aðalstarf, verða því að búa sig undir að geta starfað við mótorvélar upp í 400 hestöfl og taka próf þar að lútandi. Síðan tekur vélskólinn við með próf yfir 400 hestöfl.

Ég þarf svo ekki fleira um þetta að segja að sinni.

***Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Út af þeirri staðhæfingu hv. samnm. míns, að til séu nú nægir vélstjórar á hin svokölluðu stærri skip, vil ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort það sé ekki á hans vitund, eins og stundum eru dæmi til, að á þessum skipum séu nú starfandi í nokkrum tilfellum vélstjórar með nafninu „2. vélstjóri", sem hafa ekki réttindi til þess að lögum. Ef þessari spurningu verður ekki svarað neitandi, sem ég hygg, að hv. þm. treysti sér ekki til, þá vil ég ennfremur mega spyrja hann að því, hvort hann sé þeirrar skoðunar, að lögskráningarstjóri muni að óreyndu skrá þá menn sem vélstjóra á þessi skip, er hafa ekki til þess lagalegan rétt, ef kostur er að fá aðra, sem hafa þessi réttindi.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en ég geri ráð fyrir, að þau svör, sem fram koma, hljóti að leiða í ljós, að þau orð, sem ég hefi haft hér, muni alls ekki vera á misskilningi byggð.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það er út af fyrirspurn hv. frsm., þar sem hann var að spyrja, hvort mér væri ekki kunnugt um, að menn væru starfandi á skipum sem 2. vélstjórar, þó að þeir hefðu ekki réttindi. Ég skal svara því, að mér er ekki kunnugt um það. En hann mun eiga við, að það mun hafa viljað til um jólaleytið, að á eitt skip fór maður, sem mun ekki hafa haft réttindi, en eftir því, sem ég veit bezt, er hann ekki lögskráður. Nú er það í l., að þegar skip fer úr höfn og skráningarstofa er lokuð, þá er nóg að tilkynna með bréfi til skráningarstjóra, að maður sé farinn, og mæla svo lög fyrir, að hann skuli skráður, þegar hann kemur næst í höfn. Þannig mun hafa verið í þetta skipti. Maðurinn fór án vitundar skráningarstjóra. Enginn skráningarstjóri hafði leyfi til að skrá manninn, fyrst hann hafði ekki réttindi lögum samkvæmt. Þetta er því lögbrot.

Ég sé, að hér eru komin til mín tvö dæmi. Annað er það, sem ég var að lýsa. Skráningarstjóri segir um það ekkert annað en að það sé samkv. skipshafnarskrá. Skipstjóri hefir sett hann á skrá, þegar hann kom um borð. Mér er ekki kunnugt um hitt dæmið, en þar mun hafa staðið líkt á. Þetta mun hafa verið um jólin og mun vera af því, að menn hafa viljað taka sér frí, en ekki af hinu, að menn hafi ekki verið til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 209).

4. Hreppstjóralaun og aukatekjur m. fl.

Á 3. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (stjfrv., A. 4).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938. Í gildandi l. er gerður greinarmunur á greiðslu fyrir matsgerð eftir því, hvort mat var framkvæmt eftir beiðni eigenda eða vegna opinberra ráðstafana. Þegar matsgerð var framkvæmd fyrir hið opinbera, var svo ákveðið í gildandi l., að greitt yrði fyrir með dagkaupi, 7 kr. á dag.

Það er ekki ástæða til að gera neinn mun á slíkri matsgerð eftir því, að hvers tilhlutun hún er framkvæmd; enda hefir það sýnt sig, að það fyrirkomulag, sem komið var á með l. frá 1938, hefir ekki þótt gefast vel, og ráðuneytið mælir með því, að sú breyt. verði gerð, sem farið er fram á með þessu frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar um málið að þessu sinni. Ég vil leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn., og mun n. að sjálfsögðu hafa aðstöðu til að afla sér upplýsinga um málið áður en það verður afgr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 65).

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Fjhn. hefir haft frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Samkv. gildandi lögum eru tvær reglur um aukatekjur hreppstjóra, þá er þeir framkvæma skoðunar- eða matsgerðir. Þá er skoðunargerðir eru framkvæmdar, er greitt eftir matsupphæð, en sé metið eftir ráðstöfun hins opinbera, án beiðni eiganda, ber virðingarmönnum og hreppstjórum daglaun, samkv. lögum nr. 85 1938, en þetta fyrirkomulag hefir gefizt illa. Það er því lagt til í frv. þessu, að þetta verði fært í sama horf og var í l. frá 14. nóv. 1917. Þetta er aðalbreytingin. En auk hennar er smábreyting að því er snertir ferðakostnað hreppstjóra. Það er lagt til, að ferðakostnaður þeirra við ferðir til starfa þeirra, er um getur í 2.—6. gr. l. frá 11. júní 1938, skuli greiddur eftir reikningi. Þó er sá varnagli sleginn, að hann megi aldrei fara yfir 35 aura fyrir hvern km., sem þeir ferðast.

Fleira sé ég ekki ástæðu til þess að taka fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 164).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir athugað þetta frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt. Það eru ekki stórvægilegar breyt., sem þetta frv. gerir á gildandi l. um laun hreppstjóra og aukatekjur. Það gengur aðeins út á það, að sömu þóknun beri að greiða fyrir matsgerðir í þágu þess opinbera eins og þegar einstakir menn biðja um matsgerðir. Í l. um laun hreppstjóra og aukatekjur frá 1938 var svo ákveðið, að greiða skyldi 7 kr. fyrir hvern dag, sem matsgerð færi fram, en þetta hefir ekki þótt gefast vel. Dagsverk við matsgerðir eru auðvitað ákaflega mismunandi; stundum þarf vitanlega að fara fram mat á fleiri stöðum en einum sama daginn, en stundum er aðeins um lítilfjörlegt mat á einum stað að ræða. Þess vegna hefir því ráðun., sem þessi mál heyra undir, þótt hentugt, að þetta yrði fært aftur í það horf, sem var áður en núgildandi l. um laun hreppstjóra og aukatekjur voru sett.

Ennfremur er í frv. gerð lítilsháttar breyt. á um ferðakostnað til matsgerða, sem ekki þarf nánari skýringa við. Sem sagt, þetta er vitanlega ekki neitt stórmál og hefir ekki mikla þýðingu, en fjhn. hefir ekki neitt við þetta frv. að athuga og mælir með því, að þessar litlu breyt. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 238).

5. Happdrætti.

Á 3. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (stjfrv., A. 2).

Á 4. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Eins og gerð er grein fyrir í aths. við frv., er ástæðan til þess, að frv. þetta er fram borið, sú, að einkaleyfi Háskóla Íslands til að reka happdrætti er útrunnið 1. jan. 1944, en eftir áætlun, sem gerð hefir verið, verður þá ekki enn safnað nægilegt fé til að byggja háskólann fyrir, en það er óhjákvæmileg nauðsyn, að þess fjár, sem þarf til að ljúka við bygginguna, verði aflað. Háskólaráð hefir því farið fram á, að í því skyni verði framlengt einkaleyfi háskólans til að hafa happdrætti, eins og frv. fer fram á. Hinsvegar er það tilgangurinn að ljúka við bygginguna á þessu ári og taka til þess lán. Er ekkert því til fyrirstöðu annað en fjárútvegunin, en hún er varla talin möguleg nema háskólinn fái þessa framlengingu á happdrættisleyfinu.
Vil ég mæla með því, að frv. megi mæta velvilja hjá hv. dm. og því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vænti ég, að hv. fjhn. hraði afgreiðslu málsins, svo að það megi fá greiðan gang gegnum þingið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv

---

Á 9. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 36).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Eins og nál. á þskj. 36 ber með sér, hefir fjhn. orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Einn hv. nm. hefir þó skrifað undir nál. með fyrirvara, en ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að sá hv. nm. sé okkur hinum nm. sammála um efni frv. í heild. Ég hygg, að fyrirvari hans hafi verið gerður vegna þess, að þegar málið var afgr., hafi honum þótt ástæða til að athuga betur um það, hvort framlengingartíminn, 3 ár, væri hæfilega ákveðinn. Annars mun hann sjálfsagt gera grein fyrir sínum fyrirvara, sérstaklega ef hann er í öðru fólginn en þessu.
Ég hygg, að ég geti, svo framarlega að ekki verði óskað sérstaklega eftir upplýsingum um málið, sparað mér að flytja hér um það langa ræðu, því að málið er ákaflega einfalt. Það liggur í augum uppi, að þegar háskólinn fékk 10 ára einkaleyfi til þess að reka happdrætti til að koma sér upp húsi, þá var sá tími ákveðinn að verulegu leyti út í bláinn, því að báðir liðir dæmisins voru óþekktar stærðir og engin leið til þess að gera sér grein fyrir þeim. Happdrætti hafði aldrei verið prófað fyrr hér á landi, og ekki var þá hægt fyrirfram um það að vita, hvað það mundi gefa af sér. Og hinsvegar hafði ekki verið gerður neinn uppdráttur af húsinu, sem háskólinn þurfti að byggja. Menn höfðu ekki gert það upp við sig, hve stórt hús skólans þyrfti að vera. 10 ára tíminn var ekki annað en áætlun, sem gerð var af handahófi; það stendur nú vel á þeirri tölu.
Reynslan hefir nú sýnt, að það var ekki fjarri sanni að ákveða þetta 10 ár, ef tímarnir hefðu verið svipaðir síðan eins og þeir voru, þegar happdrættið var stofnað. Ef þetta hefði verið gert á venjulegum tímum, er ég ekki í vafa um, hvernig þessu verki hefði verið hagað. Við, sem höfðum með þessi mál að gera fyrir háskólans hönd, sáum, að ef venjulegir tímar hefðu verið og treysta hefði mátt því, að þeir héldust venjulegir, þá hefði skynsamlegasta aðferðin verið í þessu máli að láta allt verkið við bygginguna bíða 2—3 ár og gera nákvæman uppdrátt um allt verkið áður en hafizt væri handa um bygginguna. En það var dálítið annað en að þá væru venjulegir tímar, og það kom fljótt í ljós, að ástandið til að koma upp þessu húsi fór versnandi. Þegar t. d. átti að fara að steypa upp húsið, var ekki hægt að fá steypumótatimbur með góðu móti. Verktakarnir voru að reyna, en áttu í erfiðleikum með það, að fá steyputimbur til byggingarinnar. Þessi erfiðleiki hélt áfram og fór sí og æ í vöxt. Þá var ákveðið að skjóta inn í, áður en frekar væri aðhafzt í því að koma upp húsi fyrir sjálfan háskólann, byggingu fyrir rannsóknarstofnun háskólans, en til þess gengu tekjur happdrættisins töluvert á annað ár. Þegar svo var farið að fást við háskólabygginguna, kom í ljós, að skilyrði til þess, að hægt væri að koma húsinu upp fyrir nokkuð nálægt því verði, sem var hugsað sér, var að hraða byggingunni eins og mögulegt væri. Þessi stefna var tekin. Og reynslan hefir leitt betur og betur í ljós, að þetta var rétt stefna. Og því var hert á þessari stefnu meira og meira, og byggingunni hefir verið hraðað meira en tekjur happdrættisins hrukku til og þannig byggt fyrir sig fram fyrir væntanlegar tekjur, þannig að nú er búið að taka á fjórða hundrað þús. kr. lán, til að halda áfram byggingunni fyrir. Og ég hygg, að enginn, sem vill, að húsið komist upp, harmi, að þetta hefir verið gert.
Nú er það komið upp, að langt er frá því, að 10 ára tekjur happdrættisins nægi til þess að ljúka þessari byggingu að öllu leyti, að meðtöldum kostnaði við lóð og innanstokksmuni, sem skólinn þarf að fá, og öllu, sem útbúnaði skólans tilheyrir.
Þegar farið var fram á það við ríkisstj., að hún flytti þetta frv., þá var álitið, að það væri meira en 2 ára tekjur happdrættisins, sem þyrfti til háskólabyggingarinnar enn umfram það, sem þegar hefir komið inn til hennar, til þess að ljúka verkinu. Þetta hefir síðan verið athugað betur, og kom þá í ljós, að alls ekki mun veita af þriggja ára tekjum happdrættisins til að ljúka húsbyggingunni. Og eftir því sem lengra líður hygg ég, að mönnum finnist það hæpnara, að hægt verði að ljúka byggingunni fyrir þriggja

ára tekjur happdrættisins, því að nú þýtur vöruverð upp, og þar með byggingarefnis, og erfiðleikarnir á því að byggja aukast gífurlega. Það er því sýnt, að annaðhvort verður að ljúka byggingu hússins í skyndi eða að láta það bíða um svo og svo langan tíma. Það, sem hefði e. t. v. mátt deila um — en það þýðir auðvitað ekkert að tala um það á eftir —, er það, hvort rétt hafi verið ákveðið um stærð hússins, eða hvort ekki hefði mátt komast af með að byggja minna hús. En reynsla okkar er, að öll hús, sem reist hafa verið hér á landi, kannske sum í eitthvað hliðstæðu augnamiði, hafa öll eftir stuttan tíma orðið of lítil. Og ég geri ráð fyrir, að eins geti farið um þetta hús. Ég set það eins og milli sviga hér fram, að það hafa gengið óttalegar ýkjusögur um þetta hús. Ég heyri menn tala um það sem eitthvert langstærsta hús, sem reist hafi verið hér á landi. Þetta er vitanlega alls ekki rétt. Húsið er með stærri húsum, sem reist hafa verið hér á landi að vísu, en ekkert umfram það, sem hefir sézt hér á landi.

Það, sem mætti um þetta segja annað en það, sem ég hefi tekið fram, er e. t. v. það, að hugur einhverra gæti hvarflað að því, að það lægi ekki á þessari framlengingu nú, en hægt væri að reisa húsið eftir því sem tekjur happdrættisins hrökkva til, en láta bíða að gera þessa framlengingu þangað til að því kemur, að knýjandi nauðsyn krefði, að hún væri gerð. En ég hygg, að hv. þm. verði það við nánari athugun ljóst, að það ber að hraða þessu máli gegnum þingið, af því að ef ljúka á húsinu nú í skyndi, þá þarf að taka lán. En slík lántaka er óforsvaranleg, ef ekki er hægt að sýna fram á, að happdrættið fái nægilegt fé fyrir háskólann til þess að endurgreiða lánið. Það er ekki hægt að fá lán upp á óljósa von um það, að happdrættistíminn verði framlengdur nauðsynlega langan tíma.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, en óska þess, að hv. þd. afgr. málið nú og vildi hraða því svo áfram, að málið geti fengið afgreiðslu sem allra fljótast.

Bernharð Stefánsson: Eins og hv. frsm. fjhn. gat um, skrifaði ég undir álit n. með fyrirvara. Og hann skýrði einnig rétt frá því, í hverju fyrirvari minn væri fólginn, það sem það náði. Það er nefnilega ekki svo að skilja, að ég sé á móti þessu máli, og ekki heldur þannig, að ég hafi staðráðið að gera neinar brtt. við frv. En eins og hann sagði, taldi ég mig ekki hafa nægilega glöggar heimildir um það, að þessi framlenging, um 3 ár, sem farið er fram á í frv., væri nauðsynleg til þess að háskólabyggingunni geti orðið lokið. Ég tel það alveg sjálfsagt, að úr því að ríkið á annað borð afhenti háskólanum þennan rétt til þess að reka hér happdrætti, þá haldi háskólinn þeim rétti meðan þörf er á, til þess að hann geti komið upp húsinu með þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru. En á hinn bóginn tel ég, að þessi réttur megi ekki haldast lengur en þörf er á til þess að ná þessu takmarki — nema þá því aðeins, að því verði breytt og happdrættið haft eftirleiðis til rekstrar háskólans. Það er náttúrlega mál, sem mætti tala um.

Það er nú getið um það hér í grg. frv., að í 4. gr. l. um happdrættið sé trygging fyrir því, að rétturinn til happdrættisins hverfi aftur til ríkisins, þegar háskólinn þarf ekki lengur á því að halda, og því mætti kannske virðast sem það væri óþarft að vera með nokkra varasemi um að framlengja leyfistímann, því að leyfið yrði þá tekið af háskólanum, þó að þessi tiltekni tími, sem nefndur er í frv., væri ekki á enda, ef það sýndi sig, að það væri fært. En eftir þeim upplýsingum, sem hv. frsm. gaf nú hér í hv. d. og einnig í n., þegar hún hafði málið til meðferðar, þá mun einmitt vera meiningin að veðsetja eða gefa tryggingu í þeim tekjum, sem háskólinn býst við að hafa af happdrættinu þann tíma, sem frv. nefnir, og séu tekjur af happdrættinu yfir ákveðið árabil veðsettar, er ekki hægt að svipta háskólann þessum tekjum aftur, fyrr en það árabil er á enda. Ég sé því ekki, að þetta ákvæði 4. gr. laganna tryggi mikið í þessu sambandi.

Það kann nú að virðast, að það sé ekki mikilsvert þetta, sem ég tók fram. En það, sem ég ber fyrir brjósti, þegar ég er að gera aths. um þetta, er það, að mér virðast hér vera svo mikil verkefni framundan fyrir ríkið að inna af hendi um dýrar byggingar, ef allt fer með felldu og ófriðarástandið getur horfið fljótlega, að það muni kannske ekkert veita af, að ríkið taki happdrættið í sínar hendur sem allra fyrst að hægt er háskólans vegna, einmitt til ágóða fyrir þær byggingar, sem framundan er að reisa. Sem sagt, ég óska þess, að áður en ég bind mig endanlega við að samþ. þetta frv. óbreytt, þá liggi fyrir skýrslur um fjárhagsástæður byggingarinnar og áætlanir um það verk, sem ólokið er, svo glögglega sjáist, hvort þörf er á svo löngum leyfistíma sem farið er fram á í frv.

Nú á stundinni barst mér í hendur plagg, sem ég býst við, að töluverðar upplýsingar séu í um þetta efni. En ég hefi ekki haft tíma til þess að kynna mér það enn. Ég mun nú samþ. þetta frv. óbreytt við þessa 2. umr. málsins. Og það verður þá undir þessum upplýsingum komið, sem ég býst við að verða búinn að kynna mér til hlítar fyrir 3. umr., hvort ég þá geri nokkrar brtt. við frv., sem yrðu þá, ef ég gerði þær, sennilega aðeins um leyfistímann.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 13. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Frv. þetta var lagt fyrir hv. Ed. og afgr. þaðan óbreytt. Í frv. er farið fram á að framlengja um 3 ár leyfi háskólans til þess að hafa happdrætti. Að farið er fram á þetta nú, er sakir þess, að mjög kallar að um að hraða byggingu háskólans sem mest, en fáist þetta leyfi, mun háskólaráðið geta fengið lán út á væntanlegar tekjur af happdrættinu, og þar með látið fullgera bygginguna fyrr en ella.

Ég vildi leyfa mér að óska þess, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 174).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Fjhn. hefir haft þetta frv. til athugunar og hefir lagt til, að það yrði afgr. En n. er þó ekki á eitt sátt um það. Í fyrsta lagi tók n. til athugunar, hvort ekki ætti að setja ákvæði inn í frv. um það, að kennaraskólanum yrði tryggt húsnæði í háskólanum á næsta hausti, ef ríkisstj. óskaði þess. Í sambandi við þetta kom rektor háskólans á fund n. og ræddi við hana um þetta mál. En það varð að samkomulagi milli rektors og fjhn., að hann héldi fund með háskólaráði. Háskólaráð hefir síðan skrifað fjhn. bréf, þar sem það skuldbindur sig til að láta fullgera eins fljótt og auðið er húsnæði fyrir væntanlega kennaradeild háskólans og ætla kennaraskólanum húsnæði á efstu hæð háskólabyggingarinnar þegar á næsta hausti. Þegar þessar upplýsingar voru fengnar, þá féll n. frá því að setja ákvæði um þetta inn í frv. En þrátt fyrir það hafa 3 af nm. skrifað undir nál. með fyrirvara. Það byggist á því, að það kom til athugunar í n., hvort ekki væri rétt að veita ríkinu heimild til þess að stofna til happdrættisláns. En samkv. l. um happdrætti frá 1933 er öll slík starfsemi óheimil öðrum en þessu happdrætti háskólans.

Ég skal taka það fram, að við, sem höfum skrifað undir nál. með fyrirvara, munum athuga við 3. umr., hvort setja ætti ákvæði viðvíkjandi þessu inn í frv., en munum greiða því atkv. við þessa umr. Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram um störf n. eða skoðun hennar varðandi þetta frv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins segja örfá orð í framhaldi af því, sem hv. frsm. fjhn. sagði um það atriði, að möguleikar yrðu á því að bjóða út happdrættislán þrátt fyrir þann einkarétt, sem háskólinn hefði nú. Þetta atriði hefir verið til umr. án þess að endanleg afstaða hafi verið tekin um það. Nú vildi ég beina því til hv. fjhn. áður en endanlega verður frá þessu gengið við 3. umr., hvort þessi væntanlega heimild mundi brjóta í bága við þann einkarétt, sem háskólinn hefir nú. Ég vildi skjóta þessu til n. og biðja hana að athuga það fyrir 3. umr., hvort hægt myndi að bjóða þetta lán út nú þegar á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir, að einkarétturinn yrði framlengdur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 22. og 23. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 244).

6. Skatta- og tollaviðauki 1941.

Á 3. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýms gjöld 1941 með viðauka (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Hv. deildarmenn kannast við frv. þetta, og tel ég því, að ekki þurfi um það langa framsögu. Frv. er aðeins framlenging á gildandi lögum, en eins og nú horfir er ekki unnt að gera ráð fyrir, að hægt verði að komast af án þessara tekjuauka á næsta ári.

Að lokinni þessari umr. vænti ég, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 229).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hér er eingöngu um að ræða framlenging um eitt ár á l., sem nú eru í gildi, um að innheimta ýms gjöld með viðauka, þ. e. til ársloka 1941. Og eins og nál.

ber með sér, mælir n. með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 313).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. hefir gengið gegnum hv. Nd., og fjhn. þessarar d. hefir athugað frv. og borið það saman við l. um þetta efni, sem áður hafa verið samþ. og gilda fyrir yfirstandandi ár. Þetta frv. er shlj. þeim l. að öðru leyti en því, að ártalið er annað. Fjhn. lítur svo á, að ríkissjóður megi ekki missa af þeim tekjum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 368).

---

7. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 8. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (stjfrv., A. 196).

Á 22. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 27. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 293).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Fjhn. hefir athugað þetta frv. og leggur shlj. til, að það verði samþ., þó með örlitilli breyt. á fyrri gr., þannig að í stað orðanna „1941 og 1942“ komi: 1941. N. þykir ekki ástæða til að leggja til, að þessi framlenging gildi um lengri tíma en eitt ár, m. a. vegna þeirra óvenjulegu tíma og óráðnu að því er framtíðina snertir. N. leggur því til við hv. þd., að hún samþ. frv. með þessari breyt.

ATKVGR.
Brtt. 293 samþ. með 17:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 322).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 322, n. 374, 406).

*Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta mál er nú frá fornu fari kunnugt hér í þinginu. Það eru orðin allmörg ár síðan fyrst voru sett l. um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands. Það hefir verið venja að framlengja þessi l. um tveggja ára bil í einu, því að eins og hv. þm. muna, eru þessi l. enn tímabundin. Þannig var þetta mál borið fram á því Alþ., sem nú situr, að l. yrðu framlengd fyrir árin 1941—42. En núgildandi l. um þetta efni falla úr gildi um næstu áramót. Sú breyt. var svo gerð á frv. í Nd. að fella niður heimildina fyrir árið 1942 og breyta þannig út af þeirri venju, sem tíðkazt hefir, með því að framlengja l. aðeins um eitt ár. Þegar þessu frv. var vísað til fjhn. Ed., þá leit út fyrir, að Alþ. myndi verða slitið mjög bráðlega þar á eftir, og auk þess bjóst fjhn. þessarar d. við því, að Nd. myndi halda fast við sína skoðun um þetta efni, og þess vegna gæti verið nokkur áhætta út af ekki stórvægilegra atriði en þessu að fara að hrekja frv. milli deilda. Fjhn. Ed. lagði því til, eins og stendur í nál. á þskj. 374, að frv. yrði samþ. óbreytt.

En nú er bæði það, að skömmu eftir að þetta nál. var gefið út, kom það í ljós, að þinglausnir myndu ekki verða eins fljótt og fjhn. bjóst við í fyrstu, og í öðru lagi þóttist n. hafa gengið úr skugga um það, að þrátt fyrir þá breyt., sem Nd. hafði gert á þessu frv., myndi þeirri d. það ekki mjög mikið kappsmál, að frv. yrði samþ. í þeirri mynd, sem d. gekk frá því. Þess vegna er það, þrátt fyrir að fjhn. var búin að leggja til í nál. sínu, að frv. yrði samþ. óbreytt, þá ber hún nú fram brtt. við frv. á þskj. 406, um það, að færa frv. aftur í sitt upprunalega horf, þannig að framlenging þessara l. gildi bæði fyrir árið 1941 og árið 1942. Ástæðan til þess, að n. ber þessa brtt. fram, er sú, að hún varð vör við nokkra óánægju og nokkurn ótta hjá Eimskipafélagi Íslands út af þessari breyt., sem Nd. hefir gert á frv. — Ég fyrir mitt leyti skal svo bæta því við, að ég sæi ekkert á móti því, þó að sú breyt. yrði gerð á þessum l., að þau yrðu alls ekki tímabundin, en ég hefi ekki umboð frá meðnm. mínum til að láta þá skoðun í ljós; það er aðeins mín eigin skoðun. Ég er nokkurn veginn sannfærður um það, að um fyrirtæki eins og Eimskipafélag Íslands, sem er alþjóðar fyrirtæki, eigi í raun réttri að gilda sérákvæði hvað skattgreiðslur snertir. A. m. k. tel ég óhætt að framlengja l. um skattgreiðslu þess í tvö ár eins og venjulega hefir verið gert að undanförnu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil láta það álit í ljós, að á þeim óvissu tímum, sem við nú störfum á, tel ég það algerlega óþarft að samþ. brtt. fjhn. á þskj. 406. Það mun margt geta skeð á næstu tveim árum, og eins og nú standa sakir tel ég nægilegt að framlengja l. aðeins um eitt ár. Enda þótt þeir, sem að þessari till. standa, séu fullir af velvild í garð Eimskipafélags Íslands, eins og sjálfsagt er, getur sá velvilji komið í ljós og orðið að fullum notum síðar, þegar það kemur til greina, að Eimskipafélagið þurfi að greiða skatt fyrir árið 1942. Þessi velvild kemur að vísu fram í því að spara Alþ. að eyða tíma í að ræða þessi l. á næsta ári, eða spara þann pappír, sem fer til þess að prenta þau. En það finnst mér svo lítilsvert atriði, að ég tel alveg sjálfsagt að samþ. þessa framlengingu aðeins fyrir eitt ár. Það er alveg óvíst, hvernig ástandið verður hér á landi árið 1941, og bezt að hafa það alveg opið, hvað við samþ. fyrir árið 1942.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég hefi orðið samferða meðnm. mínum um það, að bera fram þá brtt., sem hér ræðir um. Ég tel alveg sjálfsagða gætni í þeirri brtt. fólgna, og vænti þess, að báðar d. Alþ. geti fallizt á að samþ. hana. Eins og hv. frsm. tók fram, hefir gætt nokkurs óróa hjá aðstandendum Eimskipafélags Íslands vegna þeirrar breyt., sem gerð var á frv. í Nd., og sem mun vera óvenjuleg. Hitt hygg ég þó, að rétt muni vera, að þessi órói, sem stafar af því að frv. var breytt, muni brátt úr sögunni, því að það mun aðeins vera vegna misskilnings Nd., að þessu frv. var breytt þannig. Vitanlega er alveg sjálfsagt að leiðrétta þetta, því að öllum þm. hlýtur að vera ljóst, hve mikil nauðsyn það er fyrir hagsmuni þjóðarinnar, að slíkt félag sem Eimskipafélag Íslands er sé starfandi á þessum óvissu hættutímum. Ég get vel tekið undir það með hv. frsm., að full ástæða sé til þess að gera þessi l. ótímabundin, því að engin ástæða er til að óttast, að sá hagnaður, sem kynni að verða af starfsemi félagsins, yrði látinn renna til annars en að bæta við skipastól félagsins, og ég hygg, að allir geti orðið sammála um, að slíkt sé mjög áríðandi fyrir okkur Íslendinga.

ATKVGR.
Brtt. 406 samþ. með 10:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 427).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 462).

8. Bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Á 8. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga (stjfrv., A. 194).

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, 210, n. 218).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir athugað þetta mál og borið það saman við l. þau, sem gilda til ársloka þessa árs um sama efni, og er frv. í öllum aðalatriðum a. m. k. shlj. l. þeim, sem nú gilda.

N. er sammála um, að eins og fjárhagsástæður ríkissjóðs eru, þá sé ekki annars kostur en að framlengja þessi l. einnig fyrir árið 1941, og það því fremur sem mþn. sú í skatta- og tollamálum, sem er starfandi, hefir ekki enn algerlega lokið störfum, og mætti því ef til vill, án þess þó að ég sé að spá neinu um það, vænta þess, að þetta gæti orðið í síðasta sinn, sem þessi l. eru framlengd. N. leggur því til, að frv. verði samþ., en gerir á því lítils háttar breyt., sem er aðeins um gildistöku l. Í síðustu gr. frv. er kveðið svo að orði, að l. öðlist þegar gildi, sem þá væntanlega yrði einhverntíma á þessu ári, en samskonar l. önnur gilda til ársloka, og þess vegna þykir n. réttara, að það sé ákveðið, að l. öðlist gildi 1. jan. næsta ár.

Það liggur fyrir brtt. á þskj. 210 frá 2 hv. dm. Ég ætla ekki að ræða um þessa till. nú, enda hefir ekki enn verið mælt fyrir henni. Ég skal aðeins geta þess, að n. hefir ekki ennþá tekið hana sérstaklega til meðferðar. Ég geri ráð fyrir — og hefi ég borið mig að nokkru leyti saman um það við formann n., — að n. telji ekki beina þörf á að taka þessa till. fyrir sérstaklega og hafi því ekkert á móti því, að gengið sé til atkv. um hana nú, því samskonar mál og till. fjallar um hefir áður legið fyrir hv. d., sem hv. dm. hafa tekið afstöðu til með atkvgr. í d., og sennilega verður afstaðan til þessarar till. ákaflega svipuð eins og hún var til þess máls. Það má vera, að tilefni gefist síðar til að ræða þessa till.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég og hv. 2. þm. S.-M. eigum brtt. á þskj. 210. Efni hennar er gamall kunningi í hv. d., og þarf ekki að fara nákvæmlega út í það. Ég vil þó leyfa mér að minna á, að undir þeim umr., sem fóru fram um frv. til l. um brúasjóð, upplýstist það, að eftir er að brúa margar stórár, og einnig það, að ríkissjóður hefir ekki séð sér fært á undanförnum árum að veita það mikið fé til brúagerða í einu, sem þarf til að gera eina slíka brú á ári. Hinsvegar kom það í ljós undir umr., að meiri hl. þessarar hv. d. kunni ekki við að leggja ákveðinn skatt á í ákveðnu augnamiði og mynda af honum brúasjóð, en ekki var neitt talið því til fyrirstöðu, að skattur, sem fyrir væri, væri hækkaður eða fé væri veitt til þessa í fjárl. Í tilefni af þessu fluttum við við 2. umr. fjárl. till. um framlag til þeirrar brúar, sem mest þörf er á. Það er áætlað, að hún kosti um 100 þús. kr. Það er hægt að byggja hana í tvennu lagi. 50 þús. kr. munu nægja til þess, að umferð geti átt sér stað, en síðar er hægt að byggja fyrir hinn helminginn. Þetta sparar í „valútu", benzíni og gúmmí 13 þús. kr. á ári með því verði, sem nú er á þeim vörum, og með þeirri bílaumferð, sem þarna á sér stað, ef tekið er meðaltal síðustu 3 ára.

Það sjá allir, að brýn þörf er á þessari brú. Hér er farið fram á að hækka benzínskattinn, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. þessa frv. að hækki um 4 aura, að hækka hann um 1 eyri, upp í 5 aura, og að samhliða því, sem ákveðið er í frv., að þessi viðbót, sem inn kemur fyrir þennan hækkaða skatt, renni til vegagerða og malbikunar á vegum, þá renni ½ af hækkuninni til þess að brúa stórár, og fyrsta brúin, sem á að byggja, sé sú brú, sem myndi gefa allt aðflutt efni og allan kostnað til baka á 4 árum.

Með þessu hygg ég, að málið sé komið í þann farveg, að þeir, sem ekki gátu verið með því sem sérstöku brúasjóðsfrv., geti nú verið með því, og einnig þeir, sem ekki gátu verið með því að taka það upp í fjárl. sérstaklega, vegna þess, að þeir töldu fjárhag ríkissjóðs ekki það góðan, að hann mætti við þessum útgjöldum, geti nú fylgt því, þar sem tekjur hér eru áætlaðar móti gjöldunum. Ég hygg, að hvorug af þessum ástæðum sé nú til staðar, og þess vegna geti öll hv. d. orðið sammála um að samþ. þessa till.

***Magnús Jónsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og ég hefi gert það á undanförnum árum, þegar þetta frv. hefir verið í n., sem ég hefi átt sæti í. Það er í vissu falli dálitið einkennileg aðstaða, sem ég ætla ekki að fara út í frekar. Það er sérstaklega nú, að ekki er ástæða til að setja sig á móti frv., því auk þeirrar almennu ástæðu, að ríkissjóður getur ekki komizt af án þess að fá þessar tekjur eða þá einhverjar aðrar tekjur í staðinn, þá er nú líka sú aukaástæða, að mþn. í skatta- og tollamálum er starfandi, sem tekur a. m. k. verulegan part af efni þessa frv. til meðferðar, og þá sérstaklega 2. gr. frv. Ég tel tekjuskattstiga þann, sem þar er ákveðinn, óhæfilegan, og það er hann, sem gerir það að verkum, að ég mun

aldrei fyrirvaralaust geta samþ. þau l., sem innihalda þann tekjuskattstiga.

Ég skal ekki fara að þreyta hv. d. með löngum umr. um þetta mál. Það getur líka verið, að þingið fái þetta til meðferðar áður en langt um líður. Ég býst við, að öllum hv. dm. sé það ljóst, að þegar þessi tekjuskattstigi er skoðaður við hliðina á hinni geipilegu tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga, sem þau verða að innheimta með beinum sköttum, þá sé hann orðinn svo hár, að hann nái ekki nokkurri átt. Ég get ekki í svipinn sagt um, hvað oft er búið að hækka hann, en þegar hann var upphaflega settur 1921, þá var þetta sama sem ekkert, en það þótti þó mikill nýr skattur þá. Síðan var eftir 10 ára skeið samþ. að innheimta hann með 25% álagi, en svo leið ekki nema 1 ár þangað til heimilað var að innheimta hann með 40% álagi. Það þótti þó ekki nóg, því rétt á eftir var búinn til nýr skattstigi, sem var hærri en sá gamli með þeim álögum, sem bætt hafði verið við. Síðan var heimilað að innheimta hann með 10% álagi.

Ég hefði gaman af að nefna 2—3 dæmi um þá þróun, ef svo mætti að orði komast, sem orðið hefir í þessum málum. T. d. af 4—5 þús. kr. átti samkv. skattstiganum frá 1921 að greiða 72 kr. af 4000 kr. og 4% af því, sem eftir var. Þegar svo bætist við þetta 25% skv. heimild frá 1932, verða þetta kr. 90.00. Með heimildinni frá 1933 um 40% viðauka, verða þetta kr. 100.80. Skv. skattstiganum frá 1935 greiðast af þessum sömu tekjum kr. 140.00, og þegar við bætist 10% viðauki skv. heimild frá sama ári, eru þetta kr. 154.00. Eftir lögunum um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, 1935, verða þetta kr. 155.00, og loks með þessum 12% viðauka, sem hér er gert ráð fyrir, verða þetta kr. 173.00. Taki maður svo 7—8 þús. kr. laun, er greitt í skatt af þeim árið 1921 kr. 222.00, en er nú komið upp í 677.00 kr., og af 10—11 þús. kr. launum var árið 1921 greitt kr. 462.00, en verður eftir að þessi lög hafa verið samþ. kr. 1713.00, og sjá menn þess vegna, hve ákaflega mikil þessi hækkun er, þannig að ég hefi það fyrir satt, vegna þess að það hefir verið sagt í útvarpið af þeim fjármálamanni íslenzkum, sem er einna mestur unnandi hinna beinu skatta, að hvergi þekkist á byggðu bóli nokkuð líkt þessu. Hann sagði að vísu, að það væri hvergi eins gott, en eitt er víst, að það er hvergi neitt líkt. Ég skal ekki segja um það, hvað sú milliþn., sem hefir þetta mál til meðferðar og sömuleiðis fjáröflun bæjar- og sveitarfélaga, leggur til, en ég taldi enga ástæðu til þess að vera að hrófla við þessu máli, þar sem það er í rannsókn, og fylgdi meðnm. mínum því í því að samþ. frv., en skrifaði þó undir með fyrirvara.

Um brtt. hv. 1. þm. N.-M. og 2. þm. S.-M. get ég ekki tekið undir með hv. frsm. um, að deildin öll muni verða þessu samþykk, því ég fæ ekki, þrátt fyrir ræðu hans, séð nokkurn mun á þessari till. og því frv. um brúasjóð, sem nýlega var fellt hér. Ég tel það mikla lipurð og mildi af hæstv. forseta, sem af honum má vænta, að hann lætur till. sem þessa koma til atkv., og ég held, að það hljóti að fara um þessa till. eins og frv. Ég vil gefa flutningsmönnum mikið hrós fyrir dugnað þeirra í því að reyna að hafa þetta fram til síðustu stundar, en get ekki fylgt þessu frekar en frv., og er þá aðalástæðan sú, að ég er yfirleitt á móti þessum endalausu og stöðugu hækkunum, og held mig ekki muna það skakkt, að einn af helztu fjármálamönnum Framsfl. hafi sagt, að við mundum einhverntíma þurfa að klifra niður tindinn. Ég held, að það sé ófært að halda alltaf hærra og hærra. Það má segja, að ekki muni mikið um einn eyri, þegar um 60—70 þús. kr. er að ræða, en dropinn holar steininn, og það hefir oft verið deilt á Alþingi fyrir minna. Auk þess sem það er mín skoðun, að allt eigi að fara í sama sjóðinn, og svo beri fjárveitingavaldinu að veita úr honum með lögum, en að það eigi að hætta við þessar deildir af ríkissjóðnum, þar sem verið er að búa til dálitla ríkissjóði í ákveðnu skyni. Ég skal ekki ræða þetta frekar. af því að við ræddum það svo mikið, þegar frv. um brúasjóð var til umr. hér í deildinni, en það er áreiðanlega heppilegra, að allt sé lagt í ríkissjóðinn og veitt úr þeim eina ríkissjóði til þess, sem Alþ. telur þarft í það og það skiptið. Ég taldi ekki ástæðu til þess að taka þetta fram í n., en vil taka það fram hér, til þess að gera grein fyrir mínum fyrirvara.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég get vísað til þess, sem ég sagði við fyrstu umr. þessa máls, og að öðru leyti til þess, sem hv. frsm. og hv. 1. þm. Reykv. hafa sagt um þetta mál. Viðvíkjandi brtt. á þskj. 210 vil ég vekja athygli hv. deildar á því, að þó svo sé að vísu, að innflutningsgjald á benzíni sé ákveðið 8 aurar, er það í rauninni hærra með því fyrirkomulagi, sem nú er, að innheimta líka aðflutningsgjald af flutningsgjaldinu, og hefir ekki verið tekin ákvörðun um að breyta frá því, svo segja má, að innflutningsgjaldið sé 9 aurar, en ekki 8 aurar. Ég get að öðru leyti látið þetta afskiptalaust hér í þessari deild, þar sem ég á atkv. um það í annari deild og mun greiða atkv. um það þar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er bara eitt atriði, sem mig langar að benda hv. 1. þm. Reykv. á, ekki sérstaklega í sambandi við þetta mál, heldur fyrst og fremst af því, að hann leggur mikið upp úr því, að Alþingi ráðstafi ákveðnum tekjum ríkisins til sérstakra framkvæmda. Út af þessu vil ég benda honum á, til þess að hann verði betur sjálfum sér samkvæmur og þroski sjálfan sig betur, að við samþykktum nýlega hér í deildinni 11. mál, frá 6. þm. Reykv. og atvmrh., um það, að vitagjald skuli renna til vita, og hv. 1. þm. Reykv. var með því.

Þegar lagt er til, að þessum 4 aurum skuli varið til vega og malbikunar á vegum, er hann með því, en bara þegar á að verja því til brúa, er hann ekki með því. Það má verja þessum eyri til þessa eða hins, en bara þegar á að verja því til brúa, þá má það ekki vera ákveðið. Þetta er velvildin til dreifbýlisins.

Að öðru leyti ætla ég ekki meira um þetta að segja.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég ætla nú ekki að fara að ræða við hv. 1. þm. Reykv. um skattamál almennt, og það því síður, sem við erum sammála um niðurstöðuna hvað þetta mál snertir og að þetta frv. nái fram að ganga. En út af hinu sífellda tali um það, að skattar séu of háir hér á landi, vildi ég benda á það, að þótt skattar, bæði beinir og óbeinir, þyki allt of háir, eru þó alltaf hærri kröfur um það, að ríkissjóður leggi í eitt og annað til hagsbóta fyrir almenning, heldur en hitt, að skattarnir lækki. Ég mæli þetta ekki til hv. 1. þm. Reykv., því hann hefir ekki lagt það í vana sinn að gera slíkar kröfur, en ýmsir eru þeir, sem hafa gert hvorttveggja í einu, að rífast yfir skött-unum, og líka yfir því, hvað lítið þeir fengju til ýmissa framkvæmda, sem þeir bera fyrir brjósti. Þetta hafa menn gert bæði í ræðu og riti. Ég hefi meira að segja verið þar staddur, sem einn og sami maður flutti tvær till., aðra um það að skora á þingið að lækka gjöldin, og hina um það, að veita ýmiskonar fjárstyrki til fyrirtækja í grenndinni þar sem hann bjó.

Að það væri tími til þess nú að fara að lækka skatta á Íslandi, í því ástandi, sem skapazt hefir við styrjöldina, munu líka flestir vera sammála um, að ekki komi til mála. Það þarf ekki annað en að líta til nágrannaþjóðanna. Allar hafa þær séð sig neyddar til að hækka skattana núna. Við Íslendingar erum ekki eins og stendur að hækka skatta, og mér finnst, að við megum eftir atvikum þakka fyrir, að skattarnir fá að standa í stað.

Það er aldrei nema satt, að tekjuskatturinn er tilfinnanlegur, en þó er annar skattur, sem ég held, að öllum finnist tilfinnanlegri en skatturinn til ríkissjóðs, og það er útsvarið. Að vísu má segja, að þetta sé því tilfinnanlegra þegar það kemur saman. Ég vona nú, þar sem hv. 1. þm. Reykv. á einmitt sæti í mþn. í skatta- og tollamálum, að hann finni og beri fram einhver ráð til þess að samræma þetta á einhvern hátt, þannig að það geti orðið léttbært, en að réttmætri tekjuþörf verði þó fullnægt.

Ég skal svo aðeins minnast á brtt. á þskj. 210, um að hækka benzínskattinn um 1 eyri og verja þeim tekjuauka til brúa. Þegar frv. um brúasjóð lá hér fyrir d. fyrir nokkru síðan, þá greiddi ég atkv. með því, og þegar það var lagt fyrir síðasta þing og vísað til nefndar, sem ég átti sæti í, fjárhagsnefndar, gaf ég út nál. um þetta mál og mælti með því. Það leiðir af sjálfu sér, að ég mun greiða atkv. með þeirri till., sem hér liggur fyrir. Aftur á móti skal ég geta þess, að ég greiddi atkv. á móti því við afgreiðslu fjárlagafrv., að hækka framlag til brúa um 90 þús. kr. og verja því til þess að brúa Jökulsá á Fjöllum. Ég greiddi atkv. á móti því vegna þess, að ekki var séð fyrir neinum auknum tekjum, og ég sá ekki fært að hækka gjaldaliðina nema tekjur kæmu á móti, en hér er lagt til, að tekjur komi á móti þeim útgjöldum, sem farið er fram á með tillögunni.

Til þess að þau rök fái staðizt, sem hv. 1. þm. Reykv. ber fram gegn þessari till., að hann vilji ekki búa til einlæga sjóði, sem verja eigi í ákveðnu skyni, heldur láta allt ganga í ríkissjóðinn og ríkissjóður greiði svo sín gjöld, finnst mér hann ekki vera í góðu samræmi við sjálfan sig, því einmitt í þessu frv., sem hann er búinn að mæla með, að samþ. verði, er gert ráð fyrir slíkum sjóðum.

Orsökin til þess, að ég er með þessari till., er sú, að ég álít, að hvað sem öðrum sköttum líður, þá sé gjaldið af benzíni of lágt, og ég hefi enga von um, að hægt sé að halda uppi nútíma samgöngum, leggja vegi, sem færir séu bifreiðum, halda vegum við og byggja brýr, öðruvísi en að samgöngurnar sjálfar standi að einhverju og miklu leyti undir þessum framkvæmdum. Og hvernig ætti það að vera, að þessi fámenna þjóð í tiltölulega stóru landi ætti að geta komizt af með að skattleggja þetta minna heldur en t. d. Danir, sem búa í minna landi en við og eru 30 sinnum fleiri en við? Og eftir því sem ég veit bezt, hafa þeir 2 aurum hærri benzínskatt en við. Ég hefði því vel getað gengið inn á að hækka benzínskattinn meira en farið er fram á í þessu frv., og lækka þá frekar einhver önnur gjöld, sem ríkissjóður ber nú. Mér finnst ég jafnvel hefði getað gengið að því að hækka þetta gjald um 3 aura á lítra, því þá skilst mér, að það væri jafnt eins og í Danmörku. Án þess að ég vilji segja, að Danir eigi að vera okkar fyrirmynd, og að við eigum í öllu að vera eins og Danir, skil ég ekki, að við getum gengið skemmra. Þó við göngum ekki svona langt, leiðir það af sjálfu sér, að ég mun frekar greiða atkv. með þessari hækkun en að hún verði engin. Ég vil að lokum benda á það, að þessi till. er upprunalega komin frá vegamálastjóra, ef ég veit rétt, og mun hann vera á sama máli og ég um það, að það muni bókstaflega ekki vera hægt að vinna að samgöngubótum á Íslandi eins og þörf er á og óskað er eftir með öðru móti en því, að gjaldið af benzíni hækki frá því, sem nú er.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki fara út í miklar almennar umr. um fjárreiður, en það er satt, að kröfurnar eru alltaf háværar um auknar umbætur, og ég skil þá vel, sem fara fram á aukna skatta. Hinsvegar er ég ekki algerlega samþykkur þessu frv., því þrátt fyrir það, þótt kröfurnar væru réttmætar og yrði að auka útgjöldin, þá er ég á móti því að hækka tekjurnar á þennan hátt. Þegar minnzt er á sambandsþjóð okkar, Dani, má það vel í þessu máli, því þegar útgjöld ríkisins hækka og þeir þurfa að hækka skattana, leggja þeir ekki á beina skatta, — nei, þeir auka tekjurnar með því eina móti að taka það á vöruviðskiptunum. Og það er þar, sem ég álít að eigi að taka það. Það á að taka skattahækkanir gegnum viðskiptin. Það er gömul regla.

Ég skil aldrei þegar menn segja, að einn skattur sé tilfinnanlegri en annar, að aukaútsvarið sé tilfinnanlegra en tekjuskatturinn. Ég veit ekki, hvaða munur er á því, hvert maður greiðir það. Ef maður á að borga 800 kr. og 1000 kr., eru það 1800 kr., sem hann svarar út, og honum er alveg sama hvert það rennur. Útsvarið er að vísu orðið tilfinnanlegt víða, af því að tekjuskatturinn er orðinn svo hár.

Ég skal svo ekki fara meira út í almennar umr. og ekki heldur fara meira út í benzínskattinn, hvort hann sé hærri eða lægri en í Danmörku, en mér er sagt, að það sé nú 50 aura verð á benzíninu. (**Viðskmrh.**: Það munar nú ekki mikið um einn eyri af 50). Það eru nú 50 einseyringar í 50 aurum, en máske tekst þessum ráðh., sem greip fram í, að koma þeim upp í meira. Annars skal ég segja það, að ég er meira með benzínskattinum en tekjuskattinum. Þetta er bara almenn andstaða frá minni hálfu.

Hv. 1. þm. N.-M. tókst nú ekki með sinni góðu ræðu að þroska mig nógu mikið. Það fór alveg út úr höndum hans, þegar hann ætlaði að hanka mig á atkvgr. minni um vitagjöldin. Það hefir ekki verið varið til vita neitt svipað því sem vitagjöldin hafa verið. Þetta var bara ábending til ríkisvaldsins um að verja álitlegri upphæð í þessu skyni. Það er ekki verið að stofna sérstakan ríkissjóð. Vitagjaldið er dálítið sérstakt. Það er skattur, sem við yfirleitt tökum af erlendum skipum, og það hafa komið fram kvartanir og undrun yfir því, hvað vitagjaldið væri hátt, þar sem ekki væru byggðir fyrir það vitar, og þegar þessar sérstöku ástæður eru fyrir hendi, að hér er verið að greiða fyrir siglingum þessara sömu skipa hér við land, þá er full ástæða til þess að taka þessar kvartanir til greina.

Svo er það 1. gr. frv. Ég verð að segja, að ég hefi alltaf verið undrandi yfir því að setja heila grg. í 1. gr. Það er ekkert annað en kjánaskapur að segja, að tekjuöflunin sé til þess arna, til þess að standast útgjöld ríkisins 1941, og greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga! Mikið var! Nei, það þurfti að fóðra þetta um leið. — Mér finnst frv. mjög ólíkt því, sem ég hefði viljað hafa þessi lög. — Ég mun svo ekki lengja umr. frekar um þetta mál.

Páll *Zóphóníasson*: Það hefir fyrr hent guðsmann að afneita einu og öðru, en sjá ekki að sér fyrr en haninn hefir galað í þriðja sinn. Nú hefir það hent þennan guðsmann, hv. 1. þm. Reykv. (**MJ**: Og þess vegna galar haninn nú í þriðja sinn!). Já, ég leik hér verk hanans, og þess vegna gerði 1. þm. Reykv. réttast að ganga út og iðrast beisklega.

Hv. þm. benti á það í sambandi við vitagjöldin, og lagði mikið upp úr því, að það væri nokkurskonar óskrifaður samningur milli okkar og erlendra þjóða að verja vitagjaldinu til vitabygginga. Ég vil þá benda hv. þm. á, að það eru mjög margir útlendingar, sem ferðast um land vort, er þurfa að eyða benzíni, og þeir eru alveg undrandi yfir því, hve margar ár eru óbrúaðar, hve vegirnir eru vondir og hvers vegna við höfum ekki hærri benzínskatt til þess að kippa þessu í lag. Mér finnst því, að hv. þm. ætti að verða við kröfum þessara manna þessum óskrifaða samningi við útlendinga, og hækka benzínskattinn, svo að unnt sé að brúa fleiri ár og hafa vegina betri. Það væri einmitt í fullu samræmi við ummæli hans um vitagjaldið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 210 samþ. með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSt, HermJ, IngP, JJ, MG, EÁrna.
nei: MJ, SÁÓ, BSn, BrB, ErlÞ, JJós.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
4. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 218 (ný 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 264).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 264, 320, n. 380).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Fjhn. hefir athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ., en hún hefir þó ekki staðið einhuga með því. Frv. felur í sér þá breyt. frá því, sem verið hefir í l. að undanförnu, að hækkað verði innflutningsgjald af benzíni um einn eyri á hvern lítra, úr 8 aurum upp í 9 aura. Jafnframt er ákvæði um, að ½ hluti af benzínskattinum gangi til brúargerðar og skuli fyrst brúa Jökulsá á Fjöllum hjá Lambhöfða. Einn nm., hv. 1. þm. Rang., hefir skrifað undir ákvæðið um hækkun á benzínskatti með fyrirvara. Hinsvegar hygg ég, að hinir nm. sjái ekki ástæðu til að vera á móti þessari hækkun. N. leggur til, að gerð verði ein breyt. á frv., sem er í því fólgin, að orðin „hjá Lambhöfða“ í niðurlagi 3. gr. falli niður. Með þessu ákvæði í frv. er því slegið föstu, hvar brúin skuli vera byggð, en nefndarmönnum fannst óþarfi að staðbinda brúna á þennan hátt. En fyrir mitt leyti álít ég óhæft með öllu, ef brúin á Jökulsá yrði byggð á þessum stað. Með því yrðu Hólsfjöllin, efsta byggð á þessu landi og einhver sú sérkennilegasta, sett algerlega hjá og gæti ekki haft not af þessu mikla mannvirki. Byggð á Hólsfjöll-

um fer nú vaxandi, og brúin gæti orðið fólkinu til mikils gagns. Nú mun verða fært fram því til framdráttar, að brúin yrði sett svona sunnarlega, suður hjá Möðrudal, að hún yrði þá ódýrari. En ég álít sjálfsagt, að Alþ. bindi það ekki, hvar brúin verður sett, því að það eru áreiðanlega svo sterk rök fyrir því, að hún eigi að verða sett utar, beint á milli Mývatnssveitar og Hólsfjalla. En með þessari brtt. er ekki farið fram á að ákveða neitt um það, hvar brúin eigi að vera, heldur aðeins fer till. fram á það, að fella niður úr frv., að brúin verði staðbundin hjá Möðrudal.

N. var það að vísu kunnugt, að hér lá fyrir brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. og hv. 7. landsk. þm. á þskj. 320, en það hefir orðið að samkomulagi í n. að taka ekki afstöðu til þessarar brtt. fyrr en flm. hefðu mælt fyrir henni. En jafnframt vil ég fyrir hönd n. mælast til, að þeir taki hana aftur við þessa umr., svo n. geti fengið að athuga hana til 3. umr.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Ég á hér brtt. ásamt hv. 7. landsk. á þskj. 320. Till. skýrir sig algerlega sjálf. Hún er um það, að bæta við 2. gr. frv. nýrri málsgr., og í þeirri málsgr. á að felast hækkun á þeim persónufrádrætti, sem skattframteljendur mega draga frá skattskyldum nettó-tekjum sínum, áður en skattur er af þeim reiknaður. Nú er sjálfsagt öllum hv. þm. jafnkunnugt um það, að síðan þessi frádráttur var ákveðinn, hefir verðlag í landinu breytzt ákaflega mikið og framfærslukostnaður aukizt stórlega mikið. Það er sjálfsagt engum vafa bundið, að ef framfærsla fólksins hefði kostað jafnmikið og nú þegar þessi l. voru upphaflega sett, sem nú er verið að framlengja hér, þá myndi persónufrádráttur hafa verið settur hærri um leið. Og eins myndi hafa verið gert í hinum almennu tekju- og eignarskattsl., ef framfærslukostnaðurinn hefði þá verið svipaður og nú. Ég geri líka ráð fyrir, að hv. þm. telji sanngjarnt, að þessi persónufrádráttur hækki nokkuð. Við flm. höfum líka reynt að gæta mjög hófs í þessu, og til þess að láta standa vel á krónutölu höfum við ekki tekið nákvæmlega hundraðshlutatölu, en það er því sem næst 25% hækkun, sem hér er farið fram á.

Mestur er frádrátturinn fyrir börn og aðra skyldumenn, en við ætlumst til, að hækkunin verði upp í 800 kr., en eins og l. eru nú, þá er þessi frádráttur ekki nema 500 kr. Aftur á móti er hækkunin hjá okkur ákveðin 150—200 kr. annars á persónu. Það eru 250 kr. á hvort hjóna í Reykjavík, og það er eins og sjá má rétt um 25%.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að skýra þetta mál, sem að sjálfsögðu er alveg augljóst fyrir hvers manns skilningi. En ég vil aðeins biðja hv. þm. að athuga það nákvæmlega, hvort þeim sýnist þetta ekki vera alveg eðlileg breyt. á skattal., þó ekki væri því til að dreifa, sem við allir vitum, að skattaálögurnar eru afarháar og auknar með þessum hundraðshluta, sem hér er aukið mjög við tekju- og eignarskattinn, heldur fyrst og fremst af því, að framfærslukostnaðurinn er miklu hærri nú en þegar l. voru sett, og það er alveg víst, að þessi kostnaður á eftir að hækka mikið alveg á næstu tímum.

Það getur vel komið til mála, að við flm. verðum við þeirri ósk, að taka aftur þessar brtt. til 3. umr. En ég þarf að bera mig saman við hv. meðflm. minn um það. En mér sýnist ekki nema sanngjarnt, að n. eigi kost á að athuga þessar brtt., þótt ég raunar byggist við því, af því till. eru komnar fram fyrir nokkru síðan, að n. hefði þegar gert það. Ég skal þó ekki hafa á móti því, en vil bera mig saman við meðflm. minn.

Forseti (JörB): Meðflm. hv. 6. þm. Reykv. er fyrir sitt leyti búinn að taka aftur brtt. Ég hefi talað við hann. (**SK:** Þá er það ágætt).

ATKVGR.
Brtt. 320 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Brtt. 380 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 430, 320).

***Sigurður Kristjánsson:** Ég var búinn að mæla fyrir brtt. minum við þetta frv. hér við 2. umr., en skv. ósk fjhn. tók ég till. aftur til þessarar umr. og óska eftir, að þær verði bornar upp, en mun ekki lengja umr. um þær nema sérstakt tilefni gefist.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Fjhn. hefir athugað brtt. hv. 6. þm. Reykv. og hv. 7. landsk. þm., sem fara fram á að hækka persónufrádrátt allmikið frá því, sem nú er. Nefndin hefir leitað umsagnar yfirskattanefndar um það, hve miklu þetta mundi muna hvað snertir tekju- og eignarskattinn, og við höfum fengið upplýsingar um það — útreikningurinn er að vísu miðaður við skattgreiðslur ársins 1937, en ég geri ekki ráð fyrir, að það muni svo miklu, að það sýni ekki nokkurn veginn, hve mikil áhrif þetta hefir á tekju- og eignarskattinn. — Samkvæmt þeim upplýsingum, sem við höfum aflað okkur, mun þessi breyting lækka tekju- og eignarskattinn rétt um 400 þús. kr., svo það er auðséð, að hér er ekki um neitt smáræði að ræða, og fjhn. er á einu máli um það, að ekki geti komið til álita nú að fara að samþ. till., sem heggur svo stórt skarð í einn af aðaltekjustofnum ríkisins, svo ég læt í þetta sinn nægja að geta þess, að fjhn. mælir gegn því, að þessar till. verði samþ., sem hér liggja fyrir.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég get náttúrlega endurtekið þau rök, sem ég færði fram fyrir

því, að persónufrádrátturinn ætti að hækka. Það er öllum dm. kunnugt og öllum landslýð, að síðan skattalögin voru samþ. hefir framfærsla aukizt stórkostlega, og um miklu meira en þá upphæð, sem ég fer fram á, að persónufrádráttur hækki. Það leiðir af sjálfu sér, að þegar lögin um tekju- og eignarskatt voru samin, var persónufrádrátturinn miðaður við þann framfærslukostnað, sem þá var, og það er alveg víst, að persónufrádrátturinn hefði verið miklu hærri, ef framfærslukostnaðurinn hefði verið eitthvað svipaður því, sem nú er.

Ég vildi nú leyfa mér að mælast til þess, að þeir, sem mæla þessu gegn, reyndu að gera sér einhverja grein fyrir því, að persónufrádráttur eigi að hækka við það, að tekju- og eignarskattur hækkar og framfærslukostnaður hefir hækkað, bæði fyrir aðgerðir Alþingis og aðrar ástæður, síðan þessi ákvæði voru sett, og það er algerlega ósæmilegt fyrir nefnd, sem hefir annan eins trúnað eins og fjhn., að gera sér þetta ekki ljóst, og færa fram afsakanir fyrir því, að hún er á móti þessu, en skuli þess í stað gera sig hlægilega með því að bera fram slíka fjarstæðu sem hún gerir hér. Formaður yfirskattanefndar skýrði mér frá því, að hann hefði verið fenginn til þess að reikna þetta út. Ég hélt, að nóg væri til þess að hlæja að þessum manni fyrir, þó hann láti ekki ginna sig til þess að koma með aðra eins endileysu og þetta er. Ég hefi sjálfur verið formaður skattanefndar í bæ úti í landi og veit, hvílík fjarstæða það er, að þessi breyting mundi muna svona miklu. Þetta er ekki byggt á neinu viti, og sú greinargerð, sem þessi þm. gerði mér fyrir því, hvaða aðferð hefði verið notuð, kemur ekki nærri neinum rökum.

Það er vitað, að í frv stj. er gert ráð fyrir, að allir skattar nemi 1700 þús. kr. Nú er það vitað, að langmestur hluti tekjuskattsins er greiddur af ýmiskonar atvinnurekstri, þar sem persónufrádráttur kemur ekki til greina. Persónufrádráttur er langmestur á smærri skattgreiðendum. Nú er það svo, að minnsta upphæð, sem tekjuskattur er reiknaður af, er 100 kr., og er þá tekjuskatturinn innan við eina krónu. Frádrátturinn kemur þess vegna að mestu leyti á ákaflega litlar tekjur, — tekjur, sem aðeins eru yfir það mark, að maðurinn lendir í tekjuskattinum. Þetta hefir þessi hv. þm. ekki athugað. Hann tekur svo gervitlausan grundvöll, að það er neðan við það, að hægt sé að hlæja að því. Og bara á upphæðinni, 400 þús. kr., sér hver maður undir eins, að þetta er gersamlega fjarri öllu viti. En þó þetta væri eitthvað nærri réttu lagi, er það vitanlegt, að það verður að hrekja undirstöðuna undir þessari kröfu um að hækka persónufrádráttinn, til þess að það verði frambærilegt fyrir þingið að neita því. Ég hygg, að hv. þm. muni sjá af tölunum sjálfum, hve mikil blekking þetta er, og undarlegt, að skynsemi gæddir menn skuli ekki sjá, hvílík fjarstæða þetta er. En það er dálítið einkennilegt fyrir mig sem flm. að mæta annari eins staðhæfingu, og vil ég biðja hv. þm. að athuga málið frá þeirri hlið, sem ég hefi flutt það, að persónufrádragið eigi að hækka, þegar framfærslukostnaðurinn hækkar, en ég ætlast ekki til, að menn fari að leggja sig niður við að athuga þessa fjarstæðu, sem formaður yfirskattanefndar kemur fram með.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en vil vísa til þess, sem ég sagði við 2. umr. málsins.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til manna, að þeir tali prúðmannlega og viðhafi ekki móðgandi orð um þm., sem ekki eru í deildinni og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Þetta hefir farið í taugarnar á hv. 6. þm. Reykv. Hann veður hér uppi með skömmum um menn, sem ekki eru við og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér, og slær um sig með illyrðum til þeirra. Ég vil segja honum það, að hann sem fjárveitinganefndarmaður ætti að hafa meiri ábyrgðartilfinningu en það, að koma nú, þegar búið er að afgr. fjárl. og búið að gera ráð fyrir tekjunum, og bera fram till., sem rýrir tekjustofna ríkisins svo stórkostlega. Fjhn. gerði það eina rétta. Hún aflaði sér upplýsinga um málið, og samkv. þeim er þetta 400 þús. kr. tekjumissir. Hann reyndi ekki að færa rök fyrir sínu máli, en bara kom með illyrði og stóryrði, og eins og menn gera alltaf, þegar rökin vantar, þá greip hann til illyrða og stóryrða, þegar flett var ofan af því, hversu fljótfærnisleg og óathuguð sú till. er, sem hann flytur hér í þessu máli.

Ég vil taka það fram, að þótt framfærslukostnaður hafi aukizt, er verið með frv., sem liggur fyrir þinginu núna, að bæta úr þessu með því að veita dýrtíðaruppbót vegna þess hve framfærslukostnaðurinn er orðinn hár. Hygg ég, að það væri sæmra að tala með ró og gætni um þetta mál. Mín orð gáfu ekki tilefni til þess, sem hann sagði. Hv. þm. ásakaði fjhn. um flaustur og sagði það algerlega ósæmilegt að gleypa ekki við þessari till. Ég veit ekki, hvað svona orðbragð á að þýða, en það sýnir bezt, í hvaða rökþrot þm. er kominn. Hv. þm. hefir enga ástæðu til þess að rengja það, að sú áætlun, sem ég kom með, væri nærri lagi. Ég tók það fram, að hún væri fyrir árið 1937, og ég er ekki að halda fram, að útkoman yrði sú sama t. d. á næsta ári, en það er ekki nokkrum blöðum um það að fletta, að þessi breyt. hefði mikla lækkun í för með sér hvað snertir tekjuskattinn.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann mælti með því, að þessar till. yrðu samþ., og hvort fjárhagur ríkissjóðs leyfði, að farið væri nú að höggva stórt skarð í tekjur ríkisins. Það kann að vera, að svo sé, en þá ætti ekki að þurfa að skera niður 35% af fjárveitingum til bráðnauðsynlegra framkvæmda, og vil ég heldur, að þær séu látnar halda sér, en ekki verði farið að vilna mönnum í með greiðslu á tekju- og eignarskatti.

Ég held nú, að ef ekki koma fram önnur rök í málinu en illyrðagusur hv. 6. þm. Reykv., þá muni fjhn. ekki breyta sinni skoðun, og ef einhverjir þingm. hafa hugsað sér að greiða till.

hans atkvæði, þá muni þeir hafa horfið frá því, þegar þeir sjá, að það er algerlega óhugsað.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég veit, að þessar till. verða felldar, og hv. þm. má gjarnan flytja margar ræður um það. Ef rökin verða svipuð og í síðustu ræðu hans, er ekki hætta á, að hann snúi nokkrum með þeim.

Forseti (JörB): Það hafa komið fram óskir um það frá ríkisstj., að fundi verði ekki haldið áfram.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

***Sigurður Kristjánsson:** Það mun tilgangslaust að deila um það við hv. 2. þm. Skagf., hvort það muni réttar tölur, sem hann flutti viðvíkjandi tekjumissi ríkissjóðs ef samþ. yrði till. mín og hv. 7. landsk. á þskj. 320. En út af ummælum hans um stóryrði mín og það ábyrgðarleysi, er ég sýndi, að ég sem fjvnm. skuli koma fram með slíka till., vil ég taka það fram, að ég hefi ekki fundið að því, þótt þessi hv. þm. viðhefði stór orð, — slíkt fer eftir skapferli manna, — en hitt hefi ég sett út á, hve hann er hneigður fyrir að fylgja röngu máli. Annars voru þessi ummæli mín, sem hann reiknar til stóryrða, ekki bundin við neinn mann persónulega.

Ég tel það mjög vægilega til orða tekið, þó ég viðhafi þau orð, að það sé blátt áfram hlægilegt að koma fram með þær tölur, sem hv. frsm. tilfærði, sem sé að það myndi valda 400 þús. kr. rýrnun á tekjuskattinum, ef till. okkar hv. 7. landsk. yrði samþ.

Hv. frsm. taldi þá hlið málsins höfuðatriði, sem snýr að ríkissjóði. Þetta er misskilningur. Höfuðatriðið er, hve mikið skattgreiðendur geta borið. Að sönnu hefir kennt allmikils skoðanamunar áður á Alþ. um þetta mál; það hefir komið fram sú skoðun, að við ætlum aðeins að miða skattheimtuna við þarfir ríkissjóðs. En þegar það er athugað, að þarfir ríkissjóðs eru ekki nema að sumu leyti nauðsynlegar, heldur að allmiklu leyti ónauðsynlegir hlutir, er það bert, að þessi mælikvarði er rangur. Það eru engin takmörk fyrir því, hvað heimtað yrði af skattgreiðendunum, ef miðað væri við það, sem Alþ. treystist að láta ríkið eyða í þarfa og óþarfa. Hinn rétti mælikvarði er, hvað hægt er með sanngirni að heimta af skattgreiðendunum. Nú er það almennt viðurkennt, að skattheimta hér á landi sé komin svo langt, að ekki sé viðunandi. Alþingi hefir og viðurkennt, að þessi skattheimta fái ekki staðizt til lengdar og verði því að skoðast sem bráðabirgða-neyðarráðstöfun. Þess vegna er þetta frv., sem er framlenging á l., sem sett eru frá ári til árs, réttlætt með þeim forsendum, að þetta sé aðeins til bráðabirgða og vegna hins óvenjulega ástands. Nú þegar það er viðurkennt, að skattheimtan sé komin svona langt, eru það enn meiri sannanir fyrir mínu máli, að fyrsta atriði þessa máls sé það, hvað skattgreiðandinn er fær um.

Ég tók það fram við fyrri hluta þessarar umr., að þessi frádráttur, sem ég vil láta hækka, er samþ. af Alþ. fyrir nokkrum árum, ég hygg árið 1935, og var þá miðaður við þann kostnað, sem þá var áætlaður við framfærslu. Persónufrádrátturinn var þá lögfestur 500 kr. fyrir hvern skylduómaga um land allt, en nokkru hærri fyrir einstaklinga og hjón, en þó mismunandi eftir því hvar var á landinu. Ég fullyrti við fyrri hluta umr., að þessi frádráttur myndi þá hafa verið ákveðinn hærri, ef framfærslukostnaður hefði verið sá sami og nú. Þegar nú framfærslukostnaðurinn eykst mjög mikið, væri ekkert eðlilegra en að persónufrádrátturinn hækkaði, jafnvel þótt skattstiginn væri ekki auk þess hækkaður stórkostlega. Ég verð að víta það, að fjhn. skuli ekki líta á þessa hlið málsins frekar en hún væri ekki til. Það er óforsvaranlegt, að n. skuli aðeins sjá eina hlið þessa máls, þá er að ríkissjóði snýr; ef hún hefði séð aðrar hliðar þess, hefði hún kannske borið fram einhverjar brtt. um hækkun persónufrádráttarins.

Ég þarf ekki að endurtaka það, að sú upphæð, er hv. frsm. tilgreindi, að tekjuskatturinn myndi lækka um, er gripin úr lausu lofti. Ég reyndi að mynda mér einhverjar ágizkanir um þetta atriði, en sá, að það var ekki nokkur leið af þeirri litlu þekkingu, sem ég hefi á þessum málum, og hefi ég þó um margra ára skeið fengizt við að jafna niður tekjuskatti. Ég hefi líka borið þetta undir hagstofustjóra, sem hefir manna bezta þekkingu á svona hlutum, en hann sagði, að ómögulegt væri að koma með annað en óábyggilegar ágizkanir hvað þetta snertir.

Ég minntist á það við fyrri hluta umr., að fjhn. og trúnaðarmaður hennar mundi hafa gert ráð fyrir því, að þessi frádráttur yrði til þess að stýfa ofan af tekjum manna. Þetta er misskilningur, því að eins og ég tók fram, er fjöldi manna, sem aðeins eru fyrir ofan takmörkin um skattfrjálsar tekjur og greiða þetta frá 30—60 aur. upp í 1—2 kr. Þessir menn myndu falla undan skatti, en það myndi ekki muna verulegu hvað tekjur ríkissjóðs snertir, en myndi náttúrlega nema hærri upphæðum af hærri tekjum.

Nú er gert ráð fyrir því í fjárl., að tekju- og eignarskattur muni verða um 1700 þús. kr. Má gera ráð fyrir því, að af þeirri upphæð nemi eignarskatturinn um 300 þús. kr. Ég held því fram, að það sé blátt áfram fjarstæða að áætla, að þessi breyt. á persónufrádrættinum muni stýfa tekjuskattinn, ca. 1400 þús. kr., um 400 þús. kr., eða nálega ⅓ hluta. Misskilningur n. hvað þetta snertir hlýtur að byggjast á því, að hún hefir fengið skakkan mælikvarða til þess að reikna eftir. Mikill fjöldi skattgreiðenda, þ. e. ýms fyrirtæki, félög og þesshättar. hafa engan persónufrádrátt, og þetta eru oft hæstu skattgreiðendurnir. Annars er ekki hægt að reikna út, hve mikið af persónufrádrætti kemur í hlut hátekjumanna og hve mikið á lágtekjur, nema því aðeins að fara í gegnum allan

skattstiga landsins. Eins og hagstofustjóri benti á, þá er ekki hægt að framkvæma þetta nema með geysilegri fyrirhöfn, og myndi sú vinna taka marga mánuði, ef koma ætti með útreikninga, sem hægt er að byggja á. Hitt er afarfljótlegt, að gizka á eitthvað út í loftið.

Ég mun svo ekki lengja umr. frekar. Ég tel fyllilega sanngjarnt, þegar framfærslukostnaður hefir aukizt svo stórkostlega sem nú er, að persónufrádráttur hækki nokkuð, enda er það í samræmi við fyrri skoðun Alþ. að miða persónufrádráttinn að nokkru við framfærslukostnað. Um hitt má deila, hvort hækkunin skuli nema 25%, eins og við flm. brtt. teljum sanngjarnt, og má ef til vill miðla svo málum, að við getum fallizt á, að hækkunin verði ekki svo mikil. Hinu vil ég ekki trúa að óreyndu, að þm. áliti þá hliðina á máli þessu, er að skattgreiðendum snýr, Alþ. óviðkomandi, né hve hart er að þeim gengið, en álíti hitt höfuðatriði, hve miklar tekjur er hægt að krafsa inn fyrir ríkissjóðinn með allskonar sköttum. Ég vil ekki trúa því, að meiri hluti þm. hafi það kalda og óviturlega sjónarmið, og vænti þess því fastlega, að þeir verði fleiri, er greiða till. okkar atkv.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Hv. 6. þm. Reykv. talaði miklu hógværar nú en á laugardaginn, og það skal heldur ekki standa á mér að taka líka upp hógværar umr. um þetta mál. Að vísu sagði hann, að sér þætti það ekki verst um mig, hve stórorður ég væri, heldur hitt, hve ég væri gjarn á að halda fram röngu máli. Ég tel hv. 6. þm. Reykv. engan dómara í því, hvað rétt er og hvað rangt, en ég efa það ekki, að hann haldi því fram í hverju máli, sem hann álítur réttast. Ég hafði vænzt þess, að hann væri sömu skoðunar hvað aðra þm. snerti, enda þótt þeir væru honum ekki sammála. Læt ég svo útrætt um það.

Ég álít það mjög óviturlega mælt hjá hv. þm., svo að ég segi ekki kjánalega, er hann hélt því fram, að höfuðatriði í þessu máli væri ekki sjónarmið ríkissjóðs, heldur sjónarmið skattgreiðenda. Ég verð að telja, að hlutverk fjhn. sé fyrst og fremst að líta á þetta mál með hag ríkissjóðs fyrir augum.

Í öðru lagi leggur hv. þm. áherzlu á það, að vegna þess að verðlag hafi hækkað, sé sjálfsagt að hækka persónufrádráttinn. En nú er Alþ. alltaf að gera ráðstafanir til þess að mæta þessari hækkun verðlagsins, með því á síðasta þingi að samþ. uppbætur á laun verkamanna, og fyrir þessu þingi liggja tvö frv., um uppbætur á laun opinberra starfsmanna og embættismanna og á laun skrifstofu- og verzlunarfólks. Þegar þannig á annan hátt er reynt að bæta úr dýrtíðinni, er ekki ástæða til þess að líta á mál þetta eingöngu frá því sjónarmiði, sem hv. þm. vill vera láta.

Hv. þm. hélt því fram, að skýrsla mín um, að samþykkt tillögu hans myndi hafa 400 þús. kr. tekjulækkun í för með sér fyrir ríkissjóð, væri fjarri öllum sanni. Hann vildi láta líta svo út sem við hefðum reiknað þetta út eftir röngum mælikvarða, þar sem við myndum hafa tekið með félög og ýms fyrirtæki, er engan persónufrádrátt hefðu. Þetta var ekki gert, við miðuðum aðeins við einstaklinga. Hitt er rétt hjá hv. þm., að þetta getur ekki verið nema ágizkun, eins og ég líka sagði, en ég sagði einnig, að það væri byggt á mjög miklum líkum, og það væri víst, að samþykkt till. myndi hafa mörg hundruð þús. króna lækkun í för með sér. Fjhn. hefir snúið sér til skattstjórans í Reykjavík, og hann hefir látið n. í té skýrslu, er að vísu sýnir ekki heildarlækkun, heldur hve miklu lækkunin muni nema í einstökum tilfellum. Skýrsla skattstjóra miðast við meðalfjölskyldu, þ. e. hjón með þrjá skylduómaga. Persónufrádráttur nemur þá 3000 kr. skv. núgildandi ákvæðum, en myndi verða 4000 kr. skv. brtt. hv. 6. þm. Reykv.

Maður með 4000 kr. hreinar tekjur hefir skv. skattalögum 1000 kr. skattskyldar tekjur og greiðir í tekjuskatt kr. 11.20, en ef till. hv. þm. verður samþ., greiðir hann ekkert.

Maður með 5000 kr. hreinar tekjur hefir 2000 kr. skattskyldar tekjur og ætti að greiða í tekjuskatt kr. 33.60, en eftir till. kr. 6.72, og lækkar þannig tekjuskatturinn um kr. 26.88.

Ef við tökum mann, sem hefir 6 þús. kr. hreinar tekjur, þá eru skattskyldar samkv. skattal. 3 þús. kr., tekjuskattur nú 89.60 kr., skattskylt samkv. brtt. 1600 kr., tekjusk. 24.64. Tekjuskattur lækkar um 64.96 kr., og þannig má halda áfram. — Af 7 þús. kr. tekjum verður skattskylt samkv. skattal. 4 þús. kr., tekjuskattur nú 173.60 kr.; skattskylt samkv. brtt. 2600 kr., tekjuskattur 67.20 kr. Tekjuskattur lækkar um 106.40 kr. — Af 8 þús. kr. hreinum tekjum er skattskylt samkv. skattal. 5 þús. kr., tekjuskattur nú 285.60 kr.; skattskylt samkv. brtt. 3600 kr., tekjuskattur 140 kr. Tekjuskattur lækkar um 148.60 kr. — Af 11 þús. kr. hreinum tekjum er skattskylt samkv. skattal. 8 þús. kr., tekjuskattur nú 1013.60 kr.; skattskylt samkv. brtt. 6600 kr., tekjuskattur 588.00 kr. Tekjuskattur lækkar um 425.60 kr. samkv. brtt. flm.

Hvaða meining er í því, að maður, sem hefir 11 þús. kr. í hreinar tekjur, skuli eiga að fá tekjuskattinn lækkaðan um 425.60 kr. á sama tíma sem erfiðleikar atvinnuveganna aukast á öllum sviðum? Maður, sem hefir 20 þús. kr. hreinar tekjur, skal greiða skatt samkv. skattal. af 17 þús. kr., tekjuskattur nú 4457.60 kr.; skattskylt samkv. brtt. 15600 kr., tekjuskattur 3866.24 kr. Tekjuskatturinn mundi lækka um 591.36 kr. samkv. brtt.

Ég hefi nú tekið nokkur dæmi til þess að sýna, hvað af því myndi leiða, ef brtt. þessi yrði samþ., og mér hefir verið leyft að hafa það eftir skattstjóra, að ef þessar brtt. yrðu samþ., þá myndi það hafa í för með sér mörg hundruð þús. kr. tekjurýrnun. Þess vegna tel ég það ekki ná nokkurri átt að samþ. þessa brtt. eins og hún nú liggur fyrir, enda viðurkenndi hv. flm. það, að hafa borið fram þessa brtt. án þess að hafa gert sér grein fyrir því, hvaða áhrif það myndi hafa á tekjuskattinn. Mér dettur hinsvegar ekki í hug að halda því fram, að ýmsar nauðsynjavörur hafi ekki hækkað í verði og erfiðleikar fólksins þar af leiðandi aukizt, og frá því sjónarmiði væri réttmætt að hækka persónufrádráttinn. En ég hygg, að mér sé óhætt

að segja það, þrátt fyrir rökin, sem hv. flm. hefir viljað færa sínu máli til stuðnings, að fjhn. sé óskipt um það að fella þessa brtt., enda væri það mjög óforsvaranlegt, ef Alþ. færi nú að skera niður aðaltekjustofn ríkisins. Annars skal ég sem frsm. fjhn. leyfa mér að óska þess, að hæstv. fjmrh. láti í ljós sitt álit um það, hvort hann telur fært að samþ. þessa brtt., sem hér liggur fyrir um hækkun á persónufrádrættinum.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég skal verða við tilmælum hv. frsm. fjhn. um að lýsa yfir afstöðu minni. Ég get eins og nú er háttað ekki mælt með því, að persónufrádrátturinn verði aukinn eins og farið er fram á í þessari brtt.

***Einar Olgeirsson:** Mig langar til þess í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Skagf. talaði um í ræðu sinni, að menn yrðu að taka tillit til skoðana annara, að minna á það, að það væri regla, sem hv. þm. ættu að láta gilda meira en hingað til. Mér finnst hv. þm. þjóðstj. farast illa að vera að prédika slíkt á sama tíma sem fjölda manna er gert ómögulegt að lifa í landinu.

Viðvíkjandi þeirri brtt., sem hér er komin fram, þá álít ég það mjög nauðsynlegt að hækka persónufrádráttinn. Hvað hátekjumennina snertir er enginn vafi á því, að það er ekki rétt leið, sem farin er gagnvart þeim, meðan tollarnir eru eins gífurlegir eins og þeir eru, ekki sízt þegar reiknaður er tollur af vörunni eins og hún kostar innkomin. Lágtekjumennirnir, sem mest verða fyrir barðinu á dýrtíðinni, þurfa nú ca. 800 kr. meira en á sama tíma í fyrra til að kaupa fyrir mat, föt og eldsneyti, sé miðað við 5 manna fjölskyldu. En launin hafa á sama tímabili hækkað um 15%, sem þó kemur mjög illa til framkvæmda, vegna þess að uppbótin er öll reiknuð eftir á, þannig að dýrtíðaruppbótin er aldrei fullreiknuð. Ég vil benda á það, ef ekki hefði nú verið búið að gera útgerðina skattfrjálsa, þá hefði hún nú getað borið nokkuð mikil útsvör í ár, og hefði það getað orðið til þess að létta byrðar þeirra, sem lægst hafa launin. Mér finnst engin ástæða til þess að vera að lækka skattana á mönnum, sem hafa eins gífurlegar tekjur og útgerðarmenn. Hinsvegar finnst mér, að hægt væri að hækka persónufrádráttinn hjá þeim mönnum, sem hafa undir 6500 kr. árslaun, því að það eru menn, sem sízt mega við því, að tekjuskatturinn sé hækkaður. Þessu vildi ég aðeins skjóta fram til athugunar, hvort ekki mætti orða brtt. eitthvað á þessa leið.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég vil aðeins út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði um þær ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið til kauphækkunar fyrir almenning í landinu, minna á það, að hér er alls ekki um fulla hækkun að ræða á móti dýrtíðinni. Í öðru lagi má minna á það, að þessi kauphækkun kemur til skatts, þannig að ríkið tekur nokkurn hluta af þessari hækkun aftur. Út af þeim dæmum, sem hv. frsm. nefndi, vil ég taka það fram, að þar er reiknað með því, að séu 5 persónufrádrættir, en það munar náttúrlega miklu, hvort um 5 manna fjölskyldu er að ræða, einhleypan mann eða hjón, sem ekki hafa neinn á framfæri.

Hv. frsm. kom inn á það, að það væri nokkuð mikið ábyrgðarleysi að ætla þannig að rýra tekjur ríkissjóðs, og fékk hæstv. fjmrh. til að segja sitt álit þar um, en hann taldi ekki fært að mæla með brtt. Það kemur víst mjög sjaldan fyrir, að fjmrh. mæli með slíku, en ég vil minna hv. þm. á það, að hann er sjálfur flm. að næsta máli, sem á dagskrá er, og þar gerir hann ráð fyrir, að ríkissjóði skuli blæða vegna jarðakaupa um 350 þús. kr., og eru það einskonar tilraunaframkvæmdir, en þessi till. mín fer ekki fram á, að fé sé lagt fram í neitt, sem fer forgörðum, heldur aðeins til að jafna á milli ríkissjóðs og einstaklinga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 5. þm. Reykv. (sjá þskj. 456) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 456 felld með 16:1 atkv.

— 320 felld með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, EOl, EmJ, GÞ, HV, SK.

nei: TT,[1]) ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, HelgJ, JakM, JÍv, JPálm, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, JörB.

GSv greiddi ekki atkv.

8 þm. (FJ, GG, HG, ÍslH, ÓTh, PHann, PHalld, PO) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og endursent Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mál þetta er komið aftur frá Nd., en þar hefir það tekið þeirri breyt., að úr frv. hafa verið felld orðin „hjá Lambhöfða". Það var litið svo á af n. í Nd., að það væri vegamálastjóra að ákveða, hvar skyldi brúa ána, og það væri óviðeigandi að setja ákvæði um brúarstæði í lögin. Ég get sætt mig við þetta, þó ég viti, að á öðrum staðnum kostar brúin ⅓ minna en á hinum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 476).

---

1) **TT:** Þar sem skattal. eru nú í endurskoðun hjá milliþingan. í skatta- og tollamálum og þar sem ég ennfremur er andvígur þessari brtt., þá segi ég nei.

9. Veðurfregnir.

Á 37. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um frestun á framkvæmd l. nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna (stjfrv., A. 464).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.*

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Með frv. þessu, sem er lagt fyrir Alþ. af ríkisstj., er farið fram á að fresta, þar til öðruvísi er ákveðið, framkvæmd l. nr. 37 23. *júní* 1932, *um útvarp og birtingu* veðurfregna. Í þeim l. eru, eins og hv. þm. vita, nokkuð margvísleg fyrirmæli varðandi birtingu á veðurfregnum. Nú hefir ríkisstj. talið nauðsynlegt, af ástæðum, sem greindar eru í aths. frv., að *gera breyt. frá því, sem* verið hefir í þessum efnum. En af því leiðir, að ríkisstj. þarf að öðlast staðfestingu Alþ. á heimild til þessara breyt., sem er um það, að fella niður, þar til öðruvísi verður ákveðið, þau ákvæði l., sem fyrirskipa þessa birtingu veðurfregna, með ákveðnum skilyrðum.
Ég vænti þess, að hv. d. geti afgr. þetta mál með eðlilegum hraða, svo það þurfi ekki að vekja neinar deilur. Ég legg til, að málinu verði *vísað til* 2. umr. án nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr., með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Mér dettur aðeins í hug að spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki væri réttara að orða frv. svo, að fresta skuli framkvæmd þessara laga þar til ríkisstj. ákveður annað. Ég tel ekki ástæðu til að bera fram um það brtt., ef hæstv. ráðh. telur þar óþarft. (**Forseti:** Stj. getur alltaf, ef ástæður breytast, gefið út bráðabirgðalög um að fella niður frestun á framkvæmd l.).

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Hæstv. forseti skaut því fram hér nú, að ríkisstj. geti með bráðabirgðal., ef *kringumstæðurnar* breytast, látið gömlu l. öðlast gildi. Það er alveg rétt, sem kemur fram í þeirri aths. hv. þm. V.-Ísf., að það er ástæðulaust að bíða þar til Alþ. kemur saman með að láta l. koma til framkvæmda, ef kringumstæðurnar breytast svo, að það sé mögulegt. Svo það er nægilegt, að ríkisstj. láti gömlu l. ganga í *gildi* með bráðabirgðaákvæðum. Það er ekki nauðsynlegt að breyta þessu, en ég hefi alls ekki neitt á móti því, þó að þessu verði breytt; og verði borin upp brtt. um þetta, mun ég greiða atkv. með henni.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég ætla þá að bera fram brtt. um það, að á eftir orðunum „verði ákveðið" komi: af ríkisstjórn. Það er ekkert á móti því, að losna við að þurfa að gefa út bráðabirgðal.

ATKVGR.
Afbrigði fyrir skrifl. brtt. (sjá þskj. 470) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 470 samþ. með 20:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (þskj. 464 með breyt. skv. þskj. 470).
Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.*

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Með þessu frv. er farið fram á, að fresta skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið af ríkisstj., lögum um útvarp og birtingu veðurfregna. *Eins og hv. þdm. er kunnugt,* hefir ríkisstj. hlutazt til um, að fyrst um sinn verði breytt um framkvæmd á birtingu veðurfregna, af ástæðum, sem fram eru teknar í aths. við lagafrv. þetta. Stjórnin telur, að *nauðsynlegt sé, til þess að hún geti gert* þetta á lögformlegan hátt, að fá heimild Alþingis til þess að fresta þeirri löggjöf, sem hér er farið fram á að fresta, en í þeim lögum er mælt fyrir um, hvernig haga skuli birtingu veðurfregna.
Ég leyfi mér að mælast til þess, að hv. deild afgr. þetta svo fljótt sem föng eru á, og vænti, að ekki verði um það neinar deilur.

Jóhann Jósefsson: Þetta mál ber hér nokkuð brátt að, *og þó ekki bráðara en* þm. gátu vænzt, þar sem vitað er, að hv. ríkisstj. hefir, án þess að bera það undir þingið, stigið það spor, sem á að heimila með þessum lögum, og hefði ég fyrir mitt leyti álitið það rétt, að löggjöfin hefði á undan gengið; þrátt fyrir það, þótt vitað sé, að hér er verið að beygja sig fyrir ofbeldi og erlendu valdi, finnst mér algerlega óþarft að ganga á snið við Alþingi.
Þetta hlýtur að vera nokkuð mikið hryggðarefni þeim mönnum, sem börðust fyrir því að fá komið hér á því skipulagi um veðurfregnir, sem tíðkast meðal siðaðra þjóða. Nú er þetta niðurbrotið í bili, og vildi ég, að stj. vildi beita sér fyrir því, að sem fyrst yrði byrjað aftur að útvarpa veðurfregnum á íslenzku máli til sjómanna. Það hefir svo óendanlega mikla þýð-

ingu fyrir alla okkar sjósókn og aflabrögð að fá veðurfregnirnar, og ég á bágt með að skilja þann taugaóstyrk, sem kemur fram í því, að krefjast þess, að Íslendingar útvarpi ekki á sínu eigin máli.

Hér er ekki verið að afgr. neitt af fúsum vilja, heldur er verið að beygja sig undir ok. Þó það sé ekki sagt í grg. frv., er það á vitund allra, og þess vegna þýðir ekkert að ræða um það, en hinsvegar vildi ég mega vænta þess af hæstv. ríkisstj., að á meðan Alþingi situr séu ekki stigin slík spor, án þess að það fái að vita um það.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins taka það fram, að stj. hefir ekki látið í té neinar upplýsingar um það, sem liggur til grundvallar fyrir þessum ákvörðunum, aðrar en þær, sem getið er í grg., en mun reiðubúin að sjá til þess, að útsending veðurfregna byrji að nýju þegar unnt er, og eru þá líkur til, að þær geti orðið sjómönnum að meira liði en þær fregnir, sem nú er kostur á að birta. Það er eins og menn vita, að í seinni tíð hefir verið erfitt að spá um veður, vegna þess, að það hefir brostið upplýsingar síðan ófriðurinn brauzt út. Hefir þetta farið stöðugt versnandi, þannig, að það er skoðun þeirra, sem bezt þekkja þessi mál, að það sé erfitt að spá um veður svo öruggt sé, en án þess er þetta gagnslítill spádómur. Stj. hefir aðeins gert það, sem aðrir hafa gert. Hún mun hafa hliðsjón af því, sem þingmenn óska og þjóðin óskar, og stj. mundi óska þess, að sem fyrst verði hægt að hefja birtingu veðurfregna á ný, og þá fyrst og fremst að veðurfregnirnar gætu orðið öruggur leiðarvísir fyrir sjómenn.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég vildi nota tækifærið til þess að lýsa því yfir, að þar sem vitað er, eins og hv. þm. Vestm. tók fram, að hér er verið að beygja sig fyrir erlendu valdi, þá mun ég ekki greiða atkv. um þetta mál. Hitt vildi ég sérstaklega taka undir með hv. þm. Vestm., að það er alveg óforsvaranlegt af stj. að grípa til þess að brjóta lögin án þess að þörf sé á því, þegar hefði verið hægur nærri að fá þetta samþ. á Alþingi á löglegan hátt. Ennfremur vildi ég leggja áherzlu á það, að þetta kæmi ekki fyrir aftur, og í öðru lagi, þegar það næst kemur fyrir, að stjórn og Alþingi verði að beygja sig fyrir erlendu valdi, þá sé skýrt frá því, og þá mótmælum við, ef það er ekki gert af eigin hvötum.

***Magnús Jónsson:** Aðeins út af því, sem hér hefir komið fram, vil ég lýsa yfir því, að ég mun fylgja þessu frv. algerlega út frá þeim aths., sem fylgja frv. stj. Þar segir svo: „Ríkisstjórnin telur brýna nauðsyn bera til lagasetningar þeirrar, er í frumvarpi þessu felst, vegna ástands þess, er nú ríkir í alþjóðamálum, og vegna hlutleysisafstöðu Íslands. Er það og í samræmi við það, er margar hlutlausar þjóðir hafa þegar gert fyrir löngu."

Ég vil ekki vera að leiða neinum getum að því, að hér muni vera um neitt valdboð að ræða, og mundi mér ekki þykja aðgengilegra að samþ. það með því að búa slíkt til. Ég mun því fyrir mitt leyti greiða atkv. með þessu frv. út frá því einu, að við höfum sömu afstöðu sem margar aðrar hlutlausar þjóðir, að við kærum okkur ekki um að leiðbeina flugvélum, kafbátum og öðrum vágestum, og að nauðsyn beri til þess vegna hlutleysisafstöðu landsins að setja þetta í lög, svo sem sagt er í grg. ríkisstj. með frv.

***Jónas Jónsson:** Ég vildi bæta nokkrum orðum við í áframhaldi af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. — Það er að vísu mjög óþægilegt, að hætt skuli að varpa út veðurfregnum, og það væri mjög æskilegt, að hægt væri að halda því áfram, ekki aðeins vegna þeirra, sem eru á sjónum, heldur einnig vegna þeirra, sem á landi eru. En til þess að full not séu að veðurfregnunum, þurfa þær líka að vera áreiðanlegar. Nú hefir, eins og hæstv. ráðh. gat um, þrengzt sá upplýsingahringur, sem veðurspárnar eru byggðar á, og torveldar það mjög, að hægt sé að byggja á veðurspánum sem áreiðanlegum.

Ég greiði glaður og ánægður atkv. með þessu frv., enda eru þetta ekki nema lítilsháttar óþægindi fyrir okkur í samanburði við þær fórnir, sem aðrir verða að færa nú fyrir sitt land. Það væri og næsta óhyggilegt af okkur að halda áfram að varpa út veðurfregnum, eins og nú er ástatt, svo að unnt væri ef til vill að kenna okkur um, að þessi eða hin slys hafi orðið vegna þess að byggt hafi verið á veðurfregnum frá Íslandi.

Þó ég skilji, að það sé ekki þægilegt vegna okkar atvinnuvega að vera án veðurfregnanna, þá hygg ég, að engan muni iðra þess, þótt við séum ekki að stinga nefinu milli stafs og hurðar hvað þetta snertir.

Forseti (EÁrna): Ég vil geta þess, að frv. var breytt lítilsháttar í Nd. frá því, sem það er á þskj. (464), sem hv. dm. hafa fyrir framan sig. Var bætt inn í á eftir orðunum „veðurákvæðið": af ríkisstjórninni. Þetta bið ég hv. dm. að taka til athugunar við atkvgr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 471).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 479).

10. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 8. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga** (stjfrv., A. 193).

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller)**: Um þetta mál og næsta mál á dagskránni skal ég geta þess, að þau hafa orðið nokkuð síðbúin, og stafar það að nokkru leyti af því, að nokkuð var í óvissu um það, hvaða ráðstafanir og varúðarráðstafanir nauðsynlegt þætti að gera í sambandi við greiðslur úr ríkissjóði á næsta ári og tekjuþörfina. Það var þess vegna hinkrað við með þessi frv. að leggja þau fyrir hv. d., en nú er komið á síðustu daga þingsins, svo það er nauðsynlegt, að þessum málum verði hraðað. Þau eru hinsvegar eins úr garði gerð og á síðasta þingi. Á síðasta þingi var gerð nokkur breyt. á frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, sem er næsta mál á dagskrá, en ég geri ráð fyrir, að það muni verða samkomulag um það nú, eins og var á síðasta þingi, að því er þessa breyt. snertir.

Ég vil sérstaklega taka það fram að því er frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs snertir — ég vænti þess, að hæstv. forseti hafi ekkert á móti því, að ég tali um það mál um leið —, að ég fyrir mitt leyti og við ráðh. Sjálfstfl. höfum að vísu haft tilhneigingu til þess að gera á því nokkrar breyt., en það hefir hinsvegar orðið að samkomulagi í ríkisstj. að leggja þessi mál fyrir þetta þing eins og gert hefir verið á undanförnum árum, bæði vegna þess, að ríkissjóður má ekki eins og nú er komið missa tekjur þær, sem hann hefir haft, og hinsvegar er það ekki undirbúið að sjá honum fyrir tekjum í staðinn.

Ég geri ráð fyrir, ef stjórnarsamvinnan helzt, að þá verði teknar upp tilraunir til þess að komast að einhverju samkomulagi um fyrirkomulag skattakerfisins, en þessi mál eru eins og kunnugt er í mþn. til athugunar, svo það er ekki ástæða til að gera þar neinar breyt. fyrr en hún hefir lokið störfum.

Ég vænti þess svo, að hv. d. afgreiði bæði þessi mál á venjulegan hátt, og þeim verði að lokinni þessari umr. vísað til n., sem væntanlega verður fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 231).

Of skammt var liðið frá útbýtingu uál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson)**: Frv. þetta er shlj. gildandi l. um þetta efni. N. hefir borið það saman við l. og séð, að svo er. N. hefir lagt til, að 2 smáefnisbreyt. séu gerðar á frv., og eru þær á þskj. 231. Önnur brtt. er um það, að 10. liður sé hækkaður úr 3 þús. kr. upp í 5 þús. kr. Þessi liður gerir ráð fyrir því, að þrátt fyrir frestun l. um læknishéraða- og prestakallasjóði skuli þó 3 þús. kr. renna í prestakallasjóð. Brtt. fer fram á, að þessar 3 þús. kr. séu hækkaðar upp í 5 þús. kr.

Þegar þessir liðir voru upphaflega settir inn í l., þá var alveg frestað framkvæmd l. um læknishéraða- og prestakallasjóði.

Eins og hv. þdm. sjálfsagt vita, þá er það ákveði í l., að ef þessar embættismannastéttir eru ekki fullskipaðar, þá skuli nokkur hluti þess, sem þannig sparast ríkissjóði, renna til þess að bæta upp að nokkru leyti þessi skörð, sem verða í starfi viðkomandi stétta við það, að embættin eru ekki veitt. Þessi l. eru eðlileg.

Því var frestað á sínum tíma að greiða þetta, en í fyrra var þessi frestur afnuminn að því er kemur til læknishéraðasjóða. Þau l. eru aftur komin í framkvæmd, svo í þessa sjóði rennur það fé, sem ákveðið er.

Aftur á móti er enn frestað ákvæðum 5. gr. l. um prestakallasjóði og n. fannst það ekki nema sanngjarnt, að nokkuð rífara fé mætti þá renna til þeirra. Ég veit ekki upp á vist, hvað mörg prestaköll það eru, sem eru óveitt, en það munu vera undir 15 þús. kr., sem ættu að renna til þeirra, ef l. væru framkvæmd. Mörg árin hafa það verið 12—16 þús. kr., sem hafa átt að renna til ráðstöfunar kirkjuráðs í þessu skyni, ef l. hefði ekki verið frestað. N. fannst það því ekki nema sanngjarnt, að þessi upphæð væri dálítið hækkuð.

Það er líka önnur ástæða, sem kemur hér til greina, en hún er sú, að sumt af þeirri starfsemi, sem kirkjuráðið hefir með höndum, er þess eðlis, að hún hækkar töluvert með aukinni dýrtíð, t. d. útgáfustarfsemi, sem kirkjuráðið styður að. Það er enn ein ástæða, sem mælir með þessu. Meðan þessi l. voru í gildi, þá rann til ráðstöfunar kirkjuráðs nokkuð mikið fé, en kirkjuráðsmennirnir fóru að eins og vitrir ráðsmenn, að þeir lögðu fyrir nokkurt fé, sem þeir hafa svo treint til að borga með þá starfsemi, sem þeir hafa með höndum. Nú er þetta fé þrotið. Nú er því ekki um annað fé að ræða en það, sem á hverjum tíma má renna til ráðstöfunar í þessu skyni.

Ég fyrir mitt leyti hefði óskað þess, að þessi l. væru tekin út, svo þessi meinlausu l. um læknishéraða- og prestakallasjóði hefðu fengið að koma til framkvæmda. Ég vildi þó ekki fara fram á það, heldur kaus ég að vera samnm. mínum samferða, svo n. gæti óklofin skilað þeim till., sem koma fram.

2. brtt. n. er samskonar að því leyti, að þar er líka um 2 þús. kr. hækkun að ræða. Búnaðarmálastjóri kom á fund n. og tjáði henni, að það mundi láta nærri, ef þetta tillag væri hækkað um 2 þús. kr., að hægt væri að framkvæma þau l., sem hér um ræðir. Ef ætti að draga svo úr þessu, að ekki væri hægt að fram-

kvæma l., þá ætti heldur að taka þennan lið burt úr l. Hann sagði réttilega, og n. sá það einnig, að það væri samt sem áður aðhald í því, að þessi liður væri í l., því þá mætti ekki fara fram úr 70 þús. kr., svo það gæti orðið til þess, að ný starfsemi væri síður hafin. Það gæti kannske verið rétt að skera niður ⅓ eða ½ af allri upphæðinni og skera svo framlögin niður á sama hátt, en að skera 2 þús. af 70 þús. getur á hinn bóginn komið ónotalega við. Það geta orðið vandræði úr því í framkvæmdinni.

Það verður að gera ráð fyrir því, að l. um þetta atriði fái að vera í gildi, þó ekki vinnist tími til að breyta fjárl.ákvæði í samræmi við það.

Þá eru það 2 prentvillur, sem n. taldi rétt að leiðrétta með brtt., úr því að hún tók eftir þeim. Það er sérstaklega önnur í 15. lið, sem breytir efni gr., því þar stendur „menntaskólanum“ fyrir „menntaskólunum“.

Ég vil aðeins benda á það, sem mér hefir verið bent á, eftir að n. skilaði till., að í 20. liðnum er klausa í niðurlaginu, sem í raun og veru er gengin úr gildi, en þetta má athuga fyrir 3. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég þarf í raun og veru ekkert að segja um þessar till. Ég tel, að þar sem n. leggur til, að 2 liðir hækki um 2 þús. kr. hvor, sé ekki um svo stórvægilega upphæð að ræða, að það geti valdið ágreiningi. Prentvillur er auðvitað sjálfsagt að leiðrétta.

Viðvíkjandi 20. liðnum, þá á hann ekki að standa eins og hann er, en hvort ástæða er til að setja ákvæði viðvíkjandi þessu máli fyrir næsta ár, hefi ég satt að segja ekki hugsað út í. Það er rétt, að n. athugi þetta fyrir næstu umr.

ATKVGR.
Brtt. 231,1 samþ. með 9:1 atkv.
— 231,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 231,3—4 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 263, 274, 275).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 275. — Afbrigði leyfð og samþ. um fyrra atriðið með 11 shlj. atkv. og hið síðara með 12 shlj. atkv.

***Jónas Jónsson:** Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp brtt. við þetta frv., á þskj. 275, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Reykv.:

„Við 2. Aftan við liðinn bætist: Þó er fjmrh. heimilt að greiða í þjóðleikhússjóð, ef fjárhagur ríkissjóðs leyfir, þann hluta af skemmtanaskatti ársins 1941, sem í sjóðinn hefði átt að renna samkv. nefndum l., en án álags samkv. síðari lagaheimildum.“

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefir ríkissjóður síðan 1932 fengið allar tekjur af skemmtanaskatti, er áttu að renna í þjóðleikhússjóð, og hefir það leitt til þess, að þessi stóra bygging stendur enn alveg eins og hún var þá, og verður fyrir nokkrum skemmdum ár frá ári fyrir utan allt annað óhagræði, sem af því leiðir. Tap ríkissjóðs mun vera um 50 þús. kr. á ári við það, að húsið stendur ónotað. Þjóðleikhúsið myndi gefa af sér a. m. k. 50 þús. kr. tekjur á ári, væri það fullgert. Menn geta deilt um það, hvort rétt hafi verið að ráðast í þessa dýru byggingu, en um það tjáir ekki að sakast nú. Byggingin hefir nú verið reist á þeim stað, sem hún stendur nú, og var það gert samkv. heimild frá Alþ. 1923, og lagður til hliðar skemmtanaskattur til að koma upp þessu húsi. Enginn vafi er á því, að ríkisstj. gerði hér réttar ráðstafanir til þess að koma upp veglegu þjóðleikhúsi, og ríkisstj. ætlaðist til, að byggingunni yrði haldið áfram og húsið fullgert. En hinn þröngi fjárhagur ríkissjóðs á undanförnum árum hefir valdið því, að skemmtanaskatturinn hefir verið látinn renna í ríkissjóð. Ég ætla ekki að fara út í það, hve mikil upphæð það væri, heldur skýra brtt. mína á þskj. 275 á þá leið, að hæstv. fjmrh. er gefin heimild til að skila þessu fé, ef svo skyldi takast til, að fjárhagur ríkisins yrði sæmilegur á árinu 1941. Ekki virtist rétt að fara þá leið, að fella þetta alveg niður að þessu sinni. Ég vænti þess, að hv. þm. hafi mjög glögga hugmynd um, hvernig fjárhagur ríkisins er orðinn, en samt er sýnilegt, að hér er um skuld að ræða, sem ríkið er í, og svo framarlega sem aðstæður leyfa, á ríkið að hætta að taka þetta fé. Ef svo til bæri, að hæstv. fjmrh. gæti borgað þetta framlag á árinu 1941, þá yrði það lagt í þjóðleikhússjóð og safnað saman þar til stríðinu er lokið, en þá yrði lokið við húsið.

Þessi till. er ekki beinlínis borin fram eftir ósk hæstv. fjmrh., því að það er ekki von, að hann óski eftir útlátum fyrir ríkissjóð. En þó er hún ekki borið fram án hans vitundar, og hann mælir með því, að hún verði samþ. Það má segja, að mestar líkur séu til þess, að hún verði samþ. Að sjálfsögðu þora menn ekki að spá neinu um það, að fjárhagur ríkisins verði svo góður árið 1941, að þetta verði framkvæmanlegt, en till. er áminning til þessarar þjóðar um það, að það er ekki hægt að halda því áfram til eilífðar að láta þjóðleikhúsið standa hálfgert. Mér þykir sennilegt, að á næsta Alþ. yrði e. t. v. hægt að bera fram till. skylda þessari, og fá hana samþ., um það, að Alþ. beiti sér að nýju fyrir því, að ríkið borgi þetta lán á næstu 2—3 árum eftir stríðið, svo að húsið verði fullgert.

Ég vil aðeins stuttlega drepa á, að síðari hluti till. á þskj. 275 gerir ráð fyrir því, að allur skemmtanaskatturinn, eins og hann var árið 1932, verði látinn renna í þjóðleikhússjóð, en ekki þær álögur, sem hefir verið bætt við skemmtanaskattinn á Alþ. síðan, svo að hann er nú miklu hærri en þá var. En þær viðbætur dettur þjóðleikhúsnefndinni ekki í hug að fara fram á, að renni í þjóðleikhússjóð; það hefir aldrei verið ætlazt til þess, að þær færu til þeirrar byggingar.

Ég vil svo ljúka máli mínu og vil vona, að þessari till. verði vel tekið af hv. Ed. og að málið verði afgr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það var út af þeirri brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 275, sem ég vil taka það fram, að á síðasta Alþ. var, ef ég man rétt, samþ. heimild fyrir ríkisstj. til að verja 45 þús. kr. úr ríkissjóði til þess að gera svo við þjóðleikhúsið, að hægt yrði að koma þjóðminjasafninu þar fyrir. En þessi till., sem hér liggur fyrir, miðar einnig að því að bæta þjóðleikhúsið, og ég hygg, að ef sú till. verður samþ. í þetta skipti, verði hún til þess að létta undir og stuðla að því, að fært yrði að koma þjóðminjasafninu þar fyrir, því að þegar fé yrði veitt til að gera við húsið, myndi vonandi ekki líða á löngu þar til unnt yrði að bjarga þjóðminjasafninu úr þeim voða, sem það nú er í. Ég geri ráð fyrir, að þetta fé verði notað til þess að koma fyrir hitaleiðslum í þjóðleikhúsið og annara lagfæringa, og ég tel, að það heimildarfé, sem veitt var til þess á fjárl., 45 þús. kr., þurfi að ganga að miklu leyti til þess, en ekki til að innrétta sjálf herbergin. Ég tel það þjóðþrifafyrirtæki og nauðsynjafyrirtæki að koma þessu í verk, og ég held, að þessi till. hjálpi til þess, ef hún verður samþ. Ég treysti mér ekki til að standa móti henni og mun greiða henni atkvæði, því að verði hún samþykkt, mun þjóðleikhúsið fá þó nokkrar tekjur og trygging fást fyrir öryggi þjóðminjasafnsins.

Bernharð Stefánsson: Sökum þess, að frsm. fjhn., hv. 1. þm. Reykv. situr nú í forsetastól og er þess vegna forfallaður að hafa framsögu í þessu máli, ætla ég að geta þess, að fjhn. hefir borið fram brtt. við þetta frv. á þskj. 274, um að fella niður síðari hlutann af 20. tölul. 1. gr. frv., því að það ákvæði er óþarft í frv. sökum þess, að umboð þeirra manna, sem þar um ræðir, féllu niður með þeim „bandormi", sem samþ. var á síðasta þingi.

Þá vil ég geta þess, að fjhn. í heild sinni hefir vitanlega alls ekki haft til athugunar brtt. á þskj. 275, þar sem henni var nú fyrst útbýtt á þessum fundi. Þess vegna er ekki hægt að segja neitt um afstöðu fjhn. til þeirrar till., en vitað er um afstöðu formanns n., þar sem hann er annar af flm. þeirrar till. Ég ætla ekki að fara fram á það, enda hefi ég ekki umboð til þess frá n. hálfu, að málinu verði frestað, en e. t. v. væri ástæða til að ljúka ekki þessu máli nú, og fjhn. athugaði þessa till., því að hér er um töluvert atriði að ræða. En hv. frsm. hefir ekki gert neina kröfu um það, og þess vegna ætla ég ekki að mælast til þess.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Í sambandi við till. á þskj. 275 langar mig til að biðja um nokkrar upplýsingar. Ég skal taka það fram, að ég er með till. eins og hún liggur fyrir, hvort sem ég fæ svar við fyrirspurnum mínum eða ekki. Í fyrsta lagi langar mig til að vita, hve mikið fé þar er um að ræða. Ég geri ráð fyrir, að það sé hv. flm. ljóst, þótt það sé ekki ljóst fyrir mér vegna ókunnugleika míns á þessu máli.

Í öðru lagi langar mig til að vita, hvernig skilja beri það ákvæði, þar sem fjmrh. er heimilað að greiða í þjóðleikhússjóð, ef fjárhagur ríkissjóðs leyfir. En nú hefir við 2. umr. fjárl. komið fram till. um, að skera megi mörg gjöld ríkisins niður um 35%, og nú í dag var útbýtt hér á Alþingi frv. á þskj. 269, í 7 tölul., þar sem lagt er til, að skera megi niður mesta fjölda af lögboðnum gjöldum um 35%. Að vísu veit maður ekki, hvort þessi heimild verður notuð, ef hún verður samþ., sem ég vona, að ekki verði. En ef hún yrði notuð og að því kæmi, að fjárhagur ríkisins yrði góður, — er þá meiningin, að þetta fé eigi að ganga fyrir, og að ríkið eigi að greiða það, þó að niðurskurður verði notaður? Eða er hitt meiningin, að fjárhagur ríkisins verði þá fyrst góður, ef enginn niðurskurður yrði gerður? Mér virðist þurfa skýlaus fyrirmæli um, hvað sé átt við með orðunum „ef fjárhagur ríkissjóðs leyfir". Mér skilst, að samkv. þeim till., er nú liggja fyrir um heimild til niðurskurðar á fjárl., megi deila um það, hvað átt sé við með þessum orðum. Annars vil ég segja það, að ég tel till. á þskj. 275 sjálfsagða, og engan vafa á, að þessi greiðsla eigi að ganga fyrir ýmsum öðrum framlögum ríkissjóðs.

***Jónas Jónsson:** Ég get svarað nokkru af því, sem hv. 1. þm. N.-M. spurði um. Skemmtanaskatturinn er náttúrlega allfastur liður. Öll árin frá 1927—1930 var hann að smáhækka ár frá ári, úr 70 þús. kr. upp í 100 þús. kr. árlega, og ég hygg, að hann myndi hafa komizt sum árin upp í 120 þús. kr. Sá hluti, sem hér um ræðir, með þeim viðbótum, sem Alþ. hefir síðan samþ., myndi komast upp undir 200 þús. kr., og í heild sinni hefir þessi skattur orðið hærri en áætlað var fyrst. Ég get því hugsað mér, að það mætti gera ráð fyrir því, að 90—100 þús. kr. af þessum skatti rynnu árlega í þjóðleikhússjóð, ef ekki breytist árferði frá því, sem nú er. Þessi upphæð myndi því sem næst svara til skemmtanaskattsins samkv. því, sem hann var árið 1932.

Um hitt atriðið, sem hv. 1. þm. N.-M. spurði um, get ég ekki sagt neitt ákveðið. Það er um þetta eins og margt annað, ef samþ. verður, þá verður hæstv. ríkisstj. að skera úr því. Ég ætla því ekki að fara nánar út í það atriði, en vil aðeins segja það, að því aðeins höfum við flm. þessarar till. orðað þetta þannig, að heimilt væri að greiða þetta, ef fjárhagur ríkissjóðs leyfði, að við treystum okkur ekki til að fara greiðari leið en þá, að þetta yrði ekki fellt niður alveg skilyrðislaust. Þetta er mitt viðhorf, að ég álít, að ekki sé hægt að beita harðræðum, en ég treysti stj. til að haga þessu á skynsamlegan hátt, og hún yrði þá að taka tillit til þess hugsunarháttar, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. N.-M.

Ég þakka hv. 5. landsk. fyrir það, sem hann sagði í sinni ræðu um þjóðminjasafnið. Það var hann, sem réð því, að það form var haft í vetur í fjhn., að leggja til, að það væri ekki bein skipun til stj. að láta laga nokkurn hluta af kjallara

þjóðleikhússins fyrir safnið, heldur var þetta lagt á vald stj. Ég er sömu skoðunar og hann, en ég vil árétta það, að ég álít, að það sé blátt áfram lífsnauðsyn, ef eitthvað verður unnið að húsum í Rvík og hitaveitan kemst á, að gera þetta í sumar. Það má segja, að hætta sé á því, að hvern klukkutíma, sem safnið er lengur þar, sem það nú er, eyðileggist það á svipstundu.

Ég vil hinsvegar taka það fram til skýringar fyrir þá, sem ekki eru kunnugir húsinu, að það er ekki gert ráð fyrir því, að þó í þjóðleikhússkjallaranum sé tekið nægilegt pláss fyrir þjóðminjasafnið fyrir 10—20 ár, að það hafi nein áhrif á aðaltilgang hússins. Þegar þar að kemur, þá rekur þetta sig ekkert á.

Ég vil svo um leið, af því að þetta mál kemur fleirum við en Rvík einni, benda á, að þegar til þess kemur, að þetta hús verður fullgert, þá er af öllum þeim, sem mest hafa starfað að þessu, gert ráð fyrir, að það sé eðlilegt að hafa í því kvikmyndasýningar 4—5 sinnum á viku, en ekki leiksýningar nema 2—3 sinnum á viku, því húsið er það stórt.

Ég vil svo bæta við frá eigin brjósti, sem ég hefi stungið upp á í blaðagrein nýlega, að ég hygg, að þegar komið er að því, að ríkið reki kvikmyndahús, þá eigi það að vera áhrifarikt í sambandi við kvikmyndasýningar í dreifbýlinu, ekki þannig, að hægt sé að senda myndir í lítil fundarhús, heldur eigi að vera fast samband milli þessa hluta af kvikmyndastarfseminni og dreifbýlisins. Í vetur var gerð tilraun í þessu skyni af einum læknaskólastúdent, sem ferðaðist um landið með hreyfanlegt bíó, sem gekk vel. Ég álít, að það eigi að reka þetta þannig, að það geti orðið bæði til mikils gagns fyrir höfuðstaðinn, og það sé líka eðlilegt að láta dreifbýlið njóta góðs hér af, þar sem það hefir líka lagt í þessa húsbyggingu.

ATKVGR.
Brtt. 275 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 274 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 285).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta frv. er ekkert annað en framlenging á gildandi l., sem ekki þykir fært að láta nú niður falla, frekar en áður, eins og horfurnar eru um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, og ekki aðeins þetta frv., sem nú er til umr., heldur einnig það næsta á dagskránni, frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Það er þannig ástatt um bæði þessi mál. Um síðara frv. er það að segja, að þó að ýmsir hv. þdm. kynnu að vísu að sjálfsögðu að bera þá von í brjósti, að hægt væri að gera á því þær breyt. að fella niður þá skatta, sem þar er um að ræða, og sérstaklega hátekjuskattinn, sem 2. gr. frv. fjallar um, þá er auk þarfa ríkissjóðs nú þess að gæta, að starfandi er milliþn. í skattamálum, sem gera má ráð fyrir, að á næsta ári ljúki við till. sínar um fyrirkomulag skattamála. Bæði af þessum og öðrum ástæðum varð samkomulag um það hjá ríkisstj. að bera frv. þetta nú fram í sama formi og verið hefir.

Vænti ég svo, að frv. gangi til 2. umr. og hv. fjhn. til athugunar.

***Einar Olgeirsson:** Þetta frv. er nú gamall kunningi, sem er kominn einu sinni enn hér.

Ég ætla aðeins almennt að lýsa andstöðu minni gegn því, að sífellt sé verið að skera niður framlög til þeirra sjóða, sem reynt hefir verið að safna í á undanförnum 10 árum til þess að nota féð síðan til að bæta að einhverju leyti úr þörfum almennings hér á landi, ekki síst hvað byggingarsjóði snertir, bæði til sveita og í kaupstöðum. Það er nú farið fram á það, eins og á undanförnum árum, að allar tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins renni til ríkissjóðs, en ekki til byggingarsjóða í kaupstöðum annarsvegar og í sveitum hinsvegar. Og svo er það látið standa, sem samþ. var á síðasta þingi, að framlög lækki til byggingar- og landnámssjóðs, til búfjárræktarinnar, til verkfærakaupasjóðs og fiskimálasjóðs. Og þegar á þetta bættist, að þau gjöld á þar á eftir að skera niður verulega, þá virðist litið eftir af umbótastarfsemi síðustu 10 ára. Það virðist vera takmark þjóðstj. að ganga á einu ári á milli bols og höfuðs á því, sem byggt hefir verið upp í þessum efnum á 10 árum. Og svo er hæstv. atvmrh. að afsaka það, að ekki sé hægt að lækka hátekjuskattinn!

Við þm. sósíalista erum andvígir þeim till., sem hér í felast, og mun ég ræða það betur við komandi umr. þessa frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 467).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Þetta frv. á þskj. 193 er flutt af hæstv. ríkisstj. og hefir komið hingað frá Ed.

Fjhn. hefir athugað þetta frv. og borið það saman við gildandi l., sem gilda fyrir þetta ár, og mælir einróma með því, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það er nú.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara neitt nánar út í þetta frv., vegna þess að það er svo alkunnugt, að það er frestun á ýmsum lagaákvæðum, sem gilt hafa undanfarið. En það hefir ekki verið gengið nægilega að því að nema úr gildi nokkur ákvæði, sem frv. fjallar um. En n. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég ætla aðeins að geta þess, eins og ég mun hafa tekið

fram við 1. umr. þessa máls, að ég mun koma með brtt. við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Það eru nokkrir liðir í þessu frv., sem ég vildi leggja til, að yrðu felldir burt. Það er í fyrsta lagi 3. liðurinn, um ágóðann af tóbakseinkasölunni. Það var upprunalega svo ákveðið, að tekjum af tóbakseinkasölunni skyldi varið til bygginga í landinu. Það er búið að bregðast því að framkvæma þetta í 7—8 ár. Og þótt nú líti svo út með byggingar sem raun er á, þá er þess vegna ekki minni ástæða til að tryggja, að þegar hægt yrði aftur að hefjast handa um byggingar, þá yrði til eitthvert fé til bygginga fyrir þá, sem harðast verða úti, sem sé þann hluta verkalýðsins, sem verkamannabústaðirnir eru ætlaðir fyrir. Ég vildi þess vegna leggja til, að felldur yrði niður þessi 3. liður og tekjurnar af tóbakseinkasölunni yrðu látnar renna til byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsjóðs sveitanna, eins og upphaflega var ætlazt til.

Ennfremur flyt ég till. um, að sú nýja gr., sem bætt hefir verið við frv., falli burt, og eins 12. gr., og þar með sé tryggt, að þau framlög, sem áður áttu að renna til byggingar- og landnámssjóðs, verði látin renna þangað áfram. Einnig hefi ég lagt til, að 16. gr. verði felld burt. Nú er að vísu búið að ganga þannig frá fjárl. fyrir 1941, að þetta er öfugt við þau. Ég geri líka ráð fyrir, að fylgismenn ríkisstj. beri því við. En ég vil í því sambandi benda á, að það er óforsvaranlegt að afgr. fjárlög þvert ofan í gildandi l., svo ég þykist vera í eins miklum rétti með að bera fram þessa brtt. nú eins og meiri hl. var með að samþ. fjárl. eins og þau voru afgr. þvert ofan í gildandi lagafyrirmæli.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en vildi biðja forseta að leita afbrigða fyrir þessar till.

Forsti (JörB): Mér hafa borizt skriflegar brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. við nokkra liði 1. gr. frv., sem hann hefir nú lýst. Þessar till. eru of seint fram komnar og skriflegar og þurfa tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 487) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 487,1 felld með 17:2 atkv.
— 487,2 felld með 18:2 atkv.
— 487,3 felld með 19:2 atkv.
— 487,4 felld með 17:2 atkv.

Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

---

11. Fjáraukalög 1938.

Á 8. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1938 (stjfrv., A. 197).

Á 9. fundi í Sþ., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég hefi ekki mikið um þetta mál að segja. Frv. er samið eftir landsreikningnum og í samræmi við aths. endurskoðenda. Landsreikningurinn hefir að vísu ekki komið fram ennþá, en það er búið að prenta hann og hann verður lagður fram næstu daga.
Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 454).

***Frsm. (Helgi Jónasson):** N. hefir farið yfir frv. og borið það saman við gildandi ríkisreikninga og ekkert fundið athugavert, en vill þó vekja athygli á því, að umframgreiðslur hafa farið alllangt fram úr áætlun, einkum að því er snertir starfsmannahald ríkisins. Vill n. aðeins benda á þetta, en leggur annars til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 511).

---

12. Fjáraukalög 1939.

Á 15. fundi í Sþ., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1939 (stjfrv., A. 397).

Á 18. fundi í Sþ., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv

---

Á 19. fundi í Sþ., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 449).

Frsm. (Helgi Jónasson): N. hefir farið yfir frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

13. Ríkisreikningurinn 1938.

Á 8. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum 1938 (stjfrv., A. 195).

Á 22. fundi í Nd., 26. marz., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 27. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 469).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Herra forseti! Fjhn. hefir borið frv. saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1938. N. hefir fundið aðeins eina skekkju eða misritun og leggur til, að sú skekkja verði leiðrétt í próförk. N. lítur svo á, að þótt n. eða einstakir nm. hefðu óskað að koma með brtt., þá sé orðið svo áliðið þings, að þær myndu alls ekki geta fengið afgreiðslu á þessu þingi. N. hefir látið nægja að þessu sinni að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á þeim atriðum fyrst og fremst, sem yfirskoðunarmenn þessa reiknings hafa vísað til aðgerða Alþingis. Og væntir n., að hæstv. ríkisstj. taki þær aths. yfirskoðunarmanna til sérstakrar yfirvegunar með tilliti til afgreiðslu ríkisreikningsins framvegis.

Einn nm. hefir undirritað nál. með fyrirvara, sem mun byggjast á þeirri afstöðu hans, að jafnframt því, sem hann er nm., er hann yfirskoðunarmaður ríkisreikningsins, og mun hann gera grein fyrir sínu atkv. En n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt með þessari leiðréttingu, sem ég hefi gert grein fyrir.

***Jón Pálmason:** Eins og frsm. tók fram, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, og er sá fyrirvari vegna þess, að mér fellur hvorki í þetta sinn eða áður sú aðferð, sem höfð er við afgreiðslu ríkisreikninganna. Það er eins og það sé orðin föst venja hér á Alþingi, að þótt bornar séu fram rökstuddar og ítrekaðar aths. við ríkisreikningana, skiptir Alþingi sér ekkert af þeim aths., og það er látið fljóta, þótt endurteknar séu ár eftir ár þær misfellur, sem yfirskoðunarmenn finna að.

Það var svo, og er enn, að fjvn. hefir setið yfir því vikum saman að hnitmiða, hvað ætti að greiða í laun til þessa og hins og hvað ætti að greiða til þessarar eða hinnar framkvæmdarinnar, og semja um það ýtarlega skrá. Mestur hlutinn af tíma þingsins fer í það ár eftir ár að semja fjárlögin, en svo hefir reynslan sýnt bæði á árinu 1938 og áður, að eftir fjárl. er ekki farið nema í einstökum atriðum. Til sönnunar því, hve mikið hefir verið farið eftir fjárlögum 1938, er það, að við *höfum nú með að* gera fjáraukalög upp á rúmlega 3 millj. króna. Svona hefir þetta gengið á undanförnum árum. Þetta er fyrirkomulag, sem ég tel bera mjög raunalegan vott um, hvernig störfunum er hagað. Þess vegna er það ekki furða, þótt *þeir menn*, sem hafa verið með í því að yfirfara þessa reikninga og hina, sem samþ. voru á síðasta Alþingi, eigi erfitt með að samþ. þessa reikninga. En það er ljóst, að úr því að ekki næst *samkomulag um að bera fram tillögur til breyt.* í þessu efni, muni það hafa næsta litla þýðingu fyrir mig að fara að flytja þær undir þinglokin.

Það stendur að því leyti sérstaklega á, að við *höfum yfir okkur stjórn*, sem studd er af öllum flokkum þingsins, og hefir verið ætlazt til þess, að hún tæki til rækilegrar athugunar að koma betra lagi á okkar fjármál, hvort sem úr því verður, en ég verð að draga í nokkurn efa, að það verði eins og til er ætlazt.

Þau dæmi, sem dregin eru fram af mér og mínum samstarfsmönnum, eru nokkuð ljós. Fjórða aths. er um það, að í launagreiðslum starfsmanna hefir verið farið mjög mikið fram úr því, sem starfsmannaskrá fjallar um. Þetta

munar hvorki meira eða minna en 600 þús. kr. Þessi upphæð er þó ekki allt, sem hér um ræðir, því hinar smærri upphæðir hafa endurskoðendur ekki tekið með. Þessar umframgreiðslur, svo stórkostlegar sem þær eru, eru m. a. fólgnar í því, að það hafa verið ráðnir fleiri starfsmenn heldur en til er ætlazt og auk þess veittar margvíslegar uppbætur og greiðslur, sem eru umfram það, sem ætlazt er til á fjárlögum. Þetta er atriði, sem við yfirskoðunarmenn teljum nauðsyn bera til, að komi til athugunar, og þótt fjvn. hafi lagt í það mikla vinnu að undirbúa þetta, virðist lítið tillit tekið til þess af hæstv. ríkisstjórn.

Ein aths. er sérstaklega um útvarpið, og má segja, að það sé ein af þeim stofnunum, sem einna frekastar eru í því að fara fram úr fjárlögum. Á þessu ári var greitt í laun hjá ríkisútvarpinu hvorki meira eða minna en 74 þús. kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárl., og er það að mestu leyti til einstakra starfsmanna og í ýmiskonar kostnað, sem þingmenn hafa veitt athygli og yfirskoðunarmenn hafa bent á. Þetta þarf að taka til rækilegri athugunar en gert er.

Þriðja dæmið er varðandi útistandandi skuldir ýmissa fyrirtækja, og þótt undarlegt megi virðast, fáum við þau svör, að það sé engin óeðlileg starfsemi, sem hér eigi sér stað, þótt útistandandi skuldir skipti milljónum. Ég verð að segja, að það sé mikið, og vil geta þess, að landsverzlunin gamla á enn útistandandi skuldir að upphæð 182 þús. kr., og það hefir verið maður á launum fram á þennan dag til þess að hafa með þetta að gera. Ég býst við, að þetta fljóti meðan fyrirtækin starfa, en það kemur bezt í ljós, hvernig þetta er, þegar þau fyrirtæki eru lögð niður, sem athugasemdirnar fjalla um. Raftækjaeinkasalan hefir nú verið lögð niður, og hjá henni eru útistandandi skuldir 497 þús. kr., og kemur nú á það reynsla, hvernig gengur að innheimta það. Því ber ekki að neita, að við þessar stofnanir sumar verður að vera nokkur útlánastarfsemi, þar sem vörur eru seldar með afborgunum, eins og bílar og viðtæki.

Næsta dæmið, sem vísað er til Alþingis, er um ríkisbúin. Það er atriði, sem var til umr. á seinasta hluta síðasta Alþingis, bæði í blöðum og á Alþingi, en við fáum þau svör um þetta frá stj., að engar ráðstafanir verði gerðar til þess að breyta þessari starfsemi.

Þá er næsta atriði, sem vísað er af okkur til aðgerða Alþingis, en það er varðandi ríkisspítalana, og það er atriði, sem í sambandi við síðustu reikninga var þrautrætt og þarf ekki að fara mikið út í. Aðalatriðið er það, að rekstrarkostnaður fer mjög mikið vaxandi. Það verður að viðurkenna, að nú er dýrtíð byrjandi og fer vaxandi, en fram að þeim tíma teljum við, að hægt hefði verið að komast af með minni útgjöld.

Þá eru nokkrar aðrar aths., sem vísað er til aðgerða Alþingis, t. d. varðandi útgáfu símaskrárinnar, sem er að vísu lítið atriði, en hefir þó sína þýðingu. Sá maður, sem sér um útgáfu símaskrárinnar, hefir býsna há föst laun, en hann fær fyrir að sjá um skrána allt það, sem kemur inn fyrir auglýsingar í henni. Við teljum þetta óviðfelldið og óskum, að það sé tekið til athugunar. Viðvíkjandi ríkisskattanefndinni og skrifstofu húsameistara eru það býsna háar upphæðir, sem þar eru greiddar umfram fjárlög og starfsmannaskrá. Hvað snertir skrifstofu húsameistara, hefir ekkert verið innheimt fyrir húsagerðir og teikningar, og höfum við fengið upplýsingar um, að hjá þeirri skrifstofu muni vera útistandandi um 30 þús. kr. Að vísu er mikið af því hjá hinu opinbera, en við teljum, að það eigi að koma breyting á þetta.

Þau meginatriði, sem við höfum vísað til Alþingis, benda til þess, að á undanförnum árum hafi verið farið ógætilega með fé ríkissjóðs. Hátt á annað hundrað þús. kr. eru óvissu gjöldin umfram það, sem áætlað er á fjárlögum. Ég mun nú ekki fara mikið út í það, vegna þess, að ég veit af reynslunni, að lítið tillit er tekið til aths. okkar af hálfu Alþingis, og sé ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist, að fara út í þetta, en tel, að á þessu getum við séð eina mestu sönnunina fyrir því, að okkar fjármál og fjármálastjórn eru í öngþveiti, þannig að við verðum að breyta til, hvort sem það verður gert fyrr eða síðar, því þetta fyrirkomulag á störfunum er ekki þannig, að það geti verið þjóðinni til heilla.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vildi gera að umtalsefni eitt alveg sérstakt atriði í reikningunum. Það er atriði, sem endurskoðunarmennirnir hafa gert aths. við og ég hefi áður minnzt á og nauðsynlegt er að taka til rækilegrar yfirvegunar, og það er, hvernig þeim auglýsingum er varið, sem hið opinbera hefir með að gera. Á árinu 1938 hefir áfengisverzlun ríkisins greitt í auglýsingar kr. 9845.73 og tóbakseinkasalan kr. 4420.80. Það er ennfremur vitanlegt, að fjöldi embættismanna hefir með þessar auglýsingar að gera. Það væri nú ekkert við því að segja, ef þessir embættismenn ráðstöfuðu auglýsingunum sem sjálfstæðir starfsmenn og embættismenn, en hinsvegar er það vitað, að ákveðin klíka hefir seilzt til þess að taka þessi ráð af embættismönnunum, og hefir hún gefið skipun út til þeirra um það, hvernig skuli ráðstafa þessum auglýsingum. Bæði forstjórum áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar og tollstjóra er meinað að gera ráðstafanir til þess að haga þessum auglýsingum á venjulegan hátt. Þeim er bannað það af valdakóngum þjóðfélagsins. Þess vegna koma skipanir til þessara embættismanna frá þeim, sem standa fremstir í stjórnmálaflokkunum, um að styðja blöð ríkisstjórnarinnar. Og þess vegna kom það fram hjá viðskmrh. í fyrra, að þessar auglýsingar bæri að skoða sem styrk til ákveðinna blaða í landinu, og vil ég taka það fram, að þessi aðferð og það, hvernig valið er uppi gagnvart embættismönnum þjóðarinnar, er beinlínis þjófnaður. (Forseti hringir). Ég vil algerlega mótmæla því, að meðan allir menn eiga að vera hér jafnréttháir, skuli ekki allir hafa jafnan rétt á því að sjá auglýsingar. Það er hart, að þeir, sem standa að blöðum eins og t. d.

Þjóðviljanum, skuli ekki mega sjá aðrar eins auglýsingar eins og þegar lögreglustjóri auglýsir um sleðaferðir barna, — þegar auglýst er, hvar börn megi renna sér á sleðum og hvar ekki, mega lesendur Þjóðviljans ekki sjá það. Þegar svona er komið, er ríkisstj. farin að líta á ríkissjóðinn sem sinn prívat sjóð, eins og eitthvað, sem hún geti ráðstafað eftir geðþótta og hent í sína eigin flokksmenn. Hún er eins og ræningi, sem skiptir sjóðunum milli flokksbræðra sinna. (Forseti hringir). Ég vil algerlega mótmæla aðferð eins og þessari. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt, ef Íslendingar eiga að vera jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á að gefa út blöð, að hið opinbera auglýsi ekki jafnt í þeim blöðum. Ég skal upplýsa þá menn, sem telja sig vera að vernda lýðræðið hér á landi, um það, að annarstaðar á Norðurlöndum fer hið opinbera ekki eins að með auglýsingar. Þeir, sem hafa með þær að gera, gera sér það ekki til skammar að auglýsa ekki í öllum blöðum jafnt. Menn geta séð á kommúnistablöðunum í Osló, sem ekki eru mjög útbreidd, hvernig menn líta á þetta í því þjóðfélagi. Þar virðist ekki vera sama skoðunin eins og hér. Hérna er það skoðun þeirra, sem með völdin fara, að hver sá flokkur, sem kemst í valdaaðstöðu, geti ráðstafað ríkissjóðnum á sama hátt og valdaklíkan gerir með embættin. Þessi klíka álítur sig hafa sérstakan rétt til þess að láta sína eigin skoðanabræður ganga fyrir öllum embættum. Þó hefir þetta Alþingi lýst sig andvígt skoðanakúgun, með því að fella tillögu frá hv. þm. S.-Þ., sem er upphafsmaðurinn að því að skipuleggja skoðanakúgun á Íslandi. Hér er verið að gera sérstaka verzlun. Þegar Sjálfstfl. varð stjórnarflokkur, var samið um það, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi auglýsa í blaði Framsfl., Tímanum, og hinsvegar að ríkisstj. skyldi auglýsa meira en áður í Morgunbl. og Vísi. Það var samið um það, að annar aðilinn skyldi láta bæjarsjóð Reykjavíkur hjálpa til að borga útgáfu Tímans, og að hinn aðilinn skyldi styrkja Mbl. og Vísi meira en verið hefði.

Ég vildi með þessu benda á það, að hér í okkar þjóðfélagi eru þeir, sem með völdin fara, að færa sig meira og meira upp á skaftið með það, að líta á ríkissjóðinn sem nokkurskonar flokkssjóð, sem þeir geti ráðstafað til sinna flokksmanna, til þess svo að geta hangið lengur áfram við völd í landinu.

***Steingrímur Steinþórsson:** Ég ætla ekki að fara að tala almennt um ríkisreikninginn eða aths. endurskoðenda við hann, en ég get þó ekki látið hjá líða að nefna 4. aths., þar sem talað er um, hve launagreiðslur fari mikið fram úr því, sem tilfært er á starfsmannaskrá. Þar er tilfært, að Búnaðarfélagið hafi átt að greiða 62 þús. kr. í laun, en hafi greitt 89 þús. kr. Nú veit ég, að þetta er mesta fjarstæða, og hefi ég hér með reikninga Búnaðarfélagsins prentaða og hefi tekið upp launagreiðslur félagsins, en þær eru ekki yfir 64 þús. kr. Ég hygg, að endurskoðendunum hafi fatazt í því að taka allan ferðakostnað starfsmanna Búnaðarfélagsins með inn í launagreiðslurnar, en slíkt nær auðvitað ekki nokkurri átt. Og mér þykir nokkuð hart, að yfirskoðunarmenn skuli koma með aðfinnslur og vísa því til Alþingis, sem er svona mikil fjarstæða, eins og reikningur Búnaðarfélagsins ber með sér, og hefðu þeir átt að athuga það, að hér eru ekki greiddar 27 þús. kr. fram yfir það, sem gert er ráð fyrir, heldur aðeins um 2 þús. kr. Hvort þeir hafa tekið ferðakostnað með sem laun, veit ég ekki, eða hvort þeir taka námsstyrki og telja þá sem laun, en náttúrlega dettur engum í hug að taka slíkt inn á starfsmannaskrá.

Ég tel ekki rétt að vísa athugasemdum eins og þessum, sem ekki eru á áreiðanlegum rökum byggðar, til Alþingis.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Jón Pálmason:** Ég gerði ekki ráð fyrir, að 3. umr. færi nú þegar fram. En í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Skagf. hafði ég hugsað mér að hafa við höndina fyrir 3. umr. gögn, sem nauðsynleg eru til að svara aths. hans, en ég hygg, að það, sem okkur ber þar á milli, liggi í því, að hér séu teknir fleiri starfsmenn inn í en hann hefir tekið með í sínum reikningum, og þar á meðal munu vera bæði launagreiðslur vegna umsjónar veiðimála og sandgræðslu. Hitt kann að vera, að dagpeningarnir, sem starfsmenn Búnaðarfélags Íslands hafa fengið, séu taldir með. En sem sagt, ég hefi ekki þessar skýrslur við höndina, en ef umr. verður frestað, þá er hægt að athuga þetta fyrir framhald umr. Ég skal svo láta forseta um það, hvort hann frestar umr. eða ekki.

***Steingrímur Steinþórsson:** Ég skal geta þess, að ég hefi ekki talið með sandgræðsluna og veiðimálanefndina. Við höfum ekki talið þessa menn með, vegna þess að þeir eru ekki starfsmenn Búnaðarfélagsins, heldur ríkisins, og taka sín laun beint úr ríkissjóði. Ég get hinsvegar skilið það, að ef allur ferðakostnaðurinn er talinn með launum, þá geti það hleypt þeim fram.

Forseti (JörB): Ég sé ekki ástæðu til að fresta umr. Ef þörf er, þá er hægt að koma nauðsynlegum aths. að í Ed. En það er svo ástatt um afgreiðslu mála, að Ed. vantar verkefni, og fyrir þá sök vildi ég gjarnan hraða því, að einhver mál kæmust til Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 519).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir athugað frv. og borið það saman við ríkisreikninginn. Ég vil vekja athygli á því, að það er smávægileg villa í frv. miðað við ríkisreikninginn, og benti fjhn. Nd. á það og taldi, að þessu mætti breyta, þegar l. verða prentuð upp, og tæki því ekki að bera fram sérstaka brtt. Fjhn. þessarar d. er sammála um, að ekki taki að bera fram sérstaka brtt. út af þessu smávægilega atriði.

Að því er snertir aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins, þá hefir n. ekki séð ástæðu til þess að bera fram neinar tillögur út af því. Hinsvegar felst ekki í því neinn dómur um störf yfirskoðunarmanna annar en sá, að n. lítur svo á, að ekkert af því, sem þeir benda á, sé svo stórvægilegt, að þörf sé sérstakra aðgerða Alþ. út af því.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn samþ. með 11 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Jóhann Jósefsson:** Hér hefir nú lítið verið minnzt á þetta mikla mál, sem um er fjallað, ríkisreikninginn. Hann liggur nú hér fyrir ásamt aths. endurskoðenda, og virðist mér sem þeim hafi þótt svör viðkomandi ráðh. ófullnægjandi og hafa vísað til aðgerða þingsins. En af því að einn af endurskoðendum á sæti í þessari hv. d., þá væri fróðlegt að heyra hans álit um það, hvernig hann hefir hugsað sér, að þær aðgerðir ættu að vera. Ég vil taka nokkur dæmi úr 5. aths. við landsreikninginn, þar sem kvartað er yfir því, að gjöldin við útvarpið séu 74 þús. kr. hærri en fjárl. heimiluðu, og sem svar við því er prentað hér: að aths. gefi ekki ástæðu til svars, að undanskildu niðurlaginu. Þessu telja endurskoðunarmenn sig ekki samþykka og vísa til aðgerða þingsins.

Ennfremur má benda á 8. aths., þar sem sýnt er fram á, hversu háar upphæðir séu útistandandi hjá ýmsum ríkisstofnunum, og þær taldar óhæfilega háar. T. d. hjá áfengisverzluninni 127 þús. kr., hjá tóbakseinkasölunni (ég sleppi hundruðunum) 187 þús., hjá bifreiðaeinkasölunni 124 þús., hjá viðtækjaverzluninni 310 þús. kr., hjá ríkisprentsmiðjunni Gutenberg 112 þús. kr., hjá landssmiðjunni 42 þús. kr., hjá landsverzlun Íslands 182 þús. kr., hjá raftækjaeinkasölunni 493 þús. kr. Það er um það spurt í aths., hvort ekki hafi verið gerð gangskör að því að innheimta þessar skuldir. Svarið hjá ráðuneytinu er ákaflega stutt, og þar er því haldið fram, að ráðuneytið líti svo á, að engin óeðlileg útlánastarfsemi hafi átt sér stað, m. ö. o., að það sé eðlilegt, að raftækjaeinkasalan eigi um ½ millj. kr. útistandandi; að það sé eðlilegt, að viðtækjaverzlunin eigi um 300 þús. kr. útistandandi, o. s. frv. Yfirskoðunarmenn hafa líka, eins og skiljanlegt er, látið það í ljós, að þeir séu ekki sömu skoðunar og ráðuneytið um nauðsyn þessarar útlánastarfsemi og vísa til aðgerða þingsins. Svo eru margir smærri liðir, þar sem þó er um nokkuð stórar upphæðir að ræða; ég vil t. d. benda á, að áfengisverzlunin hefir eytt í auglýsingar einar 10 þús. kr. Við því er svar ráðuneytisins, að auglýsingakostnaður geti ekki talizt mikill, en yfirskoðunarmenn telja samt, að eitthvað mætti draga úr kostnaðinum, og er ég því samþykkur. Stærri aths. fá heldur létta yfirvegun hjá ráðuneytinu, og er ýmist af því eða yfirskoðunarmönnum vísað til aðgerða Alþ. Ýmsar stofnanir eiga um 2 millj. útistandandi, en ekki hefir borið neitt á aðgerðum þingsins í þessu efni. Mér þætti fróðlegt að heyra álit þess hv. þm. í þessari d., sem skipar eitt sæti yfirskoðunarmanna, um þessi stóru atriði, og hvað hann hefir hugsað sér sem yfirskoðunarmaður ríkisreikningsins, og hvernig hann ætlast til, að Alþ. geri ráðstafanir til þess að lagfæra þetta. Það er að vísu gott að hafa þessar upplýsingar skjalfestar, en það verður að líta svo á, að aðgerðir Alþ. hljóti að eiga að vera veigameiri heldur en þessi fáu orð, sem sé að vísa til aðgerða þingsins. Ef slíkt yrði látið nægja, þá gætu hverskonar umframgreiðslur í ríkisrekstrinum sloppið við alla gagnrýni, ef það í öllum tilfellum væri látið nægja, að ráðuneytið svaraði út í hött, eins og mér virðist hér vera gert.

Ég skal að þessu sinni ekki minnast á fleiri aths., en það væri fróðlegt að heyra álit yfirskoðunarmanns landsreikn. um þessi mál.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 555).

14. Lækkun lögbundinna gjalda.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að fella niður eða lækka ýmsar greiðslur samkv. lögum (stjfrv., A. 269).

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Ég hafði vænzt þess, að hæstv. fjmrh. fylgdi frv. úr hlaði, en ég sé, að svo er ekki. Hinsvegar get ég ekki annað en óskað eftir nokkrum útskýringum um einstök atriði frv., og sömuleiðis verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því, að frv. skuli vera fram komið.

Þau atriði, er ég óska útskýringa á, og ég geri ráð fyrir, að einhver svari f. h. ráðh., úr því hann er ekki viðstaddur, er a-liður undir 1, að fella skuli niður greiðslu á 35% af framlögum ríkissjóðs samkv. fjárl. til byggingarsjóðs, sbr. II. kafla l. um byggingar- og landnámssjóð. Nú höfum við nýlega samþ. annað frv., sem sent hefir verið Nd., þar sem gert er ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs, sem í fjárl. er ákveðið 200 þús. kr., lækki um 75 þús. kr., eða í 125 þús. kr. Nú spyr ég: Er meiningin að miða þessa 35% lækkun við 125 þús. kr. eða upprunalegu upphæðina? Mér skilst, að miðað muni vera við 125 þús. kr., og er þá framlag ríkissjóðs þannig orðið helmingi lægra en lögin gera ráð fyrir.

Þá er c-liður, að lækka um 35% framlag ríkissjóðs til nýbýla og samvinnubyggða, og er vitnað í IV. kafla, 34. og 37. gr., laganna um byggingar- og landnámssjóð. Mér skilst, að með þessari breyt. sé verið að grípa fram fyrir hendur nýbýlastj. og segja henni fyrir verkum: Látið hvern einstakling fá 35% lægra lán, en jafnmarga fá lán og áður.

Þá er ætlazt til, að jarðræktarstyrkurinn lækki um 35%. Þetta er ákvæði, sem ég get undir engum kringumstæðum fellt mig við, enda ekki samrýmanlegt stefnu síðasta þings og þess þings, er nú situr, sem fram að þessu hafa alltaf látið klingja, hve nauðsynlegt það sé að útvega atvinnuleysingjunum vinnu í sveit, koma upp handa þeim býlum o. s. frv. Á sama tíma segir Alþingi: Takið þið við fólkinu, en við styrkjum ykkur ekki til bygginga, við lækkum meira að segja til bankanna, svo að þeir eigi erfitt með að lána, við skerum niður jarðabótastyrkinn og tökum á þann hátt fyrir allar jarðræktarframkvæmdir.

Ég vil þá enn árétta spurningar mínar til hæstv. ráðh., þar sem hann nú hefir sýnt sig í deildinni:

1) Miðast 35% lækkunin við 125 þús. kr. eða 200 þús. kr. skv. a-lið? Í bráðabirgðabreyt. nokkurra laga, á þskj. 148, er framlagið þegar lækkað um 75 þús. kr., í 125 þús. kr. Miðast þá 35% lækkunin við þá upphæð?

2) Í c-lið er vitnað í ákveðnar greinar l. um byggingar- og landnámssjóð. Eru það tillög til einstaklinga, sem eiga að lækka? Nú ber öllum saman um, að með 3500 kr. láni og styrk sé róður fyrir nýbýlamennina mjög harður. Ef nauðsynlegt er að spara á þessum lið, ættu vitanlega færri að fá styrkinn, en ekki að lækka styrk til hvers einstaklings, þar sem það er einnig miklu dýrara en áður að koma upp nýbýlum.

Ég mun ekki vera því mótfallinn, að máli þessu sé vísað til n., en fylgi mitt á það ekki eins og það er nú, og ég tel ekki líklegt, að því verði breytt í það horf, að ég fylgi því.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta frv. er fram komið í sambandi við þá meðferð fjárl., sem að ráði hefir orðið að hafa á þingi, og þær breyt., sem gerðar hafa verið á stjfrv. Eins og hv. dm. muna, var í stjfrv. upphaflega gert ráð fyrir minni framlögum til ýmsra framkvæmda í landinu vegna óvissra tekna ríkissjóðs í ár og á næsta ári. Hér er ekki um það að ræða, hvað menn vilja leggja til þessara framkvæmda, heldur getuna. Ef engar tekjur koma í ríkissjóðinn, verður ekki hægt að leggja neitt fram þrátt fyrir góðan vilja. Það, sem ég fer fram á með frv. þessu, er heimild fyrir stjórnina að kippa að sér hendinni, ef engir möguleikar eru fyrir hendi að standa við greiðslur skv. fjárl. Það er því ekki rétt hjá hv. 1. þm. N.-M., að með þessu frv. sé verið að ákveða hitt og þetta, heldur er hér aðeins um heimild til lækkunar að ræða, ef óhjákvæmilega nauðsyn ber til. Þegar frá öfriðarbyrjun hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að mæta þeim skakkaföllum, sem kynnu að mæta þjóðinni í viðskiptum hennar við aðrar þjóðir. Það hefir meira að segja verið talað um þann möguleika, að landið yrði ef til vill að mestu leyti að búa að sínu, en þá myndu tekjur ríkissjóðs skerðast svo stórkostlega, að jafnvel þótt þessi 35% lækkunarheimild yrði notuð til hins ýtrasta, gæti svo farið, að fullhart yrði að standast öll útgjöld samkv. fjárl. Það er aðeins til þess að mæta slíkum erfiðleikum, að farið er fram á þessa heimild, en auk þess eru áfallnar kröfur á ríkissjóð mjög miklar, sem erfitt verður að standa straum af nema úr rakni.

Hv. 1. þm. N.-M. spurðist fyrir um, hver meiningin væri með þessum till., sérstaklega að því er snertir 1. lið, hvort lækka ætti um 35% frá því, sem er í fjárl., framlag ríkissjóðs til byggingarsjóða. Það er vitanlega meiningin, að heimildin nái til þess. Í fjárl. eru ætlaðar 125 þús. kr. í þessu skyni, en samkv. heimildinni er hægt að lækka framlag ríkissjóðs um 35% frá því. Sama er að segja um aðra liði í heimildartill. Fóru fram umr. um þetta mál í ríkisstj. og einnig var rætt við fulltrúa frá fjvn., og skildist mér, að það hefði orðið að samkomulagi, að í staðinn fyrir, að upphæðirnar voru hækkaðar í fjárl., kæmu slíkar heimildir til lækkunar, ef í nauðir ræki. Ég tók það fram, að ef lægri upphæðirnar væru látnar standa í fjárl., virtist mér sjálfsagt að taka áætlunarupphæð til þess að bæta þetta upp, ef vel áraði og tekjur ríkissjóðs leyfðu, en fulltrúar fjvn. kusu heldur, að sú leið yrði farin, sem ég lýsti áðan.

Nú gaf ræða hv. 1. þm. N.-M. tilefni til þess að vekja athygli á, að það er ekki einungis, að nauðsyn geti brotið lög, heldur getur það meira að segja verið nauðsynlegt — þótt ríkissjóður fengi þær tekjur, sem því svaraði að standast útgjöld fjárl. án þess að þessi lækkunarheimild komi til framkvæmda, — að beina því fé inn á aðrar brautir. Hv. þm. minntist á atvinnuleysið í kaupstöðunum og að nauðsyn bæri til að beina vinnu þessara atvinnuleysingja að verkefnum í sveitum. En það eru ekki neinar heimildir til þess í lögum. Ef ríkisstj. hinsvegar hefir nokkra fúlgu til umráða, er hægt

að fá þeim verkefni í sveit, eins og t. d. að koma af stað undirbúningi til nýbýlastofnunar. Ef taka á stór svæði til jarðræktar, er ekki hægt að gera það samkv. jarðræktarlögum, heldur verður að framkvæma það eftir sérstökum ráðstöfunum þings og stjórnar. Þannig getur það verið hagkvæmt, enda þótt fé sé fyrir hendi til þess að greiða til fullnustu framlög skv. fjárl., að unnt sé að beina því inn á aðrar brautir. Annars hélt ég, að þetta mál þyrfti ekki að vera sérstakt deilumál, og hygg, að það sé af misskilningi sprottið, ef svo verður. Frv. er þannig undirbúið, að ég hélt, að menn gætu orðið sammála um það. Auk þess á það eftir að fara til n., og er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að fylgjast með afgreiðslu þess þar. Er nógur tíminn við 2. umr. að ræða þá agnúa, sem kunna að verða á því þá.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Brynjólfur Bjarnason: Menn hafa staðið undrandi yfir ýmsu, sem þetta þing hefir ungað út, en þetta frv. er eitt hið allra furðulegasta, sem hér hefir sézt.

Samkv. fjárlfrv. hæstv. fjmrh. átti að skera niður framlög til verklegra framkvæmda og til landbúnaðarins um meira en eina millj. kr. Þetta var harðlega fordæmt af blöðum þeirra flokka, sem að stj. standa, og sömuleiðis af meiri hluta Alþingis. Í brtt. fjvn. eru þessir niðurskurðir afnumdir. Að vísu fylgdi sá böggull skammrifi, að fjvn. setti í fjárl. heimild til þess að skera niður ólögboðin gjöld um 35%. Nú er þessi niðurskurður, sem var í fjárlfrv., kominn hér afturgenginn og að auki nokkuð til viðbótar. Það á að skera niður framlög ríkissjóðs til byggingarsjóða í sveitum og kaupstöðum, til nýbýla og samvinnubyggða, til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum og til jarðabótastyrkja. Svo mikið flaustursverk er á þessu máli, að það er ekkert annað en ein hringavitleysa, eins og hv. 1. þm. N.-M. sýndi fram á um niðurskurð framlags til nýbýla og samvinnubyggða. Það má með sanni segja, eins og hv. 1. þm. N.-M. sýndi fram á, að það er næsta furðulegt, um leið og það er sorglegt, en þó hlægilegt, að á sama tíma, sem mest er um það talað að flytja atvinnuleysingjana úr kaupstöðunum út í sveitir landsins, er verið að gera þeim, sem í sveitum búa, ólíft að vera þar. Það er í raun og veru ekki um annað verið að ræða en að bera fólkið út, því það mætti eins vel flytja það upp á öræfi skv. þessum fyrirmælum. Að vísu er hér aðeins um heimild að ræða, og í ræðu hæstv. fjmrh. voru ekki færð önnur rök með frv. en að þetta væri aðeins heimild. En hvaða trygging er fyrir því, að hæstv. fjmrh. noti ekki þessa heimild, jafnvel þó að þess þyrfti ekki nauðsynlega með? Ég heyrði það líka greinilega á ræðu hæstv. fjmrh., að hann lítur þannig á þessa heimild, að hún geri honum frjálst að verja fé ríkissjóðs eftir sínu höfði. Hann sagði á þá leið, að jafnvel þó að fé yrði fyrir hendi til þess að standast þessi útgjöld, þá mætti búast við því, að því yrði að verja öðruvísi en til þessara framkvæmda. Hæstv. fjmrh. vill fá að vera einráður um það, hvernig eigi að verja ⅓ af tekjum ríkissjóðs. Það hefir verið sýnt fram á það með rökum, að það er ekki hægt að skera niður framlag til landbúnaðarins án þess að bíða við það stórtjón. En hér er þó farið fram á að skera niður framlög til þeirra framkvæmda í stórum stíl. Það er furðulegt, að farið skuli vera fram á slíkar heimildir á sama tíma og samþ. eru l. um að stofna allskonar sjóði, svo sem íþróttasjóð, rafveitulánasjóð o. s. frv. Hverskonar samræmi er í slíkum vinnubrögðum? Hafa menn athugað það, hvort hinum lægstlaunuðu starfsmönnum ríkisins er lengur kleift að lifa af sínum launum, ef verðlagsuppbótin verður skorin niður um 35% samkv. 7. lið 1. gr. þessa frv.? Þegar l. um launauppbót til embættismanna voru til umr. hér í hv. d., þá var ekki við það komandi, að þeir menn, sem hefðu 8—20 þús. kr. árslaun, yrðu undanþegnir verðlagsuppbótinni. Þá voru nógir peningarnir; þá var ekki verið að tala um nauðsyn þess að skera niður útgjöld til þeirra hluta. Menn spyrja, eins og hæstv. fjmrh. í ræðu sinni áðan: Hvað verður, ef tekjur ríkissjóðs hrökkva ekki fyrir gjöldum? En ég vil spyrja: Hafa menn yfirleitt athugað það, hvað af því myndi leiða, ef verklegar framkvæmdir yrðu skornar niður um 35%? Það myndi þýða neyðarástand í landinu. Væri þá hægt að komast hjá því að kalla saman þing til þess að gera einhverjar ráðstafanir? Halda menn virkilega, að öll vandamál verði leyst með því að láta tekjur og gjöld standast á í fjárlagafrv.? Það er hægt að gera margar aðrar ráðstafanir til þess að spara og láta tekjur og gjöld standast á, sem liggja miklu nær en þessi till. Það er alveg vafalaust hægt að spara á 2. millj. kr. með niðurskurði á hálaunum og bitlingum, og það er alveg vafalaust, að ef góður vilji er fyrir hendi, þá væri hægt að fara þessa leið. Ef það yrði nú meiri eða minni hungursneyð í landinu, þá er áreiðanlegt, að mönnum fyndist lítil huggun í því, að tekjur og gjöld stæðust á í fjárl. Það er einhver mesta skammsýni, sem hugsazt getur, að láta eins og þetta sé ekki annað en smáreikningsdæmi og allt sé í lagi, ef gjaldadálkurinn stenzt bara einhvernveginn á við tekjudálkinn. Skyldi það vera mönnum mikil huggun í slíku neyðarástandi að vita til þess, að hátekjumennirnir haldi áfram að fá sínar 10—20 þús. kr. og dýrtíðaruppbót þar að auki?

Páll Zóphóníasson: Áður en málið fer til n. langar mig til þess að benda hv. n. á það, í 1. lagi, að í a-lið 1. gr., þar sem rætt er um framlag til Búnaðarbankans, er þegar búið að skera niður 75 þús. kr. Það er ekki lengra síðan en í fyrra, þegar þetta mál var til meðferðar hér í hv. d., að ég beitti mér fyrir því, að þetta framlag yrði ekki skorið svo mikið niður. Ég benti á það, að ef þetta framlag yrði skorið svona mikið niður, þá myndi af því leiða, að ekki yrði hægt fyrir bankann að leysa öll þau lán, sem búið væri að veita. Ráðherra taldi þá, að sparisjóðsdeild bankans gæti í bili lánað byggingar- og landnámssjóði, og lofaði, að framlagið skyldi ekki lækkað frekar, svo á ár-

unum 1941 og 42 mætti aftur endurgreiða sparisjóði, ef þá yrði lítið lánað, vegna þess að byggingarefni yrði það dýrt, að lítið yrði byggt. Ég tel það hrein og bein svik á gefnum loforðum við bankann, ef nú á að koma með meiri niðurskurð á framlagi til hans. Í öðru lagi er fyrir árið 1941 búið að ráðstafa og lofa fé til einstaklinga, til endurbyggingar, og væru það því svik við þá, ef þeir fengju ekki það fé, sem þeim hefir verið lofað. Þess vegna tel ég alveg óforsvaranlegt að skera þetta framlag niður nú. Þá vil ég einnig benda á það, að ég tel alveg óforsvaranlegt að ætla að skera niður jarðræktarstyrkinn.

Þetta vildi ég benda hv. n. á til athugunar. Ég vil einnig benda á það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan í sinni ræðu, að jafnvel þó að fjárhagur ríkisins yrði svo góður, að fé yrði fyrir hendi, gæti verið rétt að hafa dálitla fúlgu til þess að grípa til og greiða ýmislegt annað, sem ekki er lögbundið. Hæstv. fjmrh. er hér að gefa í skyn, að hann sé að hugsa um það, þó að nóg fé verði fyrir hendi, að verja því ekki eins og l. gera ráð fyrir, heldur ætli hann að nota þessa heimild til þess að draga úr löglegum fjárveitingum, en greiða aftur ólögbundar. Ég held þess vegna, að það sé ekki rétt að veita þessa heimild nú; ég álít, að það sé nógur tími til þess fyrir þingið að veita slíka heimild síðar, ef slíkt ástand skapaðist, að þess yrði þörf. Þing er komið saman í byrjun árs 1941, áður en til þess kemur, að nota þurfi þessar heimildir, og sýni það sig þá, að þeirra sé þörf, má veita þær, en nú er það óþarfa fyrirhyggja, sem ég mun ekki verða með. Ég vil þess vegna eindregið leggja til, að þessi heimild verði ekki veitt nú.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég þykist sjá það, að hv. 1. þm. N.-M. misskilji það, hvað ætlazt er til með þessari heimild, sem hér um ræðir. Hann virðist skilja þessa heimild þannig, að hún eigi að koma til viðbótar við þá lækkunarheimild, sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv. fyrir árið 1941. Það er alls ekki mín hugmynd, að þetta verði 35% ofanálag, heldur verði það staðfesting á því, sem gert er ráð fyrir í fjárl. Það er alls ekki meiningin, að lækkunarheimildin verði 70%, þó að þetta frv. verði samþ. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. þm. sjái sér fært að draga nokkuð úr gífuryrðum sínum í sambandi við þessa heimild. Hvað viðvíkur hinni sérstöku lækkun á famlagi til byggingar- og landnámssjóðs, þá vil ég segja það, að það er alls ekki rétt hjá hv. þm., að nokkur fyrirheit hafi verið gefin um þetta á síðasta þingi. Þá var gert ráð fyrir, að lækkun á þessum lið yrði 120 þús. kr., og þessi lækkun byggist á þeirri rökréttu hugsun, að úr þessum framkvæmdum hljóti að draga vegna þess að byggingar muni falla niður, af því að byggingarefni sé ófáanlegt. Það er því ljóst, að ef fært er að lækka þetta framlag um 125 þús. kr. á árinu 1940, mundi undir sömu kringumstæðum fært að lækka þetta framlag 1941, og því er beinlínis gengið út frá. Annars sé ég enga ástæðu til að gera þetta að sérstöku deilumáli við þessa umr.; það er nógur tími til þess að fara frekar út í þá sálma, þegar n. er búin að athuga málið og gera sínar till. því viðvíkjandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, 543, n. 544).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 543. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Eins og sjá má á nál. á þskj. 544, leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem þar eru tilgreindar.

1. brtt. er í rauninni mest orðabreyt. Hún er um það, að í stað orðanna „ef nauðsyn krefur“ í upphafi gr. komi: ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur ríkissjóðs bregðast verulega frá því, sem fjárlög gera ráð fyrir. — Í raun og veru er þetta alveg það sama. Það er bara sterkara að orðið kveðið í brtt. Nauðsynin er ekki gerð jafnalmenn og í frv., heldur er sagt: „Ef verr fer en á horfist.“

2. brtt. er um það, að c-liður undir 1. tölul. um nýbýli og samvinnubyggðir, falli niður. Í rauninni er þetta engin breyt., vegna þess sem um þetta hefir verið sett í fjárl. Heimildin í fjárl. er einhlít og nægileg, því það er ekkert, sem takmarkar þetta annað en fjárlagaákvæðið. Ákvæðið, sem svo er aftur í l., er háð þeirri upphæð, sem veitt er í fjárl. hverju sinni. Heimildin í 22. gr. fjárl. er þess vegna nægileg til þess að ná þeim tilgangi, sem þessi liður átti að ná.

3. brtt. er um það, að 2. tölul. falli niður, en það er heimild til að lækka jarðræktarstyrkinn um 35%. Þetta varð að samkomulagi í n., og er það ekkert annað en vottur þess, að yfirleitt öllum þingflokkunum er annast um þennan styrk af því, sem hér er upp talið, og að úr honum skuli ekki dregið. Það er nú raunar svipað því og verið hefir frá því að þessi löggjöf var sett með shlj. atkv. þessara flokka, sem á þeim tíma voru mjög öndverðir hvorir gegn öðrum. En það hefir alltaf verið viðurkennt, að þessi löggjöf væri þörf. Og þótt útlit væri fyrir hættu á því, að draga myndi úr jarðræktarframkvæmdum vegna ástandsins, þá varð það samt að samkomulagi að fella þessa heimild niður og láta framlagið til þessara hluta haldast óskert.

Þá er brtt. undir II. Þar eru ákvæði um það, að ef til kemur, að þessar heimildir verði notaðar, þá skuli þær verða notaðar í sama hlutfalli allar, og að það sama hlutfall skuli einnig ná til þeirra niðurfærslna, sem gert er ráð fyrir í 22. gr. fjárlaga. Ég er nú ekki viss um, að þetta séu svo tvímælalaus fyrirmæli. Ég er nú á því fyrir mitt leyti, að ef til vill hefði einmitt verið heppilegra að ákveða hér nokkurn mismun um það, hvenær ætti að grípa til þessara niðurfærslna á hverjum lið fyrir sig.

En svo er nú hætt við því, að seint hefði náðst samkomulag um það, hvað ætti að ganga fyrir. Það varð þess vegna samkomulag um það að tryggja, að þessar niðurfærslur skyldu ná jafnt til allra þeirra liða, sem nefndir eru í frv. Maður getur sagt, að það sé viss tortryggni, sem kemur fram í þessari brtt., en hún er þá sama trygging fyrir alla, en ég get ekki sagt annað um þessa till. fyrir n. hönd en að það varð samkomulag um að bera hana fram.

Ég skal svo aðeins geta þess, að það er með þetta frv. eins og fleiri l. og ályktanir, sem samþ. hafa verið á þessu þingi, að það ber það með sér, að það er afgr. í hendur samstjórnar, í hendur stjórnar, sem hefir traust svo að segja alls þingsins. Og ég verð að segja það, að það er a. m. k. mjög hæpið, að allir flokkar hefðu afgr. slíkar ályktanir og l. í hendur flokksstjórna, þar sem svo mjög er komið undir framkvæmd l., eins og er um mörg af þeim l. og ályktunum, sem þetta Alþ. hefir sett. Þess vegna er það tekið skýrt fram í nál., að þetta sé gert í því trausti, að ríkisstj. ræði þessi mál og taki ákvarðanir sameiginlega. Þannig er ætlazt til, að það mikla traust, sem þessir 3 flokkar sýna stj., komi fram í því, að ráðh. ræði málin sín á milli og taki sínar ákvarðanir þannig, að allir megi vel við una.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram. En ef það er eitthvað fleira, sem menn óska skýringa á, þá er ég auðvitað fús til að svara slíkum spurningum.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og vil ég gera grein fyrir honum með nokkrum orðum.

Ég vildi ekki kljúfa mig frá n., vegna þess að ég taldi brtt. hennar til bóta á frv., en ég er hinsvegar á móti frv. í heild. Ég greiddi atkv. gegn því í Sþ. við afgreiðslu fjárl. að veita ríkisstj. heimild til 35% niðurskurðar, vegna þess að ég lít svo á, að ef það ástand skapast, sem gerir sérstakar ráðstafanir nauðsynlegar, þá sé ekki rétta leiðin að draga úr útgjöldunum, heldur verði ríkisstj. þá að leita nýrra tekna. Það er vitanlegt, að ef slíkt ástand skapast, þá verður ríkisstj. að taka við fjölda, sem sjá þarf fyrir. Ég tel þess vegna ekki rétt að fara að gera ráðstafanir nú viðvíkjandi slíku ástandi, heldur yrði Alþ. þá kvatt saman til ráðagerða. Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 543 um, að 3. liðurinn falli niður, en sá liður miðar að því að lækka framlag til byggingarsjóða, þannig að það verði miðað við kr. 1.30 á hvern íbúa kaupstaða, en að framlag sveitarfélaganna til sjóðanna lækki að sama skapi. Í 4. lið er einnig farið fram á að láta tekjuauka þann, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, að renni til byggingarsjóðanna, renna beint í ríkissjóð. Ég get ekki falizt á, að þetta hvorttveggja verði tekið af byggingarsjóðunum, og sérstaklega þó ekki það, sem talað er um í 3. liðnum, vegna þess að það snertir aðra gjaldendur til sjóðanna líka.

Ég mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 544, en hinsvegar mun ég greiða atkv. gegn frv. í heild, ef till. mín nær ekki samþykki.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Brtt. meiri hl. n. á þskj. 544 eru fram bornar í samráði við mig, og get ég á það fallizt, að þær verði samþ. Ég vil þó geta þess, að eins og nú horfir eru engar líkur til þess, að ríkissjóður geti innt af hendi öll gjöld, sem honum er ætlað. Þess vegna mætti ef til vill segja, að í þessu frv. væri frekar gengið of skammt en of langt í því að afla ríkisstj. heimilda til lækkunar útgjalda. Til samkomulags hefi ég þó getað á það fallizt. að jarðabótastyrkurinn yrði tekinn út úr frv., og er það þá vegna þess fyrst og fremst, að af öllum þessum greiðslum stendur sérstaklega á um jarðabótastyrkinn, af því að hann er greiddur vegna þess, sem búið er að framkvæma af jarðabótum. Um brtt. hv. 10. landsk. er allt öðru máli að gegna, og því veit ég, að allir hv. þm. gera sér grein fyrir. Í þeim lið, sem þar er farið fram á að fella burt, er í raun og veru ekki farið fram á annað en það, að fallið sé frá því í bili að safna í sjóð, sem þar er um að ræða, því það dettur engum í hug, að nokkrar byggingar verði hægt að framkvæma á árinu 1941. Og jafnvel þó hægt væri að byggja, þá er starfsemi þessara sjóða ekki svo mjög skert, vegna þess að starfsemi þessara byggingarsjóða byggist aðallega á lántöku. Framlaginu er ekki ætlað að vera til annars en þess, að hægt sé að standast vaxtamismun á lánum, sem tekin eru til þess að kosta byggingarnar, og þeim lánum, sem húseigendum eru veitt. Starfsemi sjóðanna gæti þess vegna tvímælalaust haldið áfram.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. var að tala um sveitarsjóðina, þá verð ég að segja það, að mér finnst ekkert athugavert, þó að þeim sé þarna sýnd lítilsháttar linkind, þar sem vitað er, að þeir hljóta að eiga við að stríða fjárhagslega erfiðleika á næstunni, eigi síður en ríkissjóður, sem hefir meiri möguleika til að afla sér fjár og standast sínar greiðslur en bæjar- og sveitarsjóðirnir hafa yfirleitt.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Ég get fallizt á, að frumv. verði afgr. eins og meiri hl. n. hefir lagt til, og vænti, að d. geti fallizt á að fara eftir till. meiri hl.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég skal ekki fara út í langar umr. um þetta mál, en ég held, að það hafi verið óþarfi að skilja orð mín svo, að ég byggist við, að það yrði nokkuð byggt á næsta ári. Hitt hlýtur öllum að vera ljóst, að eftir því sem árin líða fleiri, sem ekkert verður byggt, verður þörfin þeim mun ríkari fyrir að byggja mikið þegar hægt verður. Líka má það öllum ljóst vera, að þó að þessi styrjöld hætti, þá mun allt efni og farmgjöld halda áfram að vera mun hærra en á venjulegum tímum. Það er þess vegna gefið, að það muni þurfa á stærri lánum að halda til byggingannna, þó hægt væri að ná í efni, og meira fé til að greiða vexti. Ég ætla, að það muni ekki muna svo litlu, hvort þeir fá þetta framlag eða ekki. Annars skal ég endurtaka það, sem ég áðan sagði, sem

ég veit, að hæstv. fjmrh. er ekki síður ljóst en mér, að nú þegar er búið að draga úr starfsemi þessara sjóða. Það er auðvitað mál, að það getur komið fyrir bæjarfélögin ekki síður en ríkissjóð, að lenda í fjárþröng. Ef hinsvegar vel tekst til með okkar framleiðslu, sem allir vona, þá þarf aldrei að koma til þess að nota þá heimild, sem hér er gefin. Hinsvegar vil ég undirstrika það, að ég álít, að þurft hefði að fara allt aðra leið til að mæta ástandinu en gert er ráð fyrir í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er til sú miðlunarleið í þessu máli, að jarðræktarstyrkur skuli lækkaður. En ég verð að segja það, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, að það stendur nokkuð öðruvísi á um þetta en aðrar lækkanir, sem fram á er farið í frvgr. Því að þetta yrði hrein lækkun á greiðslu jarðræktarstyrksins, en ekki aðeins frestun á greiðslu, og í öðru lagi er hér að ræða um stuðning við framleiðsluna. Og það sjónarmið varð ofan á, að styðja bæri bændur til þess að hrinda framleiðslu sinni í betra lag en áður með þeim framkvæmdum, sem styrkur er veittur til. Skiptir það ekki litlu máli, eins og nú standa sakir, þegar við getum búizt við að þurfa að reiða okkur meir en nokkurn tíma áður á landbúnaðarframleiðsluna. Jafnframt má taka fram, að ekki verður unnt án stórvandræða að láta lækkun, sem nú yrði samþ. að heimila, ná til lofaðra greiðslna, eins og á hefir verið bent. Lögfræðilega séð yrði mjög erfitt að svipta bændur styrk, sem þeir eru búnir að vinna fyrir samkv. eldri lögum. Almennt séð vegur hitt enn þyngra og sker raunar alveg úr, að þetta eru styrkir til framleiðslu. Hinsvegar finnst mér ekki hægt að komast hjá því að hafna brtt. hv. 10. landsk. á þskj. 543, hversu annt sem manni er um, að byggingum verkamannabústaða þoki áfram, því að þar er um enga framleiðsluaukning að ræða, enda er í 1. lið frvgr. lækkað framlag bæði til byggingar- og landnámssjóðs og endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum, og eftir það væri ekki mikið réttlæti í því að samþ. brtt. á þskj. 543. Það er ekki hægt að neita því, að þörfin fyrir áframhaldandi byggingar er, þó að mikil sé í kaupstöðum, meiri í sveitum, þar sem enn hefir ekki verið byggt úr varanlegu efni nema á fáum stöðum tiltölulega. Þörfin er þar brýnni en svo, að því verði lengi frestað að fullnægja henni að nokkru. Auk þess eru þeir mörgu bæir, sem endurreistir hafa verið, eða nýbýli reist, undanfarið, og skortir allmikið á, að peningar verði til þess að styrkja þau, eins og lög hafa mælt fyrir, á árinu 1941. Þess vegna gæti komið til mála að lækka ekki styrkinn til nýbygginga, þótt styrkir til verkamannabústaða væru lækkaðir, en hitt væri fullkomið ranglæti, að snúa þessu við. Við höfum fallizt á það, þótt okkur þyki sárt, að koma ekki fram með brtt. um nýbyggingar í sveitum. Þó að við séum hlynntir verkamannabústöðum í kaupstöðum, getum við ekki heldur verið með því að gera þar breyt. í algeru ósamræmi við lækkun byggingarstyrks í sveitum.

ATKVGR.

Brtt. 544,I.1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 544,I.2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 544,I.3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 543 felld með 9:3 atkv.

Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 544,II.a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 544,II.b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 551).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Enda þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, hafi tekið miklum stakkaskiptum til hins betra frá því, að það var hér til 1. umr., — en þá lýsti ég mig andstæðan því í öllum aðalatriðum — þá hefir afstaða mín til frv. ekki breytzt enn. Ég hefi ekki enn fengið svör við þeim spurningum, sem ég þá spurði um, m. a., hvernig væri háttað með 1. lið a. í frv., en þar er ákveðið, að lækka megi framlag byggingar- og landnámssjóðs um 35%. En í 2. gr. l. nr. 76 frá 1936 er tekið fram, að sjóðurinn skuli fá 200 þús. kr. á ári. Áður erum við svo búnir að samþ. á þessu þingi l., sem heita l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., og 9. liður þeirra hljóðar svo, að á árinu 1941 skuli framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámssjóðs lækka niður í 125 þús. kr. Á sama þingi lækkum við því þetta 200 þús. kr. framlag með tvennum l. Í öðru laginu samþ. við 35% lækkun á því, en í hinu laginu 75 þús. kr. Ég geri ráð fyrir, að það yrði sú lækkunin, sem lengra gengur, er myndi eiga að gilda, eða 75 þús. kr. lækkunin. En þá skil ég ekki, til hvers er verið að taka þetta upp í þetta frv. aftur, nema það sé meiningin að lækka framlagið um meira en 75 þús. kr. En það má ekki samkv. l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. Ég benti á við umr. hér áður, að þetta væri brigðmælgi af hálfu hæstv. fjmrh., þar sem hann á þinginu í vetur, þegar ég talaði um það þá, hvort lækka ætti þennan lið meira er um 75 þús., lofaði, að það skyldi ekki gert, eftir að ég hafði bent á, að sjóðurinn væri búinn að lofa svo miklum lánum, að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, nema hann fengi að halda öllu því framlagi. Þá sagði hæstv. fjmrh., að sjóðurinn gæti fengið lán úr sparisjóðsdeild bankans árið 1940, því að á árinu 1941 yrði ekki byggt svo mikið, að hann þyrfti á öllum sínum tekjum að halda til útlána. Þetta sætti ég mig við á þeim grundvelli, að fjárframlagið yrði ekki lækkað meira en niður í 125 þús. kr. og mætti því 1941 greiða sparisjóðsdeild það, sem þaðan yrði lánað 1940. Og ég segi enn, að það séu svik við gefin loforð, ef lækka á þennan lið um meira en 75 þús., sem gert er með bráðabirgðabreyt. nokkurra laga.

Þá get ég ekki heldur fallizt á b-lið 1. liðs frv., sem er um styrk til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum. Það er búið að lofa styrk til þessara húsa og leggja í kostnað við þau, og nýbýlanefnd, sem lofað hefir ákveðnum mönnum styrknum, verður svikari við þessa einstaklinga, sem byggt hafa á því loforði, ef hún fær ekki þessa fjárhæð, án þess hún sé skorin niður. Ég get því ekki enn verið með frv., þótt tvær af þeim ástæðum, sem voru til þess, að ég lýsti mig andvígan því, hafi nú fallið niður. Það er að vísu búið að taka út úr því nýbýli og samvinnubyggðir, enda var óþarfi að setja þau undir þetta 35% ákvæði, nema meiningin hefði verið að skera niður styrk til einstaklinga. Á þetta benti ég við fyrri umr., og það hefir verið tekið til greina. Jarðræktarstyrkinn benti ég líka á, og það hefir einnig verið tekið til greina. Ég benti líka á, að hæstv. fjmrh. sagði, að þótt ekki þyrfti e. t. v. að halda á þessum greiðslum, þá væri gott að hafa lækkunarheimildina, ef á þessu fé þyrfti að halda til annars, sem meiri þörf væri fyrir, og verið gæti meiri þörf fyrir að skera niður eina upphæðina frekar en aðra. Þetta hefir einnig verið tekið til greina og verið flutt brtt., sem orðaði um 1. gr. a. II, og get ég sætt mig við það svona. En ég óska enn að fá svar við spurningum mínum um a. I. Það er vitað, að l. segja, að leggja eigi 200 þús. kr. í sjóðinn, en nú er búið að breyta því með tvennum l., öðrum á þskj. 84 undir tölul. 9 og svo þessum. Hvernig á að breyta l.? Hvort ákvæðið á að gilda sem breyt. á l.?

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil aðeins svara fyrirspurnum hv. þm. Ég lít svo á, — og ég held, að n. geri það einnig, — að þessi l. komi hvortveggja til framkvæmda þannig, að l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. verki þannig, að *með henni lækki upphæðin frá því, sem hún er* í fjárl., um 75 þús. kr., sem renna á til bygginga og landnámssjóðs, niður í 125 þús., og því verki þessi heimild um 35% lækkun þannig, að það verði 35% af 125 þús. kr. Það er svipað með þetta og kom fram í umr. milli hv. 10. landsk. og hæstv. fjmrh., að það eru þessar framkvæmdir, sem ómögulegt er að vænta, að verði nokkuð verulegt um á næstunni, og því þeir liðir, sem liggur næst að ákveða með l. að lækka, þar sem engar líkur eru til, að þar verði um nokkra starfsemi að ræða. En þrátt fyrir þetta koma til útborgunar milli 80 og 90 þús. kr., sem þessum sjóði er heimilt að nota. Svo er sá munur á, að í l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. er fastákveðið tillag 125 þús., en hér er aðeins um heimild að ræða, sem kemur til greina, ef fjárhagsástandið verður svo erfitt, eins og það er orðað í 1. gr., „að tekjur ríkissjóðs bregðist verulega frá því, sem fjárl. gera ráð fyrir“, en við vonum allir, að til þess komi ekki, a. m. k. ekki í fullum mæli.

Ég hefi skilið þetta þannig, og ég hygg, að það sé þessi skilningur, sem frv. er byggt á, að niðurfærslan gildi þá upphæð, sem búið er að samþ., að eigi til þessa að ganga. (PZ: Ég skil það á hinn veginn). Um hinn liðinn, byggingu íbúðarhúsa, skilst mér, að hv. 1. þm. N.-M. sé ekki í neinum vafa, heldur hafi hann þar aðeins lýst vanþóknun sinni á því, að hann er lækkaður. Um það eru deildar skoðanir, en úr því hefir þegar verið skorið með atkvgr. við 2. umr., og þetta er nú ekki eins ógurlegt eins og menn hafa látið í veðri vaka í fyrstunni. Það er svo um flest, að því fylgja nokkrir byrjunarörðugleikar, og mun margt verða mönnum erfiðara en þótt þeir verði að doka nokkuð við eftir þessum styrk.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira, sem hv. þm. minntist á.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Það er að því leyti svipað um þetta mál og það, sem síðast var hér til umr. (frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.), að það er langt síðan það kom fram hér á þingi, og um það hafa staðið samningar og því verið breytt í það horf, sem það hefir nú, þegar það kemur til þessarar d. Breyt. þær, sem gerðar hafa verið á frv., eru þær, að felld hefir verið burt heimid í 1. gr. 1. tölul. c., um að lækka megi framlag til nýbýla og samvinnubyggða um 35%. Einnig hefir verið felld burt heimild sú, sem var í 2. tölul. 1. gr. um að lækka framlag ríkissjóðs til jarðabótastyrkja, og er það gert með það fyrir augum, að um þessa styrki standi sérstaklega á og öðruvísi en um önnur gjöld, *sem heimilað er að skerða samkv. þessu frv.*, og um þetta hefir einnig náðst samkomulag. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. líti fjármálaástandið talsvert öðrum og alvarlegri augum en jafnvel þegar þetta mál kom fram, og geti orðið sammála um, að óhjákvæmilegt geti orðið að grípa til sérstakra og róttækra og því miður róttækari ráðstafana en gert er í þessu frv.

Ég vil því mælast til, að d. samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir.

***Einar Olgeirsson:** Ég vil lýsa því yfir viðvíkjandi þessu frv., að ég er því algerlega andvígur. Í þessu frv. er stj. gefin heimild til, auk þess sem hún hefir heimild til að lækka á fjárl. ólögbundin gjöld um 35%, að lækka nú einnig lögbundin gjöld um 35%. Ég fæ ekki séð betur en að það, sem Alþ. bæri fyrst og fremst að gera í sambandi við það útlit, sem hæstv. fjmrh. lýsti, væri að gera róttækar ráðstafanir til að tryggja afkomu almennings í landinu. Það virðist, að Alþ. hafi einhliða hugsað um það þessa síðustu daga, að hugsa um afkomu ríkissjóðs og þeirra manna, sem eiga að fá sín laun greidd úr honum. Hitt er ómögulegt, að fá Alþ. til að grípa til neinna ráðstafana til að afstýra þeim vandræðum, sem nú steðja að almenningi þessa

lands, og á sýnilega að senda þingið heim án þess að neitt sé gert í þá átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv.

Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 15:2 atkv.

Á 49. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv., en það mun ekki vera búið að útbýta henni.

Hún er um það að fella niður 2. lið 1. gr., svo lækkunin komi ekki niður á verkamannabústöðunum. Það er búið að lækka framlagið til þeirra áður, bæði með því, að þeir fá ekki sinn hluta af hátekjuskattinum, né heldur sinn hluta af tekjum tóbakseinkasölunnar. Ef enn er komið með nýja lækkun, þá er oft höggvið í hinn sama knérunn.

Annars vil ég segja það um þetta frv., að ef það ástand skapast, sem vel getur orðið, sem miðað er við í þessu frv., þá hygg ég, að svo sé komið, að ástæða sé til að kalla þing saman. Ef menn hugsa sér að kalla ekki saman þing út af slíku ástandi, þá hygg ég, að það sé ekki nóg að láta ríkisstj. hafa niðurskurðarheimild, heldur verði þá einnig að láta hana hafa heimild fyrir auknar tekjur.

Ég er þess vegna ekki neitt hrifinn af þessu frv. í sjálfu sér, þó ég beri fram þessa brtt. af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar greint.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég stend aðeins upp til þess að leggja á móti brtt. hv. þm. V.-Ísf. Ég vil taka það fram um leið, að það er í raun og veru misskilningur, að þetta þurfi að koma niður á framkvæmdum að því er snertir byggingu verkamannabústaða, af þeirri einföldu ástæðu, að það dettur engum manni í hug, að til þess komi, að verkamannabústaðir verði byggðir á árinu 1941, af ástæðum, sem öllum eru kunnar. Það er því aðeins um það að ræða að safna fé í sjóði. Þó það geti vitanlega verið hentugt að eiga slíka sjóði, og þá heldur stærri en minni, þegar ástandið fer að batna og möguleikar eru fyrir því að nota féð til framkvæmda, þá eru möguleikar byggingarsjóðanna engan veginn einungis bundnir við slíka sjóðssöfnun, því gert var ráð fyrir í upphafi, að allar aðalframkvæmdir væru byggðar á lántökum, en ekki fjársöfnun, sem ætti sér stað með tillögum frá ríkissjóði og sveitarfélögum. Það var tilætlunin, að þau stæðu undir greiðslum á vaxtamismun, sem væri á lánum, sem byggingarsjóðirnir taka, og þeim lánum, sem þeir lána til einstakra félaga. Hinsvegar eiga sjóðirnir nægilega miklar eignir til þess að standast þann kostnað í náinni framtíð.

Það væri því mjög ósanngjarnt með tilliti til þeirra annara ákvæða, sem frv. felur í sér, ef þetta væri fellt undan, því það eru líkur til, að það sé sízt ástæða til þess af öllu því, sem í frv. er.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég sagði ekki í minni ræðu áðan, að samþykkt minnar till. hefði áhrif á byggingu verkamannabústaða á þessu ári eða næsta ári. En hinu held ég fram, að það, hvað miklu sjóðirnir taka við, hafi áhrif á byggingu og vaxtakjör verkamannabústaða í framtíðinni. Um það er ekki hægt að deila. Þó sjóðirnir hafi nóg til að lækka vexti, eins og verið hefir, þá mun ekki vanþörf á, ef sjóðirnir eru nægilega sterkir til þess, að hafa vextina enn lægri en þeir hafa verið. Það er líka svo í mörgum borgum í nágrannalöndum okkar, að vextir á slíkum byggingum eru orðnir lægri en nokkrum hefir dottið í hug ennþá, að þeir yrðu hér. En allir geta séð, hvílíka þýðingu það hefir fyrir verkamenn og þeirra lífskjör.

Það er þess vegna, að ég ber fram þessa brtt. Nú veit ég, að það eru ýmsir sjóðir, sem ekki ráðstafa til fulls sjóðsinnstæðum sínum, og vildi ég gjarnan, að þessir sjóðir nytu vegna framtíðarinnar sömu réttinda um ríkisframlag, þar sem búið er að klípa tvisvar af þeim áður.

*Steingrímur Steinþórsson: Ég get ekki sagt, að ég sé hrifinn af þessu frv. út af fyrir sig. Ég hefi litið á þetta svipað og hv. þm. V.-Ísf., að ef svo alvarlegir atburðir koma fyrir, sem vel kann að verða, að það þurfi að skera niður lögboðnar greiðslur í jafnstórum stíl, þá hljóti það að verða hlutverk þingsins að koma saman, og þá vegna margra annara hluta en hér um ræðir.

Ég verð að segja, að þetta frv. hefir tekið miklum bótum frá því að það var lagt fyrst fram. Ég hefði aldrei getað greitt því atkv., ef ákvæðið um að lækka jarðabótastyrkinn um 35% frá því, sem ákveðið er í l., til einstakra jarðabóta, hefði verið áfram í því. Ég lít svo á, að það hefði ekki verið hægt að gera það. Það verða teknar út jarðabætur í sumar, sem að nokkru leyti er búið að vinna áður, en það hefir verið ráðizt í þær í því trausti, að menn fengju út á þær þann styrk, sem ákveðinn er í l. til einstakra jarðabóta.

Um þetta þarf ekki að ræða frekar, því það er fellt burt.

Þetta gerir það m. a. að verkum, að ég sé mér fært að greiða frv. atkv. Ég geri það þó ekki af þeirri ástæðu, að ég viti ekki, að það er í raun og veru ómögulegt, eins og þessi mál hafa verið framkvæmd hin síðari ár, að minnka eða draga svo mikið úr vissum fjárveitingum eins og hér hefir verið gert. Ég vil einkum benda á liðinn um endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Það er svo, eins og hv. þdm. vita, því það hafa verið gefnar skýrslur um það til ríkisstj. og til fjvn., að samkv. reglum, sem gilt hafa um þennan styrk, þá bíða um 300 menn víðsvegar um landið, sem rétt eiga á styrk og byggt hafa í skjóli löggjafarinnar. Þeir bíða eftir því að fá þennan styrk greiddan, en verða á meðan að reyna að velta til á einhvern hátt þeim skuldum, sem á byggingunum hvíla. Ef þessi l. koma til framkvæmda, þá verða þeir enn að bíða í mörg ár eftir að fá þann styrk greiddan, sem þeir eiga rétt á samkv. löggjöf þeirri, sem gilt hefir í þessum efnum.

Það mun nú vera svo, að samkomulag hafi orðið um það í ríkisstj., að þetta frv. skyldi fara í gegn í þeim búningi, sem það nú hefir, og þrátt fyrir það, þó ég sé mjög óánægður með sum ákvæði frv., þá mun ég beygja mig fyrir þessu samkomulagi og greiða frv. atkv. En það geri ég af þeim ástæðum, sem ég hefi áður greint, að ástandið er svo iskyggilegt, og þungi þess hvílir mest á stjórninni, og stjórnin hefir komið sér saman um þessa lausn, og það er fyrst og fremst fyrir þeim rökum, sem ég beygi mig, en vil láta þessa stuttu greinargerð nægja að þessu sinni.

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 563. — Brtt. er of seint fram borin, og þarf því að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að hún verði tekin til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að þeir, sem taka til máls, takmarki ræðutíma sinn, því við höfum ekki nema fáeinar mínútur til umráða.

***Einar Olgeirsson:** Það gat verið um tvennt fyrir stj. að gera, að reyna að skera niður gjöldin eða að auka tekjurnar. Fyrir þessari hv. deild hefir legið frv. um, að togaraeigendur skyldu ekki vera útsvarsfrjálsir lengur, en það var farið þannig með það, að nú eru þeir ekki aðeins skattfrjálsir, heldur einnig útsvarsfrjálsir. Það er séð um það, að þeir, sem geta borgað, fái að halda öllu sínu, en farin sú leiðin að skera niður bráðnauðsynleg fjárframlög, ekki aðeins til verklegra framkvæmda, heldur einnig til þeirra sjóða, sem eru til tryggingar fyrir almenning í landinu. Þetta eru sjóðir, sem endurbótamennirnir gátu verið stoltir af. Allt þetta virðist eiga að skera niður, og það á sama tíma, sem á að viðhalda skattfrelsi togaraeigenda. Það sýnir, hvert stjórnin stefnir, að hlífa þeim, sem gætu borgað, og gera ekkert, sem gæti tryggt afkomu verkalýðsins í landinu. Nú vildi ég bara mega spyrja, sérstaklega í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Skagf. lýsti yfir áðan, um að það væri samkomulag í stj. um afgreiðslu þessa máls, og út af þeim upplýsingum, sem komu fram, hvort ráðherra Alþfl. í stj. hefir verið sammála um þann niðurskurð, sem hér liggur fyrir, að skera niður um 35% framlög til verkamannabústaða, lífeyrissjóðs og annars slíks. Ég vildi spyrja að því, á hvern hátt stj. heimilast að nota þennan rétt. Er það svo, að til þess þurfi aðeins 3 ráðh., eða þurfa þeir að vera 5? Þar sem það er upplýst, að Alþfl. hefir engu um þetta ráðið, væri gaman að vita, hvort ráðh. flokksins í ríkisstj. er á sama máli og flokkurinn í þessu, eða hvort ekki er fullt samkomulag um þetta í stj., og ennfremur væri gaman að vita, hvort hans samþykki þurfi til þess að nota heimildina. Ég vil upplýsa, að ef svo er komið, að Framsfl. og Sjálfstfl. komi sér saman um slíkt án þess að Alþfl. komi þar til, er sá flokkur orðinn eins og fimmta hjól í vagni í ríkisstj. og þátttaka hans þar alveg þýðingarlaus, ef gert er slíkt samkomulag, hvað sem Alþfl. segir um það.

Þá vildi ég koma að því, hvað þingið er að gera með því að gefa stj. þá heimild, sem hér er um að ræða. Með því er þingið að fremja sjálfsmorð. Það er að leggja í hendur annara það vald, sem það eitt á að hafa. Það var fróðlegt að heyra til hv. 2. þm. Skagf. Hann segir, að af því að samkomulag hafi orðið, muni hann beygja sig. Maður fær að vita, hvernig það eru ráðherrarnir, sem ráða, í hæsta lagi 3. Það er farið með málin í þingið og sagt: Þetta eigið þið að samþykkja; ef þið gerið það ekki, eigið þið á hættu að missa bitlinga og góðu stöðurnar, — og svo standa þeir upp, eins og hv. 2. þm. Skagf., og segja, að samkomulag hafi orðið um þetta og því verði að samþykkja það. Ég held, að þingið sé kallað saman til annars en að gera þetta. Á þennan hátt er hver eftir annan beygður og meiri hl. fenginn. Á þennan hátt er þingræðið á Íslandi að drepa sjálft sig og rolast út af í aumingjaskap, með því að beygja sig í hvert skipti sem einhverjum skuldakónginum þóknast að setja hnefann í borðið. Það líður aldrei meira en einn dagur, í þetta skipti reyndar frá laugardegi til mánudags, þá eru þeir búnir að beygja sig. Þegar til kemur, láta þeir *útgerðarmennina vera útsvarsfrjálsa eftir sem áður*, og svo þegar koma einhverjar tillögur um að bæta úr atvinnuleysinu, er þeim stungið undir stól og þeir peningar, sem líklegir væru til þess að bæta kjör fólksins, eru látnir vera áfram í vasa stórgróðamannanna. Þessum aðferðum vil ég mótmæla.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég er að vona, að *fjmrh. komi hingað inn.*

Í sambandi við 5. lið 1. gr., um að fella niður 35% af framlaginu til lífeyrissjóðs, vildi ég mega segja, að þetta er ekki fært á annan hátt en þann, að greiðslunni sé slegið á frest. Lífeyrissjóður Íslands er eign þeirra manna, sem borga í sjóðinn. Það, sem lagt er til elli- og örorkubóta, á að endurgreiðast með kr. 200000 á á ári í 50 ár. Ég hefi rætt við hæstv. fjmrh. um þann skilning, að greiðslunni til lífeyrissjóðs verði slegið á frest sem nemur því árabili, sem um er að ræða, en engan veginn að greiðsla falli niður, því það væri beinlínis að ræna annara eign, að skilja heimildina svo.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn, og vildi ég spyrja hann, hvort ekki væri rétt hermt hjá mér, að ekki sé hægt að fella niður þessa greiðslu, heldur á að fresta henni þannig, að sú skuld, sem lífeyrissjóður er í við ellilaunasjóð, borgist, en verði slegið á frest.

Ég vona, að hæstv. ráðh. þurfi ekki að grípa til þessarar heimildar, því allar líkur eru til þess, að lífeyrissjóður gæti keypt ríkisskuldabréf *fyrir mikilli upphæð. Um frv. í heild vil* ég segja það, að mér virðist eðlilegt, að ráðh. óski eftir að hafa þessa heimild á þessum tímum, en mér er það ráðgáta, að hann skyldi ekki óska eftir að hafa víðtækari heimild, til þess að greiða úr fyrir þeim, sem verst verða úti, ef nauðsynlegt yrði.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Út af fyrirspurn hv. þm. Seyðf. get ég ekki sagt annað en það, að samkv. því, sem hann gerir grein fyrir, skilst mér það rétt vera, en ég hefi ekki athugað það sjálfur. Ég geri ráð fyrir, að um þetta geti orðið einhverskonar samkomulag milli ríkisstj. og tryggingarstofnunarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 563 felld með 16:6 atkv.
1. gr. samþ. með 15:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:5 atkv.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vil, áður en þetta frv. fer út úr hv. d., mótmæla þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð af hálfu ríkisstj. um afgreiðslu mála á þessu þingi. (**Atvmrh.**: Það er ekki seinna vænna). Það er ekki seinna vænna; það er alveg rétt hjá hæstv. atvmrh.

Það er meiningin, áður en þingið hefir gert nokkurn skapaðan hlut til þess að ráða fram úr þeim vandræðum, sem framundan eru fyrir almenning, að ganga þannig frá, að skera niður stórkostlega öll fjárframlög til verklegra framkvæmda í landinu og fjöldamörg framlög til sjóða og annars slíks, auk þessarar heimildar til þess að mega skera niður dýrtíðaruppbót, sem embættismenn og starfsmenn ríkisins eiga að fá.

Alþingi er sent heim án þess að hafa tekið fyrir nokkuð af þeim málum, sem alþýðan í landinu krefst, að tekin séu til afgreiðslu. Það liggja fyrir fjöldamargar óskir viðvíkjandi kaupgjaldsmálunum og öðru slíku. Þess hefir verið krafizt, að l., sem sett voru á síðasta þingi um kaupgjaldsmálin, yrði breytt. Við þessu hefir verið daufheyrzt. Það hafa komið kröfur frá öllum mögulegum stöðum í landinu um það, að eitthvað yrði gert viðvíkjandi atvinnumöguleikunum — um það, að menn gætu haft einhvern möguleika til þess að hafa ofan af fyrir sér og geta haft meiri atvinnu heldur en fólk hefir haft undanfarið. Þessu hefir verið svarað af hálfu valdhafanna með því að segja, að þeir, sem ekki hefðu atvinnu í kaupstöðum, gætu farið í sveit. En það hefir sýnt sig, að þar er engrar vinnu að vænta, sem geti bætt úr atvinnuleysi kaupstaðanna. Það liggja fyrir þær staðreyndir, að það þýðir ekkert að segja, að menn geti farið í sveit, þó að það geti verið „til hagræðis fyrir stærri bændur", eins og einn framsóknarþm. skrifaði í Tímann nýlega. Það eru aðeins 200—300 menn, sem sveitirnar geta tekið við eftir skýrslu Búnaðarfél. Ísl. En þúsundir manna eru þó eftir í kaupstöðunum atvinnulausir, eins og t. d. byggingarmenn og verkamenn og aðrir slíkir. Alþ. hefir ekkert gert til þess að atvinna væri útveguð handa þessum mönnum. En ríkisstj. hefir aftur á móti verið heimilað að skera niður um 35% af ólögbundnum gjöldum ríkissjóðs. Það eru verklegu framkvæmdirnar. Síðan hefir því verið lýst yfir af fjmrh., að það sé alveg gefið, að þetta sé ekki nóg. Ég man eftir, að þegar þetta frv., sem nú á að fara að samþ., var lagt fram hér fyrst, þá sögðu þm., bæði úr Alþfl. og Sjálfstfl., að það næði ekki nokkurri átt að fara að samþ. slíkt. Nú eru þeir búnir að beygja sig svo, að þeir ætla að samþ. frv. án þess að nokkuð hafi verið gert til þess að bæta úr atvinnuleysinu. Páltill. hefir verið borin fram, sem fór þó ofur lítið í þessa átt, sem þm. Reykv. báru fram, en það var dregið úr henni í meðferð n., og mátti hún þó sízt við því. Eftir því sem útlitið er um innflutninginn og eftir þeim l., sem hafa verið afgr., þá lítur ekki út fyrir, að bót sé á ráðin um innflutning á næstunni.

Það er auðséð, að Alþ. ætlar að skiljast við þau mál, sem þjóðin hafði þó búizt við, að það gerði ráðstafanir um, án þess að ráða fram úr þeim. Togurunum hefir verið tryggt skattfrelsi og útsvarsfrelsi. Með þessu er séð um, að togaraútgerðin fái allan striðsgróðann, en ekki ríkið og ekki heldur bæjarfélögin verði hans aðnjótandi. Því hefir verið afstýrt, að togararnir færu á saltfisksveiðar eða bættu þann vinnumissi, sem verkalýðurinn hefir orðið fyrir af því að saltfisksveiðarnar hafa ekki verið stundaðar. Þannig hefir verið hindrað, að verkalýðurinn fengi atvinnu annaðhvort við saltfisksverkun eða vinnu, sem kemur í staðinn, sem haldið væri uppi af fé, sem tekið væri af ísfisksveiðunum. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að minnka vegavinnu og ríkisstj. hefir fengið heimild til þess að skera niður framlög til verklegra framkvæmda um 35%. Og það er nú verið að gera ráðstafanir til þess, að ennþá erfiðara verði síðar meir að bæta úr þeim húsnæðisvandræðum, sem hljóta að skapast við það, að lítið verður um byggingarefni á næstunni. Það er verið að auka þessi vandræði með því að minnka framlög til byggingarsjóða í sveitum og kaupstöðum og gera enn erfiðara fyrir um að mæta þeirri kreppu, sem kann að skella yfir að striðinu loknu. Þetta er gert af Framsfl. Framsfl. hefir hvað eftir annað hér á þingi borið fram till. um það, að leggja nýjar álögur á til þess að stofna nýja sjóði, en gengur nú fram fyrir skjöldu til þess að eyðileggja þá sjóði, sem fyrir eru, og skera niður framlög til þeirra sjóða, sem Framsfl. hefir verið að monta sig af að hafa komið í gegn, eins og til byggingarsjóðs fyrir sveitirnar og annað slíkt. Alþ. ætlar með afgreiðslu þessara mála algerlega að bregðast þeirri skyldu, sem á því hvílir, og ég sé líka á dagskránni fyrir Sþ., að það er ekki einu sinni meiningin að taka till. sósialistaflokksmanna á dagskrá um ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands. Það, sem mest er talað um í blöðum stjórnarfl., er það, hversu ægilegt ástandið sé framundan og hvað Alþ. þurfi að vinna mikið fyrir þjóðina. En á því er ekki snert hér. Þvert á móti er með þremur málum, sem keyrð eru gegnum þingið — þannig, að þau eru drifin í gegn með 3 umr. sama daginn — verið að minnka möguleikana, sem ríkið hefir

til þess að einhverju leyti að létta undir með fólkinu og gera þess aðstæður bærilegri. Ég vil þess vegna óska þess og vona, að við afgreiðslu máls eins og hér er um að ræða, og þess, sem nú á að fara ganga til atkv. um, verði látið fara fram nafnakall. Það hefir komið fram sú skoðun frá ýmsum hv. þm., að það væri óforsvaranlegt að samþ. lagafrv. eins og það, sem nú liggur hér fyrir, og að það ætti að kalla sama þing, svo framarlega sem ríkisstj. áliti nauðsyn að grípa til annars eins og hér er farið fram á í þessu frv. Þegar nú ríkisstj. hefir áður verið gefin heimild til þess að skera niður upp undir 2 millj. kr. af fé til verklegra framkvæmda í landinu, og ef svo ríkisstj. þykir ástæða til þess að ganga lengra án þess að gera nokkuð til þess að bæta neitt úr fyrir alþýðunni, þá er ekki hægt að viðurkenna annað en að Alþ. verði að koma saman á ný til þess að gera slíkar ráðstafanir, ef það á annað borð á að vera í sölum Alþ., sem málin séu til lykta leidd. En það virðist stefna að því, að lausn vandamálanna fari ekki fram í sölum Alþ. Ef hv. þm. hefðu einhverja ábyrgðartilfinningu, þá get ég ekki annað séð en að þeir hefðu á móti öðru eins og þessu. Það hefir verið sagt af einum hv. þm., að ríkisstj. beri ábyrgð á þessu. En ríkisstj. ber ábyrgð fyrir Alþ., og Alþ. ber ábyrgð fyrir þjóðinni. En spursmálið er, hvað Alþ. ætlar að gera, hvort það ætlar að afhenda allt þetta vald í hendur ríkisstj. Ég vil þess vegna óska eftir því, að það komi greinilega fram við atkvgr. um þetta mál, hvernig hv. þm. greiða atkv., og vildi ég óska eftir, að hæstv. forseti vildi ganga inn á það að láta fara fram nafnakall um þetta mál. Því ella sæi ég mér ekki annað fært en að ræða þetta mál dálítið nánar.

Forseti (JörB): Þá er umr. um málið lokið. (**EOl:** Herra forseti! Ég var að kveðja mér hljóðs). Var ekki hv. þm. að ljúka við ræðu sína? (**EOl:** Ég var að óska eftir nafnakalli). Ég skal láta fara fram nafnakall um málið, ef áskorun frá 6 þm. kemur fram um það. (**EOl:** Það hefir verið gert hingað til án þess).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

15. Skipun læknishéraða.

Á 7. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (þmfrv., A. 41).

Á 9. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Á Alþingi 1938 var samþ. þáltill., þar sem lagt var fyrir stj. að athuga, hvort nauðsyn væri til og jafnframt möguleikar á að stofna þrjú læknishéruð á tilgreindum stöðum: við Þjórsá fyrir nokkrar sveitir í Árnes- og Rangárvallasýslum, í Kjósarsýslu og í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þessi athugun hefir farið fram, og niðurstaðan orðið sú, að aðeins á einum þessara staða sé hvorttveggja fyrir hendi: nauðsyn til og möguleikar á að stofna nýtt læknishérað, en það er í Kjósarsýslu, og það, sem þetta frv. fer fram á, er, að læknishérað þetta verði sett á stofn. Frv. er flutt að tilhlutun ríkisstj. og rök fyrir því greind í grg. þess. Allshn. flytur frv., og má ég segja, að hún hefir þegar tekið þá afstöðu til þess, að hún mælir með því, að það verði samþ. Vænti ég, að hv. d. fallist á að afgr. það ágreiningslaust, fyrst til 2. umr. og síðan áfram í gegnum deildina.

Helgi Jónasson: Á þinginu 1938 bar ég fram þáltill. um að athuga möguleika á að stofna læknishérað fyrir nokkurn hluta Árnes- og Rangárvallasýslu með læknissetur í Þjórsártúni. Við nánari athugun heima fyrir í héraði var litið svo á, þegar farið var að athuga þá hreppa, sem komið hefðu til með að verða í þessu nýja héraði, að þótt erfitt sé að hafa ekki nema einn lækni í Rangárhéraði, eins og komið væri læknamálum landsins, væri ekki hyggilegt að stofna þarna nýtt hérað, því að það hefir verið svo, að erfitt hefir verið að fá lækna í héruðin úti um land, og var litið þannig á, að því meiri örðugleikar yrðu á að fá lækna í smærri héruð heldur en ef þau væru stór. Í Rangárhéraði er 3½ þús. manns, og er þar víða ákaflega erfitt og kostnaðarsamt að ná í lækni, en þó féllum við flm. frá, að nýtt læknishérað yrði stofnað við Þjórsá. Þetta hérað á fullan rétt á sér, ég skal fúslega viðurkenna það, en það yrði mjög fámennt, ekki nema eitt þús. manns, og ef það væri lengra frá Reykjavík, þá mætti búast við, að erfitt yrði að fá lækni þangað, en ég geri ráð fyrir, þar sem það er ekki lengra frá Reykjavík, þá muni verða kleift að fá lækni í héraðið.

Ég vil spyrja hæstv. stj., hvort ekki sé von á einhverjum ráðstöfunum frá hálfu hæstv. heilbrigðistjórnar um læknamál sveitanna, því að það mál þolir enga bið lengur. Komi ekkert frá stj. þessu viðvíkjandi, þá munu einstakir þm. bera fram frv. í þá átt.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Rang. um það, hvort stj. muni bera fram einhverjar till. í sambandi við ráðstafanir út af því að tryggja það, að auðveldara verði að fá lækna í sveitahéruðin yfirleitt, þá skal ég taka fram, að landlæknir hefir skrifað heilbrigðismálaráðuneytinu ýtarlega um þetta efni. Ég hefi athugað þetta, af því að það heyrir undir það ráðuneyti, sem ég starfa við, og hefi einnig minnzt á það við starfsbræður mína í stj., en ennþá hefir engin endanleg ákvörðun verið tekin. Hinsvegar hefir landlækni verið falið að semja frv. í sambandi við þær till., sem hann hefir lagt fram. Hefir hann nú lokið því, og er það nú til nánari athugunar, áður en það verður látið koma í ljós, hvort sem það verður flutt af stj. eða ekki.

Helgi Jónasson: Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Ég vona, að þetta mál verði afgr. sem allra fyrst og stj. geti sagt um það á næstu dögum, hvort hún muni flytja þetta mál eða ekki, því að annars verður það tekið upp af öðrum aðilum.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Suðureyrarhreppur í Súgandafirði var einn af þessum hreppum, sem átti að athuga um, hvort unnt væri að setja þar á stofn sérstakt héraðslæknisembætti. Heilbrigðisstjórnin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unnt að gera svo lítinn hrepp sérstakt læknishérað, þó að aðrar ástæður mæltu með því. Ég hefi tekið eftir, að á þessu sama þingi er strikaður út á fjárl. styrkur til hjúkrunarkonu í Súgandafirði, sem hafði verið á fjárl. í nokkur ár. Ég skil ekki, að athugun heilbrigðisstj. hafi leitt til þess, að ekki væri hægt að telja þörf á að hafa þarna hjúkrunarkonu, sem starfaði í samráði við lækni. Við það gæti sparazt kostnaður við að sækja lækni og flytja til baka, en það er mjög erfitt og kostnaðarsamt, og stundum eru allar leiðir ófærar, bæði á landi og sjó. Er því mikil nauðsyn á að hafa þarna hjúkrunarkonu, sem gæti starfað þarna í samráði við héraðslækni. Ég vil fastlega vænta þess, að landlæknir og heilbrigðisstjórn sjái svo til, að þessi styrkur verði aftur tekinn upp á fjárl., og mun ég þá ekki gera aths. við, þó að ekki verði stofnað þarna sérstakt læknishérað.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þessi styrkur var ekki tekinn upp á fjárlfrv. nú, af því að hann var ekki notaður á síðasta ári. Ég veit ekki til, að fengizt hafi hjúkrunarkona til að starfa á þessum stað, heldur mun yfirsetukona hafa gegnt þessu starfi. Getur vel komið til mála að taka þetta aftur upp, en ég sé ekki ástæðu til þess, nema málið sé athugað nánar.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég heyri og þykir gott að heyra, að það stafar aðeins af misskilningi, að þetta var tekið út. Það hefir verið reynt að fá þarna hjúkrunarkonu, en það hefir ekki tekizt enn. En þarna hefir starfað á síðasta ári kona, sem er þaulvön og læknir hefir gefið vottorð um, að ágætt sé að eiga samstarf við. Nú vill hún hætta vegna heilsubrests, en hefir ekki gert það enn. Síðast þegar ég átti tal um þetta við héraðslækninn, skýrði hann mér frá, að forstöðukona Hjúkrunarkvennafélagsins hefði málið með höndum og hefði lofað að gera sitt ýtrasta til þess að útvega hjúkrunarkonu á þennan stað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 178).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og flutt af allshn. þeirrar d., og fer fram á það að breyta að nokkru skipun læknishéraða, á þann veg, að gert er ráð fyrir, að stofnað verði nýtt læknishérað, sem nefnist Álafosshérað, eins og sjá má í 1. gr. þessa frv. Stefna frv. er ýtarlega rakin í grg. þess, en aðalatriðið er, að þetta umdæmi er orðið allmannmargt; sérstaklega á vissum tímum árs er mikill fjöldi fólks, sem dvelur á þessu landsvæði. Læknirinn í Hafnarfjarðarhéraði er samkv. l. skyldur til að gegna þessum hreppum, en um nokkur undanfarin ár hefir sérstökum lækni í Reykjavík verið greitt nokkurt fé fyrir að annast þar læknisstörf. Þetta fyrirkomulag hefir ekki gefizt sem skyldi, og læknirinn, sem skylt er að gegna kalli í þessa hreppa, fer fram á, að eftirtaldir hreppar verði gerðir að sérstöku læknishéraði: Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallahreppur. Hinir þrír fyrrnefndu hreppar teljast til Hafnarfjarðarhéraðs, en Þingvallahreppur til Grímsneshéraðs. Það þykir heppilegra, að Þingvallahreppur teljist til þessa héraðs, því að það eru greiðari samgöngur þaðan til Álafoss en austur að Laugarási.

Því ber ekki að neita, að ef þetta frv. verður að l., fylgir því nokkur kostnaður. Þó að áður hafi verið veittar 2300 kr. fyrir læknishjálp í þessum hreppum á ári, þá verða föst laun héraðslæknis nokkru hærri, svo að það verður nokkur fjárhæð, er greiða þarf fyrir fastan lækni þar umfram það, sem áður hefir verið greitt. En allshn. hefir nú litið þannig á, að hér muni vera um breyt. til bóta að ræða, og mælir með því, að sú skipun læknishéraða, sem í frv. er tilgreind, verði tekin upp. Ég tel að þessu sinni ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., því að það liggur svo ljóst fyrir, að þm. munu ekki þurfa að átta sig á, að hér sé um frv. að ræða, er beri að samþ. hér í d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 239).

---

16. Ófriðarráðstafanir.

Á 3. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstj. til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu (þmfrv., A. 13).

Á 5. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 13, 80).

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég var ekki kominn á fund, þegar mál þetta var til 1. umr., en grg. frv. er svo ýtarleg, að ég sé ekki ástæðu til að flytja sérstaka framsögu um málið. Hinsvegar vil ég benda á, að allshn., sem flytur frv. samkv. ósk ríkisstj., hefir borið fram tvær brtt. á þskj. 80. Fyrri brtt. er við 2. málsgr. 2. gr., um það að fella niður orðin „og einstakra manna“, og stafar af því, að n. þótti við nánari athugun of langt gengið í því að leyfa rannsókn á birgðum eins og er í frv. upphaflega og leggur því til, að dómsúrskurð þurfi til slíkra rannsókna hjá einstökum mönnum. Síðari brtt. er um, að l. öðlist þegar gildi.

ATKVGR.
Brtt. 80,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 80,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 13. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 123).
Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 179).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var flutt af allshn. þeirrar d. að tilhlutan hæstv. ríkisstj. Þær breyt., sem þetta frv. gerir frá gildandi heimildarl. fyrir ríkisstj., eru aðallega tvær. Fyrri breyt. frv. er í 1. gr. og er sú, að í stað þess, að í gildandi l. er það atvinnu- og samgöngumálaráðun., sem heimilt er að gera slíkar ráðstafanir, er í þessu frv. lagt til, að það verði öll ríkisstj. Í grg. frv. er gerð grein fyrir þessu á þann hátt, að allar slíkar ráðstafanir hafi verið teknar, samþ. og útgefnar af ríkisstj. í heild sinni síðan þessi heimildarl. gengu í gildi.
Síðari brtt., sem felst í 2. gr. frv., er um það, að útfæra að nokkru þá heimild, sem er í gildandi l. um rétt ríkisstj. til þess að fyrirskipa rannsókn á vörubirgðum, og í síðari hl. þeirrar málsgr. er gert ráð fyrir, að heimilt sé án fyrirvara að gera rannsókn hjá þeim verzlunum, sem hafa með höndum sölu á þeim vörum, sem strangt eftirlit er með.
Ég verð að telja, að þær breyt., sem felast í þessu frv., séu til bóta. Það hafa verið færð fram nægileg rök fyrir því, að hæstv. ríkisstj. telji sér nokkra þörf á að fá þessar breyt. samþ. Allshn. Ed. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Nd., en þar tók það þeirri einu breyt., að 3. gr. var bætt við, sem hljóðar svo: Lög þessi öðlast þegar gildi. — Það leiðir af sjálfu sér, að úr því að hæstv. ríkisstj. óskar eftir því að fá slíka lagaheimild, er vitanlega sjálfsagt, að l. öðlist þegar gildi.
Ég hefi ekki fleira að segja f. h. allshn. um þetta mál, en n. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 240).

---

17. Síldartunnur.

Á 13. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um síldartunnur (þmfrv., A. 75).

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Þetta frv. er flutt af sjútvn. eftir ósk hæstv. atvmrh. (ÓTh). Í því felast aðeins örlitlar breyt. frá gildandi l., í þá átt hvað stærðina á tunnunum snertir. Sjútvn. hefir litið svo á, að rétt sé að lögleiða þessar breyt., þar sem það hefir komið í ljós, að á löggjöfinni um síldartunnur er einn galli, og þetta frv. er flutt hér á Alþ. til að bæta úr því. Bæði innlendir síldarframleiðendur og sjútvn. mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Ég leyfi mér að mælast til, að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 182).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Um þetta frv. er ekki margt að segja. Það stendur eins á með þetta frv. eins og það, sem var til umr. næst á undan, að það er komið frá Nd. og var flutt af sjútvn. þeirrar d.
Það, sem farið er fram á í þessu frv., er að ákveða nokkru nánar stærðina á síldartunnum en áður hefir verið gert. Er það aðalatriði frv., sem kemur fram í 1. gr. Það hefir borið nokkuð á afleiðingum þess, að stærðin á síldartunnum hefir ekki verið nákvæmlega ákveðin. Í grg., sem fylgir frv., eru færð allýtarleg rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að ákveða þetta nánar. Það hefir viljað eiga sér stað á undanförnum árum, að þær tunnur, sem síld hefir verið söltuð í, hafa ekki allar verið af sömu stærð, og getur það valdið nokkurri óánægju hjá kaupendum, og þegar síldin er orðin jafnmikill liður í útflutningi frá Íslandi sem nú er, virðist vera sjálfsagður hlutur að reyna að tryggja það, að hinir mörgu kaupendur hafi ekki ástæðu til að óttast, að innihald hverrar tunnu sé ekki eins mikið og það er sagt vera.
Sjútvn. Ed. mælir eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 241).

18. Bann gegn jarðraski.

Á 12. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bann gegn landspjöllum af mannavöldum (þmfrv., A. 69).

Á 13. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 103).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta mál lá fyrir síðasta þingi, en dagaði uppi af sérstökum ástæðum. Nú hefir það verið afgr. frá landbn. með einróma meðmælum um, að það nái fram að ganga.
Frv. þetta er flutt að tilhlutun búnaðarþings. Ástæðan fyrir flutningi þess er sú, að á all-

mörgum stöðum á landinu hagar þannig til, að allmiklir sand- og malarkambar hafa safnazt úti fyrir ströndinni og orðið að varnargörðum fyrir sjávargangi. Nú hefir það hinsvegar sumstaðar orðið svo, að þar sem eigendur þessara malar- og sandkamba hafa haft markað fyrir sandinn, hafa þeir sumir orðið svo ágengir á hann, að sumstaðar vofa yfir stór landspjöll af þessum sökum. Það eru a. m. k. tveir til þrír staðir á landinu, sem þannig stendur á, að ekki einungis land þess, sem malarkambinn á, heldur og fleiri jarðir, eru í yfirvofandi hættu, ef þessu heldur áfram. Þykir því nauðsyn, að til sé vald, sem getur bannað slíkt jarðrask.

Vil ég vænta þess, að hv. dm. taki þessu máli með skilningi.

***Emil Jónsson:** Ég skal ekki tefja málið. Mig langar aðeins að spyrja hv. frsm. að því, hvort n. hafi ekki borið þetta frv. saman við gildandi l. um þetta efni. Mér fannst hv. flm. tala eins og engin lagasetning væri til um þetta atriði. En svo er ekki, því það eru til l. um bann gegn jarðraski. Ég hafði ætlað, að n. hefði borið þetta saman, en sé ekki mót á því í nál.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Hv. 6. landsk. átti sæti í landbn. þessarar d. á síðasta þingi, og varð ég ekki var við neinar aths. frá honum við þetta mál þá.

Ég skal viðurkenna, að mér er ekki fullkunnugt um muninn á þeim l., sem hann nefndi, og þessu frv. Hitt veit ég, að þeir menn, sem þetta mál báru fram á búnaðarþingi, höfðu ekki komið auga á nein lagaákvæði, sem gætu komið í veg fyrir slík landspjöll sem hér um ræðir.

Hinsvegar skal ég gjarnan ganga inn á að athuga þetta mál nánar milli umr., t. d. með hv. 6. landsk., og gera þá þær nauðsynlegar breyt., sem við getum komið okkur saman um til að samríma þetta frv. gildandi lögum.

***Emil Jónsson:** Þau l., sem ég nefndi og um þetta atriði gilda, eru l. frá 1933, nr. 28, um bann gegn jarðraski í kauptúnum og sjávarþorpum. Mér hefði þótt eðlilegast, að ákvæði þessara l. hefðu verið látin ná einnig til annara landshluta. Þau eru skýlaus að því leyti, að á þeim stöðum, sem l. ná til, er sand- og malartaka bönnuð.

Hvað því viðvíkur, að ég hafi átt sæti í landbn. og enga aths. við þetta mál gert á síðasta þingi, þá er það að segja, að eftir að ég byrjaði að starfa í fjvn., þá sinnti ég lítið störfum í landbn., og má vel vera, að málið hafi verið tekið þar til meðferðar án þess að ég hafi orðið var við það. Ef ég hinsvegar hefði orðið var við, að málið væri þar tekið fyrir, hefði ég efalaust gert við það mínar aths., því mér voru þá þessi l. jafnvel kunn og nú.

Ef hv. frsm. vill taka málið til athugunar milli umr., hefi ég síður en svo neitt við það að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 69, 142).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 142. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Emil Jónsson:** Ég gat þess við 2. umr. þessa frv., að það væru til l., sem færu í mjög svipaða átt sem þetta frv., er hér liggur fyrir. L. um þetta eru nr. 28 frá 19. júní 1933, en þau gilda aðeins fyrir kaupstaði, kauptún og sjávarþorp. Það hefir orðið að samkomulagi milli mín og hv. flm. þessa frv. að gera þær breyt. á frv. að fella það inn í l., sem nú eru í gildi, svo að um þetta gildi í framtíðinni ein l., þó að l. verði færð út á viðara svið. Slík till. er ekki nein veruleg efnisbreyt., heldur aðeins formsbreyt. til að samræma frv. við l., sem eru í gildi, eins og hv. þm. Mýr. minntist á.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í breyt., sem eru að langmestu leyti formsbreyt.

ATKVGR.
Brtt. 142,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 142,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 142,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 142,4 samþ. án atkvgr.
— 142,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 142,6 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv.

Á 19. fundi í Ed., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd, (A. 146).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 187).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er ekki mikið að segja um þetta frv. Fyrst var það borið þannig fram í neðri deild af flm., að það átti að verða sérstök l., en síðan var óskað eftir, að það kæmi fram sem breyt. á eldri l. og yrði fellt inn í l. frá 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum.

Nýmælið í þessu frv. er fólgið í því, að ráðh. sé heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, þar sem mikil hætta stafar af jarðraski fyrir nytjaland eða byggð.

Að öðru leyti eru sektarákvæðin, er liggja við þessu, sett nokkuð há, og eru sektir hækkaðar nokkuð frá því, sem áður var. Að vísu

leikur stundum vafi á, hvort ástæða væri til að fela vitamálastjóra að gera till. um það upp til sveita, hvort hætta myndi stafa af jarðraski. Það gæti virzt liggja eins nærri, að vegamálastjóri gerði till. um það, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, eða jafnvel Búnaðarfélag Íslands eitt. En þetta er fremur formsatriði en að það hafi raunverulega þýðingu, og þess vegna áleit landbn. ekki rétt að gera breyt. á frv. til þess að fara að hrekja það milli deilda. Landbn. Ed. er því sammála landbn. Nd. um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn byggist ekki á því, að ég sé á móti þessu frv., því að ég get greitt atkv. með því við þessa umr. Fyrirvari minn byggist á því, að fyrir 4—5 árum var samþ. hér á Alþ. þál. um að skora á ríkisstj. að láta endurskoða fulgafriðunarl. og önnur ákvæði um náttúrufriðun í landinu. Eftir að þessi áskorun var samþ., mun hæstv. ríkisstj. hafa fengið n. manna til þess að vinna að því, og þess vegna hefði mér fundizt eðlilegt, þar sem þetta frv. fjallar um náttúrufriðun, að fella það inn í þau l. Ég hefði vænzt þess, vegna þess að það er liðinn svo langur tími síðan Alþ. óskaði eftir því, að þessi l. yrðu endurskoðuð, að nú væri búið að vinna að því að færa það í lag. En í stað þess liggur nú fyrir Alþ. frv. um friðun arna, sem sagt er, að sé flutt eftir beiðni ráðh., og annað frv. um ófriðun svartbaks, og svo þetta frv. um bann við jarðraski. Landbn. hefir haft öll þessi frv. til meðferðar, í stað þess að fella þetta allt inn í einn lagabálk. En einhverstaðar hjá n. eru nú öll þessi mál í athugun og góðri geymslu, og mætti nú gjarnan fara að sjást eitthvað frá henni. Mér þætti viðkunnanlegra, að þetta kæmi í heild, eins og þingið hefir ætlazt til, og ég vona, að við fáum að sjá þetta áður en langt um líður.

Ég tel því vafasamt, að ástæða sé til að tína einstaka liði út úr þeim lagabálki, sem væntanlegur er, og fara að samþykkja þá, í stað þess að bíða eftir allsherjar náttúrufriðunarlögum frá nefndinni.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skal ekki teygja lopann lengi um þetta mál. Ég vil aðeins benda á, að þó að l. um náttúrufriðun séu samin, þá er ekki víst, að þau nái sérstaklega til þess, sem þessu frv. er ætlað að ná til. Það getur verið, að hús sé byggt og þá sé með grefti fullmikið gengið á ræktaða nytjabletti þar nálægt, sem talið er að þurfi að friða almennt með l., að ekki sé um of á þá gengið. Þetta finnst mér, að ekki heyri undir l. þau, sem kæmu fram sem náttúrufriðunarlög.

Ég held því, að ekkert sé skemmt fyrir lagabálki, sem kann að koma um náttúrufriðun, þó þetta frv. sé samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 242).

---

19. Lax- og silungsveiði.

Á 12. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 23. júní 1936 [Lax- og silungsveiði] (þmfrv., A. 70).

Á 13. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Flm. (Pétur Ottesen):** Með breyt., sem gerð var á l. um lax og silungsveiði 1936, átti að lagfæra þá ágalla, sem komið höfðu í ljós á löggjöfinni frá 1932, að því er snertir veiði í ósum og á leirum, en nú hefir reynslan sýnt, að þessi breyt. l. 1936 hefir ekki í framkvæmd náð þeim tilgangi, sem henni var ætlað að ná. Hér er því aðeins farið fram á að breyta orðalagi laganna hvað þetta snertir, til þess að fyrirbyggja þá erfiðleika, sem orðið hafa vegna hins óskýra orðalags á núgildandi löggjöf um þetta efni. Þar sem því hér er aðeins um leiðréttingu á orðalagi að ræða, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrði frekar um þetta atriði, og óska aðeins, að frv. nái sem fyrst fram að ganga. Að umr. lokinni óska ég málinu vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv

---

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 101).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Pétur Ottesen):** Ég ætla ekki miklu við það að bæta, sem sagt var um þetta frv. við 1. umr. þessa máls. Landbn. hefir athugað frv. og komizt að þeirri niðurstöðu, að mæla með framgangi þess. Eins og ég tók fram við 1. umr. um þetta mál, þá var það tilætlunin með þeim breyt., er gerðar voru á l. um lax- og silungsveiði árið 1936, að ná þeim tilgangi að því er snertir laxveiði í árósum og leirum, sem nú er ætlazt til að náist með þessu frv. Orðalag 5. gr. laxveiðilaganna frá 1936 hefir ekki samkvæmt fenginni reynslu náð fullkomlega tilgangi sínum. Samkv. efni sínu gekk sú gr. út á það, að girt yrði fyrir þann árekst-

ur, sem af þessu hefir leitt, en það hefir ekki tekizt betur til með orðalagið á þessari gr. í þeim brtt., sem samþ. voru á Alþ. árið 1936, en svo, að það kom í ljós, að menn fóru að leggja net og girðingar alllangt út í árósa og leirur í því skyni að veiða lax í þau net, sem þar voru lögð. Samkv. orðanna hljóðan í l. eins og þau eru nú eru takmörkin fyrir því, hvar megi leggja net, miðuð við breiddina á árósum eða leirum, en nú er það víða svo, þar sem ár falla til sjávar, að þær renna í höfuðálum og kvíslum, og það skiptir mjög miklu máli í því sambandi, að höfuðállinn sé ekki tepptur fyrir laxagöngu og að ekki verði þvergirt fyrir höfuðála eða kvíslar, eins og sumstaðar hefir verið gert, og kominn var nokkur rekspölur á á síðastl. ári. Með þeirri breyt., sem farið er fram á í þessu frv., að aldrei megi leggja laxagirðingar lengra út en í miðjan höfuðál, á að vera tryggt, að ekki verði lagðar miklar hömlur á göngu laxa upp eftir ánum, og er þessi breyt. gerð í því skyni að varna því.

Ég vil þess vegna mælast til þess fyrir hönd landbn., að þessi breyt., sem réttara sagt er aðeins skýring á ófullkomnu orðalagi, nái greiðlega fram að ganga og að hægt verði að breyta l. í þá átt, sem ætlazt var til í öndverðu. — Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um þetta.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 70, 126).

***Bjarni Ásgeirsson:** Herra forseti! Ég á nú hér smábrtt. við frv. þetta. Eins og hv. þm. er kunnugt, er það ákvæði nú í laxveiðil., er bannar að veiða lax í sjó. Ákvæði þetta hefir vitanlega komið mjög harkalega fram á þeim mönnum, sem eiga jarðir, sem liggja að sjó, þar sem þannig stendur á, að unnt er að veiða lax í net við strendur jarðanna. Og það má jafnvel draga í efa, hvort með þessu ákvæði á sínum tíma hefir ekki verið höggvið allnærri ákvæðum stjskr. um eignarrétt manna. Skal ég samt ekki fullyrða neitt um það. Og bæði ég og aðrir, sem stóðum að þessari löggjöf, vildum beygja okkur undir þá nauðsyn, sem við sáum á því að takmarka nokkuð laxveiði í sjó, fyrst og fremst vegna þess, að það þótti nauðsyn, með fordæmi annara þjóða fyrir augum, að tryggja, að laxinn gæti gengið nokkurn veginn óhindrað upp í árnar, því að þar hrygnir laxinn, eins og menn vita, þannig að laxinum yrði ekki fullkomlega útrýmt. Í öðru lagi var því slegið föstu með l., að laxinn ætti að vera til nytja þeim bændum, sem á laxveiðijörðum búa, og það ætti að tryggja þeim bændum framvegis afnot af laxveiði, sem á þeim jörðum eru, sem hingað til hafa haft þau hlunnindi, og þetta viðurkenni ég sem sjálfsagða stefnu. Í þriðja lagi var því haldið fram, að það, að banna laxveiði í sjó, komi laxveiðijörðum í meira álit hjá erlendum mönnum, sem koma hingað til lands til þess að stunda laxveiðar, því að þeir vita, að laxveiði í sjó eyðileggur að meira eða minna leyti laxveiði í ám. Ég viðurkenni allar þessar staðreyndir. Og sú brtt., sem ég ber fram hér, riðar ekki í bága við neina þeirra. Samt sem áður vil ég gefa heimild þeim, sem búa við firði og flóa, þar sem lax gengur um, að leggja net í fjöruborðið á þurru, þannig að sjór falli í þau um flóð, ef ske kynni, að lax kæmi í þau. Með því ákvæði er þeim bændum ekki fyrirmunaður sá réttur með öllu, sem þeir hafa haft frá alda öðli til að veiða lax í sjó og getur verið vafasamt, hvort ekki er brot á stjskr. að taka af þeim með lagaákvæði. Ég þykist ekki með þessu hafa brotið neina af þeim meginreglum, sem á sínum tíma voru bornar fram sem ástæður fyrir því að banna að veiða lax í sjó. Fyrst og fremst er það sjáanlegt, að ekki getur nein hætta stafað af því þannig, að laxveiði í ám standi af því hætta, þó að netstúfur sé lagður í fjöruborðið um fjöru, ef ske kynni að ein og ein laxkind kæmi í hann öðru hverju, með tilliti til þess, að heimilað er að leggja laxanet í ósa og leirur, þar sem þrengsli árinnar eða laxafarvegsins eru miklu meiri heldur en víða er með fjörðum og flóum. Og í öðru lagi hagar þannig til, að þeir, sem jarðir þessar eiga, eru engu síður bændur heldur en þeir, sem eiga laxveiðijarðir upp með ánum í sveitunum, þannig að bændur í landinu njóta laxveiðinnar eftir sem áður. Í þriðja lagi sé ég ekki betur en að þrátt fyrir það, þó að þetta leyfi væri veitt, væri hægt að segja með jafngóðri samvizku og það er hægt nú bæði Englendingum og öðrum, sem hingað til lands koma til að veiða lax, að hér væri bannað að veiða lax í sjó, vegna þess, að þetta er nú þegar ekki undantekningarlaust í l. Fyrst og fremst leyfa þau þeim mönnum laxveiði í sjó, sem hafa látið meta þau hlunnindi í fasteignamatinu 1931. Í öðru lagi er leyft að veiða lax í ósum, sem er meiri og minni laxveiði í sjó, þrátt fyrir það, þó að ekki megi veiða lax í sjó eftir öðru ákvæði l. Þetta, sem felst í brtt. minni, er ekki nema dálítil útafbreyt. á þeim ákvæðum, sem nú þegar leyfa mönnum að veiða lax í sjó. Og það á því ríkara gildi sem það jafnar nokkuð aðstöðu manna til laxveiða frá því, sem í l. er gert ráð fyrir.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, að með þessum ákvæðum er á engan hátt vikið frá þeirri meginstefnu, sem nú er í l., að bönnuð sé yfirleitt laxveiði í sjó; ekki heldur þeirri meginreglu, að bændur landsins njóti þessarar veiði; ekki er heldur gengið svo langt með þessu ákvæði, að ekki sé hægt að segja útlendingum eftir sem áður, að laxveiði í sjó sé bönnuð. En hinsvegar kemur hér ofurlítið á móti þeim óréttindum, sem bændum var gerður á sínum tíma með því að banna laxveiði í sjó.

Pálmi Hannesson: Ég vil leyfa mér að vara hv. þd. við þessu ákvæði, sem í brtt. hv. þm.

Mýr. felst og hv. þm. hefir slengt hér inn á mjög vingjarnlegan hátt að vísu, af því að það felur í sér hvorki meira né minna en það, að snúa upp og niður þeim ákvæðum, sem laxveiðilöggjöfin nú grundvallast á. Höfuðatriði þeirrar löggjafar er, að lax skuli aðeins heimilt að veiða í vatnsföllum landsins, en ekki í sjó. Þegar l. voru samþ., var að vísu gengið svo langt að heimila þá veiði, sem hafði verið viðurkennd sem hlunnindi við jarðamatið 1931, þannig að menn misstu ekki þann rétt í þessu efni, sem þeir höfðu haft og beinlínis var talinn með í mati á þeirra fasteignum. Þegar l. voru undirbúin, var fyrst miðað við matið 1922, og þá höfðu 4 jarðir talið til hlunninda laxveiði í sjó. Þetta var ekki til mikils skaða. En því var breytt og miðað við matið, sem gert var 1931 eða '32. Og á meðan l. voru í undirbúningi höfðu nokkrir bændur séð sér færi á því að koma inn í fasteignamatið veiðihlunnindum í sjó. Þetta var ekki heldur til mikils skaða. En hér er lagt til að höggva miklu stærra skarð í laxveiðilöggjöfina, þar sem er till. um að leyfa að leggja laxanet í sjó hvar sem er í kringum allar strendur landsins. Það er að vísu sagt, að það eigi að leggja þau á þurrt. En þó að þetta líti sakleysislega út hvað orðalag snertir, þá vil ég nú spyrja: Hver ráð eru til þess að líta eftir því, að það verði ekki brotið, ef þetta væri samþ., og að ekki verði notuð ólögleg veiðarfæri, svo sem króknet eða kálfanet? Það hefir valdið geysimiklum örðugleikum að halda uppi laxveiðilöggjöfinni eins og hún er nú. Og hvað mundi þá verða, ef þetta ákvæði væri samþ.? Þeir örðugleikar mundu áreiðanlega margfaldast.

Auðvitað mundi þetta ákvæði, ef samþ. væri, ná fyrst og fremst til þeirra manna, sem eiga lönd nálægt ósum veiðivatna, t. d. í Borgarfirði. Hv. flm. segir, að þó að þeir veiði eina og eina laxkind, þá sjái ekki svo mikið á laxveiði í ám fyrir það. En hans hv. kjósendur á laxveiðijörðunum upp með ánum veiða bara ekki þær laxkindur, sem búið er að veiða í sjó.

Hvorir eiga laxinn, þeir, sem búa við árnar, eða þeir, sem búa við sjó? Við samþ. laxveiðilöggjafarinnar var álitið, að þeir, sem búa við árnar, eigi laxinn.

Hv. þm. talaði um stjskr., eins og mönnum er nú mjög orðið títt, og taldi, að mjög nærri mundi vera höggvið ákvæðum hennar með laxveiðilöggjöfinni, sem nú gildir, gagnvart þeim mönnum, sem við sjó búa. En er þá ekki jafnnærri höggvið ákvæðum hennar með því að fara með kálfanætur fyrir utan þær netalagnir, sem l. leyfa? Þar er þó ekki nema örlítill stigmunur frá þessu ákvæði. Og ef ætti að fara að ganga þá braut, sem felst í till. hv. þm. Mýr., þá yrði skammt þess að bíða, að það kæmi nýr fleygur við þessa löggjöf, sem fæli í sér að gera laxveiði í sjó meira eða minna heimila. Þetta ákvæði, sem hv. þm. Mýr. ber hér fram, yrði þá bara byrjun, þannig að þá kæmu fram fleiri eða færri till. í sömu átt á eftir, sem gengju lengra í því að heimila laxveiði í sjó.

Það er ekki svo að skilja, að með laxveiðil. hafi neinn misst réttindi. Þeir, sem töldu fram til hlunninda laxveiði í sjó, hafa fengið að halda réttinum til þeirrar veiði, ég vil segja því miður um marga þeirra. En hinsvegar sé ég enga ástæðu til þess að fara að gefa mönnum heimild til þess að hafa net fyrir löndum sínum út með sjávarströndum og taka þannig lax á þeim stöðum, þar sem það fer saman, að erfitt er að líta eftir, að l. séu ekki brotin yfirleitt vegna aðstöðunnar, og einnig hitt, að það er óeðlilegt, að lax sé veiddur þar.

Hv. þm. Mýr. talaði um, að við gætum með jafngóðri samvizku sagt Englendingum, að ekki væri veiddur lax í sjó, þó að þetta ákvæði væri samþ. En Englendingar hafa ekki svo liðuga samvizku né trúgirni til að trúa því. Og þetta ákvæði, ef samþ. væri, væri metanlegt í sterlingspundum þegar hingað koma Englendingar til að leigja árnar í Mýrasýslu og annarstaðar á landinu. Englendingum er það geysimikið atriði að vita, að ekki sé veiddur lax í sjó, heldur aðeins í ám. Þeir eru meira að segja með ýmsar fyrirspurnir út af laxveiðiákvæðunum, sem leyfa nú, að lax sé veiddur við strendur landsins. Og ef hér væri lengra gengið, mundi það draga úr þeim áhuga, sem óneitanlega er vaknaður hjá þeim fyrir íslenzkum veiðiám, sem ekki sízt er afleiðing laxveiðilöggjafarinnar, vil ég segja.

Ég tel mjög hættulegt að samþ. þessa sakleysislegu, en eitruðu till. hv. þm. Mýr.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég held, að hv. þm. búi sjálfur til þær grýlur, sem hann óskar eftir, að Alþ. sjái í þessu máli. Hann byrjar að tala um þessa heilögu meginreglu, að ekki megi veiða lax í sjó, en þó viðurkenndi hann, að strangt tekið mætti veiða lax í sjó, og þetta meinlausa ákvæði, sem ég kem með, breytir alls ekki þeirri meginreglu. Meginreglan er aðeins með þessum örfáu undantekningum, svo að ef Englendingar trúa því nú, að ekki megi veiða hér lax í sjó, þá geta þeir eins trúað því, þótt till. min verði samþ., svo að þetta á ekki að spilla áliti Englendinga á laxveiði hér.

Hann gerði mikið úr því, að leyfa ætti að veiða lax hvar sem væri við strendur landsins. Ég veit, að hann segir þetta móti betri vitund, því að honum er kunnugt um, að það er ekki alstaðar hægt að veiða lax við strendur landsins. Það er aðeins í örfáum stöðum, sem slíkt getur komið til mála. Þar með er líka svarað þeirri fyrirspurn, sem hann bar hér fram, hvernig ætti að hafa eftirlit með þessari veiði, ef þessu ákvæði væri breytt. Ég veit ekki betur en að eftirlit sé haft með laxveiðinni alstaðar þar, sem veiði er, og eins mundi það verða. Hv. þm. þarf ekki að óttast, að farið yrði að hafa eftirlitsmenn austur með öllum söndum á Suðurlandsundirlendinu, svo að ég nefni einn stað. (**PHann:** Þetta hefir nú verið reynt á Eyrarbakka í lögleysu). Það er nú ekki langt frá laxveiðistað, svo að það hefir verið hægt að hafa eftirlit með því.

Þá var hann að bera fyrir brjósti kjósendur mína uppi í Stafholtstungum og sagði, að ekki fengju þeir þá laxa, sem veiddir væru vestur

með Mýrum. Ef á að miða þetta eingöngu við mína kjósendur, þá á ég þá líka vestur á Mýrunum, og ég sé ekki betur en að þeir megi veiða einn og einn lax á móti þeim hundrað, sem þeir veiða uppi í Stafholtstungum. Ég hygg, að skaparinn hafi alveg eins ætlað þeim að fá eitthvað af þeim laxi, sem fer framhjá þeirra bæjardyrum, eins og þeim, sem búa lengra uppi í landinu.

Hv. þm. segir, að þeir, sem ég ber hér fyrir brjósti, hafi vanrækt að telja fram laxveiði við fasteignamatið 1922. Við vitum, að það eru ýmis smávegis hlunnindi, sem menn hafa ekki hirt um að telja fram. Mönnum hefir ekki þótt taka því, þó að þeir hafi fengið nokkur þúfutittlingsegg eða lax og lax eða silung og silung. Það getur því ekki talizt nein höfuðsynd, þó að þeir hafi ekki talið fram þessi smávægilegu hlunnindi, og ekki ástæða til að taka þau af þeim fyrir það frekar en önnur smávægileg hlunnindi, sem menn hafa ekki talið fram.

Hv. þm. segir, að ef það teldist brot á stjórnarskránni að banna mönnum að veiða lax innan netjalaga, þá sé það eins stjórnarskrárbrot að banna mönnum að veiða úti á fjörðum. Það er allt annað, því að firðir og flóar eru almenningseign, en netjalög hafa jafnmikinn rétt á sér og jörðin sjálf, og að skerða rétt manna á netjalögum er alveg eins mikið brot eins og að skerða rétt manna á þurru landi.

Ég býst við, að það upplýsi málið ekki mikið, þó að við förum að karpa um þetta áfram. Málið er öllum ljóst og þekkt frá fyrri árum, svo að ég tel ekki ástæðu, nema sérstakt tilefni gefist til, að ræða það frekar.

Pálmi Hannesson: Það eru örfá orð! Það eru þrjú atriði, sem ég leyfi mér að benda á. Í fyrsta lagi, að meginregla laxveiðilaganna er sú, að lax eigi aðeins að veiða í ám og fallvötnum, en ekki í sjó. Það er geysilega mikið atriði, að þeir, sem taka árnar á leigu, sérstaklega útlendingar, geti treyst því, að ekki sé verið að hringla með þær meginreglur, sem hafa verið settar, því að ef það er gert eins og lagt er til að gera hér, þá spyrja þeir: Hvað kemur næst? Þeir verða að vera öruggir um, að meginreglan sé ekki brotin. (**BÁ:** Það er ekki gert hér). Það má nú segja, að það sé ekki hreyft við henni. Ég hygg, að ef þessi till. verður samþ., þá fái eins margar jarðir tækifæri til að veiða lax eins og þær, sem hafa veiðirétt nú, og allar þær nýju jarðir fengju veiðirétt í sjó. — Í öðru lagi er eftirlitið mjög torveldað, og í þriðja lagi verður erfitt að fá veiðifélög til að starfa, ef á að fara að tína upp menn út með öllum ströndum. Þá verður ekki hægt að ákveða félagssvæðin, ef þetta verður gert. Á þessu þrennu vildi ég vekja athygli hv. þd.

Mér skilst á hv. þm. Mýr., að honum sé um og ó, hann á sjö börn á landi og sjö börn í sjó. Hann á kjósendur uppi í landi og kjósendur úti á Mýrum, og nú virðist, að honum séu þeir kærari, sem eru við sjó, en þeir, sem eru uppi til fjalla. En ég vil samt treysta honum til þess sem þeim búnaðarfrömuði, sem hann er, að honum skiljist, hver er meginregla löggjafarinnar, því að þegar hann lætur til leiðast að hvika frá henni, þá er hann sárt leikinn eins og Sámur fóstri í sögunni.

ATKVGR.
Brtt. 126,1 felld með 14:3 atkv.
— 126,2—4 tekin aftur.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., 18. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 186).

Frsm. (Erlendur Þorsteinsson): Herra forseti! Ég get verið stuttorður um þetta frv. Það hefir komið í ljós við framkvæmd l. um lax- og silungsveiði, að ákvæðið í l. um laxveiði í ósum er ekki fullnægjandi eins og það er nú. Þess vegna hafa 2 hv. þm. í Nd. borið fram frv. það, sem hér liggur fyrir, sem er um það, að ekki megi girða fyrir aðalstraumlínuál og ekki lengra en út í miðjan höfuðál ósa.

Landbn. hefir athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 243).

20. Vitabyggingar.

Á 4. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar (þmfrv., A. 11).

Á 6. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Með frv. þessu er farið fram á, að eftirleiðis verði vitagjaldinu öllu varið í þarfir vitamálanna, og gerir 1. gr.

frv. nánari grein fyrir því, hvað við er átt með því orðalagi. Ég tel og, að það muni hafa vakað fyrir löggjafanum, að slík framkvæmd skyldi verða á þessum málum, en reyndin hefir orðið önnur.

Eins og sjá má í grg., er fylgir frv., hafa eftir árið 1927 orðið mikil vanhöld á því, að vitagjöldin rynnu í þágu vitanna. Til ársloka 1927 var varið úr ríkissjóði í þarfir vitanna rúmlega 413 þús. kr. umfram vitagjaldið, frá því það var lagt á, en á síðustu 12 árum er þessi mynd orðin svo gerbreytt, að nú skortir á um 1253000 kr. að til vitamála hafi runnið allt vitagjaldið. Þetta sýnir, að á síðustu 12 árum hefir ríkissjóður tekið til sín og varið til annara þarfa 1637000 kr. af vitagjaldinu. Þetta tel ég fullkomna óhæfu, og ég dreg ekki í efa, að allir geti verið sammála um, að það nái ekki nokkurri átt, að Íslendingar geri sér vitagjöldin að tekjulind, svo mjög sem á það skortir, að vitakerfið geti talizt sæmilegt.

Í grg. er þess getið, að enn eru óbyggðir 55 af þeim vitum, sem vitalögin gera ráð fyrir. Flestir þessara vita verða alldýrir, og sumir þeirra munu kosta svo skiptir hundruðum þúsunda, en allir eru þeir nauðsynlegir, og við myndum vilja byggja fleiri vita en þessa, ef fjárhagur leyfði, því að þörfin er brýn.

Ég þarf ekki að leiða rök að því, að fullkomið vitakerfi myndi eiga sinn þátt í því að draga úr þeim tíðu og hörmulegu sjóslysum, sem eiga sér stað árlega við strendur landsins. Og ég verð að segja það, að venjulega hefir andað þeirri hlýju úr garði Alþ. til sjómannastéttarinnar, er á hana hefir verið minnzt hér, að við flm. ættum ekki að þurfa að kvíða því, að frv. nái ekki fram að ganga.

Við höfum sett það ákvæði í 2. gr., að lög þessi komi ekki til framkvæmda, á meðan styrjöldin stendur yfir. Þetta höfum við gert til þess að mæta þeirri mótbáru, sem kynni að rísa, þótt ólíkstudd sé, að eins og nú horfir megi ekki svipta ríkissjóð þessari tekjulind, á meðan öll fjárhagsleg afkoma hans sé í jafnmikilli óvissu og nú er. Hefir okkur og fundizt meinfangalaust, þótt þetta ákvæði verði sett, þar sem gera má ráð fyrir, að vitagjaldið lækki að miklum mun vegna minnkandi siglinga til landsins um ófriðartímann. Nú mætti spyrja: Hvers vegna á þá að vera að lögfesta þessa breyt. nú? Það er vegna þess, að þess hefir verið krafizt, að framlög til nýrra vitabygginga falli niður vegna þröngs fjárhags ríkissjóðs og skorts á erl. gjaldeyri nú um sinn. Ég myndi ekki telja mér fært að sitja sem atvmrh., ef slík krafa væri borin fram á venjulegum tímum, en eins og nú er málum háttað mun ég þó sætta mig við hana, ef Alþ. samþ. þetta framtíðarskipulag á vitamálunum, sem frv. fer fram á.

Ég læt svo þessi fáu orð nægja til þess að fylgja frv. úr hlaði, enda geri ég ráð fyrir góðum hug hv. þm. í garð þessa máls.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að vænta þess, að frv. verði vísað til sjútvn., og vil jafnframt beina þeim tilmælum til n., að hún veiti málinu fljóta og góða afgreiðslu.

*Emil Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. atvmrh. fyrir að hafa flutt frv. þetta. Ég hefi þrásinnis á þeim stutta tíma, sem ég hefi haft þessi mál með höndum, látið þá skoðun mína í ljós, að þetta bæri að gera, að ákveða, að vitagjaldið allt rynni eingöngu til vitamálanna. Þetta mun og skoðun allra sjómanna og annara, er um málið hafa hugsað, og hafa áður borizt kröfur í þessa átt, þótt ríkið hafi ekki séð sér fært að verða við þeim.

Hæstv. ráðh. hefir fært þau rök fyrir máli sínu, að ég tel óþarfa að bæta þar nokkru við, enda hefir aldrei skort á, að menn viðurkenndu rök þau, er fram hafa verið færð þessu máli til stuðnings, heldur hefir ríkissjóður ekki séð sér fært vegna fjárhagsörðugleika að vera án þessa tekjuauka. Ég álít, að þetta sé á misskilningi byggt. Ríkissjóður hefir ekki efni á, að skipulag vitamálanna sé ekki svo sem bezt verður á kosið, og það getur kostað hann meira fé en þeim hluta vitagjaldsins nemur, er til þessa hefir runnið í ríkissjóð. Hæstv. ráðh. benti á það, að nokkuð á aðra millj. kr. skorti á það, að allt vitagjaldið hafi runnið til vitamálanna. Ef þessi upphæð hefði verið notuð öll í þágu vitamálanna. tel ég, að um helmingur þeirra 55 vita, sem ráð er fyrir gert í vitalögunum, hefði nú verið byggður. Meðalkostnaður við hina smærri vita nemur frá 30—40 þús. kr., og hefði því mátt reisa um 25—30 vita fyrir þetta fé, ef notað hefði verið.

Ég mun svo ekki lengja umr. frekar, enda hefi ég við önnur tækifæri í tilefni af frv. hv. 6. þm. Reykv., er hann hefir borið fram áður og fól í sér svipað ákvæði, látið í ljós hug minn til þessa máls. Rök hæstv. ráðh. voru svo skýr og glögg, að ég hefi þar engu við að bæta, en ég vildi aðeins láta í ljós þakklæti mitt til hv. flm. frv. Að málið fái ekki endanlega afgreiðslu á meðan styrjöldin geisar, tel ég ekki aðalatriði; maður vonar, að einhverntíma ljúki þeim hildarleik, og þá verður unnt að hefjast handa með fullum krafti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 76).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Sjútvn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. En n. leggur til, að á því verði gerðar lítilsháttar breyt., eins og sjá má á áliti hennar á þskj. 76. En sú breyt. er á þá leið, að inn í 7. gr. l. komi sú breyt., að leita skuli ráða, auk forstöðumanns stýrimannaskólans og forseta Fiskifélags Íslands, einnig forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Þessi breyt. á vital. hefir verið borin fram áður á Alþ., og ástæðan nú fyrir henni er hin sama og þá var, að það mun alveg áreiðanlegt, að engir menn séu kunnugri þessum málum, að undanskildum vitamálastjóra sjálfum, heldur en þeir menn, sem eru í stöðugum siglingum um-

hverfis landið, sem eru fyrst og fremst skipstjórar á strandferðaskipunum. Það má þess vegna búast við, að ekki sé unnt að leita ráða hjá neinum, sem betur vita um það, hvernig vitar séu bezt settir, heldur en einmitt Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Og þá má ætla, að formaður þess félagsskapar sé að jafnaði sá maður, sem er bezt treystandi til þess að gefa skynsamlegar upplýsingar í þessu efni.

Ég sé enga ástæðu til að bæta neinu frekar við það, sem hér er sagt í grg. frv., nú við þessa umr., og allra sízt vegna þess, að frv. um sama efni hefir áður verið flutt hér á hæstv. Alþ. og málið því kunnugt hv. þm.

Bergur Jónsson: Við tveir af nm. höfum skrifað undir nál. með fyrirvara.

Eins og tekið er fram í grg. frv., hefir áður verið nokkuð mikill styr um aðalatriði þessa frv. hér á Alþ., t. d. 1937. (Það er prentvilla í grg. Þar stendur 1927, á að vera 1937).

Það, sem okkur, sem gerum fyrirvara um þetta mál, og hv. 6. þm. Reykv. greinir aðallega á um í þessu máli, er ekki það, hvort leggja eigi fram svo mikið fé sem þörf er á til vitamála, því að um það er öll sjútvn. sammála, heldur eru skoðanir skiptar um það, hvort binda eigi vitagjaldið og framkvæmdir í vitamálum algerlega saman, eða hvort fylgja eigi þeirri meginreglu, sem við hv. þm. V.-Húnv. (SkG) teljum réttari, að framkvæmdir á því sviði fari sumpart eftir nauðsyn á þeim og sumpart eftir getu ríkissjóðs á hverjum tíma, en láta ekki þá tilviljun, sem ræður því, hversu hátt vitagjaldið reynist í hvert sinn, ráða framkvæmdum. Skoðun hv. 6. þm. Reykv. féllst Alþ. 1937 ekki á.

Fyrirvari minn og hv. þm. V.-Húnv. er reistur á þeim röksemdum, sem ég nú hefi greint, og ennfremur á því, að þar sem ákveðið er í 2. gr. frv., að l. þessi, ef frv. verður samþ., eiga ekki áð koma til framkvæmda meðan styrjöldin, sem nú stendur yfir, varir, þá álítum við, að ekkert liggi á nú að vera að samþ. þetta frv. og að það hafi því enga sérstaka þýðingu, þótt hv. þm. vilji ef til vill breyta afstöðu sinni frá því, sem hún var á Alþ. 1937 En vegna þess síðastgreinda ákvæðis frv. tel ég ekki þörf á að hafa harðar deilur um málið nú. Hvenær styrjöldinni lýkur, veit enginn, og gefst því áreiðanlega síðar nýr tími til þess að deila um efni frv.

Forseti (JörB): Útbýtt er á fundinum brtt. á þskj. 90, og verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess, að hún verði tekin til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Thor Thors: Ég hefi leyft mér að bera hér fram smábrtt. við þetta frv. á þskj. 90. Hún er þess efnis að bæta við í vitalögin nýjum vita á Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Það er svo mál með vexti, að þarna er gersamlega vitalaust, og siglingar til og frá þessum stað eru þess vegna mjög hættulegar. Það er einnig orðið mjög erfitt að fá skip til þess að koma við á þessum stað sökum vitaleysisins.

Ég hefi borið þessa brtt. undir álit vitamálastjóra, og hann hefir tjáð mér, að hann sé mér sammála um það, að nauðsyn sé á að reisa þennan vita svo fljótt sem ástæður leyfa. Vænti ég þess vegna, að þessi brtt. fái góðar undirtektir hér í hv. d.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég verð að biðja afsökunar á því, að ég gleymdi í framsöguræðu minni að geta um fyrirvara þeirra hv. þm. Barð. og hv. þm. V.-Húnv., sem nú hefir verið lýst. En þeir lýstu ekki yfir í n., hvaða atriði í frv. væri orsökin til þeirra fyrirvara.

Það er rétt, að í frv. er ákvæði þess efnis, að ákvæði frv. þessa, ef að l. verður, komi ekki til framkvæmda á meðan styrjöldin, sem nú er, stendur yfir. Hinsvegar get ég ekki fallizt á, að af þeirri orsök hafi enga þýðingu að samþ. þetta frv. nú, því að við vitum ekki, hve lengi þessi styrjöld muni standa. Hún getur t. d. dottið niður um það leyti sem þessi l. koma í gildi, verði frv. samþ.

ATKVGR.
Brtt. 76 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 90 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 100).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 228).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Breytingin, sem lagt er til, að gerð verði á núgildandi l. um vitamál, er sú, að ákvæði skuli sett í l. sjálf, þar sem svo er fyrir mælt, að jafnan skuli verja árlega jafnmiklu fé til vitamála og vitagjöldin

nema. Ég geri ráð fyrir, að frv. sé komið fram vegna vaxandi krafa frá sjómönnum um þetta. Við þessu er að sjálfsögðu ekkert að segja, slík krafa sem þessi er í fyllsta máta eðlileg.

Í meðferð frv. í hv. Nd. voru gerðar á því tvær breytingar. Fyrri breytingin er við 7. gr. l. og er þess efnis, að auk forstöðumanns stýrimannaskólans skuli og leita álits forseta Fiskifélagsins og forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, áður en ákveðið er, hvaða vitar skuli byggðir. Þessa breyt. verður að telja sanngjarna. Þá var og bætt inn í frv. í Nd., að auk þeirra ljósvita, sem taldir eru í lögunum, skuli bætt ljósvita á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Um þessa breyt. er hið sama að segja og hina, að hún á að sjálfsögðu fyllsta rétt á sér, því að það er ekkert eðlilegra en að bæta þurfi nýjum vitum inn í l. um vitabyggingar, umfram þá, sem taldir eru í l. frá 1933.

Í 4. gr. frv. er svo ákveðið, að l. þessi komi ekki til framkvæmda á meðan styrjöld sú, sem nú er hafin í Norðurálfu, standi yfir. Það mætti því segja, að ekki væri brýn nauðsyn á að afgreiða mál þetta nú, en ég fæ ekki séð, að neitt geti verið því til fyrirstöðu. Þörf og góð mál er alltaf tímabært að afgreiða. Ég tel því ástæðulaust að láta það tefja framgang þessa máls, þó að það eigi ekki að koma til framkvæmda á meðan ófriðurinn geisar.

Breyt. þær, sem gerðar voru á frv. í Nd., geta að sjálfsögðu komið til framkvæmda strax, a. m. k. fyrra atriðið. Vitabyggingin á Arnarstapa kann ef til vill að þurfa að bíða eitthvað.

Um þetta er sjútvn. allt sammála og leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 303).

---

21. Tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Á 4. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins (þmfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Á Alþ. 1938 var samþ. þál., sem fól landbúnaðarráðh. að skipa mþn. til þess að gera till. um fyrirkomulag varðandi rannsóknar- og tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins. Milliþinganefnd sú, er ráðh. skipaði, samdi frv. til l. um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Frv. fylgdi ýtarleg grg., og var það lagt fyrir Alþ. 1939, en náði ekki afgreiðslu á því þingi. Nú höfum við tveir nm., er setu eigum á Alþ., hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) og ég, leyft okkur að bera frv. fram að nýju.

Tilgangurinn með því að setja l. um þetta efni er að samræma þá tilraunastarfsemi, sem rekin er í landinu, og þá fyrst og fremst á tilraunastöð Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri og tilraunastöð Búnaðarfélags Íslands á Sámsstöðum. Eftir að atvinnudeild háskólans var sett á fót, hefir landbúnaðardeildin tekið upp nokkra tilraunastarfsemi þar, aðallega á sviði jarðræktar og búfjárræktar, og loks eru tilraunir deildarinnar varðandi mæðiveikina og garnaveikina. Nauðsynlegt er að koma föstu skipulagi á alla þessa tilraunastarfsemi, sem Búnaðarfélag Íslands, Ræktunarfélag Norðurlands og ríkið, eða atvinnudeildin, rekur hvert að sínum hluta. Eigi þessar tilraunir að koma að fullum notum, verður að vera samræmi þar á milli, og er það höfuðtilgangur frv., að koma hér á föstu skipulagi. Hefir n. við samningu frv. haft samvinnu við aðaltilraunamenn okkar, á Akureyri og Sámsstöðum, en einnig við forráðamenn bændaskólanna, sem ætlazt er til, að hafi búfjárræktartilraunirnar með höndum.

Hjá okkur hefir litlu fé verið varið til þessara tilrauna, eða aðeins um 30 þús. kr. árlega, og munu hvergi vera reknar jafnódýrar tilraunastöðvar og á Akureyri og Sámsstöðum. Nú vil ég auðvitað ekki leggja þær til jafns við erlendar tilraunastöðvar, sem hafa yfir margfalt meira fé að ráða, en árangurinn hefir verið mikill og góður með jafnlitlu fé og varið hefir verið til þeirra.

Ég hefi orðið var við, eftir að frv. kom fram á Alþ., að margir eru hræddir við þann útgjaldaauka, sem það hefir í för með sér fyrir ríkissjóð. Því er ekki að leyna, að það mun hafa nokkurn aukinn kostnað í för með sér, þegar frv. væri framkvæmt út í yztu æsar, eins og gert er ráð fyrir að verða muni með tímanum, en sá kostnaðarauki er ekki mikill, og er gerð nákvæm grein fyrir því í grg. fyrir frv., sem lá fyrir síðasta Alþ.

Sé ég ekki ástæðu til að sundurliða það frekar. En jafnvel þó að ekki yrði hækkað fjárframlag til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, væri samt mikið unnið við það, ef þetta frv. yrði að l., því að þá yrði hægt að koma á ýmsum endurbótum með samvinnu milli tilraunastöðvanna, enda þótt fjárframlagið yrði ekki hækkað. Enda þótt segja megi nú, að ekki blási byrlega með að fá hækkuð fjárframlög hjá Alþ., þá leggjum við flm. þessa frv. ríka áherzlu á, að það fái afgreiðslu nú á þessu þingi, því að það getur gert mikið gagn, jafnvel þó að ekki verði veitt meira fé til slíkrar tilraunastarfsemi en gert hefir verið á undanförnum árum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Það var mælt fyrir þessu frv. af hv. þm. A.-Húnv., þegar það var lagt fram hér á

Alþ. í fyrra, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, sem hann sagði, eða það, sem skýrt er frá í grg., sem fylgdi frv., þegar það var lagt fram á Alþ. í fyrra. Ég vil að lokum leyfa mér að mælast til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 104).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefir orðið ásátt um að mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga, en hefir gert við það nokkrar brtt.

Fyrsta brtt. n. er þá við 4. gr. frv., sem er um skipun tilraunaráðs fyrir búfjárrækt og jarðrækt, og séu fimm menn í hvoru. Í frv. er gert ráð fyrir því, að í búfjárræktarráði sitji tveir menn skipaðir af Búnaðarfélagi Íslands og tveir menn frá þeim skólabúum bændaskólanna, sem ætlazt er til, að hafi búfjárræktartilraunir með höndum. Nú hefir n. gert þær breyt., að það skuli aðeins vera maður frá öðru skólabúinu í þessu ráði, en í staðinn komi forstöðumaður búfjársjúkdómatilrauna við rannsóknarstofu háskólans. N. fannst eðlilegt, að þessi maður fengi þarna sæti, og úr því að taka þurfti einhvern manninn burt úr ráðinu til þess að koma þessum manni að, fannst n. heppilegast, að hann væri frá öðru skólabúinu.

Þá hefir n. gert smávægilegar brtt. við 10. gr. frv. um verkaskiptingu landbúnaðardeildanna. Það stendur í frv. í niðurlagi 10. gr.: „Við stofnunina skal framvegis starfa sérfræðingur í hverri þessara fræðigreina, og skipar ráðh. í stöðurnar eftir því sem fé er veitt til þess.“ N. virtist óþarfi að kveða svona fast að orði, að það skyldi starfa sérfræðingur í hverri þessara fræðigreina, og áleit því rétt að orða þetta um á þann hátt, er stendur í brtt.: „Við stofnunina skulu framvegis starfa sérfræðingar í þessum fræðigreinum, og skipar ráðh. í stöðurnar, að fengnum till. viðkomandi tilraunaráðs, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.“ N. álítur, að fá megi sama manninum tvö verkefni, sem hér er talað um.

N. hefir gert brtt. við 13. gr. frv., þar sem rætt er um jarðræktartilraunir og tilraunastöðvar. N. hefir flutt saman 13. og 18. gr. frv. og orðað þær nokkuð um jafnhliða; þó er í raun og veru ekki veruleg efnisbreyt. á þeim gerð. Í stað þess, að tekið er fram í þessum gr. í frv., hvaða skilyrði þessum tilraunastöðvum eru sett til þess að fá styrk til tilraunastarfsemi sinnar, þá er ætlazt til þess hér samkv. till. n., að landbrh. geri samninga við eigendur stöðvanna. Brtt. n. er: „Tilraunastöðvarnar á Akureyri og Sámsstöðum skulu vera starfræktar sem aðaltilraunastöðvar í jarðrækt. Landbrh. skal gera samninga við eigendur stöðvanna, er tryggi það, að þær hagi starfi sínu eftir fyrirmælum tilraunaráðs, og að engar þær kvaðir verði á þær lagðar, er hamli, að tilraunastarfið nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt. — Þegar fært þykir af fjárhagslegum ástæðum, skulu til viðbótar stofnsettar tvær aðrar tilraunastöðvar, önnur á Vesturlandi, hin á Austurlandi.“

4. brtt. n. er við 17. gr. frv., þar sem talað er um í frv., að landbrh. skuli eftir till. tilraunaráðs löggilda nokkur afbrigði af kartöflum og fræi annara nytjajurta, sem bezt hafa reynzt. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að hafa ekki þennan ys í d. Ef menn hafa einhver áríðandi mál að flytja sín á milli, þá vil ég mælast til þess, að þeir geri það utan d. á meðan á fundum stendur. Þessi málfundafélagsskapur hér á Alþingi verður einhvern tíma að taka enda). — Ég vil mjög þakka hæstv. forseta; ég var ekki farinn að heyra til sjálfs mín.

Það, sem átt er við þarna í frv. með að „verzla“ með útsæðiskartöflur, er það, að ef hægt væri að hafa nægilegt útsæði af völdum kartöflutegundum á markaðinum, þá sé bannað að verzla með aðrar tegundir. Það, sem vakir fyrir n., er, að þetta gildi aðeins um verzlanir, en heimilt sé eftir sem áður að selja manna á milli. Það á ekki að fara að leggja neinar hömlur á viðskipti einstakra manna, þó að þessi l. komi í gildi viðvíkjandi sölu í verzlunum.

Þá er síðasta brtt. n. við 27. gr. frv., og þarf ég í raun og veru ekki að hafa nein orð um hana; við höfum orðað gr. um, þar sem í frv. stendur, að ríkissjóður kosti þær rannsóknir og tilraunir, sem lög þessi ákveða, en n. leggur til að bæta þarna inn í: „og koma þær til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum“. N. lítur svo á, eins og ég held að ég hafi tekið fram við 1. umr., að það komi ekki til mála, að þessar tilraunir komi til framkvæmda allar í einu, heldur verði teknar stig af stigi, og verði hægt að gera það án þess að auka fjárframlögin verulega til þeirra frá því, sem verið hefir.

Þá hefi ég nefnt þessar brtt. landbn., en að öðru leyti mælir n. með því, að frv. verði afgr.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort þeir hefðu gert sér grein fyrir því, hvað mikill kostnaður myndi því samfara nú strax á fyrsta ári, ef þetta frv. yrði gert að l.

Það getur verið, að gerð hafi verið grein fyrir þessu í grg. frv. á síðasta þingi; ég hefi ekki athugað það. En þetta atriði þætti mér gott að fá upplýst.

Mér þykir sennilegt, að það verði einhver kostnaður í sambandi við þessar tilraunir, þar sem líka eiga að vera tvö tilraunaráð og gert er ráð fyrir að fimm menn sitji í hvoru.

Þá finnst mér dálítið einkennilegt, hvernig fyrsta brtt. n. á þskj. 104 er orðuð. Þar stendur, í upphafi þeirrar gr., „forstöðumaður fóðurtilrauna og forstöðumaður búfjársjúkdómatilrauna“. Ég vildi aðeins skjóta því til hv. n., hvort hún vilji taka til athugunar þetta orð „búfjársjúkdómatilrauna“.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Út af fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. um kostnaðinn við þá breyt., sem hér er ráðgerð á skipulagi tilraunastarfseminnar, vil ég taka það fram, að það var gerð grein fyrir þessu í nál., sem fylgdi frv. upphaflega, nákvæmlega hver kostnaðurinn yrði. Kostnaður þarf ekki að vaxa neitt fyrstu árin. Hefir Alþingi það alveg í hendi sér, hversu mikið fé til þessa er varið. Nú hafa verið tvær tilraunastöðvar í jarðrækt, sem hafa styrk úr ríkissjóði, og það er ætlazt til þess, að þær haldi áfram. Í öðru lagi er svo byrjað með fóðrunartilraunir við landbúnaðardeild háskólans, og það er einnig byrjað á að setja á stað tilraunir á skólabúum bændaskólanna, sem ætlazt er til, að hafi þær með höndum framvegis. Svo það er alveg á valdi Alþ., hvort fé er veitt til þessa eða ekki.

Tilraunaráð eiga ekkert að kosta; það á að vera ólaunað starf, nema smávægilegur ferðakostnaður vegna fundahalda; annan kostnað á ekki af því að leiða. Hitt er annað mál, að með tíð og tíma getur þetta haft aukinn kostnað í för með sér, ef gerðar yrðu auknar tilraunir, en það er að sjálfsögðu á valdi Alþingis að ákveða slíkt í hvert sinn.

Það er rétt, að í brtt. á þskj. 104 hefir orðið misritun eða prentvilla, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á. Þetta vil ég biðja hæstv. forseta að athuga við atkvgr.

Thor Thors: Eftir að frv. það, sem hér er til umr., var borið fram, hefir komið fram frv. um náttúrurannsóknir, þar sem verkefni þessa frv. er að nokkru leyti tekið til meðferðar, ásamt öðrum rannsóknum. Ég vildi því mælast til við hv. landbn., að hún athugi fyrir 3. umr., hvort ákvæði þessara tveggja frv. rekist hvergi á. Fljótt á litið virðist mér t. d. nauðsynlegt að sameina 2. kafla þessa frv. og 3. kafla frv. um náttúrurannsóknir, þar sem lagt er til, að *nafni þessarar stofnunar* verði breytt. Þá er það og ennfremur, að mér virðist, að búnaðardeildin, eins og hún þar er nefnd, eigi að hafa með höndum fleiri rannsóknarefni en landbúnaðardeildin, sem svo er kölluð í þessu frv. Til þess að hér verði ekki um árekstur að ræða í þessu *tilfelli*, *vil ég mælast til* þess, að hv. landbn. taki þetta til athugunar og hafi um það samvinnu við allshn.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Það er rétt, sem hv. þm. Snæf. benti á, að það mun vissara að samræma þessi tvö frv. lítilsháttar, og þá sérstaklega eins og hann benti á, í sambandi við nafnið. Þetta er alveg sjálfsagt að athuga fyrir 3. umr. í samráði við allshn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 104,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 104,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 104,3 (ný 13. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 104,4 (ný 17. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 104,5 (18. gr. fellur niður) samþ. með 20 shlj. atkv.
19.—21. gr. (verða 18.—20. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—26. gr. (verða 21.—25. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 104,6 (ný 27. gr., verður 26. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
28.—30. gr. (verða 27.—29. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
31.—32. gr. (verða 30.—31. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 139, 152).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég þarf ekki að mæla sérstaklega með brtt., því að hún er, eins og hv. dm. sjá, aðeins leiðrétting, að breyta orðinu búfjárræktarsjúkdómatilraunir í búfjársjúkdómarannsóknir. En ég vil geta þess, að landbn. hefir dálitið athugað frv. um náttúrurannsóknir, er legið hefir fyrir allshn., vegna þess að bæði þessi frv. fjalla um sama atriði, atvinnudeild háskólans, eða rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, eins og hún heitir enn þá l. samkv. Frsm. allshn. benti á, að ástæða væri til þess að samræma þessi tvö frv. að nokkru leyti. Landbn. hefir nú athugað þetta, og virðist n., að eitt atriði þyrfti að samræma, ef frv. um náttúrurannsóknir verður að l., og það er að breyta nafninu á atvinnudeildinni eins og það er í okkar frv., en n. sá sér ekki fært að gera till. um það að svo stöddu, *því að ekki er víst, hvort hitt frv.* verður að l. Ég er því hlynntur, að nafninu verði breytt og nafnið atvinnudeild háskólans, sem búið er að fá hefð á sig, verði tekið upp í stað hins, sem er langt og óþjált.

Annað sá n. ekki að þyrfti að samræma í frv. Leggur n. því til, að frv. verði samþ. með þessari litlu breyt., sem ég gat um áðan.

ATKVGR.

Brtt. 152 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. *til Ed.*

Á 19. fundi í Ed., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 158).

Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til *landbn. með* 9 *shlj.* atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 223).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Frv. þetta er komið hingað frá hv. Nd. Þar var það flutt af þeim hv. 2. þm. Skagf. og þm. A.-Húnv., en þeir voru tveir af fimm, sem skipaðir voru í milliþn. til þess að athuga þessi mál. Milliþn. skilaði áliti til stjórnarráðsins, sem kemur hér fram í frv.formi. Í frv. þessu er lagður sá framtíðargrundvöllur, sem hugsaður er um skipun tilraunamála landbúnaðar í framtíðinni, og er ætlazt til, að framkvæmdirnar komi stig af stigi, eftir því sem fé er veitt til þeirra. Að samþykkja frv. er því engin hætta; það er jafnan á valdi Alþingis, hvenær fé er veitt til framkvæmda þessum málum, hvenær þessi starfsemi er færð í það form, sem frv. gerir ráð fyrir, en það getur hún smábreytzt í á fleiri árum eða áratugum.

Um það verður ekki deilt, að það er margt í framkvæmdum þeim, sem gerðar hafa verið vegna landbúnaðarins, sem ekki er eða hefir verið nægilega undirbúið og því orðið dýrara og óhagstæðara en ella. Annars eru hér á landi miklu betri efni til vísindalegra rannsókna en erlendis, sérstaklega að því er snertir búfé okkar. Það er ekki greint í sérstaka margræktaða stofna. Það er miklu nær því að vera eins og náttúran gerði það í upphafi, ef svo mætti að orði komast. Það er því búið fjölda af eiginleikum til rannsókna, sem erlendum vísindamönnum myndi þykja hið mesta happ í. Hvernig sem á mál þetta er því litið, þá verður ekki annað sagt en að það sé gott og nauðsynlegt og sjálfsagt að samþ. það. Ef frv. væri útfært út í æsar, myndi það baka ríkissjóði ca. 120 þús. kr. aukaútgjöld, en nú er gert ráð fyrir að hefjast aðeins handa um frekari framkvæmdir en nú eru, smátt og smátt, eftir því sem fé verður til þeirra veitt á hverjum tíma.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
13.—20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
21.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
30.—31. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 304).

22. Dragnótaveiði í landhelgi.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 85).

Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. hefir ákveðið að flytja þetta frv. um breyt. á l. um dragnótaveiðar í landhelgi, og er þetta ekki stórvægileg breyt. á lögunum. Skv. frv. getur ráðh. með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta, svo og um lágmarksstærð þess fiskjar, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land til sölu eða haldið um borð í skipi. Þótti heppilegra að miða við lágmarksstærð fiskjar, en ekki lágmarksþyngd, svo sem gert er í l. Það hefir komið í ljós, að flutt hefir verið á land allmikið af fiski, sem betra hefði verið að sleppa í sjó, er hann hefir verið veiddur, eins og t. d. koli, sem er svo lífseigur, að hann getur lifað áfram, sé honum sleppt strax.

Þá eru sett í frv. ákvæði um brot gegn l. þessum eða reglugerðum, sem kynnu að verða settar skv. þeim.

Þar sem frv. þetta stefnir að því að vernda fiskstofninn, vænti ég, að það fái góðar undirtektir og að því verði vísað til 2. umr. Sjútvn. ætlar að flytja dálitla leiðréttingu á frv. við 2. umr. Vænti ég, að frv. fái góða afgreiðslu.

***Pétur Ottesen:** Það hefir oft verið á það bent á undanförnum þingum, að slík ákvæði sem hér um ræðir væru lítil vörn gegn þeim hættum, sem stafa af dragnótaveiðum á fjörðum og flóum inni, enda virðist nú hafa komið í ljós, að t. d. ákvæði gildandi l. um lágmarksþyngd þess fiskjar, er flytja má í land, hefir ekki komið að liði, og á nú að hverfa frá því ákvæði og reyna að miða frekar við stærð fiskjarins.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þótt þessi breyt. verði gerð, er hún gersamlega jafnhaldlaus, því að sannleikurinn er sá, að þegar einu sinni er búið að taka fiskinn á þilfar, er hans æfiskeiði lokið í langflestum tilfellum, hvort sem um er að ræða flatfisk eða annan. Hitt eru undantekningar, ef þessum örlitlu bröndum er sleppt strax með lítilsháttar lífsmarki, að þær tóri áfram.

Um ákvæðið um möskvastærðina er svipað að segja; það kemur að sáralitlum notum, því að það er svo lítið, sem smýgur í gegn af fiski; það dregst saman í einn vöndul í vörpuna, sem í hana fer, og þannig verður dragnótaaðferðin til þess að tortíma öllu, sem í vörpuna kemur.

Afleiðingin af þessu er svo skýr, enda hafa þeir fræðimenn okkar, sem áður litu svo á, að dragnótaveiði og jafnvel botnvörpuveiði gerðu lítið til þess að granda fiskstofninum, beygt sig fyrir reynslunni og hyggja, að til algerrar eyðileggingar stefni, enda hefir sumum fisktegundum, svo sem lúðu og ýsu, fækkað stórkostlega,

og er ekki hægt að setja þá fækkun í samband við neitt annað en botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar.

Þá má og gera ráð fyrir því, þar sem ekki er haft neitt eftirlit með þessu úti um land, að menn fari sínu fram þrátt fyrir alla lagabókstafi. Þetta er því ekki til neins annars en að blekkja sjálfan sig, að vera að setja þessi ákvæði í lög. Það eina, sem um er að ræða, er að takmarka þessar veiðar, ekki hvað sízt á þeim tímum, sem nú eru, þegar við sitjum meira einir að þessum veiðum en verið hefir. Er því sérstök ástæða einmitt nú að fríða grunnmiðin með tiliti til framtíðarinnar.

Ég vil skjóta því til hv. sjútvn., hvort hún vilji nú ekki snúa sér að því að gera einhverjar þær breyt., er að gagni mættu koma, í stað þess að vera að fikta við þennan hégóma, sem er til einskis gagns og einungis til þess að blekkja sjálfan sig.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða við hv. þm. Borgf. um gagnsemi eða skaðsemi dragnótaveiðanna. Almennur þingvilji liggur fyrir því, að dragnótaveiðum sé haldið áfram í sama horfi, og það er einnig almennur vilji fiskimanna. Hitt er annað mál, hvort ætti að taka inn í löggjöfina eftirlit með þessum málum. Það gæti vel komið til athugunar að setja sérstakan eftirlitsmann, til þess að hafa eftirlit með því, að ákvæðum l. og væntanlegrar reglugerðar um stærð fiskjar og minnstu möskvastærð sé fylgt. Ég held, að þetta eftirlit ætti ekki að þurfa að verða mjög dýrt, en ætti samt að geta komið að fullu gagni. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er aðallega flutt í þeim tilgangi að samræma l. við þá reglugerð, sem gefin hefir verið út um möskvastærð og lágmarksstærð fiskjar. Ef hv. þm. Borgf. vildi flytja till. um að auka eftirlitið, þá segi ég fyrir mitt leyti, án þess að hafa rætt um það við meðnm. mína, að ég mundi með ánægju taka það til athugunar í sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Ég sé, að form. sjútvn., sem flytur þetta mál, er ekki staddur í deildinni. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að málinu verði frestað nú, vegna þess að í frv. er lítilsháttar villa, sem ekki hefir verið leiðrétt, en æskilegt væri, að fengist leiðrétting á, áður en málið er afgr. frá deildinni.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 85, 155).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 155,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 155,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, og á l. nr. 26 frá 12. febr. 1940, um breyt. á þeim lögum.

Á 8. fundi í Sþ., 20. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 188).
Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 227).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er flutt af sjútvn. Nd. og hefir gengið gegnum þá d. með aðeins lítilsháttar breyt.

Í þessu frv. eru 3 atriði, sem farið er fram á að breyta frá gildandi l., og þau atriði virðast í fljótu bragði ekki vera mjög þýðingarmikil, en eru það þó í raun og veru. L. um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi eru þannig úr garði gerð, að ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð möskvastærð dragnóta og lágmarksþyngd fiskjar. En það hefir sýnt sig við framkvæmd l., að það er réttara, að þessi ákvæði séu miðuð við stærðina á fiski, því að fiskurinn getur verið í því ástandi, að hann nái vissri þyngd, þó að hann nái ekki vissri stærð, og auðvitað hefir stærðin meira að segja en þyngdin, vegna þess að það er stærðin, sem aðallega er hægt að fara eftir, er ákveða skal aldur á fiski. Þessi breyt., sem ég hefi nú minnzt á, er því talin bæði af sjómönnum og fagmönnum mjög nauðsynleg. Í Nd. var svo bætt inn í frv. ákvæði um, að viðkomandi ráðh. gæti einnig með reglugerð ákveðið lengd dráttarlína. Ég skal aðeins segja það, að í sumum tilfellum getur það valdið skemmdum, að nota ekki hæfilega langar dráttarlínur, og verður þar að leita umsagnar fróðra manna. Það er varhugavert að ákveða sömu lengd á dráttarlínum alstaðar þar, sem misdýpi er, því að það þarf lengri dráttarlínur á djúpu vatni en grunnu. Það getur hinsvegar verið skaði að því að hafa mjög langar dráttarlínur á grunnu vatni; þá dregzt nótin

eftir botninum og rífur hann upp miklu meira en ella. Ég skal segja fyrir mitt leyti, að ég tel, að það muni ekki koma að sök, þó að þetta ákvæði standi áfram í frv., en ég tel þó, að því verði ekki neitað, að menn gætu vænzt þess, að þessu yrði ekki þannig fyrir komið sem gert var í þessu frv., er það kom frá Nd.

Þá er önnur breyt., sem þetta frv. gerir á sömu l.; það er ákvæðið um sektir fyrir brot á l. Samkv. núgildandi l. eru aðeins ákveðnar sektir fyrir brot á 3. og 4. gr., en ekki öðrum gr. En nú er það svo samkv. frv., að sektir liggja einnig við brotum á 8. gr., og er sjálfsagt að refsa fyrir slík brot, vegna þess að þau hafa í för með sér ákaflega mikið tjón á fiskstofninum, en engan hagnað fyrir fiskimenn. Það kemur þeim ekki að neinu liði, þó að þeir drepi ungviðið. Þess vegna er réttmætt að heimila að ákveða í reglugerð sektir einnig fyrir brot á 8. gr.

Sjútvn. Ed. hefir athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
A-liður frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
B-liður frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 305).

23. Stríðsslysatrygging sjómanna.

Á 7. fundi í Ed., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um stríðsslysatrygging sjómanna (þmfrv., A. 35).

Á 9. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! Frv. þetta var flutt af hv. 2. landsk. á síðasta þingi, og var það til meðferðar í fjhn. Flm. óskaði nú eftir, að fjhn. flytti þetta frv., og hefir hún orðið við þeirri ósk, en einstakir nm. hafa þó óbundnar hendur um einstök atriði frv. og breyt. á því.

Þegar fjhn. afgr. þetta mál á síðasta þingi, þá var hv. 1. þm. Reykv. ekki viðstaddur, en 2 nm., ég og hv. 1. þm. Eyf., lögðum til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Hv. 1. þm. Eyf. skrifaði þó undir nál. með fyrirvara.

Fjhn. hefir sent þetta frv. til stjórnar Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna, og eins og hv. þdm. munu hafa veitt athygli, þá er svar stjórnarinnar prentað sem fskj. með frv. Stjórnin er ekki algerlega sammála um frv. Meiri hl. telur, að þá þurfi að auka áhættufé eða lækka tryggingarnar, sem felast í frv., en einn af stjórnendum félagsins færir nokkur rök fyrir því, að þess muni ekki þurfa. Ég þori nú ekki að fullyrða neitt um það, hvort iðgjöldin hafa hækkað eitthvað eða slysahættan verið álitin aukast, síðan þetta svar var gefið.

Þetta frv. felur í sér þá meginbreyt., að með því er skylt samkv. l. að stríðstryggja þá sjómenn, sem sigla milli landa á ófriðartímum, en það er ekki skylt nú, heldur gilda um þetta sérstakir samningar milli sjómannafélaganna í landinu og útgerðarfélaga. Í þessum samningum eru mismunandi tryggingar, þannig að t. d. tryggingar sjómanna, sem sigla á verzlunarskipum, eru nokkru hærri en þeirra, sem sigla á togurum. Þessu frv. er ætlað að bæta að nokkru úr þessum misrétti, sem þarna hefir átt sér stað. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að hættan er sú sama fyrir sjómenn á togurum og þá, sem eru á flutningaskipum.

Þeim, sem sigla á flutningaskipum, eru greiddar 22 þús. kr. fyrir fulla örorku, en lægstu dánarbætur til ekkju eru 12 þús. kr., til ekkju með 1 barn 17 þús. kr. og til ekkju með 2 eða fleiri börn 21 þús. kr. Hinsvegar eru tryggingar á fiskiskipum og togurum 15 þús. kr., hvort sem um er að ræða dauða eða örorku af völdum ófriðar.

Þetta frv. sundurliðar þetta nokkru nánar, og er í 3. gr. þess gerð full grein fyrir því, hvernig tryggingarbætur eigi að skiptast til eftirlifandi vandamanna. Einnig er í 3. gr. tekið fram, hversu mikla dagpeninga hinn slasaði eigi að fá frá því að slysið vildi til og til hvað langs tíma.

Ég hygg, að það séu ekki skiptar skoðanir um það, að full þörf sé á því að ganga frá þessu máli á sem beztan og tryggilegastan hátt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að þessu sinni, og þar sem það er flutt af n., þá er ástæðulaust, að það fari til n. aftur. Ég vil svo mælast til, að hv. þd. samþ. það til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 6 marz, var frv. tekið til 2. umr.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég gerði grein fyrir þessu frv., þegar það lá fyrir síðasta þingi, og hefi ekki miklu við það að bæta. Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir það, að hún hefir greitt fyrir þessu máli, og vænti þess, að hv. d. taki því einnig vel og að það megi ganga greiðlega gegnum þingið. Ég tel svo ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir frv.; það skýrir sig sjálft og hvað í því felst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Nd., 14 marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv

---

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 230).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson)**: Herra forseti! Í þessu frv. eru atvinnurekendur skyldaðir til þess að kaupa sérstaka stríðstryggingu fyrir sjómenn, sem ferðast á hættusvæðum. Þessar skyldur hafa ekki verið í l. áður, heldur hefir þetta farið einungis eftir samkomulagi milli sjómanna og atvinnurekenda.
Þá eru ákveðnir í þessu frv. dagpeningar fyrir menn, sem verða fyrir slysum.
Í þriðja lagi eru sett hér sundurliðuð ákvæði um dánarbætur til erfingja sjómanna, og þær bætur eru hér hafðar þær sömu fyrir þá, sem sigla á fiskiskipum, og hina, sem ferðast á flutningaskipum.
Þetta frv. er flutt af sjútvn. Ed. og var afgr. í þeirri d. mótmælalaust, og hygg ég, að svo muni og fara í þessari d., og þurfi frv. ekki frekari skýringa við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv,

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 306).

---

24. Búfjárrækt.

Á 15. fundi í Nd., 12. marz., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (þmfrv., A. 105).

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Eins og frv. ber með sér, er það flutt af landbn. fyrir tilmæli hæstv. landbrh., sem hefir látið semja það í samráði við Búnaðarfélag Íslands, sem að lögum hefir eftirlit með fóðurbirgðafélögum. Aðalbreytingin, sem í frv. þessu felst, er sú, að bústofn félagsmanns, sem fær lán úr tryggingarsjóði fóðurbirgðafélags bústofninum til bjargar, skuli vera að lögveði fyrir láninu með vöxtum og kostnaði, og gangi þetta fyrir öðrum veðböndum, sem á bústofninum hvíla. Þetta hefir ekki verið í lögum áður, en er nauðsynlegt til þess að sjá fóðurbirgðafélögunum farborða.
Þá hafa nokkur atriði úr gildandi reglugerð um fóðurbirgðafélög verið tekin upp í frv. um leið. Það þykir hagkvæmara að hafa þau í lögunum sjálfum, en allt eru þetta frekar veigalitil atriði.
Hefi ég svo þessi orð ekki fleiri.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, n. 224).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir verið borið fram í Nd. af landbn. að tilhlutun hæstv. landbrh., og það hefir gengið gegnum þá d. breytingalaust.
Það eru aðallega tvö nýmæli í þessu frv. Fyrsta gr. þess er um, hvernig slíta skuli fóðurbirgðafélögum, ef þau leysast upp, og sé ég

ekki ástæðu til að lýsa því hér frekar; landbn. hefir sýnilega talið það sjálfsagt að hafa það þannig.

Hitt nýmælið er í 2. gr. þessa frv., um það, að stj. fóðurbirgðafélaga geti veitt félagsmönnum lán úr tryggingarsjóði til bjargar bústofni þeirra, og er bústofninn að lögveði fyrir láninu þangað til það er að fullu greitt. Það hefir þótt erfitt að innheimta slík lán, en með þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, á að vera séð fyrir því, að bústofn lánþega verði næg trygging fyrir láninu, og að bústofninn verði ekki fyrir meiri skakkaföllum, sem viðráðanleg eru, en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans fyrir láninu með vöxtum og kostnaði.

Þó fannst hv. landbn. Nd. ástæða til að breyta tveim atriðum í þessu frv. Fyrst og fremst að orðalagið yrði skýrara og nákvæmara hvað það snertir, að lán úr tryggingarsjóðum yrði aðeins leyfilegt að veita mönnum til að bjarga bústofni þeirra, og þá einkum seinni hluta vetrar eða á vorin, en það er einkum á þeim tíma árs, þegar ekki er unnt að slátra fénaði nema sér til mikils skaða. Þessi lán má því ekki veita mönnum nema til að bjarga bústofni þeirra frá alveg yfirvofandi felli.

Í öðru lagi var það, að landbn. Ed. sá ekki, að það væri fært að leyfa mönnum að taka lán ár eftir ár alveg skilyrðislaust að öðru leyti en því, að bústofninn væri settur að lögveði fyrir láninu, og mönnum væri þar af leiðandi leyfilegt að setja svo margt fjár á vetur sem þeir teldu sig þurfa, og hlaða svo hverri ábyrgðinni ofan á aðra með lögveði í bústofninum án þess að haft væri eftirlit með því. Þess vegna hefir landbn. Ed. sett það ákvæði í nál. sitt á þskj. 224, að tryggingarskyldan skuli ekki standa lengur en tvö ár frá lántökudegi; með því móti er ekki mikil hætta á því, að unnt sé að hlaða mörgum ábyrgðum hverri ofan á aðra, enda er svo ákveðið í frv., að lögveð þetta gangi fyrir öllum öðrum veðböndum. Við, sem sæti eigum í landbn. Ed., töldum þetta frv. nauðsynlegt og til bóta frá því, sem verið hefir. Í lok brtt. okkar er lagt til, að lögveð þetta gangi fyrir öllum veðböndum, því að ella geta þeir, sem í félögunum hafa verið, misst það forgangsveð, sem ætlazt var til, að þeir hefðu fyrir öllum lánum úr sjóðnum.

Landbn. mælir eindregið með því, að þessi brtt. verði samþ. eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 224 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 255).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 325).

---

25. Vörugjald í Vestmannaeyjum.

Á 3. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað** (þmfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 86).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Lög um vörugjald í Vestmannaeyjum, til ágóða fyrir bæjarsjóðinn þar, hafa verið samþ. nokkrum sinnum hér á Alþingi, og ennþá er beðið um framlengingu þessara laga. Fjhn., sem frv. hefir haft til athugunar, leggur til, að það verði samþ. — Ég tel svo ástæðulaust að fara um það fleiri orðum, þar sem málið hefir legið fyrir undanförnum þingum, og hafa þá komið fram öll rök, sem færð hafa verið með því og móti.

***Erlendur Þorsteinsson:** Eins og nál. ber með sér, hefi ég skrifað undir það með fyrirvara, og þykir mér því rétt að gera grein fyrir honum. Þegar mál þetta var síðast á ferðinni hér í hv. deild, var ég á móti því, og er enn að nokkru leyti, sakir þess, að hér er verið að sjá fyrir sérstökum tekjustofni fyrir einn ákveðinn kaupstað í landinu, en um aðra er ekkert hugsað, eða réttara sagt, þeir hafa engan nýjan tekjustofn fengið, þrátt fyrir brýna þörf. Að ég gekk ekki á móti frv. þessu nú, var af þeim ástæðum, að það lágu svo skýrar upplýsingar fyrir fjhn. um, að Vestmannaeyjakaupstaður gæti ekki án þessa tekjustofns verið.

Ég vil nú nota tækifærið og bera fram þá ósk, að n. sú, sem nú vinnur að því að athuga möguleika á því að afla bæjar- og sveitarfélögum nýrra tekjustofna, fari að flýta sér að af-

greiða eitthvað í þessum efnum, því að þörfin er mjög brýn.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér væri verið að veita Vestmannaeyjakaupstað alveg sérstöðu hvað þennan vörutoll snertir. Út af þessum orðum hv. þm., sem er tiltölulega nýr þm., vil ég taka það fram honum til upplýsingar, að þingið hefir einmitt litið svo á, að Vestmannaeyjar hefðu líka sérstöðu frá náttúrunnar hendi, og einmitt vegna þessarar sérstöðu væri fært að veita Vestmannaeyjakaupstað rétt til að leggja vörugjald á, þó öðrum kaupstöðum hafi verið synjað um það, vegna þess, að Vestmannaeyingar legðu þetta gjald aðallega á sjálfa sig, en væri fleiri kaupstöðum leyft að leggja slíkan skatt sem þennan á hjá sér, myndi hann óhjákvæmilega koma niður á fleirum en íbúum kaupstaðarins eða kauptúnsins, þar sem hann væri lagður á. Að bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir verið leyft að leggja skatt þennan á, er því eingöngu vegna sérstöðu eyjanna. Annars höfum við þm. Eyf., eins og kunnugt er, farið fram á að fá leyfi til handa bæjarstjórn Siglufjarðar að leggja á líkt gjald og þetta, en ekki fengið. Við höfum haldið því fram, að Siglufjörður hefði ekki ósvipaða sérstöðu frá landfræðilegu sjónarmiði og Vestmannaeyjar, en þær röksemdir hafa ekki fengið hljómgrunn hjá Alþingi. Hinsvegar skal ég taka undir þá ósk hv. 10. landsk., að flýtt verði sem verða má löggjöf um þessi efni.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég hefi ekki miklu að svara. Síðast þegar mál þetta var til umr. hér í hv. d., urðu snarpar umr. um það á milli mín annarsvegar og hv. frsm. fjhn. og þm. Vestm. hinsvegar. Annars get ég vel tekið undir þá röksemd hv. frsm., að það sé ekki svo mikill munur á því, hve Vestmannaeyjakaupstaður sé sérstæðari en Siglufjörður. Það liggja t. d. engar sveitir innan vébanda Siglufjarðarkaupstaðar, eða í beinu sambandi við kaupstaðinn. Hitt gegnir að sjálfsögðu öðru máli, ef vörugjald væri lagt þar á síld og síldarafurðir, þá kæmu margir til með að bera það, en væri það aðeins lagt á matvörur, eins og í frv. er gert ráð fyrir, þá held ég, að litlu munaði um aðstöðu þessara tveggja kaupstaða hvað þetta snertir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BSn, IngP, MJ, PHerm, ÞÞ, EÁrna.
nei: PZ.
BrB, ErlÞ, HermJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁJ, JJós, JJ, MG, SÁÓ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Ísleifur Högnason: Þegar mál þetta var hér til umr. síðast, á þingi 1937, var nokkur andstaða gegn því, en því miður samþ. þó þingið heimildina. Ég þarf ekki að fjölyrða um það, sem ætti að vera öllum ljóst, að ekkert réttlæti er í því að leyfa einu bæjarfélagi sérstaklega að skattleggja neyzluvörur, sem fluttar eru þar um, því að útsvör í Vestmannaeyjum eru ekki lægri en í samsvarandi kaupstöðum annarstaðar á landinu.
Ég sé, að í frv. frá hv. allshn. um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum er gert ráð fyrir slíkri heimild handa bæjarfélögum til að leggja á þennan óbeina skatt. Úr því að hv. allshn. hefir ekki séð sér fært að fella þetta niður, vona ég og mælist til þess, að hv. d. felli þetta frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:2 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 221).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Fjhn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga með þeim breyt. á framlengingunni á þessum l., að hún gildi þó ekki nema til ársloka 1941, í stað þess að frv. fer fram á, að hún gildi til ársloka 1942. Þessa brtt. byggir n. á því, að það sé ekki ólíklegt, að fyrir þann tíma verði endurskoðuð útsvarsl. eða löggjöfin um skattgreiðslur til sveitar- og bæjarfélaga, og n. lítur svo á, að þess vegna sé ekki ástæða nú til að framlengja þessi l. nema til ársloka 1941.

Ísleifur Högnason: Ég hefi mælt á móti þessu frv. við fyrri umr. þess, af því að ég álít, að það sé fjarstæða að leyfa einu bæjarfélagi að afla tekna með óbeinum skatti fremur en að leggja á meiri útsvör. Ég skora á hv. þm. að fella niður þetta óréttlæti og nema þessa heimild úr l., en láta þá, sem efnin hafa í Vestmannaeyjum, greiða með útsvörum gjöld til bæjarins, eins og aðrir landsmenn verða að gera gagnvart sínum bæjar- eða sveitarfélögum, eftir efnum og ástæðum, en ekki taka þau sem sérstakan neyzluskatt á vörum.

ATKVGR.
Brtt. 221 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15:4 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 265).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og endursent Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 326).

---

26. Náttúrurannsóknir.

Á 13. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um náttúrurannsóknir (þmfrv., A. 83).

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pálmi Hannesson): Herra forseti! Eins og segir í grg. þessa frv. á þskj. 83, er það samið og flutt að tilhlutun hæstv. atvmrh., og er tilætlunin fyrst og fremst sú, að fella saman í eina heild ákvæði l. og þál., sem sett hafa verið á Alþ. á undanförnum árum um rannsóknastarfsemi. Í því er lítið af nýmælum, en nokkrar breyt. gerðar á ákvæðum gildandi l. um atvinnudeild háskólans, og auk þess hefir verið tekið tillit til þál., sem samþ. var á fyrri hluta síðasta þings.

Ég ætla ekki að ræða þetta mikið, en aðeins geta þess, að í 1. kafla eru almenn ákvæði um rétt manna til að rannsaka náttúru Íslands, og skulu íslenzkir ríkisborgarar hafa forgangsrétt til slíkra rannsókna, en ríkisstj. getur veitt erlendum fræðimönum heimild til að stunda rannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma.

Í 2. kafla eru fyrirmæli um rannsóknanefnd ríkisins, en á síðasta þingi voru sett inn í l. um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna nokkur ákvæði, þar sem rannsóknanefnd ríkisins var falið að hafa afskipti af stj. þeirrar stofnunar í samræmi við hlutverk, sem þeirri nefnd var jafnframt ákveðið. Ég tel, að rannsóknanefndin hafi unnið mikið starf síðan hún var stofnuð á árinu sem leið.

Ákvæðin í 3. kafla þessa frv. eru tiltölulega mjög lítið breytt frá því, sem var ákveðið með breyt. á l. um rannsóknastofnun í þarfir atvinnuveganna. Það er aðeins í örfáum gr. kveðið skýrar á um nokkur atriði, sem hæstv. atvmrh. þótti máli skipta að fengju skýrari ákvæði í l. en áður var.

Ég sé ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. við þessa umr. Eins og hv. dm. sjá, er þetta frv. í nokkuð mörgum gr., en engu að síður er þar um tiltölulega fá nýmæli að ræða, heldur eru færð saman í einn stað þau fyrirmæli, sem hafa verið sett um þetta efni með l. og þál. og reglugerðum, er hafa skapazt af rannsókum og störfum þeirra aðila, sem um ræðir í frv.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að 1. umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 136).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Allshn. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum smávægilegum breyt. Aðalefni frv. felst nú í gildandi l. En í 1. kafla þess eru nokkur almenn ákvæði, sem ekki hafa áður verið lögfest og eru til mikilla bóta. Um leið og ég vísa til grg. frv. vil ég mælast til þess, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem allshn. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 136,1 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 136,2 samþ. án atkvgr.
4.—8. gr., með breyt. samkv. brtt. 136,2, samþ. með 18 shlj. atkv.
9.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 136,3 (18. gr. falli niður) samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—23. gr. (verða 18.—22. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 159).

Pálmi Hannesson: Við hv. 6. landsk. ætlum okkur að bera fram örlitla brtt. við 17. gr. frv. Í síðasta málsl. gr. stendur: „Óheimilt er öðrum en rannsóknastofnunum, sem styrks njóta úr ríkissjóði, að taka að sér slíkar rannsóknir, nema atvinnudeild geti eigi annazt þær, enda komi þá þóknun fyrir, samkv. gjaldskrá atvinnudeildar.“ Við frekari athugun virðist okkur þetta nokkuð strangt, og höfum því borið fram svo hljóðandi skrifl. brtt.: „Óheimilt er öðrum en rannsóknastofnunum, sem styrks njóta úr ríkissjóði, að taka að sér slíkar rann-

sóknir, nema gegn þóknun samkv. gjaldskrá atvinnudeildar.“ Ég leyfi mér svo að afhenda forseta þessa brtt.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 6. landsk. og hv. 2. þm. Skagf., svo hljóðandi: [sjá þskj. 175].

Brtt. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf því að veita tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 175 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 176).

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 176, n. 276).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta var flutt í hv. Nd. að tilhlutun atvmrh., og er í grg. fyrir frv. skýrt frá efni þess og ástæðunni til þess að það er flutt. Tilefnið til þess, að frv. þetta er flutt, er í fyrsta lagi það, að nauðsyn þótti til bera að færa í eina heild þau ákvæði, sem um þetta eru, og að lögákveða þá rannsóknarnefnd, sem skipuð var á síðasta þingi, og gera nokkru fyllri ákvarðanir um störf hennar. Ég held ekki, að það hafi nokkurstaðar komið fram nein andmæli gegn þessu frv., hvorki hér eða í Nd., og breytingar á því voru mjög litlar í Nd., a. m. k. sem máli skiptu um efni. Það hefir að vísu verið skipt um nafn á rannsóknarnefndinni, og er hún í frv. eins og það er nú kölluð rannsóknaráð, og var það allshn. Nd., sem færði þau rök fram, að orðið rannsóknarnefnd væri búið að fá þann skilning í málinu, að það væri nefnd, sem hefði með höndum rannsókn sakamála. Ég skal nú ekki ræða neitt um það álit. Ég tel sama, hvort nafnið er notað, nefnd eða ráð, og sá nefndin ekki neina ástæðu til að gera breyt. við það, en n. þótti rétt að gera brtt. við 2. gr. frv., þar sem rætt er um heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita erlendum fræðimönnum leyfi til að stunda rannsóknir hér. Enda þótt n. telji ekki líklegt, að stjórnin mundi fara á bak við rannsóknaráð, þótti henni rétt, að slíkar heimildir skyldu verða veittar erlendum mönnum aðeins að fengnum tillögum rannsóknaráðs. Ég held, að allir verði að kannast við, að það er mikil nauðsyn á því að ganga svo tryggilega frá því atriði sem unnt er, að útlendingar hafi ekki með höndum náttúrurannsóknir hér á landi nema undir eftirliti innlendra fræðimanna, og þess vegna virðist n. leiða af sjálfu sér, að þegar slík leyfi séu veitt, verði þau ekki veitt nema í samráði við rannsóknaráð.

Að öðru leyti er ekki fleira um þetta frv. að segja, og leggur n. til, að það verði samþ. með þessari einu breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 276 samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

9.—22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 295).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 345).

27. Erfðaábúð og óðalsréttur.

Á 7. fundi í Ed., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt (þmfrv., A. 33).

Á 9. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég skal játa, að það er ekkert stórmál, sem hér er á ferðinni, en þótt svo sé ekki, þá er það allþýðingarmikið fyrir nokkra menn í landinu, og það er réttlætismál að því er þá snertir.

Eins og kunnugt er, þá er svo ákveðið í l. um erfðaábúð og óðalsrétt, að ábúendur jarða í erfðaábúð mega veðsetja jarðirnar fyrir byggingarláni, sem nemur allt að 50% af fasteignamatsverði lands jarðanna. Nú hefir það komið í ljós, að þessi lánsheimild er allt of lág, ef ætlazt er til þess á annað borð, að lán veiti nokkra verulega hjálp til bygginga á slíkum jörðum. Það þarf ekki annað en bera þetta

saman við þá möguleika, sem sjálfseignarbændur hafa til að fá slík lán út á sínar jarðir.

Bæði byggingar- og landnámssjóður og ræktunarsjóður hafa heimild til að veita lán, sem nema allt að 60% af fasteignamatsverði eignarinnar, bæði lands og húsa.

Reynslan hefir líka sýnt, að ábúendur á jörðum í erfðaábúð, sem hafa ráðizt í byggingar, eru þegar komnir í hið mesta öngþveiti, þótt ekki sé langt síðan l. gengu í gildi. Ég þekki t. d. mann, sem síðastl. sumar réðst í að byggja íbúðarhús á jörð, sem ekki er hærra metin en svo, að landið er metið á 3000 krónur. Samt sem áður eru taldir þarna töluverðir framtíðarmöguleikar. Þess vegna réðst bóndinn í að byggja þarna hús úr steinsteypu, sem á að vera yfir eina fjölskyldu, eins og venja er um hús, sem byggð eru á smærri jörðum. Það eru einar 1500 kr., sem bóndinn getur fengið að láni til þessarar byggingar. Auk þessa hefir hann von um einhvern styrk úr endurbyggingarsjóði, og við skulum segja, að það verði hámark, eða aðrar 1500 kr. Hann fær þá þarna alls 3000 kr., en húsið hefir sjálfsagt kostað hann upp undir 10000 kr., þó það verði auðvitað ekki metið svo hátt til fasteignamats.

Það sjá nú allir, hvað þægilegt þetta muni vera fyrir þennan ábúanda. Svipaða sögu munu ýmsir fleiri hafa að segja.

Ef þetta hefði verið maður í sjálfsábúð, þá hefði hann getað fengið úr byggingar- og landnámssjóði 4500 kr. lán og 1500 kr. styrk úr endurbyggingarsjóði, eða samtals 6000 kr., í staðinn fyrir 3000 kr. með þessu móti.

Ég skal nú að vísu játa, að þar sem ríkið á þessar jarðir, þá gerir það vissulega sæmilega við ábúendur þeirra í því að leyfa þeim að veðsetja jarðirnar sem nemur 50% af landverðinu. En það, sem mér finnst vanta á í þessu efni og vera óeðlilegt, er það, að eignir ábúendanna sjálfra skuli ekki að neinu leyti vera teknar til greina, að ábúandinn skuli ekki geta veðsett sínar eigin eignir á jörðinni. Hér er því lagt til í þessu frv., að auk þess, sem byggingarlán til þessara bænda megi nema 50% af landverði jarðarinnar, þá komi: að viðbættum 25% af fasteignamatsverði þeirra húsa, sem ábúandi á á jörðinni.

Ég var áðan að bera kjör þessara bænda saman við kjör sjálfseignarbænda. En það þarf ekki til. Það má bera þau saman við kjör annara leiguliða. Eins og hv. dm. vita, er það yfirleitt skylda landsdrottins að leggja til sæmileg hús á jörðina, en ábúandinn á jörð í erfðaábúð verður sjálfur að leggja til húsin, og hefir ekki aðra möguleika til að fá lán, samkv. gildandi l., en 50% af fasteignamatsverði landsins.

Ég tel víst, að ef ekkert verður að gert til að lagfæra þetta, þá hljóti að fara svo, að ýmsir bændur, sem hafa tekið jarðir í erfðaábúð, þar sem léleg hús eru eða engin, verði að hrökklast burt af jörðunum og enginn fáist til að taka þær aftur með öðru móti en því, að ríkið byggi eða leggi fram fé til byggginganna. En hag ríkisins verður ekki betur borgið á þann hátt heldur en þó leyft sé að hækka lítið eitt þau lán, sem þessir menn geta fengið til bygginga á jörðunum.

Ég skal játa, að það er yfirleitt rétt að fara varlega í lánveitingum, ekki hvað sízt til bygginga á jörðum, því það hefir þegar sýnt sig, að mörg slík lán hafa að því leyti verið of há, að ef þurft hefir að ganga að jörðunum, þá hefir ekki verið hægt að selja þær svo háu verði, að lánin greiðist að fullu. Og þess vegna er það, að hér er ekki farið fram á annað en að tekið sé tillit til bygginga, sem ábúandinn á sjálfur, að ¼ hluta, þegar um lánveitingar er að ræða.

Það hefði verið í samræmi við þau lagaákvæði, sem annars gilda um lánveitingar úr byggingar- og landnámssjóði og ræktunarsjóði, að í stað 25% hefði verið 60%, en við vildum ekki fara hærra en þetta, af þeim ástæðum, sem ég greindi, að við viljum, að sem allra varlegast sé farið, en teljum þó, að með gildandi ákvæðum í l. um erfðaábúð og óðalsrétt sé þessu allt of þröngur stakkur skorinn.

Ég álít, að enda þótt búast megi við, að ekkert verði um byggingar á næstunni, þá sé stefnt í svo mikið óefni að því er þá menn snertir, sem á þessum jörðum búa og þegar hafa lagt í byggingar, að ekki verði hægt að komast hjá því, að Alþ. leiðrétti þetta nú.

Það er gert ráð fyrir, að þetta verði stutt þing. Þetta er hinsvegar ekki neitt stórmál, og ég býst ekki við, að menn vilji fresta þinginu vegna þess eins. Ég vildi því mælast til, að sú n., sem fær það til meðferðar, hraði afgreiðslu þess sem allra mest.

Ég legg til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 67).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! N. hefir athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, og mælir með, að það verði samþ. En hún hefir leyft sér að bera fram breyt. við það, sem felst í brtt. á þskj. 67. Skal ég nú gera grein fyrir henni. Samkv. frv. er ætlazt til, að fasteignamat sé lagt til grundvallar við lántökur til húsabygginga á erfðafestujörðum. Þetta telur n. ekki heppilegt, m. a. vegna þess, að oft þurfa ábúendur að fá lán til húsabygginga, áður en fasteignamat liggur fyrir. Nú eru slík íbúðarhús reist eftir teikningu frá teiknistofu landbúnaðarins, og þar liggur því fyrir kostnaðaráætlun um byggingu þeirra. Lánin eru veitt úr byggingar- og landnámssjóði og ræktunarsjóði, og þeir menn, sem á teiknistofunni vinna, gætu sagt til um, hvað húsið myndi kosta. Þess vegna fannst okkur liggja beinna við, að leitað væri álits teiknistofunnar í þessum efnum, svo það gæti líka komið til greina að veita lán, þó að ekki lægi fyrir fasteignamat.

Í frumv. er gert ráð fyrir, að úttektarmenn

hreppanna ákveði, hvort húsin séu nauðsynleg fyrir búrekstur á jörðinni, en í brtt. n. ætlar hún þetta trúnaðarmönnum ræktunarsjóðs. Nú er svo, að trúnaðarmenn ræktunarsjóðs þurfa að segja álit sitt á húsinu til þess að bankinn veiti lánið. Okkur þótti þess vegna heppilegra að láta þá menn, sem þyrftu að koma á staðinn hvort sem var, ákveða þetta, heldur en þurfa að kveðja aðra menn til þess. Þetta á að gera mönnum léttara að undirbúa lántökuskilyrðin heldur en á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Það hefir dálítið verið talað um, að þessi lán næðu aðeins til íbúðarhúsa. Ákvæði um það hefir þó ekki verið sett þarna inn, en gengið út frá því, að fyrst og fremst sé um íbúðarhús að ræða. Náttúrlega er ekki útilokað, að önnur hús geti komið til greina, en búizt er við, að þau verði látin sitja á hakanum.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en mæli með því, að þessi brtt. verði samþ., svo og frv. sjálft.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins, sem annar af flm. þessa frv., þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu málsins. Einnig vil ég geta þess f. h. okkar flm., að við föllumst algerlega á þá brtt., sem liggur fyrir frá n. Ég skal taka fram, út af því atriði í brtt., að í staðinn fyrir úttektarmenn hreppanna komi trúnaðarmenn ræktunarsjóðs, að okkur fannst þetta ákvæði frv. vera í samræmi við l. um erfðaábúð og óðalsrétt. Í þeim er úttektarmönnunum ætlað að gefa ýms vottorð, m. a. um hvaða hús séu nauðsynleg á jörðinni til búrekstrar. En þó að gengið sé út frá því, að þessir menn gefi flest vottorðin, sé ég ekkert á móti því, að í þessu sérstaka tilfelli sé farið að eins og lagt er til í brtt., og tel ég hana á margan hátt eðlilegri.

ATKVGR.
Brtt. 67 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 91).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 235, 271).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Þetta litla frv. er komið frá hv. Ed., en landbn. þessarar hv. d. hefir haft það til meðferðar og mælir með því, að það verði samþ. Ég get þess, að breyting sú, er frv. fer fram á, að gerð verði á l. um erfðaábúð og óðalsrétt, er fólgin í því, að ábúendum á erfðafestujörðum leyfist að veðsetja 25% af fasteignamatsverði húsa þeirra á jörðinni, sem þeir eiga sjálfir, auk þeirra 50% af fasteignamatsverði landsins, sem um getur í l. Það hefir sem sé komið í ljós, að menn, sem verða að byggja á jörðinni — en það verða þessir ábúendur yfirleitt að gera —, eiga mjög örðugt með að koma þar upp byggingum, þótt ekki séu gerðar til þeirra hærri kröfur en að þær séu rétt nothæfar. Hér er ekki farið fram á nema ein 25%, og verður að telja það mjög væga og sanngjarna kröfu.

Landbn. mælir með, að frv. verði samþ., svo langt sem það nær, en hefir gert við það brtt., sem eru á þskj. 271. Að vísu stendur í nál., að n. hafi ætlað sér að bera fram þessar brtt. við 3. umr., en úr því þær eru komnar fram nú, er rétt að afgr. þær strax. Þessar brtt. eru við 2. kafla l., sem fjallar um ættaróðul. Þetta er í samræmi við gildandi ákvæði um þessi efni, og landbn. fannst rétt að samræma þetta nú. Af þeirri ástæðu hefir hún borið fram þessar 2 brtt. Sú fyrri er við 10. gr. l., en þar segir svo, að ekki megi hvíla hærri veðskuld á ættaróðali heldur en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 3% af fasteignamatsverði jarðarinnar. Landbn. leggur til, að vextirnir verði hækkaðir upp í 4%. Í 20. gr. þessara l. er kveðið svo að orði, að óðalsbónda verði heimilað að taka lán, en lán, sem þannig hvíla á ættaróðulum, megi aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði, og aldrei yfir 50% af heildarmatsverði óðalsins. N. leggur til, að í stað 50% komi 75%. Með þessum tveim brtt. leggur landbn. til, að frv. verði samþ.

Ég skal svo að lokum geta þess, að því hefir verið skotið að mér af einum fulltrúa úr ráðunautinu, að lítilsháttar breyt. þurfi að gera á þessu frv., en það mun verða látið bíða til 3. umr. Ég vil fyrir mitt leyti leggja áherzlu á, að þetta frv. verði afgr. á þessu þingi. Nokkrir menn hafa byggt á þessum jörðum á síðustu árum, og þeir eru í miklum vandræðum með að standa straum af byggingarkostnaðinum, vegna takmarkana í þessum lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 271,a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 271,b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 279, 290).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 290. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa brtt., en landbn. leggur til, að gerð sé lítilsháttar breyt. á l. um erfðaábúð og óðalsrétt. Er það á 2. gr. þeirra og gert samkv. ósk þess fulltrúa í ráðunautinu, sem hefir með framkvæmd þessara l. að gera. Það er ekkert tekið fram um það í l., hver skuli greiða brunabótagjald af þeim húsum, sem eru á jörðum, sem leigðar eru til erfðafestu, en talið er eðlilegt, að ábúandi greiði brunabótagjaldið sjálfur, þar sem með tímanum er ætlazt til, að hann verði sjálfur eigandi húsanna á þeirri jörð, er hann situr, þótt það sé svo nú, að ríkið eigi hluta í eða öll hús á þessum jörðum. Því fer frv. fram á, að sett verði í l., að einstaklingarnir, sem á jörðunum búa, annist greiðslu á þessum gjöldum, og hefir landbn. fallizt á þessa skilgreiningu, að ábúandinn greiði brunabótagjaldið, en ríkið beri kostnaðinn af virðingu, sem fram verður að fara í þessu skyni.

Sé ég svo ekki ástæðu til að segja meira.

ATKVGR.

Brtt. 290 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 301).

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. er komið hingað aftur frá hv. Nd., sem gert hefir við það þrjár breyt. Fyrsta breyt. er sú, að hún hefir tekið upp í frv. ákvæði um, að leiguliða á jörðum sé skylt að borga brunabótaiðgjöld af húsum á erfðaleigujörðum. Mér er óhætt að segja það, sem einn af þeim mönnum, er fluttu frv. til l. um erfðaábúð á sínum tíma, að til þess arna var alltaf ætlazt. En ýmsir álíta, að það komi ekki skýrt fram í l. eins og þau eru. Hefir það valdið dálitlum ágreiningi, og því þótti neðri deild réttara að ákveða þetta ótvírætt.

Hinar breyt. báðar eru í þeim kafla l., sem fjallar um óðalsrétt. Fyrri breyt. er um þau skilyrði, sem l. setja fyrir því, að hægt sé að gera jörð að óðalssetri; til þess mega samkv. l. nú ekki hvíla meiri lán á henni en svo, að vextir af þeim nemi 3% af fasteignamatsverði jarðarinnar. En með breyt., er gerð var á frv. í hv. Nd., var takmarkið miðað við 4%, og þess vegna rýmkað nokkuð um þær jarðir, sem geta orðið óðalsjarðir. Í samræmi við þetta er þriðja breytingin, sem gerir ráð fyrir því, að ábúandi geti fengið allt að 75% af virðingarverði jarðarinnar að láni, í stað 50%, ef hann þarf að byggja á jörðinni.

Þessar 3 breyt. hafa komizt inn í frv. í hv. Nd. Enda þótt ég telji hvorki breyt. við 3. gr. né 4. gr. til bóta, sé ég ekki ástæðu til þess að senda frv. milli d. vegna þessa, og legg því til, að það verði samþ. með þessum breytingum. Landbn. Ed. hefir ekki fjallað um það, og allir nm. eru alveg óbundnir í þessu máli. Það, sem ég hefi sagt, segi ég fyrir mig, en ekki fyrir hönd n. í heild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 346).

28. Fýlasótt.

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt (þmfrv., A. 132).

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég leyfi mér að vísa til grg. frv., þar sem ég ætla nægilega grein gerða fyrir því, að ástæður séu til að fela ríkisstj. eða heilbrigðisstj. að gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar gegn veiki þeirri, sem frv. þetta fjallar um. Ég ætla, að ég þurfi ekki að bæta neinu þar við.

Skal ég aðeins geta þess, að áður en ég lagði frv. fram, bar ég mig saman við þá tvo hv. þm., sem á þingi sitja fyrir þau tvö kjördæmi, sem hér eiga sérstaklega hagsmuna að gæta, þá hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. þm. V.-Sk. (GSv), og tryggði mér, að þeir mundu ekki telja sig þurfa að gera sérstakar aths. við frv.

Málið er ákaflega einfalt. En ef ástæða þætti til að vísa því til n., þá á það heima í allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 22. og 23. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 132, n. 181).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): N. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég skal geta þess, að síðan 1. umr. fór fram, hafa borizt fregnir frá Færeyjum um árangur af sóttvarnarráðstöfunum, sem þar hafa verið gerðar gegn þessari veiki. Þær eru í stuttu máli þannig, að við veikina, sem hefir stungið sér niður í Færeyjum meira og minna á hverju ári síðan 1930, varð ekkert vart á síðastl. ári, en þá var fýlungatekja í fyrsta skipti bönnuð þar með öllu. Hinsvegar hefir aldrei borið á þess-

ari veiki í sambandi við fullorðinn fýl, enda voru fullorðnir fýlar veiddir í Færeyjum á síðastl. ári og kom ekki að sök. Það virðist því munu vera nægilegt að banna hér fýlungatekju, en leyfa veiði fullorðna fuglsins, vetrarfýlsins. Verður þá jafnframt minni atvinnumissir fyrir menn af þessum ráðstöfunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 297).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er flutt í hv. Nd. af landlækni. Efni frv. er það, að heimila ríkisstj. að fyrirskipa nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að menn sýkist af svonefndri fýlasótt. Í hinni ýtarlegu grg. frv. er gerð grein fyrir ástæðunni fyrir því, að frv. er fram borið. Það hefir komið í ljós og sannazt við rannsóknir, að a. m. k. í Vestmannaeyjum og sennilega líka í Mýrdalshéraði hefir orðið vart við þessa veiki, sem sannanir hafa fengizt fyrir, að stafar af handfjötlun á fýlungum. Því hefir heilbrigðisstjórnin litið svo á, að nauðsyn beri til að gefa ríkisstj. heimild til að gefa út reglugerð og gera ráðstafanir til varnar því, að menn sýkist af þessari veiki, og þar á meðal heimild til þess að banna að meira eða minna leyti fýlatekju. Það virðist liggja í augum uppi, að þar sem það er sannað með blóðrannsóknum, að þessi veiki á uppruna sinn í meðhöndlun manna á fýlungum. t. d. í Færeyjum, þar sem þessi veiki hefir líka komið upp á sama hátt og orðið miklu mannskæðari en hér, þá virðist sjálfsagt að heimila ríkisstj. að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja þetta. Þess má geta, að Vestmannaeyingar, sem kynnu að hafa atvinnutap af slíkum ráðstöfunum, hafa sent til þingsins áskorun um að hefjast handa í þessu máli.

Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 347).

---

29. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Á 4. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (þmfrv., A. 17).

Á 6. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Það er ekki þörf á að skýra þetta frv. frekar en gert er í grg., sem fylgir því. Eins og þar kemur fram, er hér aðallega verið að greina í sundur milli samgöngubóta og fyrirhleðslna, og nauðsynlegt er, að þar sé skýrt greint á milli, vegna þess að svo er fyrir mælt í l. um þessi mannvirki, að þar, sem verið er að vinna að fyrirhleðslum, skuli nokkur hluti kostnaðarins greiðast af sýslunni, en þar, sem um samgöngubætur er að ræða, er kostnaðurinn greiddur af ríkinu.
Í öðru lagi er lagt til í þessu frv., að fyrirhleðslurnar fyrir Affallið verði eingöngu taldar til samgöngubóta, því að Affallið gerir yfirleitt mjög lítil landspjöll, en fyrirhleðslurnar við það eru aðallega nauðsynlegar vegna samgöngubóta.
Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. og vil óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 145).

Frsm. (Helgi Jónasson): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., en vísa til þess, sem sagt var við 1. umr. málsins. Grg. gefur til kynna, hvaða breyt. er hér farið fram á, að

gerð verði á 1. Samgmn. hefir athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Ég óska þess svo, að málið fái skjóta og góða afgreiðslu hér í hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 289).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Þetta er ekki stórt mál, en sjálfsagt réttlætismál. Nefndin hefir ekki orðið alls kostar sammála um frv. Einn nm., hv. 9. landsk., hefir óbundnar hendur um atkv. sitt við afgreiðslu þess. Frv. er um að breyta l. frá 1932 um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Milli Fljótshlíðar og Eyjafjalla er hugsað að setja 6 varnargarða, og eru sumir þeirra til þess eins gerðir að verjast landbroti, en aðrir jafnframt og að mestu leyti til að halda vötnunum í ákveðnum farvegum. Svo er það með þann garð, er hér ræðir um. Brýr hafa verið gerðar yfir öll þessi vatnsföll, Þverá, Affall, Ála og Markarfljót, en varnargarðarnir eru nauðsynlegir til að tryggja, að vatnið renni undir þær brýr og ekki annarstaðar. Kostnaður af fyrirhleðslum er að nokkru leyti lagður á þá landeigendur, sem njóta þeirra sem landvarna, þar sem ella mundi brotna upp nytjaland, en ríkið tekur hitt að sér. Efsti garðurinn liggur frá Eyvindarmúla niður að Þverá og er til landvarnar, svo að sjálfsagt er, að landeigendur beri af sinni hálfu kostnað af honum, og líkt má segja um varnargarð austan Markarfljóts, undir Eyjafjöllum, er varnar vatni að renna austur með öllum Fjöllum og eyða Eyjafjallahreppunum allt austur að Holtsósi. Þegar lögin voru samþ., þótti ekki þörf á fyrirhleðslum við Affall samgangna vegna. En nú hefir reynslan sýnt þörfina og oft orðið þar farartálmi á veturna; veturinn 1936 tókst vegurinn þar af í tvo ef ekki þrjá mánuði. Það er ekki hægt að ætlast til, að landeigendur standi straum af fyrirhleðslum þarna, því að Affallið brýtur ekki land að ráði, og hefir alderi gert það. Því er gert ráð fyrir í frv., að fyrirhleðsla þar sé tekin upp í 4. lið 1. gr., þar sem taldar eru fyrirhleðslur, er ríkið eitt ber kostnað af, eins og garðanna beggja megin Dímonar og austanvert við Markarfljót. Þeir garðar allir eru fyrst og fremst samgönguvarnir. Það er hvergi talað um það, að þörf sé á að hlaða fyrir Affallið, en svo er sagt í 3. gr., að allar aðrar fyrirhleðslur eigi að teljast til landvarna, en það má deila um, til hvors þessi garður, sem hér ræðir um, heyrir frekar, landvarna eða samgöngubóta, eftir laganna hljóðan, en verði þetta frv. samþ., þá er honum skipað þar, sem hann heyrir að réttu lagi heima, til samgöngubótanna, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja, að hægt sé að halda uppi nauðsynlegum samgöngum, þegar mikið vatn kemur í Affallið, því þessar ár liggja ekki — eða hafa ekki legið hingað til — í föstum farvegi, og þess vegna tel ég sjálfsagt að samþ. þetta frv. Það mun að vísu hafa það í för með sér, að ca. 25 þús. kr. af kostnaðinum við þennan garð koma á ríkissjóð, en annars myndi að öllum líkindum verða jafnað niður á mennina þarna í kring, þar sem verkið yrði þá talið tilheyra þeim framkvæmdum, sem unnar eru til þess að verjast landbroti, en það er ekki rétt. Þess vegna er alveg sjálfsagt að samþ. þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 348).

---

30. Eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum (þmfrv., A. 147).

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Thor Thors: Þetta frv. er borið fram af allshn., samkv. tilmælum hæstv. atvmrh. Þetta er 3. umr., og ég kann því illa, að ekkert orð sé sagt um það fyrir hönd n. Aðalefni þess er að breyta eftirliti með verksmiðjum og vélum í þá átt, að í stað þess, að nú hefir aðeins einn maður þetta eftirlit með höndum, þá sé þessum aðaleftirlitsmanni gefinn kostur á að hafa umboðsmenn í kaupstöðum landsins. Þessir umboðsmenn eiga að annast eftirlitið, hver á sínum stað. Áleit ráðuneytið, að þetta fyrirkomulag sé einfaldara og þægilegra fyrir þá, sem við það eiga að búa, og allshn. er sömu skoðunar. Leggur hún því til, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 298).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Allshn. hefir haft málið til athugunar og orðið sammála um að leggja með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Frv. er upphaflega flutt af hv. allshn. Nd., eftir beiðni hæstv. atvmrh., og aðalbreyt. frá gildandi löggjöf um þetta efni er í því fólgin, að samkv. l., sem sett voru 1928 um eftirlit með verksmiðjum og vélum, hafði atvmrh. heimild til þess að skipa 4 skoðunarmenn til þess að hafa þetta eftirlit með höndum, en fram að þessum tíma hefir skoðunin verið að mestu leyti í höndum eins manns um allt land. Framan af var þetta nægilegt, vegna þess að starfið var ekki umfangsmeira en það, að hann komst yfir þetta allt, en síðan 1928 hefir iðnaður, sem kunnugt er, aukizt mjög, og víða úti um land hafa verið sett á stofn fyrirtæki, sem nauðsynlegt er að hafa eftirlit með samkv. þessum l., og þetta er orðið svo umfangsmikið starf, að ekki er öruggt um, að það sé í lagi, ef það á að vera allt í höndum eins manns. Því er gert ráð fyrir því í frv., að skipaður verði einn aðalskoðunarstjóri, sem sé búsettur í Reykjavík, en auk þess hafi hann sér til aðstoðar skoðunarmenn í öllum kaupstöðum landsins, sem framkvæmi allar vandalitlar skoðanir, og allt sé það undir yfirumsjón yfirskoðunarmannsins. Hingað til hefir það verið þannig, að ríkissjóður hefir ekkert fé lagt fram til þessarar skoðunar. Gjöldin, sem samkv. gjaldskrá eru lögð á fyrirtækin fyrir hverja skoðun, sem fram fer, hafa verið látin nægja til að greiða skoðunarmanninum laun hans. Þessi skoðunargjöld hafa aðeins verið greidd í hvert sinn, sem skoðun hefir farið fram. Nú er gert ráð fyrir, að aðalskoðunarmaðurinn fái kaup greitt úr ríkissjóði og að atvmrh. ákveði það, en hinsvegar sé sett gjaldskrá, er ákveði árleg gjöld af öllum vélum, til þess að standast kostnaðinn af skoðuninni, og eiga skoðunarmennirnir að fá nokkurn hluta af þessum skoðunargjöldum, en ekki að taka nein laun hjá ríkissjóði. Með þessu er tekið upp líkt fyrirkomulag og nú gildir um eftirlit með skipum og bátum. Það er einn yfirskoðunarmaður fyrir allt landið, en svo er landinu skipt í skoðunarumdæmi og sérstakur eftirlitsmaður í hverju umdæmi, sem ekki fær greidd laun úr ríkissjóði, heldur tekur hann fyrir störf sín af gjaldi því, sem eigendur skipa og báta greiða.
N. er sammála um það, að rökin, sem fram eru færð fyrir frv., séu svo mikilvæg, að rétt sé, að frv. verði að l., og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 349).

31. Slysabætur, ellilaun og örorkubætur.

Á 8. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur (þmfrv., A. 47).

Á 9. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Frv. þetta er flutt eftir beiðni hæstv. félmrh., og mun hann gera nánari grein fyrir frv. í framsögu sinni.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þegar sett voru í alþýðutryggingal. ákvæði um upphæðir bóta vegna slysa og styrkja vegna elli og örorku, var miðað við annað ástand í landinu en nú er orðið. Sérstaklega var, þegar ellilaun og örorkubætur voru ákveðnar, miðað við, að lagt væri til það lægsta, sem hugsanlegt væri, að gamalt fólk og öryrkjar gætu dregið fram lífið með.

Það er svo, að í reglum, sem settar hafa verið af Tryggingarstofnun ríkisins, eru ellilaun og örorkubætur mismunandi eftir því, hvar er á landinu. Í Reykjavík er gert ráð fyrir 900 kr., í kaupstöðum utan Reykjavíkur 800 kr., í kauptúnum með yfir 300 íbúa 720 kr. og í sveitum 600 kr. Að vísu hefir þetta verið þannig í framkvæmdinni, að kaupstaðirnir hafa lagt fram meira fé á móti framlagi tryggingarstofnunarinnar til að tryggja framfærslu ellihrumra manna og öryrkja, og til þess að hækka ellilaunin upp í það, sem ljóst var, að fólk þyrfti til að geta dregið fram lífið. Þannig munu t. d. ellilaun í 2. flokki vera 25—150 kr. á mánuði, eftir aðstöðu fólksins, sem fær þau.

Af þessum ástæðum og því, að nú hefir verið breytt með löggjöf kaupgjaldi verkafólks í landinu og lögákveðin hækkun þess eftir ákveðnum reglum, og þar sem nú mun svo til stofnað, að fyrir þingið verði lagðar í einhverri mynd till. um uppbót til opinberra starfsmanna á laun þeirra, en óvíst, hvernig þær ná fram að ganga á Alþingi, virðist óhjákvæmilegt að leggja til að veita uppbót á ellilaunum og örorkubótum, og auk þess slysabótum, bæði af þeim ástæðum, sem ég gat um í upphafi máls míns, að allar þessar bætur eru miðaðar við þann tíma, er dýrtíð var miklu minni, og þetta var þá talið það minnsta hugsanlega, sem þetta fólk gæti komizt af með án þess að leita frekari opinbers styrks. Það er vegna þessa, sem ég hefi staðið að því, að þetta frv. er flutt hér, og hefir hv. fjhn. þessarar d. tekið að sér að koma málinu út í d.

1. gr. frv. er um uppbætur á slysabætur. Er það sameiginlegt með 1. og 2. gr., að ætlazt er til, að ellilaun og örorkubætur og slysabætur hækki á árinu 1940 um allt það, sem kauplagsn. telur verð hækka, og um leið og hún ákveður verðlagsbreytingar, sem er 4 sinnum á ári. Með þessu móti hækka þessi fjárframlög meira en kaup verkamanna, og er það miðað við það, að framfærslueyrir þessara manna sé svo lágur, að hvað sem versnar í ári, þá verði hann þeim ekki nægur, og ekkert upp á að hlaupa fyrir vaxandi dýrtíð fyrir þetta fólk yfirleitt. Þess vegna er lagt til, að uppbæturnar verði látnar fara eftir verðvisitölu þeirri, sem kauplagsnefnd reiknar út.

1. gr. er, eins og áður er sagt, um slysabætur, og er lagt til, að þær hækki 4 sinnum á árinu 1940, eftir þeim reglum, sem ég hefi getið um hér á undan. Slysabætur eru samkv. alþýðutryggingal., eins og kunnugt er: 5 kr. í dagpeninga á dag, og auk þess fá þeir, sem fyrir slysunum verða, ókeypis læknishjálp og ¾ lyfjakostnaðar. Örorkubætur eru 6 þús. og dánarbætur 3 þús. kr., auk 100 kr. á hvert barn þeirra eftirlifandi aðstandenda, sem hafa misst fyrirvinnu sína. Það er lagt til í 1. gr., að þessar bætur verði hækkaðar eins og ég hefi áður skýrt frá. Þessar bætur eru allar lögákveðnar í slysatryggingabálki alþýðutryggingalaganna, en þótt l. verði breytt, leggjast engin aukin fjárframlög á ríkissjóð, því í lögunum stendur, að heimilt sé með reglugerð að hækka fjárframlög atvinnurekenda — iðgjöldin —, svo það eitt nægi til að halda uppi greiðslu á uppbótum samkv. frv. Það myndi ekki þurfa annað en að breyta reglugerðinni um iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda.

2. gr. fjallar um ellilaun og örorkubætur. Er ætlazt til, að þau hækki eftir sömu reglum og slysabæturnar. Þar gegnir að vísu nokkuð öðru máli, því ellilaun og örorkubætur eru greidd af opinberum sjóðum, ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum. Mundi því þurfa hærra framlag frá ríkissjóði til lífeyrissjóðs Íslands til að standast þessar hækkuðu greiðslur frá tryggingarstofnun ríkisins. Ekki er hægt að áætla með neinni vissu, hve miklu það muni nema fyrir ríkissjóð, en ef gengið væri út frá því, að meðalhækkun á verðlagi árið 1940 yrði 15%, myndi þetta verða um 45 þús. kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, því að sé reiknað með því, að framlag ríkissjóðs í þessu skyni er nú 300 þús. kr., þá eru 15% af því 45 þús. kr. Í 3. gr. frv. segir, að ríkissjóði beri að endurgreiða lífeyrissjóði Íslands þá fjárhæð, sem stafa myndi af því, að 2. gr. frv. væri samþ.

Mér finnst það engum vafa undirorpið, að eftir að búið er af hálfu löggjafarvaldsins að gera ráðstafanir til að hækka laun manna yfirleitt í landinu, bæði með núgildandi l. um hækkun kaups alls verkafólks, faglærðs og ófaglærðs, og þegar svo kaup opinberra starfsmanna verður hækkað — en ekki getur annað komið til mála en svo verði gert, — þá geti ekki heldur annað komið til mála en að hækka þær greiðslur, sem um getur í frumvarpinu, um ekki minna en það, sem nemur vaxandi dýrtíð á árinu 1940.

Ég vildi mega vænta, að hæstv. Alþingi líti ágreiningslaust á þetta mál og verði vel við því, sem lagt er til í frv., því það er vissulega ekki minna réttlætismál en að tryggja öðrum launþegum í landinu uppbót á laun sín.

Vil ég mæla eindregið með því, að frv. nái sem fyrst fram að ganga á Alþingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 16:4 atkv.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 143).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Eins og nál. á þskj. 143 ber með sér, hefir allshn. orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en það gerir ráð fyrir því, að dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra skv. l. um alþýðutryggingar skuli hækka um sömu hundraðstölu og vísitala kauplagsnefndar hækkar um, og að þetta nái til ársins 1940. Í öðru lagi nær frv. til þess, að lífeyrissjóði Íslands heimilist að greiða sömu uppbót 1940 á ellilaun og örorkubætur samkv. 2. tölul. 80. gr. alþýðutryggingarlaganna, sem ákveðið var á síðastl. hausti samkv. úthlutun sveitar- og bæjarstjórna, en sú upphæð nemur um 314 þús. kr., svo sem sést í nál.

Þar sem samkomulag er um mál þetta í n. og sömuleiðis í ríkisstj., vænti ég, að það valdi ekki ágreiningi í hv. deild og nái samþykki hennar.

***Pétur Halldórsson:** Frv. þetta fer fram á, að hækkaðar séu með vísitölu þeirri, sem fram kemur við rannsókn dýrtíðarinnar, slysabætur, örorkubætur, dánarbætur og ellilaun. Ég tók eftir því við 1. umr., að hæstv. félmrh. benti réttilega á, að það væri næsta ólíkt efni, sem talað er um í þessu frv., þar sem í 1. gr. þess eru taldar bætur handa þeim, er notið hafa sérstakra trygginga og greitt iðgjald til tryggingarinnar, en í 2. gr. er gert ráð fyrir uppbót á ellilaun og örorkubætur, sem greiddar eru án sérstakrar ráðstöfunar móttakanda, þ. e. sú starfsemi hefir ekki eðli tryggingar.

Um fyrra atriðið gat hæstv. ráðh. þess, að sennilega væri ekki hægt að hækka dagpeninga, örorkubætur og dánarbætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra, sem keypt hefðu tryggingu hjá slysatryggingu ríkisins, nema því aðeins, að á móti kæmi hækkun iðgjalda til stofnunarinnar. Og hæstv. ráðh. bætti því við, að ekki þyrfti annað en hækka iðgjöld atvinnurekenda til tryggingarstofnunarinnar. Þetta er auðvitað rétt, því að það eru þeir, sem bera kostnaðinn. En nú gerir hv. allshn. ráð fyrir því, að þessar bætur hækki án þess að gerðar séu sérstakar ráðstafanir um hækkun iðgjalda, og það verður ekki séð af áliti n., að gerð hafi verið nein rannsókn um það, hvort unnt sé að greiða þessa dýrtíðaruppbót lengur en á árinu 1940 án hækkunar iðgjalda. Mér virðist, að þurft hefðu að fylgja upplýsingar um það, hve lengi unnt væri að greiða dýrtíðaruppbót á þessar bætur án iðgjaldahækkunar. Þessu er kannske erfitt að svara, en hæstv. ráðh. reiknaði með því í ræðu sinni, að þessi dýrtíðaruppbót gæti numið 15% af öllum bótum slysatryggingarinnar. Það kann að vera, að stofnunin sé svo vel stæð, að hún sé þess megnug að greiða þessa 15% hækkun eða meira um nokkurt skeið, en dýrtíðin getur orðið meiri, og þá fer þessi uppbót hækkandi, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Í 2. gr. frv. er veitt heimild til þess, að greidd verði sama uppbót á ellilaun og örorkubætur, er lífeyrissjóður Íslands leggur fram árlega.

Það er réttilega tekið fram um þennan lið, að framlag lífeyrissjóðs Íslands er ekki nema lítill hluti af því fé, sem greitt er í þessu skyni úr opinberum sjóðum árlega. Þetta byggist á því, að lífeyrissjóður leggur fram til þessara mála á móti bæjar- og sveitarfélögum. En síðan þetta fyrirkomulag var tekið upp hefir framlag lífeyrissjóðs í hlutfalli við framlög bæjar- og sveitarfélaga farið ört minnkandi á ári hverju. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. allshn., hvort hún hafi athugað, hvernig þessu er farið á síðustu árum. Ef ég man rétt, var framlag lífeyrissjóðs upphaflega yfir 70% á móti framlögum bæjar- og sveitarfélaga, en nú mun svo komið, að framlag lífeyrissjóðs er eitthvað yfir 20%, þ. e. hann leggur fram ¼ eða ⅕ hluta af því fé, sem greitt er til ellilauna og örorkubóta, en sveitarsjóðir og bæjarsjóðir ⅘ eða ¾. Á þetta er bent í frv. sjálfu, og hefir hv. allshn. án efa veitt því athygli, en nú vildi ég spyrja: Eru líkur til þess, að bæjar- og sveitarfélög geti lagt á móti þessari dýrtíðaruppbót að sínu leyti?

Ég held, að þessi lög hafi valdið því, að sveitarstjórnir hafi freistazt til þess að verja meira fé í þessu skyni en annars hefði verið gert, til þess að fá framlag lífeyrissjóðs á móti. Þegar framlag lífeyrissjóðs nam um 70% (ef það er rétt, sem mig minnir), var ekki nema eðlilegt, að þau legðu kapp á að ná þessu framlagi, en þetta hefir ekki stöðvazt, þótt framlag lífeyrissjóðs færi lækkandi. Nú er þetta framlag sveitar- og bæjarfélaganna orðið svo hátt, að mér er það mjög til efs, að þau geti óviðbúin lagt fram fulla dýrtíðaruppbót.

Það er hörmulegt, að ekki skuli vera hægt að bæta upp dýrtíðina, sérstaklega þeim mönnum, sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en þessar sér til framfæris. Mér er næst að halda, að meginið af því fólki, sem nýtur örorkubóta og ellilauna, þeirra sem um ræðir í 2. gr. frv., hafi í rauninni ekkert eða sáralítið eigið aflafé að lifa af. Um þá, sem hafa ýmsar fleiri tekjur eða bjargarmöguleika, gegnir kannske dálítið öðru máli. En það eru ekki þessi sjónarmið, sem eiga að ráða því, hvort Alþingi fer hér inn á braut, sem það veit ekki, hvort fær reynist, og er stórkostlega varhugaverð. Og þetta er ekki síður varhugavert frá því sjónarmiði, að hér er reynt að lokka bæjar- og sveitarfélög til að taka á sig þungar byrðar. Hæstv. félmrh. hefir reiknað út, hver hækkunin á framlagi lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta ætti að verða samkv. frv., og skilst mér, að af hálfu bæjar- og sveitarfélaga ættu að koma á móti a. m. k. 180 þús. kr. á árinu, kannske 200 þús. Fyrir utan það, að fyrirkomulag þessarar styrktarstarfsemi er ákaflega flókið og óheppi-

lega byggt upp, eins og alltaf er að koma betur og betur í ljós, og veldur bæjar- og sveitarsjóðum ýmsum kostnaði, sem annars myndi sparast, hlýtur lífeyrissjóðsframlagið að freista þeirra til útgjalda, sem geta sökkt þeim sjálfum í botnlaus vandræði.

Mér hefði þótt rétt, að frv. sem þessu hefði fylgt einhver greinargerð fyrir því, hvernig fé lífeyrissjóðsins og framlögum bæjar- og sveitarfélaga hefir verið varið, hve mikil framlög bæjar- og sveitarfélaganna hafa verið og framlög lífeyrissjóðs, hlutfallslega hvort móti öðru. Ég held, að þá mundu koma fram athyglisverðar upplýsingar. Mér þætti eðlilegt, að helztu atriði þeirra mála kæmu fram, þótt ekki verði fyrr en við 3. umr. frv., og vil beina þeim tilmælum til nefndarinnar.

Verði frv. samþ., má telja, að gefið sé fyrirheit um það, að dýrtíðin skuli bætt upp framvegis úr ríkissjóði, hvernig sem hún vex á næstunni eða næstu árum. Einmitt þetta fyrirheit er það, sem lokkar bæjar- og sveitarfélögin allra mest til að reisa sér hurðarás um öxl. Hvernig fer svo, ef Alþingi verður að kippa að sér hendinni á næsta ári? Ég held, að formælendur frv. ættu að gera grein fyrir, hvert það stefnir, áður en það er samþ.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Ég mun ekki ræða um það, hvort starfsemi lífeyrissjóðs Íslands sé að öðru leyti eins og hún ætti að vera, né um tryggingarlöggjöfina yfirleitt á þeim grundvelli, sem hv. 4. þm. Reykv. gerði, heldur um þá dýrtíðaruppbót, sem ríkissjóði er talið siðferðislega skylt að bjóðast til að greiða hinu tryggða fólki fyrir sitt leyti. Þess er ekki að vænta, að slík uppbót fáist fyrir ekki neitt, en það á að veita hana samt. Það má gera ráð fyrir, að hækka þurfi iðgjöld til slysatryggingarinnar meðfram vegna uppbótarinnar. Það hefir ríkisstj. í sinni hendi, og er upplýst, að þess mundi þurfa á árinu, þótt frv. væri ekki samþ. Ástæðan er sú, að dýrtíð hækkar kostnað af mörgu öðru, sem tryggingarnar standa straum af, svo sem læknishjálp og lyfjum og sjúkrahússvist.

Um bæjar- og sveitarfélögin er það að segja, að þau ráða sjálf, hvort þau leggja á sig þær byrðar, sem þarf til að njóta fyrirhugaðra fríðinda lífeyrissjóðsins, þ. e. uppbótarinnar fyrir gamalmenni sín og öryrkja. Vilji þau það ekki, nær þetta ekki lengra. Með þessu er Alþingi aðeins að gera sína skyldu, ekki að skipa bæjarfélögunum fyrir um neitt. Hér er og aðeins að ræða um lög til eins árs. Á næsta þingi liggur það fyrir, hvernig þau hafa þá gefizt í framkvæmdinni.

***Pétur Halldórsson:** Mér fannst hv. frsm. aldrei gera nægilegan mun á því, sem heitir uppbót á kaup verkamanna, og þeirri uppbót, sem hér er lagt til að veita á slysabætur, örorkubætur og ellilaun. Honum ætti að skiljast það, að því hærra sem kaupið er, því meiri líkur eru til þess, að þeim stundunum fækki, sem verkamaðurinn hefir vinnu, svo að tæplega er gerandi ráð fyrir, að hann hafi meira upp úr sér. Nú er tiltekin hækkun á verkakaupi heimiluð með lögum. En hér er lagt til að hækka framlag, sem rýrnar ekki, a. m. k. ekki af neinum sambærilegum orsökum; þessar bætur eru örugg greiðsla. Á þeim og kaupi er því grundvallarmunur, sem verður til þess að rugla allan samanburð. Að hinu leytinu er margt fólk, sem þannig er sett í þjóðfélaginu, að það getur ekki á nokkurn hátt varið sig gegn dýrtíðinni með eigin ráðstöfunum né annara. Aldrei geta allir þegnar þjóðfélagsins fengið uppbætur á dýrtíðinni. Það er ekki nokkur vissa fyrir því, að hið hækkaða kaup verði nokkur dýrtíðaruppbót, ef atvinna minnkar vegna þess. Þetta frv. rennir að flestu leyti blint í sjóinn. Ég lít svo á, að sé farið að bæta upp dýrtíðina, verði að gera það, hversu mikil sem hún verður. Það dugir ekki að bæta upp árið 1940 og hætta við að bæta upp 1941 af því, að þá verði dýrtíðin orðin meiri. Það verður að fylgja „principinu", taka afleiðingunum af stefnu þessa frv., hverjar sem þær verða.

Hv. frsm. sagði, að sveitarfélögin væru alveg sjálfráð um að velja eða hafna. Hann virtist gera ráð fyrir, að þau betur stæðu mundu þiggja „fríðindin", þau ættu að treysta sér til þess. Ég er hræddur um, að fæst þeirra geti lagt mikið fram af eigin fé. Heldur væri það hitt, að sveitar- og bæjarfélög, sem svo eru komin, að hætt er að hugsa til að reisa við fjárhaginn, reyni að játast undir skyldurnar í von um fríðindin, sem kynnu að færa þeim eða íbúum þeirra hagnað. Það eru ekki alltaf þeir bezt stæðu, sem flottastir eru og örlátastir, og því er nú komið sem komið er.

Nú vildi ég spyrja, hvort það sé ætlazt til þess í frv., að dýrtíðin sé uppbætt að fullu. Sumum hefir dottið í hug, að uppbótin kynni að fara eftir sama hlutfalli og kaupuppbótin, þó að orðalag frv. bendi raunar til hins. Það mætti vera skýrara.

Þó að tilgangur frv. sé náttúrlega góður, verða menn að athuga, hversu lítið gagn, en mikið ógagn getur af því orðið.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það yrði of langt mál að fara út í það, hvort þessi og önnur félagsmálalöggjöf, sem sett hefir verið hér á landi, hafi gefizt vel eða illa. Mér skildist það vera aðalatriðið fyrir hv. 4. þm. Reykv. að andmæla slíkri umbótastarfsemi yfirleitt og nota þetta mál sem kærkomið tækifæri til þess. Það mun því verða nú sem oftar, að ekki þýði að reyna að sannfæra hann, þegar slíkur grundvallarstefnumunur er milli okkar sem nú er.

Hv. frsm. er búinn að skýra ákvæði 1. gr., þar sem ræðir um uppbætur slysatryggðra manna, og upplýsa það, að óhjákvæmilegt mundi að hækka iðgjöld, þótt þetta frv. hefði ekki komið til. Eins og hv. 4. þm. Reykv. veit, þegar hann gætir betur að, eru slysatryggingar byggðar hér upp, eins og almennt erlendis, með iðgjöldum af hálfu atvinnurekenda þeirra, sem reka tryggingarskylda atvinnu, og iðgjöldin misjöfn eftir því, hver áhætta er talin fylgja henni. Það er ríkjandi regla, að sá, sem hefir hagsmunina, eigi að bera áhættuna. Þetta er

engin nýlunda hér, búið að vera í lögum síðan 1925, og viðurkennt, hélt ég, að það geti ekki öðruvísi verið.

Út af seinni gr. vil ég taka fram strax, að það ætti ekki að geta risið nokkur misskilningur um það, að frv. ætlast til, að heimilað sé að greiða uppbót sem svarar allri dýrtíðinni, miðað við vísitölu kauplagsnefndar. Frv. segir þetta ótvírætt, og ég tók það enda fram við 1. umr. Þá færði ég rök fyrir því, að þess væri engin vanþörf, og sé ekki ástæðu til að endurtaka þau. Þessu fólki, sem fæst hefir aðrar tekjur eða upp á nokkuð að hlaupa, er skammtað niður að sultartakmarki. Aftur má segja, að kaupgjald sé þeim mun hærra, að faglærðir menn, a. m. k. í stöðugri vinnu, geti haft einhvern afgang frá daglegum heimilisþörfum til að mæta óhöppum, og það er hreint ekki sanngjarnt né sjálfsagt, að kaupgjald eigi að skammta niður að sultartakmarki, þótt kaupgjaldshugleiðingar háttv. 4. þm. Reykvíkinga stefndu að því marki. Þá má alls ekkert á bjáta, svo að ekki berji fullkomin neyð að dyrum.

Það er ljóst, að til þess að öll bæjarfélög geti notað sér friðindi þessa frv., veitti ekki af, að þeim væri séð fyrir möguleikum til tekjuaukningar. Hvernig það tekst, get ég fátt sagt um enn. Ríkisstj. hefir falið milliþinganefnd í skatta- og tollamálum að athuga það og koma með tillögur. Hverjar þær verða og hversu miklar tekjur þær kunni að færa bæjar- og sveitarfélögum, verður ekki rætt um að svo stöddu, en ég vil vænta alls góðs af nefndinni. Það er ómögulegt að láta afgreiðslu þessa máls bíða eftir því, og raunar ástæðulaust.

Enn er tvennt, sem ég vildi drepa á í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Reykv. Sé ekki veitt þessi uppbót á styrkina, fer það svo, að fólkið, sem á þeim hefir bjargazt, getur ekki lifað án sveitarstyrks til viðbótar. Sá framfærslueyrir dregur hið opinbera ekkert minna, en allir vita, hvert böl það er, ef slíkur fjöldi fólks er neyddur til þess án verðskuldunar að gefa sig þannig upp á náðir bæjar- eða sveitarfélagsins. Ég álít, að bæjar- og sveitarfélögum sé meira en lítill greiði gerður með þessu frv., ef að lögum verður, því að mikið af því, sem greitt verður í uppbætur á styrki með þátttöku ríkissjóðs, hlyti ella að greiðast sem fátækrastyrkur. Þó að hluti lífeyrissjóðs í þessum styrkjum muni nú ekki nema meira en um 26% þeirra, munar ýms bæjar- og sveitarfélög verulega um þá upphæðina. Af þessum ástæðum er ákaflega kynlegt og engan veginn rétt, þegar talað er um, að með frv. eigi að lokka bæjar- og sveitarfélög til að taka á sig óþarfa byrðar og steypa fjárhag þeirra.

Ég álít það ekki rétt, að hækkun kaupgjalds dragi yfirleitt mjög úr atvinnu, nema þá sem snöggvast, og sízt á slíkum tímum sem nú eru. Sú kauphækkun, sem nú hefir verið lögboðin, gerir það vissulega ekki. Ég hygg, að hjá öllum verkamönnum í stöðugri vinnu og miklum hluta annara verkamanna verði hrein tekjuaukning nokkurn veginn sem þessari litlu kauphækkun nemur, og að samanburður við þá geti ekki orðið rök gegn þessu frv. — Fleiri almennar aths. læt ég hjá líða að sinni.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Ég vildi aðeins geta þess fyrir hönd allshn., að innan hennar var enginn ágreiningur um þann skilning á 1. gr. frv., að uppbótin skyldi miðast við vísitölu kauplagsnefndar óskerta eins og hún er á hverjum tíma. Ljóst var það ekki, þegar hv. 4. þm. Reykv. var að spyrja um, vort þetta fólk ætti að fá dýrtíðina uppbætta „að fullu". Hann ætti að vita, að vísitala kauplagsnefndar er ekki þannig reiknuð, að tryggt sé, að fullar uppbætur fáist, auk þess sem hún hækkar ekki nema 4 sinnum á ári, en dýrtíðin dagvöxtum.

Þegar hv. þm. lítur svo á, að mikill hluti verkamanna hafi ekkert gagn og e. t. v. fremur skaða af kauphækkunum, hlýtur það að vera enn meiri ástæða fyrir hann til þess að vera með þessu frv. Hann veit og viðurkennir, að þorri þessa fólks, sem styrkjanna nýtur, hefir hvorki eign né atvinnutekjur að lifa af, og verður, ef það á að hjara, að liggja uppi á venzlafólki sínu, — því meir sem styrkurinn endist lakar vegna dýrtíðar. Og langflest er það vitanlega á framfæri verkamanna, sem samkv. kenningu hv. þm. hafa beðið fjárhagslegt tjón vegna lögtryggðra uppbóta á launum sínum. Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að borga uppbót á laun opinberra starfsmanna, sem ekki kemur til mála, að missi atvinnu sakir þeirrar uppbótar, hvað sem kann að koma fyrir með verkamenn. Hv. þm. getur hugað að því, hvort ekki sé rétt að hafa eitthvert samræmi milli þess og uppbóta á styrkjum tryggginganna, úr því að hann vantar einhvern slíkan samanburð til að skera úr því, hvaða tilkall þetta fólk hafi til að lifa af dýrtíðina.

***Haraldur Guðmundsson:** Mér skildist á hv. 4. þm. Reykv., að ef frv. ætti að ná samþykki, yrði að byrja á því að afla bæjar- og sveitarsjóðum tekna til að standast byrðar slíkrar löggjafar. Þetta er alger misskilningur, eins og hv. þm. ætti að vera ljóst af ræðum hæstv. félmrh. og hv. frsm. Hv. þm. er það vel kunnugt, að dýrtíðin hefir aukizt svo stórkostlega síðan í október, að upphæð, sem þá var úthlutað úr lífeyrissjóði, hlýtur að vera alls ófullnægjandi nú.

Þá er að minni hyggju ekki nema tvennt til, annaðhvort að styrkþegar fari flestra hluta á mis, ég vil segja líði skort, eða í öðru falli leiti til sveitarfélagsins um framfærslustyrk til viðbótar. T. d. hér í Reykjavík hafa þeir, sem njóta styrks í 2. flokki, 200—900 kr.

Mjög verulegur hluti af þessu fólki, a. m. k. þeir, sem hafa hærri upphæðirnar, hafa þennan eina framfærslueyri, og margt af því var áður beinlínis á framfæri bæjarins. Það, sem farið er fram á með þessu frv., er, að ríkissjóður greiði sinn hluta þeirrar hækkunar, sem fram kemur samkv. vísitölu kauplagsnefndar.

Þegar þess er gætt, að Alþ. þótti ástæða til þess að lögbjóða kauphækkun hjá öllum þorra verkalýðsins og að fyrir Alþ. liggur frv. um hækkun á launum starfsmanna hins opinbera,

þá liggur í augum uppi, að því fólki, sem skammtaðar eru langlægstu upphæðirnar, er ákaflega nauðsynlegt að fá einhverja uppbót.

Hv. þm. sagði, að með þessu væri verið að lokka sveitarfélögin til þess að óþörfu að leggja fram fé í þessu skyni. Ég verð að segja, að mig undrar á þessu. Í fyrsta lagi er það eins og hv. þm. tók fram, að sveitarfélögum er það í sjálfsvald sett, hvort þau nota sér þetta, og komist fólk af án þessarar hækkunar, þá geri ég ekki ráð fyrir, að til þess komi. En ef ekki væri farin þessi leið, þá geri ég ráð fyrir, að það mundi koma fram í auknum framfærslukostnaði. Hv. þm. taldi það mjög hæpið, hvort löggjöfin um lífeyrissjóð Íslands væri heppileg, nema þvert á móti. Ég verð að játa, að mér er ekki vel ljóst, hvað hv. þm. átti við með þessu. Hitt er aftur á móti rétt hjá hv. þm., að framlag lífeyrissjóðs hefir heldur lækkað í hlutfalli við framlag bæjar- og sveitarfélaga. Árið 1936 var framlag tryggingarstofnunarinnar í 2. flokki 70% á móti framlagi bæjar- og sveitarfélaga, en á yfirstandandi ári nálægt 35%. Mér fannst hv. þm. vera óánægður með, að svona skyldi hafa gengið, að hlutfallið skyldi hafa lækkað frá því á fyrsta ári, þegar l. voru í gildi. Ég vildi þess vegna vekja athygli hv. þm. á því, af hverju þetta stafar.

Í fyrsta lagi það, að bæjar- og sveitarfélög nota sér þessi l. og telja þau mikinn feng, sem kemur fram í því, að laun gamalmenna og örorkubætur samkvæmt alþýðutryggingarl. eru ekki lengur skoðuð sem framfærslustyrkur, heldur greidd sem ellilaun. Af þeim sökum verður framlag bæjar- og sveitarfélaga hlutfallslega hærra en áður. Það er líka komið svo, að það eru fá dæmi þess, að fólk, sem komið er á þann aldur að hafa rétt til ellilauna, eða svo á sig komið, að það hafi rétt til örorkustyrks, sé beinlínis á framfæri sveitarfélagsins. Langmestur hluti af því fólki, sem nýtur styrks í 2. fl., myndi að öðrum kosti vera beinlínis á framfæri sinnar sveitar eða kaupstaðar. Einmitt þetta sýnir, að bæjar- og sveitarfélögin kunna að meta þessa styrki og að þau vilja heldur leggja þetta fé fram sem örorkubætur en fátækrastyrk, eins og áður var.

Að því er snertir 1. gr. frv., þá hefir talizt nauðsynlegt að hækka dagpeninga og örorkubætur, og er því óhjákvæmilegt að hækka iðgjöldin, enda er það beinlínis tekið fram í grg. Þetta frv. er samið með það fyrir augum, að bætur þessar hækki um sömu hundraðstölu og vísitala kauplagsnefndar hækkar um (sbr. l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi).

Það segir sig sjálft, að þar sem l. ekki gilda nema eitt ár, verður tækifæri til þess á næsta þingi að bæta úr, ef einhverjar misfellur yrðu á frv.

Ég vil svo vænta þess, að hv. þm. verði sammála um það, að þessar greiðslur beri að bæta upp, með tilliti til dýrtíðarinnar í landinu.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég skal ekki fara lengra út í að tala um þessi l. almennt, sem hér er verið að breyta, en ég ætti ákaflega mikið eftir að segja um það, ef í það væri farið.

Það komu upplýsingar um það frá hæstv. félmrh., að það þyrfti að hækka iðgjöldin, jafnvel þó að framlag yrði hækkað samkv. vísitölu kauplagsnefndar. Ég verð að segja, að mér finnst það a. m. k. heldur einkennilegt, að slíkar stofnanir sem tryggingarstofnun ríkisins skuli ekki bera sig af sínum tekjum. Og komi fyrir, að tekjurnar nægi ekki fyrir gjöldum, að þá skuli fyrirtækið hugsa sér að hækka gjöldin og greiða meiri tryggingu en hingað til, jafnvel þó iðgjöldin nægi ekki til þeirrar greiðslu nú.

Hæstv. félmrh. sagði í frumræðu sinni, að iðgjöldin til slysatrygginga kæmu eingöngu frá atvinnurekendum. Ég skil það líka, að hæstv. félmrh. þótti svo sem ekki neitt iskyggilegt við það að hækka bæturnar, þó að til þess þyrfti aukin iðgjöld, vegna þess að þau kæmu frá atvinnurekendum og verkamönnum. M. ö. o., hæstv. ráðh. er að veita þarna fé, veita fé atvinnurekenda, en ekki sitt eigið eða ríkissjóðs. En t. d. sú stofnun, sem hv. þm. Seyðf. stendur fyrir, finnst mér fyrir mitt leyti, að eigi að taka tillit til sinna gjaldenda eins og þeirra, sem þiggja. Ég átti von á því, að þeim yrði ekki eins sárt um að hækka skattana vegna þess, hvaðan þeir koma. En hinu mega þeir ekki gleyma, að iðgjöldin, hvaðan sem þau koma, koma niður á öllum búskap þjóðfélagsins, þó að þau séu innheimt af atvinnurekendum. Hv. frsm. n. benti á atriði, sem er ákaflega eftirtektarvert. Hann sagði, að með því að hækka elli- og örorkubæturnar með dýrtíðaruppbót væri svipað á komið með starfsmönnum ríkisins og ellilaunaþegum. En mér finnst hann ekki hafa veitt því athygli, að allir þeir, sem þiggja opinber laun, hvort það eru styrkþegar eða starfsmenn hins opinbera, eru nú að verða aðalhátekjufólkið í landinu, en hinir, sem verða að basla eins og bezt gengur, eiga það undir högg að sækja, hvort þeir á nokkurn hátt fá uppbætta dýrtíðina. Þetta er ákaflega varhugavert, að þeir, sem opinbert fé taka, annaðhvort sem laun eða sem styrk, hafi á hendi sameiginlega hagsmuni um það að skammta sér af opinberum sjóðum.

Það hefir verið bent á það, og það réttilega, að samræmi væri milli opinberra starfsmanna og ellilaunaþega á þann hátt, að ellilaunaþegar og þurfamenn taki einnig fé af opinberum sjóðum. Það er mjög hættulegt öllum búskap þjóðfélagsins, þegar þessir menn standa saman að því að tryggja sinn hag, hvernig sem fer fyrir hinum, sem ekki geta tryggt sig á þennan hátt.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að þetta frv. ætti að verða til þess að hjálpa sveitarfélögunum, en grunur minn er sá, að hvernig sem þessu er hlutað út milli sveitarfélaga, verði það þeim ekki til hjálpar, heldur til falls. Ég skal játa það, að það er hið mesta vandamál að fara með þetta svo vel sé, að taka fé úr beggja höndum, þeirra, sem þennan styrk eiga að taka úr sveitarsjóðum og ríkissjóði, og hinna, sem eiga að borga. Þeir menn hugsa náttúrlega vel, sem vilja bæta öllum upp dýrtíðina og að enginn þurfi að svelta hennar vegna. En ég efast nú

um, að það sé gott verk nema það nái til allra jafnt, og ég held, að þá færu að verða fáir menn í landinu, sem ekki nytu styrks á einn eða annan hátt. Að þessu leyti er fyrirkomulagið á úthlutun lífeyrissjóðs ákaflega óheppilegt, að sveitarstj. geti svo að segja ausið fé ríkissjóðs umfram það, sem þörf er á. Þess vegna er þetta framlag lífeyrissjóðs tvíeggjað, og verður það því meir, sem þingið notar vald sitt á þann hátt, að lokka sveitarsjóðina til þess að ausa út þessu fé. Það er satt, að þeir, sem ekkert hafa annað en 700—900 kr. til að lifa af hér í Reykjavík, eru ekki vel settir, en fyrir þeim er þá séð á einhvern annan hátt.

Ef ríkissjóður vill gera verulega gagnlegt verk fyrir sveitarfélögin eða draga úr þeim skaða, sem svona ráðstafanir geta valdið, þá finnst mér, að hv. þdm. ættu að geta samþ. litla brtt., sem ég skal lesa upp. Hún er þannig, að í stað orðanna „tilsvarandi uppbót af sínum hluta“ í niðurlagi 2. gr. komi: ekki minna en hálfan hundraðshluta vísitölunnar sem uppbót af sínum hluta. — Mér er það ljóst, að ef dýrtíðin heldur áfram að vaxa, verður að gera ráðstafanir til þess að bæta úr fyrir þeim, sem ekki hafa annað til framfæris en þennan styrk. En ég tel það alveg þarflaust af ríkisvaldinu að gera það að skilyrði fyrir sínu framlagi, að fjórfalt framlag komi frá sveitarfélögunum. Ég tel líklegt, að sveitarstj. treystist ekki til þess að neita um uppbót vegna dýrtíðarinnar eða einhverja viðbót við örorkubæturnar. Ég tel það rangt af ríkisvaldinu að lokka fram meira fé en sveitarstj. telja nauðsynlegt. Við skulum segja, að engin sveitarstjórn teldi minna framlag óhjákvæmilegt en helming vísitölunnar og að ríkissjóður legði fram helming.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt., sem nú hefir verið lýst. [Sjá þskj. 157]. Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg. Þarf því við tvöfaldra afbrigða frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það hefði verið fullkomin ástæða til þess að fara út í rökræður við hv. 4. þm. Reykv., en þó ætla ég að neita mér um það. Þó vil ég víkja að þessari brtt., sem hann hefir borið fram við frv. Mér virðist þessi brtt. hvorttveggja í senn, óþörf og óréttlát, — óþörf fyrir þá sök, að það er ekkert annað í gr. frv., sem fyrirskipar sveitarfélögunum að hækka ellilaunin um 100% af dýrtíðaruppbót vísitölunnar, nema skilja eigi gr. svo, að sveitarfélögunum dytti í hug að leggja fram af sinni hálfu einhvern hluta af því, sem aukin dýrtíð veldur. Það virðist eðlilegt, að bæjar- og sveitarfélögin leggi fram hlutfallslega á móti lífeyrissjóði eftir þeim reglum, sem tryggingarstofnun ríkisins setur um þessi framlög, og er það allt að helmingi framlagsins. Leiðin er opin fyrir sveitarfélögin að fara niður úr þessu, vegna þess að framlagið takmarkast upp á við. Ef sveitarfélögin vildu hækka styrkinn sem nemur dýrtíðinni, stendur til boða á móti lífeyrissjóðsframlag. Ég leyfi mér að vísa til þeirra röksemda, sem áður hafa verið fluttar fram, að víða hafi verið svo naumt skammtað, að full þörf sé á uppbót. Það kann að vera rétt, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að í sumum bæjar- og sveitarfélögum séu ellilaun á þann veg, að þar sé eitthvað upp á að hlaupa fyrir vaxandi dýrtíð, en víðast mun þó ástandið þannig, að full þörf sé á einhverjum styrk til viðbótar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 157 tekin aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Brtt., sem von er á við frv., hefir enn ekki verið útbýtt, og verð ég því að biðja forseta að fresta umr. um stundarsakir.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 47, 157, 180, 203).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 203. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég hefi borið fram brtt. við 1. gr. frv., á þskj. 203. Er hún á þá leið, að í stað orðanna „sömu hundraðstölu og vísitala kauplagsnefndar hækkar um“ komi: ¾ þeirrar hundraðstölu, sem vísitala kauplagsnefndar hækkar um. Ég tel eðlilegt að láta það hlutfall haldast milli slysabóta, dánarbóta og dagpeninga og kaupgjaldsins sem verið hefir að undanförnu. En eins og hv. þdm. er kunnugt um, þá er kauphækkun sú, sem verður samkv. gengisl., mest 75% af þeirri hækkun á verðlagi, sem orðið hefir samkv. vísitölu kauplagsnefndar. Ef mín till. verður samþ., hækka þannig þessar bætur hlutfallslega eins mikið og kaup hjá þeim, sem lægst laun hafa. Þetta er í samræmi við það, sem kemur fram á þskj. 143, þar sem segir í nál. allshn., að sanngjarnt sé að hækka bætur þessar svipað því, sem verið hefir um kaupgjald. Ég sé ekki ástæðu til að bera fram fleiri brtt., en vænti þess, að brtt. á þskj. 203 verði samþ.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefir athugað brtt. á þskj. 157, frá hv. 4. þm. Reykv., og hefir orðið ásátt um að ganga lítið eitt til móts við hana. Í því skyni hefir n. borið fram brtt. á þskj. 180, þar sem segir, að í stað orðanna „er nemi sama hundraðshluta“ komi: er nemi allt að sama hundraðshluta. — Ber að skilja þetta svo, að sveitarfélög eru ekki aðeins sjálfráð um, hvort þau láta nokkuð af hendi rakna til þessara uppbóta eða ekki neitt, heldur eiga þau líka kost á tilsvarandi framlagi

úr ríkissjóði, gegn þeim hluta, sem þau tiltaka í þessu skyni, hvort sem meira er eða minna. Ég vil auk þess vekja athygli á því, að till. hv. 4. þm. Reykv. fær naumast staðizt með því orðalagi, sem á henni er, enda geri ég ekki ráð fyrir, að hann meini það með henni, sem orðanna hljóðan bendir til. Í brtt. er talað um, að framlag sveitarfélaga eigi ekki að vera minna en helmingur hundraðshluta vísitölunnar. Nú er vísitalan 112, og ½% af 112 yrði nokkurn veginn sama sem ekki neitt, svo að hv. flm. hlýtur að meina annað með till. en skilizt getur við lestur hennar.

Hv. þm. V.-Húnv. á brtt. við frv. á þskj. 203. N. hefir ekki gefizt kostur á að athuga hana, en eftir afstöðu n. til málsins geri ég ráð fyrir, að hún muni ekki fallast á þessa brtt. Það hefir verið rökstutt í umr. um þetta mál hér í hv. d., að ekki sé ósanngjarnt, að gamalmenni og öryrkjar fái hærri bætur en jafnvel þeir, sem eru lægst launaðir, með tilliti til þess, að þetta fólk mun almennt vera aumast allra.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Hv. allshn. segist koma til móts við það, sem ég hefi farið fram á með brtt. á þskj. 157. Hún vill orða þennan hluta 2. gr. á nýjan hátt, svo að gr. verði þannig í framkvæmdinni, að þau sveitarfélög, sem ákveða að greiða dýrtíðaruppbót á svokölluðum örorkubótum og ellilaunum, fá sama hundraðshluta, miðað við framlag ríkissjóðs eins og það var áður, á móti dýrtíðaruppbótinni, sem sveitarfélagið greiðir. Hverju þessar upphæðir nema, fer eftir því, hvað sveitarfélagið treystir sér til að bæta miklu við örorkubæturnar og ellilaunin af sinni hálfu. Þetta er að vísu nokkuð breytt frá því, sem það var í frv., þegar það var lagt fram. Eftir því, sem þessi till. segir, þurfa sveitarfélögin ekki að greiða fulla dýrtíðaruppbót á ellilaun og örorkubætur til þess að fá eitthvert framlag hjá tryggingarstofnun ríkisins. Þessi brtt. n. nær ekki því, sem ég hefi hugsað mér með minni till. Hv. þm. munu vita, að framlag tryggingarstofnunarinnar á þessu ári móti framlagi sveitarfélaga var 25% til örorkubóta og ellilauna. Að vísu man ég ekki töluna með vissu, en má segja, að það hafi verið ¼. Ég lýsti því hér við 1. umr. málsins, að þetta fyrirkomulag hefði ekki reynzt heppilegt, að tryggingarstofnunin legði fram svo óvissan hluta af örorkubótum og ellilaunum eins og ákveðið er. Reynsla undanfarinna ára sýnir, hvernig þessu hefir verið farið og að hér þarf umbóta við. Ég hefi hugsað mér með minni brtt. að koma því til vegar, að ef sveitarfélögin vilja leggja sig í það að borga ½ hundraðshluta vísitölunnar, þá leggi ríkissjóður fram 100% af dýrtíðaruppbótinni. Þetta framlag sveitarsjóðanna er meiri upphæð heldur en það, sem tryggingarstofnun ríkisins leggur fram. Þess vegna verður að telja sanngjarnt, að ríkissjóður taki að sér að leggja fram móti sveitarfélögunum.

Ég verð því að halda fast við mína brtt. með þeirri skýringu, að ef sveitarfélögin legðu fram ½ hundraðshluta vísitölunnar, þá skuli ríkissjóður leggja á móti að fullu skv. þessari frvgr. Þó að þessi till. nái fram að ganga, verður framlag ríkissjóðs til þessara mála allt í allt ekkert meira. Mér skildist svo við 1. umr., að ríkisstj. væri til með að verja 45 þús. kr. til uppbótarinnar á ellilaunum og örorkustyrk. En mér finnst ástæðulaust að setja skilyrði fyrir þessu framlagi af hálfu ríkisvaldsins. Það verður nógu erfitt fyrir sveitarfélögin að uppfylla þær kröfur, sem frv. annars fer fram á.

Ég treysti því, að hv. þm. fallist á, að ekki sé réttlátt að neyða sveitarfélögin til að leggja meira fram en tryggingarstofnun ríkisins til ellilauna og örorkubóta, heldur sé ætlazt til, að ríkið leggi fram í þessu skyni 45 þús. kr. eftir þeim fyrirmælum, sem eru í minni brtt.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að ekki væri það óeðlileg skýring á 2. gr. frv., þar sem rætt er um uppbót á ellilaunum og örorkubótum, að framlag lífeyrissjóðs fari eftir því, hvað sveitarfélögin hefðu að leggja á móti. Til þess að taka af öll tvímæli, hefir hv. allshn. flutt brtt. á þskj. 180, sem skýra þetta atriði. Samkv. frv. fer það eftir framlagi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga til aukinna örorkubóta og ellilauna vegna dýrtíðar, hversu mikið framlag lífeyrissjóðs sé. Hin brtt. n., um að l. gangi í gildi strax, er réttlát og eðlileg. Það væri óeðlilegt, ef l. öðluðust ekki gildi fyrr en 12 vikum eftir að þau væru staðfest, og því er sú breyting til bóta.

Vegna brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 157 læt ég nægja að vísa til ummæla hv. þm. N.-Ísf. hvað hana snerti. Ég held, að ef slík brtt. yrði samþ., væru þessi fyrirmæli l. óframkvæmanleg. Jafnvel þó að hv. 4. þm. Reykv. hafi gefið í sinni ræðu sínar skýringar, þá er það svo, að bókstafurinn stendur. Og bókstafur l. er á þá lund, að það kæmi ekki til neinna uppbóta. Ég vil því skora á hv. 4. þm. Reykv. að taka aftur þessa brtt., því að það er áreiðanlega ekki tilætlun hans að eyðileggja þessa lagasmíð eða skemma hana með því að setja inn í hana þennan hortitt, og til lítils sóma yrði það fyrir þingið að afgr. hana á þá lund.

Að öðru leyti þarf ég ekki að svara því, sem fram hefir komið um þetta mál. Ég vil þó benda hv. 4. þm. Reykv. á, þar sem hann ætlast til þess, að lífeyrissjóður leggi fram helming á móti bæjar- og sveitarfélögum, að það þyrfti að gera víðtækar breyt. á alþýðutryggingarl. til þess að það yrði framkvæmanlegt, og næðist þá ekki tilgangur sá, sem hv. þm. vildi vera láta.

Út af brtt. hv. þm. V.-Húnv. get ég líka látið nægja að vísa til þess, sem tekið hefir verið fram í umr. um frv. hér í hv. d. af okkur, sem mælt höfum með því, og hv. þm. N.-Ísf. líka kom fram með í sinni ræðu, að það er grundvallarhugsunin í þessu frv., að þeir, sem þiggja þessar bætur, séu svo lakar settir heldur en jafnvel verkamenn á lægstu launum, að þeir megi ekki við þeirri raunverulegu tekjulækkun nokkuð frá því, sem verið hefir. Þess vegna er ætlazt til, að dýrtíðaruppbót sé full á þessar bætur.

Í annan stað vil ég leyfa mér að benda á út

af ræðu hv. þm. V.-Húnv., að það er ekki alveg nákvæmlega rétt, að hækkun launabóta sé ¾, sem verkamenn geta fengið, því að samkv. gengisl. frá síðasta þingi er það 80%, þegar dýrtíðin er komin visst ákveðið upp, og þá gætu slysabætur orðið lægri eftir till. þm. V.-Húnv. heldur en jafnvel verkamenn fá ofan á sitt kaup. Þess vegna álít ég lítið réttlæti mæla með þeirri brtt., og verð því fyrir mitt leyti að mæla gegn því, að hún nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 203 felld með 14:8 atkv.
— 180,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 157 felld með 14:6 atkv.
— 180,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., 27. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 208).

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Mér þykir rétt að fylgja frv. þessu úr hlaði með örfáum orðum. Það hefir gengið í gegnum Nd. með litlum breyt., aðeins lítilsháttar orðabreytingu á 2. gr. til skýringar.

Frv. er ekki mikið að vöxtum, en aðalefni þess er að veita uppbætur á slysatryggingu þeirra manna, er orðið hafa fyrir slysum og eiga rétt til bóta samkv. l. um alþýðutryggingar. 2. gr. fjallar um uppbót á ellilaun og örorkubætur. Hvorttveggja er miðað við að bæta að fullu dýrtíðina samkv. verðlagsvísitölu, og liggur til grundvallar, að þessi gjöld, slysatryggingar og ellitryggingar, voru sett svo lág í upphafi, að ekki má við því að draga neitt úr kaupmætti þeirra manna, sem þessa styrktarfjár verða aðnjótandi.

Þar sem Alþ. hefir á síðasta þingi ákveðið uppbætur handa launþegum almennt og nú hefir þessi hv. d. afgr. frv. um uppbætur til handa opinberum starfsmönnum, þá liggur í í augum uppi, að þeir, sem hafa orðið fyrir slysum, eru örkumla eða ellihrumir eða hafa misst fyrirvinnu sína, fái uppbætur samsvarandi dýrtíðinni.

Ætla ég, að svo mikil rök og réttlát liggi fyrir máli þessu, að eigi þurfi að eyða að því fleiri orðum.

Vænti ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 208, n. 296).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál kom frá hv. Nd. og var flutt af allshn. þeirrar d. Allshn. þessarar hv. d. hefir haft þetta mál til athugunar og komizt að þeirri niðurstöðu að mæla með því eins og það liggur fyrir frá hv. Nd.

Efni frv. er í aðalatriðum það, að heimilt sé að veita uppbætur samkv. gildandi l. á dagpeninga, örorkubætur og dánarbætur til slysatryggðra manna eða eftirlifandi skyldulíðs þeirra samkv. gengisl., og um 2. gr. frv. er það að segja, að þar er farið fram á að veita samskonar hundraðshluta og vísitala kauplagsn. segir til um á hverjum tíma til þeirra, sem taka styrk úr lífeyrissjóði Íslands.

Um fyrri gr. er það að segja, að það er sjóður tryggingarinnar, sem þessi uppbót kemur til með að mæða á, en hann er nú orðinn allstór eftir okkar mælikvarða, en ef hann hrekkur ekki til, þá stendur opin sú leið til að auka tekjur hans að hækka nokkuð iðgjöld þau, sem honum ber l. samkvæmt.

Um lífeyrissjóðinn er það að segja, að þar ber ríkissjóði að koma til skjalanna með það framlag, sem þetta hefir í för með sér. Það er gert ráð fyrir, að upphæð sú, sem lífeyrissjóður þarf að greiða út, muni nema árlega röskum 300 þús. kr., og ef reiknað er með vísitölunni, sem nú gildir, sem sé 9%, þá má fljótlega sjá, að þetta er ekki allveruleg upphæð, eða milli 40 og 50 þús. kr., sem hér er um að ræða. Í sambandi við þetta má geta þess, að því aðeins er ríkinu skylt að leggja fram þessa upphæð, ef sveitar- og bæjarfélögin vilja leggja hana fram að sínum hluta og hækka sínar upphæðir samkv. þessum reglum, sem hér um ræðir. En ef eitthvert bæjar- eða sveitarfélag vill ekki bæta upp það, sem það greiðir, þá kemur ekki heldur til kasta ríkisins að greiða á móti, svo það er allt í óvissu, hve ríkið muni þurfa að leggja þarna fram mikið fé. En það orkar ekki tvímælis, að allir þeir, sem taka lífeyri sinn frá slysatryggingunni, eða fá á þann hátt lífeyri að meira eða minna leyti, hafa oft ekki annað sér til framfæris en þá peninga, sem tryggingin veitir þeim, og sama má segja um þá, sem einungis hafa það, sem lífeyrissjóðurinn leggur þeim til; það mun hrökkva skammt, eins og nú háttar verðlagi hér í landi. Það er ekki nema sanngirniskrafa, að þessar upphæðir séu hækkaðar á sama hátt og þegar hefir verið gert með allt kaupgjald í landinu, og nú liggja fyrir Alþingi till. um að hækka laun opinberra starfsmanna. Þessa skoðun hefir allshn. fallizt á og mælir með því, að frv. nái fram að ganga eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv,

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 350).

32. Umferðarlög.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til umferðarlaga (þmfrv., A. 88).

Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Það er líkt ástatt um þetta frv. eins og hitt (frv. til bifreiðalaga), að það er samið og flutt samkv. beiðni dómsmrh. Ég vil taka það fram, af því að hér er um nýmæli að ræða, að nm. eru óbundnir um einstök atriði frv. Þetta frv. er að öllu leyti samið af vegamálastjóra og grg. einnig.

Því er ekki að neita, að þetta frv. inniheldur að miklu leyti ný ákvæði, sem hér eru óþekkt áður, en eru mjög þekkt og umrædd annarstaðar í Evrópu. En það, sem allir munu telja nauðsynlegt, er, að til séu nokkrar reglur um almenna umferð. Þau ákvæði, sem hingað til hafa gilt, hafa falizt í vegal. og bifreiðal., og við það hefir verið látið sitja. En þegar kom til greina að semja þetta frv., þá var um tvennt að velja: Annaðhvort að láta þessi eldri ákvæði halda sér og skírskota síðan til þess, að ráðuneytið gæfi út sérstaka reglugerð, eða þá hitt, að taka öll höfuðákvæðin út úr vegal. og bifreiðal. og bæta við því, sem þörf krefði, og gera það síðan að l., svo að við mætti hlíta, en að reglugerð yrði svo sett um smærri atriði og til nákvæmari skýringar.

Mér þykir ekki þörf á þessu stigi málsins að fara út í frv. í öllum atriðum, heldur vil ég benda hv. þm. á, að það, sem einkum er átt við, þegar talað er um nýmæli, er það, hvernig menn skuli haga umferð sinni og akstri. Hér á landi hefir hingað til verið svokölluð vinstri handar umferð eða vinstri handar akstur, því að vanalega er miðað við akstur bifreiða eða annara umferðartækja, sem eru á hjólum. Þetta hefir verið svo einnig í nokkrum öðrum löndum, en þeim fer nú fækkandi. Nú er svo komið, að í allri Evrópu, a. m. k. í þeim löndum, sem nokkru skipta okkur, eru ekki eftir með vinstri handar akstur nema Svíþjóð og Bretland. Um Svíþjóð er það að segja, að þar hafa þessi mál verið rædd um árabil, og eru þau nú komin á þann rekspöl, að búast má við, að bráðlega verði tekinn upp hægri handar akstur. Þá mundi aðeins vera eftir Bretland, og geta menn með nokkrum rétti sagt, að það standi okkur nokkru nær en önnur lönd, og gætum við því látið okkur lynda vinstri handar aksturinn. Athugandi er þó, að þar í landi hefir ekki verið mikið um breyt. að ræða nú á síðari tímum. En þar sem hægri handar aksturinn er nú kominn á svo að segja um allt meginland Evrópu, og gera má ráð fyrir, að Íslendingar haldi áfram að ferðast þangað mikið, þá hefir það mikla þýðingu, að samræmi sé í þessum reglum. Hér getur einnig verið um einskonar lífsnauðsyn að ræða, þar sem svo mikil hætta getur stafað af því, að einstök lönd taki sig út úr, að við það verður ekki unað.

Hér hefir verið lagt til í þessu frv., að hægri handar umferð yrði hafin hér á landi og hægri handar akstur lögleiddur, og þýðir það, að allur akstur fer fram eftir þeirri reglu og einnig umferð á gönguskeiði eftir torgum eða gangstéttum. En reglan brjálast ofurlítið við það, að gangandi menn, sem eiga að ganga á móti umferðarstraumnum, þeir eiga að ganga beint á móti komandi akstri, þannig að þeir halda sér á vinstri brún vegarins og víkja alveg út á vegarbrún. En þetta er gert í þeim löndum, sem hafa tekið upp hægri handar regluna, til þess að engin hætta sé á því, að gangandi menn eigi á eftir sér nokkurs von, sem þeim gæti stafað miski af. Með þessu fyrirkomulagi stafar gangandi mönnum minni hætta af umferðinni, sem á eftir þeim fer. Þetta er nákvæmlega tekið fram í ákvæðum frv. En til viðbótar við þessar skýringar skal ég geta þess, af því að nokkur straumur þykir sem nú muni liggja frá Íslandi til Norður-Ameríku, að þar hefir verið tekinn upp hægri handar akstur, og einnig í Bandaríkjunum, Kanada, Mexiko og fleiri löndum. M. ö. o., að ef tekin yrðu upp aukin viðskipti við þessi lönd, þá væri mjög hagkvæmt að lögleiða þær reglur, sem hér er lagt til í þessu frv.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr., en tel ekki þörf á að því verði vísað til n.

***Bjarni Ásgeirsson:** Þessi lagabálkur er nýkominn fram, og hefir því gefizt lítill tími til athugunar. Ég vildi þó láta í ljós mitt álit um það, að tekinn yrði upp hægri akstur í staðinn fyrir vinstri. Ég álít, að það sé alveg óþarft að fara að breyta til í þessu efni. Mér finnst mestu skipta, að aksturinn sé eðlilegur. Vinstri aksturinn er orðinn okkur mjög eðlilegur og tamur, og býst ég við, að það stafi bæði af venju og sömuleiðis af því, að okkur er ákaflega eiginlegt að víkja til vinstri. Ég sé þess vegna enga ástæðu til þess að fara að breyta til. Það hagar allt öðruvísi til þar, sem svo að segja daglega er ekið yfir landamæri og það getur valdið miklum truflunum, ef akstursreglur eru ekki í samræmi. Þetta kemur ekki til greina hjá okkur. En jafnvel þó að einstakir menn hér heima taki sig upp með bifreiðar sínar og ferðist í þeim erlendis, þá eru þeir ekki of góðir til þess að setja sig inn í umferðarreglur þess lands, sem þeir ferðast um. Eins er með þá, sem ferðast hingað og aka hér bifreiðum sínum; þeir geta sett sig inn í umferðarreglurnar hér. Meðan England og Svíþjóð halda uppi vinstri akstri, sé ég enga ástæðu til þess fyrir okkur að fara að taka upp hægri handar umferð. Það væri miklu meiri ástæða til þess fyrir Svíþjóð heldur en fyrir okkur, og ég geri ráð fyrir, að það verði langur tími, sem líður, þangað til

Englendingar taka upp hægri akstur. Ég sé ekki, að það sé nein þörf fyrir okkur að vera að „despendera“ af Dönum í þessu tilfelli, og ég sé ekki, að það geri neitt til, þó að við höldum vinstri akstri. Hann er kominn inn í okkur, og jafnvel þó að einhverstaðar suður í Evrópu sé hægri akstur, þá held ég, að við getum haldið okkar reglu eins og áður.

*Sigurður Kristjánsson: Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Mýr. sagði. Ég tel það alveg þarflaust að vera að breyta þessu atriði í umferðarreglunum, að menn skuli víkja til hægri í stað vinstri. Það er kannske rétt að gera sér grein fyrir því, af hverju þessi regla skapaðist, að menn skyldu víkja til vinstri. Það kann að vera, að við höfum verið að herma eftir Englendingum, en ég held, að áður en þessi regla varð til hafi menn vikið til vinstri. Það er mönnum eðlilegt að víkja til vinstri, og það er að mörgu leyti öruggara að hafa umferðina hægra megin við sig, til þess að geta haft hægri höndina á þeim hlut, sem hætta kann að stafa af. Þetta kemur ekki að verulegu gagni, þar sem um svo þung og hraðamikil farartæki er að ræða eins og bifreiðar. En það virðist þó, að eðlilegt sé, að sama reglan gildi, hvort sem um er að ræða gangandi mann, hest, hestvagn eða bifreið.

Ég geri ráð fyrir, að það, sem vakir fyrir með þessari breyt., sé það, að verða í meira samræmi við aðrar þjóðir. En það er vert að athuga það, eins og hv. þm. Mýr. tók fram, að við eigum þess engan kost að aka hér yfir nein landamæri. Og ef menn eru erlendis og hafa þar akstur, þá verða þeir að setja sig inn í þær umferðarreglur, sem gilda í hverju landi. Við búum einna næst Bretlandi og þar tíðkast vinstri akstur, en förum við til Norðurlanda, þá lendum við í hægri akstri. Það er því vitanlegt, að hver sá, sem kann að aka erlendis, hann verður bara að þekkja, hvaða reglur gilda í hverju landi. Einnig verða þeir útlendingar, sem hingað koma í því skyni að aka um landið, að gæta hins sama.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að mönnum verður ótamt að breyta um, og það er alveg óhugsandi annað en að slys muni af því leiða. En auk þess sýnist mér það hálfkátlegt, þegar sagt er, að menn skuli halda sér á vinstri brún akbrautarinnar, rétt eins og þeir eigi að halda sér þar dauðahaldi. Annars býst ég við því, að ég og fleiri hv. þm. muni koma fram með brtt. við síðari umr.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þessi breyt., sem hér er farið fram á, að breytt verði vinstri akstri í hægri akstur, er vitanlega stórvægileg breyt. En ég hefi samt sem áður, eftir talsverða yfirvegun, ekki hikað við það að verða vegamálastjóra sammála um það, að við eigum að ráðast í þessa breyt. nú. Þegar talað er um það, hvort kunni að vera betra, að víkja til vinstri eða hægri, þá verður að álíta, að hvorttveggja sé jafnöruggt, eftir að menn hafa vanizt því. Þeir, sem ekið hafa bifreiðum þar, sem hægri akstur er, komast að þeirri niðurstöðu, að hann er alveg jafnöruggur eins og vinstri aksturinn. Það er þess vegna frekar tilviljun, að tekin voru upp í vegal. íslenzku, 1905 að mig minnir, ákvæði um það, að víkja skyldi til vinstri. Sem ástæðu fyrir því, að vinstri reglan var tekin upp, hefi ég heyrt nefnt, að kvenfólki, sem reið í söðli, stafaði hætta af hægri umferð. Ég hefi heyrt, að þetta hafi verið mjög um deilt atriði hér á þinginu á sínum tíma, og var það eðlilegt, því að þetta var mjög verulegt atriði í þá daga. En eins og við vitum, þá gildir vinstri reglan ekki nema í tveim löndum Evrópu. Það hefir mikið verið gert að því nú á seinni árum af Þjóðabandalaginu, að koma því til vegar, að hægri umferð yrði tekin upp í öllum löndum. Þetta mál hefir verið mikið rætt í Svíþjóð nú á seinni árum, að tekinn yrði upp hægri akstur. En þegar þetta mál var til rannsóknar fyrir fjórum árum, þá kom í ljós, að það kostaði 4 millj. kr. að breyt. umferðarreglunum. Nú er talið, að það myndi kosta allt að 18 millj. kr., en samt er talið mjög líklegt, að í það hefði verið ráðizt nú alveg á næstunni, ef styrjöldin hefði ekki brotizt út. Á seinni árum hefir það farið mjög í vöxt, að Íslendingar, sem ferðazt hafa til útlanda, taki með sér vagna sína og ferðist á þeim um Evrópu, þar sem gagnstæðar umferðarreglur gilda. Hefir þá komið í ljós, að það er mjög óþægilegt að hafa ekki vanizt hægri umferð. Auk þess hefir farið mjög í vöxt, að útlendingar koma hingað á bifreiðum sínum til þess að ferðast sér til ánægju. Það er þess vegna mikilsvert atriði, ef við eigum að gera okkur vonir um, að Ísland verði ferðamannaland, að koma á hægri umferð. (BÁ: Það eru mest Englendingar, sem ferðast hingað). Það eru ekki mest Englendingar, sem koma hingað til að ferðast um landið; þeir dvelja mest við laxveiðiár. Það eru ýmissa annara þjóða menn, sem koma hingað til að ferðast um landið á bílum. Í því er engin framtíð, að Ísland sé ferðamannaland með þeim hætti, sem verið hefir hingað til, að menn komi á stórum skipum og dvelji hér einn eða tvo daga. Framtíðarlausn á því máli, að Ísland verði ferðamannaland, verður einungis með því móti, að menn komi til landsins til að dvelja hér lengri tíma með sín nauðsynlegu farartæki. Með því móti einu getur Ísland að minu áliti orðið ferðamannaland, svo að við getum nokkrar verulegar tekjur af því haft. Með tilliti til þessa er eðlilegt, að við höfum þær sömu umferðarreglur, sem víðast tíðkast í öðrum löndum. Það eru allar líkur til þess, að þær þjóðir, sem ennþá hafa vinstri umferð, breyti til og taki upp hægri umferð.

Ég álít, að af þessari breyt. verði engin slysahætta. Það er gert ráð fyrir, að 1. gangi í gildi 1. janúar. Og það er gert ráð fyrir því samkv. þeirri reynslu, sem fyrir hendi er í því efni, þar sem þessu hefir verið breytt, að slysahætta sé minnst á þeim tíma. Og það er ætlazt til þess, að menn geti vanizt því smátt og smátt, þannig að með vorinu geti menn verið búnir að fá nægilega æfingu í umferðarreglunum, þegar umferðin eykst aftur á vegum úti.

Enn er það ótalið, sem ekki er hægt að kom-

ast hjá að benda á, að þegar gerð eru vegamerki og allt viðvikjandi umferð og umferðartækni, sem framleitt er, þá er það allt framleitt fyrst og fremst með tilliti til þess, að umferð sé til hægri. Þess vegna er það, að það á að vera tvímælalaust til hægðarauka fyrir okkur að vera í tölu þeirra, sem hafa hægri akstur — þeirra þjóða, sem fylgja almennu reglunni, en ekki undantekningunni.

Af þessum ástæðum hefi ég talið það tvímælalaust rétt, að við ættum að breyta til eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er betra að hafa sömu umferðarreglur og þjóðir yfirleitt hafa í öðrum löndum, bæði vegna þess, að þeir, sem fara héðan til útlanda, hafa af því hægðarauka, og einnig hafa þeir „túristar", sem hingað koma, hægðarauka af því. Í þriðja lagi af því, sem ég gat um áðan, að framleiðsla tækja þeirra, sem lúta að umferð, er miðuð við hægri umferð. Í fjórða lagi af því, að það kostar ekkert nú að breyta þessu, en það getur kostað töluvert síðar. Af þessum ástæðum álít ég, að við eigum ekki að halda áfram vinstri akstri. Það er enginn ábati að halda honum, tekur okkur hálft ár að breyta til og venja okkur af honum, en margt bendir á, að við ættum að sleppa honum. Og það er enginn vafi á því, að Svíar, sem hafa haldið í þessa sömu reglu og við, að hafa vinstri umferð, hefðu fyrir löngu verið búnir að breyta til og taka upp hægri umferð, ef það kostaði þá ekki eins mikið og það mun gera, að ég nú ekki tali um, ef það kostaði þá ekkert, eins og hægt er að segja um okkur.

Ég mæli þess vegna með samþykkt þessa frv. eins og það er.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Ég tel óþarft að lengja umr. mikið um þetta mál á þessu stigi þess og hefi í sjálfu sér ekki miklu við ræðu hæstv. forsrh. að bæta.

Til andmæla þessu frv. hafa nú staðið upp tveir hv. þm. hér í hv. d., þeir þm. Mýr. og 6. þm. Reykv., — og sá síðarnefndi er þá einnig búinn að segja um það sitt síðasta orð og farinn burt úr d.

Þetta mál getur kannske nokkuð orkað tvímælis. Óþarft er þó að taka því svo sem það sé eitthvert ódæði, sem hér sé verið að bera fram, því að þessir hv. þm., sem stóðu hér upp áðan til andmæla frv., hafa engan tíma haft, eins og þeir líka sjálfir sögðu, til þess að kynna sér málið. Þetta mál snertir hina afturhaldssamari þætti í sálarlífi þessara manna óþarflega mikið. Vil ég þó ekki með mínum orðum binda samvizku þeirra eða annara manna í þessu máli, því að þetta er í raun og veru ekki svo voveiflegt mál eins og þeir ímynda sér. T. d. liggja fyrir því góð rök og umsagnir, að þar. sem þessi breyt. hefir verið gerð á umferðinni, hafa menn vanizt henni ótrúlega fljótt, svo fljótt sem menn gátu ekki ímyndað sér fyrir fram. Á nokkrum klukkutímum átta menn sig á þessu með nokkrum undirbúningi, svo að ekki skeikar upp frá því. Í Austurríki var vinstri akstur áður en það var sameinað Þýzkalandi. Þá var gerður nokkur undirbúningur undir að hefja breyt. á þessu á næturþeli. Og af þeim, sem með völdin fara þar, er talið, að engin slys hafi orðið af þessu, því að við talningu slysa kom í ljós, að þau voru alls ekki fleiri fyrst eftir að þessi breyt. var gerð heldur en ella. Það getur nú verið, að einhverjir væru hér á landi, sem væru tornæmari og gætu ekki skilið þetta, heldur álpuðust öfugt við umferðarreglurnar og breyttu ekki til, þó að umferðarreglunum væri breytt. En ég get ekki búizt við, að það yrði mikið um slíkt, því að þeir, sem farið hafa héðan til útlanda og verið þar, sem hægri umferð er, hafa vanizt henni fljótt. Maðurinn er ekkert annað en vani, og allt hans far er háð umhverfinu. Menn venja sig fljótt við hvað eina, einkum þegar það kemur fram með þeirri áherzlu, sem krefur, að maður taki fullt tillit til þess sjálfs manns vegna.

Ég skal geta þess, að Svíþjóð er í þann veginn að breyta til um umferðarreglur hjá sér. Það eina, sem hamlar þeirri breyt. nú, er það, að það mundi verða gífurlega mikill kostnaður við það. Og þó að Svíar bíði ekki nema 2 ár enn með að breyta þessu, þá mun kostnaðurinn við það tvöfaldast. Og þessu hefði nú þegar verið komið fram í Svíþjóð, ef ekki hefðu önnur mál hindrað það. Það er athugandi, hvort við í þessu efni eigum að haga okkur eftir Evrópu nærri því allri, en ekki Austur-Evrópu, sem má telja helzt Rússland og Balkanlöndin. Okkur koma vitanlega hin ríkin meira við. Vesturheimur er einnig með hægri umferð.

Þetta frv. hefir verið borið undir fleiri aðila, sem má nokkurt mark á taka, svo sem lögreglustjóra þessa bæjar, því að því er ekki að neita, að breyt. á umferðarreglum áhrærir ekki hvað sízt bæina og grennd þeirra. Allur akstur er þar varhugaverðari en úti á landi. Lögreglustjóri Reykjavíkur telur, að það eigi að breyta til í þessu efni og að sjálfsagt sé að gera það meðan kostnaður við það er svo sem enginn, eins og vikið hefir verið að. Fleiri hafa hér verið til kvaddir til álita og umsagnar í málinu, sem sjálfsagt má fulltreysta, að hafi eins mikið og enda meira vit á því en þeir hv. þm., sem nú í fyrsta sinn hafa séð málið á þessum fundi. Nú mega hv. þm. ekki halda, að þeir fái að bragði því um þokað að breyta því í þessu máli, sem margir menn hafa talið réttast, og verður það, sem kemur fram til andmæla gegn málinu, að vera eins vel rökstutt og það, sem fram er borið því til framgangs, ef það á að verða tekið til greina.

***Bjarni Ásgeirsson:** Það, sem ég sagði og hv. síðasti ræðumaður var að reyna að vitna í, var, að ekki væri hægt að átta sig á einstökum atriðum þessa frv. við fyrsta yfirlestur og í fljótu bragði. En hitt var ekki meining mín, að segja neitt í þá átt, að ekki væri fljótlegt að átta sig á hlutum eins og muninum á hægri og vinstri.

Það má deila um það, hvorir okkar séu afturhaldssamari, hv. þm. V.-Sk. eða ég og hv. þm. V.-Húnv. Það er a. m. k. talið frekar afturhaldsmerki, að fara frekar til hægri en vinstri.

Að menn séu svo tornæmir, að þeir geti ekki lært hægri akstur, nær auðvitað ekki nokkurri

átt. Ég ímynda mér, að það sé svo fljótlært, að þeir fáu menn, sem skreppa með bil sinn til útlanda, geti mjög fljótt áttað sig á því, svo að ekki valdi verulegum truflunum, þó að þeir hafi vanizt öðru. Tornæmi kemur hér ekki til greina. Mér finnst eðlilegt, að í Svíþjóð sé lögð á það nokkur áherzla, að breytt verði til og tekinn upp hægri akstur, þar sem landið er umkringt af hægri akstri í öllum löndunum í kring. En sliku er ekki til að dreifa hér. Við erum heimur út af fyrir okkur í þessu efni og þurfum ekki að taka tillit til annara en sjálfra okkar um umferðarreglur. En eigi á annað borð að taka tillit til útlendra manna, sem hingað koma, og gera þeim hægara fyrir um að læra þær reglur, sem hér eru fyrir akstri, þá eigum við fyrst og fremst að taka tillit til Englendinga, því að langflestir þeir menn, sem koma hingað með bíla sína til að aka þeim um landið, eru Englendingar. Það mælir með því að halda við þann akstur, sem við höfum. Hér hafa nú verið flutt fram öll rök, sem hægt er að færa fram fyrir því að breyta hér til og taka upp hægri akstur, en ekkert af þeim hefir getað sannfært mig um, að þetta mál sé annað en hálfgerð fordild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 17., 19. og 20. fundi í Nd., 14., 16. og 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 88, 150).

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég vil aðeins leyfa mér að vísa til umr. um síðasta mál, frv. til bifreiðalaga, og fara fram á hið sama, og skilst mér, að það sé samþ. með sömu forsendum.

ATKVGR.
Brtt. 150 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 88, 150).

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Eins og ég hefi þegar getið, tel ég þau atriði, sem hér hafa komið til orða og athugasemda í sambandi við frv. um umferðarl., hafa þegar verið rædd í sambandi við næsta dagskrárlið á undan, frv. til bifreiðalaga. Mun ég því ekki lengja umr., en leyfa mér að æskja, að atkvgr. verði frestað þar til greidd verða atkv. um frv. til bifreiðal.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég hefði talið heppilegra, að afgreiðsla þessa máls hefði beðið þar til atkvgr. um hitt málið væri lokið, því ef umr. um þetta mál er lokið, þegar atkvgr. fer fram um hitt, — hvernig á þá að samræma þetta frv. bifreiðal., ef brtt. við það frv. verða samþ.? (**BÁ:** Það er búið að leggja fram brtt. til að samræma það).

En ég vildi nota tækifærið til að minnast á 13. gr. frv., 3. mgr., þar sem stendur, að þar, sem engin gangstétt er, skuli gangandi menn gæta sérstakrar varúðar og halda sig utarlega á akbrautinni og við vinstri brún hennar. Mér skilst, að í þessu tilfelli sé gerð undanþága, þar sem gangandi menn eiga annars að ganga á hægra kanti og halda sig þar, bifreiðar eiga að aka á hægra kanti, menn, sem mætast, eiga að víkja til hægri o. s. frv. En hér er gerð undantekning. Gangandi menn eiga þar, sem engin gangstétt er, að ganga á vinstra vegarkanti, og skýringin á þessari undantekningu er sú, að meira öryggi þykir í því, að gangandi menn hafi bifreiðastrauminn á móti sér og geti vikið út af vegarkanti, í stað þess ef bifreiðin fer í sömu átt og gangandi maðurinn, þá sjái hann hana ekki, og bifreiðarstjórinn geti þá e. t. v. keyrt aftan á manninn. Ég skal játa, að mér er kunnugt um, að nokkur slys hafa orðið með þeim hætti, einkanlega hér fyrir innan bæ, þegar menn hafa verið á ferð þar að næturlagi í rigningu og þoku og gengið eftir vinstra vegarkanti, þá hafa bifreiðar komið á eftir þeim, einnig á vinstra kanti, þ. e. réttu megin, en ekki tekið eftir manninum og keyrt aftan á hann. Ég man a. m. k. eftir 3 slíkum slysum. En ég vil telja, að ef hér á að hafa hægri handar akstur, þá eigi að vera samræmi í umferðarreglunum. Hér eru víða vegarspottar þannig, að stundum er á þeim gangstétt og stundum engin, og eftir þessu ákvæði 13. gr. skilst mér, að maður, sem gengur hægra megin, þar sem gangstétt er, verði að fara þvert yfir veginn og yfir á vinstra vegarkant, þegar gangstéttinni sleppir. Á þessu kynni að verða ruglingur. Þótt slys vilji til á þann hátt, að bifreiðarstjóri taki ekki eftir manni, sem á undan honum gengur á veginum, þá bakar það bifreiðarstjóranum sakar- og fjárhagsábyrgð, ef hann keyrir þannig á mann, og þessi ábyrgð er honum áreiðanlega full hvatning til þess að taka vel eftir þeim, sem á undan honum eru á veginum. Þó að menn gangi utarlega á vegarkanti og viti, að bifreiðar getur verið von á eftir þeim, þá á það að vera þeim nægilegt öryggi, þegar þeir taka eftir bifreiðinni, að víkja til réttrar hliðar. Ég hefi því leyft mér að bera fram skriflega brtt. um það, að orðið „vinstri“ í 3. mgr. 13. gr. verði „hægri“, sem ég rökstyð með því, að það eigi að vera full samræmi í umferðarreglunum, ef breyta á á annað borð til.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 7. landsk. þm., sem hann hefir nú gert grein fyrir, og þarf ég ekki að endurtaka hana. Till. er skrifl. og of seint fram komin, og þarf tvennskonar afbrigði, svo að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 215) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég má biðja afsökunar á því, að ég hélt, að hér væri enginn, sem ekki hefði tekið allt það fram, er hann þurfti. Hv. þm., er kvaddi sér hljóðs, virðist hafa komið ókunnugur að frv. og ekki hafa hlustað á umr. um það. Hann virðist heldur ekki hafa lesið þær skýringar, sem fylgja frv. Það er langt frá því, að þessi undantekning sé gerð að ófyrirsynju, heldur er hún í samræmi við það, sem nú er orðið algengt í löggjöf í öðrum löndum og hefir skapazt af því, að reynslan hefir sýnt, að svona á þetta að vera, og öðruvísi ekki. Reynslan hefir sýnt, hvernig flest slysin atvikast, og þar með sannað, að þetta er öruggasta aðferðin til að forðast slysin. Hv. þm. munu sumir hafa áttað sig á því, að þrátt fyrir þá almennu reglu, að ganga vinstra megin á vegarkanti, þá fara gangandi menn, sem eiga von á, að ekið verði fram hjá þeim, venjulega á hægri vegarkant, svo að bifreiðarnar komi á móti þeim og þeir geti vikið út af veginum, ef með þarf. Þetta er vegna þess, að menn sjá þá bifreiðina, sem kemur á móti þeim, og geta vikið fyrir henni, en eiga ekki á hættu, að nein bifreið komi á eftir þeim. Ég hygg, að hér í og við Reykjavík sé t. d. aðalhættan af bifreiðum, sem koma aftan að mönnum, og þess vegna hafa margir tekið upp þessa reglu, einkum menn, sem orðið hafa fyrir bifreiðaslysum, þótt þau hafi ekki orðið svo alvarleg, að varðað hafi líf eða limi þeirra, og þykjast þeir miklu öruggari eftir að þeir hafa tekið upp þessa reglu. Þeir, sem ekki átta sig á þessu, segja, að með þessu sé komið ruglingi á frv., en þeir hafa þá ekki lesið skýringarnar við 13. gr. Þetta er orðin algild regla, einmitt til þess að forðast slys.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég hafði tekið eftir þessu, sem hv. 7. landsk. bar fram skrifl. brtt. um, og ég tel rétt, að samþ. verði þessi brtt. hans, ef ekki verða samþ. brtt. okkar hv. þm. Mýr., sem reynsluatkvgr. áðan virtist benda til, að myndi verða gert. Ef svo fer, geri ég ekki ráð fyrir, að hv. þm. haldi fast við þessa skrifl. brtt. sína.

Út af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði um þetta atriði og skýringarnar á því, þá get ég enga skýringu fundið í aths. við gr. í grg. Þar segir, að þá sé maðurinn ekki í hættu af þeim bil, sem á eftir honum komi. Þetta er engin skýring. Það eru ekkert meiri líkur fyrir því, að bifreiðarstjóri sjái mann betur, ef hann horfir framan í hann, en ef hann horfir aftan á hann. Ég held, að það geti ekki verið annað en firra. En það eru mörg dæmi, sem sanna, að það þýðir ekki, þó að gangandi maður sjái bifreið, sem kemur á móti honum, vegna þess að enginn maður gerir ráð fyrir því fyrir fram, að bifreið muni aka yfir sig. Og það eru dæmi til þess, að ekið hefir verið á gangandi mann, sem hefir séð bifreiðina, sem ók á hann, en maðurinn gerði bara ráð fyrir, að bifreiðin mundi víkja úr vegi, en bifreiðarstjórinn mundi ekki aka á sig, þegar hann, gangandi maðurinn, var á réttum kanti. Það varð nýlega slys í slíkum kringumstæðum. Sá, sem yfir manninn ók, sagði, að hann hefði getað kastað sér út af veginum, — en þá hefði maðurinn orðið að kasta sér út í sjó í því tilfelli. Gangandi maðurinn sagði, að sér hefði ekki dottið í hug, að bifreiðin mundi aka á sig, og þess vegna hefði hann ekki vikið. Ég sé nú ekki, hvers vegna það er betra fyrir mann að láta aka yfir sig bifreið, sem hann sér, heldur en bifreið, sem hann ekki sér.

Ég held, að menn geri hér ráð fyrir allt öðrum skilyrðum heldur en hér á landi eru til staðar víða. Ég held, að menn geri hér einungis ráð fyrir breiðum umferðargötum, þar sem manni gæti orðið það á, sem gengur annars á jaðri vegarins, að vera alllangt inni á veginum, vegna þess að vegurinn er breiður. En hér á landi er það víða svo, að menn verða að vera úti á jaðri á vegi til þess að geta mætzt. Og þess vegna er það oftast svo, að gangandi maður er úti á vegarjaðri, nema hann sjái vel, að engin ökutæki séu á veginum, hvorki á eftir né á undan. En ég hefi heyrt af skilríkum mönnum, eins og hv. 7. landsk., sagt, að það hefði komið í ljós við rannsókn slysamála, að það væri algengara, að ekið væri á menn af bifreiðum, sem koma á eftir þeim, heldur en af bifreiðum, sem koma á móti þeim. Þetta efast ég ekki um, að sé rétt hermt. En eftir eðli málsins verð ég að álíta það hendingu, að svona hefir viljað til, og að einhver atvik hafi þar um ráðið önnur en þau, að meiri líkur séu fyrir, að bifreið, sem á eftir kemur, aki yfir menn, en bifreið, sem kemur á móti þeim.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætla ekki að lengja þessar umr. En hvernig sem mál þetta fer, vildi ég a. m. k. óska þess, þó að hv. þm. hafi ýmsir betur vit á umferðarreglum heldur en dómarar, sem búnir eru að dæma um þessi mál ár eftir ár, og vegamálastjóri, sem hefir mikla reynslu í þessum efnum, að þeir geri ekki þessar reglur né umr. um þær að neinum fíflskaparmálum, þar sem menn vita, að a. m. k. 3 dauðaslys hafa orðið hér á landi af því, að við látum gangandi mann vera sömu megin á vegi og bifreiðar, sem aka í sömu átt, en ekki koma á móti bifreiðunum. Það er þannig ekkert vafaatriði, eins og líka hv. þm. V.-Sk. tók fram, að sú regla, sem nú á að taka upp í stað þessarar afkáralegu reglu, sem hér hefir gilt, hefir alstaðar reynzt að afstýra stórkostlega slysahættu.

Ég man eftir því í a. m. k. tveimur málum, sem komu fyrir á meðan ég var dómari, þar sem dauðaslys urðu, annað á Hverfisgötunni og hitt fyrir framan fríkirkjuna í Reykjavík, að þau slys komu fyrir beinlínis fyrir það, að við höfðum þessa afkáralegu reglu, að láta gangandi menn ganga sömu megin og ökutæki aka í sömu átt, en ekki á móti, mótsett því, sem nokkur önnur þjóð hefir hjá sér. Þessu vildi ég, að væri hægt að koma inn í höfuð hv. þingmanna.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég vildi fyrst spyrja hæstv. forseta, hvort ég þurfi að spyrja hv. 1.

varaforseta (GSv), hvort ég megi tala í málinu, því að það var svo að heyra á hv. þm. V.-Sk., að hann hefði verið búinn að slá því föstu, að umr. um málið væri lokið. En ég vil segja þessum hv. þm., að ég gat ekki talað um það atriði málsins, sem hann átti við, nema með því að gera mig sekan um að tala um annað mál, sem ekkert kom þessu máli við. Það var ekkert í frv. til bifreiðal. um það, hvernig gangandi menn eigi að haga sér. Ég gat heldur ekki borið fram brtt. við það frv. viðvíkjandi þessu síðara máli, umferðarlagafrv. Mér var ekki frjálst að taka til máls um þetta atriði fyrr en umferðarlagafrv. kom á dagskrá.

En það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., ef hann telur, að í þeim tilfellum, sem þau slys urðu, sem hann nefndi, hefðu þau ekki alveg eins getað orðið, þó að maðurinn hefði komið á móti bifreiðinni. Í einu af þessum málum vissi gangandi maðurinn um þessa bifreið á eftir sér. En manninum gat ekki dottið í hug, af því að hann var á réttum vegarkanti, að bifreiðin mundi aka á hann.

Ég er út af fyrir sig ekkert á móti hægri akstri. En það á þá að vera samræmilega ákveðið; það á þá að vera alltaf hægri umferð. Ég vil benda hv. þm. á það, að það er hætta á því, að slys vilji til á manni, sem gengur hægra megin á vegarkanti, af því að það er búið að koma því inn í meðvitund mannsins yfirleitt, að hann eigi að víkja til hægri, svo að gangi hann á vegi, þar sem ekki er gangstétt, þá gerir hann það ósjálfrátt að ganga á hægri kanti í samræmi við það, að nú, þegar vinstri umferð er, á hann að ganga á vinstra vegarkanti. Hann gerir þetta ósjálfrátt og heldur, að hann sé í fullum rétti. Bifreið kemur svo við manninn og slasar hann. Afleiðingin af því, ef 13. gr. verður samþ. óbreytt, verður þá sú, að ábyrgðin er í þessu tilfelli öll á þeim gangandi manni, í staðinn fyrir að vera á bifreiðinni, því að það stendur í þessari gr., að gangandi menn skuli gæta sérstakrar varúðar og halda sér utarlega á akbrautinni og við vinstri brún hennar, þegar því verður við komið, en jafnan víkja greiðlega fyrir ökutækjum og ríðandi mönnum yzt út á sömu vegarbrún, eða út af vegi, ef þörf er og því verður við komið. Það er þannig alltaf skylda hins gangandi manns að víkja fyrir bifreið. Það er nú þannig, að bifreiðarstjóri verður að sanna, að slysið hefði orðið (í svona tilfelli), þrátt fyrir það þótt hann hefði sýnt fulla varkárni. En þarna er þessu alveg snúið við, þannig að ef bifreið kemur við mann á götu, þá er bifreiðarstjórinn laus við sönnunarskylduna, af því að gangandi maðurinn á alltaf að víkja. Bifreiðarstjórinn hefir það á meðvitundinni, ef hann sér mann á undan bifreiðinni, sem snýr baki við honum, að sá maður eigi að víkja fyrir bifreiðinni. Ég efast mjög mikið um, að þetta sé almenn regla. Það er ákaflega óeðlilegt að lögbinda það, að menn skuli víkja til hægri, svo að þeir fá það inn í meðvitund sína, en svo allt í einu að breyta út af þeirri reglu, ef gangstétt er við veginn, þá ákveða, að þeir eigi að ganga vinstra megin á veginum. Og þegar bifreið ekur á mann, yrði útkoman sú, að í staðinn fyrir, að sá, sem fyrir slíku verður, fær eftir núgildandi l. alltaf bætur, yrði þessu alveg snúið við og sönnunarbyrðin lögð á þann gangandi mann. Þetta vil ég biðja menn að athuga. Það er engin tilviljun, að sönnunarbyrðin er nú lögð á bifreiðarstjórann. Það er gert til þess, að þeir, sem verða fyrir slysum af því, að ekið er á þá, fái bætur.

Ég vil biðja hv. þm. að athuga þessa hlið málsins áður en þeir greiða atkv. um þetta frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 150 tekin aftur.

— 215 felld með 14:9 atkv.

Frv. samþ. með 14:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 88).

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Frv. það, sem hér er flutt, hefir áður komið fyrir hv. deild, fyrir tveimur til þrem árum síðan. Það var þá undirbúið af lögreglustjóra og vegamálastjóra í sameiningu og síðan yfirfarið af hæstaréttardómara.

Í frv. þessu eru nokkur ákvæði, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegt er að setja í lög. Um þau er ekki deilt. En meginatriði í þessu frv. er, að lagt er til, að við tökum upp hægri handar akstur, í stað þess að við höfum nú vinstri handar akstur. Hefir verið talsvert um þetta deilt í Nd., þótt það hafi náð fram að ganga, og sömuleiðis hefir mikið verið um þetta mál rætt undanfarið utan Alþingis. Tilefni til þess að frv. er flutt og gert er ráð fyrir þessum breyt. í umferðarreglunum, er það, að þróunin hefir gengið í þá átt, að þar, sem vinstri handar umferð hefir verið lögákveðin, hefir þessu verið breytt í hægri handar akstur. Á sjó og í lofti gilda samskonar alþjóða umferðarreglur, og er nú unnið að því að samræma umferðarreglur á landi á sama hátt. Nú eru þrjú lönd, auk Íslands, sem ennþá hafa vinstri handar akstur, það eru Svíþjóð, Ungverjaland og Stóra-Bretland. En lönd, sem nýlega hafa breytt til og tekið upp hægri handar akstur, eru Ítalía, Portúgal, Kanada og nokkur fleiri, sem ég man ekki í svipinn. Nú eru líkur til þess, að einnig í Svíþjóð verði breytt til, því að nýlega hefir verið sett n. þar til þess að taka mál þetta til athugunar og undirbúa löggjöf í þessu efni, og þótt ekki hafi enn verið tekin bein ákvörðun um breyt., er talið, að þessi nefndarskipun þýði raunverulega það, að umferðarreglunum verði breytt. Sama er talið, að verði gert í Ungverjalandi. Hitt þykir aftur á móti líklegra, að Bretar muni ekki fyrst um sinn breyta til hjá sér.

Árið 1935 ritaði þáverandi atvmrh. vegamála-

stjóra bréf og fól honum að athuga þetta mál og undirbúa. Þar sem þróunin hefir gengið í þá átt, að hægri handar umferðin hefir orðið ofan á, og það kostar ekki mjög mikið nú að gera þær breyt., sem með þarf, virðist sjálfsagt að breyta um nú, ef það á annað borð verður gert. Vegamálastjóri telur, að kostnaður við nauðsynlegar breyt. muni nema um 30 þús. kr., og eru það aðallega breyt. á dyrum á stórum vögnum og ef til vill á stýrisumbúnaði þeirra.

Annað, sem rekur á eftir, að þessar breyt. verði gerðar nú, er það, að vegna þess að stöðugt hefir verið um þetta rætt síðan 1935, hefir enn ekki verið hafizt handa um kennslu í umferðarreglum í skólum. Hefir ekki þótt taka því fyrr en sýnt yrði, hvort vinstri handar umferðin héldist áfram eða breytt yrði til. Þetta tvennt, kostnaðarhliðin og kennsla í skólum, sem upp þarf að taka hið fyrsta, rekur á eftir, að breyt. verði gerð nú þegar, ef á annað borð verður horfið að því ráði. Hvort sem um hægri handar eða vinstri handar umferð er að ræða, er öryggið jafnmikið.

Þá er sú breyting gerð jafnframt, að gangandi menn gangi vinstra megin á vegi, þannig að þeir hafi ökutækin á móti sér. Höfum við rekið okkur á, að 3—4 stórslys og jafnvel 3 dauðsföll hafa orðið vegna þess, að við höfum ekki þessa reglu. Þegar ekið er á eftir gangandi manni, er ákaflega erfitt fyrir þann, sem ökutækinu stjórnar, að vita, hvort sá, sem á undan er, hefir orðið ökutækisins var, og er þá alltaf sú hætta, að hann gangi inn á veginn. Það mætti auðvitað taka upp þessa reglu, þótt vinstri handar umferð haldist, og láta þá gangandi vegfarendur ganga eftir hægri brún vegarins, svo að þessi breyt. er ekki nein rök því til stuðnings að skipta um umferðarreglur hvað akstur snertir.

Þó að það megi segja, að vinstri handar og hægri handar umferð séu jafnöruggar, mælir það með þessari breyt., að ýmsir fara með bifreiðar sínar til útlanda, þó að það skipti ef til vill ekki miklu máli, erlendir ferðamenn koma einnig hingað með sínar bifreiðar, og loks sérstaklega, að þegar svo er komið, að hægri handar umferð er að verða alþjóðaregla, má búast við því, að erfitt verði að fá hingað sæmileg ökutæki, sem sniðin eru eftir vinstri handar umferð. Eins og sakir standa getum við fengið vinstri handar ökutæki í Danmörku, því að þar eru framleidd ökutæki fyrir Svíþjóð og hin önnur Norðurlönd. Sama máli gegnir um erfiðleika að því er snertir alla tækni í umferð, leiðbeiningar o. þ. h., sem sniðið er eftir hægri handar reglunni, sem allar líkur benda til, að verði jafnalþjóðleg og metrakerfið, sem Englendingar hafa að vísu ekki tekið upp heldur.

Það, sem menn einkum færa sem rök á móti þessari breyt., er, að slysahættan muni aukast. Í Austurríki og Tékkóslóvakíu, en þessi lönd tóku upp hægri handar akstur áður en þau voru innlimuð í þýzka ríkið, hefir reynslan sýnt, að slysum fjölgaði ekki, ekki einu sinni næstu daga eftir að breyt. komst í framkvæmd, enda eru menn fljótir að átta sig á slíkum breyt. og falla fljótt inn í umferðarkerfið, hvað svo sem það er.

Þessar upplýsingar hefi ég frá þeim manni, sem stóð fyrir breyt. í Austurríki. Var hann fenginn til Svíþjóðar til þess að halda fyrirlestra og veita nefnd þeirri, er ég gat um áðan, upplýsingar um, hvernig þetta hafi gefizt í Austurríki. Hann segir í skýrslu sinni, að breyt. hafi ekki valdið neinum vandræðum.

Það, sem einkum hefir dregið úr því, að þessar breyt. væru gerðar í Svíþjóð, er kostnaðurinn. Fyrir tveim árum var talið, að kostnaður vegna breyt. myndi nema um 14 millj. kr., en er nú áætlaður 15 millj. kr. Þannig getur kostnaðurinn einnig aukizt hér frá ári til árs. Hefði ófriðurinn ekki skollið á, myndum við nú ef til vill hafa rafknúna vagna milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Var meira að segja búið að sækja um leyfi til þess að starfrækja rafknúna vagna á þessari leið. Þar sem jafnauðveldlega er hægt að koma rafknúnum vögnum á og hér, verður ódýrara að nota raforkuna en benzín, enda mun þess varla langt að bíða, að rafknúnir vagnar komi hér á ýmsa vegi. Verði sú umferð bundin í vinstri handar kerfi, en síðar horfið að því ráði að skipta um, hlýtur sú breyting að hafa ærinn kostnað í för með sér. Þannig getur kostnaðurinn vaxið með hverju árinu. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, enda eru upplýsingar í grg. allýtarlegar. Vil ég mælast til þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og samgmn., og óska eftir, að hún kalli vegamálastjóra á sinn fund, því að hann hefir miklu ýtarlegri upplýsingar um málið en unnt var að koma fyrir í grg.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég ætla ekki að fara út í efni þessa frv., en vil aðeins beina þeim tilmælum til hv. samgmn., að hún mælist til þess við vegamálastjóra, að hann hafi tal af formönnum bifreiðarstjórastéttarinnar um þetta mál. Bifreiðarstjórastéttin hér í bænum hefir nú sent Alþ. grg. um þetta mál, og vona ég, að hæstv. Alþ. taki fullt tillit til þess. Ég geri ráð fyrir, að þetta mál verði hespað gegnum þingið, en tel samt nauðsynlegt, að bifreiðarstjórastéttin ræði um þetta mál við vegamálastjóra, áður en það gengur að fullu í gegnum þingið.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég skal gjarnan geta þess, að eftir að frv. var samþ. í Nd. fór ég fram á það við vegamálastjóra, að hann héldi fund með bifreiðarstjórum bæjarins um þetta mál. Ég vil segja það, að ég álít, að andstaða bifreiðarstjóra gegn þessu máli stafi af misskilningi, því að margir þeirra álíta, að um mikla slysahættu sé að ræða í þessu sambandi. Ég hefi sjálfur ekið bifreið erlendis, þar sem um gagnstæðar akstursreglur er að ræða, og ég get ekki neitað því, að ég bjóst við, að mjög erfitt myndi að átta sig á umferðarreglunum. En ég álít samt eftir minni reynslu, að við myndum verða mjög fljótir að átta okkur á breyt. Reyndin hefir líka orðið sú þar, sem þessu hefir verið breytt, að þetta veldur engum vandkvæðum, vegna þess að menn falla af sjálfu sér inn í þær umferðarreglur, sem umferðin skapar, og ég held, að það sé engin ástæða til að óttast, að slys muni aukast af þessum ástæðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 314, 315).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 315. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! N. hefir athugað þetta frv. og fengið á sinn fund vegamálastjóra, varaformann Þróttar og formann Hreyfils til viðtals. Vegamálastjóri mælir ákveðið og eindregið með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég hefi haft tal af formanni Þróttar, og virtist hann heldur á móti málinu, og varaformaður félagsins, Jón Guðlaugsson, er mætti á fundi n., er á móti því, að frv. verði samþ. Málið hefir verið rætt á fundi í félaginu, þar sem voru mættir 40—50 vöruflutningabílstjórar, og þar varð það ofan á að mæla frekar á móti frv., og það aðallega vegna þess, að það hefði svo mikinn kostnað í för með sér, og að slysahættan myndi aukast vegna hinnar breyttu umferðar, en hún gæti aftur orðið til þess, að iðgjöld á bílatryggingum hækkuðu.

Á fundi Hreyfils hafði málinu aftur á móti verið lítið hreyft, því að fáir menn voru á fundi, eða innan við 20 af öllum þeim bílstjórum, sem aka mannflutningabifreiðum. Þeir, sem töluðu þar, voru líka heldur á móti málinu. Þeir töldu óþarft að breyta til, en þeir voru ekki eins harðir á því eins og manni virtist vöruflutningabílstjórarnir vera.

Vegamálastjóri leit þannig á, að það væri yfirleitt að færast í það horf, að breytt væri frá vinstri handar akstri og yfir í hægri handar akstur. Hann benti á, að ef menn hugsuðu sér að gera þessa breyt., þá væri einmitt rétti tíminn til þess að gera hana nú. Það væru ekki tiltakanlega margir bílar, sem þyrfti að breyta. Það væru strætisvagnarnir, sem eru 30 að tölu, en breyt. á hverjum þeirra myndi kosta um 1600 kr., þar sem þarf bæði að breyta stýrisútbúnaði og dyraútbúnaði, en ekki nema 1100 kr., ef aðeins þarf að breyta dyraútbúnaði. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við þetta. Langferðabílarnir eru fleiri, eða 60—70, en það er ekki talin brýn þörf á, að þeir breyti þessum útbúnaði, eins og nú standa sakir; þeir eru fljótir að ganga úr sér. Bílstjórar þeir, sem voru hjá okkur í gær, héldu því fram, að þeir entust 8 ár, en því hefir áður verið haldið fram í mín eyru, að þeir entust ekki lengur en í 4 ár, og að á þeim tíma yrði að afskrifa kaupverð þeirra. Ég veit nú ekki, hvoru maður á heldur að trúa, en það er víst, að þeir endast ekki lengi. Þeir ganga fljótt úr sér og þeir verða þess vegna endurnýjaðir smám saman, og það er því ekki þörf á að breyta þeim öllum.

Vegamálastjóri benti ennfremur á, að hér á landi hefði ekki verið lögð sérstök vinna í það að kenna fólki umferðarreglur, og ekki væri hægt að ganga að því með neinni alvöru fyrr en vitað væri, hvor reglan yrði tekin upp. Hann taldi það þess vegna mikils virði fyrir framtíðina að fá því slegið föstu, að við ætluðum okkur að vera í samræmi við það, sem almennast er annarstaðar, sem sé hægri handar keyrslu. Hann taldi það mikilsvert að reyna að koma því inn í meðvitund þjóðarinnar, hvernig hún eigi að haga sér á götum og gatnamótum, og heppilegast að gera það á meðan umferðin kemst niður í lágmark, eins og búast má við, að verði í sumar. Það væri því nú hinn hentugasti tími til að taka upp hægri handar akstur, en með hverju árinu sem liði og fleiri og fleiri bílar kæmu inn í landið, byggðir fyrir vinstri handar akstur, og sérstaklega ef ráðizt væri í stærri fyrirtæki, eins og t. d. rafmagnsvagna milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, þá yrði það erfiðara og dýrara að breyta til heldur en ef það væri gert nú.

Vegamálastjóri mælir þess vegna eindregið með því, að frv. verði samþ. og hallazt verði að hægri handar akstri. Á þessi rök vegamálastjóra, sem eru í andstöðu við skoðun Þróttar, féllst meiri hl. n., og leggur hann til, að frv. verði samþ. og eins það mál, sem er þessu nátengt og er næst á dagskránni, frv. til bifreiðalaga.

Einn nm. gat ekki fallizt á rök vegamálastjóra og leggur því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem hann leggur til, að gerð verði á því, og hann mun mæla fyrir.

***Árni Jónsson:** Hv. frsm. samgmn. hefir nú gert grein fyrir máli sínu og hefir í aðaltriðum farið rétt með það, sem hann sagði. Vegamálastjóri kom á fund n., og það er rétt eftir haft, að hann mælti eindregið með því, að frv. væri samþ. nú. Ennfremur komu á fund n. varaformaður Þróttar og formaður Hreyfils. Mér skildist á hv. frsm., að hann vildi gera lítið úr andmælum þeirra gegn frv. eða því, hvort taka ætti upp hægri handar akstur eða halda vinstri handar akstri eins og nú er. Ég skildi báða þessa menn svo, að þeir legðu eindregið til, að haldið væri við það, sem nú er, og bentu þeir í því sambandi á hinn mikla og tilfinnanlega aukakostnað, sem af því leiddi, ef farið væri að breyta til í þessu atriði. Mér skildist, að þeir töluðu ekki einungis fyrir sinn eiginn munn og þeirra félaga, sem þeir voru fyrir, heldur fyrir munn stéttarinnar, sem þetta mál snertir mest, bílstjórastéttarinnar.

Ég hefi ekki getað sannfærzt af rökum þeim, sem vegamálastjóri hefir haldið fram, né því, sem hv. frsm. hefir sagt bæði fyrr og nú um þetta. Það er rétt, að hægri handar akstur er að ryðja sér til rúms víðast hvar í álfunni, en það er þó eitt land, sem er undanskilið, og það er Bretland. Það er vafalaust röng skýring, að Bretar haldi vinstri akstrinum af íhaldssemi, heldur mun þeirra vinstri akstur stafa af því, að þeir þurfa ekki að taka upp hægri handar akstur, vegna þess að land þeirra er eyland. Það er annað þar, sem löndin liggja saman.

Í grg. frv. er beinlínis sagt, að það séu ekki aðrar ástæður til að taka upp hægri handar

umferð en þær, að þetta sé að verða alþjóðaregla. Því hefir ekki verið haldið fram, að hægri umferð hafi neina kosti fram yfir vinstri umferð. Það er bent á það í grg., að það geti verið rétt að taka upp hægri umferð vegna aðsóknar útlendinga, þar sem í flestum löndum sé hægri umferð. Það má nú benda á, að mikið af þeim útlendingum, sem hingað koma, kemur frá Bretlandi, en þar er vinstri handar umferð. Ennfremur má á það benda, þar sem talað hefir verið um, að það geti verið til óhagræðis fyrir Íslendinga, sem fara til útlanda, að vera vanir vinstri handar umferð, að til er vitnisburður eins manns í samgmn. um það atriði. Hv. þm. S.-Þ. á sæti í samgmn., og hann sagði okkur frá því, að hans vinstri akstur hefði ekki orðið honum til neins baga, þegar hann var með bíl erlendis. Hann hefði undir eins áttað sig á umferðarreglunum, og hefi ég þó aldrei heyrt, að hann væri sérstaklega snjall bílstjóri. (JJ: Þetta bendir þó til þess). Það, sem hér er um að ræða, er gífurlega aukinn kostnaður. Það liggur fyrir áætlun um kostnaðinn við að breyta almenningsbílunum, en það eru líkur til, að hann muni eftir núverandi verðlagi nema 2000 kr. á bíl. Það mun einnig vera svo um bodybíla, að mikil kostnaður stafi af þessu. Það er rétt, að ríkið á að greiða helming þessa kostnaðar.

Ég álít, að það sé ekkert annað en misskilin nýjungagirni að vera að taka þetta upp. Það tryggir ekkert. Það er engum til hagræðis, og engum til óhagræðis, sem hingað kemur, þótt vinstri akstri sé haldið. Ég er sannfærður um, að þetta er gersamlega óþarft, og því engin ástæða til að samþ. það.

Till. mínar á þskj. 315 eru að vísu 6 að tölu, en það veltur allt á því, hvort sú fyrsta verður samþ. eða ekki. Hinar till. eru afleiðing af henni. Ég tel einnig, að till. á þskj. 317 eigi að fara sömu leið og þær.

Ég treysti því, að hv. þm. sjái, að það er alveg út í bláinn að vera að samþ. þetta. Ég get bent á það, að Englendingar, sem hafa vinstri handar keyrslu, eru allra manna viðförlastir, og þeim dettur ekki í hug að breyta þessu heima hjá sér af þeim ástæðum.

Ég sé ekki, að þau rök, sem fram hafa komið, hafi við neitt að styðjast. Hér er aðeins verið að apa eftir öðrum, en af því leiðir óþarfa kostnað, sem við höfum ekkert leyfi til að kasta okkur út í að óþörfu.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég býst ekki við, að þörf verði á að halda uppi miklum umr. um þetta mál. Þeir, sem hafa kynnt sér þessi mál, hafa myndað sér skoðun um þau og þau rök, sem eru með og móti. Það hefir komið fram, að bifreiðarstjórar eru sem stendur á móti þessu máli, og það er af þeim ástæðum, að þeir telja, að slysahætta geti orðið, þegar breyt. verður gerð, og telja breyt. óþarfa að öðru leyti. Vitanlega þurfum við að taka tillit til þess, sm bifreiðarstjórar segja í þessu máli, en verðum þó hér að mynda okkur skoðun á því, hvað heppilegast er, og haga okkur eftir því, og eins og ég hefi bent á, held ég, að ýmsir álíti breyt. æskilega. Bifreiðarstjórarnir tala um slysahættuna, og svo er talað um skattana. Það hefir komið fram hjá bifreiðarstjórum, að þegar þeir hafa komið til útlanda og breytt um, hafa þeir verið mjög fljótir að átta sig á þessu. Enda hefir það komið í ljós þar, sem þessi breyt. hefir verið gerð, og hefir það verið gert í fjöldamörgum þjóðlöndum, að reynslan hefir sýnt, að slysahættan hefir ekki vaxið um leið og breyt. var gerð. Þá er bent á, að hægri umferð hafi ekkert fram yfir þá vinstri, enda engin rök fyrir því í frv., að svo sé, og held ég það rétt. En á það má benda, að hægri umferð hefir verulega kosti fram yfir vinstri umferð, þegar þess er gætt, að þessi regla er að verða alþjóðaregla og öll ökutæki þess vegna framleidd með það fyrir augum, og þess vegna má benda á, eins og margir hafa tekið fram, að erfitt verði að fá ökutæki, sem miðuð séu við vinstri umferð, eftir að svo er komið, að þetta er orðin alþjóðaregla. Náttúrlega framleiða Bretar ökutæki bæði fyrir vinstri og hægri umferð, en enn sem komið er höfum við keypt ökutæki okkar annarstaðar, þar sem bezt hefir verið að verði og gæðum. En það má geta þess, að þegar hægri umferð hefir verið upp tekin, getur þetta breytzt í það horf, að erfitt verði að fá ökutæki, sem sniðin séu við þessa umferðarreglu okkar. Að vísu yrðu slík ökutæki framleidd fyrir England, sem hefir vinstri umferð, en þau lönd, sem tilheyra brezka heimsveldinu, hafa breytt til og tekið upp hægri handar umferð, svo að það er ekki nema England eitt, sem heldur þessari reglu. Það er ekki hægt að neita því, að það er verulegur kostur við hægri umferð, að það sýnist allt stefna að því, að hún verði alstaðar tekin upp. Hún gildir á sjónum og í lofti, og það hefir verið mikið starfað að því, að þessi regla verði tekin upp á landi, og allt stefnir að því, hvað sem Englendingum líður, að þetta verði alþjóðaregla. Viðvíkjandi kostnaðinum er það að segja, að hann er áætlaður að verða 30 þúsund krónur eins og nú er, en mundi verða miklu meiri síðar. Það eru allar líkur til þess, að byrjað verði á því að undirbúa rafknúða vagna milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Það er félag, sem hefir sótt um það. Þessir vagnar eru mikið notaðir í Mið-Evrópu og víðar. Ef slíkir vagnar yrðu teknir upp hér, lokuðust smám saman meira og meira leiðirnar fyrir okkur til þess að taka upp hægri umferð, því að kostnaðurinn yrði svo stórkostlegur. Það hefir ekki staðið annað fyrir þessari breyt. í Svíþjóð en kostnaðurinn. Hann er talinn verða um 14 millj. sænskra króna. Ennþá er lítið til hér af þessum stóru vögnum og þess vegna verðum við að gera breyt. núna, ef við ætlum að gera hana á annað borð. Vegamálastjóri hefir réttilega álitið, að ef það ætti að taka upp þessa reglu 1. janúar 1941, verði hægt að taka upp umferðarkennslu í barnaskólunum að haustinu og kenna til nýárs. Um það leyti er lítil umferð á vegum úti og mundi sá tími notast til þess að koma þessu í horf, svo að menn verði búnir að venja sig við það, þegar umferðin eykst með vorinu. Þetta er mjög gætilega útreiknað hjá honum, og er sennilegt, að breyt. geti með þessu móti farið fram án þess að

verða tilfinnanleg. Hann telur, að vegna þess, hve lítið er af bifreiðum í umferð að vetrinum, ætti að vera auðvelt að gera þessa breyt. án þess að það valdi truflunum. Þannig mætti gera þessa breyt. um næstu áramót án þess að það yrði tilfinnanlegt.

Ég er fyrir mitt leyti á þeirri skoðun, að rétt sé að gera þessa breyt., því að þótt hér komi margir Englendingar, má á það benda jafnframt, að hingað til hefir það verið svo, að miklu fleiri hafa komið frá öðrum löndum, sem hafa haft með sér bifreiðar á ferðum sínum, og mun svo verða framvegis. Einnig hafa Íslendingar, sem farið hafa til útlanda með bifreiðar, meira ferðast til Norðurlanda og Mið-Evrópu en til Englands.

Þegar allt þetta er athugað og það, hve lítill kostnaður fylgir breyt. þessari núna, virðist mér, að þau rök, sem vegamálastjóri ber fram, en hann hefir athugað þetta mál frá því árið 1935, öll mæla með því, að rétt sé að gera breyt. þessa núna. Svo ætla ég ekki að ræða frekar um þetta mál, því að ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi myndað sér um það skoðun og fengið fyrir því þau rök, sem þeir telja nægja.

*__Árni Jónsson__: Herra forseti! Ég er nú alveg sammála hæstv. forsrh. um, að það stafi ákaflega lítil slysahætta af þessari breyt., og dró ég það ekki fram sem rök fyrir mínu máli, þegar ég mælti gegn breyt. En einmitt það, að engin slysahætta er af þessu, gerir það að verkum, að þau rök, sem formælendur þessarar breyt. hafa fært fram fyrir henni, sem sé heimsóknir útlendinga, sem vanir eru hægri akstri, og ferðir Íslendinga, sem vanir eru vinstri akstri, úti, falla um sjálf sig, og tel ég þess vegna engu máli skipta, hvor umferðin er höfð. Hvað viðvikur því að fá bifreiðar, sem útbúnar séu fyrir vinstri umferð, held ég, að óttinn um það hafi ekki við nein rök að styðjast. Það er fyrst og fremst, að Bretar framleiða sína vagna sjálfir, og er ekki ótrúlegt, að við gætum fengið einn og einn vagn þaðan, því að þótt bifreiðanotkun sé hér mikil, er hún lítil í samanburði við það, sem er í stórum löndum. En auk þess sem Bretar framleiða sínar bifreiðar sjálfir, flytja þeir inn bifreiðar, sem eru fyrir vinstri akstur, og ættum við að geta krækt í eina og eina af þeim. Þótt þessi regla sé á sjó og í lofti, er engin hætta á því, að bifreið rekist á togara úti á sviði, né heldur því, að togari rekist á bifreið í Austurstræti, og að bifreiðar rekist á flugflotann, skulum við ekki gera ráð fyrir. Að þetta er að verða að alþjóðareglu, kemur til af því, að þetta hefir orðið að reglu á meginlandinu, þar sem landamæri liggja saman. Hinsvegar, þar sem löndin eru einangruð, er engin ástæða til að taka þetta upp, og þess vegna er það, að Englendingar hafa ekki tekið upp þessa reglu.

Viðvíkjandi þessum rafknúðu vögnum, sem talað var um, að í ráði væri að fá, skil ég ekki annað en auðvelt mundi vera að fá þá fyrir vinstri umferð. (__Forsrh.__: Má ég taka fram í: Breytingin er erfiðari þegar þeir eru komnir). Snúum svo að því, að nauðsynlegt sé að samþykkja breyt. vegna kennslu á umferðarreglum í skólum. Það á bara að taka upp kennslu í vinstri umferð og hana er heldur ekkert erfiðara að kenna en hægri umferð. En til kostnaðarins hefir ekki verið tekið nægilegt tillit, og hygg ég, að vegna þess, hve hann er mikill, ættum við ekki að gera þessa breyt. að svo stöddu.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Það var viðvíkjandi þessu með rafknúðu vagnana. Ég benti ekki á það vegna þess, að það væri erfiðara að byggja þá fyrir vinstri umferð en hægri, heldur hitt, að við erum alltaf meira og meira að byggja upp okkar umferð með stórum vögnum, og að breytingin, sem núna kostar kr. 30 þúsund, verði, eins og t. d. í Svíþjóð, erfiðari eftir að rafknúðu vagnarnir hafa verið teknir upp.

Viðvíkjandi skólunum er það að segja, að það er ákaflega hætt við því, að meðan hægri umferð er ekki tekin upp, standi það í vegi fyrir umferðarkennslu í skólum, því að það er alltaf verið að vinna að þessu máli, og þótt maður búist ekki við því, að Bretar taki upp hægri umferð, vegna þess, hve mikið það kostar þá, og þess, hve vanafastir þeir eru, má búast við því, að fylgjendur hægri umferðarinnar haldi áfram að vinna að málinu. Má búast við, að það dragi úr kennslu í skólunum, því að þótt það kynni að verða fellt á Alþingi nú, væri það ekki tekið þar með búið. Það er því bæði með tilliti til þessa og tilliti til kostnaðarins, sem bezt er að taka þessa ákvörðun strax.

Bretar eru vanafastir. En það er enginn vafi á því, að hægri umferð væri fyrir þá líka hagkvæmari. T. d. er það sagt, að það kosti þá jafnmikið á hverju ári að hafa ekki tekið upp metrakerfið eins og það hefði kostað þá á einu ári að breyta til. Við getum ekki gert okkur svo stóra. Við gerðum það ekki með metrakerfið og getum það ekki enn.

Það voru aðallega þessi tvö atriði viðvíkjandi rafknúðu vögnunum og kennslunni í skólunum, sem ég vildi leiðrétta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 315,1 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

__já__: JJós, MG, SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ.

__nei__: IngP, JJ, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, HermJ, EÁrna.

Brtt. 315,2—6 teknar aftur.

6.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed. 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 393).

33. Bifreiðalög.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til bifreiðalaga (þmfrv., A. 87).

Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Sveinsson)**: Eins og tekið er fram í grg. frv., er það flutt eftir beiðni hæstv. dómsmrh. Þess er að geta, að vegamálastjóri hefir yfirfarið frv. vandlega og samið skýringar þær, sem grg. getur um.

Þetta frv. hefir áður komið fyrir Alþ. og er svo glögglega skýrt í grg., að óþarfi er að rifja það upp nú sérstaklega. Eins og hv. dm. muna, var fyrir nokkrum árum flutt frv. til bifreiðalaga, en meðferð þess náði ekki lengra en svo, að það dagaði uppi, og lá það síðan niðri um stutt árabil. Frv. var svo síðast flutt á þinginu 1938 af samgmn. Ed., en komst þá aðeins til 2. umr. í d. Nú er frv. komið fyrir Alþ. í þriðja skipti, og hefir það verið yfirfarið af þeim aðilum, sem geta komið til greina að eiga nokkru um það að ráða. Ég tel þessar breyt., sem hér er farið fram á, allar til bóta, og tel svo frá þeim gengið, að þær megi lögleiða bæði hvað snertir efni og form. Nú vil ég fyrir hönd samgmn. leggja til, að frv. nái fram að ganga, en tel ekki þörf á, að það fari aftur til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87).

***Bjarni Ásgeirsson**: Ég ætla aðeins að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um þetta mál. Því var útbýtt hér í hv. d. 11. þ. m., og til 1. umr. var það tekið með afbrigðum næsta dag, eða í fyrradag. Nú er þetta 2. umr., og ekki hefir verið hægt að athuga málið svo vel, að brtt. gætu komið fram. Ég vænti þess, að hæstv. forseti geymi frekar þetta mál heldur en önnur, sem eru á dagskránni.

***Frsm. (Gísli Sveinsson)**: Herra forseti! Ég get fyrir hönd n. ekkert haft á móti því að vísu, að þessu máli verði frestað, ef það þykir henta. Annars held ég, að hv. þm. Mýr. hafi blandað saman málum. Ég álít ekki ástæðu til þess að fresta þessu máli, því að frv. til bifreiðal. er þannig, að allir geta sætt sig við það, sem þar er skráð. En nokkur deila er um næsta málið á dagskránni, frv. til umferðarl., og ef menn vildu fresta því, hefi ég ekkert um það að segja. Það mál kemur ekkert við þessu máli, sem hér liggur fyrir. Og hv. þm. mega ekki ætlast til þess, þótt þeir vilji hindra hitt málið á þessu þingi, að frv. til bifreiðal. komist ekki í gegnum þingið heldur.

Ég held, að hv. þm. Mýr. blandi þarna saman málum.

***Bjarni Ásgeirsson**: Ég verð að segja hv. þm. V.-Sk. það, að ég veit betur, hvað ég á við, heldur en hann, þótt skýr sé. Ég á bæði við bifreiðal. og umferðarl. Það er atriði, sem ég hefi rekið mig á í frv., og ég álít, að verði frv. samþ. þannig, myndi e. t. v. verða eyða í þeim l. Og ég vil spyrja: Því má þá ekki gefa ríkisstj. heimild til þess að ganga frá þessum málum, ef ekki á að gefa þinginu tíma til þess að ganga frá þeim? Þetta er allstór lagabálkur, sem úthýtt var hér á Alþ. fyrir örfáum dögum, og mér finnst það alveg óþarfi að flýta afgreiðslu á svona stóru máli.

Forseti (JörB): Ég mun verða við tilmælum hv. þm. Mýr. um það að fresta umr. og tek málið út af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 19. og 20. fundi í Nd., 16. og 18. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 87, 149, 153).

***Frsm. (Gísli Sveinsson)**: Við þetta frv. eru fram komnar brtt. á þskj. 149 og 153. Brtt. 149 er í samræmi við þá brtt., sem liggur fyrir við það frv., sem er næst á dagskrá, frv. til nýrra umferðarlaga. Nú vil ég fara fram á það f. h. samgmn., að tillögumenn vildu geyma sínar brtt. til 3. umr. og að málið fengi framgang nú við 2. umr. Ég skal sérstaklega geta þess að því er snertir brtt. á þskj. 153, frá hv. 1. þm. Rang., að nú eru komnar fram gagngerðar brtt. á þessum kafla, sem eru undirbúnar af einum hæstaréttardómaranum, og býst ég við, að þessi brtt. hv. þm. geti fallið þar inn í og verði því óþörf, að framkomnum þessum till. N. mun taka þetta allt til athugunar fyrir 3. umr., og til þess að tefja ekki þessi mál að óþörfu, fer ég fram á, að þetta frv. verði samþ. við þessa umr. eins og það liggur fyrir.

Bjarni Ásgeirsson: Ég get orðið við þessum tilmælum fyrir mína hönd.

Sveinbjörn Högnason: Ég get einnig orðið við þessum tilmælum fyrir mína hönd að því er snertir till. á þskj. 153, en ég vænti, að fullnægjandi lausn þess máls, er fyrir mér vakti með minni till., fáist í hinni till., og vil því sjá, hvernig hún er.

ATKVGR.

Brtt. 149 og 153 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
25.—33. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
38.—40. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
42.—43. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 87, 149, 153, 200).

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég mæltist til þess síðast, þegar þetta mál lá fyrir hv. d. til 2. umr., að það yrði afgr. óbreytt og að brtt., sem þá lágu fyrir, yrðu teknar aftur til 3. umr., svo að n. gæfist færi á að athuga þær og bera fram brtt., sem nú eru fram komnar á þskj. 200. Þær eru við þann kafla, sem er um vátryggingu og skaðabætur bifreiða, og þau efni, sem þar heyra undir, sem sé, þegar slys verða við akstur, hvernig skuli bæta. Þá kom hv. 1. þm. Rang. með brtt. við 34. gr., á þskj. 153. Ég gat þess áður, að væntanlega gæti þessi hv. þm. sætt sig við þá umorðun á brtt., sem ætti að koma fram og er komin fram frá n. á þskj. 200, og býst ég við, að hann taki til athugunar, hvort hann geti ekki tekið aftur sína brtt. Ég skal geta þess, að brtt. á þskj. 200 er komin fram eftir grandgæfilega athugun, sem gerð hefir verið í þessum efnum með samanburði við löggjöf þá, sem nú er í gildi á Norðurlöndum, og till., sem þar hafa komið fram um það, hvernig slík löggjöf þar ætti í raun og veru að vera.

Þessar brtt. hefir einn af hæstaréttardómurunum undirbúið. Við höfum ekkert við brtt. við 34., 35., og 36. gr. bifreiðal. að athuga. Allt er þetta mál svo undirbúið frá fyrri þingum og stjórnarvöldum, sem hér hafa fjallað um málin, að það orkar ekki tvímælis, að þau eigi fram að ganga í því formi, sem þau eru nú.

Viðvíkjandi því, að brtt. hafa komið fram við þetta frv., þá er það að segja, að í öðru frv., sem hér er á dagskránni, frv. til umferðarlaga, er farið inn á nýtt svið hvað umferð snertir, og lagt til, að tekinn sé upp hægri handar akstur og umferð. Það hafa verið færð fyrir því þau rök, að ég tel ekki, að neinu þurfi við það að bæta. En það hefir ekki komið neitt fram, sem geri það að verkum að snúa mér eða þeim hluta n., sem er með því, að nú skuli gera þessa breyt. Og hefi ég engar till. um það fram að bera. En ég vænti þess, að hæstv. ráðh., sem hér er í d., sem er sá ráðh., sem ætlazt er til, að fari með þessi mál, og hefir samþ., að þetta frv. skyldi koma fram, vilji skýra þetta.

Þá er brtt. á þskj. 149 frá hv. þm. Mýr. og hv. 6. þm. Reykv. Um það verða hv. þm. að skera úr með atkv. sínu, hvort þeir vilja fara inn á efni þeirrar brtt. En það á í raun og veru ekki að hindra framgang þessa máls, bifreiðal., hvernig með þessa brtt. fer, því að það er hvort sem er víst, að þetta frv. verður að l. fyrr eða seinna í því formi, sem það er nú, og ekki hafa komið fram neinar rökstuddar aths. við það í heild. Það er þörf á, að þessi ákvæði verði lögleidd í þessu formi. Og umferðarl. er nauðsynlegt að setja, eins og komið er hér á landi, hvað sem líður hægri handar akstri.

Ég vil svo leggja til, að frv. til bifreiðal. verði samþ. af hv. d. með þeim breyt. frá n., sem eru á þskj. 200.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég sé, að það eru komnar hér fram brtt. við þetta frv. til bifreiðalaga frá hv. þm. Mýr. og 6. þm. Reykv., sem gera ráð fyrir því, að breytt verði aftur þeim umferðarreglum, sem frv. gerir ráð fyrir, sem sagt, að vinstri akstri verði haldið. Og eftir því, hvernig þessar brtt. verða afgr., virðist mér muni fara með ákvæðin, sem eru í sjálfu frv. til umferðarlaga.

Ég hefi fært hér fram áður nokkur rök fyrir því, að það sé eðlilegt, að þessi breyting verði gerð. Skal ég ekki endurtaka mikið af þeim rökum. En rökin eru þau, að ýmsir ferðast héðan til útlanda og hafa með sér bifreiðar, og ýmsir koma hingað frá útlöndum með bifreiðar sínar. Það er því þægilegra að hafa hér sömu umferðarreglur og aðrar þjóðir hafa. Og það stefnir að því að hafa sömu umferðarreglur á landi, í lofti og sjó. Og eftir þeirri þróun, sem gerzt hefir hér síðustu árin, er auðséð, að það er að verða almennari regla að halda hægri keyrslu. Þetta mál var athugað hér 1933 og 1934, eftir að alþjóðamót hafði verið haldið, og ákveðið, að hægri akstur yrði tekinn upp. Í samræmi við það skrifaði þáv. atvmrh., sem þá hafði fengið tilmæli um, að Ísland tæki upp hægri umferð, vegamálastjóra bréf, dags. 19/3 1935, og segir í lok þess bréfs, með leyfi hæstv. forseta: „Með tilliti til þess m. a., að nokkur kostnaður hlýtur að vera í sambandi við að gera slíka breytingu sem hér um ræðir (t. d. vegna breytinga á inn- og útgöngudyrum á almenningsbifreiðum o. fl.), og að sá kostnaður myndi sennilega vera því meiri sem lengur yrði dregið að gera breytinguna, vill ríkisstj. beina því til yðar, að þér látið athuga, í sambandi við endurskoðunina á bifreiðalögunum, hvort ekki muni vera heppilegra að taka upp regluna um að víkja til hægri.“ Og það er ekkert undarlegt, þó að þessi ráðstöfun væri þá þegar gerð, vegna þess að eins og ég hefi bent á, hlýtur að koma að því, að við tökum upp hægri akstur.

Og það er alveg víst, að það verður miklu dýrara síðar, en nú þarf ekki annað en breyta hurðum á nokkrum stórum vögnum, og er talið, að slíkt muni kosta nú um 30 þús. kr.

Ég hefi fengið skýrslur frá vegamálastjóra um það, hvar er hægri akstur, og er hann í Belgíu, Búlgaríu, Danmörku, Danzig, Estlandi, Finnlandi, Frakklandi, og er reyndar ekki þörf á að vera að lesa þau nöfn upp, þar sem utan Íslands er vinstri umferð í Norðurálfulöndum aðeins í Stóra-Bretlandi, Svíþjóð og Ungverjalandi, og

talið er víst, að mjög bráðlega verði horfið að hægri umferð í tveim síðasttöldu löndunum. En eins og við vitum, eru Englendingar mjög fastheldnir við gamlar venjur, og ekki taldar neinar líkur til þess nú, að þeir breyti til. Og nú síðustu árin hafa ýms lönd breytt til, sem áður höfðu vinstri umferð, svo sem Kanada, Finnland, Portúgal, ennfremur Spánn og Ítalía, en þar var vinstri, en sumpart hægri umferð. 1938 bættist Austurríki við, er það var innlimað í Þýzkaland, og loks Tékkóslóvakía 1939, en umferðarbreytingin hafði verið ákveðin þar áður en Þjóðverjar komu þar til sögunnar.

Í Svíþjóð hefir þetta verið ákaflega mikið rætt og athugað, og við höfum samkvæmt skýrslu vegamálastjóra fengið skýrslu um það, hvernig unnið hefir verið að þessum málum þar.

Í skýrslum, sem sendisveitin danska gaf utanríkismálaráðuneytinu danska og við fengum eftirrit af eftir okkar beiðni, er skýrt frá þessum málum, og segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „Spörgsmaalet gav Anledning til en livlig Debat i begge Kamrene med overvældende Majoritet for Udvalgsforslaget. Selv om det kun drejede sig om en Henvisning af Sagen til Undersögelse, maa Beslutningen, som „Svenska Dagbladet“ udtrykker det i ledende Artikel i dets Nummer igaar, fremtræde som en principiel Beslutning i Spörgsmaalet om Trafikomlægningen.“

Þó að þessi n. hafi verið skipuð í málinu, verður að líta svo á sem ákvörðunin um það að skipa n. þessa þýddi það, að hún eigi að vinna að breytingum á ökureglum frá vinstri til hægri aksturs. Svo að í raun og veru er með þessari nefndarskipun í Svíþjóð búið að taka ákvörðun um það, að þessum reglum verði breytt. Spurningin er því fyrir okkur, hvort við eigum að vera með Stóra-Bretlandi, sem er ekki líklegt til þess að breyta þessu, og halda áfram reglunni um vinstri akstur. Því svara ég hiklaust neitandi.

Við vitum, að það hafa orðið ýmsar breyt. á öðrum sviðum, eins og á lengdarmáli og vog. En þar hafa Englendingar ekki fengizt til þess að breyta til þeirrar reglu, sem þó almennt ríkir, og það eru ekki taldar líkur til þess, að þeir fáist til þess, a. m. k. fyrst um sinn, að breyta þessum reglum, sem nú eru að verða almennar um allan heim. Og ég sé ekki ástæðu til þess að draga slíkar breytingar, þar sem þær kosta ekki nema 30 þús. kr. nú sem stendur.

Það hafa komið fram mótmæli í einu blaði bæjarins gegn þessari breytingu, sem eru byggð á því, að það sé óþarfi fyrir okkur að vera að apa þetta eftir öðrum þjóðum, en ef það væri orðið að alþjóðareglum, væri það annað mál, þó að við tækjum það upp. Sá, sem skrifar þetta, veit auðsjáanlega ekki, að hægri akstur er að verða að alþjóðareglu, þar sem samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég las upp áðan, eru það aðeins þrjú lönd, sem fylgja vinstri umferð, og tvö af þeim munu sennilega breyta um á næstunni.

Það eru ýmsir, sem álíta, að þetta muni auka slysahættu í bráðina, á meðan verið er að breyta þessu. En þar getum við líka stuðzt við þá reynslu, sem aðrar þjóðir hafa í þessum efnum, og sérstaklega núna síðan breytingin var gerð í Austurríki. Sviar gerðu fyrirspurn til þeirra manna í Austurríki, sem sáu um breyt. á umferðarreglunum, og fengu það svar, að niðurstaðan hefði orðið sú, að umferðarslysum hefði heldur fækkað heldur en hitt, miðað við það, sem áður var, m. a. af því, að svo mikið eftirlit var með umferðinni, um leið og breytingin var gerð. Það var gert ráð fyrir því, að kennsla í umferðarreglum verði í skólum. Og við verðum, til þess að bæta umferðarreglurnar, sem er nauðsynlegt fyrir okkur, að gera þessa breytingu sem allra fyrst, vegna þess að kostnaðurinn er lítill nú, en verður miklu meiri síðar. Ef taka á upp hér á landi kennslu í umferðarreglum, þá er það vitanlegt, að það er nauðsynlegt að halda uppi kennslu í þeim umferðarreglum, sem gilda eiga hér til frambúðar. Enn þá hefir ekki verið hafizt verulega handa um slíka kennslu, vegna þess að ekki hefir þótt taka því að halda uppi kennslu í umferðarreglum í skólunum, sem ef til vill verða numdar úr gildi. Einnig með tiliti til þessa eigum við að gera þetta strax. Ef þetta verður ekki gert nú, þá þýðir það, að þingið hefir tekið þá afstöðu, að halda vinstri akstrinum um ófyrirsjáanlegan tíma, hvaða breytingar sem kunna að verða gerðar á þessu í öðrum löndum.

Ég hefði talið heppilegast, að frv. hefði verið samþ. án nokkurra breyt., því að ég tel svo sjálfsagt að breyta þessu nú, eftir að hafa athugað málið gaumgæfilega, og ég veit, að vegamálastjóri telur það sjálfsagt. Ég vil þess vegna eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt að þessu leyti. Það er ástæðulaust fyrir okkur að vera að halda uppi reglum, sem eru í ósamræmi við þær reglur, sem eru að verða alþjóðareglur, eingöngu vegna þess, að við höfum einu sinni notað söðla hér á þjóðvegunum.

Ég tel mig svo ekki þurfa að fjölyrða frekar um málið, en vænti þess, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég á hér brtt. á þskj. 153. Ég tók þessa till. aftur við 2. umr. eftir ósk n. Nú flytur n. sjálf brtt. á þskj. 200, en ég er ekki viss um, hvort þau ákvæði, sem felast í minni till., eru tekin upp í þessa till., og vildi ég óska nánari skýringa frá frsm. um það atriði.

Brtt. mín fer fram á það, að ekki sé takmarkalaus skaðabótaskylda sett á þær bifreiðar, sem flytja fólk án endurgjalds. Gildir þetta sérstaklega um vörubifreiðar og einkabifreiðar, vegna þess að ef takmarkalaus skaðabótaskylda hvílir á þessum bifreiðum, þá er hætt við, að eigendur þessara bifreiða hætti gersamlega að flytja farþega, en það kæmi sér mjög illa, sérstaklega fyrir sveitafólk.

Ég er ekki svo vel að mér í þessum málum, að ég geti séð það á brtt. n., hvort það felst í henni, sem ég meina með minni till., en á þessu vildi ég óska nánari skýringa af hv. frsm.

***Bjarni Ásgeirsson:** Við hv. 6. þm. Reykv. eigum hér smábrtt., sem er í samræmi við þá

skoðun, sem við héldum fram við 1. umr. málsins, um það að breyta aftur ákvæðum frv. um hægri handar umferð í vinstri handar umferð.

Það hafa ekki komið fram nein rök, sem hafa sannfært okkur um nauðsyn þess að breyta til um þessa reglu frá því, sem nú er, og þær röksemdir, sem hæstv. forsrh. kom með, virðast mér ekki þungvægar. Það leiðir fyrst og fremst mikinn kostnað af þessari breyt. og hefir hinsvegar enga praktiska þýðingu. Það gegnir allt öðru máli um þetta í þeim löndum, sem eiga sameiginleg landamæri við önnur lönd og akstur bifreiða á sér stað daglega sitt á hvað út og inn í löndin, en í löndum, sem liggja alveg út af fyrir sig, hefir þetta enga þýðingu. Það er eðlilegt, að lönd eins og Tékkóslóvakía og Svíþjóð breyti þessu, en hinsvegar sýnir það sig með Englendinga, að þeir hafa ekki talið þörf á að breyta til í þessu efni hjá sér. Alveg sama gildir hér hjá okkur. Það atriði, að einstaka maður fer með bifreið sína til útlanda og einstaka útlendingur kemur hingað með bifreið, sýnist mér ekki stórt. Það ætti að vera ákaflega auðvelt fyrir þá menn, sem þannig stendur á um, að setja sig inn í þær umferðarreglur, sem gilda í hverju landi fyrir sig. Alveg sama er að segja um útlendinga, sem hingað koma. Og auk þess má geta þess um þá, að ef við viljum sérstaklega taka tillit til útlendinga, sem koma hingað með bifreiðir, þá eru flestir, sem hingað flytja bifreiðir með sér, einmitt Englendingar, sem hafa sömu reglu og við í þessu efni. Ef það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að slysahættan hafi ekkert aukizt þar, sem þessi breyting hefir verið gerð á umferðarreglunum, þá ætti síður en svo að vera mikill vandi fyrir þá, sem ferðast til útlanda með bifreiðar sínar, að setja sig inn í þær umferðarreglur, sem gilda þar, sem þeir ferðast. Ég sé enga ástæðu til þess að vera að stofna til útgjalda til að breyta þessu.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vildi aðeins að lokum segja það, að mér fyndist þetta frv. ekkert ógagn hafa af því, þótt það biði og væri endurskoðað til næsta þings, því að mér virðist heldur flausturslega frá því gengið. II. kafli frv. á til dæmis að vera um gerð bifreiða, en mér virðist, að í þessum kafla séu ýms önnur atriði, sem ekki eiga þar heima. Mér virðist yfirleitt, að frv. þarfnist betri athugunar, og býst við, að ekkert tjón myndi af því leiða, þótt það gengi ekki fram á þessu þingi.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hvað viðvíkur undirbúningi frv., sem hv. þm. Mýr. minntist á, þá er það að segja, að frv. er allvel undirbúið. Það var undirbúið af lögreglustjóranum í Reykjavík fyrir 2 árum og hefir síðan verið í athugun hjá vegamálastjóra og einum af hæstaréttardómurunum, sem hefir gengið frá frv. eftir langan undirbúning. Viðvíkjandi aths. um það, að í II. kafla séu atriði, sem ekki séu beinlínis í samræmi við fyrirsögnina, þá er það að segja, að þetta kemur fyrir í svo að segja öllum l., sem sett eru. Þegar samdar eru fyrirsagnir, þá er erfitt að koma því svo fyrir, að fyrirsögnin nái eingöngu yfir þau ákvæði, sem hún segir til um, nema í lokin séu, eins og stundum er gert, sett ýmisleg ákvæði. Þessi aths. er þess vegna hótfyndni, sem verður að finna betri rök fyrir en gert hefir verið hingað til.

Hvað snertir brtt. þeirra hv. þm. Mýr. og hv. 6. þm. Reykv., þá er það augljóst, að þeir hafa borið hana fram áður en þeir hafa kynnt sér málið til hlítar. Þótt við búum á eylandi, þá eru það engin rök fyrir því, að við þurfum endilega að halda í vinstri handar keyrsluna, þótt aðrar þjóðir séu allar að leggja hana niður. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá hefir það verið upplýst, hver hann muni verða. Vegamálastjóri hefir rannsakað það mál, og það munu verða um 30 þúsund krónur. Hv. flm. brtt. bar það fram sem rök, að það ætti að vera auðvelt fyrir þá, sem ferðuðust til útlanda, að setja sig inn í þær reglur, sem þar giltu, og sagði, að ef dæma mætti eftir þeirri reynslu, sem ég hefði sagt, að fengizt hefði þar, sem skipt hefði verið um akstursaðferð, þá ætti þetta að vera auðvelt. Nú er það vitanlegt, að þar, sem breyt. eru gerðar á þessu, þá er auðvitað hafður mikill viðbúnaður til að leiðbeina fólki, en hvað viðvíkur ferðamönnunum, þá er slysahættan alltaf fyrir hendi fyrir þá, sem koma frá löndum, sem hafa vinstri umferð, til landa, sem hafa hægri umferð. Og eitt getum við verið viss um, að ef breytingin kostar 30 þúsund krónur nú, þá verður sá kostnaður enn meiri, ef við drögum að gera breyt. Seinna getur þetta kostað stórfé, því að stóru vögnunum fjölgar stöðugt. Ég álít þess vegna, að við eigum ekki að hika við að breyta þessu núna.

Ég vildi satt að segja mælast til þess við flm. till., að þeir tækju hana aftur og færa ekki að halda uppi harðvítugum umr. um það, sem ég efast um, að sé sannfæring þeirra að athuguðu máli.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Hv. 1. þm. Rang., sem á hér brtt. á þskj. 153, beindi að nokkru orðum sínum til mín, en ekki sé ég hv. þm. í d.

Ég skal þá víkja að öðru atriði, sem er í sjálfu sér veigameira en atriðið um skaðabótaskyldina, það er ákvæðið um hægri handar umferðina. Það er í sjálfu sér ekki svo sérlega miklu við það að bæta, sem hæstv. forsrh. hefir tekið fram og fram hefir komið bæði af hálfu formælenda n. og eins af þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Ég þykist vita, að hv. þm. sé vel ljóst, hvernig þessu máli er komið, en það má auðvitað til sanns vegar færa, að umhugsunartími hefir ekki verið sérlega mikill að þessu sinni, og hefði ég sjálfur kosið, að hann hefði verið meiri. Það hefðu líka átt að vera umr. um þessi mál í blöðum áður en það kom fyrir þingið. Nú getur maður sagt, að hv. þm. ættu að vera þess umkomnir að kynna sér mál og gera sér grein fyrir afstöðu sinni á skömmum tíma, en það eru ýmsir fleiri, sem hér koma við sögu. Og þótt ekki hafi borizt neinar áskoranir viðvíkjandi þessu máli, þá hefir það flogið fyrir, að bílstjórar væru nokkuð andvígir þessari breyt.

Nú er það sannast mála, að kostnaðurinn við slíka breyt. sem þessa hlýtur að aukast með hverju ári, sem líður. Af þessum ástæðum hafa Svíar mikinn áhuga fyrir að breyta þessu hjá sér sem fyrst, en það mun hafa tafizt hjá þeim vegna stríðsins og ástandsins í álfunni. Svíþjóð er hinsvegar eina landið, ásamt Stóra-Bretlandi, sem ekki hefir breytt til í þessu efni ... og að við eigum að „dependera" af Bretum, og þá ekki sízt í því að halda vinstri handar umferð, meðan þeir halda henni. En við höfum tekið upp heila lagabálka eftir öðrum þjóðum og bundizt samningum um ýmis þau efni við hinar Norðurlandaþjóðirnar, mest til þess að fylgja því, sem alþjóðlegt mætti kallast, jafnvel þótt Stóra-Bretland hefði þar enn sínar sérvenjur og frábrugðna löggjöf, eins og títt er. Nú er hægri umferð einráð eða að verða einráð í Evrópu, nema á Stóra-Bretlandi, og sömuleiðis í Ameríku, í Bandaríkjunum, í Kanada, þrátt fyrir samband þess við Bretland, í Mexíkó og svo mætti telja áfram. Þeir hv. þm., sem þykjast varbúnir við að greiða nú atkv. um málið eða dæma um, hvor betri sé, vinstri eða hægri umferð, munu þó hafa áttað sig á því, að ekki muni gagna að spyrna lengi móti broddunum og því verra að taka afleiðingum breyt. sem lengur dregst að framkvæma hana. Hitt er óskylt mál, hvort menn muni komast upp með það að hlýða ekki hinum nýju reglum, og kvíði ég því ekki, en sízt yrði það léttara viðfangsefni seinna meir. Það hefir áður tekizt að breyta umferðarreglum jafnvel á einni nóttu, og tekizt ágætlega. Menn, sem koma til annara landa, hafa reynt það, að ekki þarf nema fárra daga umhugsun til að venjast nægilega breyttum umferðarreglum. Gætu menn það ekki, kæmu víst fáir heilir heim úr utanferðum. Engar þær ástæður mæla gegn breytingunni, að átylla sé til að stöðva nú þennan lagabálk hér í Nd., hvað sem hv. Ed. kann síðan að gera í málinu. Fyrir því verð ég að leggja móti því, að brtt. á þskj. 149 verði samþ.

Út af brtt. hv. 1. þm. Rang. (SvbH) á þskj. 153 vil ég taka fram, að ég tel hana óþarfa, eftir að fram eru komnar brtt. við sömu grein, 34. gr. frv., á þskj. 200. Einnig hefir þessi brtt. verið lögð fyrir þann hæstaréttardómara, Gissur Bergsteinsson, sem sérstaklega hefir unnið að samningu frv., og taldi hann, að með brtt. á þskj. 200 næðist það, sem hv. 1. þm. Rang. vildi með brtt. sínni við 34. gr. Hún getur ekki hér eftir fallið óbreytt við frvgr., ef brtt. á þskj. 200 verða samþ., eins og ég vænti. Því vildi ég, að hv. þm. tæki brtt. sína aftur, er skoðun hans hefir verið fullnægt á annan hátt.

Það er einkennilegt, að hv. þm. Mýr. (BÁ) skuli nú vakna upp við illan draum og andmæla frv. af þeim sökum, hve illa það sé undirbúið. Það hefir legið fyrir þinginu áður. Fyrst var það borið fram af hv. þm. Barð. (BJ) og var sett í nefnd. Þá virtist mér og fleirum það meingallað í sumu, ekki sízt að orðfæri, og ýmis ákvæði svo ruglingsleg, að ekki væru nokkur tiltök að lögleiða það óbreytt til að gilda um langan tíma. Þá var hv. þm. Mýr. með frv. eins og það var. Segjum hann hafi ekki verið vaknaður. Eftir að frv. hafði verið lagfært mjög og komizt gegnum Nd., sofnaði það í Ed. Aftur var það borið fram á þingi, og þá í viðunandi búningi, en varð ekki útrætt. Þá hefði hv. þm. Mýr. átt að vera vaknaður. Nú kemur það í þriðja sinn og hefir gengið milli allra þeirra aðila, sem bezt ættu að vita um málið, og hefir tekið þeim breytingum, sem æskilegar þóttu frá sjónarmiðum samgöngumála, lögreglumála, dómsmála o. fl. Það virðist lítið annað en smámunasemi að bregða fæti fyrir slíkt nauðsynjamál sem bifreiðalögin eru með mótbárum eins og þeim, að fyrirsögn frv. nái ekki yfir allt, sem í frv. felst, þótt hún nái yfir höfuðatriðin. Hvað sem menn segja um hægri akstur eða vinstri, næsta dagskrármálið, tel ég lítt verjandi að stöðva þessi mál hér við 3. umr., heldur verði þau nú að ganga áfram til hv. Ed.

***Sigurður Kristjánsson:** Af því að ég geri ráð fyrir, að við flm. brtt. á þskj. 149 munum, ef hún verður felld, taka aftur samskonar brtt. okkar við næsta mál á dagskrá, frv. til umferðarl., þykir mér rétt að ræða þessar brtt. lítið eitt áður en umr. lýkur, þótt ég sé þar ekki 1. flm. Að sjálfsögðu tökum við þær ekki aftur að óreyndu, þótt hv. frsm. þætti það æskilegt, en munum ekki vekja kappræður um þær.

Það vil ég vona, að ekki reyndist stórkostlegur háski að breyt. fyrir vegfarendur, þótt hún yrði samþ. Slysahættan yxi auðvitað, en ég vil ekki gera það að höfuðatriði. Ég treysti flestum ökumönnum til þeirrar gætni og vakandi athygli, að þeirra vegna sé þetta fært og þeir verði nokkuð fljótir að læra nýjar akreglur. En ég tel það miklu eðlilegra og tamara manni frá náttúrunnar hendi, ef svo má segja, að umgangast bifreiðir og ýmis farartæki á hægri hlið, en ekki vinstri, og víkja jafnan til vinstri. Þetta man ég, að ég vandist ósjálfrátt á í bernsku, fyrr en nokkrar umferðarreglur komu til, og þannig veit ég flestum hafa farið, hvort sem víkja skyldi fyrir fólki eða farartækjum. Það er barnalegt að halda, að þetta eigi skylt við það, hvorum megin söðulfjöl er á hesti. Tilfinningin fyrir því, að betra sé að hafa árekstursháttuna ætíð hægra megin, stafar m. a. af því, hve hægri hönd er tiltækari en vinstri, raunar ekki til að víkja bifreiðum úr vegi frá sér, heldur til að sjá manni sjálfum farborða á allan hátt. Þetta er höfuðástæða mín gegn breytingunni. Annað atriði er kostnaðurinn, sem a. m. k. liggur ekki á að steypa sér út í. Það hefir hæstv. forsrh. eflaust hermt rétt eftir heimildarmönnum sínum, að breytingar á bifreiðum vegna hægri umferðar mundu kosta tiltekna upphæð, 30 þús. kr., og ekkert fram yfir það. En hversu merkir sem þeir heimildarmenn kunna að vera, leyfi ég mér að efast um, að þetta standist, enda óhugsandi, að hægt sé að reikna þetta þannig fyrirfram. Bæði handverksmenn, sem ég hefi talað við, og bílstjórarnir sjálfir gera ráð fyrir miklu meiri kostnaði. Loks verð ég að segja, að stærstu andmælin gegn breyt. eru þau, að fylgismönnum hennar hefir ekki tekizt að finna

nokkurn hlut, sem sanni nauðsyn hennar. Hv. frsm. taldi að vísu, að við ættum að taka þarna upp alþjóðavenju. Það held ég, að einmitt sé hin mesta firra. Ég held, að við eigum aldrei að apa neitt eftir, nema við sjáum nauðsyn til þess. Það er margbúið að benda á sérstöðu okkar, að búa í eylandi, svo að við erum lausir við öll vandkvæði þeirra, sem eiga landamæri að ríki með hægri umferð. Eins og ég geri engin ósköp úr slysahættu af breytingunni, tel ég litla hættu á öðru en að vanir ferðamenn, sem hingað koma og kunna að stýra hér ökutækjum, venjist fljótt við gildandi reglur, eða að Íslendingar venjist áhættulítið reglum þeim, sem þeir verða að fylgja í ferðum erlendis í hverju þjóðlandi um sig. Í þessum efnum tel ég sýnt, að ekki sé unnt að finna nýtileg rök fyrir breyt. Nú verða menn að gera það upp í eigin huga, hvort þeir eru henni í raun og veru fylgjandi.

Þeir, sem fylgja þessu atriði frv., ættu að gera sér ljóst, að breyt. liggur ekki svo á, að þinginu megi ekki ljúka án hennar. Á þessum tímum, þegar allir eru í vandræðum að fleyta sér og sínum fyrirtækjum, á ekki að vera að grafa upp hluti, sem slíkur aukakostnaður er að. Ennfremur veitti ekki af að bæta enn um búning frv., eins og hv. þm. Mýr. (BÁ) sýndi. Óviðkunnanlegt er að tala um að „halda sér“ og að „aka fram úr“ einhverjum. Hvað sem öðru líður, ættu menn að sjá sóma sinn í að lagfæra slíkt sem lagfæra má.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég er þakklátur fyrir það, ef menn benda á sitthvað, sem betur má fara í búningi frv. og málfari, þótt þeir menn, sem undirbjuggu það, hafi að mínu áliti gert það mjög vel. En ég er hræddur um, að varla sé hægt að finna neitt til að setja í staðinn fyrir að „aka fram úr“, svo að bílstjórar skilji, hvað við er átt. Þetta er fast orðasamband í máli þeirra, notað, þegar tvær bifreiðar aka í sömu átt og hin hraðari fer framhjá hinni og rennur síðan á undan henni. Orðin að „fara framhjá“ eru höfð, þegar farið er hjá því, sem stendur kyrrt, en „fara fram fyrir“ getur þýtt að fara í veg fyrir, og má ekki blanda því saman. Auk þessa er það rétt íslenzka, að „fara fram úr“ einhverjum (**JörB:** Það er meira að segja fornt mál). Því heldur er óhætt að nota það. — Samt sem áður trúi ég því, að það kunni að mega bæta orðalag á ýmsu í frv. Það hefir verið undirbúið af lögreglustjóra, vegamálastjóra og einum af dómurum hæstaréttar og breytt í samræmi við fengna reynslu á sem flestum sviðum, margra ára ihugun og fjölda dóma. Það hefir komið í ljós, að gallar hafa verið á gildandi bifreiðalögum, og þótti vera aðkallandi fyrir 5 árum að ráða bót á þeim, þótt ekki hafi verið hægt fyrr en nú. Þess vegna má samþykkt frv. ekki dragast fleiri ár, og breyt., sem menn vilja gera á frv., verða að vera í fullu samræmi við þann rækilega undirbúning, sem það hefir fengið.

Ég skal ekki orðlengja um breyt. úr vinstri umferð í hægri. Það hefir verið viðurkennt, að slysahættan af því sé ekki mikil, og upplýst er, að þetta hefir tekizt vel, þar sem breytt hefir verið um erlendis. Helzt voru það gamlir hestar og uxar, sem áttu erfitt með það fyrstu 7—8 vikurnar að fylgja nýrri venju.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. og hv. samgmn., hvort nokkuð hefði verið leitað álits bifreiðarstjóra um frv. Hvað sem líður gömlum hestum og uxum, er engin stétt, sem meira á undir þessum lögum en bifreiðarstjórar. Ég hefi fregnir af því, að á fundi bifreiðarstjóra hér í bænum voru samþ. fyrir skömmu mótmæli gegn hægri handar akstri. Ég vildi fá upplýsingar um það frá hv. samgmn., hvort henni hafa borizt þessi mótmæli og hún tekið til þeirra rökstudda afstöðu.

Mér er ekki alveg ljóst, hvers vegna hæstv. forsrh. telur þurfa að gera þessa breytingu einmitt nú. Mér finnst þvert á móti, að einmitt nú sé minnst ástæða til þess að gera þessa breyt. á umferðarreglunum. Það eru engar minnstu líkur til þess, að meðan á styrjöldinni stendur komi menn frá útlöndum með bifreiðar sínar, svo að nokkru nemi, og það eru heldur engar líkur fyrir því, að mikið verði flutt inn af bifreiðum, svo að þess vegna verði það mikill kostnaðarauki, ef þessi breyting verður gerð síðar.

Ég skal ekki gera það að umræðuefni nú, hvort ástæða er til að taka upp hægri akstur. Um það verða alltaf skiptar skoðanir. Ég sé enga ástæðu til þess — og hefi enga fundið í rökum þeirra manna, sem mæla með því — að fara að taka upp þann sið. Síður en svo.

Hæstv. ráðh. taldi, að það myndi kosta um 30 þús. kr. að breyta dyrunum á stóru bílunum, og ég fæ ekki séð neinar líkur til þess, að þeim bílum muni fjölga svo mjög meðan stríðið stendur yfir, að sá kostnaður muni aukast stórkostlega. Útlendingar munu ekki fara að koma svo margir með bifreiðar sínar hingað, meðan á stríðinu stendur, að ástæða sé til að greiða þetta sérstaklega fyrir þeim, og sama er að segja um það, að menn munu alls ekki fara héðan með bíla sína til þess að ferðast um meginland Evrópu meðan núverandi ástand helzt. Það, sem ég meina, er það, að það er að minni hyggju tilefnislítið að knýja þetta atriði frv. fram nú, þ. e. að breyta akstursreglunum í hægri akstur. Ég held, að full ástæða sé til að athuga það atriði vel, og tíminn til þess einmitt heppilegur nú, áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar þessu viðvíkjandi. Þætti mér gott að fá upplýsingar um það, hvort menn hafa við undirbúning þessa máls ráðfært sig við stéttarfélag bifreiðarstjóra.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Mér skildist, að hv. þm. beindi fyrirspurn sinni til hæstv. ráðh., en þar sem hann er nú genginn úr d., skal ég upplýsa hann um það, sem ég get frætt hann um frá n. Fyrir mitt leyti tel ég, að með því að svara þessu fyrir hönd n. geti ég svarað fyrirspurninni að svo miklu leyti, sem þörf er á.

Ég gat þess einmitt í ræðu minni áðan, að ég hefði heyrt um það, að bifreiðarstjórar hér í

bæ myndu hafa haldið fund og látið í ljós þá skoðun sína á þessu máli, að þeir væru á móti þessari breyt. Að öðru leyti hefir vilji þeirra hvergi komið fram, a. m. k. hefir samgmn. ekki borizt neitt álit eða óskir frá þeim, fyrirspurnir né brtt. í þessu máli. Ég þykist vita, að það sé rétt, að þeir hafi haldið fund um þetta mál, en ég dreg í efa, að einn eða annar fundur, sem haldinn kann að vera, sé betur undir það búinn að meta gildi þessara ákvæða — ekki sízt ef það upplýsist, að sá fundur hefir ekki kvatt til ráðuneytis við sig neinn þeirra aðila, sem undirbúið hafa þessi ákvæði — en hv. þm., sem eiga að greiða atkv. um málið. Það er heldur ekkert deiluatriði, að þótt haldinn sé fundur úti í bæ um eitthvert mál, sem Alþingi hefir til meðferðar, þá breytir það engu um það, að hv. þm. geta gert sér fulla grein fyrir sínum skoðunum, hvað sem líður t. d. áliti bílstjóranna í bænum. Það er ekki kleift að láta afgreiðslu mála á Alþingi fara eftir einhverju, sem nokkrir fundarmenn finna upp á að halda fund um og gera samþykkt um. Afgreiðsla málanna er eingöngu undir Alþingi komin. Hér er um að ræða, hvort koma á þessu frv. í gegnum hv. d. til hv. Ed., og það er sannarlega ekki úr vegi, ef hv. þm. Seyðf. ætlar að gerast forgöngumaður í því að koma á framfæri till. og samþykktum bílstjóranna, að þá haldi hann þeirri viðleitni áfram og komi því á framfæri við þá n., sem tekur við málinu í hv. Ed., og mun þá auðvelt að koma að þeim málamiðlunum, sem óskað er eftir.

Þá vil ég svara því, sem hv. þm. sagði, að ekki lægi neitt á að koma þessari breyt. á nú. Það er rétt, að engin ástæða er til að ætla, að bifreiðaflutningar verði miklir til landsins eða frá því, meðan á stríðinu stendur, en það er annað atriði, sem þarna kemur til, sem sé að það er sérstaklega gott að koma slíkri breytingu á sem þessari, meðan umferðin er sem minnst á vegunum. En hinsvegar er ég viss um, að það myndi engri mótspyrnu mæta í hv. Ed., þótt bráðabirgðaákvæði væri sett í sambandi við umferðarl., sem segði, að í stað þess, að gert er ráð fyrir, að l. gangi öll í gildi 1. jan. 1941, þá mætti framkvæmd þeirra að þessu leyti dragast þar til einhvern tíma seinna, og mætti þá nota þann tíma til að undirbúa breyt. rækilega, en hún kæmi svo ekki til framkvæmda fyrr en t. d. um sumarmálin 1941, þótt l. gengju að öðru leyti í gildi 1. jan. 1941. Að tala um það, að ekki megi gera sumar nauðsynlegar breyt. hér innanlands vegna þess, að flutningar stöðvist að einhverju leyti frá útlöndum, það nær ekki nokkurri átt.

Ég tel mig nú hafa fullsvarað fyrirspurn hv. þm., en ef hann telur, að hæstv. ráðh. geti veitt honum betri úrlausn, þá getur hann auðvitað beðið hans. Ég vil ekki, að þetta mál verði hindrað í framgangi sínum, en ef hv. þm. vill flytja skrifl. brtt. við umferðarl., þegar þau verða til umr., þá mun henni verða vel tekið af mér að þessu leyti.

***Haraldur Guðmundsson:** Það var að sjálfsögðu ekki ætlun mín, að bifreiðarstjórar ættu að hafa úrslitavald í þessum efnum, þegar Alþingi er að setja um þau l. En hinu vil ég halda fram, að það sé í alla staði eðlilegt, að þegar slík l. sem þessi eru sett, þá sé jafnfjölmennri stétt og bílstjórar eru gefinn kostur á að eiga tal við þær n., sem með málið fara, og láta sínar aths. koma þar fram. (GSv: Þeir hafa ekki farið fram á það). Um það er mér ekki kunnugt, en ég veit, að haldinn var fundur í bifreiðarstjórafélaginu og þar samþ. mótmæli gegn hægri akstrinum. Það er rétt hjá hv. þm., að það er enn tími til að koma aths. til þeirrar n. í hv. Ed., sem fær málið til meðferðar. — Hv. þm. sagði, að hann fyrir sitt leyti gæti fallizt á, að bráðabirgðaákvæði yrði sett í l. um, að hægri handar akstur inn tæki seinna gildi en l. sjálf. Mér er ekki ljóst gildi slíks ákvæðis, þar sem ástæðan til þess, að menn deila um, hvort taka skuli upp hægri handar akstur, er sú, hvort þá muni verða fleiri umferðarslys. Eftir því sem hv. þm. sagði um, að nú væri heppilegasti tíminn til að koma slíkri breyt. á, þá má segja, að á meðan benzínsala var bönnuð til allra einkabifreiða hefði verið heppilegasti tíminn til að byrja á hægri handar akstrinum, en eftir því sem ég bezt veit, þá er nú bann á benzínsölu til einkabifreiða úr gildi numið, svo að ég fæ ekki séð, að sumarmálin 1941 verði neitt heppilegri tími en aðrir, síður en svo, því að einkabifreiðar eru yfirleitt notaðar meira á sumrin en á veturna. Ég er alls ekki við því búinn að bera fram brtt. í þessu efni og sé ekki, að hún myndi tryggja það, sem ég hefi rætt um. Ég mun greiða atkv. um brtt. þær, sem hér liggja fyrir, og mun sætta mig við, að frv. fari til hv. Ed., en mun gera mitt til þess, að stéttarsamtök bifreiðarstjóra fái komið sínum till. til þeirrar n., sem fer með málið í hv. Ed.

Forseti (JörB): Þá er umr. lokið, og verður gengið til atkv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, hvort ekki megi einnig ljúka umr. um næsta dagskrármál (frv. til umferðarlaga), þar sem það mun sennilega útrætt, eða því sem næst, og láta bæði málin koma í senn til atkvgr.

Forseti (JörB): Ég get fallizt á það, sem hv. frsm. óskar, og má vera, að umr. um umferðarlagafrv. sé nokkurn veginn lokið. A. m. k. má reyna það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 3. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 3. umr. um. frv.

Sigurður Kristjánsson: Ég vildi mega fara fram á það við hæstv. forseta, að atkvgr. um frv. til bifreiðal. og frv. til umferðarl. yrði frestað. Það hefir komið í ljós, að ýmsir hv. þm. hafa ekki skapað sér ákveðna afstöðu til þessara mála, og hygg ég, að það eigi ekki síður við um þá, sem voru á móti mínum till., því að mér virtist þeirra lið bæði færra og sérstaklega óákveðnara í gær.

Forseti (JörB): Ég efast ekki um, að hv. 6. þm. Reykv. hafi eitthvað til síns máls, þegar hann leggur til, að atkvgr. um þessi frv. verði frestað, en áður en það yrði gert, vildi ég fá yfirlýsingar af hálfu fleiri hv. þm. um, að þeir væru varbúnir að greiða atkv. um þessi mál. Ég vildi biðja um, að aðgætt yrði, hvort flestir hv. dm. muni ekki vera nærstaddir.

ATKVGR.
Brtt. 149 felld með 14:8 atkv.
— 200,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 153 tekin aftur.
— 200,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 200,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 222).

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 222, n. 316, 317).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 317. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 317 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 9 shlj atkv.
20.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
25.—33. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
38.—40. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
42.—43. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 394).

34. Dómkirkjan í Reykjavík og prestakallaskipting þar.

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um afhendingu dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll (þmfrv., A. 133).

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Menntmn. flytur þetta frv. fyrir hönd kirkjumálastj., og frv. er samið af biskupi Íslands og vígslubiskupnum á Akureyri.

Það eru tvö höfuðatriði í þessu frv. Annað er það, að dómkirkjan eða kirkjunefnd í Reykjavík skuli fá greitt 300 þús. kr. tillag úr ríkissjóði á 30 árum, með 10 þús. kr. árlegri fjárveitingu. Dómkirkjan hefir verið nokkurskonar landskirkja, og það er gömul venja, að kirkjueigandinn viðhaldi kirkjunni. En nú verður ekki sagt, að ríkið viðhaldi kirkjunni svo að nægi, þó veittar verði til Reykjavíkur á 30 árum þessar 300 þús. kr. Til kirkjubyggingar í Reykjavík, svo að viðunanlegt væri, þyrfti miklu meira fé og því mikil viðbót að koma frá því opinbera.

Hitt aðalatriði frv. er að skipta Reykjavíkursókn í 4 prestaköll og fjölga prestum. Í l. er nú ekki gert ráð fyrir nema 2 prestum í Reykjavík, en með fjárlagaákvæði hefir þeim verið fjölgað upp í 4, og er eitt sætið autt sem stendur. Með þessu frv. er ætlazt til að verði 6 prestar í Reykjavík með núverandi mannfjölda, eða einn prestur fyrir hverja 5 þús. sóknarmenn. Um það atriði má náttúrlega deila nokkuð, og mun það verða rætt nánar í n. áður en frv. kemur til 2. umr.

Hygg ég, að allir geti verið sammála um það, að ef á að halda uppi þjóðkirkju í landinu, þá verði að taka tillit til þeirra miklu mannflutninga, sem orðið hafa í seinni tíð til Reykjavíkur. En í löggjöf um skiptingu prestakalla hefir ekki verið tekið tillit til slíks svo neinu nemi síðan 1907. Nokkur fjölgun presta hefir líka nýlega verið viðurkennd, og má vera, að það þurfi að fjölga prestum enn meir heldur en þá var gert.

Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr. Og þó að það sé borið fram af n., verður það til nánari athugunar í n. í samráði við kirkjustjórn hér í Reykjavík á milli umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:7 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:8 atkv.

Á 23. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 133, 198).

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég á litla brtt. við þetta frv. á þskj. 198. Brtt. er að vísu stíluð við 2. gr. frv., en það má segja, að í síðara liðnum sé um orðabreyt. að ræða í samræmi við aðalbreyt. Það er farið fram á, að kirkjustjórninni sé veitt heimild til að skipta Rvíkurbæ ekki aðeins í 4 sóknir eða prestaköll, eins og í frv. er ætlazt til að gert verði, heldur 6, sem í raun og veru er það rétta.

Eins og hv. d. er kunnugt, þá er gert ráð fyrir 4 prestaköllum í frv., en prestar eiga að vera 6, því við 2 þeirra, í Miðbæjar- og Skólavörðuprestakalli, eiga að vera 2 prestar við hvort. Brtt. fer fram á, að kirkjustj. sé heimilt að skipta bænum í sérstök prestaköll, 4—6, ef það þætti hentara, að hver prestur hefði sitt afmarkaða prestakall.

Það hafa komið fram rökstuddar raddir um það frá hlutaðeigendum, prestum og öðrum, að það geti í framtíðinni orðið mjög erfitt að hafa sama prestakall skipað 2 prestum, sem í raun og veru viti ekki, hvað hvor eigi af söfnuðinum, svo það gæti komið til, að þeir færu að rífast um sóknarmeðlimina sér til handa.

Þetta breytir ekki neinum ákvæðum í frv., þó að þessi heimild verði samþ., og hún er samkvæm sjálfri sér og í raun og veru samkvæm því, sem frv. annars leggur til, að 6 verði prestarnir, þó prestakallasóknirnar eigi ekki að vera nema 4. Brtt. fer fram á, að í staðinn fyrir 4 sóknir verði heimilt að skipta bænum í 4—6 sóknir. Það gæti hugsazt, að bænum væri ekki skipt í 6 sóknir að svo stöddu, og þá væri það líka heimilt.

Af þessari till. leiðir svo það, að talan 4 í 3. málsgr. fellur niður, því hún er þá óþörf, þar sem búið er að slá því föstu, að prestaköllin skuli vera 4—6.

Ég vænti svo þess, að hv. d. fallist á þessa brtt. og frv. verði síðan samþ. út úr hv. d.

***Steingrímur Steinþórsson:** Þetta frv. er komið að því að verða afgr. út úr hv. d. Mér þykir það einkennilegt, að engar umr. hafa orðið um þetta mál, sem er ekki neitt smámál, að því er virðist. Hér er verið að binda ríkissjóði stóra fjárhagslega bagga, þar sem á að stofna nýjar kirkjur og mörg embætti í sambandi við þær.

Mér dettur ekki í hug að efast um nauðsyn þess að sjá Rvík fyrir nægum kirkjum og prestum, eins og öðrum landslýð, en af þeim kynnum, sem ég hefi af þeim hlutum í Rvík, virðist svo, að kirkjurnar séu sjaldan eða aldrei hálffullar, þegar messað er. Það virðist því ekki sýnileg þörf á, að gert sé ráð fyrir að reisa margar nýjar kirkjur þar í náinni framtíð af þeim ástæðum. Mér virðist því, að ástæða sé til, að þetta sé athugað nánar, þó það megi ekki skoða það sem svo, að ég sé að mæla gegn því, að séð sé fyrir þörf Rvíkur í þessum efnum á skynsamlegan hátt eða eins og þörfin er á hverjum tíma.

Ég vil benda á, að hér er verið að leggja fjárhagslega bagga á ríkissjóð og stofna ný embætti í sambandi við þetta. Ég tel því ekki óeðlilegt, að þetta sé athugað öðruvísi en frá kirkjulegu sjónarmiði eða sjónarmiði menntmn., sem hefir flutt frv. Þó að það sé ekki vani að vísa frv. til annarar n., sem er flutt af n., þá hygg ég samt, að það sé fordæmi fyrir því. Ég vil því af þeim ástæðum, sem ég hefi nefnt, leyfa mér að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til fjhn. með tilmælum um, að hún athugi það, áður en það er afgr. frá þessari hv. d. Ég verð að lýsa því yfir, að ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með frv. út úr hv. d. fyrr en það hefir fengið meiri athugun en enn hefir átt sér stað.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Sú athugun, sem þetta mál hefir fengið, fór þannig fram, að kirkjumrn. hefir skipað biskup landsins og vígslubiskupinn norðanlands til að semja þetta frv. Að athuguðu máli hefir svo kirkjumrh. beðið eina þingn. að flytja þetta mál. Þetta er ekki minni athugun en venja er til um þingmál.

Það er um 2 höfuðatriði að ræða í þessu frv., sem bæði eru einföld. Hið fyrra er það, að ríkið afhendi þá kirkju, sem það hefir í Rvík, til safnaðarins og greiði með henni meðlag, sem að vísu er nokkuð hátt, en þó ekki mjög mikið, þegar miðað er við stærð þess safnaðar, sem kirkjuna notar, og einnig það, að ríkið hefir vanrækt sína kirkjuhaldaraskyldu gagnvart stjórn safnaðarins í mörg ár. Þessari upphæð, 300 þús. kr., sem verja á til kirkjubygginga, á að jafna niður á mörg ár, svo upphæðin verður ekki tilfinnanleg á hverju ári. Þessi fjárhæð mun ekki nægja til að gera þær kirkjur í Rvík, sem þarf með, ef prestunum verður fjölgað, heldur verður söfnuðurinn eða þeir söfnuðir, sem myndaðir verða í Rvík, að leggja fram stórfé til þess að hægt sé að byggja þær kirkjur, sem ætlazt er til, að byggðar verði.

Embættismannafjölgunin, sem leiðir af þessu frv., er ekki meiri en það, að nú sem stendur er heimild til þess að hafa 4 presta í Rvík, 2 samkv. l. um prestakallaskipun og 2 var bætt við fyrir nokkrum árum samkv. heimild í fjárl. Hér er farið fram á heimild til að bæta við 2, en þar á móti ætti að koma, að bráðlega mun verða fækkað prestum annarstaðar, þar sem sóknir eru mjög litlar. Biskup landsins hefir fært það í tal við mig og fleiri nm., að það megi telja víst, að slíkar till. muni verða lagðar fyrir kirkjumrh. á næsta ári. Hann hefir nefnt við mig nokkur prestaköll, sem líklegt er, að lagðar verði fram till. um að sameina. Þetta eru að vísu eftirkaup, en ég hygg þó, að á þessu megi byggja.

Ég vil svo aðeins mæla með till. hv. þm. V.-Sk. um að láta aðeins einn prest verða um hvert prestakall í Rvík.

Þó að kristnihald í Rvík hafi verið dauflegt, þá má vafalaust nokkuð kenna um því, að prest-

ar hafa verið fáir og önnum kafnir og ekki getað þess vegna sinnt ýmsum þeim störfum, sem annars er talin skylda, að prestarnir inni af hendi. Með því að fjölga prestum, svo þeir geti staðið í persónulegu sambandi við marga af sóknarmeðlimum sínum, þá eru líkur til, að kirkjulegt líf færist í vöxt.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um frv., en ég tel óþarft að vísa því til annarar n., þar sem það er komið frá ríkisstj. og stjórn kirkjumálanna.

*__Steingrímur Steinþórsson:__ Ég þakka hv. þm. V.-Ísf. fyrir upplýsingar þær, sem hann hefir gefið um undirbúning þessa frv. Þær hafa þó ekki að neinu leyti breytt afstöðu minni til þess atriðis, sem ég talaði um áðan.

Hv. þm. gat þess, að það myndu vera í undirbúningi till. frá biskupi landsins um fækkun presta hingað og þangað um landið eða einhverja fækkun með því móti að steypa prestaköllum saman. Mér þykir vænt um að heyra þetta. Ég hefi lengi litið svo á, að það myndi vera hægt að fækka prestum í landinu, og mér þykir vænt um að heyra, að stefnubreyt. muni hafa orðið í þessum efnum, því fyrir nokkrum árum mátti ekki heyra það nefnt að hrófla við prestakallaskipuninni. Ég vil spyrja, hvort það reki nokkur nauður til að gera þessa breyt. fyrr en þær till. koma. Mér virðist einmitt þær upplýsingar, sem hv. þm. V.-Ísf. gaf, benda í þá átt, að það mætti bíða með þessa nýskipun á prestaköllum í Rvík þangað til till. koma fram, sem stefna í þá átt að steypa saman fámennum prestaköllum úti um land.

Það er lagt til í þessu frv., að þessar 30 ára greiðslur ríkissjóðs hefjist árið 1945. Ég verð að segja, að mér sýnist Alþ. með þessu vera að búa til álitlegan bandormslið. Það er vitað, hvernig gengið hefir með fjöldamargar lagasetningar á undanförnum árum, þar sem ríkissjóður hefir átt að inna af hendi ákveðnar greiðslur. Þær hafa verið greiddar 1—2 ár, en síðan hefir þeim verið hnýtt aftan í bandorminn. Ég hygg því, að það sé gefið, að þetta verði komið í bandorminn áður en fyrsta greiðsla á að fara fram, árið 1945. Það virðist næstum vera hlægilegt að setja ákvæði um fjárveitingu svona langt fram í tímann, þegar tillit er tekið til þess, hvernig þingið hefir farið með fjölda fjárframlaga, sem ákveðin hafa verið í l.

Ég held því fast við þá till., sem ég hefi borið fram áður, að þetta frv. fái betri athugun í hv. d. Það er a. m. k. víst, að ég greiði því ekki atkv. út úr hv. d. nema það fái betri athugun.

__Sveinbjörn Högnason:__ Það var aðeins út af till. hv. 2. þm. Skagf. um að vísa þessu máli, sem komið er frá menntmn., til fjhn. Ég sé enga ástæðu til þess, enda er það a. m. k. óvenjuleg meðferð á máli, ef það er gert. Mér er óhætt að fullyrða að fá mál hafa fengið jafngóðan undirbúning og þetta mál. Það er ekki heldur nokkur vafi á því, að full nauðsyn er á afgreiðslu þess og að það verði sem fyrst gert að l. Ef ástæða er til að vísa þessu frv. til fjhn., vegna þess að útgjöldin yrðu svo mikil við fjölgun prestsembætta í Reykjavík, þá væri meiri ástæða til að vísa ýmsum öðrum frv. til hennar. T. d. hefir ekki þótt nauðsynlegt að láta fjhn. hafa héraðsskólalögin til meðferðar, þó að þau hafi mörg hundruð þús. kr. útgjöld í för með sér. Það hefir ekki heldur verið orðað að senda frv. um rannsóknir í þágu landbúnaðarins, sem hv. 2. þm. Skagf. hefir flutt ásamt öðrum þm., til fjhn. Svo er og um fjölda frv., sem komið hafa frá n., þó að þau hafi mikil útgjöld í för með sér, að ekki hefir þótt ástæða til að vísa þeim til fjhn. Hér er því verið að gera tilraun til að fresta afgreiðslu þessa máls með því að senda það frá einni n. til annarar, og eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Skagf., þá fannst honum, að málið mætti bíða. Ég hygg, að hugur þessa hv. þm. hafi verið bundinn við önnur verkefni um dagana en kristindómsstarfið, og við því er ekkert að segja. Hann hefir hugsað meira um landbúnaðinn og er ákafur að koma fram þeim málum, sem þar mega að gagni koma. En hv. þm. þarf að skiljast, að þarfir fjöldans takmarkast ekki við afkomuna eina, heldur felast og í margvíslegum menningarstörfum engu síður. Því að enn eru í gildi þau orð, að „maðurinn lifir ekki á brauði einu saman". Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að kirkjulífið hér í Reykjavík hefir ekki fylgt þeirri þróun, sem verið hefir á öðrum sviðum á síðustu árum, vegna þess að ekkert hefir verið hirt um kirkjumálin. Ef við lítum til annara landa, þar sem þessi mál eru í sæmilegu horfi, þekkist vart sá prestur, sem hefir meira en 5 þús. manna söfnuð. Við vitum líka, að í mörgum stærri kaupstöðum þessa lands, t. d. Akureyri, eru söfnuðir ekki stærri, en samt hafa prestarnir þar meira en nóg að gera. Hér í Reykjavík er söfnuður með 30 þús. meðlimi, og hver maður, sem er sanngjarn, getur séð, að það er alveg óhugsandi að ætla tveimur mönnum svo mikið verk. Svo er deilt á prestana fyrir að þeir ræki ekki sitt starf, þó að það sé svo umfangsmikið, að þeir geti ekki gert betur. Ef við lítum til kristindómsfræðslunnar, þá hefir sami presturinn fleiri hundruð börn til að uppfræða í einu. Við getum sagt okkur það sjálfir, að hvaða gagni það muni koma, að kenna svo stórum hóp á skömmum tíma, enda þarf ekki að búast við sæmilegum árangri. Þetta verður óumflýjanlega að lagfæra, ef við eigum að fylgjast með tímanum í þessum efnum.

Að kirkjur hér séu sjaldan eða aldrei nema hálffullar, er of mikið að fullyrða, og hér í Reykjavík eru þær fremur vel sóttar. Ég fer sjálfur oftast í kirkju, þegar ég er í bænum, og mér virðist fólk sækja þær vel og það ekkert vera frábitið kristindómi.

Í Sogamýri hefir sérstakur prestur myndað söfnuð, og guðsþjónustur hans eru mjög vel sóttar. Það er nauðsynlegt að koma upp kirkjum víðar í bænum fyrir þá, sem álíta, að kristindómsstarfið hafi einhverja þýðingu fyrir þjóðina. Það er hægt að áfella kirkjulega starfið í landinu af þeim, sem hvorki hafa þekkingu eða skilning á því, enda er það óspart gert. Í hinni

öru þróun seinni tíma er kirkjan eina stofnunin í landinu, sem staðið hefir í stað hvað ytri starfsskilyrði snertir. Hún hefir ekki verið byggð upp til þess að geta verið fær um að taka við nýjum verkefnum, heldur látin sitja við það gamla. En í hvert skipti, sem minnzt hefir verið á, að þetta þyrfti að lagfæra, hafa komið fram hjáróma raddir um, að bezt sé að láta málið bíða. En þeir, sem vilja láta allt bíða þar, eru manna fúsastir til að deila hart á kirkjulífið í landinu. Það væri gaman að sjá, hvernig væri ástatt um félagsstarfsemi í skólum og búnaðarfélagsins, ef hún fengi alltaf slíkar undirtektir á Alþ. Það væri líka hægt að koma með harðar ádeilur á slíka starfsemi og hvernig hún leysti sín verkefni, ef ekki væri fyrir hendi fullur skilningur á starfinu hjá þjóðinni. Ef einhver stofnun á að taka við nýjum verkefnum, væri óhugsandi annað en allt fari aflaga, hver svo sem stofnunin væri, við slíkar aðstæður. Ég vil fyrir mitt leyti mælast til þess, að frv. verði ekki frestað, heldur fái fljóta og góða afgreiðslu og verði ekki látið fara til fjhn.

***Gísli Guðmundsson:** Ég vil ekki neita því, að ég tel mjög virðingarvert að vilja efla kirkjulíf og kristnihald í landinu. Eigi að síður verð ég að taka undir með hv. 2. þm. Skagf., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, kemur mér undarlega fyrir sjónir. Ég vil taka fram, að ég mun ekki greiða því atkv., a. m. k. á þessu stigi málsins. En ég mun verða því samþykkur að vísa málinu til fjhn., áður en það yrði endanlega afgr. Mér virðist, að í þessu frv. felist 2 höfuðatriði, og sé ég ekki, að þau þurfi að fara saman. Annað er að fjölga þjónandi prestum í Reykjavík, en hitt er ákvæði um, að ríkið leggi fram 300 þús. kr. til kirkjubygginga í Reykjavík. Mér skilst svo, að hið síðara sé aðalatriðið fyrir hv. kirkjumálaráðh. og menntmn., sem er formælandi þessa frv. En ég get vel skilið, þó að fram komi raddir um að fjölga prestum hér í bænum, því hvernig svo sem litið er á starf presta og hvort sem það er talið nauðsynlegt eða ekki, þá er það svo umfangsmikið hér í bænum, að ekki veitir af fleiri prestum. Þess vegna finnst mér full sanngirni í því að fjölga prestum í Reykjavík. En mér finnst ekki þörf á því, að ríkið fari að leggja mikið fé fram til kirkjubygginga. Ég er þessum málum ekki vel kunnugur, en þar, sem ég þekki til, hefi ég ekki orðið var við, að ríkissjóður hafi lagt fram fjárfúlgur til kirkjubygginga. En nú var gerð undantekning í þessum efnum, þar sem samþ. var, að ríkið legði fram fé til kirkjubyggingar á Akureyri. Ég er ákaflega undrandi yfir þessu og tel enga ástæðu til slíks framlags. Þó að þetta væri gert einu sinni, er ekki rétt að halda áfram á þessari braut. Ég held, að til þess að efla kristnihald í landinu sé ýmislegt nauðsynlegra en að fjölga kirkjum. Ýmsar umbætur hafa orðið í landinu á síðari árum, sem gera það að verkum, að kirkjur eru nú ekki orðnar jafnnauðsynlegar fyrir útbreiðslu kristindómsins og þær voru áður. Sérstaklega á ég þar við útvarpið, og enginn vafi er á því, að margt fólk, ekki síst í Reykjavík, kýs heldur að hlusta heima hjá sér á guðsþjónustur en að sitja í mannþröng í stóru húsi til að hlýða á þetta sama guðsorð. Ég er búinn að eiga heima hér í bænum í 10 ár, og ein af þeim fáu byggingum, sem ég hefi ekki orðið var við, að væri skortur á, er kirkjan. Ég man ekki heldur eftir því, að ég hafi orðið að snúa frá kirkju vegna þrengsla. Reyndar er ég ekki eins kirkjurækinn og hv. 1. þm. Rang., en ég fer það oft, að mikil og almenn þrengsli í guðshúsum myndu ekki fara framhjá mér. Ef svo væri nú, að eigi að síður vantaði kirkjur, sem ég dreg mjög í efa, þá er ég þeirrar skoðunar, að þeir góðu menn hér í bænum, sem þykjast hafa of lítið af guðsorði, eigi sjálfir að standa straum af þessum byggingum. Annars mætti búast við, að aðrir söfnuðir landsins færu að gera sömu kröfu um ríkisframlag til sinna kirkna.

Ég hefi ekki haft tíma til að kynna mér rækilega grg. þessa frv. Þar stendur á einum stað, að í álíka stórum bæjum og Rvík muni erlendis vera að jafnaði 10—12 kirkjur. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, en þangað til færð hafa verið rök fyrir því, vil ég leyfa mér að draga í efa, að svo sé. Ég hefi komið í nokkra erlenda bæi, og mér hefir ekki virzt bera svo mikið á þessum byggingum, að þetta geti staðizt. Ég vænti þess, að hv. menntmn. geti gefið ýtarlegri upplýsingar um þetta.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum í þetta, en ég mun styðja till. hv. 2. þm. Skagf. um að vísa málinu til fjhn.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það hefir verið dregið í efa, að þessu máli lægi á að vera afgr. á þessu þingi. Ég skal ekki gera tilraun til að sanna, að það sé lífsnauðsynlegt, að málið fái einmitt afgreiðslu nú á þessu ári, en ekki því næsta. En mér heyrðist það á umr., að þeir sem vildu fresta málinu til næsta árs, hefðu ekkert á móti því að fresta því líka til næsta árs þar á eftir, o. s. frv. Þó er ein ástæða til, að kirkjumálastj. vildi láta afgr. frv. einmitt á þessu ári, og mun ég nú gera grein fyrir henni. Það hefir staðið til í vetur að skipa prest í autt sæti í Reykjavík, því að nú eru ekki nema 3 þjónandi prestar. Samkv. heimild, sem nú er gildandi, mátti skipa þann fjórða, en þessi viðbótarprestur er ekki kosinn af söfnuðinum. Vakti þetta talsverða óánægju í bænum, svo að kirkjumálastj. kom til hugar að fá prestakallaskiptingu lögsetta í Reykjavík, og ráðning þessa fjórða prests skyldi bíða eftir afgreiðslu málsins. Um leið átti svo að koma með till. um framtíðarskipun þessara mála í Reykjavík. Frá þessu vildi ég skýra, ef það hefði þau áhrif, að málið yrði frekar afgr. nú á þessu þingi.

Það er rétt, sem kom fram í umr., að ríkið væri ekki vant að styrkja kirkjubyggingar. En ríkið hefir hér alveg sérstaka aðstöðu, þar sem það er sjálft kirkjuhaldari í Reykjavík, og venjan er, að kirkjuhaldarinn semji við söfnuðinn, ef hann tekur við kirkjunni. Það hefir oft verið um það talað í þinginu, hvað ríkið ætti að

greiða mikið með kirkjunni, ef hún yrði afhent söfnuðinum. Ég hygg, að sú upphæð, sem hér er stungið upp á, sé nokkuð nærri sanni, en um það má lengi deila, hve mikið eigi að borga með kirkjunni.

Ég man ekki, hvort það stendur í nál., að svo margar kirkjur séu í erlendum bæjum, að ein komi fyrir hverja 5 þús. menn. En ég hygg, að í nál. standi, að ekki komi fleiri safnaðarmeðlimir á hvern prest en 5 þús., og við allar stærri kirkjur eru fleiri en einn prestur.

Ég hefi svo ekki fleiru að svara, en vil að lokum skjóta því til ríkisstj., að ég tel það athugandi í sambandi við framkvæmd málsins, hvort ekki ætti að semja við fríkirkjuna um að sameinast við þjóðkirkjuna. Ég veit ekki, hvort þetta er viðkvæmt lengur, en það væri eðlilegast, að okkar kirkja skiptist ekki í fleiri deildir, heldur væri undir þaki einnar þjóðkirkju. Mér finnst vera tímabært að gera fríkirkjusöfnuðinum þetta tilboð.

*Gísli Sveinsson: Ég hélt ekki, að ég þyrfti á þessu stigi málsins að biðja um orðið til að deila við hv. þdm. um svo einföld atriði sem hér er um að ræða. Hv. þm. N.-Þ. kvað sér vera þetta mál undrunarefni. Hann er að vísu nýkominn í d., en það er sannarlega engin afsökun, þegar hér er á ferðinni jafnalþekkt mál. Þetta frv. er grundvöllur að alveg því sama og legið hefir fyrir þinginu áður um að afhenda dómkirkjuna til safnaðarins og skipta Reykjavík í prestaköll, svo að hv. þm. ætti að vera kunnugt um það. Við hefðum fyrir löngu átt að verða búnir að koma þessu máli í það horf, sem ætlazt er til með frv.

Ég vil geta þess, að mikill misskilningur kom fram hjá hv. 2. þm. Skagf., að málið þyrfti af sérstökum ástæðum að fara í gegnum tvær n. Eins og hv. frsm., þm. V.-Ísf., upplýsti, eru sérstök tildrög til, að málið var nú lagt fyrir þingið til skjótrar afgreiðslu. Enda þarf ekki annað en að lesa grg., svo að menn skilji nauðsyn þess, að frv. verði lögfest. Það er síður en svo þörf á, að fleiri n. fjalli um málið en menntmn., þar sem það hefir fengið alveg sérstaklega góðan undirbúning. Hinsvegar myndi ég ekki verða því mótfallinn, þó að önnur n. fengi málið til meðferðar að gamni sínu. Hún myndi ekki taka öðruvísi á því en menntmn., ef hún hefði áhuga og skilning á tilgangi þess.

Þegar hv. þm. rísa hér upp og segja, að kirkjur séu yfirleitt tómar og engan árangur hafi að hlynna að þeim, þá eru þeir að hafa eftir öðrum, án þess að geta fært rök fyrir máli sínu. Það kom greinilegast fram í ræðu hv. þm. N.-Þ., að hann er ekki kunnur kirkjum og kemur þar mjög sjaldan. Náttúrlega er hver sjálfráður að því, hve oft hann sækir kirkju, en það er siðferðisleg skylda hvers einstaklings að hlynna að þessum málum. Eftir því sem áhuginn er meiri fyrir kristindómnum, því meiri verður vakningin, sem má vel tala um í þessu sambandi. Það má ekki láta það, sem er eyðimörk, halda áfram að vera það, eins og sumum mönnum hættir til. Þó að einhverjar kirkjur úti um land stæðu tómar, eru það engin rök fyrir því, að ekki vanti kirkju í Reykjavík. Enda er tímabært að gera gangskör að þessu, og má kalla það þjóðarnauðsyn. Mundi margt betur fara, ef kostur væri á að gera meira fyrir þessi mál en gert hefir verið.

Það er misskilningur, sem kom fram hjá hv. þm., að ríkið ætti ekki að leggja fram fé til kirkna. Þar sem þjóðkirkja er í þessu landi, ber ríkinu skylda til að styrkja hana og vernda. Hv. þm. hafa allir unnið eið að stjórnarskránni og er ekki ókunnugt um, hvað þeir hafa þar tekizt á hendur. Vanræksla í þessum efnum kemur í bága við starf þeirra sem umboðsmanna þjóðarinnar. Hv. þm. N.-Þ. kvað óþarfa að byggja fleiri kirkjur hér í bænum, og kom með þau rök fyrir skoðun sinni, að hann hefði aldrei þurft að snúa frá kirkju vegna þrengsla. En verði þessum málum komið í viðunandi horf, er ég alveg viss um, að hv. þm. myndi fá tækifæri til að sjá fulla kirkju. En það, sem hv. þm. N.-Þ. vitnar í borgir annara landa, get ég fullvissað hann um, að hann hefir ekki getað sjálfur séð það, og ég mótmæli því, ef hann ætlar að fara telja fólki trú um, að hann hafi greint það í borgum erlendis, hve margar kirkjur eru þar og hve mikil er kirkjusóknin, því að það er ekki á færi ókunnugra manna, sem nokkra daga dvelja í borgum erlendis, sem sumar eru stærri og aðrar minni, að rannsaka hvar eru kirkjur þar og hvernig með þær er farið. Ég vil leyfa mér að segja, að óliklegt sé, að hv. þm. hafi nokkra hugmynd um það. Þeir, sem ferðast til þess að kynna sér þessi mál, komast að þeirri niðurstöðu, að kirkjuhús eru á miklu fleiri stöðum heldur en þeir í fyrstu gerðu sér hugmynd um. Því að þau dyljast þangað til farið er sérstaklega að athuga það til þess fyrst og fremst að komast að því, hvar þau eru og hve mörg og hvernig þeim er þjónað og hvernig þau eru sótt. Menn, sem hafa farið beinlínis til þess að kynna sér þetta, hafa sagt, að það tæki missiri að komast að raun um það, hvernig farið er kirkjumálum í stórborgunum. Þess vegna er ekki mikið leggjandi upp úr þessu, sem hv. þm. N.-Þ. talar um.

Hv. þm. sagði líka, að það væri ranglátt, að ríkið legði til kirkjur og til kirkjunnar í Reykjavík; Reykvíkingar gætu það sjálfir. En þessi hv. þm. hefði frekar átt að spyrja um þetta, og reyndar ætti hann að vita, að dómkirkjan í Reykjavík er ríkiskirkja, og ef framfylgt væri þeim reglum, sem þar að lúta, með kirkjuhald og eignir, þá ætti ríkið að byggja nægilegar kirkjur fyrir alla Reykjavík. Þess vegna hefði ríkið af sjálfsdáðum átt að vera búið að losa sig við þessa miklu kvöð fyrir löngu.

Nú er farið fram á það hér í þessu frv., að ríkið sé nú ekki með þetta handbendi, sem það aldrei sinnir til fullnægingar, því að slíkt myndi verða svo afskaplega kostnaðarsamt, þannig að það, sem farið er fram á í frv., er ekkert sambærilegt við það, því að þeir borgunarskilmálar, sem hér er farið fram á við ríkið, eru mjög vægir. Og ríkið ætti að geta innt þetta af hendi, í stað þess að leggja fram allar þær millj., sem það í raun og veru ætti að gera sem eigandi þjóðkirkjunnar. Álít ég, að það slepp[i]

vel með þessu framlagi, að borga 300 þús. kr. þannig að borga 10 þús. kr. árlega á 30 árum. og þó, eins og stendur í frv., að greiðsla skuli byrja 1945. En þannig er það alstaðar, að þeir, sem eiga kirkjur, eru skyldugir til þess að halda þeim við og byggja upp. Þess vegna hefir það verið keppikefli nú um áratugi, meðan kirkjueigendur voru bændur, að reyna að losa sig við þær, því að það er ókleift fyrir slíka eigendur að byggja þær, en ekki að losa sig við þær stóru byrðar. Og ríkið sjálft hefir verið að þessu, þó að það sé spursmál, hvort það ætti ekki að standa að því sjálft að viðhalda dómkirkjunni.

En ríkinu hefir tekizt að losa sig við kirkjur, og hefir talið það kost að gefa fleiri tugi þús. kr. til þess að losa sig við kirkju fyrir 200 sálir, sem hafa svo tekið að sér kirkjuna.

Hér er því grundvallarmisskilningur á ferðinni, að ríkið eigi ekki að losa sig við það, sem er miklu kostnaðarsamara heldur en það, sem hér á að borgast.

En það er ekki nema hálfsögð sagan með þessu, því að þótt ríkið fái að losa sig við þetta, þá þurfa Reykvíkingar að leggja fram fleiri þús. kr. Þetta er gert til þess að t. d. prestar geti vakið áhuga á einstökum svæðum hjá mönnum til þess að byggja sínar eigin kirkjur.

Það hefir verið bent á réttilega sem andsvar við orðum hv. 2. þm. Skagf., að hér er ekki verið að tala um að binda neinn sérstakan bagga fram yfir það, sem nú er á ríkinu. Því að það er löglegt að hafa 4 presta á launum í Reykjavík, og þeir hafa verið það nú um tíma, fyrir ári eða svo, og þeir verða það.

Og það hefir verið talað um það sem hinn auðveldasta hlut, ef menn vildu fá þann kostnað upp borinn, sem hér er gert ráð fyrir, með því að sameina önnur prestaköll úti um landið; en það þarf ekki frá mínu sjónarmiði að tala um það í þessu sambandi, því að það er sjálfsagt, hvort sem frv. er samþ. eða ekki. Og það getur komið til mála á næstu tímum að sameina einhver af þeim prestaköllum, sem standa ár eftir ár laus og þar sem söfnuðirnir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé fullt svo heppilegt að sameina þau.

Hv. þm. N.-Þ. gat um eitt dæmi, sem hann áttaði sig ekki á frekar en þessu, hvers vegna ríkið ætti að borga til Akureyrarkirkju. En ríkið var skyldugt til þess að skila kirkjunni þeim eignum, sem það hafði sölsað undir sig. Þar var það ekki eins og hér er um að ræða, heldur aðeins hitt, að skila aftur nokkrum hluta af því, sem sannað er, að hafi horfið undan kirkjunni til ríkisins af hreinum eignum kirkjunnar á Akureyri.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég sé, að hæstv. kirkjumálarh. er ekki viðstaddur. En vegna þess að ég hefi kynnzt þessu máli í meðferð þess og verið þar, sem það hefir verið rætt í ríkisstj., og mér finnst, eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram um það, að það sé komið á svo breiðan grundvöll, að hv. þm. geti ekki vel áttað sig á aðalbreyt., þá langar mig til að segja örfá orð um það.

Mér skilst, að það sé um 4 aðalbreyt. að ræða, ef frv. verður að l.

1. og 2. breyt. er sú, að nú hafa verið skipaðir prestar í viðbót af sóknarn., og þeir hafa ekki verið kosnir af söfnuðinum hér í Reykjavík. Get ég ekki séð, að hv. þm. geti haft á móti því, að Reykvíkingar kjósi sína presta eins og annarstaðar er gert á landinu. Og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. séu sammála um það, að leggja ekki þessi prestsembætti niður. Þá er einnig talað um það, að Reykjavík skuli skipta í sóknir. Mér skilst, að það hljóti að eiga að teljast skynsamlegt, að prestarnir séu ekki skipaðir hver við hliðina á öðrum og allur bærinn svo óskiptur, heldur verði skipt í sóknir eins og annarstaðar á landinu.

Þriðja atriðið er, að fjölgað verði um tvo presta frá því, sem nú er. Það kann að vaxa mönnum í augum. En ekki hefir það nú samt við athugun á málinu verið látið standa í vegi hjá kirkjumálastjórn, þar sem tekið var tillit til þeirra óska, sem komu fram um það, og haldið var fram, að prestsþjónustunni gæti ekki verið sómasamlega borgið með færri en fjórum prestum, eins og Reykjavík er nú orðin stór bær.

Þetta mál má skeggræða fram og aftur og menn geta haft um það misjafnar skoðanir, en það virðist nú ekki verða hjá því komizt að breyta prestakallaskipuninni í samræmi við fólksfjölgun á einstökum stöðum á landinu. Og mér skilst bæði á biskupi og öðrum mönnum, sem hafa athugað málið, að þeir sjái fært að fækka á öðrum stöðum í landinu.

Fjórða atriðið er svo það, að dómkirkjusöfnuðinum er afhent kirkjan í Reykjavík, og skuli ríkið borga honum 300 þús. kr. á 30 árum. Þetta er byggt beinlínis á gögnum þeim, sem liggja fyrir ríkisstj., að ríkissjóður hafi hér beinlínis tekið af safnaðarfólkinu í Reykjavík og haft töluverðar tekjur af þeim gjöldum, sem til kirkjunnar hafa runnið. Og ég verð að telja vel sloppið, frá sjónarmiði ríkissjóðs, þegar búið er að athuga, hve miklir peningar hafa runnið þarna til ríkissjóðs, að borga nú á 30 árum 300 þús. kr. Það mun hafa verið miklu meira, sem ríkissjóður hefir fengið af slíkum gjöldum, og mundi þessi upphæð ekki vera einu sinni vextir af henni.

Ef á að gera þetta upp og menn vilja, að ríkið sleppi við að hafa kirkjuna, sem mjög er heppilegt frá sjónarmiði ríkissjóðs, þar sem kirkjunni verður að viðhalda, þá er hagkvæmara fyrir ríkissjóð að sleppa við að reka kirkjuna og hafa síðan hvorki veg né vanda af kirkjubyggingum.

Það er misskilningur, að verið sé að ræða um það hér í frv., hve stórar kirkjubyggingarnar eigi að vera, því að það verður eftir mati safnaðanna eins og annarstaðar. Heldur er hér um það að ræða, að ríkissjóður kaupi sig undan þeirri kvöð, að sjá um byggingu kirkju, með því að greiða þessar 300 þús. kr. Og tel ég þar vel sloppið hvað fjárhagsatriðið snertir út af fyrir sig. Hér þarf ekkert að fara út í það að ræða um, hve margar kirkjur þurfi að byggja; það er safnaðanna sjálfra að sjá um það.

Þetta virðist mér aðalatriði málsins eins og það liggur fyrir nú.

Ég ætla mér ekki að fara að blanda mér hér inn í neinar umr. um nauðsyn á starfsemi kirkjunnar. En hv. þm. verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja hlynna að starfsemi kirkjunnar eða ekki. Og ef menn eru ekki með því, að kirkjan geti haft sæmileg starfsskilyrði, verða þeir að taka afleiðingunum af því.

Forseti (JörB): Það hefir að vísu komið uppástunga um að vísa málinu til n. og fresta umr. En mér leizt, að þm. vildu ræða málið almennt, og þess vegna hefi ég ekki borið þessa till. upp.

***Gísli Guðmundsson:** Það má nú vel vera, að það sé eitthvað til í því hjá hv. þm. V.-Sk., að ég sé ekki svo vel til þess fallinn sem æskilegt væri að ræða um kirkjumál. Og get ég gjarnan viðurkennt það, að mig skorti þar nokkuð á að geta rætt um málið af fullri þekkingu og skilningi. En það er nú svo, að hér á Alþ. verða þm. að taka ákvarðanir um marga hluti, þó að þeir séu ekki nema leikmenn á þeim sviðum. Og þrátt fyrir alla kirkjulega krafta hér á Alþingi, þá hefi ég talið, að ég hefði nú ástæðu til þess að leggja orð í belg, og vona, að það verði ekki tekið mjög illa upp af þeim, sem betur hafa vit á þessum málum en ég.

Ég er mjög ánægður yfir því, að hv. þm. V.-Sk. skyldi koma hér fram með sína ýtarlegu ræðu áðan, vegna þess að hann er sýnilega mikill áhugamaður um þessi mál. Þess vegna má gera ráð fyrir því, þar sem hv. þm. er líka mikill málafylgjumaður og gætir vel þess málstaðar, sem hann hefir tekið að sér að vinna fyrir, að í hans ræðu hafi komið fram þau rök, sem hann hefir fyrir sér í þessu máli. Þess vegna má ég og aðrir, sem erum leikmenn í þessum sökum, vera ánægðir yfir að hafa fengið tram hans ræðu hér.

Ýmislegt af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, var þess eðlis, að ég álít ekki stað hér til þess að ræða um það. Yfirleitt er ég ekki gjarn á að ræða mikið um trúmál; ég álít, að það sé bezt farið, að þau séu sem mest einkamál hvers manns og menn fari ekki með þau á stræti og gatnamót, heldur séu mest með þau í einrúmi. En það er alveg misskilningur hjá hv. þm. V.-Sk., ef hann heldur, að ég hafi engan áhuga á þessum málum. Það er þvert á móti, því ég hefi mikinn áhuga á þessum málum, þó að mér hafi ekki gefizt kostur á að sinna þeim. Og ég hefi nægilega mikið sótt kirkjur hér í Reykjavík til þess að geta sem sjónarvottur borið um það, að ég hefi ekki orðið var við, að það væri ákaflega áberandi, að menn þyrftu frá að hverfa við kirkjudyr.

Það er líka eðlilegt, því að hér kemur fleira til greina heldur en fólksfjölgunin ein. Hér hafa menn tækifæri til þess að sækja kirkjur á hverjum sunnudegi, og oftar en einu sinni á dag á hverjum helgidegi. En því er öðruvísi farið í strjálbýlinu.

Sömuleiðis er það svo, að þótt útvarpið sé orðið útbreitt um landið, þá mun það hvergi vera jafnútbreitt eins og hér í Reykjavík. Og með því hafa menn eignazt ákaflega undursamlegt tæki til þess að geta notað sér þann boðskap, sem í kirkjunum er fluttur.

Ég vonast til þess, að það verði ekki lagt mér út til neins guðleysis eða virðingarleysis fyrir kirkjunni, þó að ég sé þeirrar skoðunar, að sú aðferð, að breiða út boðskap kirkjunnar gegnum útvarpið, komi fullkomlega að eins miklum notum eins og kirkjusókn; og ég álít, að hún komi að miklu betri notum. Skal ég svo ekki að öðru leyti ræða það frekar.

Ég vil því halda mig að því, sem ég hefi áður sagt, að þörfin á nýjum kirkjum hér í Reykjavík sé alls ekki eins mikil eins og sumir fylgjendur þessa máls vilja vera láta ... þá virðist mér þannig fyrir þessu séð, þó að ríkið þurfi ekki að leggja á sig neina aukna byrði í þessu efni. Og ég sé ekki, að nein brýn þörf sé á að fjölga kirkjunum, en ég viðurkenni fullkomlega, að ástæða sé til að fjölga hér prestunum.

Hitt atriðið er það, að enda þótt þörf væri á fleiri kirkjum hér, þá sé ég ekki annað en rétt væri, að þessi söfnuður, eins og aðrir söfnuðir, legði á sig byrðarnar, sem þarf til þess að koma upp kirkjum. Og það er næsta undarlegt í mínum augum, að á þessum tímum, þegar verið er að skera við nögl hér á Alþ. allskonar framlög til fullkomlega nauðsynlegra og óhjákvæmilegra bygginga, að vera þá með miklar ráðagerðir á prjónunum um annað eins og þetta. Ríkið hefir dregið úr sínu framlagi til endurbygginga í sveitum, og menn ættu að geta orðið sammála um það, að á öðrum byggingum er ekki eins mikil þörf eins og á endurbyggingu sveitabæja. Síðasta Alþ. gerði allmikinn niðurskurð á þessu fé, og nú hefir komið mjög til orða á Alþ., sem nú situr, að lækka enn þessi framlög frá því, sem verið hefir. Á sama tíma geta menn verið að ræða um annað eins og það, að safna í sjóð til þess að byggja kirkjur í kaupstöðum landsins.

Ég get ekki fellt mig við þetta, og það má hver virða það á hvern veg, sem hann vill. En ég tel ekki samræmi í þessum gerðum Alþ. Og það eru kannske ekki kirkjubyggingarnar einar hér í okkar landi, sem ríkið virðist vera óþarflega örlátt á fé til, og mætti þar e. t. v. nefna fleiri byggingar, en þessar kirkjubyggingar eru sérstaklega til umr. hér nú.

Þetta er afaróviðfelldið, að á sama tíma, sem Alþ. þykist knúð til þess að draga úr lífsnauðsynlegum byggingarframkvæmdum, þá sé verið með slíkar ráðagerðir sem þessar.

Ég veit ekki, hvort viðeigandi er að minnast á það hér, en oft hefir mér dottið í hug í sambandi við þá nauðsyn að byggja dómkirkju hér í Reykjavík, að það hefir verið hafin fjársöfnun í landinu í því skyni að byggja slíka kirkju til minningar um einn af okkar miklu kirkjumönnum, sem er Hallgrímskirkja. Það var eitthvað byrjað á að reisa þetta hús í sumar á Hvalfjarðarströnd, og til þess mun vera búið að safna allmiklu fé. Ég myndi álíta, að það væri í betra samræmi við kirkjulegan áhuga að verja þessu fé til byggingar kirkju hér í Reykjavík,

sem ætla má, að yrði betur sótt heldur en þarna í tiltölulega fámennri sókn, þar sem engar líkur eru til, að þessi stóra kirkja kæmi að verulegum notum.

Þarna er ein leið, sem benda mætti á, til þess að bæta úr þeirri þörf, sem Reykjavík kynni að vera á byggingu nýrrar kirkju.

Fleira mætti nefna, sem gæti komið til greina og mætti verða til þess að ríkissjóður þyrfti ekki að taka á sig þessa byrði, sem ég get ekki séð, að sé nein ástæða til eða réttlátt að hann taki á sig.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Bergur Jónsson: Mér hefði fundizt viðkunnanlegra, ef hæstv. forseti vildi bíða með þetta mál nokkra stund, því að það hlýtur að vera von á hv. 2. þm. Skagf., sem mun hafa kvatt sér hljóðs í málinu.

Forseti (JörB): Það er ekki hægt að fresta málinu fyrir það, að menn mæti ekki á fundi, og get ég því ekki orðið við beiðni hv. þm. Barð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 15:10 atkv.

Brtt. 198,1 samþ. með 16:12 atkv.

— 198,2 samþ. með 16:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 254).

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 310).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Árni Jónsson):** Herra forseti! Ég sé ekki ástæðu til að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Eins og nál. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 310, ber með sér, hefir orðið algert samkomulag í n. um afgreiðslu málsins. N. kvaddi til fundar við sig og viðtals biskup landsins, báða dómkirkjuprestana í Reykjavík og formann sóknarnefndar. Það kom fram í viðræðunum við þessa menn, að þeir höfðu sitthvað við frv. að athuga. Það var t. d. á það bent, að með því framlagi, sem lagt er til, og með þeim greiðslufresti, sem á framlaginu er skv. frv., dragist það óþarflega lengi, að kirkja komist upp hér í bænum, og ýmislegt fleira, sem ég hirði ekki um að telja upp, var fundið að frv. En þrátt fyrir það var það álit þessara manna, að mikil bót væri að frv. eins og það liggur fyrir, og ekki gerlegt, þar sem svo er áliðið þings, að gera á því breyt. og hrekja það á milli deilda.

Frv. þetta hefir áður legið hér fyrir í annari mynd, en var að þessu sinni sérstaklega undirbúið, þar sem hæstv. kirkjumálaráðh. hafði skipað þá herra Sigurgeir Sigurðsson biskup og Friðrik Rafnar vígslubiskup til þess að vinna að undirbúningi þess. Það er augljóst, að eins og mannmargt er nú orðið í Reykjavík, er ekki við bætandi þá skipun, sem er á þessum málum. Þegar dómkirkjan var byggð, var vel fyrir rúmi séð, þar sem ætlað var rúm fyrir 900 manns, en síðan hefir íbúatala bæjarins líklega tifaldazt.

Nú eru 3 prestar starfandi fyrir dómkirkjusöfnuðinn, og koma þá um 10 þús. safnaðarmanna á hvern prest, því að í dómkirkjusöfnuðinum eru um 30 þús. manns. Annarstaðar er talið, að í bæjum álíka stórum og Reykjavík sé ekki leggjandi meira á einn prest en að þjóna 5 þús. manna söfnuði, og eftir því ættu þjónandi prestar dómkirkjunnar í Reykjavík að vera sex. Í frv. er gert ráð fyrir að fjölga prestunum frá því, sem nú er, með þetta fyrir augum. Auk þess er gert ráð fyrir að fjölga kirkjunum. Eins og kunnugt er, er kirkjan aðeins ein, en í bæjum af líkri stærð og Reykjavík eru víða 10—12 kirkjur.

Eins og ég tók fram áðan, er enginn ágreiningur innan n. um frv., og vænti ég, að hv. deild taki því einnig vel og afgreiði það eins og hér er lagt til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2.—8. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 395).

35. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 5. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurður E. Hlíðar):** Herra forseti! Á síðastl. þingi bar ég fram frv. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. En það frv. var svo seint fram komið, að það náði ekki afgreiðslu, en var við 1. umr. vísað til sjútvn. En n. vannst ekki tími til að afgr. málið. Þess vegna hefi ég leyft mér að bera þetta frv. fram í sama formi og þá. Breyt. er í því fólgin, að 3. málsgr. 3. gr. l. orðist svo:

„Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).“

Í grg. frv. er tekið fram, af hvaða ástæðum frv. þetta er fram komið, og er það fyrst og fremst fyrir það, að sjávarútvegsmenn á Norðurlandi hafa hvað eftir annað farið fram á að fá þessa breyt. gerða að l. hér á þingi. Má og benda á, að fiskiþing Norðlendingafjórðungs, sem haldið var á Akureyri í nóv. síðastl., samþ. eindregna áskorun í þessa átt. Fiskiþingið, sem nú situr, mun vera með þetta mál á prjónunum, og það mun einróma álit þess að skora á hæstv. Alþ. að fá þessa breyt. gerða að l. Og frá slíkum mönnum, sem vit hafa á þessum málum, renna sterkar stoðir undir réttmæti þess.

Á Norðurlandi eru nokkur skip, sem falla í þann ramma, að þau eru bókstaflega útilokuð frá því að geta fengið vátryggingu, nema um algeran skiptapa sé að ræða. Ég skal benda á þrjú þessara skipa. Eitt er vátryggt í Sviþjóð, annað skipið er óvátryggt, en þriðja skipið er vátryggt með afarkostum. Þessi skip eru ekki notuð nema um síldveiðitímann, og liggja því venjulega 9 mánuði ársins án þess að þau séu notuð. Þess vegna er harðsnúið, að það skuli þurfa að vátryggja þau allt árið og fyrir fullum skiptapa, meira að segja þar sem ekkert tjón gæti komið til greina. Nú má segja, að það séu svo fá skip, sem um er að ræða, að ekki sé þörf á þessari breyt. En það kemur ekki málinu við, hvort það eru mörg eða fá skip. Það hefir verið horfið að því hér á landi að stækka skipin, og er talið nauðsynlegt, og með hverju ári hefir verið reynt að auka flotann með stærri skipum heldur en verið hefir, og það einkum eftir að farið er að stunda síldveiði meira en áður. Menn geta nú séð, að hér er um fullkomna sanngirniskröfu að ræða, og ég vona, að þetta mál fái góðar undirtektir hjá hv. þm.

Ég óska svo, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, 57, n. 108).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurður E. Hlíðar):** Herra forseti! Eftir að þessu máli hafði verið vísað til sjútvn., leitaði n. umsagnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Og að fengnum till. Samábyrgðarinnar samþ. n. að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem standa hér á þskj. 108, að aftan við 1. gr. bætist: en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 150 smál. brúttó að stærð, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.“

Þetta þótti Samábyrgðinni öruggara, þar sem rýmkunin nær nokkuð langt út fyrir þau takmörk, sem nú eru í 3. gr. Þetta ákvæði nær þó aðeins til þeirra báta, sem eru umfram þá stærð, sem tiltekið er í gildandi heimild.

Eins og hv. d. veit, hefir komið fram önnur brtt. frá hv. þm. Borgf. við 31. gr. frv., að í stað orðana „eitt ár“ komi: tvö ár — N. hefir athugað þetta, og álítur hún — og einnig er það álit Samábyrgðarinnar —, að þetta væri eðlileg og þörf breyt., og hefir því fyrir sitt leyti getað fallizt á þessa breyt. líka.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, því að það á að liggja nokkuð ljóst fyrir með þessum orðum og því nál., sem fyrir liggur.

***Pétur Ottesen:** Hv. frsm. sjútvn. hefir lýst hér yfir, að sjútvn. hafi gengið inn á þær breyt., sem ég ber hér fram við þetta frv., sem er um að lengja frestinn úr einu ári upp í tvö ár. Og þar sem n. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa athugað málið, að þetta væru réttmætar óskir, þá þykir mér ekki ástæða til að fara frekar út í þetta mál, því að sjálfsögðu verður hv. d. að taka afstöðu n. og athugun í þessu máli gilda fyrir réttmæti till.

ATKVGR.
Brtt. 108 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 57 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 19., 20., 21. og 22. fundi í Nd., 16., 18., 19. og 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 27. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 138, 151).

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég flyt 2 brtt. við þetta frv. Fyrri brtt. er um, að lögveð í skipum fyrir vátryggingargjaldi skuli ekki vara lengur en eitt ár. Það hefir komizt inn í frv., að það fyrnist ekki fyrr en eftir 2 ár, en slík regla skapar ósamræmi um lögveð í skipum. Vextir af veðlánum verða að lúkast á fyrsta ári og sjóveð verður líka að lúkast á fyrsta ári. Ég fæ

því ekki séð, hvaða gagn er að því að undanþiggja vátryggingargjöld frá þessu. Vátryggingargjöldin á þessum bátum eru svo há, að ef þau mega safnast fyrir í 2 ár áður en gengið er að þeim, þá myndi vafalaust lækka veðhæfi þessara skipa og þetta verða eigendunum frekar til ógagns en gagns, eins og búast má við, að innheimtan verði með þessu móti. Skip, sem er 70—80 tonn og þarf að borga 7—8 þús. kr. í vátryggingargjöld, stendur ekki vel að vígi, ef ekki er komið með fyrr en eftir 2 ár 15 þús. kr. lögveð í skipinu.

Það er fyrir tilmæli Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands, sem þessi till. er flutt.

Ég vænti þess, að það verði ekki gerðar miklar aths. við þessa till., því það er útgerðarmönnum eins hentugt og bönkunum, að slíkir rekstrarreikningar séu gerðir upp einu sinni á ári og sum gjöldin bíði ekki fram yfir þann tíma.

Hin brtt. er smávægileg, en hún er um það, að skipaeigendum sé gert mögulegt að leita úrskurðar um það, hver sé skyldur að taka að sér vátryggingu skipa, ef félögunum ber ekki saman. Það hefir komið fyrir, að bátur sökk óvátryggður vegna svona deilu, þar sem ekki hefir verið hægt að leita til eins aðila, sem kvæði á um það, hvar tryggingarskyldan væri.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég vænti þess, að ekki verði breytt þeirri reglu, sem staðið hefir um skeið, svo að vátryggingargjöldin hafi ekki lengri lögveð en margur annar útgerðarkostnaður, sem er jafnrétthár.

ATKVGR.
Brtt. 151,a samþ. með 18:1 atkv.
— 151,b samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 226).

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 226, n. 329).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Í raun og veru er ekki ástæða til að segja mikið um þetta litla frv. Það er gert ráð fyrir einni aðalbreyt. á l. um vátryggingu fyrir vélbáta, og er hún í því fólgin að heimila þessum félögum að taka báta til tryggingar, sem eru allt að 250 smálestir. Eins og vikið er að í nál., þá viðurkennir sjútvn. það rétta stefnu að vinna að því, að sem flest skip í fiskiflotanum verði tryggð í einu og sama vátryggingarfélagi. Hinsvegar eru þessi tryggingarfélög mjög ung og þeim komið á á þann hátt að lögleiða skyldutryggingu hjá öllum vélbátum. Af þessu hlýtur að leiða það, að þessi félagsskapur er mjög dreifður um allt landið, og hlýtur ennþá að vera nokkuð reynslulítill. Og má búast við, að misbrestur sé á, að menn geti haft fulla þekkingu og skilning á þessum málum. Þess vegna er það, að þó að n. leggi til, að þessar breyt. verði gerðar, finnur hún ástæðu til að taka fram, að hún lítur svo á, að velfarnaður tryggingarfélaganna velti afarmikið á því, að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sýni fullan skilning á þessum þrönga fjárhag félaganna. En reynslan hefir því miður orðið sú, þennan stutta tíma, sem þessi félög hafa starfað, að það hefir borið á því, að stj. Samábyrgðarinnar hefir ekki haft fullan skilning á því, að hér er með l. um bátatryggingarfélög verið að reisa við Samábyrgðina. Það hefir gengið svo með Samábyrgðina, að ástand hennar var orðið þannig, að félagið gat tæplega starfað. Þess vegna var þetta ráð tekið, að lögskipa að tryggja öll veiðiskip allt upp í 70 smál., og fyrirmæli sett um það, að hver verstöð skyldi vera sjálfstætt félag, sem skyldi vera skyldugt til þess að endurtryggja í Samábyrgðinni. Og með þessu var gert ráð fyrir því, að fengist trygging fyrir þeim grundvelli, sem Samábyrgðin verður eiginlega að byggjast á. Það hefir sem sé komið í ljós við reynslu Samábyrgðarinnar, að tjón á bátum, sem tryggðir voru þannig í Samábyrgðinni, var það mikið, að þó að iðgjöld hækkuðu um 8%, sýndi það sig, að hagur Samábyrgðarinnar fór sífellt versnandi. Nú hefir fengizt reynsla fyrir því hér á landi, að alveg sjálfstætt bátatryggingarfélag hefir blómgazt mjög vel þrátt fyrir það, þó að það hafi margfalt lægri iðgjöld heldur en Samábyrgðin þyrfti að taka. Þess vegna var það, að menn litu svo á, að það væri fólgin mikil trygging í því að stofna sjálfstæð félög, sem endurtryggðu í Samábyrgðinni, í sem flestum verstöðvum landsins.

Það er alveg ljóst, ef maður á að vænta þess, að þetta nái þeim árangri, sem maður gerði sér vonir um í fyrstu, að þá verður líka að gera þá kröfu til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, að hún skilji, hvað hér er verið að vinna. Hún má ekki koma hér fram eins og „forretnings"-maður, sem hugsar aðeins um það, að fá nægilega mikil iðgjöld til þess að fyrirtækið geti staðizt. Hún verður að finna til þeirrar ábyrgðar, sem er í raun og veru sú, að leiða hin smærri félög. Og eins og ég drap á áðan, hefir því miður borið á því, að Samábyrgðina virðist hafa brostið skilning á þessu hlutverki sínu.

Þá er í nál. vikið nokkuð að því atriði og því beint til ríkisstj., að gæta þess fyrst og fremst, að þeim reglum sé fylgt, sem l. Samábyrgðarinnar mæla fyrir um, og þessi tryggingarfélög fái kost á því að kjósa annan stjórnanda í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að þetta ætti að vera spor í áttina til þess, að sú samvinna, sem

æskilegt væri, að væri á milli þessara aðila, gæti átt sér stað.

Nú er svo háttað, að fiskveiðasjóður á hagsmuna að gæta vegna starfsviðs síns um nálega hverja fleytu í fiskveiðiflotanum, þannig lagað, að hann hefir lagt fram stofnlán, og ég fyrir mitt leyti lagði afarmikla áherzlu á, að þetta yrði gaumgæfilega athugað af hæstv. ríkisstj., því að mér er það ljóst, að ef svo fer, að þessi leið, sem valin var með því að stofna bátatryggingarfélögin, mistækist eitthvað ámóta og félag Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, þá er hér komið í stórt óefni. Og ég álít málið svo alvarlegt, að mér þykir miklu miður, að hæstv. ríkisstj. hefir ekki séð sér fært að vera við þessar umr. Hæstv. ríkisstj. hefir sjálfsagt talið málið svo litilfjörlegt, að hún þyrfti ekki að gefa því mikinn gaum. En ég tel, að hér sé á ferðinni mál, sem snertir sjávarútveginn mjög mikið, einkum þann smærri. Og þó að þessi lagabreyt. út af fyrir sig sé lítið atriði, þá er málið sjálft í heild sinni þannig lagað, að áreiðanlega er tími til kominn, að því sé gefinn gaumur, svo að ekki fari nú þannig, að þessi visir til trygginga, sem með bátatryggingarfélögunum hefir verið stofnaður, verði að engu og allt lendi í öngþveiti, eins og var áður en þessi tryggingarfélagsskapur var stofnaður. Því að það var ekki hægt að fá tryggingu fyrir sum tryggingarskyld fiskiskip, og sum ekki nema með þeim ókjörum, sem ekki var hægt við að una. En það hefir sýnt sig, að þessi bátatryggingarfélög, ef þeim er vel stjórnað, geta fært niður iðgjaldið um helming. Og miðað við fiskiskipaflota okkar, sem mun vera a. m. k. 260—270 skip, sem geta komizt undir þessi l., þá veltur ekki á litlu fyrir þá, sem eiga þennan flota og verða að tryggja hann árlega, að geta komið tryggingunni þannig fyrir, að iðgjöldin verði þeim ekki óbærileg, og auk þess, sem þeir með félagsskap tryggja það, að í framtíðinni verði hægt að fá enn betri kjör um tryggingar.

Ég vil sérstaklega benda á reynslu bátatryggingarfélagsins í Vestmannaeyjum, sem sannar okkur, að það er hægt að koma þessum tryggingum í gott horf, ef skilningur og þekking er til staðar. Það félag er orðið yfir 50 ára gamalt og getur nú veitt sínum viðskiptamönnum tryggingar fyrir svo lág iðgjöld, að við höfum aldrei þekkt slíkt annarstaðar. Og þó verðum við að játa, að Vestmannaeyjar er sú verstöð, sem ekki er hvað hættuminnst um tryggingar, heldur verður að telja hana með þeim verstöðvum hér á landi, sem hættulegastar eru.

Þær breyt., sem hér liggja fyrir á lögum um bátatryggingarfélög út af fyrir sig, gáfu ástæðu til þeirra aths., sem bæði komu fram í nál. og ég hefi nú sett fram við þessa umr.

Ég vænti þess, þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki hlustað á mál mitt, að þær bendingar, sem koma fram í nál., gefi henni tilefni til þess að athuga þetta mál. Og vil ég fyllilega treysta því, að hún sjái ástæðu til að taka að einhverju leyti til greina þær bendingar, sem öll sjútvn. Ed. hefir orðið sammála um.

Ég skal aðeins víkja að því, að það eru að vísu 2 smávægilegar breyt. við þetta frv. aðrar en ég hefi minnzt á, um það að hækka smálestatölu þeirra skipa, sem heimilt er að tryggja. Önnur breyt. er í raun og veru ekki nema orðabreyting. Breyt. á 6. gr. frv. er um það, að ef vafi leikur á því, hvar eigi að tryggja skipin, þá á Samábyrgðin að skera úr því. Þetta var það, sem vakti fyrir þeim, sem fjölluðu um málið á sinni tíð, en Samábyrgðin hefir talið sér það alveg óviðkomandi.

Ég ætla svo að láta þetta nægja, í því trausti, að þær bendingar, sem n. hefir gefið, verði teknar til velviljaðrar athugunar hjá hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 396).

---

36. Friðun arnar og vals.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um friðun arna (þmfrv., A. 202).

Á 22. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég sé, að frv. þetta er flutt af hv. allshn., en ég vona, að hv. n. vilji athuga það nánar milli umr., og vil ég skjóta hér fram nokkrum aths. um málið. Ég tel vafa, hvort ekki sé rétt að taka í frv. ákvæði um það, að leyfilegt skuli vera við ákveðin skilyrði að drepa erni. Ég veit til þess, að þeir geta sumstaðar verið mestu skaðræðisgripir. Árið 1929 verpti örn í varphólma í Barðastrandarsýslu. Ráðh. var þá símað og spurzt fyrir um það, hvað gera skyldi við örninn. Hann drap unga fyrir varpeigendum og flæmdi fugl burtu og kostaði 26 pund af dún, en um það rýrnaði dúntekjan miðað við árin á undan og eftir. Vorið 1929 drap örn 28 lömb fyrir bónda á Skógarströnd. Bóndi vissi, hvar örninn átti hreiður, en mátti ekki hreyfa við hreiðrinu. Árið 1934 drap örn milli 10 og 20 lömb frá Litlanesi á Barðaströnd. Ég veit ekki nema rétt væri að setja í l. ákvæði varðandi svona tilfelli, sem eru að vísu fá, þar sem leyft sé að ráða niðurlögum arnar, en annars sé hann ekki drepinn.

*Frsm. **(Sigurjón Á. Ólafsson)**: Allshn., sem flutt hefir málið, hefir að sjálfsögðu ekki rætt það nánar á fundi. **(BSt:** Að sjálfsögðu?). Já, það stóð svo á, að málinu var rétt nýlega útbýtt, svo að ekki hefir unnizt tóm til þess. Málið er einfalt. Um það er að ræða, hvort gilda skuli áfram l. um friðun arnar. Ég hygg, að sú skoðun verði ofarlega á baugi, að örninn sé svo merkilegur fugl, að hann beri að friða. Mikil hætta er á því, að honum yrði útrýmt á skömmum tíma, ef farið yrði að leyfa að drepa hann. Það er alltaf erfitt að búa til löggjöf, þar sem hlutirnir eru stundum leyfðir og stundum ekki. Ég býst við, að ef leyft væri að drepa örn undir vissum kringumstæðum, þá myndu menn alltaf geta búið sér til yfirskinsástæðu. Hér var uppi hliðstætt mál á þingi fyrir nokkru, þar sem lagt var til, að leyft yrði að drepa álftir. Ýmislegt getur mælt með því, en Alþ. hefir þó ekki viljað fallast á þá skoðun, að leyfa beri að drepa jafnfríðan og skemmtilegan fugl, og mér kæmi ekki á óvart, þótt svipuð skoðun yrði ofan á að því er örninn snertir, þó að hann geri stundum nokkurt tjón. Annars býst ég við, að n. taki þessa till. til athugunar milli umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, 253).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 253. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég hreyfði því við 1. umr. þessa frv., að ég teldi vafasamt, að rétt væri að friða erni eins takmarkalaust og gert væri ráð fyrir í þessu frv. Eftir að ég hafði talað við allshn. og vissi, að hún kæmi ekki með neinar brtt. við þetta frv., hefi ég í samráði við hv. 5. landsk. borið fram tvær brtt. við frv., á þskj. 253, en þar er þó ekki eins langt gengið og ég hefði e. t. v. haft dálitla tilhneigingu til. Þar er ekki gengið lengra en svo, að ef örn verpur í friðlýstu varplandi eða eyðir mjög æðarvarpi, getur sá, er fyrir tjóninu verður, snúið sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra, er þá hefir heimild til að veita undanþágu frá banni friðunarl. og leyfa viðkomandi manni að gera þær ráðstafanir, sem hann telur heppilegar til þess að varplandið eyðileggist ekki. Lengra er ekki farið í þessari brtt., og nær hún þess vegna svo skammt sem unnt er. Það er alls ekki hægt að ætlast til þess, að varpeigendur verði aðgerðalausir gagnvart þeim usla, sem örninn gerir þegar hann leggst á varplönd þeirra, sem sérstaklega hefir borið við á Breiðafirði. Ég hefi frétt um tvö ný þesshättar tilfelli, annað frá Hrafnsey í varplandi þar. Þessi dæmi eru alltaf að koma fyrir, og ég tel alls ekki fjarri lagi, að slíkt geti gerzt. Ég tel það líklegt, að allir arnarvinir, sem vilja friða hann og láta honum fjölga, geti þó orðið sammála um það, að réttindi einstakra manna, sem eiga varplönd, séu meira virði en fjölgun arnarins, þegar um það er að ræða, að ernir eyðileggja fyrir þeim mikil verðmæti.

Í þessum brtt. er ekki minnzt á að taka upp neinar ráðstafanir gegn því, að ernir leggist á fé manna. Það er erfitt að sanna það, en þó veit ég um einn bónda á Skógarströnd, sem hefir misst 20—30 lömb, og sá, að örn tók nokkur þeirra. En mikill vafi leikur á því, hvaða örn það var, og hvar hann hefir átt hreiður sitt, enda þótt bóndi teldi sig vita það. Enda þótt ég telji mjög vafasamt, hvort örninn ætti ekki að vera ófriðhelgur fyrir lambadráp, hefi ég ekki gert neina till. þar að lútandi.

Síðari brtt. á þskj. 253 er um það, að fyrirsögn frv. verði: friðun arnar, — en ekki „arna". Þetta er ekki stórt atriði, en samt þótti mér fara betur á því, að frv. yrði samþ. með þeirri breyt., er felst í brtt. á þskj. 253,2. Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vona, að þessar brtt. fái greiðan framgang hér í d., því að þær eru svo sanngjarnar, að ég tel ekki hægt fyrir hv. þm. að vera á móti þeim.

*Frsm. **(Sigurjón Á. Ólafsson)**: Fyrri flm. brtt. á þskj. 253, hv. 1. þm. N.-M., gat þess, að allshn. Ed. hefði ekki viljað gera neinar breyt. á þessu frv., og var sú ástæða, að því er hv. flm. upplýsti, fyrir því, að hann bar þessar brtt. fram, að allshn. vildi ekki bera þær fram ásamt honum, eins og hann talaði um. Ég skal játa það, að þessi till. er mjög varfærnislega orðuð, og af henni gæti varla stafað hætta, þar sem það er á valdi lögreglustjóra í hvert sinn, hvort mönnum er heimilt að drepa örn eða ekki. Ég býst við, að reynslan hafi orðið sú, þegar örn hefir gert tjón í varplöndum eða drepið unglömb, að þá hafi friðunarl. hreint og beint ekki verið fylgt í öllum tilfellum, og það muni líka verða svo í framtíðinni. Þó að slíkt kæmi fyrir af þessum ástæðum, er ekki mikil hætta á, að menn yrðu látnir sæta sektum fyrir það.

Annars hefir mér verið skýrt svo frá af náttúrufróðum mönnum, að örninn verpi aldrei í varplandi, og mönnum, er þykjast þekkja vel til um hagi arnarins. Ef það skyldi vera rétt, þá lítur út fyrir, að það myndi ekki oft koma fyrir, að örn gerði tjón í varplandi, og þess vegna væri rétt, að brtt. á þskj. 253 yrði samþ., enda þótt allshn. þætti ástæðulaust að bera fram brtt. um það efni.

Aftur á móti vil ég segja nokkur orð um síðari brtt. á þskj. 253, því að ég er mótfallnari henni en hinni fyrri. Ég vil skjóta því atriði til þeirra manna, sem málfróðir eru, hvort „arna" sé ekki réttara en „arnar". Mér skilst, að myndin „arna" eigi þar að vera, og ég vil heyra álit hinna málfróðu manna hér í d. um það, hvort svo muni vera.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hefi ekki spurt málfróða menn um það atriði, sem hv. 2. landsk. minntist síðast á, en ég vil aðeins benda á það, að það hefir verið venja í lagamáli að nota eignarfall eintölu um fugla, t. d. ófriðun svartbaks, friðun rjúpu; og þess vegna tel ég réttara að nota sömu mynd hér eins og almennt hefir verið notuð, og auk þess tel ég það heldur fallegra þarna.

Hv. 2. landsk. sagði, að örn verpti aldrei í varplandi. Það getur þó komið fyrir. Ég get gefið þær upplýsingar, að síðastl. vor verpti örn í varplandi Háskóla Íslands, þ. e. a. s. eyju, sem háskólinn á. Það hefir komið mjög oft fyrir á Breiðafjarðareyjum, að örn hafi orpið þar, einkum áður fyrr, meðan örninn var algengur, og þá hrakti hann æðarfuglinn mjög úr eyjunum, og það getur komið fyrir aftur, því að búast má við, að honum fari að fjölga þegar hann er friðaður. En sem sagt, þegar það kemur fyrir, er ekki nema eðlilegt, að varpeigendur reyni með einhverju móti að eyða erninum, þegar lífsbjörg þeirra er í voða, og það væri miklu betur viðeigandi, að menn þyrftu ekki að brjóta l. til þess. Enda þótt venjulegast verði engir til að kæra slík lögbrot, virðist þó vera rétt að gera þessa undantekningu. Ég geri ráð fyrir, að lögreglustjórar fari ekki illa með þessi ákvæði og þeir leyfi ekki þessa undanþágu nema full þörf sé til.

Ef Alþ. samþ. að þessu sinni l. um friðun arnar, þá held ég, að réttara sé að samþ. brtt. á þskj. 253 en að fella hana.

***Magnús Gíslason:** Allshn. hefir flutt þetta frv. eftir beiðni hæstv. forsrh., því að samkv. gildandi l. var friðunartíminn útrunninn 1. jan. 1940. Allshn. er þeirrar skoðunar, að nú þegar sé orðið svo lítið um þennan fugl, að nokkur hætta sé á því, ef hann verður ekki friðaður áfram, að honum yrði algerlega útrýmt. Hinsvegar var n. ljóst, eins og kom fram við 1. umr. þessa máls, að þetta yrði nokkuð hart fyrir þá, sem verða fyrir búsifjum af völdum arnarins, eins og hv. 1. þm. N.-M. lýsti hér yfir. Hann tók það fram, að ýmsir bændur hefðu beðið fjártjón af völdum arnarins. Það getur komið til álita, hvort ekki er rétt, þegar slík friðunarl. eru sett, að láta hið opinbera taka á sig skaðabótaskyldu gagnvart þeim, sem fyrir slíku tjóni verða. En þá kemur það til greina, að það er oftast erfiðleikum bundið fyrir hlutaðeigendur að sanna, að tjón það, er þeir hafa orðið fyrir, sé af völdum arnarins. Af þessum ástæðum mun það hafa verið, að n. taldi þýðingarlaust að setja slík ákvæði í l.

Ég er þeirrar skoðunar, að það muni sjaldan koma fyrir, að örn verpi þar, sem æðarvarp er; þó er mér sagt, að dæmi um slíkt séu til hér á landi. En ég held ekki, að svo mikil brögð *séu að því, að mikil hætta sé í því fólgin,* þó að brtt. á þskj. 253 yrði samþ. Þó gæti það e. t. v. orðið til þess, að slík friðunarl. næðu ekki tilgangi sínum og kæmu eigi að fullum notum, ef menn yrðu í hverju tilfelli að leita til viðkomandi lögreglustjóra og krefjast þess, að hann gerði ráðstafanir til þess, að örninn yrði ekki friðaður. Það væri e. t. v. heppilegra að láta þetta ekki vera komið undir áliti lögreglustjóra, heldur að ráðh. skyldi á hverjum tíma úrskurða, hverjum mætti veita undanþágu frá ákvæðum l., þannig að lögreglustjóri þyrfti að bera það undir hlutaðeigandi ráðh., hvort slík heimild yrði veitt. Ég tel það tryggara heldur en að láta það einungis vera komið undir áliti lögreglustjóra. Ef hægt væri að koma slíkri breyt. inn í frv., vildi ég fyrir mitt leyti, að hún fælist í brtt. á þskj. 253.

ATKVGR.
Brtt. 253 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 202, 253, 268).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Brtt. sú, sem útbýtt hefir verið hér í d. á þessum fundi, er á þskj. 268 og er að mestu leyti shlj. brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. og hv. 5. landsk. á þskj. 253. Breyt., sem gerð er í brtt. 268, er sú, að í stað lögreglustjóra er það ráðh., sem hefir heimild til að veita þá undanþágu, sem gert er ráð fyrir á þskj. 253, sem sé ef örn leggst á æðarvarp og eyðir því, má ráðh. heimila mönnum að gera ráðstafanir til að verjast tjóni af hans völdum. Allshn. hefir eftir nánari athugun á málinu flutt brtt. á þskj. 268 og mælir með því, að hún verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Enda þótt mér þyki þessi breyt. sízt til bóta, sem sé að ganga alveg framhjá viðkomandi lögreglustjóra, sem hefir staðarkunnugleika í þessum málum og viðkomandi maður getur oftast náð fljótt til, en láta í þess stað slík mál fara til ráðh. hér í Reykjavík, sem enga kunnugleika hefir á þessum málum, þá mun ég sætta mig við, að hún verði samþ., frekar en að sætta mig við það, að brtt. á þskj. 253 verði felld. En ég bendi n. á það, að þetta má kalla að koma aftan að manni, því að þegar farið var fram á það við mig í gær, að ég tæki till. mína aftur til 3. umr., gerði ég það í þeirri von, að *samkomulag næðist um* till., og mér hefði þótt sanngjarnt að leggja til, að lögreglustjóri ætti að veita slíka heimild í samráði við ráðh. En eftir brtt. á þskj. 268 er *ekki ætlazt til þess, að lögreglustjóri komi neitt* nálægt þessum málum, heldur á ráðh. einn að úrskurða þar um samkv. bréflegum upplýsingum, og slíkur úrskurður kemur ekki fyrr en *eftir dúk og disk til viðkomandi manns.* Ég tel, að þessu frv. hafi verið breytt hjá allshn. til hins verra frá því, er ég tók brtt. mína aftur.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skil ekki í þeirri óánægju, sem kemur fram hjá hv. 1. þm. N.-M. út af þessu. Ég varð ekki annars var en að hann væri sammála hv. 11. landsk., þegar hann kom með þá till., að úrskurðarvaldið í þessum efnum skyldi vera í höndum ráðh. Enda sé eg ekki muninn á þessari till. og till. hans, því að þótt ekki sé minnzt á lögreglustjóra í brtt. á þskj. 268, þá hlýtur ráðh. eðlilega að leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og fara eftir till. hans í flestum tilfellum. Vitaskuld mun sá maður, sem fyrir búsifjum verð-

ur af þessum sökum, snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra, og hann sækir um heimild frá ráðh. Ég get ekki skilið óánægju hv. 1. þm. N.-M. út af því, að ráðh. fái vald til að gefa endanlegan úrskurð í þessum málum, og ég skil ekki í öðru en að þessi hv. þm. sætti sig við það. Svo skal ég ekki fjölyrða frekar um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 268 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 253,1, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 253,2 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSn, HermJ, JJ, MJ.
nei: SÁÓ, ErlÞ, IngP.
BSt, BrB greiddu ekki atkv.
3 þm. (EÁrna, JJós, MG) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um friðun arnar.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 278).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 318).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Þetta mál hefir verið til athugunar í allshn., sem hefir orðið ásátt um að mæla með því, að ernir séu friðaðir. En hún gerði þá breyt. á frv., að þar komi einnig ákvæði um friðun valsins. Þessi fugl hefir verið þjóðarstolt, ef svo mætti að orði kveða. Hann var friðaður þar til 1930, og eftir því sem ég hefi fengið upplýsingar um, þá hefir síðan verið eytt mjög miklu af þessum fugli, sérstaklega ungum hans og eggjum. Mér skilst, að ekki muni stafa sú hætta af þessum fugli, að rétt sé að koma í veg fyrir útrýmingu hans í tæka tíð. Þess vegna væri æskilegt að friða valinn þann tíma, sem frv. ákveður um friðun arnar. N. hefir einnig breytt ákvæði 2. gr. á þá leið, að ef valur eða örn verpi í friðlýstu varplandi, þá sé ráðherra heimilt að gera ráðstafanir til að verjast tjóni af völdum þeirra.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég er hv. allshn. þakklátur fyrir, að hún hefir tekið upp í frv. þetta ákvæði um friðun fálkans. Þegar ég kom á þing fyrir 3 árum, gerði ég einmitt fyrirspurn um það, hvað liði friðunarmálum fugla. Ég fékk þær upplýsingar, að almenn friðunarlög væru á döfinni. En ég mundi fá alveg sama svar nú og fyrir 3 árum, að enn væru í undirbúningi friðunarlög fyrir fuglalíf landsins.

En úr því að hér er komið fram í frv.-formi friðunarákvæði um örninn, fannst mér líka rétt að skjóta inn í ákvæði um friðun valsins. Mér er kunnugt um það, að einmitt valnum fækkar mjög ört á síðari árum. Þar, sem ég þekki til á Norðurlandi, hefir honum fækkað óvanalega mikið á síðustu 10 árum, og er einkum ungaráni um að kenna. Fálkaungum hefir verið rænt og þeir til skamms tíma verið seldir til útlanda. Auk þess hefir mönnum leyfzt að veiða lifandi fálka, og ekki eru nema 2 ár síðan Þýzkaland sendi hingað leiðangur til þess að veiða lifandi fálka. Þetta er þjóðfugl Íslendinga, og ekki lítið metnaðarmál fyrir okkur, að þessi merkilega fuglategund fái að hafa einhverja möguleika til að lifa. Þess vegna er ég þakklátur hv. allshn., að hún hefir tekið þetta ákvæði upp í frv., og mæli hið bezta með því.

ATKVGR.
Brtt. 318,1 samþ. með 16:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 318,2 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 318,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um friðun arnar og vals.

Á 30. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 331).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég var ríðinn við afgreiðslu þessa máls á sínum tíma og líkaði ekki allskostar, hvernig hún varð. Nú hefir Nd. sett inn í frv. friðunarákvæði um val, svo að hann sé friðaður á sama hátt og örninn. Ég gat þess við umr. hér um daginn, að ég gæti sætt mig við þau ákvæði 2. gr., að ráðh. sé heimilt að gefa mönnum heimild til að friða varplönd sín fyrir þessum ránfuglum, ef þeir leggjast á þau, en mér finnst hinsvegar, að lágmark sektarinnar, 500 kr., sé óhæfilega hátt sett, þegar það á að ná bæði til vals og arnar, þegar líka á það er litið, að menn verða alltaf að leita til ráðh. í hvert skipti, sem þeir kunna að þurfa að friða eign sína gegn þessum vargi. Til þess að gera ekki ósamkomulag mun ég bera fram skrifl. brtt. um, að í staðinn fyrir 500—1000 kr. komi 100—1000 kr., svo að ef seinlega

gengur að ná í ráðh., ef örn eða fálki leggst á varp, þá þurfi það ekki að kosta meira en 100 kr., þó að menn geri ráðstafanir til að friða varpið og neyðist til að drepa varginn þrátt fyrir lagabannið.

Ég vil svo afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. og vona, að hv. d. geti fallizt á hana.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, hefir þetta frv. tekið þeim breyt. í Nd., að samkv. því er nú valurinn friðaður ásamt erninum. Valurinn mun hafa verið ófriðaður síðan 1930. Allshn. hefir athugað þetta og komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að fallast á þessa breyt. Um það hefi ég svo ekki meira að segja. En viðvíkjandi framkominni brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. get ég ekki sagt neitt f. h. n., því að till. hefir ekki legið fyrir henni, en ég segi fyrir mig, að ég tel hana ekki svo þýðingarmikla, að rétt sé fyrir hana að fara að hrekja málið enn á ný milli d. Í frv. er sektin við að brjóta l. 500—1000 kr., og ég hygg, að það sé sett með það fyrir augum, að nokkuð strangt aðhald sé á mönnum um að brjóta ekki l. En mér skilst, að það muni ekki verða tekið eins strangt á því hjá þeim mönnum, sem þurfa að drepa örn til þess að friða varpland sitt, og tel ég það því enga afsökun. Það er líka fljótlegt að síma til Reykjavíkur, ef þarf að fá úrskurð ráðh. um slíkt mál. **(BSt:** Ráðh. er nú ekki alltaf við). Ég mun því greiða akv. á móti þessari brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 376) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Það er aðeins í sambandi við skrifl. brtt., sem hér var verið að boða. Mér finnst hún eiga fyllsta rétt á sér. Mér finnst, að ef til þess kæmi, að menn neyddust til að verja varp gegn þessum ránfuglum, þá sé þetta ófærlega hátt lágmarksákvæði. Mér finnst það ekki mega vera hærra en 100 kr., og yrði það auðvitað aðeins látið gilda þar, sem sérstaklega stæði á, en ef þessir fuglar væru drepnir að nauðsynjalausu, væri hægt að fara svo nærri hámarkinu sem þurfa þætti. Ég mun því hiklaust greiða atkv. með skrifl. brtt. og vil ráða öllum hv. þdm. að aðhyllast hana.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir, hvað vakti fyrir mér með að koma með þessa brtt. Það er það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er upphaflega aðeins miðað við örninn. Í þeim l., sem áður giltu um friðun arnar, var sektin ákveðin allt að 500 kr. Svo er valnum skotið inn í í Nd., en sektarákvæðin látin standa óbreytt. Sekt fyrir að drepa val var, ef ég man rétt, 80 eða 90 kr., en þess hefir ekki verið gætt í Nd., þegar valnum var bætt inn í, að setja sérstök sektarákvæði viðvíkjandi honum, heldur látin sömu ákvæði gilda um hann eins og örninn. Þetta er ekki rétt, eins og allir hljóta að viðurkenna, sem vilja líta sanngjarnlega á þetta mál. En nú er svo langt um vík að lagfæra þetta, að ég sé ekki annað hentara en að hafa rammann svo rúman, að hægt væri að hafa sektirnar hæfilegar, og þó verða sektarákvæðin fyrir að drepa val hækkuð frá því, sem var, meðan hann var friðaður.

ATKVGR.
Brtt. 376 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, IngP, JJ, MJ, EÁrna.
nei: SÁÓ, ErlÞ, MG.
5 þm. (ÁJ, BSn, BrB, HermJ, JJós) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 15. fundi í Sþ., 8. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 378).

Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 433).

37. Verðlag.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um verðlag (þmfrv., A. 140).

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Frv. þetta er, eins og sést af grg., flutt af allshn. eftir ósk hæstv. viðskmrh. Frv. fjallar um það, að fella saman l. frá 1937 um verðlag á vörum og breytingar, sem á þeim l. voru gerðar 1940. 1. gr. frv. byrjar eins og í l. frá 1937, en svo koma nýmæli, sem þar eru sett í samræmi við það, að verðlagsn. hefir í Lögbirtingablaðinu auglýst reglur um verðlag, sem vafasamt er annars, að heimilt sé eftir núgildandi l. Svo eru sett ákvæði um, að n. sé heimilt að ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap o. s. frv. Í 3. gr. frv. er það nýmæli, að ríkisstj. getur skipað eftirlitsn. verðlagsn. til aðstoðar á hinum einstöku verzlunarstöðum landsins, og er þetta í samræmi við ákvæði um verðlag, er grannþjóðirnar hafa sett hjá sér. 7. og 8. gr. hafa inni að halda ný ákvæði, en þau eru í samræmi við löggjöf grannþjóðanna. Aftan við frv. er prentaður útdráttur úr dönskum, norskum og enskum verðlagsákvæðum. Í upphafi 9. gr. eru ákvæði, sem tekin eru úr bráðabirgðal. frá árinu 1939, en síðan eru ákvæði, sem eiga að tryggja, að ekki verði hægt að fara óhæfilega langt í verzlunarálagningu án tilefnis af auknum kostnaði.

Yfirleitt má segja, að með þessu frv. sé verðlagseftirlitið gert tryggara, án þess að þröngvað sé kosti hlutaðeigenda fram úr hófi.

*Finnur Jónsson: Þetta frv. er sjálfsagt að ýmsu leyti til bóta, en mér virðist þó 9. gr. geta verið að ýmsu leyti varhugaverð, þar sem heimilað virðist vera að leggja framvegis á vörur sama hundraðshluta og fyrir 1. sept. 1939. En síðan hafa vörur hækkað mjög í verði, og því hlýtur álagning, sem nemur sama hundraðshluta, að færa þeim, er með vörurnar verzla, meiri ágóða en áður. Það er viðurkennd nauðsyn að halda vöruverðinu niðri. Það hafa verið samþ. l. um, að ekki megi hækka kaup nema í samræmi við aukningu dýrtíðar, eða tæplega það, og því er óeðlilegt að leyfa kaupmönnum og heildsölum að leggja á vörur sínar sama hundraðshluta og áður. Vera má, að fyrsti málsl. 9. gr. dragi nokkuð úr þessu, en það er ekki nógu skýrt, sem þar er sagt. Vil ég skjóta því til hæstv. viðskmrh. að taka þetta ákvæði til athugunar. Hann mun vera mér sammála um það, að ekki er rétt, þegar verið er að reyna að koma í veg fyrir dýrtíðaraukningu, að leyfa að leggja á vörur sama hundraðshluta og áður, þegar verð þeirra er sjálft hækkað um mörg hundruð prósent.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þm. Barð. gerði grein fyrir, eru í þessu frv. nokkru nánari ákvæði um verðlagseftirlit en í núgildandi l., og eru breytingarnar þó ekki mjög miklar. Um 9. gr., sem hv. þm. Ísaf. minntist á, er það að segja, að þeirri gr. er aðeins ætlað að ná til varnings, sem ekki hafa verið sett um ákvæði um hámarksálagingu eða hámarksverð, Það er misskilningur hjá hv. þm., að hér sé aðalreglan sú, að leggja megi á sama hundraðshluta og áður. Það er bannað að hækka hundraðshluta álagningarinnar frá því, sem var fyrir ófriðinn, en þessu á að haga svo, að nettóágóðinn verði ekki vegna verðhækkunarinnar meiri að upphæð en áður var við sölu á sama vörumagni, að viðbættu álagi, sem teljast verður hæfilegt vegna aukinnar áhættu og kostnaðar. Ástæðan til þessarar breyt. er sú, að ef aðeins stæði í l., að bannað væri að hækka hundraðshl., þá er hætt við, að verzlanaeigendur litu svipað á og fram kom hjá hv. þm., að þetta gæfi þeim grundvöll til að halda sér við svipaða hundraðstölu og áður var, og til þess að það komi fram, að það er ekki tilgangur löggjafarvaldsins að leggja áherzlu á, að þeir skuli halda sínum hundraðshluta, er þetta ákvæði sett í frv. Nú getur verið álitamál, hvort þetta ákvæði skuli standa eða ekki. T. d. stendur þetta ákvæði ekki í ensku verðlagsl., og virðist sem þau heimili aðeins verðhækkun sem samsvarar raunverulegri hækkun á kostnaðarverði og auknum dreifingarkostnaði. En í dönsku l. er það vitalaust, þó að vöruverð sé hækkað nokkuð fyrir aukinni áhættu. Það ætti því að vera á valdi dómara að ákveða í hvert sinn, hvort of langt er gengið. Loks nær þetta aðeins til vörutegunda, sem n. sér sér ekki fært að skipta sér af. Breytingin er gerð til þess, að menn geti ekki borið fyrir sig, að samkv. l. sé til þess ætlazt, að þeir haldi sömu hundraðsálagningu og áður en stríðið brauzt út. Ég held því, að þetta sé til bóta, því að í því felst talsvert aðhald. Eina breytingin, sem ef til vil mætti gera á gr., væri sú, að strika út ákvæðið um, að taka megi tillit til aukinnar áhættu við vöruálagningu, en ég held þó ekki, að það væri rétt.

*Finnur Jónsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir skýringar þær, er hann hefir gefið. Ég held þó enn, að fyrri og síðari hl. 9. gr. stangist á. Í fyrri hl. gr. segir, að bannað sé að hækka hundraðshluta álagningar fram yfir það, sem tíðkaðist fyrir 1. sept. 1939, en í síðari hl. segir, að þessu eigi að haga svo, að nettóágóði vegna verðhækkunarinnar fari ekki að upphæð fram úr því, sem tíðkaðist fyrir stríð, að viðbættu hæfilegu álagi vegna aukinnar áhættu og kostnaðar við sölu eða framleiðslu vörunnar. Þetta finnst mér ekki geta staðizt. Mér finnst þetta tæplega geta borið sig með þeirri vöruhækkun, sem nú er í landinu, þó að álagningin sé sú sama og áður. Ég er viss um, að hægt er að fara aðra hvora af þessum leiðum. Má vel vera, að nokkuð mætti breyta orðalagi þessarar gr., en eins og hún er orðuð nú getur þetta varla staðizt.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Ísaf., að það standi í fyrri hluta gr., að leyfilegt sé að halda sömu prósentálagningu. En þar stendur, að bannað sé að hækka hundraðshluta álagningar og hún megi ekki vera hærri en áður, þannig að nettóágóðinn verði ekki of hár.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 25. og 26. fundi í Nd., 29. og 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 140, 283).

*Frsm. (Bergur Jónsson): Það var tekið fram í grg. frv. og lýst yfir í framsögu við 1. umr., að allshn. mundi athuga frv., en ekki hefir orðið úr því, að nál. yrði skilað, þangað til nú, við 3. umr., að brtt. okkar liggja fyrir á þskj. 283. Þar eru sex brtt. 1. brtt. er umorðun á 2.—3. málsl. 1. málsgr. 1. gr., en efni greinarinnar er eiginlega óhaggað fyrir því. 2. og 3. málsl. eru á þá leið, að ríkisstj. megi heimila verðlagsnefnd að setja reglur um verðlag umfram það, sem segir í 1. málsl. gr., og taki heimild þessi einnig til taxta á viðgerðum, smíði, saumaskap o. s. frv., ef slíkir taxtar komi fram í sambandi við álagningu á efnivör-

ur og vinnulaun. En réttara þótti að orða þetta svo, að ríkisstj. setti reglurnar, að fengnum till. verðlagsnefndar.

Þá er lagt til að fella burt 8.—9. gr. og 2. málsgr. 11. gr. — 8. gr. er þýðing úr norsku lögunum um þetta efni, en virðist óþörf hér. 9. gr. þykir ekki heldur þörf á að láta standa, og 2. málsgr. 11. gr. virðist felast í 1. málsgr. hennar. Svo er breytt um dagatal, að í stað 8 daga, sem verðhækkun verði að bíða, frá því að verðlagsnefnd er tilkynnt um hana, komi 4 dagar, og loks aðeins sú leiðrétting í 15. gr., að fara skuli með brot þau eftir ákvæðum almennra hegningarlaga, ef rangar skýrslur eru gefnar.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og hv. frsm. tók fram, leggur n. til, að 9. gr. falli niður. Hinsvegar leggur hún til að heimila í 1. gr. ríkisstj. að setja almennar reglur um verðlag eða álagningu og gerir orðalagið þar nokkru ótvíræðara en var í frv. Get ég því fallizt á þá till., að 9. gr. falli niður.

Thor Thors: Eins og hv. frsm. tók fram við 1. umr., að ég hygg, er mál þetta komið til allshn. frá hendi hæstv. viðskmrh. Hann lagði talsvert kapp á að fá n. til að flytja frv. fyrir hans hönd, enda þótt n., eða a. m. k. nokkrum hluta hennar, þætti það ekki nógu vel undirbúið og langt frá því, að t. d. orðalag væri viðunandi. Ég hefði talið eðlilegast, að hæstv. ráðh. hefði borið frv. undir ríkisstj. í heild, áður en hann lagði fyrir n. að flytja það, en hann mun ekki hafa gert það. Nokkur ákvæði frv. eru harkaleg og óþörf og sérstaklega til þess fallin að vekja tortryggni og andúð. Þetta hefði mátt laga, ef frv. hefði verið athugað af ríkisstj. í heild. Ákvæði þau, sem ná til taxta iðnaðarmanna, hafa þegar vakið skörp mótmæli. Þar með telja iðnaðarmenn, að Alþingi ætli nú að leyfa verðlagsnefnd að ákveða kaupgjald þeirra, en það hefir það ekki gert með gengisskráningarlögunum, og þykir iðnaðarmönnum sér sýndur með þessu hinn mesti ójöfnuður, samanborið við ýmsar aðrar stéttir. Um slíkt má vitanlega deila nokkuð, hver stéttin verði harðast úti. Hagnaður kaupsýslumanna er líka ákveðinn með lögunum um verðlag, er ákveða hámarksálagningu. Ég hygg því fjarri fara, að iðnaðarmannastéttin sé lögð í einelti, þótt þetta verði samþ. Og fyrir mitt leyti hefi ég getað fallizt á, að ríkisstj. sé heimilað að ákveða um taxta iðnaðarmanna í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun. Breytingar n. miðast annars við það að draga úr því, sem harkalegast er í frv. Við töldum 8. gr. óþarflega stranga og óþarfa og 9. gr. í enn ríkara mæli. Leggjum við því til, að þær falli burt. Við teljum, að ríkisstj. hafi eftir sem áður nægilega heimild til allra ráðstafana, sem þörf er á. Hæstv. viðskmrh. mætti á fundi n. og lýsti yfir því, að þegar verðlag verði sett, skuli einnig nokkurt tillit verða tekið til þess, ef umsetning einstakra vörutegunda rýrnar verulega vegna breytts verzlunarástands, og afkoma einstakra kaupsýslumanna á þann hátt ekki gerð mun örðugri en fyrr.

Þetta mál er í eðli sínu aðeins einn þáttur verzlunarmálanna, sem talsverður ágreiningur hefir verið um. Ég teldi eðlilegt, að hv. Ed. tæki það til rækilegrar meðferðar, og þá sérstaklega afstöðu þess til annara mála, sem fyrir liggja á verzlunarsviðinu.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir að vera sakaður um að hafa ekki farið með þetta mál eins og ástæða var til. Ég get upplýst, að þetta mál bar ég undir alla ríkisstj., og þar varð að samkomulagi, að ég bæri það til allshn. til flutnings á Alþingi. Svo mörg mál lágu þá fyrir ríkisstj., að ekki var tóm til að ræða frv. ýtarlega. En aðfinnslur hv. þm. um þetta eru óþarfar. Þá taldi hann sum ákvæði frv. sérstaklega til þess fallin að vekja tortryggni og andúð. Þetta held ég eigi við lítil rök að styðjast, enda hafa allir nm. í allshn. getað fallizt á áhvæði frv., með þeim breyt., sem lagt er til í nál. á þskj. 283. Þar haldast öll þau ákvæði, sem mestu máli skipta, m. a. þau, sem snerta iðnaðarmenn. Ákvæði 9. gr. voru svo vægilega sett, að þau gengu skemmra en í nálægum löndum, nema Danmörku, þar sem þau eru eins eða hliðstæð. Það má því segja, að 1. gr. veiti nægа heimild í stað 9. gr., svo að hér sé ekki um mikla efnisbreyting að ræða hjá n. Og viðurkennt mun verða, að andúðin gegn frv., eins og n. gengur nú frá því, sé ekki rökstudd. Til viðbótar öðrum varnöglum frv. tók ég fram á fundi n., að tillit mundi verða tekið til þess við ákvæði um álagningu, ef umsetning vörutegunda minnkaði af óviðráðanlegum orsökum, og mun ríkisstj. sjá til þess, að svo verði gert.

Það er ekki rétt, að frv. sé illa undirbúið. Bak við það liggur nokkurra mánaða starf verðlagsnefndar og rannsóknir, sem í sambandi við það hafa verið gerðar, og athuganir á slíku fyrirkomulagi í fjórum nágrannalöndum okkar. Hitt er annað mál, að orðalag gæti orðið betra.

Ég vona, að hv. þdm. geti fallizt á að samþ. frv. með breyt., sem samkomulag er um milli mín og n.

Thor Thors: Atvmrh. og fjmrh. hafa báðir tjáð mér, að þeir hafi verið ókunnugir þessu frv. unz það var lagt fyrir Alþingi. Hæstv. viðskmrh. getur haft sína skoðun á því máli, hvort ástæða sé til andúðar gegn frv. En sannleikurinn er sá, að komið hefir upp meir en lítil óánægja með það hjá flestum þeim, sem eiga atvinnu sína að einhverju leyti undir ákvæðum þess. Honum hlýtur að vera kunnugt álit það, sem bæði Verzlunarráð Íslands og Landssamband iðnaðarmanna hafa látið í ljós um það opinberlega. Við skulum vona, að andúðin hjaðni niður, þegar athugun og reynsla fæst um þessa löggjöf, í framkvæmd hæstv. ríkisstjórnar. Vona ég einnig, að brtt. n. miði að því, að svo geti orðið. Ég vil vona, að ef samvinna helzt í ríkisstj., nái hún einnig til þessara mála og hófs verði gætt í öllu.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í verðlagsnefnd eiga m. a. sæti fulltrúar verzlunarráðs-

ins og landssambandsins og hafa tekið þátt í öllum undirbúningi þessa frv. Í þeim viðræðum hefir verið reynt að eyða allri tortryggni og fyrirbyggja, að hún skapist hjá þeim stéttum, sem þessir menn eru fulltrúar fyrir.

Út af því, sem hv. þm. (TT) sagði um samvinnu í ríkisstj., vildi ég segja, að það er ekkert tilefni til þess að álíta, að hún geti ekki tekizt eins vel og verið hefir. Engar meiri háttar stjórnarákvarðanir hafa verið teknar án þess að ræða um þær sameiginlega, og alls engin ástæða er til slíkra ummæla í sambandi við verzlunarmálin sérstaklega. Ég kunni ekki við þann gamla tón, sem mér virtist hv. þm. vera að taka upp um þetta.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að laun iðnaðarmanna verði ákveðin af verðlagsnefnd, þegar þau koma fram sem álagning á seldar vörur. Þarna er að vísu ekki framið nýtt eða meira ranglæti en með gengisskráningarlögunum, en þegar litið er á þá hreyfingu, sem uppi er, fyrir afnámi þeirra eða taxtaákvæða þeirra, tel ég ekki rétt að samþ. þetta frv. í þeirri mynd, sem það er.

Í sambandi við fyrirhugaða brottfelling 9. gr. er gott að minnast þess, að starf verðlagsnefndar hefir í seinni tíð gengið út á það að tryggja, að lagt sé nægilega mikið á nauðsynjar almennings, og útiloka þá samkeppni, sem annars er um það að fá vörur ódýrar í innkaupi. Þegar fyrir því er séð, að álagningin sé ákveðinn hundraðhluti af innkaupsverði, er það hverju kaupsýslufyrirtæki hagur, að vörurnar séu sem dýrastar í innkaupi, aðeins ef hægt er að hindra, að aðrir geti fengið þær ódýrari. Þegar innkaup eru gerð sameiginlega t. d. fyrir heilar iðngreinar, er auðvelt að ná þessum tilgangi með því að borga milliliðum og erlendum seljendum vörurnar eins dýrt og mögulegt er. Þarna sést, hvert stefnt er, meðan skorturinn kreppir að fjölda neytenda. Ákvæði 9. gr. um nettóágóða voru miðuð við það að koma í veg fyrir þetta fyrirbrigði, og einmitt þess vegna hafa mótmælin frá heildsölum beinzt gegn þeirri gr. Ég álít, að 9. gr. eigi að standa í frv., ef það verður samþ. Þó að viðskmrh. geti hlutazt til um, að efni hennar verði tekið upp í reglugerð, liggur ekkert fyrir um, að það verði gert. Afstaða ríkisstj. er í því efni harla tvíræð, ekki sízt eftir þau ummæli, sem einn af hv. fulltrúum Sjálfstfl., Thor Thors, hefir nú látið falla.

Thor Thors: Ég vil taka það fram út af síðustu ræðu hæstv. viðskmrh., að ég viðhafði ekki neinn sérstakan tón í ræðu minni og tilætlun mín var ekki að bera fram ásakanir í hans garð viðvíkjandi samvinnu í ríkisstj. yfirleitt. Það gleður mig mjög, ef skilja má orð hans eins og ég skil þau, að í verzlunarmálum geti tekizt ákjósanleg samvinna og gætt verði í því og öðru hófsemi og sanngirni.

ATKVGR.
Brtt. 283,1 samþ. með 16:2 atkv.
— 283,2 samþ. með 16:2 atkv.
— 283,3 samþ. með 15:4 atkv.
— 283,4 samþ. með 17:2 atkv.
— 283,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 283,6 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 299).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 355).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Um frv. þetta þarf ekki mikið að segja. Það er flutt í Nd. eftir tilmælum hæstv. ríkisstj. og er byggt á núgildandi l. um þetta efni með lítilsháttar breytingum. Í Nd. voru gerðar nokkrar breyt. á frv., en þær skipta þó ekki máli. Verður að telja, að á meðan það ástand, sem nú er, ríkir um breytingar á öllu verðlagi á útlendum vörum, verði ekki hjá því komizt að hafa örugga lagasetningu um þessi efni. Allshn. telur ekki ástæðu til þess að breyta frv. verulega, sérstaklega þegar þess er gætt, hver þörf er á, að slíkar lagasetningar séu sem fullkomnastar. Nú er komið fast að þinglokum, og ef breyt. væru gerðar á frv. nú, gæti það orðið til þess, að málið dagaði uppi. N. vill ekki gefa tilefni til þess og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir. Það skal þó tekið fram, að ef frv. hefði verið hér fyrr á ferðinni, myndu ýmsir um. ef til vill hafa viljað gera breyt. við einstakar gr. þess, en af þeim ástæðum, er ég skýrði frá áðan, féllu þeir alveg frá því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 434).

38. Löggilding verzlunarstaðar í Auðkúlubót.

Á 8. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Auðkúlubót í Auðkúluhreppi í Arnarfirði (þmfrv., A. 184).

Á 22. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil aðeins leggja til, að þessu máli verði vísað til allshn.
Ég vil geta þess, að vitamálastjóri, sem hefir með hafnarmálin að gera, hefir lýst sig fyrir sitt leyti fylgjandi því að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 184, n. 252).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti! Allshn. hefir athugað málið og orðið sammála um að mæla með því og leggja til, að frv. verði samþ. eins og það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 184, n. 357).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv. er flutt í Nd. af hv. þm. V.-Ísf. og fer fram á, að Auðkúlubót í Arnarfirði verði löggilt sem verzlunarstaður. Allshn. d. hefir athugað frv., sem sjá má á nál. á þskj. 357, og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þarf í raun og veru ekki mikið um þetta mál að segja. Þessi staður, sem liggur norðanvert við Arnarfjörð, er vel til þess fallinn að verða verzlunarstaður fyrir þá, er búa þeim megin fjarðarins. Í Auðkúlubót er nú komið kaupfélag, og mun þetta því vera gert til þess að fá skip til að leggjast þar inn á löggilta höfn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 435).

---

39. Lífeyrissjóður ljósmæðra.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 11. júní 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra (þmfrv., A. 94)

Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Flm. (Haraldur Guðmundsson):** Þetta frv. er, eins og í grg. segir, flutt eftir ósk stjórnar lífeyrissjóðs ljósmæðra. Það hefir komið í ljós við framkvæmd og athugun l., að nauðsynlegt er að breyta nú þegar nokkrum atriðum í þeim. Það, sem veldur mestu hér um, er, að þegar l. voru samþ., þá hefir þess ekki verið gætt, að eftirlaun þau, sem ljósmæðrum eru veitt samkv. fjárl., eru greidd með 25% dýrtíðaruppbót. Ennfremur hefir eftir að l. voru sett fjölgað mikið þeim ljósmæðrum, sem njóta eiga eftirlauna eftir fjárl. Af þessu leiðir það, að liðurinn, sem ætlaður er til lífeyrissjóðs ljósmæðra á fjárl., getur ekki fullnægt þessum launagreiðslum. Að öðru leyti get ég látið nægja að vísa til grg. frv. Vil ég svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 251).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Eins og þskj. 251 ber með sér, hefir n. athugað þetta frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Við 1. umr. var gerð nægilega ýtarleg grein fyrir frv., svo að hv. þm. eiga að geta áttað sig á því án frekari skýringa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 356).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Frv. þetta hefir náð samþykki Nd. og hefir legið til athugunar í allshn., sem ekki hefir fundið neitt við frv. að athuga og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég skal stuttlega geta um innihald frv. og hvað er ætlað að vinna á með því. Lög um lífeyrissjóð ljósmæðra voru sett 1938 og komu til framkvæmda 1. jan. 1940. Þegar átti að framkvæma l., komu í ljós ýmsar misfellur, sem nauðsynlegt var að lagfæra nú þegar. Í 1. gr. er ákvæði, þar sem segir, að ljósmæður skuli greiða sjóðnum 4% af föstum launum, en aftur á móti er lífeyririnn, sem þær fá úr sjóðnum, miðaður við meðalárslaun, að viðbættri dýrtíðaruppbót. Hér er um fullkomið ósamræmi að ræða, sem mun bera sjóðinn ofurliði fjárhagslega séð. Í þessu frv. er lagt til, að ljósmæður greiði 4% af launum sínum að viðbættri dýrtíðaruppbót. Samkv. l. þessum er framlag ríkisins til sjóðsins 15 þús. kr. á ári, gegn því að sjóðurinn taki að sér greiðslu lífeyris til ljósmæðra. En það var ekki tekið tillit til þess, að upphæðir, sem greiddar eru ljósmæðrum, eru greiddar með 25% dýrtíðaruppbót. Síðan þessi l. voru sett á Alþ. hafa eftirlaun ljósmæðra hækkað um 2000 kr. að meðtalinni dýrtíðaruppbót. Eftir þeim útreikningi, sem fylgir hér með, verður ekki komizt af með minna en 25 þús. kr. til sjóðsins, ef hann á að geta staðið straum af skyldugreiðslum sínum.

Þriðja brtt., sem máli skiptir, er ákvæði, sett til bráðabirgða. Það kom í ljós við nánari athugun, að í fjárl. yfirstandandi árs eru settar eftirlaunagreiðslur til ljósmæðra eins og verið hafði áður. En samkv. l. um lífeyrissjóð ljósmæðra áttu þær heimtingu á eftirlaunum úr sjóðnum. Nú var ekki ætlazt til, að þær fengju bæði eftirlaun úr lífeyrissjóði og ríkissjóði, og þess vegna er hér lagt til, að lífeyrissjóður taki ekki að sér þessar eftirlaunagreiðslur fyrr en á næsta ári. Er ekkert sérstakt við breyt. að athuga, en óhjákvæmilegt annað en hún verði að lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 436).

---

40. Íþróttasjóður.

Á 8. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um tekjuöflun til íþróttasjóðs (þmfrv., A. 50).

Á 10. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pálmi Hannesson): Herra forseti! Frv. þetta á þskj. 50 er flutt að tilhlutun hæstv. forsrh. Eins og getið er í grg. þess, ber að skoða það sem viðbót við lögin um íþróttir, sem samþ. voru á síðasta þingi, og frv. var samið af þeirri n., sem unnið hafði að íþróttalögunum. Þegar það frv. var fullbúið af hálfu n., hafði henni enn ekki unnizt tími til að rannsaka til hlítar

þær tekjuöflunarleiðir, sem til greina gátu komið. Nefndin sá ekki ástæðu til að halda eftir frv. þess vegna, þar sem hæstv. forsrh. óskaði eindregið eftir, að það yrði lagt fyrir síðasta Alþingi. Síðan hefir n. athugað málið og orðið sammála um að leggja til, að þær leiðir tvær verði farnar til tekjuöflunar, sem frv. greinir, — í fyrsta lagi, að ríkisstj. láti gera stimpilmerki til ágóða fyrir íþróttasjóð; skulu þau fylgja öllu áfengi og tóbaksvörum, sem selt er í landinu, og miðast við 1½% af heildsöluverði: en í öðru lagi, að ríkisstj. sé heimilað að leyfa íþróttanefnd að reka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki til ágóða fyrir íþróttasjóð, samkv. nánari ákvæðum, er ríkisstj. setur með reglugerð.

Samkv. upplýsingum þeirra tveggja ríkisstofnana, sem annast alla heildsölu þessara stimpilskyldu vara, sem 1. gr. getur, nemur heildsöluverð þeirra nálægt 7 millj. kr. á ári. Tekjur íþróttasjóðsins af stimpilgjaldi þessu ættu því að nema röskum 100 þús. á ári. Nú kann mörgum að virðast þessar vörur nægilega dýrar fyrir, þótt ekki sé þessu viðbætt. En á hitt er að líta, að verðhækkun á þeim er beinlínis viljandi gerð hindrun þess, að þær gangi út. Verðlaginu er haldið ákaflega háu til þess að draga úr notkun þeirra sem eiturlyfja, er ríkisvaldið hefir lengi talið skaðleg, þótt ekki þyki næg ástæða til að banna hana með öllu. Nú má gera ráð fyrir, að hækka verði verðlag þessa varnings til þess, að hann sé ekki einn undanskilinn hinni almennu verðhækkun, sem nú er að verða. Þá munar minnstu um 1½% hækkun. Á einni flösku áfengis af algengri tegund næmi það 15 aurum, og menn sjá ekki í meira, þegar þeir eru að fóðra áfengissalana með því að greiða þeim tvöfalt heildsöluverð fyrir flöskuna. Ég get ekki skilið annað en að það sé rökrétt, að ríkið taki nokkuð af álagning þessara vara til að hamla móti óhollustunni, sem af þeim stafar, en sú er einmitt hugsunin í 1. gr. frv.

Í 2. gr., um veðmálastarfsemina, er farin leið, sem mjög er notuð með nágrannaþjóðum, t. d. Svíum og Bretum, og ekki aðeins til tekjuöflunar, heldur einnig til þess að auka athygli á íþróttastarfseminni. Veðmálin geta verið einhver bezta auglýsing, sem hugsazt getur. Hér á landi er ekki von til þess, að starfsemi þessi gefi mikinn arð í fyrstu. En að því gæti komið, að íþróttasjóði bærist þar mikill tekjuauki.

Það mun ekki næsta óvarlega áætlað, að árstekjur íþróttasjóðs samkv. frv. ættu að verða 120 þús. kr. Með því ætti íþróttunum að vera tryggður verulegur framgangur um næstu framtíð. En allir vita, að ekki veitir af þessu fé.

Á síðasta þingi kom það fram sem almenn og eindregin skoðun, að íþróttir væru eitthvert bezta ráðið til þess að ala æskulýðinn upp til meiri dugs og starfshæfni en hann hefir. Við, sem minnumst síðasta ófriðar eða áttum æsku okkar þá, getum ekki gleymt þeirri flóðöldu, sem skall yfir landið og þylti um öllum hugsunarhætti og lífsvenjum. Við hljótum að gera ráð fyrir, að þetta endurtakist á einhvern hátt í sambandi við stríðið, sem nú geisar, og yfir landið flæði margvísleg erlend áhrif til ills og góðs, mjög eftir því, hvernig þjóðin er undir þau búin, og þá sérstaklega æskulýðurinn. Ég get oft ekki varizt áhyggjum af þessu, m. a. í sambandi við skólastarf mitt. Oft er talað um það, hvað gera þurfi fyrir æskuna, en verður minna úr, þegar breyta þarf fögru orðunum í klingjandi málm. Hér hefir farið fram og er að fara fram nýsköpun, — það er verið að byggja upp landið og menning þess og hverskonar verðmæti að aukast. En það er alþekkt fyrirbrigði úr sögu þjóðarinnar og einstakra ætta hennar, að þegar 2—3 kynslóðir eru búnar að berjast við að skapa sér verðmæti, ættararf, kemur venjulega fram einhver sá seggurinn, sem sólundar því gersamlega á einum mannsaldri. Þó að við sköpum verðmæti, hver getur þá vitað nema sú kynslóð komi, sem sói og glati þeim öllum á stuttri stund?

Ég er ekki í vafa um það, að líkamsmenning er mikils virði og tryggir flestu öðru betur viðhald og þróun annarar menningar. Íþróttirnar eiga að geta stælt upp í unga fólkinu þróttinn og kjarkinn til nálega hvers sem vera skal, — skapað alhliða þjóðmenning, ef vel er á haldið. Ég er sannfærður um, að rétt er að taka peninga til íþrótta af þeim ofurskatti, sem áfengi og tóbak heimta af þjóðinni, og þannig á að sýna almenningi um leið, að óskað er eftir stefnubreytingunni: Frá nautnameðulum til íþrótta.

Ég óska þess, að frv. fái fljóta afgreiðslu og verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 111, 114 og 130).

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fjhn. hefir haft þetta mál til athugunar, og n. hefir klofnað um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. í aðaldráttum, en einn nm. áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við þetta frv.

Ég hygg, að ekki þurfi að tala mikið um þetta. Öllum ber saman um, að það þurfi að hækka styrk til íþróttastarfsemi í landinu, bæði til íþróttaiðkana og einnig til þess að koma upp íþróttavöllum, skíðabrautum, o. s. frv. Á síðasta Alþ. var afgr. frv. um íþróttamál, og eins og skiljanlegt er, kemur þá til greina, hvernig eigi að afla tekna fyrir íþróttastarfsemina. Sú n., sem samdi frv. til íþróttal., hefir einnig fjallað um þetta frv., og meiri hl. n. telur, að þær leiðir, sem farið er fram á í frv., séu sennilega þær einu hugsanlegu til að ná tekjum í íþróttasjóðinn, því að þær tekjur, sem fást af áfengi og tóbaki, eru nokkuð öruggar, en hinar, sem fást af „tipping“ eða veðmálastarfsemi, eru mjög óvissar. En samt vilja íþróttamenn leggja út í það og sjá, hve miklu fé mætti safna með veðmálum við kappleika. En þær tekjur myndu ekki verða nærri eins miklar hér á landi eins og t. d. í Svíþjóð, því að það kemur varla til mála, að slík starfsemi yrði iðkuð að verulegu ráði hér á landi nema í Reykjavík.

Ég mun ekki ræða neitt um afstöðu annara nm. til þessa frv. fyrr en þeir hafa tekið til máls.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Ég hefi ekki getað fylgzt með meðnm. mínum í fjhn. um afgreiðslu þessa máls. Aðalorsakirnar til þess eru teknar fram í nál. mínu á þskj. 111. Þegar íþróttal. voru til umr. á síðasta Alþ., lét ég í ljós þá skoðun, að fljótlega myndi koma í ljós, að þar væri verið að stofna eitt af því, sem fljótlega myndi hlaðast meira utan um, og baka ríkissjóði allmikil aukin útgjöld. Ég býst við, að þess verði ekki langt að bíða, ef það á að koma til framkvæmda, sem ætlazt er til með þessum l., að þá verði býsna mikill kostnaður að því. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, sýnir það og sannar, að umsagnir þeirra manna, er héldu því fram, að þetta myndi hafa mjög lítinn kostnað í för með sér, hafa við næsta lítið að styðjast. Nú hefir verið ákveðin fjárveiting til íþróttasjóðs 30 þús. kr., og hefir sú upphæð verið tekin inn á fjárl. fyrir árið 1941. En samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er ætlazt til, að stofnaður verði íþróttasjóður og til hans renni hluti af tekjum ríkisins. Það, sem farið er fram á með þessu frv., er bókstaflega ekkert annað en það, að taka um 100 þús. kr. af þeim tekjum, sem ríkið fær af einkasölu á áfengi og tóbaki. Ríkið hefir það á sínu valdi, hve hátt verðið er á þessum vörum. Ég tel, að menn geti látið það liggja milli hluta, hvað þessar vörur eru seldar dýrt, því það hefir hæstv. ríkisstj. og Alþ. á sínu valdi á hverjum tíma, og á að haga því eins og talið er hagkvæmt til að fá sem mestar tekjur af þessum vörum, án þess að gera meira en gert hefir verið til þess að takmarka eyðslu á þeim. En sem sagt, við getum látið það liggja alveg milli hluta í þessu sambandi, hve hátt verðið er á áfengi og tóbaki, því að aðalatriðið er, hvort Alþ. á að samþ., að gengið verði inn á þá braut, að taka á þennan hátt nokkurn hluta af tekjum ríkisins og leggja þá upphæð í sérstakan sjóð, sem varið verði til íþróttamála. Ég tel, að það eigi aldrei að eiga sér stað að samþ. að verja þannig hluta af þeim tekjum, sem ríkið á að fá, heldur eigi allar greiðslur, bæði til íþróttamála og annarar starfsemi, að koma beint úr ríkissjóði. Hitt er allt annað mál, hvað Alþ. sér sér fært að verja miklu fé til þeirra nauðsynjamála, bæði íþrótta og annars, sem fólkið óskar eftir að fá peninga til. Það er þetta, sem gerir það að verkum, að ég get með engu móti fallizt á að taka þær greiðslur, sem um ræðir í 1. gr. frv., á þann hátt, sem þar er gert ráð fyrir. Ef hæstv. ríkisstj. vill hækka framlag til íþróttamála, verður að sjálfsögðu að taka það inn í fjárlögin. En ef á að fara inn á þá braut, að samþ. að greiða fé á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv., getur það haldið áfram endalaust. Bæði mér og líklega flestum sveitamönnum myndi þykja mjög aðgengilegt að bera fram frv. um að hækka verð á áfengi og tóbaki og verja því fé, er þannig fengist, til bygginga í sveitum eða annara umbóta, sem þar getur verið um að ræða. Það hefir komið fram till. um það frá hv. 3. landsk. (StSt), að þessu gjaldi verði sérstaklega varið til að styrkja bændur til kaupa á erlendum áburði, og deilurnar um, til hvers eigi að verja þessu fé, geta þannig haldið áfram endalaust, ef þm. vilja ganga inn á þá braut að hluta niður tekjur ríkisins á þennan hátt.

Ég þarf nú ekki að fara fleiri orðum um þetta frv., og skal ekki fara neitt út í það, hve mikil nauðsyn sé á auknum fjárframlögum til íþróttamála; það getum við látið liggja alveg milli hluta í þessu sambandi.

***Frsm. annars minni hl. (Stefán Stefánsson):** Í nál. á þskj. 130 hefi ég gert grein fyrir afstöðu minni í þessu máli. Ég get að mestu leyti vísað til þess.

Allt frá því að l. um tilbúinn áburð voru samþ. hér á Alþ. árið 1928 hafa bændur landsins notið allverulegs styrks til áburðarkaupa, fram til ársins 1939. Það mun láta nærri, að þessi styrkur hafi numið 40—50 þús. kr. á ári. Árið 1930 var styrkurinn hæstur, 117 þús. kr. Enginn mun draga í efa, að til þess að auka ræktun hér á landi, sem talin er þörf á, og líka til að viðhalda þeirri ræktun, sem fyrir er, sé nauðsynlegt að nota erlendan áburð. En fjárhagsástæður bænda eru þannig, að þær hafa jafnvel aldrei verið erfiðari en nú, og nú hafa bæði hæstv. forsrh. og hv. þm. Borgf. lýst yfir því, að framleiðsluvörur bænda myndu ekki hækka að neinu ráði frá því, sem verið hefir, en þeir þurfa að mæta hinni auknu dýrtíð eins og aðrir landsmenn, því að auk allra lífsnauðsynja, bæði til búsþarfa og annara þarfa, þurfa þeir einnig að kaupa erlendan áburð. Ég tel því, að það sé mjög brýn nauðsyn, og nú fremur en nokkru sinni áður, að gera bændum kleift að kaupa erlendan áburð.

Á síðasta þingi báru hv. þm. Mýr. (BÁ) og hv. 8. landsk. (EE) fram till. um að taka upp á fjárl. 100 þús. kr. fjárveitingu til að styrkja bændur til áburðarkaupa, og 70 þús. kr. fjárveitingu til vara. Þessar till. voru báðar felldar, og ég tel sennilegt, að frv. um slíkt myndi ekki verða samþ. hér á Alþ. nú. Það hefir áður verið farið inn þá braut, sem ég geri ráð fyrir í nál. mínu. Svo mikið sem talað er um að efla framleiðsluna, þá mætti virðast, að ekki færi illa á því, að það fé, sem verja á samkv. 1. gr. þessa frv. til íþrótta, gangi einkum til þess að styrkja bændur til áburðarkaupa.

Ég vil benda á það, að íþróttasjóðnum verða tryggðar 30 þús. kr. á fjárl. fyrir árið 1941, og ennfremur að samkv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir veðmálastarfsemi, og samkv. ummælum hv. 1. þm. Skagf. munu þær tekjur verða a. m. k. 20 þús. kr. á ári, og samkv. þessu verða íþróttasjóðnum tryggðar 50 þús. kr. árlega. Ég verð því að álíta, að til að byrja með sé mjög sæmilega séð fyrir fjárveitingu til íþróttastarfsemi, þó að sjálfsögðu mætti koma þar meira fé í lóg. En ég álít, að það, sem Alþ. beri að gera, sé að styrkja framleiðslustarfsemina og láta annað sitja á hakanum, sem ekki er eins brýn þörf á. Ég vil því eindregið mælast til þess, að þetta ákvæði verði samþ.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er ekki hægt að neita því, að það má alltaf, eins og tekið hefir verið fram af minni hl., deila um það, hvort rétt sé að skipta tekjum ríkissjóðs á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., þar sem á að verja 1½% af heildsöluverði áfengis og tóbaks til þess að stofna sérstakan sjóð, íþróttasjóð. Allir eru sammála um, að fært muni vera að hækka verðið um 1½%, svo ágreiningurinn er þá aðallega um það, hvort rétt er að leggja þetta í sérstakan sjóð, sem verja eigi til íþróttamála. Það hefir reyndar komið fram sú till., að verja þessari upphæð til kaupa á útlendum áburði handa bændum, og fyrir mig sem landbrh. ætti sú till. að sýnast aðgengileg, þar sem mér er það ljóst, að bændur þarfnast styrks í þessu skyni eins og nú standa sakir. Það er þó ekki mikill vandi fyrir mig að gera þetta upp með sjálfum mér, því þó þörf bændanna sé mikil, þá er þörfin á að styrkja íþróttir og gera ráðstafanir til þess, að þær fái öruggan stuðning, miklu meiri. Ég er þeirrar skoðunar, að ef okkur tekst að ala upp heilbrigða þjóð, en íþróttir eru bezta meðalið til þess, þá sé ekki hægt að leggja þjóðinni til neitt það, sem betra er. Ef okkur tekst að ala æskuna þannig upp, að hún verði heilbrigð og hraust, þá mun það fólk, þegar það kemur út í lífið, leggja af mörkum margfaldlega það, sem varið er til að efla íþróttir. Ég hefi margsinnis veitt því eftirtekt, að næstum undantekningarlaust er það svo, að hvar sem góður íþróttamaður starfar, þá er að öllu jöfnu langsamlega betur starfað í hverri starfsgrein sem er.

Ég hefi ekki komizt hjá að veita því athygli sem lögreglustjóri, að í sumum stofnunum hér á landi, þar sem hefir verið mikill drykkjuskapur, þar hefir hver maðurinn eftir annan farið frá störfum vegna allskonar óreglu, sem af áfengisnautn hefir leitt. Það er vitað, að mikið af ungum mönnum drekkur, því það er ekki hægt að segja við þessa ungu menn: Sitjið heima í herbergjum ykkar og drekkið ekki áfengi. Þó stúkurnar hafi unnið hér mikið gagn, þá nægir ekki það eitt. Það verður að fá ungu kynslóðina til þess að veita þrótti sínum og krafti útrás í öðru en þeirri útsláttarsemi, sem fylgir áfengisnautn. Það er ómögulegt að leiða æskuna frá áfengishættunni, nema með því móti að fá hana til þess að hafa áhuga fyrir einhverju öðru, sem er gagnstætt áfengisnautn, en það er hollt líf og heilbrigðar íþróttir.

Það kann þess vegna að líta andkannalega út, enda hafa sumir haft orð á því, að taka 1½% af verðmæti tóbaks og áfengis og styrkja með því íþróttir. Ég er að vissu leyti þeirrar skoðunar, að óeðlilegt sé að skipta tekjum ríkissjóðs í sundur. Ég vil þó segja, að engin till. hefir komið fram, þar sem það er eins eðlilegt. Að ég er þessarar skoðunar, er kannske vegna þess, að ég álít, að ekki sé hægt að útrýma áfengi og tóbaki með banni. Ég álít, að það sé ákaflega erfitt að taka slíkt af fólki með valdi. En það er ekkert rökréttara en það, að á meðan þessar eiturnautnir eru frjálsar og þeirra er neytt, sé nokkru af því verðmæti, sem selt er fyrir, varið til að vinna á móti sjálfu sér. Ég álít, að það sé í raun og veru skylda að láta nokkuð af þeim tekjum, sem af þessu koma, renna til þess að vinna gegn sjálfum sér.

Ég sé ekki eftir þessum 100 þús. kr., sem verja á til þess að gefa æskunni í landinu aðstöðu til þess að stunda íþróttir með betra móti en verið hefir hingað til. Ég er alveg sannfærður um, að þeim er vel varið, en ég get kannske ekki gefið öðrum mikið af þeirri sannfæringu, sem ég hefi fengið af reynslu minni og kynningu af íþróttum og íþróttamönnum. Ég held þess vegna, að ekkert betra sé hægt að gera fyrir uppeldismálin í landinu en taka þessar 100 þús. kr. af söluverði áfengis og tóbaks og verja þeim árlega til að styrkja uppeldi æskunnar í landinu. Þar er ef til vill okkar veikasta hlið og mikil þörf á að hlynna meira að því en gert hefir verið.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að lífsbaráttan í okkar landi er óneitanlega hörð og erfið, og þess vegna verðum við að miða uppeldi æskunnar við það að ala upp heilbrigða, hrausta og harðgerða einstaklinga, en það er ekki hægt með neinu betra en íþróttum. Þegar fjölmennið í bæjunum er orðið eins mikið og nú er og hin harða og seiga lífsbarátta sveitanna er að nokkru leyti úr sögunni, þá þarf að vinna þetta upp með iðkun íþrótta í kaupstöðunum.

Ég vil þess vegna, án þess að fara að halda nokkurn fyrirlestur um íþróttir, mæla mjög með því, að þetta frv. verði samþ. Það er í raun og veru borið fram eftir ósk íþróttanefndar, sem gekk frá íþróttal., og í samráði við mig, þó ég hafi ekki viljað láta það heita svo beinlínis, að það væri borið fram að minni tilhlutan, vegna þess að það vannst ekki tími til að ræða málið í ríkisstj.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, nema það komi þá fram sérstök mótmæli, sem þörf er á að svara. Ég vil mjög eindregið mælast til þess við hv. þd., að hún sjái sér fært að samþ. frv., því ég er sannfærður um, að við göngum ekki frá öðru betra máli á þessu þingi.

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. þm. A.-Húnv. er því mótfallinn, að tekjum ríkisins sé skipt í sundur í ólíka sjóði. Hann vill, að allar þær tekjur, sem ríkið á kost á, renni fyrst í ríkissjóð. Þetta er sjónarmið, sem hægt er að halda fram, en hvorki hér né annarstaðar á Norðurlöndum hefir þessari reglu verið fylgt alveg. Það er á mörgum sviðum hægt að benda á undantekningar, sem hafa allar nokkuð til síns máls. Af tóbaks- og áfengiságóða er alstaðar á Norðurlöndum varið sérstökum upphæðum í vissum tilgangi, og það er ekki farið fram á annað hér. Þetta er sambærilegt við það, þegar áfengissektir eru látnar renna í menningarsjóð og partur af skemmtanaskatti er látinn renna til lestrarfélaga.

Það má segja: Hvar á að setja takmörkin? Það má hugsa sér, að þetta endi á þann hátt, að ríkissjóður hafi síðast engar tekjur, heldur renni allt utan hjá honum. Það er sama, hvaða útgjöld er talað um, — það má alltaf koma með þessa spurningu. En takmörkin í þessum efnum

sem öðrum liggja hvergi fyrir utan mannfólkið sjálft, heldur eins og á öllum öðrum sviðum í þeirri gætni og hófsemi, sem þingið sýnir á hverjum tíma. Takmörkin hljóta að liggja í því, hvað hægt er að sannfæra þingið um á hverjum tíma. Við verðum því að sætta okkur við að hafa þessi takmörk fyrir hverju óhófi sem er.

Hv. 3. landsk. er með till. um, að tekjum íþróttasjóðs skuli varið til áburðarkaupa. Ég hefði talið réttara af honum að bera fram sérstakt frv. um þetta efni heldur en að gera svona till. í sambandi við íþróttasjóðinn. Ég skal benda á aðra leið, sem er eðlilegri, en hún er sú, að annaðhvort allt fjárframlagið, sem íþróttasjóði er ætlað í fjárl., eða partur af því væri látið renna til áburðarkaupa handa bændum. Það verður rætt við 3. umr. fjárl., hvort á að láta þessa upphæð standa óhaggaða eða ekki. Ég býst við, að meiri hl. n. verði reiðubúinn að ræða þetta mál, en í sambandi við þetta frv. á þessi till. ekki heima, og ég vonast til, að hennar örlög verði eftir því.

Hér er um það að ræða að afla tekna til íþróttastarfsemi. Það er venjulega ekki talin eins fullkomin nauðsynjavara eins og áburður. Það er þó hörmulegt til þess að vita, hversu lítið af tekjum ríkisins fer til þess að hafa áhrif á það, hvernig æskulýðurinn ver sínum tómstundum, en svo mikið á þjóðin undir því, að það er sjálfsagður hlutur að eyða nokkurri fjárhæð til að hafa óbein áhrif á þá þróun. Ég er þess vegna fylgjandi þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir að verja allríflegri upphæð til íþróttastarfsemi, svo ríkið hafi nokkur afskipti af þessum málum, sem þjóðina varða svo miklu.

***Pálmi Hannesson:** Herra forseti! Það er ánægjulegt að heyra samhljóða raddir þeirra hv. þm., sem til máls hafa tekið um það, hvað íþróttir séu æskilegar og nauðsynlegar, en ég vil leyfa mér að benda þessum hv. þm. á, að ég er ekki viss um, að þeir hafi gert sér fyllilega ljóst, hvað þörfin er mikil víðsvegar um landið, til þess að skilyrðin til íþróttaiðkana geti talizt sæmileg.

Samkv. íþróttal. fellur undir verksvið íþróttasjóðs öll íþróttastarfsemi í skólum landsins, og þar með talin leikfimi. Við svo að segja alla skóla er aðbúnaður um íþróttastarfsemi miklu lélegri heldur en í raun og veru sæmilegt er. Fólkið er að reyna að halda henni uppi í örðugri baráttu við léleg skilyrði og harðan, óbeinan andróður frá marghátt aðri starfsemi, sem dregur niður og burt frá því að neyta sinna eigin krafta.

Því hefir verið haldið fram af hv. þm. A.-Húnv., að með þessu frv. væri verið að seilast eftir tekjum ríkissjóðs, þar sem ríkissjóður ætti, eins og hann orðaði það, að ákveða verð á þessum vörum samkv. hagsmunum ríkissjóðs. Þessi skilningur er alveg nýr fyrir mér. Ég hefi litið svo á, að ríkið viðurkenndi ekki áfengi og tóbak sem tekjulindir, heldur væri verðið sett svona hátt til að hindra neyzluna. Ég held, að sá skilningur hafi yfirleitt verið hafður á oddinum, a. m. k. í þann mund, sem verið var að afnema bannlögin. Þá var talað um að setja hátt verð á áfengi, til þess að draga úr neyzlunni. Þetta sögðu þeir, sem vildu fá áfengisflóðið inn í landið. En þeir eiga eftir að sýna, hvað þeir vilja gera til þess að fyrirbyggja það, að áfengið verði þjóðinni til skaða og skammar. Þeirra hlutur liggur enn eftir.

Ég vil fullyrða, að öflugasta starfsemin til þess að vinna á móti áfengis- og tóbaksneyzlu í landinu er íþróttastarfsemin. Ég geri ráð fyrir, að þeir hv. þm., sem hér hafa talað á móti 1. gr. frv., geri það þó af heilum hug að telja íþróttir nauðsynlegar, og þá fyrst og fremst vegna þess, að þeir telja, að þær vinni á móti skaðsemi nautna, auk þess sem þær styrkja líkamann og gera menn betur hæfa til vinnu.

Það var horfið að því ráði af nefndinni, sem undirbjó frv. til íþróttal., að afla tekna til íþróttastarfsemi með því að leggja aukaskatt á áfengi og tóbak með hliðsjón af því, að verðið á þessum vörum væri haft svo hátt, að það drægi úr neyzlunni, svo menn hlypu ekki með hvern eyri til þess að kaupa áfengi eða tóbak fyrir. Á sama hátt hefir verið staðið á móti því á Alþ., þegar talað hefir verið um bruggun á áfengu öli, þar sem landsmönnum gæfist kostur á ódýru áfengi, sem yrði þjóðinni til skaða. Áfengi og tóbak virðist því einmitt vera vel fallið sem tekjustofn fyrir slíka menningarstarfsemi sem hér er um að ræða.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði um það — og fer líka um það allmörgum orðum í nál. —, að það sé ekki góður háttur að taka tekjur frá ríkissjóði á þennan hátt eða fá skatta til sérstakrar starfsemi framhjá ríkissjóði. Hv. frsm. meiri hl. hefir svarað þessu að nokkru leyti. Ég vil benda á, að fyrir utan menningarsjóð og þjóðleikhúsið má nefna háskólann. Hann er byggður fyrir fé, sem aflað er með happdrætti, sem ríkið gæti vel rekið til ágóða fyrir ríkissjóð. Það eru allskonar fjársafnanir, sem eiga sér stað fyrir utan ríkissjóðinn. Þær eru gerðar með frjálsum samskotum, en svo er stundum komið inn á Alþ. með styrkbeiðni í áframhaldi af því, sem safnazt hefir með frjálsum samskotum.

Mér virðist einmitt, og hæstv. forsrh. tók það fram, að það sé eðlilegt, að það sé tekið nokkuð af andvirði tóbaks og áfengis og notað til þess að vinna á móti sjálfu sér.

Hv. 3. landsk. getur vel hugsað sér að halda ákvæðum 1. gr. að öðru leyti en því, að tekjurnar renni til íþróttasjóðs, heldur til kaupa á erlendum áburði. Þetta er í rauninni að verpa gaukseggi í hreiður og ætlast til, að annar ungi því út. Hv. þm. virðist fyrst hafa fundið áburðarþarfarinnar, þegar á að fara að afla tekna til annars.

Hv. þm. gat þess, að ég hefði látið orð falla um það, að það myndu verða upp undir 20 þús. kr., sem fengjust samkv. 2. gr. frv. Ég sagði það ekki, en ég sagði, að ég gæti hugsað mér, að 20 þús. kr. yrðu hámarkið, sem fengist eftir allmörg ár. Ég geri ráð fyrir, að fyrstu árin verði það kannske svo að segja ekki neitt. Ég hefi lagt áherzlu á, að veðmálastarfsemin leiddi

athyglina að íþróttunum og væri óbein auglýsingastarfsemi fyrir íþróttir og íþróttastarfsemi.

Bæði hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3. landsk. ræddu um það, að eftir brtt. fjvn. væri í fjárlfrv. gert ráð fyrir 30 þús. kr. til íþróttasjóðs, sem yrði þá til ráðstöfunar ásamt því, sem kæmi samkv. 1. eða 2. gr., eða báðum gr., ef frv. yrði að l. Ég hefi nú litið þannig á frá upphafi, að ef íþróttasjóður fengi tekjustofn svipaðan því, sem frv. gerir ráð fyrir, þá falli niður bein fjárframlög frá ríkissjóði, bæði þessar 30 þús. kr. og einnig nokkur önnur fjárframlög til íþróttamála, sem eru á fjárl. Ég ber ekkert vantraust til fjvn. né til hv. þm. um það að kippa burtu þessum 30 þús. kr., ef frv. verður að l., áður en fjárl. eru afgr. frá þinginu.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta meir. Ég við aðeins vænta þess, að hv. d. samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 50, n. 111, 114 og 130).

Steingrímur Steinþórsson: Það er orðið svo langt um liðið síðan málið var hér til umr. síðast, að farið er að fyrnast yfir þær umr., sem þá fóru fram. Ég hafði kvatt mér hljóðs vegna þess, að þótt ég hafi skrifað undir nál. með meiri hl. fjhn., sem mælti með því, að frv. yrði samþ. í aðalatriðum, þá hafði ég þó dálitla sérstöðu í þessu máli.

Ég ætla ekki að efa, að það sé mikils um vert að efla íþróttalíf hér á landi og að réttmætt sé, að varið sé til þess nokkru fé. En ég verð að segja, að þegar hv. þm. rísa hér hver af öðrum úr sætum sínum og lýsa því sem eina bjargráðinu, sem til sé fyrir okkar hrjáðu og aðþrengdu þjóð, að efla íþróttastarfsemina, þá liggur við, að mér ofbjóði, einmitt vegna þess, að það eru engin smáræðis fjárframlög, sem nú á að fara að verja úr ríkissjóði í þessu skyni. Nú eru á fjárlfrv. ætlaðar 30 þús. kr. til íþróttasjóðs, en þetta frv. leggur til, að mér skilst, að 100 þús. kr. eigi að renna í þennan sjóð, og er það meira en hálf sú upphæð, sem Búnaðarfélag Íslands fær til sinnar starfsemi, en það á þó að halda uppi margbreyttri starfsemi í sambandi við annan aðalatvinnuveg landsmanna. Ég vil benda á þetta til þess að sýna, að það er ekkert smáræðis fé, sem ætlazt er til, að þessari starfsemi sé lagt, og það á sama tíma og fullerfitt reynist að halda við þeim fjárveitingum, sem undanfarið hafa verið veittar til atvinnuveganna, að ekki sé talað um, að ekki má heyrast nefnt, að hækka megi framlög til nokkurra verklegra framkvæmda.

Ég gat ekki orða bundizt til að láta þessa skoðun mína í ljós, að hér sé óþarflega langt gengið á þeim tímum, sem nú eru. Ég veit, að íþróttastarfsemin er mjög góð og gagnleg, en ég er líka viss um, að í sambandi við þá góðu og þarflegu starfsemi er líka mikið til af einskisverðu „föndri", og það mætti segja mér, að nokkuð af því mikla fé, sem þarna á að fara að verja til íþróttastarfsemi, yrði nokkurskonar vasapeningar fyrir ýmiskonar tildurfélög, sem stofnuð yrðu í skjóli þeirrar þörfu starfsemi, sem á að fara að styrkja. Ég tel það varhugavert að telja íþróttastarfsemina eitt höfuðbjargráðið fyrir okkur. Henni hefir til þessa verið haldið uppi af áhugamönnum, og hefir það einungis verið vel farið; margir íþróttamenn hafa á síðari tímum sýnt mikinn og lofsverðan áhuga, og sú starfsemi virðist mér hafa blómgazt vel, þótt ekki hafi verið varið til hennar stórfé úr ríkissjóði. Þó að taka eigi þetta fé á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, þá verð ég að skoða það hið sama og að það væri tekið úr ríkissjóði. Það er hægt að hækka verð á tóbaki og vínföngum og láta það allt renna til ríkissjóðs og nota það síðan á þann hátt, sem Alþingi vill vera láta. Hitt eru ekki annað en krókaleiðir.

Það hefir komið fram brtt. við frv. frá hv. 3. landsk. þm. um að verja þeim tekjum, sem fást af sölu stimpilmerkja, sem gefa á út til ágóða fyrir íþróttasjóð samkvæmt 1. gr. frv., og einnig þeim, sem fást af því að hækka verð á tóbaki og víni, fyrst um sinn til áburðarsölu ríkisins, til að létta fyrir framleiðendunum með að fá útlendan áburð með skaplegu verði. Án þess að fara að segja nokkuð verulegt um þessa till. og hvort heppilegt sé að bera hana fram í sambandi við þetta mál, þá get ég ekki látið hjá líða að beina þeirri fyrirspurn til hv. fjvn., sem nú vinnur að undirbúningi fjárlfrv. til 3. umr., hvort hún hafi hugsað sér að taka upp í till. sínar eitthvert fé til áburðarsölunnar. Ég gat þess á síðasta þingi, að áburðarsalan er nú þannig stödd, að brýn þörf er á, að ríkið leggi henni einhvern styrk. Hún hefir orðið fyrir miklum skakkaföllum, m. a. vegna gengisbreytingarinnar, en það er beinlínis orðið lífsskilyrði fyrir okkur að geta fengið tilbúinn áburð til landsins, ekki eingöngu fyrir bændur, heldur og fyrir þá, er í kaupstöðum búa og kauptúnum. Tilbúinn áburð þurfum við fyrst og fremst til garðræktar, en þó einnig til túnræktar að sjálfsögðu. Ég vil því, áður en ég tek endanlega afstöðu til þessa máls, fá að heyra, hvort hv. fjvn. hefir hugsað sér að gera till. um það, að einhverju fé verði varið til þess að létta undir með áburðarkaupin. Það er enginn vafi á því, að á því veltur, hvort við getum haldið í horfi með þá garðrækt, sem á síðustu árum hefir verið „agiteruð" upp hér á landi og — a. m. k. með kartöflur — er komin í það horf, að við fæðum okkur sjálfir, þótt það hafi auðvitað að miklu leyti verið borið uppi af sérstaklega góðu árferði síðasta sumar. En það er alveg nauðsynlegt að halda garðræktinni a. m. k. við, og það er ómögulegt nema með því að fá nógan áburð, og hann má ekki heldur vera fram úr hófi dýr. Reynslan hefir nú sýnt, að kartöflur eru svo að segja eina vörutegundin, sem ekki hefir hækkað í verði vegna styrjaldarinnar, og miðað við sama tíma í fyrra er verðið heldur lægra nú. Ef framleiðendur sjá svo fram á, að kartöfluverðið verður svona lágt vegna aukinnar framleiðslu, en áburðurinn aft-

ur á móti verður afardýr, verður niðurstaðan sú, að menn verða hræddir við að leggja í mikla framleiðslu, þar sem allt kaupgjald hefir þá einnig hækkað, og getur þetta orðið til þess, að garðræktinni fari beinlínis aftur, ef ekkert er að gert. Það verður erfitt að fá framleiðendurna til að setja niður í eins stór svæði og í fyrra, er þeir sjá, að verðið er lægra nú en í fyrra, en allur framleiðslukostnaður miklu hærri, sérstaklega áburðurinn.

Þó að ég viðurkenni, að það sé dálitið óeðlilegt að setja áburðarsöluna í samband við tekjustofna íþróttasjóðs, þá vil ég, úr því þetta mál er fram komið á þeim grundvelli, fá að heyra, hvort hv. fjvn. hefir á þessu stigi málsins hugsað sér að veita fé til áburðarsölunnar. Ef hún telur ekki heppilegt að verja einhverju af tekjum ríkissjóðs til áburðarkaupa, þá fer ég að skoða huga minn um, hvort það sé ekki fær leið, sem hv. 3. landsk. hefir stungið upp á til að tryggja, að við getum haldið áfram okkar garðrækt næstu árin. Þótt ég nefni hér sérstaklega garðrækt, þá er tilbúinn áburður líka mikið notaður til túnræktar, en garðrækt er blátt áfram ómögulegt að halda uppi nema með miklum erlendum áburði. Það var einkum þetta, sem ég vildi taka fram. Ég vona, að enginn skilji orð mín svo, að ég sé á móti því, að íþróttastarfsemi hér á landi sé styrkt hæfilega mikið, en ég tel hér óhæfilega langt gengið, að ætla svo mikið fé til hennar á þessum tímum, þegar ekki má einu sinni nefna að fá aukið fé til atvinnuvega landsins. Sú stefna er nú uppi í þinginu, sem ég tel, að hafi mikið til síns máls, að fara þurfi varlega hvað snertir fjárhagsafkomu ríkissjóðs. — Skal ég svo láta máli mínu lokið, en mun sýna mína afstöðu, er til atkvgr. kemur.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Eftir að ég talaði í þessu máli um daginn, þá tóku 3 formælendur þessa frv. til máls og héldu allir alllangar ræður. Það voru hæstv. forsrh., hv. þm. V.-Ísf., fyrrv. forsrh., og hv. 1. þm. Skagf. Það mætti ætla, að þegar allir þessir menn eru búnir að halda hjartnæmar ræður máli þessu til styrktar, þá hefði næsta litla þýðingu að mæla í gegn því fyrirkomulagi, sem í frv. er stungið upp á. Þrátt fyrir það ætla ég að segja nokkur orð til frekari skýringar á því, sem ég hefi haldið fram og kemur fram í mínu nefndaráliti. Þótt ómögulegt sé að gera hverri ræðu fyrir sig glögg skil í heild, þá voru samt einstök atriði hjá hverjum um sig, sem ég ætla að svara. Þeir töluðu allir um nauðsyn íþróttastarfseminnar og bindindisins, og munu hv. þm., þótt þeir séu ekki allir gáfaðir, vita svo mikið í þeim efnum, að ekki sé brýn þörf á löngum og hjartnæmum ræðum því til skýringar, og skal ég ekki frekar minnast á það. Hitt er ef til vill frekar ástæða til að minnast á, hvernig ástandið er í þessu hvorutveggja. Um íþróttirnar er það kunnugt mál, að á síðustu árum hefir íþróttastarfsemi mjög aukizt, einkum í kaupstöðum landsins, en þó svo sé, þá er raunalegt til þess að vita, að okkar þjóðlegasta íþrótt, íslenzka glíman, er svo að segja útdauð í landinu. Það er ánægjulegt, hve íþróttastarfsemin hefir aukizt undanfarin ár, en það, sem ég er sérstaklega hrifinn af, er það, hve einstakir menn hafa lagt mikið í sölurnar og sýnt mikla fórnfýsi við að koma þessari starfsemi áfram. Ég held þess vegna, að ekki verði til mikilla bóta að setja þetta undir ríkisvaldið, eins og gert var með þeim l., sem samþ. voru á síðasta þingi. Eins og hæstv. forsrh. gat um, er íþróttastarfsemi næstum því útilokuð í sveitum landsins, vegna fámennisins þar og annara aðstæðna. Þess vegna er þess að gæta, að þótt íþróttastarfsemin hafi aukizt mjög undanfarin ár, þá hefir hún aðallega aukizt hjá þeim stéttum þjóðarinnar, sem bezta hafa aðstöðuna. Unga fólkið úti í dreifbýlinu heyrir svo að segja daglega allan veturinn auglýsingar um skíðaferðir og hina og þessa íþróttakappleiki og íþróttastarfsemi, auk þess sem það heyrir fluttar allskonar auglýsingar um skemmtiferðir og skemmtisamkomur. Allt þetta miðar að því að draga huga þess frá fámenninu í fjölmennið, og þessu er ekki hægt að verjast. Þegar það heyrir þessar auglýsingar glymja í eyrum sér kvöld eftir kvöld og ber saman við sínar aðstæður, þá verður því ljóst, að fólkið, sem þarna er talað til, hefir betri aðstöðu, meiri fjárráð og betri tíma til að sinna þessum hlutum en það á sjálft völ á. Þrátt fyrir ágæti íþróttanna, þá verða þær, eins og þær eru reknar hér, eitt af áróðurstækjunum til þess að laða unga fólkið meira og meira frá sveitunum. Þetta er eitt af því, sem gerir það að verkum, að ég er því ekki eins samþykkur og ella myndi vera, að stórri fjárhæð af fé ríkisins sé varið til þessara hluta.

Að því er snertir bindindismálin, þá má í stuttu máli segja, hvernig ástandið er þar. Árið 1938 keypti þjóðin áfengi og tóbak fyrir 7.2 millj. króna, en það svarar til þess, að eytt hafi verið 70 kr. á hvert mannsbarn í landinu, þar með talin ungbörn, gamalmenni og sjúklingar o. s. frv. Ég býst ekki við, að þetta hafi mikið breytzt síðan, og engar líkur til, að svo verði í framtíðinni. Í árslok 1938 voru skuldir áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar við útlönd nálægt 1½ millj. kr., og innanlands voru útistandandi skuldir þessara fyrirtækja yfir 300 þús. kr. Hv. ræðumenn voru að tala um, að sú hækkun, sem hér er ráðgerð á útsöluverði áfengis og tóbaks, ætti að verða til þess að auka bindindið og vinna gegn neyzlu þessara nautnavara með því að styrkja íþróttirnar. Þetta virðist geta orðið alveg öfugt, ef íþróttamönnum á að vera tryggt með l., að þeir fái einhvern hluta af ágóða af sölu víns og tóbaks til sinnar starfsemi. Það getur orðið til að hvetja þá til að „agitera“ fyrir neyzlu þessara vara, því útkoman verður sú, að því meira sem neytt er af víni og tóbaki, því meira fé fæst handa íþróttamönnunum til þeirra starfsemi. Til þess að fá nokkra verulega breytingu í bindindisáttina duga hvorki bindindisræður né starfsemi þess félagsskapar, sem á undanförnum árum hefir glatað áhrifum sínum og virðingu vegna bannofstækis. Það þýðir ekki heldur að taka ágóðann af sölu þessara vara hvorki til íþróttastarf-

semi né annara hluta. Óruggasta ráðið til þess að fá þessu breytt er það, að ekki sé keypt meira inn í landið af þessum vörum en hægt er að borga samtímis og að þær séu alls ekki lánaðar hér innanlands. Ég held þó, að notkun þessara óþarfavara verði alltaf mikil, ekki sízt meðan haldið er uppi falskri kaupgetu hjá miklum hluta þjóðarinnar.

Hv. 1. þm. Skagf. flutti þá kenningu í ræðu sinni sem einhverja nýja skoðun, er kæmi mönnum á óvart, að tekjur af áfengi og tóbaki væru ekki tekjur ríkisins, en þegar hann ætlaði að fara að rökstyðja þetta, komst hann í þær ógöngur, að ég hygg, að hann hafi alls ekki skilið sig sjálfur, hvað þá aðrir, enda veit ég ekki, hvernig ætti að telja mönnum trú um, að það væru ekki tekjur ríkisins, allur hagnaðurinn af þessum vörum, sem eru ein aðaltekjulind ríkissjóðs. Árið 1938 voru tekjur af sölu þessara vara rúmlega 5½ millj. kr.

Á síðasta þingi var fjvn. sammála um að mæla með því, að verð á þessum vörum yrði hækkað, en hún ákvað ekki, hvernig þeim tekjum skyldi varið, enda átti það að sjálfsögðu að vera á valdi ríkisstj. Það eru því ekki af þingsins hálfu neinar skorður við því reistar, hve mikið má hækka verð á þessum vörum, en að sjálfsögðu á ágóðinn af þeim að renna í ríkissjóð. Svo má halda áfram að hækka verð á víni og tóbaki og ákveða, að sá hagnaður gangi til hins og þessa, ef einu sinni er farið inn á þá braut, en á þann hátt aukast ekkert ríkistekjurnar. Ég held, að heppilegast sé að fara ekki inn á þá braut, hvorki í sambandi við íþróttasjóð né áburðarkaup né neitt annað.

Það var annaðhvort hv. 1. þm. Skagf. eða hv. þm. V.-Ísf., sem var hér um daginn að reyna að færa sönnur á, að það væri ekkert einsdæmi, að teknar væru tekjur af vissum sköttum og varið til ákveðinna hluta, og nefndi í því sambandi 3 dæmi. Hann nefndi það fé, sem rennur til menningarsjóðs, skemmtanaskattinn til þjóðleikhússins, og í þriðja lagi happdrættið fyrir háskólann. Það hafa ekki verið lagðir á sérstakir skattar til þessara framkvæmda. En ég held, að það hafi verið langt frá því, að það væri heppilegt í þessum tilfellum öllum, að farin var sú leið að láta þessar tekjur ekki renna í ríkissjóð og Alþingi ákveða á hverjum tíma, hve miklu fé væri varið til þessara framkvæmda. Því að það, að leggja milljón kr. í hús eins og þjóðleikhúsið, sem ekki er hægt að nota, á sama tíma sem atvinnuvegir landsins eru að hrynja niður, það eru vitanlega framkvæmdir, sem hinu opinbera valdi eru ekki til neins sóma. Og ég er viss um, að svona hefði ekki verið farið með þetta fé ef Alþ. hefði átt að ráða um það. Sama er að segja um háskólabygginguna. Happdrættið er eitthvert ágætasta meðal til að afla tekna, hvort heldur er fyrir ríkissjóð eða annað, og að afhenda það einni stofnun á þann hátt, sem gert var, það var frá mínu sjónarmiði frá upphafi mjög vafasamt. Enda hefir reynslan því miður sýnt, að farið hefir verið lengra í þeim framkvæmdum, sem happdrættið hefir borið uppi, heldur en gera má ráð fyrir, að gert hefði verið, ef hæstv. Alþ. hefði ráðið, hve mikið af þessum tekjum væri látið renna til þessarar byggingar. Það er vitanlegt, að háskólabyggingin er allt of stór. Ég hygg því, að öll sú reynsla, sem við höfum af þeirri tekjuöflunarleið, sem hér er lagt til, að farin verði, sé þannig, að það sé bersýnilegt, að meiri eyðsla hafi orðið á fé til framkvæmda fram yfir nauðsyn heldur en orðið hefði, ef ríkisvaldið sjálft hefði haft á hverjum tíma vald til að segja um það, hve miklu af slíkum tekjum væri varið til þessara hluta.

Þeir hafa komið að því, hv. þm., í umr. um þetta mál, að þetta, sem hér er lagt til, sé að afla tekna handa íþróttasjóði. Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að meðmælendur þessa frv. kalli þetta að afla tekna, þar sem það heitir í fyrirsögn frv. „tekjuöflun til íþróttasjóðs“. En ég verð að segja það, að þó að ég sé búinn að heyra þetta viðkvæði mörg hundruð sinnum í þessu sambandi, „að afla tekna“, þá hefi ég því meiri andstyggð á því orðatiltæki sem ég heyri það oftar notað á þann hátt. Því að það er mesti misskilningur, að hér sé verið að afla tekna. Hér er ekkert annað á ferðum en að taka nokkuð af tekjum ríkissjóðs og ákveða, að þær tekjur skuli renna til annara hluta. Hluturinn er sá, að af því að menn hafa ekki gert sér grein fyrir því í raun og veru, hvað það er í sjálfu sér að afla tekna, er komið sem komið er í okkar fjármálum. Það mætti kannske segja, að það væri að afla tekna að heimila að selja meira af tóbaki og víni til þess að fá meiri ágóða af þeirri sölu. En það er ekki að afla tekna að parta niður þær tekjur, sem af þessu fást, og ákveða, að nokkrum hluta þeirra skuli vera varið til þessa og nokkrum hlutanum til hins. Ég held þess vegna, að hvað sem segja má um þann hlut, hve miklu fé eigi að verja til íþróttastarfsemi í landinu, sem getur legið utan við þessa deilu, þá eigi þeir menn, sem eru formælendur þessa frv., að hafa djörfung til að ganga hreint til verks í þessu efni. Og það eina, sem er að ganga hreint til verks, er að taka upphæð þá, sem á að verja til þessarar starfsemi á hverju ári, beint inn í fjárlögin. Það hefir nú verið samþ. fjárlagaákvæði um 30 þús. kr. framlag til íþróttasjóðs á næstkomandi ári, sem er 16 þús. kr. hækkun frá fjárlagafrv. eins og það var lagt fyrir þingið.

Skal ég ekki ræða um það, að hve miklu leyti þetta eigi að hækka. En ég álít, að engar krókaleiðir eigi að fara í þessum efnum, og þar sem flokkarnir eru í samvinnu hér á Alþ., ættu ekki að vera á því örðugleikar að fara þá réttu leið í þessu efni, að láta þá hækkun, sem Alþ. telur nauðsynlega, koma inn í fjárlögin.

Um till. hv. 3. landsk. (StSt), að verja þessu fé til áburðarkaupa, er það að segja, að í sjálfu sér er það nauðsynlegt mál að kaupa þá vöru. En ég vil ekki heldur fara krókaleiðir í því efni. Ef hv. þm. geta orðið ásáttir um að leggja fram fé til þess að styrkja menn á einhvern hátt til kaupa á þeirri vöru, þá á að taka það beint úr ríkissjóði með fjárlagaákvæði, en ekki á þennan hátt. En verði 1. gr. frv. samþ., mun

ég þó heldur fylgja því að samþ. till. hv. 3. landsk. heldur en frv. óbreyttu, eins og nú standa sakir.

Skal ég svo ekki tefja hv. þd. með fleiri aths., því að ég hygg, að það hafi ekki verið fleiri atriði, sem gáfu tilefni til svars af minni hálfu, í þeim ræðum, sem fluttar voru til andmæla þeirri skoðun, sem ég hér hefi haldið fram.

Thor Thors: Mér virðast nú hv. þm. yfirleitt sammála um nauðsyn þess, að íþróttir og íþróttamálefni megi dafna hér á landi. Ég hefi ekki heyrt nema eina rödd hér á hæstv. Alþ., sem sérstaklega vill draga það í efa, hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt).

Ég er þeirrar skoðunar, að enginn sjóður muni giftudrýgri heldur en sá sjóður, sem stofnaður er til þess að efla hreysti hinnar uppvaxandi kynslóðar. Ég held, að það yrði sá bezti sparisjóður, sem við ættum kost á að leggja fé okkar í.

Hv. 2. þm. Skagf. var að tala um það, að meira bæri að sinna þörfum atvinnulífsins en þessari sjóðstofnun. Ég er þeirrar skoðunar, að framtíð atvinnulífsins hvíli fyrst og fremst á því að eiga hrausta uppvaxandi kynslóð.

Við erum yfirleitt sammála um það, að stuðla beri að því að auka íþróttalíf hér á landi, og það beri að ráða bót á því, sem þar fer aflaga. Ágreiningurinn virðist þá helzt vera um það, hverja leið beri að fara til þess að afla tekna í þessum tilgangi. Hér er þá aðallega um tvær leiðir að ræða, annaðhvort að leggja neyzluskatt á munaðarvörur, sem stungið er upp á í þessu frv., eða hitt, sem ég miklu heldur get aðhyllzt, að láta ríkissjóð beint leggja af mörkum til íþróttasjóðs. Ég held, eins og komið hefir fram í sambandi við önnur mál, að sú leið sé mjög varhugaverð, að skipta tekjum ríkissjóðs og láta sérstökum hluta þeirra vera varið til eins eða annars, eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held, að við eigum að hafa hér einn og aðeins einn ríkissjóð, sem verði varið til þeirra þarfa, sem Alþ. á hverjum tíma telur mestar. Ég get mjög vel fellt mig við það, að munaðarvörur landsmanna séu látnar bera kostnað við það að efla hreysti þjóðarinnar, og ég held, að við getum náð þeim tilgangi alveg eins með því að ákveða á fjárl., að vissri upphæð af tekjum ríkissjóðs skuli varið í þessum tilgangi. Og samtímis getum við þá mælzt til þess við fjmrh., að hann hækki nokkuð álagningu á þessar vörur, svo að unnt sé að sjá fyrir þessari þörf. Ég mun því fella mig miklu betur við, að tekjuhlið fjárl. verði nokkuð hækkuð með álagningu á tóbak og áfengi fram yfir það, sem nú er, með það fyrir augum, að þær auknu tekjur, sem við það fást, verði notaðar til þess að mæta þessari þörf.

Ég vildi nú leyfa mér að mælast til þess við þá hv. þm., sem borið hafa fram brtt. við þetta frv., að þeir taki þær nú aftur til 3. umr. og að samtímis sé flokkunum gefinn kostur á því að fjalla um það, hve miklu fé þeir vilji verja í þessu skyni. Náist ekki samkomulag um það milli flokkanna að leggja þetta fé fram með fjárlagaákvæði, er leiðin þrátt fyrir það jafnopin fyrir hv. flm. þessara brtt. að bera þær fram við 3. umr. málsins. En ég trúi ekki öðru, þar sem hv. þm. eru nú svo mjög á einu máli um nauðsyn þessa máls, en að við getum náð samkomulagi um það og að það sé hægt að ákveða beint framlag úr ríkissjóði í þessu skyni, án þess að þessi leiðinlega aðferð, sem hér er stungið upp á, verði beinlínis viðhöfð.

Bjarni Bjarnason: Ég vil víkja nokkuð að því, sem fram hefir komið hér í umr., að fjvn. hefir tekið upp allverulega fjárhæð umfram það, sem á fjárlagafrv. var. Vildi ég svara því aðeins, að þetta er ekki rétt, því að það munar 2—3 þús. kr. hvað fjvn. hefir hærri till. heldur en er í fjárlagafrv. En þessar 30 þús. kr., sem fjvn. hefir lagt til, að teknar verði upp til íþróttasjóðs, er 14—15 þús. kr. lægri upphæð heldur en í núgildandi fjárl. til íþróttamála. Svo að þessi herferð á hendur þeim mönnum, sem vilja leggja eitthvað fé af mörkum til íþróttamála, er nú bæði röng og þau orð, sem fallið hafa í garð fjvn. í þessu sambandi, á allan hátt ómakleg. Það hefði frekar verið ástæða til að ámæla bæði hæstv. fjmrh. og fjvn. fyrir það, að taka ekki upp a. m. k. sömu upphæð til íþróttamála á fjárl. fyrir árið 1941 eins og er á fjárl. yfirstandandi árs. Þetta vildi ég láta koma fram, svo að ekki væri hægt lengur að halda því fram, að fjvn. hefði verið sérstaklega örlát í þessu skyni, þó að ég teldi hinsvegar, að það hefði orðið henni til sæmdar, að hún hefði verið sem allra örlátust við íþróttamálin.

Hv. þm. A.-Húnv. hefir nú haldið hér tvær langar ræður um þetta mál. Eitt meginatriði í hans ræðum um þetta er það, að Alþ. eigi á hverjum tíma að ákveða, hve miklu fé skuli vera varið til íþróttamála. Fyrir þá menn, sem njóta eiga styrks úr ríkissjóði eða annarstaðar að með aðstoð Alþ., er það miklu meira virði að fá tekjustofna, sem eru ákveðnir, heldur en að eiga það á hverju ári undir Alþ., þó að það geti að vísu verið gott, ef ekki er um annað að ræða. En hitt er betra.

Að það sé óráð og óvitlegt að skapa einstökum félögum eða stofnunum svona tekjustofna eins og hér er gert ráð fyrir, er að mínu viti rangur hugsunarháttur. Skal ég koma seinna að því í sambandi við það, sem fram hefir komið í sambandi við bindindi og íþróttastarf.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að þó að það væri álitlegt og gott að fá svona tekjustofn fyrir þessa starfsemi, þá mætti líka segja, að svo væri það líka fyrir byggingar í sveitum. En ef tekjustofninn er góður og álitlegur, þá er hann það engu síður fyrir aðra starfsemi en byggingar í sveitum. Hv. þm. A.-Húnv. viðurkenndi þannig, að tekjustofninn væri góður. En um það má auðvitað deila, hvernig eigi að nota tekjustofna.

Ef við athugum, hverjir standa að íþróttahreyfingunni og íþróttastarfseminni, þá er það bæði hið opinbera, sem sé skólarnir, og einstakir menn. Þannig hafa ýmsir skólar fengið aðstöðu til þess að iðka íþróttir rækilega. Ég veit ekki til, að ágreiningur sé um það, að nem-

endum sé það hollt frá ýmsu sjónarmiði að stunda íþróttir, og skal ég ekki rekja öll þau atriði, sem þar koma til greina sem verulega gagnleg. En að skólunum undanskildum má heita, að íþróttastarfsemin sé eingöngu borin uppi af áhugamönnum sem sjálfboðaliðum. Þrátt fyrir það, þó að nokkuð hafi verið gert fyrir íþróttastarfsemina á undanförnum árum af Alþ., verður samt að viðurkenna, að þessir sjálfboðaliðar meðal áhugamanna í þróttum hafa á engan hátt fengið þann hljómgrunn hjá Alþ., sem þeir hafa verðskuldað. Einstakir menn hafa gert alveg stórkostleg átök fyrir íþróttamálin í landinu. Skal ég í því sambandi nefna menn eins og Jón Þorsteinsson, sem hefir ráðizt í að reisa íþróttahús hér í Reykjavík, sem er í raun og veru það eina hús hér, sem samtíðinni er samboðið, annað en sundhöllin. Þetta hefir Reykjavíkurbær ekki treyst sér til að framkvæma. Annan mann vil ég nefna, Sigurð Greipsson í Haukadal í Biskupstungum. Hann reisti íþróttaskóla til þess að ala upp íþróttamenn, sem gætu svo m. a. leiðbeint öðrum. Það eru einkum sveitamenn, sem þar hafa verið við nám, og hefir áhrifa þaðan gætt út um allt land. Jón Þorsteinsson hefir fengið smáupphæð tvisvar á fjárl., og Sigurður Greipsson hefir fengið þrjú síðustu árin, ef ég man rétt, 1 þús. kr. í rekstrarstyrk. Þetta er allt og sumt. Vera má, að Reykjavíkurbær hafi verið Jóni Þorsteinssyni innan handar um lóð með góðum kjörum, þó ég viti það ekki; en ég tel víst, að bærinn hafi verið svo sanngjarn og víðsýnn.

Viðvíkjandi þeirri skoðun, að það sé óviðeigandi að fara að styðja starfsemi eins og íþróttastarfsemi og íþróttalíf í landinu yfirleitt með svona „ógöfugum“ tekjustofnum, þar sem um er að ræða aukið verð á áfengi og tóbaki — rödd hefir komið fram um það, þó ekki hér í hv. þd. svo að ég viti, að bindindismenn meðal íþróttamanna ættu að vera á móti því að fara þá leið til tekjuöflunar til íþróttamála sem hér er leitað eftir —, vil ég segja, að ég tel slíkt algerlega ranga skoðun. Bindindismenn eiga að styðja að því m. a., að áfengi og tóbak sé svo dýrt, að mönnum verði beinlínis erfitt um að kaupa það af þeim ástæðum. Í öðru lagi hefir enginn treyst sér til að mótmæla þeirri röksemd, að yfirleitt séu íþróttirnar sú tegund uppeldismeðala, sem mest gagn geri til þess að *vinna á móti nautn áfengis og tóbaks*. Þar af leiðandi væri rökrétt, að bindindismenn segðu sem svo: Eftir því sem vel uppaldir, sannir íþróttamenn verða fleiri, fækkar þeim mönnum, sem neyta víns og tóbaks. Þetta er líka mín sannfæring. Að vísu lækka tekjurnar, sem við fáum í ríkissjóð og íþróttasjóð, eftir því sem minna selst, en við viljum sannarlega fórna slíkum tekjustofni fyrir okkar unga fólk, því að fyrst og fremst fáum við góða íþróttamenn, samhliða bindindisstarfseminni, ekki aðeins á vín, heldur líka á tóbak, og auk þess betri borgara; en reglusamir borgarar er sú trausta undirstaða, sem gefur sterkan æskulýð. Ég geri ráð fyrir, að allir sannir áhugamenn um íþróttamál mundu vilja viðurkenna þetta sjónarmið og mundu vilja vinna á sérhvern hátt á móti nautn áfengis og tóbaks, einnig þó að það gengi út yfir tekjur þeirra af sölu þessara vara.

Hv. þm. A.-Húnv. kom fram með kenningu í sambandi við flutninga fólks úr sveitum til bæja, sem mér þótti nokkuð einkennileg. Hann talaði um skemmtanaauglýsingar, og þar með auglýsingar um íþróttir og íþróttamót og þess háttar hér í Reykjavík. Það skildist mér eiga að vera ein ástæðan til þess, að hann áliti það vera varhugavert að gera mikið auglýsingaveður út af íþróttastarfseminni í þéttbýlinu, — það gæti dregið hugi unga fólksins um of að skemmtanalífi bæjanna. En í íþróttal. er beinlínis tekið fram, að íþróttasjóði skuli varið til byggingar á sundlaugum, íþróttahúsum, íþróttavöllum o. þ. h. Vitanlega mundi engum detta í hug annað en að þetta verði unnið jöfnum höndum út um dreifbýlið og í þéttbýlinu. Ég held, að þetta sé þá till. í þá átt að fá upp stöðvar til þess að hæna fólkið að, einmitt líka úti um sveitirnar. Það, sem ég hygg, að okkur vanti einna tilfinnanlegast úti um sveitir landsins, eru vandaðar sundlaugar, skóla- og fundahús. Þær framkvæmdir mundu áreiðanlega auka fjölbreytni í lífi sveitanna. Íþróttastarfsemin gæti því orðið höfuðmótvægi á móti þeim óróleika, sem fólkið er margt haldið af í sveitinni, sem stafar einmitt af því, hvað lífið þar er tilbreytingarlaust. Og þar, sem íþróttahús eru til í sveitum nú, eru þau notuð sem samkomustaðir, og þar, sem þau eru, hafa þau bætt aðstöðu manna til þess að hafa margskonar fundahöld. Skólarnir eru reknir í sambandi við þessi hús og íþróttastarfið.

Það er mesti misskilningur, ef einhver kynni að halda það, að það sé ekki hægt að halda uppi íþróttastarfsemi úti um sveitir, ef til þess eru skilyrði hvað hús og útbúnað snertir. Og íþróttasjóði er ætlað að bæta úr því lélega ástandi, sem nú á sér stað um þessa hluti.

Það er alleinkennilegt að sjá hér við meðferð þessa máls blandað saman svo óskyldum efnum sem íþróttum annarsvegar og áburðarkaupum og jarðrækt hinsvegar. Þó að á engan hátt sé gerandi lítið úr þörfinni fyrir fjármuni til þess að geta keypt útlendan áburð og að geta ræktað landið, þá vil ég samt benda mönnum á, að einmitt þetta frv., ef það verður samþ. og þar með er séð fyrir verulegum tekjum til *íþróttamálanna*, ætti ekki að spilla neitt fyrir því í sjálfu sér, að möguleiki væri til þess, að fjvn. gæti gert eitthvað fyrir áburðareinkasöluna. Augljóst er, að ef þessi tekjustofn er heimilaður fyrir íþróttasjóð, þá mundu þó frekar vera möguleikar á því að taka af þessari 30 þús. kr. fjárveitingu, sem fjvn. leggur til, að tekin verði upp til íþróttasjóðs, og athuga, hvað gera skyldi við þá upphæð, ef ekki væri talið nauðsynlegt að lækka fjárl. um þá upphæð. Svo að ég held, að það séu einmitt meðmæli með frv., beinlínis með tilliti til áburðarsölunnar og fleiri góðra mála, að fara þessa tekjuöflunarleið, sem hér er gert ráð fyrir, og geta rýmkað á fjárl. um þessa upphæð. En ég hefi litla trú á því, að málið verði afgr. á þeim grundvelli, sem hv. 3. landsk. leggur til.

Mér þótti einkennilegt, þegar hv. 2. þm. Skagf. hefir þau orð, að þessar tekjur, sem gert er ráð fyrir í frv., yrðu notaðar eins og hann vill vera láta. Hann segir, að hér sé verið að afla tekna, sem verði vasapeningar fyrir tildursfélög, eins og hann orðaði það. Mér þykir einkennilegt, að hann skuli viðhafa þessi orð, þar sem hann skrifaði undir nál. ásamt 2 öðrum nm. fyrirvaralaust að öðru leyti en því, að þeir áskilja sér rétt til brtt. Sá fyrirvari getur því ekki verið um það, að fella niður þennan tekjustofn, af því að fé yrði notað sem vasapeningar fyrir tildursfélög. Þau orð fela í sér beina óvild gegn málinu sjálfu.

Ef hv. þm. vill athuga þetta frv. og íþróttalögin og kynna sér, til hvers skuli verja fé íþróttasjóðs, þá sér hann, að félögunum er ekki afhent þetta fé, heldur er gert ráð fyrir, að skipaður sé íþróttafulltrúi og íþróttanefnd. Íþróttafulltrúi á að kynna sér ástandið í íþróttamálum hvarvetna um land, gera till. þar að lútandi og leggja þær síðan fyrir íþróttanefnd, sem svo ræður því, hvernig fénu er varið. Ég geri ráð fyrir, að þessi n. verði þannig skipuð, að hún hugsi sér að gera annað við þessa peninga en að veita þá sem vasapeninga fyrir tildursfélög. Ég skil ekki, að svona óvild gegn málinu skuli koma frá manni, sem hefir lagt til, að það yrði samþ.

Ég fer alls ekki að eyða tíma þingsins í að tala um gildi íþróttanna. Sumir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa farið um þær mörgum fögrum orðum, um leið og þeir kippa að sér hendinni um stuðning við þetta mál, sem á að vera lyftistöng fyrir íþróttirnar í landinu. Ég met þeirra orð því ekki mikils. Þau eru sannkallaður fagurgali. Það eru ekki fögur orð, sem við fyrst og fremst þurfum með, heldur einbeittur vilji og lifandi áhugi fyrir þessu mikla menningarmáli. En ég sé ekki, að þessu góða máli verði betur borgið með því að láta fjvn. eða Alþ. ákveða fjárveitinguna í hvert skipti, eins og þessir hv. þm. vilja vera láta.

Það getur vel verið, að það væri gott fyrir málið, sem hv. þm. Snæf. stakk upp á, að það væri athugað í flokkunum, áður en það verður afgr., því að vitanlega er þetta mál eitt af þeim, sem verður að afgr. með samkomulagi allra flokka eða sem allra flestra einstaklinga. Þannig var það með íþróttalögin sjálf. Þegar þau voru til umr., voru mjög skiptar skoðanir um þau, en samt lauk málinu svo, að það var afgr. með samþykki langflestra hv. þm. Tel ég, að það hafi verið mjög vel farið, og eins þarf að verða með þetta mál, sem snertir svo mjög íþróttalögin, að reyna að leysa það með samkomulagi sem allra flestra, en það tel ég ekki hægt, ef á að fara að halda fast fram þeim skoðunum, að draga skuli mjög úr framlagi til íþróttasjóðs. Einnig vil ég algerlega mótmæla því, að verið sé að blanda inn í þetta algerlega óskyldum málum, eins og hér hefir verið gert. Það er þá miklu hreinlegra fyrir þá hv. þm., sem það gera, að vera á móti málinu. Ég held líka, að framleiðslustarfsemin í landinu sé þess eðlis, að réttara sé að styðja hana með öðru en tekjum af stimpilmerkjum eða álíka tekjustofnum.

*__Pétur Halldórsson__: Herra forseti! Svokölluð íþróttalög, sem voru afgr. á síðasta þingi, gerðu ráð fyrir, að til væri íþróttasjóður, og sögðu fyrir um, hvernig honum skyldi ráðstafað. Nú er þar talað um, að sjá þurfi honum fyrir tekjum, og get ég ekki neitað því, að mér þótti dálitið spennandi að bíða þess, hvernig till. kæmu fram um tekjuöflun til þessa sjóðs. Ég get ekki heldur neitað því, að þegar þessar till. komu fram, sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi, varð ég nokkuð undrandi.

Það eru þrír tekjustofnar, sem sjóðnum er ætlað að hafa, brennivín, tóbak og veðmálastarfsemi, m. ö. o., það eru þær þrjár tegundir viðskipta í þjóðfélaginu, sem talið er, að séu til mestrar bölvunar í hverju þjóðfélagi sem er. Strax var þetta nokkuð undrunarefni, en að vísu skal ég játa, að áður var komið inn á þessa braut hér á Alþingi Íslendinga, en það var gert, þegar ákveðið var að stofna af samskonar blóðpeningum svokallaðan menningarsjóð, sem átti að styðjast við ómenningu landsmanna. Menn geta haft ýmsar skoðanir um, hvort þetta sé fagurt eða ófagurt eða hvort það sé til gagns og gæfu eða ekki. Mér þykir það ákaflega ógöfugt, en um það má auðvitað deila óendanlega. Það kom þá líka í ljós, að ekki er hugkvæmnin mikil, þegar afla þarf tekna til nýrrar starfsemi og lagt er til að gera það á þennan hátt. Mér virðist það gefa manni bendingu um, að nú sé svo komið, að ekki sé til sá tekjustofn, sem ekki sé þegar þrautpíndur. Þeir, sem hafa átt að sjá þessu nýmæli fyrir tekjum, hafa sjálfsagt leitað í margar áttir og hafa sjálfsagt hugsað sig um vel og lengi, hvar ætti að bera niður, og niðurstaðan varð þá svona féleg, m. ö. o. tekjustofn, sem ekki getur gefið af sér tekjur nema í hlutfalli við ómenningu og ósiðsemi landsmanna.

Ég er viss um, að það eru mörg mál, sem þessir menn hafa áhuga fyrir og þykir vænt um, og ég er sannfærður um, að þeir eiga einhver áhugamál, sem þeir vildu ekki fá tekjur til með þessu móti. Nú er það líka svo, að talað er um, að hér sé um aðalmenningarstarfsemi þjóðarinnar að ræða, íþróttamálin. Þetta er náttúrlega tímanna tákn. Þetta breytist ýmislega upp og niður, hvað talið er þjóðinni til menningar. Einu sinni átti kristni og kirkja að skapa menningu hjá þjóðinni, og það þótti vel ráðið, að sú stofnun hefði yfirhöndina í mörgum málum, og það hefir yfirleitt farið prýðilega. Nú tók ég eftir, að hæstv. forsrh. sagði, að nú væri íþróttastarfsemin í landinu það, sem hann hefði mesta trú á, að yrði landsmönnum að síðferðislegu gagni. Ég skal ekki draga úr því, að íþróttirnar geti verið gagnlegar. En mér þykir alveg úr hófi keyra, þegar því er haldið fram, að nú sé íþróttastarfsemin aðalmenningarstarfsemin í landinu. Þá er komið úr lagi og úr jafnvægi mat manna á þessum hlutum, og árangurinn mun vafalaust fara eftir því.

Þegar talað er um, að íþróttir séu öðru fremur líklegar til að stuðla að því, að menn verði bindindismenn á vín og tóbak, þá er það líka nýtt, en ég held, að það sé ekki nein speki í

því fólgin, þó að hitt sé rétt, að margir íþróttamenn séu bindindismenn á vín og jafnvel tóbak. Ég minni á aðra starfsemi í landinu, sem sérstaklega hefir snúið sér að því að vinna á móti áfengisnotkun, og það er sú starfsemi, sem kallar sig beinlínis bindindisstarfsemi. Ég er sannfærður um, að sú starfsemi er miklu líklegri til þess með stuðningi þess opinbera að draga úr áfengisneyzlunni í landinu heldur en íþróttastarfsemin. En hvernig hefir verið búið að þessari starfsemi af hálfu Alþ.? Misjafnlega, en yfirleitt hafa framlög til hennar ákaflega mikið verið skorin við neglur sér, og það svo, að félagsskapur sá, sem að þeirri starfsemi stendur, hefir árum saman átt við mjög mikla fjárhagsörðugleika að stríða, og þó er þar um að ræða fólk, sem leggur miklu meira á sig en íþróttamenn hafa nokkurntíma gert. Þess vegna er það gripið úr lausu lofti, þegar menn standa hér upp og segja, að nú fyrst sé von um, að vinna megi að bindindi og siðlæti með íþróttum, en gleyma allri þeirri starfsemi, sem háð hefir verið af templurum, láta eins og hún sé ekki til, heldur þurfi nú að fá annað í staðinn. M. ö. o., hér er merkileg nýjung á ferðinni, svo merkileg, að það þykir mega afhenda henni verulegan hluta af tekjustofnum ríkissjóðs, afhenda hann þannig, að hún verði þátttakandi í tekjum ríkissjóðs. Ég held, að þetta sé rangt. Ég held, að ekki eigi að fara þessa leið. Ég held, að margt, sem hér hefir verið sagt gegn þessari fjáröflunarleið, sé rétt. Ég held, að sú tilhneiging, sem hér ríkir hjá mörgum hv. þm., sem kalla andstöðu gegn þessu allskonar illum nöfnum, sé mjög vafasöm og komi ekki af áhuga fyrir málefninu sjálfu.

Ég skal ekki fara langt út í umr. um íþróttastarfsemina sjálfa eins og hún hefir verið hingað til. En ég get ekki neitað mér um að benda á, að einn hv. þm., 2. þm. Árn., gerði, svo sem réttlátt er, mikið úr því, að nokkrir menn hefðu lagt á sig erfiði fyrir íþróttastarfsemina. Það er rétt og gott. Hann kvartaði yfir, að þessum mönnum hefði ekki verið nægilegur sómi sýndur fjárhagslega af Alþ., og tók þar sérstaklega fram nöfn tveggja manna, Jóns Þorsteinssonar og Sigurðar Greipssonar, og spyr, hvað þessir menn hafi fengið úr ríkissjóði fyrir starfsemi sína. Fyrst og fremst má lengi um það tala, hvort menn, sem taka upp slíka starfsemi sem venjuleg viðskiptafyrirtæki, eigi að fá opinberan styrk til þess. Mér þótti einkennilegt, að hann gleymdi einu nafni, sem er eftirtektarverðast af þeim öllum saman, en það er Sigurjón Pétursson, sem áratugum saman hefir unnið af áhuga að íþróttum án fjárframlaga frá því opinbera. Ég man ekki til, að hann hafi nokkurn tíma fengið áheyrn hjá Alþingi um sínar óskir. (**SK**: Hann er ekki af réttum pólitískum lit. — **BjB**: Hann mátti koma með í ræðu minni. — **BÁ**: Hann hefir fengið styrk hjá Alþingi). Hann kom fyrstur með íþróttastarfsemi sína, og hann hefir sýnt, að það er hægt að halda slíkri starfsemi uppi án styrks, og hann átti litlum vinsældum að fagna, þegar hann sótti um styrk til þess opinbera vegna fjárhagsörðugleika. Þetta hefir blessazt hjá honum án opinberra afskipta. En nú, þegar aðrir fara í spor hans og gera eitthvað svipað, þá fara þeir að kvarta og kveina um, að ríkið hlaupi til og ausi út fé til þeirra umfram það, sem nauðsyn krefur.

Ég tók eftir, að hæstv. dómsmrh. sagði, að hann hefði ekki viljað láta bera þetta frv. fram fyrir sig, þar sem það hefði ekki verið lagt fram fyrir stj. Ég verð að segja, að mér finnst einkennilegt, að svona merkilegt prinsípmál eins og hér um ræðir skuli ekki hafa verið lagt fyrir stj., því að ég verð að álíta, að ef íþróttirnar í landinu eiga að fá svona tekjustofn, þá séu mörg önnur verkefni í landinu, sem ættu að njóta svipaðra kjara, og mér finnst ekki rétt að fara að veita íþróttunum þessa sérstöðu. Mér finnst þetta iskyggilegt, þegar verið er að tala um, að svo kunni að fara, að Alþ. seinna meir mundi ef til vill ekki treysta sér til að veita nægilegt fé úr ríkissjóði til íþróttamála, og því sé betra að sjá íþróttasjóði fyrir sérstökum tekjustofni. Við vitum, að til eru mörg mál, sem ekki þykir fært að framkvæma vegna erfiðrar afkomu ríkissjóðs. Íþróttirnar eru þar engin undantekning. Ég hefði miklu heldur viljað veita fé til að brúa Jökulsá, sem till. var borin fram um nú við fjárl. og féll með jöfnum atkv., eins og menn muna, heldur en að veita 100 þús. kr. til íþrótta. Það er réttara mál og skyldara fyrir Alþ. og eftir eðli sínu miklu nauðsynlegra en að veita fé til íþróttastarfsemi. Hv. þm. mega ekki líta á pólitíska þýðingu þessara tveggja mála. Það er auðvitað ekki hægt að fá pólitískt fylgi vegna brúar á Jökulsá nema í einu eða tveimur kjördæmum, en það má afla sér pólitísks fylgis um allt land með því að bera fram frv. um fjárframlög til íþróttamála, — en þetta má ekki vera sjónarmiðið. Hér er verið að verja fé til styrktar íþróttamálum til viðbótar þeim framlögum, sem íþróttamenn sjálfir hafa lagt fram, sem eru alveg skammarlega lítil. Það er atriði, sem mér finnst rétt að athuga. Hvað leggja íþróttamenn sjálfir fram? Ég hygg, að það sé svo lítið, að ekki sé við unandi, að ríkissjóður bæti þar við 100 þús. kr. á ári. Það verður að gera þá kröfu, að íþróttamenn leggi á sig fjárhagslegar byrðar eitthvað sambærilegt við það, sem meðlimir annara félaga gera til sinnar starfsemi, t. d. góðtemplararegluan. Þetta framlag kemur til viðbótar þeirra eigin framlagi og að einhverju leyti í staðinn fyrir það, því að mér þykir líklegt, að það fé, sem lagt hefir verið fram til íþrótta annarstaðar frá, verði nú ekki lengur lagt fram, ef svona ríflegt framlag verður nú veitt úr ríkissjóði. Að vísu er það svo, að það á að dreifa fé úr ríkissjóði á undarlegasta hátt milli skóla, félaga og einstakra manna. Það mætti t. d. byggja fyrir fé úr þessum sjóði leikfimishús við menntaskólann í Reykjavík. Þar er og hefir verið lengi slæmt leikfimishús, en það opinbera hefir ekki treyst sér til að leggja fram fé til að byggja annað nýtt. En er það nokkur aðferð, að leggja á þennan hátt hluta af tekjum ríkissjóðs í sérstakan sjóð og láta svo 3 manna n. verja því fé til framkvæmda, sem Alþ. hefir ekki treyst sér til að veita fé til? Það er athugandi í þessu sambandi, hvað íþróttastarf-

semi í skólum er ákaflega vafasamt mál, ef á allt er litið. Það má iðka íþróttir til mikils gagns, en líka til tjóns, eins og sorgleg dæmi sýna, og í skólunum eru þær a. m. k. ýmsum einstaklingum til ógagns. Ef þar þarf mikilla breytinga við til að afstýra því, að tjón og gagn éti upp hvort annað, er það eitt, sem mælir gegn svo lítt hugsaðri fjáröflun, sem hér er krafizt, til þeirrar starfsemi eins og hún er, eða t. d. til húsbygginga til íþrótta skólaungdómsins.

Þegar málið er rætt á sama grundvelli og hv. frsm. meiri hl. gerði, get ég ekki annað en hrist höfuðið, þegar hann t. d. sagði, að það væri eftirtektarvert, hve lítið brot af tekjum ríkisins gengi til þess að beina tómstundanotkun æskulýðsins á réttari brautir. Skelfing held ég það sé vafasamt, hvað upp úr slíkum afskiptum hefðist. Hér hefir lengi verið skólaskylda, sem nær frá 7 eða 8 ára aldri til fermingar, og margir í skólum fram undir tvítugt. Þannig átti að fullkomna þjóðina í öllum fræðum og listum. Og hver er árangurinn? Minni en til stóð. Í þeim efnum held ég við séum komnir í hinn mesta vanda og ættum ekki að hleypa okkur í annan meiri með því að takast á hendur ábyrgð á því líka, hvernig ungdómurinn ver tómstundum sínum.

Hv. þm. Snæf. talaði um, að vel ætti við að verja einhverjum hluta af því, sem greitt er fyrir nautnameðul, til þess að efla heilbrigði og hreysti landsmanna með íþróttum. Mér þætti satt að segja önnur notkun þessara blóðpeninga liggja nær og þá notast betur að þeim. Með þeim þyrfti að lækna einhver þeirra sára, sem nautnirnar hafa veitt, bæta t. d. úr þeirri eymd, sem m. a. áfengið hefir átt laundrjúgan þátt í að skapa sumstaðar við sjóinn hér á landi. Það hefir oft verið farið fram á það, að nokkur hluti af ríkistekjum af áfengissölu rynni til bæjarþarfa á stöðum, sem hið opinbera hefir neytt áfengisverzluninni upp á. En það hefir ekki fengizt nokkur áheyrn, þó að viðurkennt sé, hvað leiðir af áfengisflóðinu fyrir þessa staði, þessu flóði, sem verður því meira sem afkoma manna er skaplegri og skárri. En af svo lítilli alvöru taka menn á þessum málum, að nú vilja menn heldur verja áfengistekjunum til þessarar skemmtistarfsemi.

Um þetta mál geta verið skiptar skoðanir, en mín en nú þessi, að óþarflega mikið sé í íþróttastarfsemina borið með frv., eins og það er, og í öðru lagi, að fyrir heilbrigða íþróttamenning væru þessir tekjustofnar ákaflega óviðkunnanlegir og leiðinlegir, þó að íþróttanefndinni gætu ekki hugkvæmzt neinir betri eða neinir aðrir en þessir þrír: brennivín, tóbak og spilafikn, — til þess að skapa heilbrigða sál í hraustum líkama.

Pálmi Hannesson: Herra forseti! Ég vildi óska þess, að umr. yrði frestað, því að nú er stuttur tími til umræðu og þm. margir farnir, en ég þarf enn að taka allmargt fram um málið.

Forseti (JörB): Ég mun verða við tilmælum hv. 1. þm. Skagf. og fresta fundi til kl. 8½, en þá verður umr. fram haldið. — [Fundarhlé.]

***Pálmi Hannesson:** Herra forseti! Ég harma það, hve fáir hv. dm. eru hér komnir, því að ég hefði viljað ræða nokkuð við ýmsa, sem talað hafa hér í þessu máli. En engu að síður virðist mér ég verða að fara nokkrum orðum um ræður ýmissa hv. þm., sem í þessu máli hafa talað. Yfirleitt virðist mér vera einn og samur bragurinn á afstöðu andmælenda frv., að ganga ekki beint framan að ákvæðum þess, heldur í krókum og vega þannig að því. Hafa þeir komið þannig fram í þessu krókahlaupi sínu sem skera ætti úr um það, hver snjallastur væri í þessari svigkeppni, en ekki ætla ég mér að dæma um það.

Hv. samþm. minn, 2. þm. Skagf., virðist hafa átt í nokkru stríði holdsins og andans, þar sem hann hefir þó skrifað undir nál. meiri hl. fjhn. ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Hann gerði þá játningu, að íþróttirnar væru í sjálfum sér góðar, en taldi það óhóflega mikið að verja til þeirra 100 þús.. kr á ári. Virtist svo sem hann væri að velta því fyrir sér, að í rauninni væru íþróttirnar nú ekki eins mikils virði og hann hafði þó játað, og taldi, að ef farið yrði að leggja mikið fé til þessarar starfsemi, myndi niðurstaðan verða sú, að fjárframlögum yrði hrúgað til nokkurra áhugamanna. Ég harma það, að í afstöðu hv. þm. skyldi koma fram svona megn vanþekking á þessum málum. Ég harma það að sjá hann skipa ekki glæsilegri sveit en þeirra manna, sem gerzt hafa til þess að vega að þessu frv. Hv. þm. taldi, að ef lagt yrði til íþróttamálanna það, sem hér er farið fram á, þá myndi þessi starfsemi hljóta því nær eins mikið fé og Búnaðarfélag Íslands. Langt er nú frá, og munar nærri helmingi eftir þeirri áætlun um tekjur til íþróttasjóðs, sem sjá má í grg. frv. Að þessu athuguðu virðist hv. þm. ekki hafa getað annað en gleypt agn það, er hv. 3. landsk. rétti að honum, það er að láta standa ákvæðið um að leggja stimpilgjald á áfengi og tóbak, en verja því ekki til íþrótta, heldur áburðarkaupa. Er hér ólíku saman að jafna, og verður hugkvæmni þessara manna að teljast furðulítil, er þeir sjá ekki önnur ráð til að koma fram hugðarmálum sínum um áburðinn. Það má líka finna ýmsa agnúa á því að taka fé á þennan hátt til þess að styrkja menn til áburðarkaupa. Hv. þm. játaði, að hvergi væri meiri þörf útlends áburðar en í sjávarplássunum, og er það eflaust rétt, því að hann er þessum málum mjög kunnugur. En ég vil benda á það, að á þessu stöðum fer mikið áburðarmagn til einskis. Áburði þeim, sem til fellur í verstöðvum og sláturhúsum, er yfirleitt ekki haldið til haga. Ég bendi honum og sammálsmönnum hans á það, að ég myndi fús til að fella niður þær 30 þús. kr., sem á fjárlfrv. eru ætlaðar til íþróttasjóðs, og verja þeim til verðlauna þeim mönnum, sem bezt ganga fram í því að nytja áburð þann, er til fellur í landinu. Ég gæti líka verið með því að verja þessu fé til að koma upp þróm og slíku til hagnýtingar þessum áburði. Við í rannsóknarn. gerðum í haust athuganir á því, hve mikill þessi áburður myndi vera, og komumst að þeirri niðurstöðu, að hann myndi nægja fyrir öll sjávarplássin og upp-

lönd þeirra. — Ég vænti þess, að hv. samþm. minn taki þessar aths. til greina. Ég vænti þess, að góð öfl megi ráða afstöðu hans, er til atkvgr. kemur, þótt hans hafi verið hart freistað, svo að hann fái staðizt og skipi sér meðal þeirra, sem undirritað hafa nál. meiri hl. ásamt honum.

Hv. þm. A.-Húnv. brá ekki venju, að koma fram í svigkeppni þeirri, er hér er háð. Hann byrjaði á því að ræða um nauðsyn íþrótta, en þau orð tel ég ekki annað en játningu varanna, sem enginn skilningur standi að baki. Hann kom með mótbáru, sem átti víst að vega mikið, sem sé þá, að íslenzk glíma væri útdauð. Hv. þm. gæti spurt íþróttamenn vora um þetta og fengið sannanir fyrir því, að svo væri ekki. En þeir myndu líka geta sagt honum, að miklir erfiðleikar og jafnvel nokkur hætta væri því samfara að stunda hana, eins og nú er ástatt. Hv. þm. taldi hættu á því, að frv. verkaði öfugt við tilgang sinn, með því að íþróttamenn færu að „agitera", eins og hann komst að orði, fyrir auknum drykkjuskap og tóbaksneyzlu í stað þess að vinna á móti þessu. Myndu þeir vilja styrkja íþróttasjóð með því að beita sér fyrir þessum nautnum og taka þær upp sjálfir. Gróflega væri þetta nú léleg hagfræði og mikið á sig lagt að fara að kaupa þessar vörur til þess að fá að borga 1½% verðviðbót íþróttasjóðnum til styrktar. Ég tel ekkert vafamál, að íþróttamenn myndu hafa aðra aðferð. Þeir myndu leggja fram starf og svo fé, þeir sem það geta, til að styrkja sjóðinn. Hv. þm. gat þess réttilega, að frjáls íþróttastarfsemi hefði til þessa hvílt að miklu leyti á fórnfýsi einstakra íþróttamanna. En hjá honum kom í þessu sambandi fram sjónarmið, sem ég vildi kalla útigangspólitíkina. Af því að þessir menn hafa lagt fram starf, á ekki að styrkja þá eða meta það við þá, heldur láta þá vera á gaddinum sem áður. Það er eins og víða í kjördæmum okkar, að mönnum þykir vænt um hryssurnar sínar, þegar þær berja gaddinn, en vilja ekki slá í þær nema moðinu. Þessi afstaða hefnir sín, en er auk þess beinlínis óheiðarleg, að vilja ekki meta slíkan áhuga og fórnfýsi. Á það er bent í grg. frv., að eins og nú er, verði áhugamenn um íþróttir að verja miklum tíma og starfskröftum til að afla fjár til íþróttastarfseminnar. Er á það bent, að með því að hjálpa þeim fjárhagslega mætti hagnýta áhuga þeirra betur til eflingar íþróttunum.

Þá veik hv. þm. að mér sérstaklega og hélt því fram, að ég hefði sagt, að ríkið hefði ekki tekjur af áfengi og tóbaki. Út af þessu spann hann þann lopa, að hann efaðist um, að nokkur maður hefði skilið mig, og ef til vill hefði ég ekki skilið mig sjálfur. Eitt er víst, að hann hefir ekki skilið mig eða ekki viljað það. Ég sagði, að verð á áfengi og tóbaki væri ekki fyrst og fremst miðað við það, að ríkið hefði gróða af sölunni, heldur væri það sett til þess að koma í veg fyrir, að menn neyttu þess í óhófi. Ég styð þetta við fjölmörg ummæli, sem fram hafa komið í blöðum, á fundum og hér á Alþingi. Vera má, að hv. þm. hafi verið annars sinnis eða hafi aldrei skilið, um hvað var að ræða. Ég benti á það, að nú mætti gera ráð fyrir, að útsöluverð á áfengi og tóbaki hækkaði nokkuð, því að annars mætti búast við því, að er aðrar vörur hækka í verði, yrði meira keypt af áfengi og tóbaki en áður. Það virðist rökrétt að hækka nú þessar vörur eins og aðrar, til þess að halda neyzlunni í skefjum. Þar sem ríkisvaldið hefir haft þann skilning, að ekki beri að nota þessa hluti sem tekjustofna, virðist eðlilegt, að nokkuð af verðbreytingum þeim, sem orðið hafa vegna gengisfallsins og almennrar verðhækkunar, eða þessar verðbreytingar allar, komi einnig fram á áfengi og tóbaki, til þess að vinna á móti nautnum þessara hluta. Þessu hefi ég haldið fram, en ekki því, sem hv. þm. telur mig hafa sagt. Annars kvað hann það hreinustu goðgá að ætla að leggja slíkt gjald sem það, er um ræðir í frv., á þá tekjustofna ríkisins, sem hann telur áfengið og tóbakið vera. Mér liggur við að halda, að hann hafi þessa afstöðu vegna þess, að í vetur, þegar íþróttal. voru hér til umr., spáði hann því, að eftir samþykkt þess frv. myndu fara mikil fjárútlát úr ríkissjóði. Þykir mér sennilegast, að hann vilji nú ekki una því, að þessi starfsemi fái fé annarstaðar að en beint úr ríkissjóði, svo að þessi spádómur megi rætast.

En í frv. eru tvær höfuðgr.: Sú fyrri um það, að íþróttasjóður fái tekjur af stimpilgjaldi tóbaks og áfengis, og sú síðari um tekjuöflun til handa sjóðnum af veðmálastarfsemi. Ef ríkissjóður á að búa einn að öllum tekjum af slíkum hlutum, hví er þá ekkert haft á móti því, að íþróttasjóður fái tekjur af þessari veðmálastarfsemi, en hinu andmælt, að hann njóti tekna af áfenginu og tóbakinu? Rökréttast væri þá að taka hvorttveggja undir ríkið. En ég býst við, að hv. þm. telji, að 2. gr. feli í sér svo smávægilegan tekjustofn, að ekkert geri til um hann, það muni ríkissjóð engu. Hv. þm. mun eflaust svara því til, að íþróttamenn muni vinna meira fyrir veðmálastarfsemi þessa, ef þeir eiga að fá tekjurnar af henni. En ég lít svo á, að ef í þessari gr. um veðmálastarfsemina hefði falizt 100—200 þús. kr. tekjumöguleiki, en aðeins 10—20 þús. kr. í hinni, þá hefði hv. þm. snúið sér á hinn veginn og lofað lægri upphæðinni að fljóta í þennan farveg, en ekki hinni. En ef samræmi á að vera í þessu, verður hvorttveggja að fylgjast að, því að hvorttveggja getur verið tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Mér þykir það miður, að hv. 4. þm. Reykv. er ekki viðstaddur, því að ég hefi ýmislegt við hann að ræða, en verð nú að láta það falla niður. Mér virtist öll hans afstaða til málsins vera afstaða hins þreytta manns, sem hefir hneigð til að reka meinhorn í hvert nýmæli. Hann vílaði ekki fyrir sér að halda því fram, að frv. þetta væri fram borið af pólitískum ástæðum. Ég vil í því tilefni benda hv. þm. á, að n. sú, er undirbjó frv., var skipuð mönnum úr öllum flokkum, en það er flutt af mönnum úr Framsfl. og Sjálfstfl. Ég get fullvissað hv. d. um það, að fyrir okkur, sem frv. flytjum, vakti ekki neitt sjónarmið skylt pólitík, sem hv. 4. þm. Reykv. virðist setja í samband við tilraunir til að draga til sín atkv., enda getur hann víst verið áhyggjulaus um sitt pólitíska

fylgi í Reykjavík þrátt fyrir þetta frv. Ég verð þó að segja hv. 4. þm. Reykv. það til hróss, að hann gekk manna beinast framan að málinu. Hann lét þau orð falla, að íþróttirnar væru skemmtistarfsemi. Það er reyndar ekki von, að menn, sem hafa þann skilning á íþróttamálum, gangi fram fyrir skjöldu um fjárveitingar til þeirra. — Mun ég svo láta þetta nægja að því er snertir hv. 4. þm. Reykv., þótt ég hefði margt viljað við hann ræða.

Ég kem svo síðast að hv. þm. Snæf. (TT). Hann hefir alveg sérstöðu meðal þeirra, sem eru móti málinu. Hann hefir fullan skilning á gildi íþróttanna og nauðsyn. Hans afstaða er aðeins af prinsíp-ástæðum, en ekki af andstöðu gegn málinu sjálfu. Við slíka menn er alltaf gott að eiga orðastað. Hann leggur til, að horfið verði af þeirri leið, sem valin er í 1. gr. frv., en tekin aftur upp fjárhæð beint úr ríkissjóði til íþróttasjóðs. Ég tel það að ýmsu leyti lakari leið. Því að ég óttast, að fyrr eða síðar verði reynt að draga úr þeim fjárútlátum og tapast muni tekjumöguleikar, sem frv. vill nota. Það teldi ég illt. Við þá rannsókn, sem n. gerði á tekjuþörfum íþróttasjóðs, komst ég að raun um, að það er þörf á miklu fé til að koma fótum undir íþróttastarfsemina í landinu. En ég skildi hv. þm. Snæf. svo, að hann vildi tryggja íþróttasjóði þær tekjur, sem honum eru nauðsynlegar.

Ég vildi, að hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3. landsk. gætu fallizt á að taka brtt. sína aftur til 3. umr. Væri ég fús til að eiga viðræður við þá um þessi mál og endanlegt form frv. — Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. né hina tómu stóla með lengri ræðu, heldur beina því til manna, að þeir athugi málið og ráði því til hlunns á þann hátt, sem þeim virðist líklegastur til gagns.

***Frsm. annars minni hl. (Stefán Stefánsson):** Herra forseti! Hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Skagf. hafa látið falla eftirtektarverð orð um það hér í deildinni, hverja þörf þeir teldu á að styrkja bændur til að nota sér tilbúinn áburð. Þrátt fyrir þá erfiðleika, sem á því eru nú, má segja, að nauðsynin hafi aldrei verið meiri. Ég vænti þess, að brtt. sú, sem ég hefi gert á þskj. 130, verði til að koma enn hreyfingu á það mál. Það hefir verið að henni fundið, að þetta væri undarlegt form. Það má vera, en ég vil framfylgja málinu í því formi, sem líklegt er, að beri nokkurn árangur, — málefnið sjálft er mér aðalatriði. Ég rakti það síðast, hversu farið hefir um styrk til áburðarkaupa og flutnings, síðan lögin voru sett um þau efni árið 1928. Hafa framlög til þess numið 30—50 þús. kr. árlega og eitt árið 117 þús. Nú var þetta skorið alveg niður fyrir árið 1940. En ummæli þeirra tveggja manna, sem ég nefndi og hafa manna bezta aðstöðu til að vita, sem landbrh. og búnaðarmálastjóri, hverjar afleiðingar þess verða, ættu að ýta við mönnum til umhugsunar um, hvort þeir geti varið það fyrir sjálfum sér að svipta ræktunina í landinu þessari lofuðu aðstoð einmitt nú. Hv. þm. Mýr. og hv. 8. landsk. fluttu á síðasta þingi brtt. við fjárl. um 100 þús. kr. framlag til þessa, en hún var felld, svo að ég sá ekki til neins að fara sömu leið. Þess vegna tók ég það úrræði, sem fram kemur á þskj. 130.

Mér dettur ekki í hug að draga úr því, sem sagt hefir verið um gildi íþróttanna, og hefði þörfin um áburðarkaupin ekki verið svo brýn sem hún er, mundi ég jafnvel hafa greitt atkv. með frv. eins og það er. En skyldi ekki þessi tröllatrú sumra manna á það, að íþróttirnar bjargi öllu, einungis ef þetta frv. nái fram óbreytt, vera komin út í öfgar? Hjá hv. 1. þm. Skagf. gengur það svo langt, að með þessu ætlar hann að færa líf unga fólksins upp á hærra svið. Gott ef svo yrði. Hæstv. forsrh. fannst íþróttamenn vera þeir einu, sem starfhæfir væru, eða a. m. k. þeir starfhæfustu í landinu. Hann virðist telja alveg sjálfsagt, að íþróttir og bindindissemi fylgist að, en ég hefi aldrei heyrt mikið af því látið, að íþróttamenn væru meiri reglumenn en aðrir á því sviði né öðrum. Skemmtanir þeirra hér í bænum bera því ekki vitni, en annað mál, að æskilegt er, að svo væri. Ráðh. talaði um, hve mjög þetta mundi efla þroska æskunnar. Já, eflaust, en geta íþróttir komið í stað atvinnu fyrir vaxandi æsku? Er það ekki framleiðslan, sem verður að ganga fyrir? Á henni byggjast þroskamöguleikar þjóðarinnar öllu öðru fremur. Nú virðast þing og stjórn vera farin að horfa inn á nýja leið í þeim efnum. Að tilhlutun hæstv. forsrh. var borið fram frv. um vinnuskóla og samþ. hér. Ég teldi rétt að halda áfram á þeirri leið og að vinnuskylda, ásamt íþróttaiðkun í sambandi við hana, gæti haft miklu meiri þýðingu en þetta frv. fyrir alhliða þroska æskunnar, til að kenna mönnum stjórnsemi, hlýðni og stundvísi og gera þá starfhæfa. Ég vildi nú skjóta því fram, hvort ekki ætti að taka árið 1943 að tilefni, þegar 40 ár eru liðin síðan Hermann Jónasson bar fram á Alþingi till. sína um þegnskylduvinnu, og hrinda henni þá í fulla framkvæmd.

Nokkrir hv. þm. og „bændavinir“ hafa beint því til mín, að ég ætti að fallast á frv. eins og það er móti því, að af þeim 30 þús., sem búið er að setja á fjárl. til íþróttasjóðs, yrði veittur einhver stuðningur til áburðarkaupa. Ég þakka heilræðin, en vil ekki skipta á 100 þús. og 30 þús. eða einhverju af 30 þús. Annars vil ég gjarnan tala um þessi mál við hv. þm. V.-Ísf. og hverja þá lausn, sem hann getur samþykkt.

Hv. 2. þm. Árn. lézt vera hneykslaður yfir því, að ég vildi afla fjár til ræktunar með einskonar happdrætti. Ég skil hann ekki. Er þetta af því, að hann telji ræktunina svo miklu minna virði en íþróttirnar, að þær megi fremur við því að hagnast á svo óvirðulegri fjáröflun? — Þá sá hann ekkert því til fyrirstöðu, að sveitir hefðu jafnmikið gagn af íþróttafénu og kaupstaðir, og hæstv. ráðh. færði flóttann úr sveitunum sem röksemd fyrir málinu. En það vita flestir, að í sveitum stæla menn sig á vinnu og eru of þreyttir til íþróttaiðkana þann tíma árs, sem þær eru stundaðar mest. Þeir fáu menn, sem þar vilja stunda íþróttir, geta a. m. k. ekki haft veruleg not af þessu, geta ekki fórnað tíma sínum til þess, en það gæti verið, að eitt með öðru

yrði íþróttalíf kaupstaðanna til þess að draga þá til sín úr sveitunum, auka flóttann á mölina. — Vilji hv. þm. gera sitt til að stöðva hann, er þeim betra að samþ. brtt. mína, og vilji þeir finna bjargráð fyrir þá mörgu, sem þegar eru fluttir úr sveitunum og skortir viðfangsefni, þarf að grípa til róttækari ráða.

***Eiríkur Einarsson:** Herra forseti! Svo margir þm. eru enn ókomnir frá kvöldverði, að þetta verður einskonar eintal sálarinnar. Það er líkt um þetta mál og ýmis önnur, sem fram hafa komið, svo sem um aukaskatt á benzín til brúargerða og rafveitulánasjóð, sem fái fé með álögum á raforkustöðvar, að lagt er til, að af tilteknum tekjustofni, sem hið opinbera á ráð á, sé tekið gjald og varið um ófyrirsjáanlega framtíð í sérstöku augnamiði. Þessari aðferð er ég yfirleitt mjög mótfallinn. Ég álít ekki rétt að binda þetta þannig, en miklu æskilegra, að allar slíkar tekjur renni beint í ríkissjóð, og þeir aðilar, sem fjárveitingarvaldið hafa, veiti til hinna ýmsu þarfa eins og fært þykir á hverjum tíma.

Það er allóskylt mál, sem hér er blandað saman við, þegar fram er komin brtt. um að láta gjald það, sem frv. ætlazt til að lagt sé á tóbak og áfengi til íþróttaþarfa, renna til að styrkja kaup á tilbúnum áburði. Að vísu má segja, að það séu ekki óeðlilegar hugleiðingar, sem liggja til grundvallar slíkum tillögum. En hversu þarft sem það mál er, sem vakir fyrir hv. flm. brtt. á þskj. 130, segir mér lítt hugur um, að hún eða þessi óeðlilegu tengsl við málið, sem fyrir liggur, sé sigurvænleg.

Íþróttir efla heilsu og þroska. Það er dagsatt. En fagnaðarerindi þeirra er varla einhlítt til sáluhjálpar. Fyrr á öldum buðu trúarbrögðin fram það eina nauðsynlega. Á viðreisnaröld landsins, öld Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar, sáu menn, að fleira þurfti við. Og hvernig gátu menn orðið þroskaðir og stæltir á þeim tímum án íþróttaþjálfunar nútímans? — Nú eru það íþróttirnar, sem allt eiga að lækna. En er það ekki að taka málið of einfalt og létt? Þess bið ég menn líka að minnast, að íþróttamálin eru enn í reifum hér á landi, þótt þetta frv. yrði samþ. eins og það er, og margt verður hvort sem er að bíða betri íhugunar á því sviði. Af þessum ástæðum og fleiri finnst mér hollast, ef hægt væri, að miðla nú málum og gera öllum nokkuð til geðs. Þá legði ég það fyrst til, eins og stungið hefir verið upp á, að allar brtt. verði teknar aftur til 3. umr. og reynt með viðræðum hv. fjvn. og aðila að ná samkomulagi — og athuga, hvort það þykir yfirleitt óhætt að leggja aukagjald á áfengi til tekjuöflunar fyrir nauðsynjamál eins og íþróttir eða áburðarkaup. Einhver leið þyrfti að finnast til að fullnægja að nokkru leyti báðum þeim þörfum á þann veg, sem ekki fæli í sér neina framtíðarhættu.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Ég vildi svara fáeinum atriðum í ræðum hv. þm. Mér þykir leiðinlegt, að hv. 2. þm. Árn. er ekki viðstaddur. En þar sem það er hans sök, en ekki mín, að hann skuli vanta, skal ég ekki setja það fyrir mig. Hann bar það fram, að ég hefði verið óskilorður í garð fjvn. í sambandi við það, er hún tók upp 30 þús. kr. fjárveitinguna til íþróttasjóðs. Það er tómur misskilningur, því að ég hafði engin orð í sambandi við þetta.

Hv. 2. þm. Árn. hélt því fram, að ég hefði farið hér skakkt með tölur. Ég veit ekki betur en aðeins tvær upphæðir hafi verið felldar niður af fjárlfrv. móti 30 þús. kr. framlagi til íþróttasjóðs, en þær voru 8 þús. kr. til Í. S. Í. og 6 þús. kr. til íþróttafélaga, eða samtals 14 þús. kr. Það er því algerlega rangt hjá hv. 2. þm. Árn., að ég hafi farið hér rangt með, þegar ég sagði hér hækkað um 16 þús. kr. Hitt er aftur rétt hjá hv. þm., að upphæð sú, sem varið er til íþróttasjóðsins, er ofurlítið lægri en veitt var til íþróttamála á fjárl. yfirstandandi árs. Þessi lækkun er gerð með tilliti til þess, að ýmsar framkvæmdir, svo sem sundlaugabyggingar, hafa þurft meira fjárframlag á þessu ári en nauðsynlegt var nú, þegar þessi fyrirtæki höfðu ekki áframhaldandi útgjöld í för með sér.

Þá vil ég segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann vék nokkuð að því sama sem hv. 2. þm. Árn. talaði um í kvöld. Hann minntist á það, að með því að andmæla þessu frv. hefði ég ekki gengið hreint til verks. Þetta er rangt. Ég geng beint til verks, þó að ég vilji ekki skipta tekjum ríkisins, heldur ákveða með fjárl., hversu miklu fé skuli verja til þessa eða hins. Þessi sami hv. þm. kom með fleiri ásakanir í minn garð. M. a. hélt hann því fram, að það, sem ég og hv. 2. þm. Skagf. hefðum talað um nauðsyn og gildi íþrótta, væri ekkert annað en fagurgali, sem enginn skilningur stæði á bak við. Slíkar ásakanir eru hrein ósvífni, sem ekki hafa við neitt að styðjast. Ég viðurkenni fyllilega þýðingu íþróttanna fyrir vöxt og viðgang þjóðarinnar, þó að ég vilji láta ákveða á fjárl. hvers árs framlag ríkissjóðs til þessara mála. Hér er um að ræða tvær óskyldar hliðar á málinu. Það kemur fram í þessum ásökunum hv. þm. eins og oft endranær, að hér á Alþ. er leikinn loddaraleikur. Það eru borin fram frv. og till. um framlög ríkisins til ýmissa mála, og jafnframt um aukna skatta á þegnana. Ef einhver hreyfir mótmælum gegn þessu atferli, er honum borin á brýn óvild til þess nauðsynjamáls, sem um er að ræða, vegna þess að hann vill ekki láta taka af tekjum ríkisins. Slík dæmi eru þekkt úr pólitiskri starfsemi síðustu ára, og eru alltaf jafnógeðsleg.

Hv. þm. var að vefengja, að það væri á nokkrum rökum byggt frá minni hálfu, að þessar till. verkuðu öfugt á alla bindindisstarfsemi. En samkv. till. verður niðurstaðan þannig, að því meira sem eytt er í tóbak og áfengi, því meira fé fer til íþróttastarfsemi.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að ég vildi láta íþróttamenn hafa svipaða aðstöðu og útigangshesta í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Ég ætla að svara þessu með nokkrum orðum, þar sem ég tel þetta atriði athyglisvert í sambandi við íþróttastarfsemina. Eins og ég tók fram hér í kvöld og fleiri hafa líka viðurkennt, þá eru á þessu sviði engir menn virðingarverðari en

þeir, sem stofnað hafa og starfa við íþróttafélög, enda er þessum mönnum að þakka efling íþróttanna í landinu. Þeir hafa unnið í þágu þjóðarinnar án borgunar frá því opinbera, og höfðu það eitt fyrir takmark, að hugsjón þeirra yrði að veruleika. En ef nú á að fara inn á þá braut að launa íþróttafrömuðina af hálfu ríkisins, þá eru þeir ekki lengur virðingarverðir fyrir starf sitt, heldur launþegar, sem fá peninga fyrir hvert handtak. Okkur er kunnugt um þá staðreynd, að þeir menn, sem sjálfir berjast fyrir hugsjónum án launa, vinna af lífi og sál að umbótum í sínu starfi, en fari svo ríkið að launa þá, dregur úr viðleitni þeirra.

Hv. 1. þm. Skagf. hélt því fram, að ný kenning frá minni hálfu væri, að tekjur af sölu áfengis og tóbaks væru tekjur ríkisins og ættu að vera það. En hv. þm. hlýtur að vita, að frá minni hálfu er þarna aðeins bent á staðreynd, sem engar vitlausar vífilengjur duga til að vefengja. Verðið er á valdi ríkisstj., og nú í stríðinu er minni hætta en ella að hafa það hátt. Annars er afleiðingin sú, að því hærra verð sem er á tóbaki og áfengi, því meiri freisting er venjulega að smygla þeim vörum inn.

Þá minntist hv. þm. á það, að ég hefði verið að spá því í vetur í sambandi við íþróttal., að útgjöld ríkisins þeirra vegna myndu verða mikil í framtíðinni. Þetta var ekki mikill spádómur, heldur vissa, sem byggðist á reynslu á ýmsum sviðum. Þá er það nú svo, að mér finnst óþarfa kostnaður og fyrirhöfn að setja þessi stimpilmerki á hverja flösku, og gæti verið tilefni til þess, að koma fleiri mönnum að þeirri stofnun, sem um er að ræða. Enda væri auðvelt fyrir ríkisstj. að fara beinustu leið og hækka vöruna um þá upphæð, sem svaraði verði stimpilmerkjanna.

Þá vil ég enn minnast á eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann hélt því fram, að það sýndi ósamræmi af minni hálfu, að vilja afla íþróttasjóði tekna með veðmálastarfsemi. En hv. þm. virðist ekki skilja það, sem ég á við. Veðmálastarfsemi er nú sem stendur ekki neinn tekjustofn fyrir ríkissjóð. Þess vegna yrði þetta nýr tekjustofn, sem bundinn væri við íþróttastarfið. Ég sé ekkert athugavert við það, þó að þessi félög fengju að njóta veðmálanna, sem yrðu nokkurskonar ávöxtur af þeirra starfi. Hér er um allt annað að ræða en fara að hluta sundur tekjur ríkissjóðs, og fullkomið samræmi frá minni hálfu. Hvort réttlátt sé að verja 100 þús. kr. til íþrótta á hverju ári, sem verður, ef frv. nær samþykki, er frá mínu sjónarmiði meira en efamál. En ég lít svo á, að hér komi bersýnilega í ljós hugsunarháttur þeirra, sem ráða fjármálunum hér á Alþ., sá, að athuga ekkert hvað fært er að greiða til umbótamála, og sýna mjög sljóan skilning á því, til hvers er nauðsynlegast að verja fé.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég skal ekki vera langorður, enda munu langar umræður úr þessu ekki breyta miklu, hvernig málið verður afgr. Þó eru nokkur atriði, sem ég vildi gjarnan minnast á. Það er vitanlega misskilningur, sem kom fram hjá hv. þm. A.-Húnv., að mikill kostnaður yrði við stjórn íþróttamálanna. Þetta nær ekki nokkurri átt og hefir ekki við neitt að styðjast. Einnig mundi kostnaðurinn við að líma merkin á flöskurnar ekki verða verulegur, þar sem þau má líma á um leið og merki tóbakseinkasölunnar og áfengisverzlunar ríkisins, sem nú eru á þessum vörum.

Mér er ljóst, að íþróttirnar mæta ekki þeim skilningi hjá þjóðinni sem æskilegt væri. Mér dettur ekki heldur í hug að deila um það, að það sé vinsælt að verja þessum fjármunum til íþrótta. Margir munu hugsa þannig, að þarfara væri að verja þessu til húsabygginga, brúarsmíða eða áburðarkaupa. Um þetta eru skoðanir skiptar, en mín skoðun er sú, að þessu fé verði ekki varið betur en til íþrótta. Við verjum mörgum millj. kr. til að sjá um og lækna þá menn, sem búnir eru að missa heilsuna, og í mörgum tilfellum er öll lækning árangurslaus.

Ég er sannfærður um, að íþróttirnar er eitt af því, sem hjálpar þjóðinni betur en flest annað til þess að byggja upp heilbrigði og starfsorku í landinu. Ef við eigum þann fjársjóð, sem langvarandi íþróttaiðkun skapar, þá er miklu meira borgið en menn gera sér í hugarlund. Framlagi til íþrótta yrði þá ekki varið í óþarfa eða til þess að fólk geti skemmt sér, eins og orð hafa fallið um. En vitanlega má deila um, hversu miklu eigi að verja í þessum tilgangi, og þar er ákaflega vandratað meðalhófið. Ennfremur má færa rök fyrir því, að eins og nú standa sakir sé hæpið að verja svo miklu fé til þessara mála og hér er gert ráð fyrir. Ég viðurkenni, að eðlilegt sé, þó að fram komi mismunandi sjónarmið á þessum efnum. Þrátt fyrir það er skoðun þeirra, sem fluttu frv., að fjármununum sé ekki betur varið, og það er skoðun mín. Ég minnist þess, að fyrir skömmu var ég viðstaddur kappleik, sem margir ungir menn tóku þátt í. Ég veit, að í þessum hóp voru tveir af þeim beztu, sem voru óreglumenn fyrir nokkrum árum. Íþróttirnar höfðu bjargað báðum frá óreglu og gert þá að dugandi mönnum. Þetta er aðeins eitt dæmi um þýðingu íþróttanna, en það má koma með mörg hundruð manna, sem þær hafa bjargað frá glötun og gert þarfa þegna í þjóðfélaginu. Ég vil ekki gera mikið úr því, að það myndi auka drykkjuskapinn, ef álagningin á áfengi yrði aukin, og að menn myndu þá drekka til að styrkja íþróttastarfið. Eftir þessum rökum ættu þeir að drekka því meira, sem álagningin er meiri, en þetta er alls ekki rétt. Við álítum það eðlilegt að verja gróða af áfengis- og tóbakssölu til að láta þetta vinna á móti sjálfu sér. Ég er einn þeirra manna, sem viljað hafa áfengis- og tóbakssölu frjálsa og eru á móti banni. En ég vil láta æskuna í landinu fá vissa upphæð á ári til þess að vinna að heilbrigði í landinu.

Það hafa heyrzt raddir um það, að ríkið ætti að ákveða á hverju ári framlag til íþrótta, en ekki ætla þeim vissar tekjur sínar. Viðvíkjandi þessu vil ég benda á frv. um happdrætti háskólans, sem nú á að lögfesta. Það mætti veita peninga beint úr ríkissjóði til háskólans, í staðinn fyrir að láta fólkið „spekulera“ í „lotterii“, eins og sagt var fyrr á árum og þótti þá

ljótt. En nú er þjóðinni leyft að „spekulera“ til þess að geta komið upp æðstu menntastofnun sinni, háskólanum. Ég hefi ekki heldur orðið var við, að mönnum hrjósi hugur við að taka á móti peningum, sem fengizt hafa með því að fá fólkið til að kaupa happdrættismiða.

Mér virðast þessar þrjár aðferðir, sem hér eru hafðar til tekjuöflunar fyrir íþróttasjóð, vera eðlilegar og sjálfsagðar. Ég hefi ekki orðið var við, að menn þekktu þær krónur úr, sem fást með álagningu á ýmsar ónauðsynjavörur, eða að hrollur sé í mönnum að verja þeim til nauðsynjamála. Viðvíkjandi veðmálastarfseminni skal ég benda á það, að hún tíðkast hjá ekki óráðvandari þjóðum en Svíar og Englendingar eru. Það vekur áhuga fólksins fyrir íþróttunum, að vera þannig óvirkur þátttakandi í kappleiknum.

Þetta eru meginrökin, sem færð hafa verið fram, auk þess, sem komið hefir fram nokkur misskilningur um það, að íþróttamenn myndu leggja lítið að sér og þess vegna væri vont að veita þeim svona mikið fé til starfsemi sinnar, því það veikti einstaklingsáhugann.

Þetta mun nú ekki vera rétt. Íþróttamenn hafa lagt mikið að sér, margir hverjir. Ég álít líka alls ekki rétt að veita fé til íþróttastarfsemi, nema með því móti, að íþróttamenn vinni í þegnskylduvinnu þá vinnu, sem þarf að leggja fram, eins og t. d. við byggingu íþróttavalla. Ég álít sjálfsagt, að þessi regla sé tekin upp, og ég vona, ef ég vinn að þessum málum áfram, að mér takist að koma því til vegar, að hún verði tekin upp.

Ef við tökum t. d. skíðaíþróttina, þá hafa verið byggðir skíðaskálar í sjálfboðavinnu, og eru það mörg handtök, sem þar hafa verið lögð fram. En margt af þessu fólki er svo fátækt, að það getur ekki keypt efni í húsin. Eins er með sundlaugar og aðrar lagfæringar og byggingar, að það er ekki hægt að koma þeim upp, nema ríkið komi þar á móti.

Ég vil segja, að þegar maður ferðast út um landið og sér, hvað þegar hefir verið gert, og sér unga fólkið, sem alizt hefir upp við þá aðstöðu, sem þegar hefir skapazt, þá leynir það sér ekki, að íslenzk æska hefir fyrir íþróttirnar gerbreytzt síðustu áratugina, og þá sérstaklega síðasta áratuginn. Það er enginn efi á því, að íslenzk æska er nú þróttmeiri og fallegri en hún hefir verið um margar aldir, og er það íþróttunum að miklu leyti að þakka. Það er allt annað nú en var fyrir nokkrum árum að ferðast út um sveitir landsins og mæta fólki, sem stundað hefir íþróttir, sjá vöxt þess og þann vilja, sem því er samfara að stunda íþróttir.

Þessari starfsemi eigum við að halda áfram og við eigum að leggja meira árlega fram, til þess að gefa æskunni betri aðstöðu til að iðka íþróttir en áður.

Ég er hér kominn inn á efni, sem ég ætlaði ekki sérstaklega að tala um í þessu sambandi. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, sem ég hefi áður sagt um nauðsyn íþrótta, heldur vildi ég aðeins svara því, sem mér finnst rangt í því, sem komið hefir verið fram með á móti frv.

Það hefir verið minnzt á það einnig, að það eigi með þessu að skipuleggja tómstundir æskunnar. Ég veit ekki, hvað skal segja um það, en þó er það náttúrlega skakkt orð. Vissulega skipuleggjum við tómstundir barna og unglinga, þar sem börnin eru skólaskyld og unglingarnir hafa tækifæri til að ganga í skóla, bæði konur og karlar. Það er ekki lögþvingun, að æskan eigi að stunda íþróttir, en hér er verið að gefa æskunni, sem vill varðveita heilbrigði og starfsþrótt, betri aðstöðu en áður til þess að verja tómstundum sínum í það að stunda íþróttir.

Þau rök hafa verið borin hér fram, að það væri nær að reyna að bæta fyrir það böl, sem af áfengisnautn leiðir, t. d. með því móti, að bæjar- og sveitarsjóðir ættu fremur að fá eitthvað af þessum peningum. Ég vil nú segja, að vitanlega fer mikið af fjármunum þeim, sem fást fyrir áfengi og tóbak, til þess, en jafnframt vil ég halda því fram, að það sé hyggilegra að verja nokkrum hluta af peningum þeim, sem fást fyrir áfengi og tóbak, um 100 þús. kr., ekki til þess að bæta og lækna sárin, heldur til þess að fyrirbyggja, að þetta böl eigi sér stað. Ég vil staðhæfa — og er ég þar á engan hátt að vanþakka goodtemplarareglunni, því ég veit, að hún hefir leyst af hendi mikið starf í þágu heilbrigði og reglusemi —, að við getum ekki með öðru betra móti en því að samþ. þetta frv. unnið að því að fyrirbyggja þær afleiðingar, sem áfengis- og tóbaksnautn hafa í för með sér.

Ég vil svo að lokum taka það fram, þar sem á það hefir verið minnzt, að það vannst ekki tími til að ræða málið í ríkisstj., eins og ég tók fram, þegar ég talaði síðast, svo frv. er því ekki borið fram af ríkisstj., heldur af einstökum þm., sem gerðu það eftir beiðni íþróttanefndar, sem undirbjó íþróttal. Afstaða ríkisstj. til frv. er því algerlega óbundin. Það er líka vitanlegt, að það eru borin fram ýms frv. af einstökum þm., sem sumir ráðh. eru fylgjandi, en aðrir ekki.

Ég ætla svo ekki að lengja mál mitt frekar um þetta frv. Ég er því meðmæltur, eins og ég hefi tekið áður fram. Ég sé ekki, að langar umr. um þetta mál hafi mikla þýðingu eins og nú er komið, en ég væri hæstv. forseta þakklátur, ef málið gæti fengið sem fyrst afgreiðslu, til þess að hægt sé að haga fjárveitingum til íþróttasjóðs eftir því og taka það til athugunar við 3. umr. fjárl.

***Pétur Ottesen:** Hv. 2. þm. Skagf. bar fram fyrirspurn til fjvn. Þó hér sé að vísu ekki vettvangur til að knýja fjvn. til sagna, þá vil ég samt út af þessari fyrirspurn hv. þm. láta þess getið, að fjvn. er nú að byrja að undirbúa fjárlfrv. fyrir 3. umr. og hefir enn sem komið er ekki tekið ákvörðun, hvorki um þetta atriði, sem minnzt var á, né önnur viðvíkjandi afgreiðslu fjárl. við 3. umr. Starfi hennar að því er snertir þennan undirbúning er ekki enn lengra komið en svo.

Hv. þm. A.-Húnv. vildi draga í efa, að hv. 2. þm. Árn. hefði farið rétt með það, hvað mikið væri fellt niður af fjárlfrv. í sambandi við þann

sérstaka lið, sem tekinn hefir verið upp til íþróttasjóðs. Taldi hann, að því er mér skildist, að ekki hefði verið fellt niður af fjárlfrv. nema 14 þús. kr. Þetta er rangt hjá hv. þm. Það getur vel verið, að orðalagið á 35. brtt. n. á þskj. 92 gefi honum tilefni til þessarar ályktunar. Þar stendur, að 14. gr. B. XIX,2 skuli orðast eins og þar hermir. En annaðhvort er, að þessir 2 í tölu, sem skotið er þar inn, hafa verið settir óviljandi í handritið frá n. eða þetta hefir slæðzt, þar inn við prentun á till. Ég hefi fyrir mér samþykkt n. eins og hún var borin upp á þeim fundi, sem þessi ályktun var gerð, en þar er svo ákveðið, að 14. gr. B. 19. liður skuli orðast eins og hermt er í brtt. Með þeirri orðun eru felldir niður 3 stafl., sem hafa það í för með sér, að felld eru niður útgjöld, sem áður voru til íþrótta, sem nema að ég ætla 12700 kr.

Fjárlfrv. eins og frá því var gengið liggur ekki fyrir úr prentuninni, svo ekki er hægt að segja, hvort þessi prentvilla er þar og hafi orðið þess valdandi, að þessir liðir standa enn í frv. Ef svo er, þá verður það vitanlega leiðrétt við 3. umr., því það stendur skýrum stöfum bókað hér, að þessir liðir eigi að falla niður. Það var því rétt, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um þetta atriði.

Ég skal aðeins geta þess, að það, sem fellt er niður samkv. þessu til íþróttamála, eru 26700 kr. Það var einnig tekinn upp liður, sem tekinn hafði verið út af fjárl. og nemur 2200 kr. Það eru þess vegna einar 1100 kr., sem bætast við hjá n. Þetta er sannleikurinn í þessu máli.

Ég skal ennfremur benda á, að í fjárlfrv. eru veittar 18 þús. kr. til sundlaugabygginga, sem ekki eru teknar upp í till. n., en það gerði n. af ásettu ráði, þar sem í vændum var, að íþróttasjóður fengi tekjur samkv. sérstökum lögum.

Ég vil nú benda á, að ég hygg, að menn geri allt of mikið úr því, að þessar tekjur, sem gert er ráð fyrir að afla með sérstökum l., eða sú upphæð, sem þar fæst, verði að verulegum mun hærri en veitt var til íþróttamála á fjárl. á undanförnum árum. Þegar sjóðurinn verður búinn að fá þessar tekjur, þá verða felld niður úr fjárl. ýms útgjöld, sem standa þar nú. Ég vil t. d. benda á, að á undanförnum árum hefir verið veitt til skólabygginga 45—60 þús. kr., en nokkuð af því hefir farið til að byggja leikfimihús og önnur íþróttahús. Þegar íþróttasjóður verður búinn að fá tekjur með slíkum hætti, þá verður það fellt niður af fjárl., sem annars er veitt í þessu skyni, því hann á að bera það uppi. Auk þessa stendur á fjárl. liður, sem er til ungmennafélaga, til íþróttastarfsemi. Það munu vera fleiri liðir, sem hverfa af fjárl. undir eins og sjóðnum hafa verið veittar slíkar tekjur sem hér er farið fram á að gera með sérstökum l. Það er því ekki ástæða til að vera á móti þessu frv. út frá því sjónarmiði, að með þessum hætti sé stefnt til meiri fjárframlaga heldur en gert hefir verið undir ýmsu formi á fjárl. á undanförnum árum. Á þetta vil ég benda út af þeim orðum, sem fallið hafa um það, að nokkuð djarflega sé stefnt um fjárveitingar í þessu skyni.

Það er ekki ástæða fyrir mig að lengja umr. um þetta mál, enda hefir málstað þeirra, sem standa að flutningi frv., og þeirra, sem tekið hafa undir með þeim um stuðning við það, að ætla fé til íþrótta með þessum hætti, verið haldið þann veg uppi, að það er ekki ástæða til þess fyrir mig að bæta þar við. Ég vil þó út af till., sem hv. 3. landsk. flytur um að snúa þessu við, svo að í staðinn fyrir að fé því, sem þarna aflast, sé varið til íþrótta, þá sé því varið til áburðarkaupa, segja, að þessi till. er nokkuð sniðuglega gerð, en það er líka það eina, sem hægt er að segja um till. Það er undarlegt, ef hv. þm. ber svo mikla umhyggju fyrir búskaparafkomu bænda að því er snertir áburðarnotkun, að hann skuli ekki sjálfur hafa leitazt við að finna leið til að afla fjár með einhverjum hætti til slíkra nauðsynjamála, heldur en að hoppa með þessum hætti inn á þessa till., og verða þannig fyrst snortinn af þeirri hugsjón, að bæta úr fyrir bændum, þegar till. var fram komin á þessum grundvelli. Það ber því ekki að taka þessa till. öðruvísi en tilraun til þess að koma málinu fyrir kattarnef. Það er vitanlegt, að ýmsar leiðir eru farnar í slíkum tilgangi, sem ómögulegt er að segja, að sé neitt óþinglegt við, eins og t. d. að vísa málum til stj. Það er ein af slíkum leiðum, sem hér er verið að fara inn á.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta mál. Það verður að skeika að sköpuðu um það, hvað ofan á verður, en ég vil segja það sem mína skoðun, að ég tel í alla staði vel forsvaranlegt að leggja inn á þessa braut, því að það er ekki verið að stofna til tiltölulega meiri útgjalda í þessum efnum heldur en gert hefir verið með ýmsum fjárveitingum á undanförnum þingum.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Út af ræðu hv. þm. Borgf. verð ég að segja það, að mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja, að bæði þessi vinur minn, sem er formaður fjvn., og eins hv. frsm. n. virðast hvorugur vita, hvað var samþykkt hér við 2. umr. fjárl. eftir tillögum frá þeim. Það er alveg glöggt, að þessi upphæð, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, 12700 kr., er ekki felld niður af frv. Ég hefi borið þetta undir skrifstofustjóra þingsins, svo það, sem ég flyt fram um þetta efni, er alveg rétt. Ég efast ekki um, að það sé rétt hjá hv. formanni n., að n. hefir samþ. það, sem hann talaði um, en hún hefir ekki borið það enn fram í þinginu, að fella þessa liði niður.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Borgf. tók fram áðan snertandi þessar 18 þús. kr. til sundlaugabygginga, þá vil ég geta þess, að þær voru teknar á fjárl. á síðasta þingi, en það var ekki ætlazt til þess, að þar væri um áframhaldandi greiðslu á fjárl. að ræða.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. var að tala um, að með því að samþ. þetta frv. með þeim greiðslum til íþróttamála, sem þar er gert ráð fyrir, væri ekki hlutfallslega meira veitt til þessara mála en áður, þá fæ ég ekki komið því saman við þær tölur, sem hingað til hafa staðið á fjárl., jafnvel þó því sé bætt við, sem á landsreikningi hefir staðið og greitt hefir verið umfram fjárl.

Að öðru leyti ætla ég ekki að gera aths. út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég sé ekki heldur ástæðu til að fara inn á að svara nokkrum atriðum í ræðu hæstv. forsrh., sem kannske væri ástæða til að svara.

*Pálmi Hannesson: Herra forseti! Mér finnst ástæða til að taka fram örfá atriði í tilefni þess, sem komið hefir fram í kvöld.

Hv. 3. landsk. lét þess getið, að ég og aðrir, sem talað hafa með þessu frv., hefðum tröllatrú á gildi íþrótta, sem hann taldi vera oftrú. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram við 1. umr., að ég teldi, að menningarbylting geti stafað af íþróttastarfseminni. Ég sagði það nú ekki beinlínis, heldur að mikil menningarbylting hefði orðið hér á landi á meðan síðasti ófriður stóð, svo að lif manna hefði gerbreytzt frá því, sem áður var, en til þess að vega upp á móti ýmsum þeim ófagnaði, sem siglt hefði inn í landið frá útlöndum, þá væri íþróttastarfsemi eitt bezta ráðið. Ég skal taka það fram, að það er almennt álit, að á þeim tíma, sem Íslendingar stóðu sem þjóð með mestum blóma, þá væru þeir um leið hin mesta íþróttaþjóð. Ég vil líka benda á. að þær þjóðir, sem taldar eru tápmestar þjóðir nú á dögum, eru um leið mestar íþróttaþjóðir.

Hv. 3. landsk. sagði, að íþróttirnar kæmu ekki að haldi í sveitunum. Þessi skoðun fer ekki saman við reynsluna, því það er kunnugt, að margir hinir dugmestu íþróttamenn koma frá hinum vinnandi stéttum, einkum úr sveit. Og þrátt fyrir það, sem hv. þm. sagði, þá er ekki því að neita, að víða um landið eru betri skilyrði til íþróttaiðkana einmitt í sveitum heldur en í kaupstöðum, og bændasynirnir hafa í raun og veru betri aðstöðu til að koma sér við í íþróttum, því þeir eru jafnan í allmikilli æfingu, en íþróttir eru nauðsynlegar þeim til að vinna á móti ýmiskonar kýtingi í líkamsvexti, sem einhliða vinna kallar fram, auk þess sem þeir eiga rétt á að fá að iðka íþróttir sér til gagns og gamans.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að svo að segja eina gagnlega bókin, sem komið hefir út um íþróttir, „Min aðferð“ eftir Müller, hefir af mörgum sveitaunglingum verið notuð þeim til mikils gagns.

Hv. þm. A.-Húnv. vildi ekki fallast á, að það væri ósamræmi í því, þó hann annarsvegar teldi óréttlátt að taka nokkurn hluta af tekjum ríkissjóðs, eins og hann vildi kalla það, samkv. 1. gr., en vildi hinsvegar heimila veðmálastarfsemi samkv. 2. gr., því hún væri nýr tekjustofn. En þar er um heimild að ræða, sem ríkið gæti auðvitað notað sjálft. Ég vil líka benda hv. þm. á það, að nýir tekjustofnar verða gamlir, þegar búið er að nota þá nokkurn tíma.

Hér er í raun og veru um það að ræða, hvað mikla áherzlu við viljum leggja á þessa starfsemi. Ef við treystum því, að íþróttastarfsemin geti orðið til þess að auka dug unga fólksins í landinu, þá er ég ekki í vafa um, að slíkur maður sem hv. þm. A.-Húnv. mun ekki skoða huga sinn um það, að þá sé sjálfsagt að verja allmiklu fé til slíkra hluta. Ég efast ekki heldur um, að hv. 3. landsk. vill heldur verja verulegu fé til íþróttastarfsemi en til þess að kaupa útlendan skít til landsins, ef hann á um það tvennt að velja. Ég skal ekki neita því, að áburður er mikils virði fyrir landbúnaðinn. Ég skal ekki heldur neita því, sem hv. samþm. minn sagði, að það væri skemmtilegt og þýðingarmikið að láta vaxa stórar kartöflur og kálhöfuð, en ef ég á um það tvennt að velja að sjá þróttmikil mannshöfuð eða falleg kálhöfuð, þá er ég ekki í vafa um, hvort ég myndi velja.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að undirstaða fjármálanna væri framleiðslan. Er það nú víst? Skyldi það ekki frekar vera dugur þegnanna sjálfra, og þá ekki síst þeirra, sem til koma, þegar okkur þrýtur, sem nú stöndum að framleiðslunni?

*Frsm. annars minni hl. (Stefán Stefánsson): Ég skal ekki verða langorður. — Hv. þm. Borgf. dróttaði því að mér í sinni ræðu, að þessi brtt. mín við frv. væri ekki borin fram vegna þess, að ég hefði nokkurn áhuga fyrir bændastéttinni eða ræktun landsins. Ég vil þá spyrja hv. þm. Borgf. að því, hvort hann hafi ástæðu til að væna mig um. að ég hafi ekki áhuga fyrir bændastétt landsins og ræktun þess. Ég þykist hafa sýnt það, að ég ber meiri áhuga fyrir bændastéttinni en öðrum stéttum landsins. Finnst mér þetta ónotalega mælt og ómaklega af hv. þm., að ég vilji með þessu koma þessu máli fyrir kattarnef, og beri þessa till. fram þess vegna. Ég tel og illa farið með fé að kasta 1—2 hundr. þús. kr. til íþróttastarfseminnar einnar, þegar á svo mörgum sviðum er þörf á fjárframlögum, m. a. á því sviði, að styrkja áburðarkaup í landinu. Ég held fast við það. Og ég tel, að íþróttasjóðurinn megi vera fullsæmdur af því að fá 50 þús. kr. til sinnar starfsemi og megi vel við una, á meðan það ástand ríkir, sem nú er, og svo mikil þörf að hjálpa svo mörgum og verður að teljast meiri heldur en að veita fé til íþróttastarfseminnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tala um þetta frekar, sem hér hefir komið fram; það hefir ekki sérstaklega að mér snúið.

Ég vil vænta þess, að þar sem hæstv. landbrh. telur tormerki á að samþ. mína brtt., en telur samt nauðsynlegt að styrkja áburðarkaup í landinu, og þar sem formaður Búnaðarfélags Íslands og einnig búnaðarmálastjóri telja það líka nauðsynlegt, þá hafi þessir góðu menn samtök um það, og þá sérstaklega landbrh., að koma því til leiðar, að bændur og framleiðendur í landinu verði styrktir til þess að kaupa áburð fyrir ekki minni upphæð en tiltekið er í minni brtt.

Hv. þm. Mýr. sagði í fyrra, að árið 1938—39 hefði verð hækkað á erlendum áburði um 15%, en á þessu ári er gert ráð fyrir 50% hækkun frá því, sem var síðastl. ár.

Hér var lagt fram álit frá bændafundum á Austurlandi, í Vopnafirði og Borgarfirði, þar sem hefir verið samþ. með öllum greiddum atkv. á fjölsóttum bændafundum að skora á Alþ. að veita fé til rekstrar áburðareinkasöl-

unnar, og ennfremur að veita fé til styrktar kaupum á erlendum áburði þetta ár, til þess að lækka það háa verð, sem mun verða á honum. — Ég vil endurtaka það, að ég vænti þess, að þar sem hæstv. ráðh. hefir séð ástæðu til að mótmæla brtt. minni, verði hann jafnframt við þeirri ósk, sem ég og aðrir bændur þessa lands berum fram um styrkinn til þessara áburðarkaupa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 111,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, EOl, EE, EmJ, GÞ, GSv, HG, ÍslH, JÍv, JPálm, PHalld, SEH, SK.

nei: ÁÁ, BJ, BjB, EystJ, HelgJ, PHann, PO. SkG, StgrSt, SvbH, JörB.

StSt greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÞBr, BÁ, FJ, GG, HV, JakM, ÓTh, TT) fjarstaddir.

Brt. 111,2 kom ekki til atkv.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 111,3 samþ. með 17:2 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 111,4 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 22., 23. og 24. fundi í Nd., 26., 27. og 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 190, 207, 233).

Thor Thors: Engum blandast hugur um það, að nauðsyn er á að afla íþróttasjóði tekjustofna, vissra árlegra tekna. Ég lét þá skoðun í ljós við 2. umr., að tekjuöflunarleið sú, sem flm. frv. vildu fara, væri óheppileg og betra mundi, að ríkissjóður legði fram hið nauðsynlega fé með beinni fjárveitingu. Að vísu gæti ég sætt mig við, að fjmrh. yrði veitt heimild til að hækka tilteknar vörur ríkiseinkasalanna, með það fyrir augum, að hækkunin mætti auknum útgjöldum ríkissjóðs til íþrótta, en til slíkrar heimildar þarf engin lagaákvæði; þetta er hvenær sem er á valdi fjmrh. án þess. Auk þess, hve tekjuöflunarleið frv. var óheppileg af fjármálalegum ástæðum, þótti mér hún leiðinleg fyrir íþróttamenn, — að vera komin undir notkun þessara nautnavara. Af þessum ástæðum hefi ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 207, þar sem ákveðið er, að ríkissjóður leggi til íþróttasjóðs minnst 50 þús. kr. árlega næstu fimm árin. Á fjárlfrv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir 30 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði til íþróttasjóðs. Hækkun samkv. brtt. minni yrði þá 20 þús. kr. Enda þótt margt sé vitað um erfiðleika á afkomu ríkissjóðs, finnst mér ekki um hærri upphæð að ræða en svo, að við getum allir samþ. hana rólegir fyrir því. Allir, sem um málið hafa talað, hafa sýnt lifandi áhuga fyrir efling íþróttanna og auknum stuðningi við þær, þótt á hafi greint um það, hvernig hjálp hins opinbera yrði bezt veitt. Úr því að Alþingi er búið að fella þá tekjuöflunartill., sem mest var deilt um við 2. umr., þykist ég þess fullviss, að þdm. muni samþ. þessa brtt., sem virðist nú eina færa leiðin til þess að sýna íþróttunum þann stuðningsvilja, sem hér er fyrir.

***Pálmi Hannesson:** Herra forseti! Okkur flm. frv. kom saman um það að flytja nú við 3. umr. brtt. á þskj. 233. Í fyrri brtt. er gert ráð fyrir því, að af hverskonar áfengi, sem áfengisverzlun ríkisins selur, skuli greiða 2% heildsöluverðs til íþróttasjóðs. Síðari brtt. er aðeins tölubreyting, sem leiðir af hinni. — Tvær ástæður liggja að baki því, að brtt. um þennan skatt er nú borin fram. Þegar frv. lá fyrir síðast, settu ýmsir hv. þm. það fyrir sig, að ekki mætti skattleggja tóbaksvarning á þann hátt, sem lagt var til í frv. í fyrstu, og að m. a. yrðu af því allmikil vandkvæði og innheimtukostnaður. Því er nú skatturinn ekki látinn ná til tóbaks. Í öðru lagi virðist nú orðin breyting á afstöðu manna til þess formsatriðis, sem var mörgum mestur þyrnir í augum við 2. umr., þegar sagt var, að ekki mætti skattleggja sérstaklega neitt, sem orðið gæti tekjustofn ríkisins. Breyting þessi kom fram í sambandi við tillögur og umræður um raforkuveitusjóð. Því þótti okkur rétt að bera fram þessa till. og sjá, hvern byr hún fengi. Ég hefi orðið þess var, að einn af hv. þm. hefir látið í ljós, að hann mundi verða því fylgjandi að leggja í þessu skyni ákveðið hundraðsgjald á heildsöluverð áfengisverzlunar ríkisins, en án þess að sérstök stimpilmerki væru upp tekin í því sambandi, og er sá munur ekki stórvægilegt atriði. En af sérstökum ástæðum var ekki hægt að afgreiða brtt. okkar í samráði við þennan hv. þm.

Ég gat þess við 2. umr., að mjög væri þakkarverð afstaða hv. þm. Snæf., sú er nú kemur fram í brtt. hans. Að vísu er nauðsynlegt að ganga nokkru lengra í tekjuöflun til sjóðsins en yrði samkv. þeirri brtt., og verði brtt. okkar á þskj. 233 samþ., er málinu þó betur borgið, og hagur íþróttasjóðs tryggari. Ég leyfi mér að leggja til, að hv. þdm. samþ. þá tillöguna, sem yrði íþróttamálum sýnu öflugri lyftistöng.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Þegar atkvgr. fór fram síðast um tekjuöflun þessa frv., við 2. umr., var hún svo greinileg, að ég bjóst ekki við, að farið yrði að fitja upp á því sama aftur. Nú er ekki aðeins tekin upp samskonar till. og kolfelld var þá, heldur látin ganga lengra en þá, álagningin hækkuð um fjórðung, út 1½% í 2%. Mér þykir mjög hæpið, að brtt. geti komið til atkv. samkv. þingsköpum, þar sem hún gengur lengra en hin, sem felld var, og vil biðja hæstv. forseta að lýsa yfir áliti sínu um það.

Ég vil ekki endurtaka rök mín frá 2. umr. fyrir því, hve hættuleg braut það er að skipta þannig tekjustofnun ríkisins og binda þá um ótiltekinn tíma. Þing og stjórn verða að hafa fjárveitingarvaldið á hverjum tíma, ef ekki skal stefnt í öngþveiti. Ég treysti því, að hv. þdm. láti ekki slíka stefnu verða hér ofan á. Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Skagf. (PHann) sagði um breyt. á stefnu þm. í þessum málum í sambandi við raforkuveitusjóð, má taka fram, að það er misskilningur hans, — þar var ekki að ræða um að taka af tekjum ríkisins og verja til sérstakra þarfa.

Brtt. hv. þm. Snæf. tel ég að sumu leyti óþarfa og að sumu leyti vafasama, því að nú eru á fjárlfrv. 30 þús. kr. til íþróttasjóðs og 16300 kr. til íþróttastarfsemi að öðru leyti, og munar ekki miklu á 46300 kr. eða þeim 50 þús. kr., sem brtt. ákveður. En vafasamt finnst mér, að rétt sé að binda í nokkru hendur Alþingis fram í tímann, eins og brtt. gerir. Ég skal ekki ræða þetta frekar nema tilefni gefist til, en óska þess að frv. nái fram að ganga eins og það er.

Thor Thors: Hv. 1. þm. Skagf. talaði heldur vingjarnlega um þá brtt., sem ég bar fram, og ég vænti þess, að við atkvgr. greiði hann þeirri till. atkv. Ég geri ekki ráð fyrir þeim hringlandahætti hér, að farið verði að samþ. brtt. sama efnis og greinina, sem felld var við 2. umr., og þó í sumu gengið lengra nú en í þeirri gr. (**PO:** Þá var nú tóbakið líka). Greinin var felld vegna grundvallarstefnu sinnar, sem var hin sama og í brtt. á þskj. 233.

Hv. þm. A.-Húnv. fann það helzt að brtt. minni, að hún væri engu meiri hagsbót fyrir íþróttasjóð en fjárveiting sú, sem tekin hefir verið í fjárlfrv. Það er þessi 20 þús. kr. munur, sem ég sagði, og stundum hefir hv. þm. A.-Húnv. séð minni fjárhæðir. Það þurfti ég ekki að taka fram, að þessi brtt. snertir ekki aðrar fjárveitingar fjárlfrv. en 30 þús. kr. liðinn til íþróttasjóðs, og hefði ekki átt að þurfa að skýra það fyrir þessum hv. þm. — Þá var hann óánægður með að binda fjárveitinguna næstu 5 árin. Það er engin hætta, meðan ekki er lengra farið, og andmæli hv. þm. stafa af því einu, að hann er móti málinu. En hann er meðflm. minn að frv. um raforkuveitusjóð, þar sem framlag ríkissjóðs er bundið 10 ár fram í tímann. Þar rís hann ekki til mótmæla, því máli er hann hlynntur. Ég er hræddur um, að áhugi hans fyrir að styðja íþróttir sé minni en hann lætur í veðri vaka.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Það er alveg misskilningur, að mér hafi þótt fjárveitingin of lág í brtt. hv. þm. Snæf., og nú gefur hann þær upplýsingar, að framlagið til sjóðsins eigi ekki, eins og frv. gerði ráð fyrir á sínum tíma og raunar enn, að ná yfir allar fjárveitingar ríkisins til íþrótta; umræddar 16300 kr. verði auk þess. Það er náttúrlega hrein afstaða af hans hálfu. Ég ítreka það, að ég get ekki verið með því að binda þessa fjárveitingu um mörg ár fram í tímann. Þar háttar talsvert öðruvísi til en með raforkuveitusjóð. Og því fleiri fjárveitingar sem bundnar eru, því verra. Ég læt mér í léttu rúmi liggja, hvað hv. þm. Snæf. ályktar um íþróttaáhuga minn og sanngirni gagnvart íþróttamönnum. Ég tel það mjög þakkarvert, sem ýmsir einstaklingar hafa unnið að íþróttamálum, og beri Alþingi að sýna viðurkenning þess í verki. En þegar hag ríkissjóðs er svo komið sem er, virðist geta orðið brýnni nauðsyn á auknum framlögum til annars en til íþrótta, og má hver lá mér sem vill, þótt ég dragi ekki dul á það.

Bjarni Bjarnason: Það er leiðinlegt að þurfa að hlusta á það frá sparnaðarmanni eins og hv. þm. A.-Húnv., að það megi ekki afla fjár til bráðnauðsynlegra hluta með því að leggja aukaskatt á áfengi og tóbak, en heldur vill hann leggja fram allstórar upphæðir beint úr ríkissjóði. Helzta beina röksemdin gegn till. okkar flm. virðist vera sú, að það fé sé svo illa fengið, sem fæst við álagning á þessar nautnavörur, að ósæmandi sé fyrir íþróttamenn að nota það. En er nokkurn tíma um það fengizt, þegar fé er veitt úr ríkissjóði, þótt nokkur hluti þess sé ágóði af verzlun með vín og tóbak? Síður en svo. Mótbára þessi er því einskis virði. Þá er það „formið", sem talið er hættulegt, svo að þess vegna séu beinar fjárgreiðslur úr ríkissjóði skárri. Þetta form er ekkert hættulegra hér en í því, sem veit að raforkuveitusjóði. — Þar var það annars „formið", sem skipti svo miklu máli, að þess vegna þurfti að miða gjaldskylduna við fjölda kílóvatta, en ekki miða hana á nokkurn hátt við ábyrgðir, sem ríkissjóður hefir tekið á sig. Ég skal játa, að það er ekkert verra að miða við kílóvattafjöldann. — Nú er komið með nýtt formsatriði og krafizt frávísunar á brtt. okkar á þskj. 233. En það nær engri átt. Brtt. nær þeim mun skemmra en greinin, sem felld var, að tóbaksvörur eru undanskildar. Og mér heyrðist á ýmsum, að þeim væri ennþá annara um tóbakið en vínið, að það hækkaði ekki. Við flm. frv. töldum þá einstaklinga, sem þessara nautna vilja njóta, ekkert of góða til að greiða nokkurn skatt til aukinnar líkamsmenningar. Hér er um það eitt að ræða að leggja 20 aura á vínflösku, sem kostar 10 kr. Mér finnst það ekkert óskapleg hækkun fyrir þá, sem vilja fleygja 10 kr. fyrir flöskuna hvort sem er; þeir setja varla þessa 20 aura fyrir sig, ekki einu sinni þótt aurarnir eigi að fara til menningarauka.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Mér þykir það undarlegt, að hv. 2. þm. Árn. skuli ennþá halda, að með þessari brtt. sé verið að ná inn fé, sem ekki sé fé ríkissjóðs. Það er sjálfsagt að hækka þessar vörur eins og verzlunarlegar ástæður leyfa á hverjum tíma. Nýlega hefir áfengi hækkað um svo sem 25%, og sé hægt að hækka meir, er hækkunin ríkisins og einskis annars. Þess vegna er tal hv. þm. um ósamræmi milli sparnaðar míns og andstöðu gegn brtt. tómur misskilningur.

Bjarni Bjarnason: Það er miklu þægilegra fyrir íþróttafulltrúa, íþróttanefnd og félög íþrótta-

manna að geta gengið að því nokkuð vísu, hverjar tekjur sjóðsins verða um alllangt árabil, heldur en eiga þær árlega undir högg að sækja á Alþingi. Án nokkurrar vissu um fé er ekki hægt að gera nauðsynlegar áætlanir um framkvæmdir.

Ekki verður komizt framhjá því, að þegar búið er að ákveða verð á víni og þessi aukaskattur, t. d. 20 au., leggst á til viðbótar, eru það vínkaupendur, en ekki ríkið, sem greiða íþróttafé.

Forseti: (JörB): Hv. þm. A.-Húnv. vék að því í ræðu sinni, hvort brtt. á þskj. 233 myndi geta komið til atkv. að þessu sinni, þar sem áður hefði verið felld í þessari hv. d. till., sem fyrir lá í frvgr. um sama atriði. Frvgr., sem felld var úr upphaflega frv., hljóðaði að vísu að nokkru leyti um sama atriði. Þar var rætt um stimpilmerki, 1½% af áfengi og tóbaki, en þessi till. hljóðar einungis um stimpilmerki af áfengi. Að vísu er þetta hærri fjárhæð en frvgr. fjallaði upphaflega um hvað áfengið snertir, en samt sem áður fjallar þessi brtt. um minni fjárhæð en upphaflega gr. hljóðaði um, og samkv. þeirri venju, sem ríkt hefir hér á Alþingi, þá hefir það ætíð verið látið ráða, þótt um sama atriði væri að ræða, ef fjárhæðin hefir verið minni en sú, sem áður hefir verið búið að fella. Hér stendur einnig öðruvísi á, þar sem ekki er einungis um minni fjárhæð að ræða, heldur er till. líka að öðru leyti önnur en sú, sem upphaflega var í frvgr. Sú venja hefir einnig ríkt í hv. d. að taka frjálslega á slíkum atriðum, þannig að viðhorf manna fengju að njóta sín, og einmitt fyrir þá sök hefi ég ákveðið að bera brtt. á þskj. 233 upp fyrsta af þeim brtt., sem fyrir liggja. Næst kemur til atkv. brtt. hv. þm. Snæf. á þskj. 207. Þessi brtt. á þskj. 233 verður því borin upp til atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 233 felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SkG, SvbH, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EystJ, HelgJ, PHann, JörB.

nei: SEH, SK, StSt, TT, VJ, EOl, EE, EmJ, GÞ, GSv, HG, ÍslH, JÍv, JPálm.

StgrSt greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÞBr, FJ, GG, HV, JakM, ÓTh, PHalld) fjarstaddir.

Brtt. 207 felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, HG, ÍslH, SEH, SK, TT, VJ, ÁÁ, BJ, EOl, GÞ.

nei: HelgJ, JÍv, JPálm, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BÁ, BjB, EmJ, JörB.

EE, EystJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (GG, HV, JakM, ÓTh, PHalld, FJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Við atkvgr. um brtt. 207 urðu þessar umr.:

Pálmi Hannesson: Eftir þær upplýsingar, sem form. fjvn., hv. þm. Borgf., hefir gefið, verð ég að segja nei.

Thor Thors: Um leið og ég mótmælti því sem vísvitandi röngum upplýsingum, sem hv. þm. Borgf. leyfði sér að hafa hér yfir og hv. 1. þm. Skagf. tók undir með honum, segi ég já.

Forseti (JörB): Það var nú lokið umr. í þessu máli.

Pétur Ottesen: Ég hefi áður hér í umr. um þetta mál gert grein fyrir því, að samkv. þeim skilningi, sem lagður er í íþróttal., er það líklega nokkuð yfir 100 þús. kr., sem nú er áætlað í fjárl. til íþróttasjóðs. Má af því marka, hvað sú upphæð, sem hér er um að ræða og á að binda starfsemi sjóðsins við 50 þús. kr., er miklu minni, að það er verið með þessari till. að stíga spor aftur á bak, a. m. k. um helming.

Thor Thors: Ég vil aðeins leyfa mér að mótmæla þessu. Það stendur skýrt í þessari till., að 50 þús. kr. eigi að ganga til íþróttasjóðs. En það kemur ekkert því máli við, þó að meira sé varið í fjárl. til íþróttamála í heild. Í till. fjvn. eru áætlaðar 30 þús. kr. til sjóðsins; hér er því um 20 þús. kr. aukningu að ræða.

Pétur Ottesen: Ég vil m. a. benda á það, að það var tilætlunin með íþróttal., að tillög úr þessum sjóði yrðu veitt til þess að byggja leikfimihús og íþróttahús. En í fjárl. undanfarinna ára hefir verið veitt frá 65 þús. og upp í 80 þús. kr. á ári til skólabygginga, og þar í til leikfimihúsa. Og miðað við þetta er þessi upphæð engan veginn nægileg til að sinna því verkefni, sem um er að ræða og hún er ætluð til, með nokkuð svipuðum hætti og verið hefir að undanförnu. Þess vegna er hér vísvitandi verið að ganga aftur á bak, eða öllu heldur ofan í jörðina, ef á að lögbinda framlagið til íþróttasjóðs við þessa upphæð.

Einar Olgeirsson: Ég vil um leið og ég greiði atkv. um þetta mál, lýsa yfir, að brtt., sem hér liggur fyrir, fer fram á, að 50 þús. kr. séu veittar til íþróttasjóðs, þannig, að það takmarkar fjárframlagið aðeins niður á við, en ekki upp á við. Og nú stendur í till. fjvn., að greiða skuli til íþróttasjóðs 30 þús. kr. Hér er því ekki verið að minnka framlagið til íþróttasjóðs, og vegna þess segi ég já.

Forseti (JörB): Það hentar ekki við atkvgr. að rökræða mál, eins og mér virðist nú ætla að fara að tíðkast.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 190, n. 379).

*Frsm. (Magnús Jónsson): Frv. þetta hefir hlotið merkilega meðferð í þinginu; það var borið fram sem stórfelld löggjöf, þar sem svo var til ætlazt, að íþróttasjóði, sem stofnaður var á síðasta þingi, yrði tryggður stórfelldur tekjustofn með gjaldi af áfengi og tóbaki, en þetta var fellt úr frv. í hv. Nd., og tilraun til þess að koma öðru álika inn í frv. á eftir var lika slegin niður. Um þetta atriði var ekkert rætt í fjhn., og því hefi ég ekkert umboð frá henni til þess að ræða það hér. Af hinu upphaflega frv. stendur því eftir aðeins óverulegur hluti, en það er um veðmálastarfsemi fyrir íþróttasjóð, sem engin reynsla er fengin fyrir, en flestir munu víst búast við frekar óverulegum tekjum af. Fjhn. sá ekki ástæðu til að leggja á móti þessu, og það m. a. af því, að gott væri að hafa þessi lög, ef hugkvæmdamönnum gæti dottið í hug að auka einhverju við, sem að gagni mætti verða fyrir þennan sjóð. N. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 444).

41. Mæðiveiki.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 17. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni (þmfrv., A. 165).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta frv. var borið fram á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Það eru 3 aðalatriði, sem farið er fram á að verði breytt í núgildandi l. Fyrsta atriðið, að reynt verði að tryggja það, að ekki verði árekstur á milli samliggjandi sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga vegna breyt., sem gerðar kunna að verða á smölun og réttum. Annað atriðið, að undanþiggja þau sveitarfélög, sem beðið hafa tjón af garnaveikinni, því 10 aura gjaldi, sem l. ákveða á fjáreigendur utan mæðiveikisvæðanna. Virðist n. það sanngjarnt, að þeir, sem beðið hafa tjón af völdum garnaveikinnar, verði undanþegnir þessu gjaldi. Síðasta atriðið er aðeins formsbreyt. Í því eru ákvæði um, að skuldugir bændur skuli koma undir ákvæðin um vaxtatillag samkv. l. um vaxtatillag til bænda, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum veikinnar. Lögin eins og þau eru nú ákveða, að þeir einir, sem sannað hafa skuldir sínar fyrir skattan. í árslok 1937, verði aðnjótandi þessa vaxtatillags. En vegna þess að þetta ákvæði er orðið úrelt, þykir rétt að breyta því.

Að síðustu er smáákvæði um, að vegafé því, sem veitt er samkv. l., skuli ekki einungis varið til sýslu- og hreppavega, heldur einnig þjóðvega þar, sem það þykir af einhverjum ástæðum bezt henta.

Fleiri atriði eru ekki í frv., og vænti ég, að hv. d. veiti þessu máli afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 22. og 23. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 165, 201, 206, 232).

Forseti (JörB): Við þetta frv. liggur fyrir brtt., sem afbrigði þarf fyrir. Nú mun d. ekki ályktunarfær, en ég ætla, að mæla megi fyrir brtt., þó að afbrigði hafi ekki verið samþ.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð fyrir þessu frv. Ég hefi engu við það að bæta, sem ég sagði um málið við 1. umr. Það eina, sem ég vildi segja nú, er að óska eftir, að þeir hv. þm., sem hafa borið fram brtt. við frv., vildu taka þær aftur til 3. umr., svo að n. geti gefizt kostur á að athuga þær, áður en gengið er til atkv. um þær.

Skúli Guðmundsson: Ég vil verða við tilmælum hv. form. landbn. og taka aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 206, og sé ég því ekki ástæðu til að ræða efni þeirra nú.

Jón Ívarsson: Fyrir hönd okkar þriggja, sem höfum borið fram brtt. á þskj. 201, vil ég lýsa því yfir, að við verðum við tilmælum hv. þm. Mýr. og tökum þær aftur til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 201, 206 og 232 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 165, 201, 206, 232).

Skúli Guðmundsson: Ég á brtt. við þetta frv. á þskj. 206.

Með breyt. á þessum l., sem gerðar voru á fyrri hluta þingsins 1939, var ákveðið, að heimilt skyldi að verja fé til að styðja bændur á mæðiveikisvæðinu til þess að koma upp bústofni aftur, eftir ákveðnum fyrirmælum, sem um það voru sett, þ. e. a. s. ef veikin hefði verið svo lengi í fé þeirra, að líkur þættu benda til, að hún væri í rénun. Framkvæmdan. mæðiveikivarnanna veitti nokkurn styrk til lambauppeldis á síðasta hausti samkv. þessu lagaákvæði. En í l. vantar ákvæði um það, að heimilt sé að veita öðrum fjáreigendum en bændum slíkan styrk til þess að koma upp fjárstofni aftur. En ég álít réttmætt, að búlausir menn í sveitum og kauptúnum, sem hafa átt sauðfé og hafa orðið fyrir tjóni af völdum veikinnar, geti einnig orðið aðnjótandi þessara hlunninda. Það má benda á, að búlausir menn hafa ekki fengið neinn annan styrk eftir þessum l., hvorki til greiðslu á vöxtum af skuldum, vegafé né aukinn jarðræktarstyrk, sem bændum hefir verið veittur. Sýnist því öll sanngirni mæla með því, að þessir búlausu fjáreigendur njóti þessa uppeldisstyrks á sama hátt og bændur, og að þessu stefnir brtt. mín.

Mér skilst á hv. landbn., að hún fallist á þetta með mér, því að hún hefir borið fram smábrtt. við mína brtt., á þskj. 288, sem er raunar aðeins leiðrétting. Tel ég það með því viðurkennt af þeirri hv. n., að þetta sé rétt stefna, sem kemur fram í minni brtt., og vænti ég þess því, að hún verði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Við ræddum nokkuð um þessa brtt. í landbn. Ég bjóst við brtt. frá n., en hún er ekki komin fram. Mælist ég því til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið að þessu sinni af dagskrá, þar sem formaður n. er ekki heldur viðstaddur.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 165, 201, 206, 232, 288, 312).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 312. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Gísli Sveinsson:** Ég hefi ásamt tveimur öðrum hv. þm. borið fram brtt. á þskj. 201, við 2. gr. frv., sem fer fram á, að 18. gr. l. nr. 45 17. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar o. s. frv., orðist eins og segir á nefndu þskj., en með því er lagt til, að niður falli gjald það, sem lagt hefir verið á héruðin, sem ekki hafa verið við veiki þessa riðin, og nú eru ekki orðin mörg. Þetta gjald hefir verið 10 aurar á kind og því orðið töluvert tilfinnanlegt fyrir þá, sem hafa innt það af hendi. Mönnum finnst ekki rétt að leggja gjald þetta á, því að það er nú svo, að enda þótt hin svonefnda mæðiveiki geisi ekki í héruðunum, þá geisa þar samt ýmsar aðrar pestir, sem valda þungum búsifjum, þó að þær séu ekki viðurkenndar á þann veg, að fyrir þær fáist einhver fríðindi, að undantekinni garnaveikinni, sem talin er hafa komið með mæðiveikinni inn í landið fyrir tilstilli þeirra ráðamanna, er þá voru hér við völd.

Þetta 10 aura gjald á kind hefir átt að greiðast af þeim héruðum, þar sem veikin hefir ekki komið. Maður skyldi nú ætla, að það hefði verið fúslega greitt, þar sem fulltrúar héraðanna hér á Alþingi hafa mælt með því. En reynslan virðist vera nokkuð á annan veg; sum héruðin hafa hreint og beint skorazt undan að greiða gjaldið. Eins og kunnugt er, þá er veiki þessi ekki talin ná norðar en að Héraðsvötnum í Skagafirði og ekki sunnar en að Þjórsá. Menn, búsettir í austur- og norðursýslunum á milli þessara fljóta, ættu því að greiða þetta gjald, — eða manni virðist, að svo hefði átt að vera, en á því hefir verið misbrestur, sérstaklega þó að því er snertir kaupstaðina. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, er gjald þetta allþungbært; þannig hefir það skipt fleiri þúsundum fyrir sum héruðin. Það hefir orðið byrði nr. 2, komið á héruðin í staðinn fyrir berklavarnagjaldið; það er því ósanngjarnt að halda gjaldi þessu áfram. Ég skal svona til fróðleiks lofa hv. þm. að heyra, hvernig gjaldið hefir innheimzt. Reykjavíkurbær, sem telur þó nokkra fjáreigendur og talinn hefir verið ósýktur af mæðiveiki, hefir ekkert gjald greitt. Sama máli gegnir um Hafnarfjarðarkaupstað. Gullbringu- og Kjósarsýsla hefir og ekki heldur greitt neitt. Í Borgarfjarðarsýslu hefir veikin verið, enda hefir ekkert gjald þaðan verið greitt. Sama er að segja um Mýrasýslu. Þá hefir Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla heldur og ekkert greitt. Er þó meginhluti þeirrar sýslu talinn ósýktur. Dalasýslu hefir mátt telja heilbrigða til þessa; þó hefir hún ekkert gjald greitt. Þær sýslur, sem ég nú hefi talið, hafa með öllu skotið sér undan að greiða gjald þetta.

Barðastrandarsýsla greiddi eitthvað lítilsháttar 1937, en ekkert síðan. Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður og Norður-Ísafjarðarsýsla greiddu eitthvað dálítið 1937—38, en ekkert síðan. Strandasýsla greiddi eitthvað lítið fyrir 1938, ekkert fyrir 1937 og 1939. Er þó sú sýsla talin heilbrigð að mestu, að undanskildum einum hreppi. Húnavatnssýslurnar hafa að sjálfsögðu ekkert gjald greitt, enda sýkin gert þar töluverðan usla. Skagafjarðarsýsla greiddi gjald sitt fyrir 1937, en lítið fyrir 1938 og ekkert síðan. Siglufjarðarkaupstaður greiddi eitthvað fyrir 1938, og ekkert annað. Sama er að segja um Eyjafjarðarsýslu, hún greiddi bara eitthvað fyrir 1937, annað ekki. Akureyrarbær hefir aldrei greitt neitt af gjaldi þessu. Þingeyjarsýslurnar greiddu dálítið fyrir 1937—38, en örlítið síðan. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla greiddu gjaldið fyrir 1937 og 1938, en ekkert síðan. Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður greiddu gjaldið fyrir 1937, og þó undarlegt megi virðast, þá hefir Neskaupstaður greitt eitthvað örlítið síðan. Þá hefir Rangárvallasýsla greitt gjald sitt aðeins fyrir 1937; er þó ekki talið, að

mæðiveiki sé þar austan Þjórsár. Árnessýsla hefir að sjálfsögðu aldrei greitt neitt. Aftur hafa Vestmannaeyjar greitt eitthvað fyrir bæði árin 1937 og 1938, en ekkert síðan.

Það, sem ég nú hefi sagt, sýnir, að ekkert hérað, sem ég hefi nefnt, hefir greitt gjald þetta til fulls. **Skaftafellssýslurnar einar** hafa greitt allt gjald sitt til fulls, og það alltaf til ríkisféhirðis fyrir hver áramót. Það er því ekkert undarlegt, þó að ég standi hér og vilji fá þessu húmbúgi létt af, sem er ekki nema einn liðurinn af mörgum samskonar liðum í þessum mæðiveikivörnum. Það, sem ég að síðustu vil svo leggja áherzlu á, er þetta:

1) Innheimta þessa 10 aura gjalds hefir verið í fyllsta ólagi.
2) Hirðuleysi héraðanna um greiðslurnar er yfirgnæfandi.
3) Ógreitt er fyrir öll árin úr fleiri sýslum.
4) Ógreitt er fyrir heil tímabil úr fleiri sýslum.
5) Hlutar úr sýslum hafa algerlega vanrækt greiðslur.
6) Fáein héruð aðeins hafa staðið að nokkru leyti í skilum.
7) Aðeins eitt hérað hefir staðið að fullu í skilum árin 1937, 1938 og 1939, — það eru Skaftafellssýslurnar.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Ég vil aðeins með fáum orðum lýsa afstöðu landbn. til brtt. þeirra, sem fyrir liggja. Það er þá fyrst brtt. frá mér á þskj. 232. Ég mun taka hana aftur og því ekki ræða hana nánar.

Þá er brtt. á þskj. 288, frá landbn., við brtt. á þskj. 206. Það er aðeins orðabreyt., sem óþarfi er að fjölyrða um. Jafnframt fellst landbn. á brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 206, en hún er fólgin í því, að veita heimild til þess, að búlausir menn, sem átt hafa fé, en beðið tjón af mæðiveikinni, skuli njóta sama stuðnings til þess að koma upp fjárstofni aftur og bændur. Það er kunnugt, að fjöldi einhleypra manna, sem í sveitum eru, á oft eða hefir átt töluverðan fjárstofn. Sama máli gegnir og um menn, sem vinna hjá foreldrum sínum, og þessi fjárstofn er í mörgum tilfellum það eina, sem bindur þessa menn við sveitina. Það verður því að teljast fyllilega réttmætt að láta þá njóta þessara fríðinda á borð við bændur. Þá verður og þetta ákvæði til ágóða þeim mönnum, sem í kauptúnum búa og eiga fáeinar kindur, og er það vel farið, því að kindaeign ýmsra kauptúnabúa, þó að lítil hafi verið, hefir í mörgum tilfellum orðið til þess að bjarga mönnum frá því að lenda á sveitinni. N. er því ljós nauðsyn þess, að mönnum þessum verði gert kleift að halda áfram þessari sjálfsbjargarviðleitni, og mælir því með, að brtt. þessi verði samþ. Til þess að brtt. falli eðlilega inn í lögin, virðist landbn. rétt að orða upphaf greinarinnar eins og tekið er fram í brtt. á þskj. 288.

Þá er brtt. frá landbn. á þskj. 312, sem er brtt. við sjálft frv., a-lið 3. gr., en hann fjallar um það, að ekki sé heimilt að veita öðrum mönnum vaxtastyrk en þeim, sem geta sannað það fyrir árslok 1937, að skuldin, sem styrkurinn er veittur vegna, sé vegna búrekstrar. Þetta ákvæði var sett á sínum tíma og gat dugað eins og þá stóðu sakir, en þar sem svo langt er síðan, hafa margir hlotið rétt til þess að verða þessa styrks aðnjótandi, og getur þetta ákvæði því ekki staðizt lengur, og leggur n. því til, að liðurinn orðist á þann veg, að skuldin sé sönnuð í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur. Þá þykir og réttara að taka það skýrt fram, að þau lán ein komi til greina með vaxtastyrk, sem stofnað er til vegna búrekstrar viðkomandi manns. Er þetta gert til þess að útiloka það, að menn reyni að fá vaxtastyrk til greiðslu vaxta á skuldum, sem myndaðar eru vegna annars, eins og t. d. maðurinn, sem reyndi að fá vaxtastyrk vegna skulda fyrir trillubátskaup.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 201, frá hv. þm. Skaftfellinga og 3. landsk., um að afnema þetta svokallaða 10 aura gjald. Á þetta getur landbn. ekki fallizt. Gjald þetta hefir staðið undanfarin ár, á meðan verð á sauðfjárafurðum hefir verið miklu lægra en líkur eru fyrir að það verði nú í nánustu framtíð. Það virðist því bera rangt að, að koma með till. um afnám þess einmitt nú, þegar sauðfjárafurðirnar eru að hækka í verði, jafnhliða því, sem hagur ríkissjóðs er mjög þröngur, en eins og kunnugt er, var gjald þetta sett til þess að halda uppi vörnum gegn útbreiðslu mæðiveikinnar. N. finnst því ekki laust við, að það sé jafnvel vöntun á þegnskap að koma einmitt nú með till. um að fella það niður. Þetta verður þeim mun undarlegra, þegar þess er gætt, hvílíkt afhroð á búpeningi sínum þeir menn hafa goldið, sem ekki hefir verið ætlað að leggja fram þetta 10 aura gjald. Það munu víst allir, sem þekkja, hvílíkur vágestur þessi fjársýki hefir verið, þar sem hún hefir herjað, þakka sínum sæla, á meðan þeir fá aðstöðu til þess að greiða þetta gjald og geta varið fénað sinn pestinni. Hitt skal ég viðurkenna, að mjög er vítavert, hvernig innheimtan hefir verið á gjaldi þessu, ef skýrsla sú, sem hv. þm. V.-Sk. las upp, er rétt, sem ég í raun og veru er ekki að draga í efa. Hann virðist vera eini maðurinn, sem gætt hefir skyldu sinnar um innheimtu þessa fjár. Hér þarf því einhverra umbóta við, til þess að bæta úr því sleifarlagi, sem verið hefir á innheimtunni, og það er ekki nema gott, að þetta upplýsist hér á Alþingi, svo hægt sé að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess að kippa þessu í lag. Mér finnst skýrslan ekki réttlæta það, að afnema beri gjaldið, heldur er hún þörf áminning til stjórnarvaldanna um að líta betur eftir innheimtu þess.

Ég skal taka undir það með hv. þm., að ef svo fer sem hingað til hefir farið samkv. hans skýrslu, þá er ekki nema eðlilegt, að fram komi kröfur frá þeim, er gjöldin greiða, um afnám þeirra. En þetta á þó auðvitað ekki að verða afleiðing skýrslu hans, heldur hitt, að gjöldin verði samvizkusamlega innheimt. Það er ekki rétt, að þeir, sem hafa verið verndaðir með þessu gjaldi, fái á þessum tímum að skjóta sér undan því.

Í skýrslu hv. þm. virtist gæta nokkurrar rangsýni, er hann las í þyðu þær sýslur, er

mest afhroð guldu af völdum veikinnar og áttu því ekki að bera gjaldið, og hinar, er gjaldið áttu að bera. Hann las Mýra-, Borgarfjarðar-, Dala- og Húnavatnssýslur, sem hafa bókstaflega verið í flagi vegna mæðiveikinnar, í sömu andránni og Norður-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu, sem ekki er rétt að bera saman við fyrrnefndar sýslur, a. m. k. ekki Vestur-Barðastrandarsýslu. Á þessum stöðum hefir lítið sem ekkert verið um mæðiveiki og varnir kostaðar af ríkinu. Í Snæfellsnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafa menn aftur á móti orðið að verjast af eigin rammleik og með miklum persónulegum tilkostnaði. Það, er ekki rétt að telja í einu númeri sýslur þær, sem hafa orðið að kosta varnirnar að mestu leyti sjálfar, og hinar, þar sem varnir hafa verið kostaðar aðallega af ríkinu, og hafa ef til vill sumar lítt orðið fyrir barðinu á þessum vágesti.

Ég skal svo ekki hafa mál mitt lengra, en ítreka það, að ég get ekki talið það rétt, að ríkið falli frá þessu 10 aura gjaldi að svo stöddu. Hinsvegar er ég hv. þm. þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir lagt hér fram, og vona ég, að þær verði til þess, að gjöldin verði innheimt með meiri samvizkusemi en áður hefir verið.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

*__Gísli Sveinsson__: Herra forseti! Hv. frsm. landbn. réðst í það í gær hér á fundi í hv. d. að mótmæla því, sem ég hafði gefið skýrslu um. (__BÁ__: Nei, ekki skýrslunni). Að vísu skal ég láta það óátalið, að svo miklu leyti, sem hann viðurkenndi, að skýrslan væri ekki aðeins réttilega fram borin, heldur og líka að öðru leyti rétt. Og með því að ég gæti ímyndað mér, að fleiri en þessi hv. þm. hefðu fyrirvara um, að þessi skýrsla væri rétt, sem hv. þm. tók sig nú á með, en ég hefi ekki sérstaka ástæðu til að ætla annað um, þá er því að svara, að skýrslan er fengin frá fjmrn., og ég geri fastlega ráð fyrir, að það gefi rétta skýrslu. Og eins og skýrslan greinir, er ástandið hið hörmulegasta.

Það má nú segja, að þeim hv. þm. sé það nokkur vorkunn, sem mest hafa fengizt við þessi mál, þótt þeir í ýtrustu lög reyni að halda í því horfi, sem l. hafa ætlazt til. En þeir játa, og það er rétt, að margt hefir farið öðruvísi í höfuðatriðum — meiri höfuðatriðum en þessu — en l. virðast ætlast til og heldur en nokkur þm. gat ímyndað sér. Og ég býst við, þegar þetta mál verður rannsakað, ef ekki á að halda þeirri ógegnd við lýði, þá muni koma í ljós, að til þessara framkvæmda hefir verið stofnað með gáleysi og framkvæmdin frámunaleg.

Hv. þm. Mýr. gat þess, að þetta 10 aura gjald á kind hefði verið sett að yfirlögðu ráði og ekki sætt neinum mótmælum. Frá upphafi mótmælti ég þessu og fleiri hv. þm., og við komum fram með brtt., sem miðuðu að því, að ekki væri hægt að innheimta með slíku ranglæti gjald til þessara hluta. N. tók ekki þessi mótmæli til greina og lítilsvirti þau, en tókst að klína á héruðin alveg að ófyrirsynju og saklaus þessu gjaldi, er ekkert höfðu til saka unnið annað en kannske það, að mæðiveikin hefir ekki borizt þangað.

Nú er það svo, að þótt mæðiveikin hafi ekki komizt þangað, er þar önnur veiki í sauðfé og sýki, en hefir ekki fengið ríkisstimpil á sig, sem allt verður að lúta. Nú er þangað komin garnaormaveikin, og þetta hefir sama upphaf allt saman og á síðan eftir að verða dæmt á líkan veg, hvernig sem hinar mismunandi pestir eru tilkomnar og afleiðingar þeirra.

En þetta gjald er svo ranglátt sem verða má, vegna þess að sum héruð, sem ekki hafa fengið þessar sérstöku pestir, ef þær eru þá nokkuð sérstakar, hafa fengið aðrar líkar að því leyti, að þær leggja féð að velli. Þeir fá engar bætur fyrir féð, sem missa það úr annari pest.

Þetta gjald skiptir þús. kr. á hvert hérað landsins. En þegar hv. frsm. slær því föstu, að hér sé ekki um neitt að sakast af hálfu þeirra héraða, sem heilbrigð hafa verið — þau hefðu þó ekki þessa veiki — „því að fénu hefði verið varið“, sagði frsm. „til þess að verja þessi héruð fyrir útbreiðslu mæðiveikinnar“. En það var búið að skýra frá því, að þetta fé er ekki komið ennþá inn. Hvernig getur svo frsm. slegið föstu, að því fé hafi verið varið til þessara hluta, sem ekki hefir innheimzt? Því að það er svo langt frá því, að það hafi innheimzt í sumum heilbrigðum héruðum. Sum hafa ekki lítið við því að greiða gjaldið, sum greitt nokkurn hluta af því, en sum héruð, þar á meðal Vestur-Skaftafellssýsla, hafa greitt það allan tímann alveg upp í topp. Ef þessi heilbrigðu héruð hefðu greitt eins og V.-Skaftafellssýsla og nokkur önnur héruð, hefði mátt orða það svo, að þessu gjaldi hefði verið varið til þessa. En það er nokkuð hart að krefjast þessa gjalds í því yfirskini, að það ætti að nota til þess að verja þessi héruð fyrir veikinni.

Það er ekki hægt að framkvæma neinar verulegar varnir fyrir það fé, sem komið er inn frá þessum héruðum, því að það eru ekki nema örfá þús. kr. Það hefir verið látið viðgangast, að héruðin greiddu ekki þetta fé. Þau héruð, sem eru sýkt, og í öðru lagi héruð, þar sem einn eða tveir bæir eru sýktir, hafa skotið sér undan því að greiða þetta gjald með þeim forsendum, að sýkin væri í því héraði. Og eins og ég tók fram, eru nokkur heilbrigð héruð, sem ekkert gjald hafa greitt. Það er þess vegna villandi að segja það, að þessu fé hafi verið varið til þess að koma í veg fyrir, að veikin kæmi í hin ósýktu héruð. Og þar að auki hefir miklu fé verið varið til annara hluta en til þess að verja héruðin, sem ósýkt eru, því að aðalvarnarstöðvarnar eru aðeins tvær, við Héraðsvötn og Þjórsá. Hitt eru aukavarnir milli einstakra hluta í héruðum, og snertir það þá ekki beint það atriði, sem hér um ræðir. Annars virtist hv. frsm. að lokum viðurkenna, að það væri eðlilegt, að ég og aðrir hv. þm. bærum fram slíkar till. sem þessar. Annars var hann búinn að slá því föstu, að það væri nærri því skortur á þegnskap manna, en hv. þm. er nú búinn að taka það aftur með síðari yfirlýsingu sinni. Því að ég álít ekki hægt

að væna þessi héruð um vöntun á þegnskap, og álít, að til sanns vegar megi færa, að Vestur-Skaftafellssýsla hafi sýnt „loyalitet" gagnvart því opinbera.

Ég held, að landbn. hefði ekki komið fram með þessar brtt., ef hún hefði kynnt sér þau gögn, sem varða þetta mál, og hún myndi hafa sannfærzt um það, að rétt hefði það ekki verið að hafa þetta gjald áfram í l., því að það verður ekki kleift að innheimta það hjá héruðunum, og ætti hv. frsm. að hafa gagn af að trúa sinni heilbrigðu skynsemi og umsögn minni og annara, sem þekkja þetta miklu betur en hv. þm. Ef landbn. tekur ekki þá stefnu að sinna þessu, þá heldur ranglætið áfram. En það var alltaf varasamt að fara inn á þessa braut, og það hefir líka sýnt sig, að það er ranglátt, hvernig innheimta þessara gjalda hefir verið framkvæmd.

Hv. þm. Mýr. taldi, að það væri sízt ástæða til að tala um þetta nú, einmitt þegar fé eða afurðir þess hefðu hækkað svo mjög í verði. Í raun og veru er þetta gjald, 10 aurar á hverja kind, ekki svo fjarska mikið, þó að það verði talsvert, þegar það kemur saman. Og þetta verður að vera að forminu til þannig í héruðunum, að sýslusjóðirnir greiða þetta fyrst, og hreppssjóðir greiða síðan sýslusjóði. Nú getur hreppsn. haft tvennskonar hátt um þetta gjald, og byrja þannig erfiðleikarnir. Hreppsnefnd getur jafnað þessu gjaldi niður með útsvörum, en þó er það hæpið, því að þetta er, ef ekki nefskattur, þá er það bundið við ákveðnar eignir. (**BÁ:** Það er höfðatölureglan). En reynslan sýnir, að það er ókleift að innheimta þetta gjald, því að löggjafarnir hafa ekki séð fyrir því, að þessum gjöldum fylgdi lögtaksréttur, því að það er ekki hægt að koma þeim undir lögtaksrétt nema með útsvörum.

Ég vil vænta þess, að hv. þm. sjái, að hér er mál á ferðinni, sem þarfnast leiðréttingar, vægast talað, sem verður ekki gert á annan hátt en þann, að færa þetta í annað horf með því að samþ. brtt. á þskj. 201, sem fer fram á, að fellt verði niður þetta héraðagjald.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Herra forseti! Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það, sem ég sagði hér í gær um þetta mál.

Hv. þm. V.-Sk. deildi mjög á ráðstafanirnar allar í mæðiveikivörnunum og taldi, að til þeirra hefði verið stofnað með gáleysi og framkvæmdirnar hefðu farið í ólestri, eða eitthvað á þá leið. Ég vil ekki viðurkenna, að til þeirra hafi verið stofnað með gáleysi. Ef um gáleysi er að ræða í þeim efnum, er það helzt, að til þeirra framkvæmda var of seint stofnað. Eftir að veikin hafði náð svo mikilli útbreiðslu, var erfitt var að sporna við henni, og hún er komin í fleiri sýslur. Um það, að framkvæmdirnar hafi verið í ólestri, skal ég viðurkenna, að margt hefir misheppnazt og farið illa, eftir að byrjaðar voru varnir, sem stafar af því, að ofseint var hafizt handa í þeim efnum. En svo mikið hefir hafzt upp úr þessum ráðstöfunum, að a. m. k. í bili hefir tekizt að hefta útbreiðslu veikinnar um Þjórsá annarsvegar og Héraðsvötn hinsvegar. Nú hefði farið betur, ef hægt hefði verið að stöðva hana á minna svæði en þessu. Þegar til þessara varna var stofnað, var það álitið ekki ranglátt, að þeir menn, sem ættu að njóta varnanna og væri verið að verja hjá fé fyrir veikinni, legðu skatt á sig, sem er aðeins lítill hluti af þeim skatti, sem önnur héruð hafa orðið fyrir vegna veikinnar.

Hv. þm. V.-Sk. hafði ekki rétt eftir mér, að þessu fé „hefði verið" varið, en ég sagði, að „ef þetta fé hefði innheimzt, hefði því verið varið" til þessa. Það, sem innheimt er nú, og það, sem innheimtist, á að nota í þessu skyni. Það eru þær einu rökréttu afleiðingar, sem hæstv. Alþ. á að draga af þeirri skýrslu, sem hv. þm. V.-Sk. las hér upp áðan á fundi, að þetta gjald verður að innheimtast, og það verður að láta jafnt yfir alla ganga, en ekki að fella gjaldið niður. Því að þau héruð, sem hv. þm. er sýslumaður í, hafa greitt þetta gjald og sýnt það, að ef röggsamlega er gengið eftir því að innheimta gjaldið, þá er það unnt, og vitanlega er sjálfsagt að ganga eftir því. Ég taldi í gær, að hv. þm. hefði ekki borið fram brtt. sínar af því, að hann vildi fella niður þetta gjald, heldur til þess að vekja eftirtekt á því, hvaða sleifarlag er á innheimtu þess og hve mikil þörf er að bæta úr því. Og það er það, sem þarf að gera, en ekki að fella gjaldið niður. En mér finnst óviðeigandi á þessum tímum, þegar útlit er fyrir, að sauðfjárbúskapurinn í hinum heilbrigðu héruðum, sem hafa ekki orðið fyrir miklum skakkaföllum, gefi góðan arð nú eins og stendur, að þá fari þeir menn, sem tekizt hefir að verja fé hjá fyrir veikinni, fram á það, að létt verði af þeim þessu litla gjaldi, sem þeir samkv. l. eiga að greiða og varið er til þess að verja þeirra héruð fyrir veikinni.

Það er sagt, að fleiri þestir hafi gert vart við sig í sauðfé landsmanna. Það er alveg rétt, en þær hafa ekki aðeins verið í þeim héruðum, sem ekki hafa fengið mæðiveikina, heldur hafa einnig á mæðiveikisvæðunum verið fleiri þestir í sauðfé, sem gert hafa mikið tjón. Svo að það virðist sízt mæla með því að leggja niður þetta gjald.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en skal lýsa því hér enn yfir, að landbn. hefir ekki orðið ásátt um, að rétt væri að fella niður þetta gjald. Hinsvegar er hún á einu máli um það, að sú skýrsla, sem hv. þm. V.-Sk. las upp, væri þörf á þessu stigi málsins og eigi að hafa þau áhrif, að gjaldið gangi jafnt yfir alla fjáreigendur á heilbrigðu svæðunum.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég hefi að vísu ekkert frekar fram að færa viðvíkjandi þessu máli en ég hefi þegar gert. En það er alveg misskilningur hjá hv. form. landbn., ef hann telur að hægt sé að innheimta þetta gjald, ef gengið sé að því röggsamlega. Það eru engin ráð til gagnvart héruðunum. (**BÁ:** Hvaða ráð hafði hv. þm.?). Það er annað mál, en það eru samt engin ráð til þrátt fyrir það.

En ef við lifum að ári, hv. þm. Mýr. og ég, segi ég honum þá um þetta leyti, að verði ekki bót ráðin á þessu, þá muni haldast þetta ranglæti, sem nú er. Hinsvegar vil ég geta þess, að

sýslusjóður er lögskyldur til þess að greiða þetta gjald og innheimta það svo hjá hreppsfélögum.

Rangárvallasýsla á að greiða eftir fjártölu 5 þús. kr. á ári, og það var greitt fyrir árið 1937. Svo gáfust þeir upp, og eru náttúrlega eins heilbrigð héruðin þar eins og í V.-Skaftafellssýslu. Svo þetta er í raun og veru eins og kom á daginn, að ekki er hægt að deila um það, að innheimta þessa fjár í héruðunum fer að verða leiðinlegt viðfangsefni og hvorki vinnandi eða verjandi að halda því við, þegar svona gengur með að innheimta það.

Eina bótin, sem hægt er að ráða á þessu, er að láta landið greiða þetta allt. Að vísu er ákveðið, að sameign allra landsmanna, bjargráðasjóður, eigi að greiða nokkuð af þessu. En það er ekki ástæða til að halda þessu gjaldi til málamynda út um héruð landsins, sem er rangsleitnin ein.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 201 felld með 13:12 atkv.
— 312 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 232 tekin aftur.
— 288 samþ. án atkvgr.
— 206,1, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 206,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 17. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, og á l. nr. 39 12. júní 1939, um breyt. á þeim lögum.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 361).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 361, n. 401).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það má einnig segja um þetta frv., sem hér liggur fyrir, eins og samnm. minn sagði um síðasta mál (frv. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild), að það er komið frá hv. landbn. Nd. Þau atriði, sem hér liggja fyrir í frvformi, voru til meðferðar á síðasta Alþ. og það var rætt um þau milli landbn. beggja deilda Alþ., og varð það að samkomulagi, að frv. um þessi efni skyldi borið fram, en það náði ekki samþykki á því þingi. Það dagaði uppi í hv. Nd. Þetta frv. er hér um bil alveg shlj. því frv., er lá fyrir síðasta Alþ., og þar af leiðandi hefir landbn. Ed. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þær breyt., sem þetta frv. fer fram á, að gerðar verði á þeim l., sem nú gilda um varnir gegn mæðiveikinni og stuðning til bænda vegna hennar, eru aðallega fólgnar í breyttu fyrirkomulagi um fjallskil og smölun heimalanda í einstökum tilfellum, til þess að gera það óbrotnara og hægara fyrir sveitarstjórnir og upprekstrarfélög að láta smalamennsku fara fram eftir því, sem hentast þykir og nauðsyn ber til vegna veiki þessarar.

2. gr. þessa frv. er aðeins um það, að heimila að fella niður 10 aura gjaldið, sem fellt hefir verið niður þar, sem mæðiveiki hefir geisað, einnig í þeim hreppum, þar sem garnaveiki hefir gert vart við sig. Það hefir komið fram, að víða væri mikill misbrestur á, að gerð væri gangskör að því að innheimta þetta gjald, en samt sem áður sá landbn. enga ástæðu til þess að fella það alveg niður, enda er þetta svo lítið gjald, að þá, sem eru svo heppnir að vera lausir við þessa fjárpest, á ekki að muna um að greiða það.

Þá er 3. gr. frv. Þar eru gerðar nokkrar breyt. á ákvæðum l. um það, hvaða skuldir ætti að leggja til grundvallar, þegar bændum er veittur styrkur vegna tjóns af völdum mæðiveikinnar. Áður var það þannig, að styrkurinn var veittur eftir þeim skuldum, er taldar voru fram í árslok 1937 af búendum, en það gat ekki haldið þannig áfram, því að nú eru orðnar miklar breyt. á skuldum bænda, og sumir þeirra, er voru skuldlausir við árslok 1937, geta vel verið orðnir stórskuldugir nú. Aftur á móti var gerð sú breyt. á l., að einungis þær skuldir skyldu koma til greina í þessu sambandi, er hefðu verið stofnaðar vegna búrekstrar. Enda er það eðlilegt, að þeir menn, sem hafa varið fé sínu til útgerðar eða til kaupskapar, sem er alveg óviðkomandi búrekstri, og safnað skuldum vegna þess atvinnurekstrar, geti ekki komizt undir þessi ákvæði með slíkar skuldir.

B-liður 3. gr. gerir þá breyt. á ákvæðum gildandi l., að eftir eldri l. var aðeins heimilt að verja vegafé, sem veitt var til stuðnings bændum á mæðiveikisvæðunum, til sýslu- og hreppavega, en nú er einnig heimilað að verja því til þjóðvega. Breyting um þetta var borin fram þegar lögin voru samþ. 1938, en fyrir einhverja vangá varð það þannig, að breyt. var ekki gerð nema á annari gr. af tveim, sem breyta þurfti, svo að ekki var hægt að framfylgja l. þannig. Þessi brtt. setur inn í l. ákvæði um það, að einnig megi verja þessu fé til þjóðvega, ef heppilegt þykir.

4. gr. frv. er um það, að gefa heimild til að veita öðrum fjáreigendum en bændum fjárstyrk, ef þeir hafa beðið tjón af völdum mæðiveikinnar. Ég tel það ekki nema rétt og sjálfsagt að gera þá undanþágu, að aðrir fjáreigendur en bændur geti einnig orðið styrks aðnjótandi, en þó verður það náttúrlega að vera talsverðum

takmörkunum bundið, og þegar um slíkt er að ræða, verður að haga sér eftir því, hvernig ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Að svo mæltu legg ég til f. h. landbn., að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Bernharð Stefánsson: Ég vildi aðeins beina því til landbn., hvort hún vildi ekki fyrir 3. umr. taka 2. gr. þessa frv. til athugunar. Það er auðvitað alveg réttmætt þar, sem einhver önnur skæð fjárpest en mæðiveikin gerir mikinn skaða á fé bænda, að fella þá niður þetta 10 aura gjald. En í frv. eins og það liggur fyrir er aðeins talað um að heimila slíkt þar, sem garnaveikin hefir valdið tjóni. Ég vildi nú mælast til þess, að n. tæki það til athugunar, hvort ekki væri réttara að orða þetta svo, að heimilt væri að fella niður 10 aura gjaldið þar, sem garnaveikin eða einhver önnur skæð fjárpest hefði valdið tjóni. Þetta er náttúrlega ekki stórvægilegt atriði, það skal ég játa, en mér virðist það nú ekki heldur vera stórvægilegt atriði, að þessu 10 aura gjaldi verði haldið áfram í l., því að það eru nú víst ekki orðnar margar sýslur landsins, sem greiða það. Ég veit ekki nákvæmlega sem stendur, hve miklar tekjur eru af þessu 10 aura gjaldi, en ég hefi samt grun um, að það sé nú ekki orðin ýkjastór upphæð, og ekki líkur til þess að svo verði.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skal taka það fram, að það er sjálfsagt að athuga þessa uppástungu hv. 1. þm. Eyf. Ef einhver önnur fjárpest en garnaveikin veldur miklu tjóni á fé bænda, þá er náttúrlega sjálfsagt að taka það til athugunar. En hitt atriðið, að sleppa algerlega þessu 10 aura gjaldi, finnst mér ekki ástæða til að fallast á, heldur einmitt hitt, að hvetja þá, sem hafa innheimtu þess með höndum, til að gera skyldu sína og heimta það inn hiklaust. Ég mun svo ekki segja meira um þetta, en skal lofa því, að landbn. taki þetta atriði til athugunar, sem hv. 1. þm. Eyf. minntist á, fyrir 3. umr. þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég hreyfði því í gær við hv. n., hvort hún vildi ekki athuga betur ákvæði 2. gr. um 10 aura gjald af hverri kind í þeim sveitum, sem ekki hafa orðið fyrir mæðiveiki eða garnaveiki. Nú kynni ég betur við, áður en til atkv. er gengið, að n. skýrði frá því, hvort hún hefir íhugað þetta. Skoðun mín, sem ég lýsti, er, að aftan við orðið „garnaveiki" í 2. gr. eigi að bæta: eða annari skæðri fjárpest. — Ég mun bera fram skrifl. brtt. þess efnis, nema n. lýsi yfir því, að hún muni bæta úr þessu, en einskis slíks verður ennþá vart. Ég fullyrði, að til eru sveitir, sem lausar eru við garnaveiki og mæðiveiki, en hafa beðið tjón af öðrum pestum, svo að ekki er minna að tiltölu en af þeim drepsóttum, er ég nefndi. Ég sé engin rök fyrir því að mismuna sveitum landsins þannig. Till. mín er réttlætismál, og þó að segja megi, að hún yrði erfið í framkvæmd, sé ég ekki, að sú röksemd afsaki óréttinn. Mér er engin launung á því, að orsök þess, að ég skipti mér af þessu, er kunnugleiki minn á því, að svokölluð riðuveiki hefir í einni byggð í kjördæmi mínu drepið niður bústofninn í svo stórum stíl, að sumir bændur hafa misst þriðjung fjárins, og er það engu minni landplága í þeirri sveit en mæðiveikin, þar sem hún gengur. Mér þætti æskilegast, að hv. landbn. tæki málið upp, svo að ég þyrfti ekki að bera fram brtt. og taka þannig fram fyrir hendur hennar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég tók vel í það í gær, að nefndin skyldi athuga málið, og það hefir hún gert, en ekki fundið ástæðu til að breyta frv. Olli það miklu um, að í hv. Nd. varð þetta hitamál, og þótti okkur talsvert í húfi, er áliðið er þings, að senda frv. þangað að nýju og fá það svo kannske miklu verra þaðan aftur. Í öðru lagi varð það sameiginlegt álit nm., að væri vikið af þeim grundvelli laganna að takmarka styrki og undanþágu frá 10 aura skattinum við mæðiveiki og garnaveiki, yrðu lögin svo torveld í framkvæmd, að ekki væri unandi við. Það mætti telja upp fjárpestir nærri því endalaust, bráðafár, lungnabólgu, ormaveiki, skitupest, lambadauða ýmislegan o. s. frv., og mér er sem ég sjái glundroðann, þegar farið yrði að safna skýrslum um þetta í þeim tilgangi að komast undir undanþáguna, sem hv. 1. þm. Eyf. vill veita. Auðvitað verður ekki fyrir slíkt girt með l. eins og þau eru nú. Á hættusvæðum fjárpestanna vita menn varla lengur til þess, að kind fari ofan í; öll vanhöld eru talin til mæðiveiki, ef kostur er. Þeir, sem frekastir eru, komast lengst í því að fá uppbætur frá hinu opinbera. Ég held það sé ekki rétt að opna allar slíkar krókaleiðir upp á gátt. Mér þætti mjög æskilegt, ef hv. þm. gæti fallizt á, að brtt. hans færi ekki lengra en hún er komin.

Bernharð Stefánsson: Ég get viðurkennt ýmislegt af því, sem hv. 5. landsk. sagði. Það yrði ekki skemmtilegt viðfangs að fara að styrkja bændur vegna allra mögulegra fjárpesta. En ég talaði ekkert um styrk, heldur undanþágu frá skatti, þar sem skæðar fjárpestir hafa geisað, og það er ekkert nema réttlætismál, eins og hv. þm. viðurkenndi með þögninni. Mér finnst það mál ekkert flókið né röskun á lögunum, þótt brtt. mín verði samþ.

Annars má segja, að lítið þýði að vera að viðhalda þessum 10 aura skatti, þegar aðeins lítill hluti landsins er laus við fjárpestirnar. (ÞÞ: Það er annað mál). Ég skal ekki halda brtt. minni til streitu, ef n. vill fallast á, að

málið verði tekið af dagskrá eða frestað um stund, til að leita samkomulags um þetta atriði. En ég get ekki fallið frá tillögu, sem er réttmæt, nema ef n. vill athuga þetta betur og ég megi búast við árangri frá henni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég get ekki verið með brtt. hv. 1. þm. Eyf., og það af þeirri ástæðu, að ég tel, að hún verði illmöguleg eða ómöguleg í framkvæmd. Ég skal viðurkenna, að hjá einstökum bændum geta ýmsar fjárpestir valdið meira tjóni en t. d. garnaveiki hefir gert. Og þarf ekki fjárpestir til. Þegar örninn tekur 27 lömb frá bónda, sem á 67 ær, er það verra en mæðiveikin. Ef við ættum að taka allt tjón með, yrði þetta erfitt viðfangs. Nú eru margir hreppar, þar sem garnaveikin hefir að vísu komið upp, en ekki gert teljandi usla nema hjá 1—2 mönnum. Þá tel ég það sé mikil spurning, hvort rétt sé, að ráðherra leyfi að fella þar skattinn niður. Við skulum t. d. segja, eins og ég veit, að verið hefir víða á Austurlandi. Þar hefir gengið svo skæð lungnabólga, að sumir bændur hafa misst allt frá 10—35% af sínum ám úr henni. Ætti þetta þá að ná til þeirra hreppa? Það fellur undir úrskurð ráðh. Hér og þar hefir verið mikið um lambalát. Hjá einum 3 bændum, sem ég veit um í vetur, hefir frá ⅓—½ af ánum látið lömbunum. Ætti að fella niður gjaldið í þeim hreppum, sem þeir búa í? Ég álít varhugavert að samþ. þetta svona, en það mætti ræða það í fullri alvöru, hvort ekki eigi alveg að leggja niður 10 aura gjaldið. Það lítur út fyrir, að þetta ár sé garna- og mæðiveikin komin það víða, að 10 aura gjaldið muni ekki nema meiru en nálægt 30 þús. kr. á ári, og það dregur svo lítið um það upp í kostnaðinn, að það er spurning, hvort á að halda því áfram. Mér finnst, að það komi frekar til mála en að samþ. svona till., sem gæti orðið ákaflega mikið deiluatriði, hvernig á að framkvæma. Ég mun því verða á móti þessari till., en ég hefi ekki tekið afstöðu til þess, hvernig ég myndi snúast við till. um, að 10 aura gjaldið yrði alveg fellt burtu.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. við 2. gr., svo hljóðandi: [sjá þskj. 439].

Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvennskonar afbrigði til þess að hún geti komið til atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 439 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, PHerm, SÁÓ, BSt, BrB, EÁrna.

nei: JJós, MG, MJ, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSn.

ErlÞ greiddi ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég geri mér ljóst, að það er mjög mikið vafamál, hvort samþ. á þessa till., þar sem það getur orkað tvímælis, hvað þetta þýðir, og ég vil strax segja, að ég er í miklum vafa um, hvort nokkurstaðar er slík veiki til nú, sem segja má, að geri verulega mikið tjón. Með þessum formála segi ég já.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 445).

42. Útflutningur á kjöti.

Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (þmfrv., A. 234).

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég var ekki við, þegar þetta mál var til 1. umr., og gat því ekki fylgt því úr hlaði. Frv. er gamall kunningi hér í d. Lög um þetta efni voru sett fyrst 1933, er norsku samningarnir voru gerðir, og hafa síðan verið framlengd á hverju ári. Með þeim er óheimilt að selja kjöt til Noregs og Englands nema með leyfi ráðuneytisins, en það úthlutar slíkum leyfum í hlutfalli við útflutning hvers eins áður en takmarkanir þær á sölum til Noregs eftir norsku samningunum og til Englands eftir Ottava-samningunum voru gerðar. Lögin eru því til þess að tryggja það, að réttur allra til útflutnings minnki ekki eða haldist að réttri tiltölu við útflutning þeirra áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 234, n. 381).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Hér er farið fram á samskonar framlengingu á l. um útflutning á kjöti og legið hefir fyrir á undanförnum þingum. L. myndu falla úr gildi á þessu ári, ef þau yrðu ekki framlengd. Eins og horfurnar eru nú í heiminum, þykir ekki fært að láta l. falla úr gildi, og getur orðið nauðsynlegt að gera ýmsar ráðstafanir til dreifingar á því kjöti, sem fer út úr landinu. Má búast við mörgum hindrunum viðvíkjandi kjötsölunni, sem menn þurfa að taka tillit til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 446).

---

43. Lyfjafræðingaskóli Íslands.

Á 9. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lyfjafræðingaskóla Íslands (þmfrv., A. 46).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Það hefir orðið nokkur misskilningur með þetta mál. Mun það frekar eiga heim í allshn. en í fjhn. Vegna þess að ég á sæti í báðum þessum n. hefir mér verið fengið frv. til athugunar, og hefi ég borið það undir fjhn.
Sem sagt, málið hefir af misskilningi verið flutt af n., og sé ég ekki annað en að leiðrétta megi það með því að vísa frv. nú til allshn., og sting ég upp á, að það verði gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 273).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Eins og nál. á þskj. 273 ber með sér, hefir allshn. athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. með nokkrum breyt. N. sendi málið, þegar því var vísað til hennar, Læknafélaginu, Lyfjafræðingafélaginu og Lyfsalafélaginu til umsagnar, og þessar brtt., sérstaklega 1. brtt., eru samdar með það fyrir augum að ganga á móti óskum lyfsala og lyfjafræðinga, að þeir ættu hver sinn mann í skólan., en um leið er þess gætt, að fulltrúar hins opinbera hafi meirihlutaaðstöðu í n., ef ágreiningur verður.
2. brtt. fer í þá átt, að í staðinn fyrir orðin „í lyfjabúðum landsins" komi: „í lyfjabúðum landsins, sem til þess teljast hæfar", svo að í stað þess, að eftir frv. mætti skilja það svo, að öllum lyfjabúðum landsins væri ætlað að taka á móti lærlingum og að þær væru taldar til þess hæfar og gildar, er farið fram á, að við því sé sleginn nokkur varnagli. Að sjálfsögðu ber að krefjast þess, að þær lyfjabúðir, sem taka við nemendum, séu það stórar og hafi þeim starfskröftum á að skipa, að skilyrði fyrir náminu séu sæmilega tryggð.
3. brtt. fer í þá átt, að l. öðlist þegar gildi, eða nægilega snemma til þess, að hægt sé að hefja undirbúninginn, svo að skólinn geti tekið til starfa 1. okt. 1940.
Annars er hér ekki farið fram á að gera annað eða meira en að lögfesta þá skipun á þessari fræðslu, sem verið hefir undanfarið, og gera það kleift að setja reglugerð um hana samkv. opinberum fyrirmælum, svo og að gefa hinu opinbera kost á að hafa nægilegt eftirlit með þessari fræðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 273,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 273,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 20 shlj. aktv.
Brtt. 273,3 (ný 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 302).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 442).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Hingað til hefir það verið svo af hálfu hins opinbera, að þeim, sem hafa viljað leggja stund á lyfjafræði hér á landi, hefir ekki verið séð fyrir neinni kennslu hér í landinu. Þeir hafa orðið að leita til útlanda til þess að fá fullnaðarfræðslu í þessum greinum, nema hvað þeir hafa fengið undirbúningsmenntun hér á þann hátt, að þeir hafa ráðið sig sem aðstoðarmenn í lyfjabúðir. Þetta er óhagkvæmt fyrir þá, eins og fyrir alla, sem þurfa að leita út úr landinu til þess að afla sér fræðslu.

Með þessu frv. hefir verið gerð tilraun til þess að bæta nokkuð úr þessu. Frv. þetta náði samþykki hv. Nd., og allshn. þessarar d. hefir haft það til athugunar og ekki séð ástæðu til annars en að leggja til, að það verði samþ. óbreytt eins og hv. Nd. gekk frá því.

Það, sem ætlazt er til að bæta úr með þessu frv., er, að settur verði á stofn skóli hér á landi, sem kallast Lyfjafræðingaskóli Íslands, sem stjórnað er af fjögurra manna skólan., er í séu landlæknir, sem vera skal formaður n., og þrír menn, sem ráðh. skipar, einn eftir till. læknadeildar háskólans, annan eftir till. Lyfsalafélags Íslands og hinn þriðja eftir till. Lyfjafræðingafélags Íslands. Forstöðumaður skólans skal vera kennarinn í lyfjafræði við háskólann. Það, sem skólanum er ætlað að starfa fyrst, er að undirbúa þá, sem ætla sér að verða lyfjafræðingar, til þess að verða aðstoðarmenn við lyfjabúðir.

Það er ekki gert ráð fyrir, að þessi skóli geti veitt fullkomna menntun, heldur aðeins að þessir menn geti orðið aðstoðarmenn. Kennslan verður bæði verkleg og bókleg, og það, sem miklu skiptir fyrir ríkissjóð, er það, að ætlazt er til, að ekki verði verulegur kostnaður af þessu, af því að gert er ráð fyrir, að hægt verði að semja við lyfjabúðir um að bera þann kostnað. Það er ætlazt til, að þessir menn geristt námsmenn hjá lyfjabúðunum og þeir fái eitthvert kaup þar eftir samningum og lyfjabúðirnar standi straum af kennslunni. Eftir að þessu aðstoðarprófi er lokið, geta þeir tekið starf hér sem aðstoðarmenn. Framhaldsnám verða þeir að svo stöddu, ef ekki verða frekari ráðstafanir gerðar, að sækja til útlanda. En með þessum l. er opnaður möguleiki til þess, að framhaldsskóli geti síðar orðið settur á laggirnar hér, þegar tækifæri og ástæður eru fyrir hendi.

Með því að n. er þeirrar skoðunar, að hér sé um verulega bót að ræða frá því, sem verið hefir, hefir hún orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

---

44. Eftirlit með sveitarfélögum.

Á 11. fundi í Ed., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með sveitarfélögum (þmfrv., A. 64).

Á 13. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég get verið fáorður um þetta frv., sérstaklega fyrir þá sök, að það var lagt fyrir síðasta Alþ., að vísu ekki í þessari hv. d., heldur í Nd. Nú er frv. aftur flutt, ofurlítið breytt frá því, sem áður var. Aðalbreytingin er innifalin í því, að felld hafa verið burt 2 ákvæði, sem ætla mætti að myndu valda ágreiningi innan Alþingis. Annað ákvæðið var um almenna heimild bæjar- og sveitarfélaga til að afla sér tekna með aðflutningsvörugjöldum. Einnig var sleppt því ákvæði, sem ákvað, á hvern hátt ríkið skyldi hlaupa undir bagga með þeim sveitarfélögum, sem komin væru í greiðsluþrot og gætu ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Að öðru leyti er frv. óbreytt frá því, sem áður var, a. m. k. í öllum aðalatriðum.

Þetta frv. er samið af eftirlitsmanni bæjar- og sveitarstjórnarmálefna í samráði við mig. Síðan var það yfirfarið og athugað ýtarlega af þeim Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra og Gunnlaugi Briem fulltrúa í stjórnarráðinu, og hafa þeir fengizt við þessi mál í mörg ár. Ég tel, að málið hafi fengið ákjósanlegan undirbúning, þar sem það hefir verið athugað og hugsað út frá þeirri reynslu, sem fengizt hefir, ekki hvað sízt hér á landi.

Höfuðatriði frv. hirði ég ekki að rekja hér. Fyrsti kafli þess eru orðtaksgreiningar. Annar kaflinn fjallar um störf eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og um æðstu stjórn bæjar- og sveitarfélaga. Hér er um að ræða að mestu leyti lögfestingu á þeirri venju og því skipulagi, sem hefir ríkt hér um langt skeið, en áður gildandi ákvæði um þetta efni, sem hafa þótt

ófullkomin, er gert ráð fyrir að falli niður. Þá er sérstaklega eitt atriði í niðurlagi 3. gr., sem er til mikilla bóta, en það er, að félagsmálaráðuneytið á að safna skýrslum um fjárhag og afkomu sveitarfélaga. Undanfarin ár hefir verið mikill skortur á upplýsingum um þetta atriði í ráðuneytinu. Skýrslur, sem fengizt hafa um þetta efni, hafa aðeins að litlu leyti gengið til ráðuneytisins, heldur til hagstofunnar, þar sem ekki hefir verið unnið úr þeim með hliðsjón af því, sem umboðsstjórn landsins gerir ráð fyrir. Það er þegar byrjað á þessari skýrslusöfnun, en hún gengur treglega, enda er grundvöllurinn ófullkominn. En ég ætla, að þegar stundir líða fram, verði hægt að fá svo fullkomnar upplýsingar um þessi mál, að á því mætti byggja einhverjar aðgerðir, sem að gagni mættu koma.

3. kafli frv. fjallar um fjárþröng sveitarfélaga, sem veldur því, að þau geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þessi ákvæði eru án efa nauðsynleg. Að vísu hafa fundizt um þetta atriði nokkur fyrirmæli, en þau hafa reynzt algerlega ófullkomin. Að dómi þeirra manna, sem fjallað hafa um þessi mál, liggja ekki fyrir nógu miklar skýrslur um þau, svo að ekki er hægt að fara eftir þeim, þegar gera þarf ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru á hverjum tíma.

4. kaflinn er um, að setja megi sveitarfélag undir eftirlit, ef það vanrækir skuldbindingar sínar. Að vísu er þessa ákvæðis getið í eldri löggjöf, en svo lauslega og ófullnægjandi, að annars betra er þörf til nauðsynlegra ráðstafana á hverjum tíma. Þar, sem svipuð lög sem þessi hafa verið sett, er reynslan sú, að sveitarstjórnir hafa farið gætilegar og hugsað meira um störf sín. Ef illa tækist til um stjórn þeirra, áttu þær yfir höfði sér, að völdin yrðu af þeim tekin. Það hefir verið dálítið líkt ástand um fjárhag sveitarfélaga í Noregi og hér á landi, enda margar aðstæður sambærilegar. Þar eru víða smáþorp, og íbúar þeirra hafa aðalatvinnuveg sinn af útgerð eða öðru í sambandi við útgerð. Að vísu er meiri fjölbreytni í atvinnulífi Norðmanna en okkar, sérstaklega hvað snertir iðnað. Þó ætla ég, að finna megi mikil líkindi milli sveitarfélaga í Noregi og hér á landi. Það hefir farið svo undanfarin ár, að þau hafa, hvert á fætur öðru, lent í hinni mestu fjárþröng, svo þurfa þótti að gera röggsamlegar ráðstafanir til að losa þau úr öngþveitinu. Í því skyni voru þau lög sett, sem þetta frv. er að mestu sniðið eftir; þó er það ekki eins víðtækt og löggjöf Norðmanna. Reynslan hefir orðið sú í Noregi, að hvert sveitarfélagið eftir annað hefir getað rétt sig úr hinum fjárhagslega kút, ekki síst þar, sem löggjöfin var framkvæmd skynsamlega.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að löggjöf, hvorki í þessu efni né öðru, sé einhlít, en það væri mikil stoð í henni, ef hún er framkvæmd skynsamlega. En eitt er víst, að það er ekki unnt að gera margar ráðstafanir, nema fullkomnari og betri stoð sé til að dreifa í lögum heldur en nú er. Þess vegna er farið fram á, að þetta frv. verði gert að l. hér á Alþ., og ég vil leyfa mér að mæla eindregið með því. Sjálfsagt er að gera breytingar á frv., ef eitthvað má betur fara. Ég er sízt að lasta, þó að breyt. komi fram við frv., sem byggðust á þekkingu þeirra manna, sem hafa framkvæmdir á hendi í þessu málefni.

Brynjólfur Bjarnason: Ég ætla aðeins að segja örfá orð um þetta frv., sem nú liggur fyrir. Það var flutt á síðasta Alþ. og þá rætt talsvert, svo óþarfi er að eyða nú í það löngum tíma. Ég tel, að frv. þetta sé í heild sinni þannig vaxið, að það sé stórhættulegt, og er ég því algerlega andvígur. Það kemur mér líka þannig fyrir sjónir, að ekki sé hægt að breyta því svo, að við það verði unað. Þess vegna álít ég réttast að fella frv. sem fyrst og láta þetta mál alls ekki koma aftur fyrir þingið, fyrr en það hefir fengið betri undirbúning heldur en það hefir nú fengið. Hæstv. félmrh. tók það fram, að málið hefði fengið mjög góðan undirbúning og það hafi verið samið af eftirlitsmanni bæjar- og sveitarfélaga. En ég veit ekki til þess, að þetta frv. hafi verið rætt af þeim aðilum, sem fyrst og fremst eiga hér hlut að máli og við þessi lög eiga að búa, en það eru sjálf bæjar- og sveitarfélögin. Ég tel ófært, að svo víðtæk löggjöf sé sett án þess að viðkomandi aðilum hafi gefizt kostur á að ræða málið ýtarlega og án þess að liggi fyrir Alþ. álit bæjar- og sveitarfélaga á því. Í þessu frv. er ætlazt til, að eftirlitsmaður sveitarstjórna fái úrskurðarvald í þeim málefnum sveitarfélaga, sem undir félagsmálaráðuneytið fjalla, en hvernig þetta vald er notað, fer eftir því, hvernig sá maður er, sem settur er til þessa starfs, og hvernig hann myndi leysa það af hendi.

Fyrir mitt leyti ber ég ekki svo mikið traust til hæstv. félmrh., sem hefir yfirumsjón með þessum málum, að ég treysti honum til að velja til þessa starfs þá menn, sem væru færir um að hafa svo mikil völd með höndum sem frv. gerir ráð fyrir. Það, sem er höfuðatriði þessa frv., er það, að með því er ekki einungis verið að setja bæjar- og sveitarfélögin, sem komast í vanskil eða fjárhagsörðugleika, undir eftirlit. Það er verið að taka af þeim sjálfsákvörðunarréttinn, það er verið að taka stjórnina af þessum sveitarfélögum og fá hana ríkisstj. í hendur. Þess vegna er rangt að orði komizt, þegar verið er að tala um að setja þau undir eftirlit, þar sem verið er að taka stjórnina algerlega úr höndum þeirra. Félmrh. getur falið eftirlitsmanni fullnaðarvald í flestum málefnum sveitarfélaga. Hann getur ráðið, hvernig útgjöldum þeirra sé hagað, hann getur ráðið, hvernig tekjuöflun þeirra skuli vera. Hann getur ráðið því, hvaða skattar skuli vera lagðir á íbúana, og hann getur líka ráðið, hvernig varið skuli því fé, sem fæst inn með þessum sköttum. Íbúarnir sjálfir hafa ekki neitt um það að segja, þegar búið er að setja sveitarfélagið undir eftirlit og stjórn ríkisstjórnarinnar. Ennfremur getur eftirlitsmaður, að fengnu samþykki ráðh., selt fasteignir og aðrar eignir bæjar- og sveitarfélaga, sem eru undir eftirliti. Það er svo langt gengið sem kostur er á; það eru ekki

lengur til sveitarstjórnir, heldur á ríkisstj. að stjórna bæjar- og sveitarfélögunum. Nú er ekki nóg með það, að einungis skuli vera eftirlit með sveitarfélögum, sem komin eru í vanskil, heldur getur ráðh. líka ákveðið, að þannig sé hægt að leika sveitarfélög, sem, eins og orðað er í 29. gr.: „þykir þurfa vegna fjárhags sveitarfélagsins eða vegna hagsmuna þeirra, sem kröfur eiga á hendur því.“ M. ö. o.: með slíku orðalagi er alveg sýnilegt, að það er algerlega undir geðþótta ráðh. komið, hvort hann setur sveitarfélögin undir eftirlit eða ekki. Hæstv. félmrh. tók fram, að það myndi vera nokkurskonar aðhald fyrir bæjar- og sveitarfélög, ef þau ættu von á því að vera sett undir slíkt eftirlit, sem hér er gert ráð fyrir. Það er búizt við því, að þessi yfirvofandi valdsvipting á málefnum bæja og sveita muni verka sem aðhald á sveitarstjórnir. En ég er viss um, að miklu meira aðhald er í því, að ef sveitarstjórnum fara störf sín illa úr hendi, þá eigi þær yfir höfði sér að verða ekki kosnar aftur. Þetta er eina rétta lýðræðislega aðhaldið, og þetta aðhald hafa þær nú. Ég geri ráð fyrir því, að í slíku tilfelli ættu þær sveitarstjórnir að fara, sem hefðu reynzt þannig, að meiri hl. íbúanna væri sammála um, að ekki ættu að fara með völdin. En eftir frv. gætu sveitarstjórnir beinlínis komið sveitarfélaginu undir eftirlit, til þess að koma í veg fyrir, að kosnar yrðu aðrar sveitarstjórnir, sem væru á öndverðum meiði.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta almennt. Ég hefi dálítið hugsað um það, hvort komið gæti til greina að koma með brtt. við frv., en hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að það er ekki hægt að breyta því, nema að umskapa það frá byrjun til enda. Þess vegna álít ég, að ekki nái nokkurri átt að setja slík lög, án þess að fyrir liggi álit þeirra, sem hlut eiga að máli. Ég mun því koma með rökst. dagskrá, sem fer fram á, að málið verði ekki afgr. fyrr en fengizt hefir álit bæjar- og sveitarfélaga um efni þess.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég hefi fáu að svara hv. 1. landsk. Það er mér ekkert hryggðarefni, þó að hann sé sérstaklega andvígur þessu frv. Ég geri ráð fyrir því, að það sé ekki til óheilla fyrir þær sakir, heldur þvert á móti. Mér virðist ræða hans samskonar og sú, sem hv. flokksbróðir hans hélt í Nd. á síðasta Alþ. Þar gætti hins mesta misskilnings, sem hægt er að hugsa sér, og hann á rót sína að rekja til mismunandi skoðana á því, hvað kalla má lýðræði. Ég ætla hér ekki að gefa hv. 1. landsk. kennslustund um það atriði, og hefi ekki ástæðu til að svara honum frekar. En ég fullyrði, að þetta frv. er byggt á fullkomnu lýðræði í öllum greinum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Eins og kunnugt er, flutti allshn. frv. þetta að tilhlutun hæstv. félmrh. Það var þá þegar reifað af honum, og það allýtarlega. Sé ég því ekki ástæðu til þess að fara að hefja miklar umr. um það nú. Það var vel undirbúið á milli þinga, svo að ég tel, að vandi muni vera að fara að gera á því efnisbreytingar. Allshn. mun samt halda áfram athugun sinni á málinu og bera fram við 3. umr. einhverjar brtt., ef hún telur ástæðu til og getur orðið sammála um þær.

Einstakar gr. frv. sé ég og ekki ástæðu til þess að fara að ræða nú, þar sem frv. fylgir líka ýtarleg grg., þar sem hver einstök grein er skýrð nákvæmlega. Ég legg því aðeins til, að frv. fái að ganga til 3. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Við 1. umr. þessa frv. hér í hv. deild gagnrýndi ég það allýtarlega og færði m. a. rök fyrir því, hvílík óhæfa það væri gagnvart bæjarfélögunum. Hæstv. félmrh. þóttist eitthvað vera að svara mér, en svarið var ekkert annað en að slá fram aulalegum slagorðum, sem einskis manns færi er að eltast við. Það, sem hv. dm. verða að gera sér ljóst, er, að það nær engri átt að setja slíka löggjöf sem þessa, löggjöf, sem grípur allmjög inn í starf bæjar- og sveitarfélaganna, án þess að bera hana fyrst undir þau sjálf. Ég leyfi mér því að bera fram svohljóðandi rökst. dagskrá:

Efri deild Alþingis lítur svo á, að ekki sé rétt að samþykkja lög, sem svo mjög snerta öll málefni bæjar- og sveitarfélaga og frumvarp það, er fyrir deildinni liggur á þingskjali 64, um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum, án þess að fyrir liggi álit sem allra flestra bæjar- og sveitarfélaga á landinu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Forseti (EÁrna): Hv. dm. hafa heyrt hina rökst. dagskrá, sem nú hefir verið lýst, og liggur hún þá einnig fyrir til umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Í þessu frv. eru tekin saman á nokkru ýtarlegri og fyllri hátt en áður fyrirmæli gildandi laga um eftirlit með sveitar- og bæjarfélögum og þau mál öll. Á þessi lagabálkur að koma í staðinn fyrir l. nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga, III. kafla l. nr. 69 frá 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, og l. nr. 30 frá 1939, um breyt. á þeim lögum. Þessi löggjöf var öll sett á Alþingi á venjulegan hátt, og þetta frv. er aðeins nánari útfærsla hennar að fenginni reynslu og eftir dálitla íhugun þessara mála, án þess að leggja þar út á nýja braut í nokkru. Þess vegna hefi ég ekki séð ástæðu til að þvæla málinu fram og aftur milli sem flestra aðila, áður en afstaða yrði tekin til þess á þingi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti! Áður en þetta frv. fer frá 2. umr. hér í deildinni, vildi ég víkja nokkrum orðum að atriðum, sem ég hafði vænzt, að hv. allshn. tæki til athugunar og lagfæringar, en hún hefir ekki gert það. Ég vildi í fyrra fá þessum atriðum breytt,

en nú flytur n. frv. aftur eins og það var þá, hvað þeim viðvíkur.

Í 2. gr. frv. er heimild fyrir því, að ráðh. skipi 4 fasta trúnaðarmenn til eftirlits í sveitarfélögum, sinn í hverjum landsfjórðungi, auk þess eftirlitsmanns, sem þegar er skipaður og hefir aðsetur í Reykjavík. Þetta tel ég alls ekki nauðsynlegt. Ég álít, að eftirlitsmaðurinn, sem fyrir er, geti vel ráðið við verkið einn og fengið sér í sérstökum tilfellum einhverja aðstoð við eftirlit í einstökum hreppum, en þessi 4 nýju embætti séu þarflaus. Í öðru lagi tel ég alveg óviðeigandi að setja lagaákvæði um eftirlitsmann bæjar- og sveitarfélaga án þess að ákveða laun hans, samkv. réttum löggjafarvenjum. Það er að öllu leyti óheppilegra að ætla ráðh. að ákveða þau. Ég mun koma með brtt. um þessi atriði fyrir 3. umr. málsins. En á þetta vildi ég minnast nú, ef hv. allshn. kynni að sjá að sér og flytja um þetta brtt.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Út af ummælum hv. 5. landsk. vildi ég segja, að hér er ekki um nein nýmæli að ræða. Í lögum þeim, sem ég tilgreindi áðan og þetta frv. er samið upp úr, var gefin heimild til að skipa bæði eftirlitsmann sveitar- og bæjarfélaga og trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi. Heimildin til að skipa eftirlitsmanninn hefir verið notuð í minni tíð og heimildin til að skipa trúnaðarmann fyrir ákveðinn landsfjórðung var notuð á Austurlandi af fyrirrennara mínum. Ef brtt. verður flutt um þessi atriði, er þar með lagt til að breyta því fyrirkomulagi, sem búið er að lögfesta og að nokkru leyti að framkvæma nú þegar, en aðeins verið að endurlögfesta í þessum lagabálki.

Náttúrlega getur það verið álitamál, hvort laun eða þóknun þessara manna, sem greiðist úr jöfnunarsjóði, skuli ákveðin af þinginu eða ekki. Laun efirlitsmannsins hafa verið ákveðin 6 þús. kr. á ári, og það mega kallast mjög sanngjörn launakjör og sízt hærri en við önnur sambærileg störf. Ég hygg, að sá maður, sem hafði með höndum eftirlitsmannsstarf á Austfjörðum hafi haft fyrir það 1000 kr. í ársþóknun, og mun það hafa verið ákveðið í tíð fyrirrennara míns. Þetta vildi ég minna á, að hér er ekki farið fram á neina nýja heimild til að skipa starfsmenn eða ákveða þóknun þeirra, heldur er heimildin í gildandi lögum.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti! Ég hygg, að það hafi ekki átt sér stað, að samtímis væri hafður eftirlitsmaður á Austurlandi og annar í Reykjavík. Hingað til hefir nægt einn eftirlitsmaður, og enn er með öllu ósannað, að fleiri fasta trúnaðarmenn þurfi til þess, að verkið verði sæmilega af hendi leyst. Eftirlitsmaðurinn á að hafa eingöngu fyrir sitt starf að líta eftir sveitarfélögunum, og þá treysti ég honum til þess að komast yfir það án aðstoðar. — Að öðru leyti mun ég geyma frekari umr. um þessi efni til 3. umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. landsk. felld með 9:2 atkv.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 9:1 atkv.
9.—28. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
29.—47. gr. samþ. með 10:1 atkv.
48.—51. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 64, 120).

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hefi hér litlu við það að bæta, sem ég hefi sagt áður, og hefi nú látið þær brtt. koma fram, sem ég gat um við 2. umr. þessa máls. Ég vil aðeins segja hér um þetta atriði, að ég tel ekki neina nauðsyn þess að ráða sérstaka trúnaðarmenn í fjórðungum landsins. Ef þörf krefði, gæti eftirlitsmaður, eða ráðh. í samráði við hann, fengið sér hjálparmenn í einstökum tilfellum. Sú aðferð yrði miklu ódýrari heldur en að láta þessa trúnaðarmenn fá árslaun, eins og sennilegt væri, ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt. Í öðru lagi eru brtt. um að lögfesta laun eftirlitsmannsins, eins og venja er til, þegar embætti er stofnað. Laun þau, sem ákveðin eru í brtt. minni á þskj. 120, eru þau, sem hann hefir nú. — Ég vænti þess, að þeir, sem ekki eru fylgjandi stofnun nýrra embætta, sjái sér fært að greiða atkv. með þessari till. minni, að trúnaðarmenn hverfi.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og hv. 5. landsk. gat um við 2. umr. málsins, hefir hann nú flutt brtt. við frv., og eru þær á þskj. 120. Út af þeim brtt. vildi ég láta í ljós þá skoðun mína, að mér virðast þær ekki réttar, sérstaklega fyrri brtt., um að fella niður heimild þá, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Heimildin er um, að ráða megi sérstaka trúnaðarmenn í hverjum landsfjórðungi til aðstoðar við eftirlit með sveitarfélögum, ef á þyrfti að halda. Á síðasta Alþ. var þetta ákvæði sett inn í gildandi l., nr. 30 frá 12. júlí síðastl. Það var á þá leið, að atvmrh. væri heimilt að skipa eftirlitsmann, sem starfaði í ráðuneytinu, og ennfremur trúnaðarmenn, sem hefðu á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálum. Upprunalega var gert ráð fyrir, að stofnað yrði eftirlitsmannsstarf, með l. frá 19. des. 1937.

Ég ætla, að í þessu frv. sé gengið út frá, að heimildin um skipun eftirlitsmanns sé ekki notuð, nema sérstaklega þurfi á honum að halda. Ég vil fyrir mitt leyti taka það fram, að meðan þessi málefni eru innan míns verkahrings, mun ég ekki nota heimildina, nema þess sé fullkomin þörf. Ég geri ráð fyrir því, að till. hv. 5. landsk. þm. yrði sízt hagkvæmari og ódýrari í framkvæmdinni, ef samið væri við menn, sem hefðu eingöngu með höndum þetta eftirlit um ákveðið tímabil. Á þennan hátt myndi nást betri árangur af eftirlitinu, og það myndi verða sízt dýrara. Ef þetta atriði yrði fellt niður úr frv. og þar með breytt þeim ákvæðum, sem gengu í gildi á síðasta þingi, þá mætti líta svo á, að þingviljinn væri mótfallinn því að ráða

sérstaka eftirlitsmenn. Fyrir allra hluta sakir tel ég heppilegast, að brtt. verði felld. Þó að hún yrði samþ., mundi hún ekki afstýra beinum gjöldum, og er þess vegna óþörf.

Hvað snertir síðari brtt., um að lögfesta laun eftirlitsmannsins, 6 þús. kr., þá er mér sama um, hvort hún nær samþykki. Ef hv. d. telur heppilegra að lögbinda launin, skal ég ekki vera því mótfallinn. Þegar efirlitsmaðurinn var ráðinn, var honum ákveðin þessi upphæð. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að lögfesta þetta, en mér er sama, þó að síðari brtt. nái fram að ganga.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég játa, að við upplýsingar hv. félmrh. hefir viðhorfið til þessara mála breytzt að vissu leyti. Hann lýsti því yfir, að hann ætlaði ekki að skipa trúnaðarmenn, nema nauðsyn væri til þess, og ekki nema fyrir stuttan tíma í einu. Það er nokkur bót að þessu, en ég tel ekki heppilegt að ráða trúnaðarmenn í landsfjórðungum. Setjum svo t. d., að eftirlitsmaður sé ráðinn í Norðlendingafjórðungi og hann eigi heima í Norður-Þingeyjarsýslu. Ef hann þarf að athuga vanskilahrepp í Vestur-Húnavatnssýslu, má nærri geta, að meiri útgjöld myndu stafa af þeim ferðum en ef hann væri í Rvík. Mér finnst óþarfi að hafa fasta menn við eftirlitið, enda mundi þá koma til greina ferðakostnaður í stórum stíl. Vegna þess, hve erfitt er að ferðast á milli hreppanna, væri miklu þægilegra að kalla menn í nágrenninu til eftirlits. Sökum ókunnugleika getur eftirlitsmaðurinn ekki ráðið fram úr vandamálum fjarliggjandi hrepps, og verður hann þá að fá til aðstoðar kunnuga menn.

Ég játa, að þetta ákvæði um skipun trúnaðarmanna var komið inn í l. áður og var þá samþ. með nokkrum meiri hl. atkv. En þá bar ég einnig fram svipaða brtt. og nú, og hún var felld. Ég get enn ekki séð, að nauðsynlegt sé fyrir ráðh. að hafa þessa föstu eftirlitsmenn. Ég mun því halda fast við mína brtt., þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. félmrh., að hann myndi ekki nota heimildina, nema í ýtrustu nauðsyn, því að þar mun koma maður í manns stað.

ATKVGR.

Brtt. 120,a felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSn, BrB, JJós, MJ.

nei: BSt, ErlÞ, HermJ, IngP, PHerm, EÁrna.

PZ greiddi ekki atkv.

4 þm. (SÁÓ, ÁJ, JJ, MG) fjarstaddir.

Brtt. 120,b samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 137).

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Þetta frv. var í fyrra til umr. hér í hv. d., og ef ég man rétt, þá hefir það litlum breyt. tekið síðan. Ég álít, að það, sem fyrst og fremst þarf að athuga í sambandi við frv. sem heild, sé það, að þar er gengið á móti þeirri venju, sem ríkt hefir í íslenzkri löggjöf viðvíkjandi þeim rétti til sjálfsstjórnar, sem sveitarfélögin hafa haft. Í frv. er gengið mjög langt í þá átt að setja sveitarfélögin beinlínis undir stjórn félmrh. og gefa honum víðtækt vald til þess að geta skipt sér af þeirra fjárreiðum og hlutazt til um þeirra mál. Honum er meira að segja fengið vald í hendur til að setja sérstakan umboðsmann til eftirlits, án þess að um leið séu settar nokkrar skorður fyrir því, hvernig nota má það vald og jafnvel misbeita því. Þetta kemur greinilega fram í 29. gr. frv., þar sem talað er um, að „ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit, ef það vanrækir fjárhagslegar skuldbindingar sínar, eða ef þess af öðrum sökum þykir þurfa vegna fjárhags sveitarfélagsins eða vegna hagsmuna þeirra, er kröfur eiga á hendur því". Með þessari gr. er ráðh. sem sé gefið vald, sem að mestu leyti er komið undir eigin geðþótta hans, hvernig hann beitir, þar sem í gr. stendur: „... eða ef þess af öðrum sökum þykir þurfa"... Sveitarfélagið þarf ekki að hafa brugðizt skuldbindingum sínum, vera gjaldþrota eða geta ekki staðið í skilum á einhvern hátt, heldur aðeins „ef ráðh. þykir þurfa vegna fjárhags sveitarfélagsins", — ef honum finnst þannig líta út með fjárhaginn, þá hefir hann rétt til að beita ákvæðum laganna um að setja það undir eftirlit. Ég álít, að með því að samþ. l., sem að miklu leyti byggjast á lagagr. eins og þessari, þá sé verið að skerða þann rétt, sem gengið er út frá í stjórnarskránni, að sveitarfélögin eigi að hafa sjálfsstjórn. Mun flestum hv. þm. þykja orðið nóg um afskipti ríkisvaldsins á öllum sviðum athafnalífsins í landinu, svo að sízt megi bæta þar ofan á að fara að skerða rétt, sem svo er orðinn fastur í löggjöf og venjum hér á Íslandi, eins og sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga. Ég álít, að þetta sé mál, sem hv. d. þurfi að taka til alvarlegrar íhugunar vegna þess, að með því að samþ. l. eins og þessi er verið að opna svo víðtækt hlið fyrir misbeitingu valds, að það sé með öllu ófært. Hæstv. ráðh. getur sett á stofn nýtt embætti, hvað raunverulega hefir nú þegar verið gert, og látið þann embættismann sinn gera næstum því hvað sem honum þóknast við sveitarfélögin, og samkv. 34. gr. getur ráðh. ákveðið, að í sveitarfélagi, sem sett hefir verið undir eftirlit, skuli öll fjármál háð samþykki eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, og með því móti getur eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefnanna raunverulega knúð fram, að af hálfu bæjar- og sveitarfélaga skapist það fjármálaástand, að ráðh. þyki við þurfa að setja þau undir eftirlit og svo gert þar allar þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem hann vill, þar sem eftirlitsmaðurinn á einnig að hafa leyfi til að ráðstafa tekjum og eignum sveitarfélaganna. Í 44. gr. frv. er gert ráð fyrir, að eftirlitsmaðurinn geti einnig selt eða leigt eignir sveitarfélagsins, og sem sagt farið með þær eins og hann vill, og er þar opnað víðtækt svið fyrir fjárhagslega misnotkun, ekki sízt vegna þess,

að mörg bæjarfélög á Íslandi eiga tiltölulega miklar eignir og verðmætar í sambandi við ýms atvinnufyrirtæki. Það er hægt að láta eftirlitsmanninn setjast að í bæjarfélögunum og taka þar við allri fjármálastjórn, þegar hæstv. ráðh. þykir með þurfa. Það þýðir raunverulega það, að nú eru dyrnar opnaðar fyrir því, sem hingað til hefir verið reynt að varast í íslenzkri lagasetningu, misbeitingu valdsins af hálfu framkvæmdavaldsins. Hinsvegar er vitað, að hér á Alþingi hafa orðið miklar deilur um það, hvort framkvæma ætti gildandi l. um gjaldþrot stórfyrirtækja, og þótti það hin mesta goðgá, þegar farið var fram á, að þeim l. væri framfylgt, þegar stór hlutafélög áttu í hlut. En nú er komið með lagafrv., þar sem einum ráðh. er gefið vald til að láta setja eftir geðþótta sveitarfélög undir eftirlit og gefa eftirlitsmanninum heimild til að fara með fjárhag og eignir þeirra eftir eigin vild, án þess að sveitarfélögin hafi á nokkurn hátt brugðizt sínum skuldbindingum.

Ég álít, að lagabálkur eins og þessi eigi ekki að fara í gegnum þingið. Ég tel, að það nái ekki nokkurri átt að fela einum ráðh. eða ríkisstj. yfirleitt það vald, sem ríkisstj. og hennar umboðsmaður fá með þessum l., og það nær heldur engri átt að svipta sveitarfélögin því valdi, sem þau hafa haft fram að þessu. Ég er því algerlega andvígur þessu frv. og tel mjög nauðsynlegt, að n. sú, sem fær það til meðferðar hér í hv. Nd., taki það til ýtarlegrar athugunar. Í því formi, sem það nú liggur fyrir, má það ekki ná fram að ganga.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Með því að þetta frv. var einnig lagt fyrir Alþingi 1939 og það kemur nú lítið breytt frá því, sem það var þá, og ég lét því þá fylgja grg. í þessari hv. d., þykir mér ekki ástæða til að endurtaka það, sem ég sagði þá um efni frv. Þetta frv. hefir nú gengið í gegnum hv. Ed. og komið til þessarar d. lítið breytt, og vil ég láta nægja að vísa til þeirrar ræðu, sem ég hélt hér rétt fyrir síðustu áramót í þessari hv. d. um frv., sem var næstum því eins að efni til.

Um þau orð, er fallið hafa í hv. d. um, að frv. færi fram á, að skertur yrði réttur bæjar- og sveitarfélaga, læt ég nægja að vísa til þess, að nú gilda og hafa gilt rík fyrirmæli í löggjöf frá 1933 um, að ríkið setti umsjónarmann til þess að hafa eftirlit með fjármálum og stjórn sveitar- og bæjarfélaga. Þau l. voru fyrst sett 1933, en gerð skýrari og fyllri árið 1937, og loks lá umgetið frv. fyrir þinginu 1939. Að vísu eru í þessu frv. fyllri og gleggri fyrirmæli um þetta allt en eru í núgildandi l. og upp í það eru teknar nokkru víðtækari reglur, sem sniðnar eru eftir reynslunni, sem fengizt hefir í þessum málum hingað til. Er það eingöngu fávizku og barnaskap um að kenna, þegar fulltrúar kommúnista í báðum d. tala um, að hér sé um stórkostlega frelsisskerðingu í stjórn bæjar- og sveitarfélaga að ræða. Hér er aðeins um löggjöf að tala, sem er nokkru fyllri og ýtarlegri en sú, er áður hefir gilt, og er það sniðið eftir fenginni reynslu hér á landi og með hliðsjón af erlendri reynslu í þessu efni. Í því sambandi skal ég minna á, að í Noregi eru þessi l. langtum strangari en frv. það, sem hér liggur fyrir þessari hv. d. Ég hygg, að ótti sumra manna um, að tekið verði í taumana með sjálfstjórn sumra bæjar- og sveitarfélaga, eigi aðeins við þá staði, þar sem stjórnin er eins og þar, sem frægt er orðið um eitt sveitarfélag hér á landi, að þegar ríkisstj. lét senda fólkinu útsæðiskartöflur í sérlega erfiðu árferði, þá tók hreppsstjórnin, sem var skipuð kommúnistum, til sinna ráða og lét éta allar útsæðiskartöflurnar, sem áttu að gefa hreppsbúum margfalda uppskeru. Það er slík sjálfstjórn eins og þessi, sem kommúnistar vilja að rísi upp hér, en það er slík sjálfstjórn, sem ríkisstj. vill ekki láta viðgangast.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Það er afareðlilegt, að hæstv. félmrh. fyndi lítil rök til að færa fram fyrir máli sínu og þyrfti því að koma með slúðursögur hér inn í þingið til að leiða athyglina að öðru umræðuefni. Hann ætti að vita, að það, að hann situr nú í félmrh.-stóli og ætti því að fá það aukna vald, sem ráðh. er ætlað með þessu frv., ef að l. yrði, er til þess, að honum verður manna sízt treyst til að beita því valdi réttlátlega og varast alla misbeitingu á því. Það er almenn skoðun á honum á Alþingi, eftir framkomu hans í sambandi við og afskipti af verkamannabústaðabyggingunum, að varla sé eins mikil hætta á, að nokkur annar ráðh. beiti gerræði og pólitísku valdi. Það er því varla að undra, þótt hv. þm. verði tortryggnir, þegar þessi ráðh. kemur fram með frv. að lagabálki og heimtar að láta fela manni, sem er að litlu góðu kunnur, bæði fyrir stjórn sína á bæjarfélagi og fyrir pólitísk afskipti sín, það vald, sem ráðh. getur gefið honum sem eftirlitsmanni sveitarfélaganna. Það er eðlilegt, að hv. þm. verði tortryggnir, þegar ráðh., sem áður hefir misbeitt sínu valdi, fer fram á að fá slíkt vald sem þetta frv. fer fram á. Menn eru hræddir um, að því valdi verði misbeitt til persónulegs framdráttar, alveg eins og þegar Jónas Guðmundsson lét togarana, sem voru eign bæjarfélagsins á Norðfirði, fara með flutning fyrir sig til Reykjavíkur í stað þess að fiska, og eyddi í það stórfé. Ef hæstv. ráðh. ætlar að fara að koma með sögur um einstaka sveitarfélög, þá má e. t. v. rifja upp ýmislegt, sem þessum eftirlitsmanni bæjar- og sveitarfélaganna gæti komið illa.

Það er auðséð, að hæstv. ráðh. vill ekki hafa svo mikið við að reyna að sýna fram á, hvers vegna er þörf á að setja þennan fögurra kafla lagabálk, sem á að gera ráðh. mögulegt að setja hvaða sveitarfélög sem er undir eftirlit, ef hann telur þess þurfa, og láta sinn eftirlitsmann setja þar hverskonar fjárhagsáætlanir sem hann vill, og ráðstafa eignum viðkomandi sveitar- eða bæjarfélags eins og honum þóknast. Það er sannarlega langt gengið í þessu sambandi.

Það mun vera rétt hjá hæstv. ráðh., að til munu vera í Noregi og víðar ákvæði í l. um bæjarfélög, sem ekki geta staðið í skilum eða eru gjaldþrota, eins og mikill hluti sveitarfélaga í Noregi er, en ég veit hvergi til, að

ráðh. hafi verið gefinn slíkur réttur sem hér er farið fram á, að hann geti farið með sveitarfélögin eins og honum þóknast og sett þau undir eftirlit, ef honum þykir við þurfa, eins og sagt er í 29. gr. Og það er sízt ástæða til að gefa þeim ráðh. slíkt vald, sem æskir þess einungis í því skyni að misnota það.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mig langar aðeins til að benda á eitt atriði í frv., áður en það fer til n., þótt ekki sé gert ráð fyrir, að málið sjálft sé rætt við 1. umr. Í 3. kafla frv. er gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að ef sveitarfélag ber upp á sker fjárhagslega, þá sé það tekið til skuldaskila. Síðar í sama kafla, í 24. gr. frv., er heimild fyrir ráðh. til að ákveða, „að verja megi úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga árlega, þegar þess er þörf, allt að 100 þús. krónum til að greiða fyrir skuldaskilum illa stæðra sveitarfélaga". Getur ráðh. samkv. gr. ákveðið, að veita megi nokkurn hluta þessarar fjárhæðar sem styrk til sveitarfélagsins, er sé eigi endurkræfur, en nokkurn hluta sem lán, er sveitarfélaginu beri að greiða ásamt vöxtum á tilteknum tíma. Ég vildi benda á, að af þessu gæti stafað nokkur hætta, þannig, að sveitarfélögin sýndu ekki fulla viðleitni með að standa fullkomlega í skilum. Ég er hræddur um, að ef menn yrðu þess varir, að sveitarfélag, sem ekki stæði í skilum, fengi þeirra hluta vegna styrk úr ríkissjóði, án þess að það væri tekið til skuldaskila opinberlega, yrði það til þess, að önnur illa stæð sveitarfélög legðu sig minna fram til að standa í skilum, án þess þó að ég sé á nokkurn hátt að beina þessu að neinum sérstökum sveitarfélögum. Menn myndu segja sem svo, að þetta fé væri þeim ætlað, sem ekki stæðu í skilum, svo að það væri bezt að sjá hvort þeir gætu ekki orðið einhvers aðnjótandi. Ég tel mikla hættu á, að þetta fari þannig. Ég veit það af reynslu, hvernig það er að fást við þessi skuldaskipti, hversu hætt er við, að menn leggi sig ekki fullkomlega fram til þess að inna af hendi skuldagreiðslur, og ef þetta verður samþ., er eðlilegt, að menn leggi sig ekki eins fram og eðlilegt er að krefjast af þeim. Svona ákvæði geta hæglega orðið til þess að gera ástandið lakara en það nú er, og jafnvel orðið keppni um að fá af þessu fé, án þess að það komi til opinberra skuldaskila. En ég vil beina því til þingsins, hvort ekki sé rétt að gera ráð fyrir, að þau sveitarfélög, sem ekki geta staðið í skilum, yrðu að gangast undir almenn skuldaskil, en ef ríkissjóður á kröfur á slík sveitarfélög í þeim tilfellum, eða ef hann hefir ábyrgzt fyrir þau lán eða annað slíkt, þá sé athugað, hvort ekki mætti bíða með að láta hreppinn ganga undir skuldaskilin, til þess að vita, hvort hann getur ekki unnið sig upp á ný. Þetta álít ég, að sé hægt að gera. Ég tel ekki rétt, ef ríkið á í hlut annarsvegar, að gengið sé að hreppnum tafarlaust. Á síðasta þingi var ákveðið, að heimilt skyldi í eitt skipti fyrir öll að leggja fram 100 þús. kr. úr jöfnunarsjóði til að greiða fyrir þeim sveitarfélögum, sem komin eru í vanskil, en það verkar ekki fram í tímann, eins og ákvæði þessa frv., og gefur mönnum ekki tilefni til að vonast eftir slíku í framtíðinni.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Út af aths. hæstv. viðskmrh., sem ég annars ætla ekki að fara að finna að, vil ég segja það, að eins og hann tók fram, þá var á síðasta þingi samþ. slíkt bráðabirgðaákvæði er hann lýsti, í sambandi við breyt. á framfærslul., en það var meining okkar, að það gæti verið heppilegt að hafa ákvæði eins og er í frv. í gildandi l., um vissa upphæð úr jöfnunarsjóði sveitar- og bæjarfélaga til þessara hluta. Ég skal játa, að það getur verið spurning um, hvort það sé heppilegasta aðferðin að greiða þetta svona til bæjarfélaganna, og getur hv. n. tekið það til athugunar. En 24. gr. er sett í frv. með hliðsjón af því, að síðasta Alþingi ákvað, að verja mætti 100 þús. kr. úr jöfnunarsjóði til skuldaskila í sveitar- og bæjarfélögum. Ég hefi síðar en svo á móti því, að þetta sé athugað í n.

Ég skal játa, að það var yfirsjón hjá mér að fara í ræðu minni að svara hv. 5. þm. Reykv., og mun ég taka það til athugunar framvegis, að hinum íslenzku „Kuusinenum" verður ekki svarað og alls ekki við þá talað hér á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 309).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Allshn. hefir athugað þetta mál allrækilega og borið það saman við gildandi löggjöf. Þá hefir n. sérstaklega tekið til athugunar þau nýmæli, sem frv. felur í sér. Hér er um að ræða heildarlöggjöf um eftirlit með sveitarfélögum.

2. kafli frv., um verksvið eftirlitsmanns með sveitarstjórnarmálefnum, á stoð sína í núgildandi l., og er fá nýmæli að finna í þessum kafla önnur en þau, sem auka valdsvið eftirlitsmannsins, en þessi nýmæli telur n. yfirleitt til bóta.

3. kaflinn, um fjárþröng sveitarfélaga, felur í sér svipuð ákvæði og nú eru í l. nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga. Kaflinn er nokkru fyllri en núgildandi lagaákvæði, og má segja, að hann sé til bóta.

Í 4. kafla eru nýmæli um það, að setja megi sveitarfélög undir eftirlit. Allshn. er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að hafa til þess lagaheimild að setja sveitarfélög, sem um lengri eða skemmri tíma hafa staðið verulega í vanskilum, undir eftirlit. Og n. er þeirrar skoðunar, að ógnunin um afskipti eftirlitsmanns sveitarfélaga geti valdið því, að sveitarfélag geri sér meira far um að standa í skilum en ella myndi eiga sér stað. En n. telur nauðsynlegt að gera mjög margar og að sumu leyti verulegar breyt. á frv., eins og nál. á þskj. 309 ber með sér. Margar þessar brtt. eru að mestu leyti orða-

breyt. N. þótti nauðsynlegt að færa orðalag frv. í betra horf og gera það jafnframt skýrara en það er í frv. eins og það nú liggur fyrir. Þær brtt. n., sem mestu máli skipta efnislega, vil ég leyfa mér að skýra með nokkrum orðum fyrir d., en þær eru þessar:

Í fyrsta lagi er það 6. brtt., þar sem það er numið burt, að eftirlitsmanni sé alltaf skylt að snúa sér til ráðh. og heimta, að sveitarfélag, sem vanrækir skuldbindingar sínar, sé sett undir eftirlit. Þetta ákvæði teljum við óþarft vegna annara ákvæði frv., sem eru í 4. kafla þess.

Þá er 7. brtt., um að sveitarfélagi sé ekki skylt að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins, er það er í mikilli fjárþröng, heldur skuli það eiga rétt til þess. Ég hygg líka, að þetta hafi verið tilgangur frv.

Veigamestu brtt. eru við 4. kafla, um það, hvenær megi setja sveitarfélag undir eftirlit. Í frv. er þessi heimild mjög víðtæk, og að áliti n. allt of víðtæk. Það segir svo í 29. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag sé sett undir eftirlit, ef það vanrækir fjárhagslegar skuldbindingar sínar, eða ef þess af öðrum sökum þykir þurfa vegna fjárhags sveitarfélagsins eða vegna hagsmuna þeirra, er kröfur eiga á hendur því.“ Þetta ákvæði er svo víðtækt, að ráðh. myndi eiginlega hvenær sem er, jafnvel þótt um óveruleg vanskil væri að ræða, heimilað að setja sveitarfélag undir eftirlit. Þetta teljum við hættulegt ákvæði, og enga þörf á að setja slíkt í l. N. vill þess vegna breyta þessu ákvæði þannig, að til þess að ráðh. geti komið sveitarfélagi undir eftirlit, þá sé nauðsynlegt, að sveitarfélagið vanræki skuldbindingar sínar við ríkissjóð, eða skuldbindingar, sem hann er í ábyrgð fyrir, og að ekki hafi tekizt við ítrekaðar tilraunir að fá sveitarfélagið til að ráða bót á þessu, en síðan skuli því gefinn 6 mánaða frestur, áður en eftirlitið kemur til framkvæmda.

Þá er 13. brtt., við 30. gr., þar sem ákveðið er, að einstakir kröfuhafar geti krafizt þess, að sveitarfélag sé sett undir eftirlit. N. vill lengja frestina, sem þarna er talað um. Frv. gerir ráð fyrir, að 6 mánuðir þurfi að líða frá því að banki eða lánsstofnun geri kröfu til þess, að sveitarfélag sé sett undir eftirlit, og þangað til eftirlitið er sett á. N. vill hafa þetta 12 mánuði.

Þá er 17. brtt., við 34. gr. Eins og gr. er nú, hefir eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna mikinn rétt yfir málefnum sveitarfélags strax og það af einhverjum ástæðum hefir verið sett undir eftirlit. Hann á t. d. að hafa heimild til að ávísa fé úr sveitarsjóði og skuldbinda sveitarfélagið fjárhagslega. Við teljum, að til þess að slíkar heimildir séu réttlætanlegar sé nauðsynlegt, að ríkissjóður hafi orðið að veita sveitarfélaginu sérstaka hjálp, eins og ráðgert er í 36. gr. frv. Það er fyrst þegar ríkið hefir orðið að greiða ákveðna upphæð til að bjarga sveitarfélagi, að réttlætanlegt er, að svo harkalegu eftirliti sé beitt eins og þessi gr. gerir ráð fyrir.

Þá er brtt. við 44. gr., um að eftirlitsmaður geti ekki leigt eignir sveitarfélags, sem er undir eftirliti, nema með samþykki ráðh.

Þá er 23. brtt., a-liður, sem raunar er samkv. hlutarins eðli aðeins leiðrétting. Það segir í gr., að sérhver starfsmaður sveitarfélags, sem er undir eftirliti, sé skyldur til að fara eftir fyrirmælum og ákvörðunum, sem eftirlitsmaður eða umboðsmenn hans gefa. Þetta ber vitanlega að túlka þannig, að það eigi að vera í starfi hans. Heimild þessi væri næsta víðtæk og gæti leitt til vandræða, ef ordalagið væri þarna látið haldast óbreytt.

Þá er 24. brtt. Í 45. gr. segir: „Ráðherra getur skipað aðra menn til að fara með störf í þágu sveitarfélagsins, þar á meðal oddvita eða bæjarstjóra, ef hann telur, að ekki náist nægilegur árangur á annan hátt, eða starfsmaður vinnur gegn fyrirskipunum eftirlitsmanns, framkvæmir þær ekki eða fer ekki eftir fyrirmælum laga þessara og settra reglna“. Hér er ráðh. gefin ákaflega víðtæk heimild. Samkv. henni getur hann hvenær sem er, þegar sveitarfélag er komið undir eftirlit, vikið hvaða starfsmanni þess sem er úr starfi. Við teljum ekki rétt að gefa ráðh. þessa heimild fyrr en svo er komið, að ríkissjóður hefir sérstaklega orðið að leggja þessu sveitarfélagi til fé, eins og ráðgert er í 36. gr. Við viljum því binda þetta því skilyrði, að um sérstaka aðstoð hafi verið að ræða áður en til slíks getur komið.

Ég skal að lokum geta þess, að enda þótt þetta frv. sé samið af núverandi eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, hr. Jónasi Guðmundssyni, og lagt fram af hæstv. félmrh., þá hefir eftirlitsmaðurinn tjáð mér, að hann sé samþykkur öllum brtt. n. Geri ég því ráð fyrir, að þær valdi ekki neinum ágreiningi og málið geti fengið fljóta afgreiðslu í deildinni.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og hv. frsm. tók fram, hefir n. athugað þetta frv. gaumgæfilega og borið það saman við gildandi löggjöf. Er ég n. þakklátur fyrir, hversu mikla vinnu hún hefir lagt í að athuga þetta mál. Mér virðist yfirleitt, að brtt. n., sem aðallega snerta orðaval og efnismeðferð, séu til bóta. Eins og hv. frsm. gat líka um, eru nokkrar verulegar efnisbreyt. gerðar á frv., sem hann minntist á, og eru við 29. gr., 34. gr. og 44. gr. Hv. frsm. gerði þá grein fyrir þessum brtt., að n. hefði þótt í frv., eins og það áður var, of ríkar heimildir gefnar til handa ríkisvaldinu til að hafa afskipti af málefnum sveitarfélaga, og get ég raunar vel skilið þá hugsun, sem þar liggur til grundvallar hjá n., og að rétt sé að ganga ekki lengra í þessa átt að svo stöddu, meðan ekki meira bjátar á, en gert er í till. n. Get ég þess vegna fyrir mitt leyti falizt á, að þær verði samþ. Mér kæmi hinsvegar ekkert undarlega fyrir sjónir, þó síðar meir fengist sú reynsla, að þarna þyrftu að koma fyllri fyrirmæli um þessi atriði, en það getur að sjálfsögðu beðið síns tíma. Ég get því, eins og ég sagði, sætt mig við, að dregið verði úr þessum heimildum. En ég vil aðeins geta þess, að þessi ákvæði voru sniðin eftir norskri löggjöf, og þó jafnvel ekki eins ströng eins og þar gilda. — Þakka ég svo n. fyrir það, sem hún hefir til málanna lagt.

***Einar Olgeirsson:** Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, hvernig allshn. hefir tekið þetta frv. Það virðist sumum óþarflega mikið, að mál skuli þurfa að ganga í gegnum 6 umr. hér á Alþ., en meðferð þessa frv. sýnir það, hvað nauðsynlegt það getur verið, að allar þessar umr. séu hafðar. Þetta frv. lá fyrir þinginu í fyrra, og þá var á það bent, hve rík einræðistilhneiging væri í því. Nú er það búið að ganga í gegnum 3 umr. í Ed. og auðvitað athugast þar af n., þó að n. flytji frv. Síðan kemur frv. hingað til Nd. og fer gegnum 1. umr. Ég held, að ég hafi verið eini maðurinn, sem talaði þá um málið, auk hæstv. ráðherra, og benti m. a. á ákvæði 29. gr. með svipuð sjónarmið í huga og n. hefir nú viðurkennt. Loks þegar málið er búið að ganga gegnum 4 umr. hér á Alþingi, uppgötva þm. það, að frv. sé í raun og veru óhæft í þessu formi og einræði ríkisstj. gefið með því allt of mikið undir fótinn. Þarna sýnist hurð hafa skollið nærri hælum. Hvað hefði orðið, ef hv. allshn. hefði ekki tekið þessa rögg á sig? Þetta sýnir, hve óhæf vinnuaðferðin hefir oft verið hér á Alþingi, þegar stórmálum, sem einhverjir ráðh. standa að, er hrundið með offorsi gegnum þingið, og það jafnvel með margföldum afbrigðum, ef það þykir að einhverju leyti vissara, svo að lagfæringar komist síður að.*

Ákvæði 29. gr. leyfa ráðh., ef honum þykir þess þurfa vegna hgsmuna einhverra kröfuhafa, að setja hvaða bæjar- eða sveitarfélag, sem kemst í greiðsluörðugleika, undir eftirlit, selja eða leigja eignir þess og gefa eftirlitsmanni eða umsjónarmanni hans vald til þessa. Slíkt vald hefir engum ráðh. verið gefið hér á landi. Þó að n. hafi farið eins vægilega og unnt er að því, vegna hæstv. ráðh., Stefáns Jóh. Stef., að afstýra þessu glapræði, fer það ekki leynt, að hann hefir seilzt þarna lengra en honum hæfir. Eins og hv. frsm. tók fram, er hér með fellt niður allt, sem hættulegast hefir þótt í frv., og takmarkað mjög það vald, sem ráðh. og umboðsmönnum hans var fyrirhugað. Fleiri breyt. hefir n. gert til bóta, en ég hefi ekki haft tíma til að athuga til hlítar nema þetta aðalatriði þeirra.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Mikil svikamylla er þetta stjórnafar að verða á þessum síðustu tímum sósialista og þeirra stjórnarhátta, sem eiga upptök hjá þeim. Þegar ríkisvaldið er búið beint og óbeint með ráðstöfunum sínum að koma bæjar- og sveitarfélögum í fjárþröng, kemur það sem þjargvættur og verndari og heimtar „eftirlit“ með öllum rekstri þeirra; það á að koma þeim úr öngþveitinu með því að fá þau til að gefa sig ósjálfbjarga undir vald ráðh. og legáta hans. Þegar ekki er fært lengur að halda stefnu undanfarinna ára og þegar allir verða að viðurkenna, að svonefnt lýðræði er farið að sýna sig hálfu verri harðstjóra en nokkur einvaldsharðstjórn var áður, og þegar búið er að gripa til eins skammgóðra úrræða og að lækka verðgildi peninganna, ef það gæti hjálpað ríkinu til að taka meira úr vösum borgaranna til að fylla hít fjárkrafna þeirra, sem frambjóðendur til Alþingis þykjast mega til að gera fyrir kjósendur, sérstaklega þann hluta þeirra, sem getur ekki séð fyrir sér sjálfum, — þá eru borin fram, til að lækna ástandið, endemi slík sem þetta frv. var.*

Það er sjálfsagt ýkjulaust, að í þessu efni séum við ekki eftirbátar annara þjóða. Sanni er nær, að við séum þar verr komnir en þar, sem verst er nú í nálægum löndum. Þegar þetta er búið að ganga um hríð, hljóta sveitarfélögin að segja eins og er, að þau geta ekki staðið undir þeim síauknu byrðum, sem ríkisvaldið hefir dembt á þau; þau hafa takmarkaða skattstofna og mörgum öðrum þörfum að sinna. Ennþá eru sveitarfélögin vön að reyna að hlýða löggjöfunum, þó að hins séu dæmi, eins og hv. þm. V.-Sk. (GSv) minntist á um 10 aura gjaldið af hverri kind vegna mæðiveikinnar. En vegna þessarar löghlýðni sinnar eru þau í fjárþröng og biðja um nýja tekjustofna til að geta staðið við skuldbindingar sínar og veitt almenningi hin lögboðnu fríðindi. Það eru engir skattstofnar til nema tekjur borgaranna, svo að nú virðist engin leið til annars en fara aftur að skera niður útgjöldin. Að því leyti sem frv. stefnir í þá átt, er það úrræði, sem ekki virðist hægt að komast hjá. En aðferðin til að hjálpa sveitar- og bæjarfélögunum á samkv. því að vera sú, að veita einum af ráðh. mikið vald til umráða yfir rekstri þeirra og til þess að skera niður skuldir þeirra, láta lánardrottna þeirra tapa, svo að byrja megi á nýjan leik. Þannig er svikmyllan, þannig á að „legalisera“ sviksemina við lánardrottna bæjar- og sveitarfélaga. Hér áður voru sveitarfélögin lítil, yfirsjáanleg umdæmi, sem óhætt virtist að treysta, að gætu staðið í skilum, og áttu sæmilega auðvelt með að rækja skyldur sínar. Að vísu var allur fjárhagur þeirra og æðsta vald undir ríkisstj., en til afskipta hennar kom varla, og um árekstra var ekki að ræða. Nú þegar allt er komið í sömu rúst og fjárhagur ríkisins, er gripið til þeirra ráða, sem sósialistar á Norðurlöndum hafa beitt, og náttúrlega auglýst með því, að þar hafi þetta gefizt prýðilega. Ég held það sé ákaflega vafasamt, hversu vel það hefir gefizt þar, og má sjá þess merki, ef litið er í blöð annara en sósialista og kommúnista og þeirra lagsbræðra. Slík stjórn er hverju þjóðfélagi til niðurdreps, ekki síður hinu íslenzka, sem er smærra og veikbyggðara, og þá allra frekast hinum smáu og veiku sveitar- og bæjarfélögum landsins.

Eitt af sérkennum sósialista er lagni þeirra að finna upp embætti handa sínum mönnum. Eitt af fyrstu ráðherraverkum hæstv. félmrh., Stefáns Jóh. Stefánssonar, var að draga austan af landi mann, sem flokki hans var vandabundinn, og setja hann sér við hlið til að líta eftir málum bæjar- og sveitarfélaga, ekki til skamms tíma, meðan verið væri að koma fjárreiðum þeirra í lag, heldur um alla framtíð, meðan það tekst að halda bæjar- og sveitarfélögum í gjaldþrotaástandi og viðhalda verkefni fyrir eftirlitsmanninn og marga undirmenn hans, sem eiga að fá að skarka í fjármálum þeirra eins og þá lystir.

Mér þykir hv. allshn. hafa gert ákaflega þarft verk með því að gera sér og öðrum ljóst, hvað í frv. var fólgið, og gera þær breyt., sem lagt er til í nál. á þskj. 309. Þær virðast allar til bóta. Ef þær ganga fram, er a. m. k. von um það, að löggjöfin eyðileggi ekki strax þann áhuga, sem fyrir því er í sveitar- og bæjarfélögum að halda fjárhag þeirra á öruggum grundvelli. Í grg. frv. er gert ráð fyrir, að það sé nokkurn veginn öruggt, að vansæmd þyki að því að komast undir opinbert eftirlit. En ég get skilið, að víða, þar sem menn eru búnir að berjast við það í vonleysi að standa í skilum, undir þeim álögum, sem löggjöf Alþingis hefir bakað þeim, komi að því fyrr en varir, að menn verði fegnir að geta fleygt yfir á eftirlitsmanninn öllum áhyggjum. Nú er það orðin regla, að ekki megi ganga svo fast að neinum skuldunaut, að það sé honum til verulegra óþæginda. Það má heita öruggt, að aldrei verði gengið svo fast að gjaldendum sveitarinnar, að þeim verði meira óhagræði að því, þótt innheimtan færist í hendur eftirlitsmanns. Mönnum er það annars miklu ljósara um afkomu sveitarsjóða en ríkissjóðs, að hún byggist á afkomu skattþegnanna. Grundvöllurinn er það atvinnulíf, sem ekki er búið að drepa niður. Meðan sveitar- og bæjarfélög standa og falla á eigin ábyrgð, gæta menn þar hófs um kostnað og álögur á menn, að því leyti sem þeir eru sjálfráðir. Þeir vita, að þeir eiga að borga þetta sjálfir. Taki ríkisvaldið ábyrgðina af þeim, hvaða áhrif hefir það á fjárhagsgrundvöllinn og jafnvægi gjaldþols og útgjalda? Verður ekki með óstjórn hins sósialistíska „eftirlits“ eyðilagður grundvöllurinn fyrir því, að sveitar- og bæjarfélög, sem undir það komast, geti nokkru sinni stjórnað sér aftur sjálf? Og því miður er ég ekki óhræddur um, að það geti orðið eftirsókn eftir því á sínum tíma að komast undir þetta „eftirlit“ og njóta þeirra hlunninda, sem það í fljótu bragði séð býður þeim. Það er að vísu umbót hjá n., að nú getur ráðh. eða eftirlitsmaður hans ekki stigið það spor, að taka upp „eftirlitið“, nema eftir ósk heiman úr sveitinni eða kaupstaðnum, sem um er að ræða. Víðast er þó kannske til einhverskonar tilfinning fyrir því að verjast því sem lengst að fara á landið. Þetta frv. er eðlileg afleiðing af því sósialistíska þjóðfélagi, sem hér hefir verið komið á; að því leyti má segja, að ráðstafanir þess eigi rétt á sér. En þegar við á sínum tíma komumst úr þessum sósialistíska kút, býst ég við, að þetta hverfi úr lögum þjóðarinnar.

***Ísleifur Högnason:** Herra forseti! Hv. 4. þm. Reykv. gleymdi því, að þetta frv. er búið að ganga gegnum 3 umr. í hv. Ed. og 1. umr. hér án þess að nokkur hv. flokksbræðra hans eða nokkur framsóknar- eða Alþfl.maður hreyfði andmælum gegn hættulegustu ákvæðum þess. Þeir menn eiga þá sameiginlega þær hnútur, sem hann var að kasta á báða bóga. Eini maðurinn, sem barðist gegn frv. í Ed., var hv. 1. landsk. (BrB), en hér í deildinni hv. 5. þm. Reykv. (EOl). Öllum mátti þá vera það jafnljóst og nú, hvílíkt vald félmrh. yrði fengið, ef frv. yrði samþ., ekki síst með 29. gr., og það var hæstv. félmrh., St. Jóh. Stefánsson, sem barðist þá fyrir að koma þessu óbreyttu í gegn. Nú vill svo vel til, að hv. allshn. hefir tekið að sér sjónarmið okkar sósialista við 1. umr., og beitir sér fyrir brottfelling 29. gr. N. kemst að sömu niðurstöðu og ég. Í 29. gr. er félmrh. gefið einræðisvald yfir öllum sveitarstjórnum á Íslandi, en þetta vildi hæstv. félmrh. ekki viðurkenna í Ed. En aftur á móti beygir hann sig nú djúpt fyrir þessum breyt. og telur þær til bóta. Ég get ekki skilið, að hæstv. félmrh. geti verið þekktur fyrir að sitja í ráðherrastóli eftir þá meðferð, sem þetta frv. virðist ætla að fá í þinginu. Hann getur það ekki sóma síns vegna, ef þessar brtt. ná fram að ganga. Annars vil ég segja það, að vegna þess að nýbúið er að útbýta þessum brtt. í hv. d., hefir mér ekki gefizt tækifæri til þess að bera þær saman við sjálft frv. Frv. er allmikið breytt frá því, sem það var í fyrra, og brtt. gera það að verkum, að lítið er eftir af frv. nema embættismannakerfi, sem á að setja á stofn með frv. Ég álít því rétt að fella þetta frv. Ég vil óska eftir því, að umr. um málið verði frestað, þar til þm. hefir gefizt tækifæri til þess að bera þær brtt., sem fram eru komnar, saman við frv.

***Sveinbjörn Högnason:** Mig langar til að gera örstutta aths. við ræðu hv. 4. þm. Reykv. Það gætir oft í ræðum hans einstakrar einsýni, þannig að manni finnst á allmörgum köflum í ræðum hans, að varla sé hægt að finna út, við hvað sé átt. En með ræðu sinni um þetta mál, sem hér liggur fyrir, finnst mér hann hafa sett alveg einstakt met í þessum efnum. Hann sagði sem sé, að fjárþröng bæjar- og sveitarfélaga væri, að mér skildist, eingöngu að kenna ráðstöfunum Alþ. og hinu sósialistiska stjórnarfari á undanförnum árum. Nú vil ég spyrja hv. þm., hversu mikil útgjöld Reykjavíkurbæjar séu vegna álaga þingsins á bæjarfélagið undanfarin ár. Það er sérstaklega hart að heyra slíka einsýni og blindni um þau mál, sem verið er að fást við, hjá þeim manni, sem falið hefir verið að standa fyrir stærsta bæjarfélagi landsins. Það verður að telja sérstaklega furðulegt, að heyra þennan hv. þm. segja það, að allar ráðstafanir, sem gerðar hafi verið að undanförnu, hafi orðið bæjar- og sveitarfélögum til bölvunar, og að það sé eingöngu hinu sósialistiska stjórnarfari að kenna, hvernig komið sé. Ég veit ekki betur en að það sé búið að verja allmiklu fé úr ríkissjóði að undanförnu til þess að styðja bæjar- og sveitarfélögin. Ég veit ekki betur en að búið sé að koma á jöfnunarsjóði með stórkostlegu framlagi ríkissjóðs hvert ár, til þess að koma bæjar- og sveitarfélögunum á réttan kjöl. En allt þetta á að vera bæjar- og sveitarfélögunum til bölvunar og til að koma þeim á kné eftir málflutningi hv. 4. þm. Reykv. Allir erfiðleikar bæjar- og sveitarfélaga hafa verið af völdum hins sósialistiska stjórnarfars í landinu, eftir kenningu hv. 4. þm. Reykv. Það kann að vera, að það sé hægt að tala svona við einhver íhaldsbörn eða fyrir félögum einhverrar barnadeildar hér í Reykjavík. Það kann að vera, að það séu til þau börn, sem taka mark á svona

ræðum, enda er þessi hv. þm. sjálfsagt einn af leiðtogum þeirra félaga hér í bænum, sem telja það ómaksins vert að hlusta á svona ræður. En að heyra slíka einsýni borna fram á Alþ., er vægast sagt hin mesta firra, og þó að maður hafi oft setið þegjandi undir slíkum ræðum, þá er eins og maður fái óvirðingu á því að heyra slíkar firrur bornar fram hér á Alþ. Ég skal segja það rétt til gamans, að undir þessari ræðu hv. 4. þm. Reykv. fór ég að hugsa um, hvaða andlegir innviðir væru í manni, sem talaði á þennan hátt, hvaða andleg stefna það væri, sem hefði yfirhöndina hjá honum. Það sagði einhver hv. þm. fyrir skömmu, að hv. 4. þm. Reykv. hefði verið borið á brýn, að hann væri „kommúnisti“, og mér virtist þessi ræða hans vera svo öfgakennd, að hún sýni mjög mikinn andlegan skyldleika við öfgastefnurnar, sem uppi eru í heiminum. Enda staðfesti hv. þm. kommúnista, sem síðast talaði, hið sama. Hann upplýsti, að eini þm., sem hefði verið á móti þessari lagasetningu í Ed., hefði verið þm. kommúnista. Þetta sýnir alveg ljóslega, að hv. 4. þm. Reykv. á mjög skylt við þær öfgastefnur, sem um ræðir, hvort það er nazismi eða kommúnismi, skal ég ekki segja um, enda er það nákvæmlega sama stefnan, eins og nú er orðið í heiminum. Það er einkennilegt að heyra þennan hv. þm. segja það, að eftir þessu frv. verði það beinlínis keppikefli fyrir bæjar- og sveitarfélögin að komast undir eftirlit hins opinbera. Ég fyrir mitt leyti þekki enga sveitarstjórn, sem ég gæti hugsað mér að óskaði eftir því að komast undir eftirlit. Ég er alveg viss um, að hverri sveitarstjórn þykir vansæmd að því að komast undir eftirlit hins opinbera; þær munu reyna að sýna sjálfsbjargarviðleitni, svo framarlega sem þær eru ekki sýktar af hinni andlegu pest, sem hv. 4. þm. Reykv. virðist vera svo gripinn af.

***Einar Olgeirsson:** Mig langar til að gera smáaths. við þessa síðustu ræðu. Þessi hv. þm. þóttist vera að sanna það, að hv. 4. þm. Reykv. væri kommúnisti. Nú ætla ég með rökum hæstv. félmrh. að sanna, að hv. 1. þm. Rang. sé líka kommúnisti. Hér liggur fyrir álit frá hv. allshn., og í þessu áliti er tekið fram, að hæstv. félmrh. sé gefið allt of víðtækt vald yfir bæjar- og sveitarfélögum. Undir þetta álit skrifar m. a. hv. 1. þm. Rang., og fordæmir n. með mjög sterkum orðum, að hæstv. ráðh. sé gefið svo víðtækt vald yfir sveitarfélögunum. N. segir, að um frelsisskerðingu sveitarfélaganna sé að ræða, ef frv. þetta nái fram að ganga. Það er nákvæmlega hið sama, sem kemur fram í þessu nál., og það, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls hér í hv. Nd. Þá svaraði hæstv. félmrh. með þessum orðum: „Er það eingöngu fávizku og barnaskap um að kenna, þegar fulltrúar kommúnista í báðum d. tala um, að hér sé um stórkostlega frelsisskerðingu á stjórn bæjar- og sveitarfélaga að ræða.“ Ég vona, að það sé af þessu ljóst, að það eru ekki eingöngu kommúnistar, sem álíta, að það sé frelsisskerðing, er felst í frv. hæstv. félmrh. Þegar þess vegna hv. 1. þm. Rang. sem málsvari allshn. segir, að þetta sé allt of víðtæk frelsisskerðing, þá hefir hann þar með látið í ljós sama álit á málinu og við kommúnistar, og ætti hann þess vegna eftir hans eigin röksemdafærslu gagnvart hv. 4. þm. Reykv. að vera kommúnisti. Ég tek þetta sem dæmi til þess að sýna fram á, að í raun og veru er enginn maður lengur öruggur fyrir því að verða ekki stimplaður kommúnisti.

Svo að ég tali um skilning á lýðræðinu í sambandi við þetta frv., þá skal ég leyfa mér að vitna til ummæla hæstv. félmrh. um þetta mál í Ed., þegar það var þar til umr. Ég skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa ummæli hæstv. félmrh. Hann segir: „Ég hefi fáu að svara hv. 1. landsk. Það er mér ekkert hryggðarefni þó að hann sé sérstaklega andvígur þessu frv.; ég geri ráð fyrir, að það sé ekki óheilla fyrir þær sakir, heldur þvert á móti. Mér virðist ræða hans samskonar þeirri, er flokksbróðir hans hélt í Nd. á síðasta þingi. Þar gætir hins mesta misskilnings, sem hugsazt getur, og hann á eflaust rót sína að rekja til mismunandi skoðana á því, hvað kalla má lýðræði. Ég ætla hér ekki að gefa hv. 1. landsk. kennslustund um það atriði og hefi ekki ástæðu til að svara honum frekar. En ég fullyrði, að þetta frv. er byggt á fullkomnu lýðræði í öllum greinum.“ Ég geri ráð fyrir, að hæstv. félmrh. finnist 29. gr. þessa frv. vera ímynd hins fullkomna lýðræðis, sem hann ætlar að beita sér fyrir. Það eina, sem þessi hæstv. ráðh. hefir svo til að vitna í, eftir þá meðferð, sem frv. fær í nál., er það, að þetta sé heldur strangara í norskum og sænskum l. Það er kominn tími til þess, að hæstv. Alþ. fari að gera þessum hæstv. ráðh. ljóst, að hann er ekki ráðh. hér yfir sænskum eða norskum hreppum.

Frsm. (Thor Thors): Ég þarf ekki mörgu að svara f. h. allshn. Þær ræður, sem hér hafa verið haldnar, hafa verið á víð og dreif um ýmis efni, sem ekki koma beinlínis þessu máli við. Það hafa verið almennar hugleiðingar um fjárhag ríkissjóðs og sveitarfélaga, og sé ég ekki ástæðu til þess sem frsm. n. að gera slíkt að mínu umræðuefni. Það er vitanlega tilgangurinn með þessu frv. að fyrirbyggja það, að vanskil eigi sér stað hjá bæjar- og sveitarfélögunum. Í öðru lagi, ef vanskil eiga sér stað, að tryggja það, að þau verði sem minnst og standi sem skemmstan tíma, og að þjóðfélagið geri ákveðnar öryggisráðstafanir til þess að bjarga við bæjar- og sveitarfélögunum. Ég sé við nánari athugun, að 20. brtt. n. er ekki nægilega ákveðin; ég skal því leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 20. brtt. n.: „Nú er fjárhagsáætlun samin og ekki hefir verið notuð heimild 36. gr., og það kemur í ljós, að tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum, og er ráðh. þá heimilt að veita aðstoð samkv. 36. gr., eða að heimila hlutfallslega hækkun útsvara.“ Þetta síðasta ákvæði, að heimila hlutfallslega hækkun útsvara, er ekki nægilega ákveðið. Ég vil því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. frá allshn. Hún er þannig, að í stað orðanna, „eða að heimila hlutfallslega hækkun útsvara“ komi: eða hækka útsvör hlutfallslega. — Ég vildi svo að

lokum mælast til þess, að brtt. n. verði samþ. og að málið fái skjóta afgreiðslu í þinginu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 339) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 309,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 309,2 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 309,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 309,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 309,5 (ný 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 309,6 (ný 8. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 309,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 309,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 309,9 samþ. með 20 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 309,10 samþ. með 20 shlj. aktv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 309,11 (ný 19. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
20.—28. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 309,12 (ný 29. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 309,13 samþ. með 23 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 309,14 samþ. með 19 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 309,15 samþ. með 18 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 309,16 samþ. með 21 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 309,17 samþ. með 21 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 309,18 samþ. með 18 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. aktv.
38.—39. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 309,19 samþ. með 21 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 339 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 309,20, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 309,21 samþ. með 21 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 309,22 samþ. með 21 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 309,23 samþ. með 21 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 309,24 (ný gr., verður 46. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 309,25 (ný 46. gr., verður 47. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
47. gr. (verður 48. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
48.—51. gr. (verða 49.—52. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 5. og 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 340, 373, 402, 409).

*Ísleifur Högnason: Þó að allshn. hafi gert viðtækar breyt. við þetta frv., vantar enn mikið á, að það sé komið í það lag, sem vera þyrfti. Ég hefi því borið fram brtt. við frv. á þskj. 402. Ég legg ekki kapp á, að þær verði samþ., en vildi á þennan hátt benda hv. þm. á gallana. Brtt. er við 44. gr., og vil ég nú með nokkrum orðum benda hv. d. á, hvernig það er til komið, að þessi gr. er þannig sett í frv.

Þetta frv. er samið með hliðsjón af norsku l. um eftirlit með sveitarfélögum, en það getur ekki verið tilviljun, að í 44. gr. þessa frv. er eftirlitsmanni með sveitarfélögunum fengið miklu víðtækara vald en norsku l. gera ráð fyrir. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 24. gr. í norsku l. Hún hljóðar þannig:

„Eftirlitsstjórnin getur, þegar sveitar- eða bæjarstjórn hefir verið gefinn kostur á að láta uppi álit sitt, og að fengnu samþykki ráðu*neytisins, ákveðið, að selja skuli fasteignir eða* aðrar eignir, sem bæjar- eða sveitarfélagið þarf ekki með til eflingar þeim framkvæmdum, er bæjar- eða sveitarfélagið þarf að annast um eftirlitstímann, eða reka eignirnar svo, að arðinum sé varið til að greiða kröfuhöfum."

Höfuðmunurinn er sá, að hér er gert ráð fyrir eftirlitsstjórn, sem á að fara með málefni bæjar- og sveitarfélaga, sem eru undir eftirliti, en í frv. er aftur á móti gert ráð fyrir, að eftirlitsmaðurinn einn hafi heimild til þess að selja eða leigja eignir bæjar- eða sveitarfélags. Þessi eftirlitsstjórn er skipuð af konungi, en auk þess hefir sveitar- eða bæjarstjórn sú, sem á hlut að máli, rétt til að kjósa einn mann og kröfuhafi einn. Það gefur auga leið, að það er tryggara, að þessi mál séu í höndum stjórnskipaðrar n., þar sem einnig eru fulltrúar kröfuhafa og bæjar- eða sveitarstjórnar, sem undir eftirliti er, heldur en að eftirlitsmaðurinn sé einráður um þessi mál. Það stendur hér að vísu, að bæjarstjórn geti fengið að láta álit sitt í ljós, en það bindur á engan hátt eftirlitsmanninn um, hvað gera skuli.

Ég sem sagt vil aðeins leiða þetta skýrt fram, hvað ég á við með þessu. Ég álít, að ekki sé nærri því búið að gera þær breyt. á þessu frv., að það geti kallazt aðgengilegt.

Um fyrri liðinn er það að segja, að ég legg til, að eftirlitsmaðurinn sé ekki á föstum launum. Hann á vitanlega ekkert að gera, nema bæjarfélag sé sett undir eftirlit. En að hafa mann á föstum launum er aðeins til þess að láta hann hafa 6000 kr. laun, enda þótt ekki sé tryggt, að hann geri nokkurn skapaðan hlut.

Skúli Guðmundsson: Í 24. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að ráðh. sé heimilt að greiða úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga allt að 100 þús. kr. til þess að greiða fyrir skuldaskilum illa stæðra bæjar- og sveitarfélaga. Getur ráðh. ákveðið, að nokkur hlutinn sé lagður fram sem

óafturkræfur styrkur, en nokkur hlutinn sem lán, sem sveitarfélagið á að endurgreiða ásamt vöxtum á tilteknum tíma. En í 36. gr. virðist mér vera allviðtæk heimild til viðbótar þeirri, sem ég hefi nú nefnt, því að þar eru heimiluð fjárframlög til sveitarfélags af óskiptu fé jöfnunarsjóðs. 36. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú telur eftirlitsmaður, að tekjur sveitarfélags samkv. fjárhagsáætlun hrökkvi ekki til að standast útgjöldin, og er þá ríkisstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélaginu skuli veitt sú aðstoð, er nægilegt megi teljast, og í því formi, sem ríkisstjórn ákveður, að þar til fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna."

Ef þetta verður samþ., er stj. veitt óákveðin heimild til þess að veita fjárstuðning til sveitarfélags, sem er undir eftirliti, og virðist mér, eins og þetta er orðað, lítil takmörk fyrir, hversu miklu fé megi verja í þessu skyni, og tel ég óheppilegt, að frv. sé afgr. þannig. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 373, við 36. gr., um að gr. orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú telur eftirlitsmaður, að tekjur sveitarfélags samkv. fjárhagsáætlun hrökkvi ekki til að standast útgjöldin, og getur ríkisstjórn þá ákveðið, að nokkrum hluta þeirrar fjárhæðar, sem heimilt er að verja úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga samkv. 24. gr., skuli varið til styrktar sveitarfélaginu, að þar til fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna."

Mér hefir skilizt á hæstv. félmrh., að hann fyrir sitt leyti hafi ekkert við það að athuga, að gr. verði orðuð þannig, og vænti ég, að d. geti eins á það fallizt. Með því að samþ. brtt. er heimilað að verja ákveðinni upphæð á ári, 100 þús. kr., úr jöfnunarsjóði til stuðnings illa stæðum sveitarfélögum á einn eða annan hátt. Ég tel, að þetta ætti að vera fullnægjandi og ekki sé rétt að hafa heimildina víðtækari stj. til handa, því að ef frekari aðgerðir þarf á einhverjum tíma, þá væri miklu eðlilegra, að sett væri um það sérstök löggjöf.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég get staðfest það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði í ræðu sinni, að ég fyrir mitt leyti hefi ekkert við það að athuga, að brtt. hans á þskj. 373 verði samþ. Það eru í rauninni nánari fyrirmæli í þeirri gr. eins og hann vill orða hana en eins og hún var upprunalega orðuð, en það er af því, að þegar frv. var lagt fyrir síðasta þing, var þessi gr. nokkuð öðruvísi, en í samráði við meðráðh. mína og aðra, sem um þetta mál hafa fjallað, þá var þessari gr. breytt á þá leið, sem hún er nú í frv., en ég tel ekkert við það að athuga, að hún sé færð í það form, sem lagt er til í brtt. hv. þm. V.-Húnv.

Um brtt. allshn. á þskj. 409 er það sama að segja, að ég get lýst yfir, að ég er henni alveg sammála. Hefi ég rætt við hv. frsm. um það atriði og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar. Það gæti valdið misskilningi orðalagið eins og það er í gr., að það yrði nokkuð mikið af hagfræðiskýrslum, sem kæmi til mála að safna eftir því orðalagi, sem er nú í frv., en ég tel, að þetta taki af öll tvímæli um, hvaða skýrslur það séu, sem félagsmálaráðuneytið á að safna til að vinna úr og hafa til athugunar út af aðgerðum í sambandi við fjárþröng sveitarfélaga.

Um brtt. á þskj. 402 sé ég ekki ástæðu til að ræða; hún verður ekki tekin alvarlega hvorki að efni né formi, eftir því sem mér virðist.

Frsm. (Thor Thors): Ég hafði ætlað mér að gera grein fyrir brtt. frá sjónarmiði allshn., en hæstv. félmrh. hefir að nokkru leyti tekið af mér ómakið. Ég vil þó geta þess um till. þá, sem n. flytur á þskj. 409, að hún er fram komin eftir tilmælum frá Hagstofu Íslands, sem taldi, að misskilja mætti gr. eins og hún er í frv. Ég get ekki verið á þeirri skoðun, að hætt hefði verið við misskilningi, en tel hinsvegar rétt að fullnægja óskum hagstofunnar með því að orða gr. eins og lagt er til á þskj. 409.

Um brtt. hv. þm. V.-Húnv. vil ég segja það, að n. getur ekki mælt með henni. Þessu frv. er skipt í kafla, sem eru nákvæmlega aðskildir, og sé ég ekki ástæðu til að rugla þeim saman eins og hv. þm. gerir. Takmarkanir þær, sem eru settar í 24. gr., eru að áliti n. nægilega ákveðnar til þess, að ekki þurfi að óttast þar misbeitingu. Í 24. gr. er sagt, að ráðh. sé heimilt að ákveða, að verja megi úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga árlega, þegar þess er þörf, allt að 100 þús. krónum til þess að greiða fyrir skuldaskilum illa stæðra sveitarfélaga. M. ö. o., það þarf að vera sérstök þörf fyrir hendi til þess að grípa megi til þess, og fjárhæðin má aldrei fara fram úr 100 þús. kr., og í þriðja lagi er nauðsynlegt, að sveitarfélag hafi farið því fram, sem ákveðið er í þessum kafla um fjárþröng sveitarfélaga, m. ö. o., þau verða að hafa ákveðið að leita aðstoðar ríkisvaldsins til skuldaskila, til þess að hægt sé að verja nokkurri upphæð í þessu skyni. Hinsvegar geta komið fyrir örfá atvik, þar sem nauðsynlegt kann að vera að verja nokkru meira úr jöfnunarsjóði, og eru um það ákvæði í III. kafla frv. Ég sé því ekki, að rétt sé að samþ. brtt. á þskj. 373, og tel hættulaust að hafa ákvæðin eins og þau eru nú í frv., því að takmarkanirnar eru svo ákveðnar samkv. eðli málsins.

Um brtt. á þskj. 402 get ég sagt það sama og hæstv. félmrh., að hún er ekki takandi alvarlega. Hún er að efni til um það, að eftirlitsmaður sveitarfélaga skuli þiggja þóknun af kaupanda eða leigjanda þeirra eigna sveitarfélags, sem hann sér um sölu eða leigu á. Þarf ekki að fjölyrða um, að slíkt getur ekki orðið lögfest. Það er vilji Alþ., að hann sé á föstum launum, sem Alþ. ákveður, en ekki að hann sé einskonar markaðsvara hjá þeim, sem kynnu að vilja leigja eða kaupa þær eignir, sem hann á að ráðstafa.

Skúli Guðmundsson: Mér þykja einkennileg ummæli hv. þm. Snæf. um brtt. mína, og lítur út fyrir, að hann misskilji hana. Ég hefi ekki borið fram brtt. við 24. gr., sem hann var að vitna í og taldi vera nægilega takmarkaða. Ég vék að vísu að henni, en aðallega talaði ég um

36. gr., og við hana er brtt. mín. Sú gr. er þannig orðuð, að mér virðist, að í henni felist takmarkalaus heimild fyrir stj. til hverra þeirra ráðstafana, sem hún telur rétt að gera. Þar er henni gefin heimild til að greiða úr jöfnunarsjóði eftir því sem henni þykir nauðsyn bera til, og jafnvel úr ríkissjóði ef henni þykir rétt. Það er þessi ótakmarkaða heimild, sem ég tel ekki rétt að sé í l. Ég tel, eins og ég hefi vikið að áður, að fullnægjandi sé að heimila að veita 100 þús. kr. úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga árlega í þessu skyni, en ef það nægir ekki, þá eigi að leita til Alþ. í hvert sinn um heimild til frekari fjárframlaga. Ég tel því sjálfsagt fyrir hv. d. að samþ. mína brtt., eins og hæstv. félmrh. hefir lýst yfir fyrir sitt leyti, að hann geti fallizt á. Ég sé enga ástæðu til þess fyrir hv. d. að veita hæstv. ríkisstj. meiri heimild en hún æskir sjálf eftir.

Ísleifur Högnason: Ég vil undirstrika orð hv. síðasta ræðumanns, að í þessu geti ekki aðeins falizt heimild til að veita ótakmarkað fé úr ríkissjóði, heldur einnig að leyfa bæjarstj. að hækka útsvör, vörugjöld o. s. frv. Ég er því þeirrar skoðunar, að nauðsyn sé á þessari breytingu, og lýsi yfir stuðningi mínum við brtt.

Frsm. (Thor Thors): Hv. þm. V.-Húnv. vildi vekja athygli mína á því, að hans brtt. ætti ekki við 24. gr. frv., heldur 36. gr. Ég vil líka vekja athygli hans á því, að hann segir í brtt. sinni: „... getur ríkisstj. þá ákveðið, að nokkrum hluta þeirrar fjárhæðar, sem heimilt er að verja úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga samkv. 24. gr., skuli varið til styrktar sveitarfélaginu ...“

Um leið og þetta er að formi brtt. við 36. gr., er það því að efni brtt. við 24. gr. Ef till. á að koma til framkvæmda, er hægt að taka af fé því, sem verja á til styrktar sveitarfélögum samkv. III. kafla, og nota það til styrktar þeim samkv. IV. kafla. 36. gr. er hrein neyðarráðstöfun, sem kemur ekki til framkvæmda fyrr en allt er þrautreynt. Ráðh. hefir heimild til þess að fyrirskipa að hækka fyrst og fremst allar tekjur sveitarfélaganna, áður en kemur til framkvæmdar á ákvæðum 36. gr., og ekkert sveitarfélag myndi taka við þeirri aðstoð, sem gr. gerir ráð fyrir, fyrr en í óefni væri komið, því að hún sviptir það öllu sjálfsforræði, þar sem ráðuneytið getur þá ákveðið um alla innheimtu tekna. Félmrh. getur þá vikið frá starfsmönnum sveitarfélaga, jafnvel oddvitum og borgarstjórum. Sjá því allir, hvílík takmörkun er á framkvæmd þessarar gr.

ATKVGR.
Brtt. 402 felld með 18:2 atkv.
— 409 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 373 felld með 11:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjB, HelgJ, ÍslH, JPálm, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, JörB.
nei: EE, EmJ, GÞ, HG, HV, JakM, SEH, SK, TT, VJ, ÁÁ.
BÁ, EOl, GSv, ÞBr, BJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (EystJ, FJ, GG, JÍv, ÓTh, PHalld) fjarstaddir.
Brtt. 402,2 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv. og endursent Ed.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 418).
Á 34. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv. hefir tekið nokkrum breyt. í Nd. Allshn. þessarar d. hefir yfirfarið þessar breyt. og orðið ásátt um að fallast á þær, án þess að gera nokkrar viðaukatill. Þetta eru aðallega orðabreyt., en hinsvegar mjög litlar efnisbreyt. Það er aðeins ein gr., það er 29. gr., sem maður getur sagt, að sé nokkur efnisbreyt. gerð á. Í gr. voru ákvæði um það, að ríkisstj. gæti tekið sveitarfélag undir eftirlit vegna annara skulda en þeirra, sem ríkið bar ábyrgð á, en í frv. eins og það kom frá Nd. er þessu breytt á þann hátt, að ríkisstj. geti því aðeins gripið fram í um stjórn sveitarfélaga, að um ábyrgðir ríkissjóðs sé að ræða og vanskil á þeim. Þetta er sú eina efnisbreyt., sem Nd. gerði á frv.
N. mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 459).

---

45. Húsaleiga.

Á 8. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um húsaleigu (þmfrv., A. 51).

Á 10. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Frv. þetta er flutt af allshn. þessarar d. eftir tilmælum hæstv. félmrh. N. er yfirleitt þeirrar skoðunar, að mál eins og þetta eigi fullan rétt á sér, þótt einstakir nm. hafi ef til vill sérstöðu um einstök atriði. En það mun þá koma fram í brtt. ýmist frá einstökum nm. eða n. í heild.
Ég get að öðru leyti verið fáorður um þetta mál, þar sem hæstv. ráðh. er hér staddur og ég geri ráð fyrir, að hann geri því frekari skil.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og hv. 2. landsk. tók fram, er þetta frv. flutt af allshn. að minni tilhlutan.
Eins og fram kemur í grg., þá voru á sínum tíma sett ákvæði í 7. gr. l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi um það, að húsaleigu væri haldið niðri í kaupstöðum landsins.

Þessar ráðstafanir voru gerðar í samræmi við aðrar ráðstafanir, sem gera átti í sambandi við gengisbreytinguna, í því skyni að halda niðri dýrtíðinni. Eins og öllum er kunnugt, hefir síðan þetta var gert brotizt út stórveldastyrjöld og afleiðingar þeirrar styrjaldar hafa þegar komið í ljós hér á landi í mjög hækkandi verðlagi á lífsnauðsynjum. Ákvæði 7. gr. gengislaganna áttu hinsvegar aðeins að gilda til 14. maí næstkomandi.

Af þeim ástæðum, sem ég hefi nefnt, virtist mér einsýnt, að ekki mættu falla niður öll fyrirmæli út af húsaleigunni. Þess vegna var þetta frv., sem hér liggur fyrir, samið.

Frv. hefir verið athugað af húsaleigunefndinni í Reykjavík og því verið breytt í samræmi við þá reynslu, sem hún hefir fengið.

Frv. er að mestu leyti í samræmi við 7. gr. gengislaganna, að viðbættum nokkrum fyllri fyrirmælum um ýmis atriði, sem sett voru í frv., samkvæmt fenginni reynslu undanfarinna mánaða. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að rekja efni frv. Hinsvegar vil ég taka það fram, að ég teldi það óvit að hafa ekki til fyrirmæli í löggjöfinni, sem fyrirbyggðu, að hægt væri að okra á húsaleigunni. Það er auðsætt, að þeir tímar fara í hönd, sem lítið verður um byggingar. Má því gera ráð fyrir, að eftirspurn eftir húsnæði aukist, en jafnframt verður auðveldara fyrir húseigendur að setja upp leiguna í skjóli skorts á nægilegu húsnæði. Ég ætla því, að ekki orki tvímælis, að nauðsyn beri til að setja löggjöf um þetta. Hitt getur verið ágreiningsatriði, hvernig sú löggjöf eigi að vera, en af fenginni reynslu þykir mér sem það líti svo út, að hægt verði með slíkum fyrirmælum sem felast í frv. þessu að ná þeim tilgangi, sem til er ætlazt, — að halda niðri húsaleigunni í kaupstöðunum. Það má vel vera, ef stríðið stendur lengi, að þá þurfi frekari aðgerða við í húsnæðismálunum, en eins og stendur virðist mér að þetta frv. muni geta náð tilætluðum árangri.

Ég mundi að sjálfsögðu taka með fegins hendi við leiðbeiningum frá d. um þær breyt. á frv., sem til hins betra þættu horfa, því vel má vera, að benda megi á ýms atriði í frv., sem betur mættu fara. Myndi ég að sjálfsögðu taka slíkar till. til athugunar.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um frv. Þar sem það er flutt af allshn. og hún hefir lesið það rækilega yfir, virðist mér ekki ástæða til að vísa því til n. Ef hinsvegar brtt. kæmu fram, væri æskilegt, að allshn. fengi þær til athugunar. Vildi ég gjarnan eiga við hana samráð um brtt., sem fram kunna að koma.

Brynjólfur Bjarnason: Eins og hæstv. félmrh. tók fram, er þetta frv. raunverulega ekkert annað en framlenging á ákvæðum l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Eins og hv. dm. muna var fyrir nokkrum dögum rætt hér í d. frv. um sama efni, sem ég er flm. að. Þetta frv. gekk að ýmsu leyti alveg í sömu átt og það frv., sem hér er verið að ræða um. Mitt frv. gekk bara lengra. Það er að segja, í því eru teknar fleiri hliðar á húsnæðismálunum, sem aðkallandi er, að verði leystar, en ekki eru teknar með í frv., sem hér liggur fyrir. Þar eru til dæmis ákvæði, sem tryggja það, að leigjendur geti haldið húsnæði sínu og húseigendur geti haldið húseignum sínum, hvað sem á dynur.

Ef það á að skiljast svo, að mitt frv. sé með flutningi þessa máls úr sögunni, þá tel ég það illa farið. Ég mun þá hinsvegar reyna að flytja brtt. við þetta frv. Ég vildi eimitt af þessum ástæðum leggja það til, að málinu yrði vísað til allshn. aftur, ef hún vildi taka þessi mál til nánari yfirvegunar.

Bernharð Stefánsson: Það verða nú víst margir sammála um það, að nauðsynlegt sé að setja húsaleigulög til að tryggja það, að ekki verði okrað á húsaleigunni, á meðan á styrjöldinni stendur, En þótt menn séu sammála um þetta og það sé góðra gjalda vert, að þetta frv. er fram komið, þá er það jafnvíst, að það er mikill vandi að setja slík l., þannig að ekki sé hallað á réttindi manna og hag.

Ég hefi ekki lesið þetta frv. svo vandlega, að ég sjái mér fært að leggja dóm á hvert einstakt atriði þess, en samt sem áður vildi ég mega beina til n., sem flutti málið, fáeinum aths., því ég teldi heppilegustu vinnubrögðin vera þau, að brtt. komi frá n., en ekki frá einstökum þm.

Það, sem mér finnst í fyrsta lagi athugavert við frv., er hið skilyrðislausa bann við því, að húsaleiga megi hækka frá því, sem er, þegar l. öðlast gildi. Er þetta sérstaklega með tilliti til þess, að viðhald húsanna hvílir á húseigendum, en þetta viðhald er dýrt og fer síhækkandi. Mér fyndist því rétt, að í frv. væri sett ákvæði um það, að húsaleigan mætti hækka í hlutfalli við það, sem viðhaldskostnaður hækkaði.

Ég veit að vísu, að ákvæði eru um það í frv., að leita megi úrskurðar húsaleigunefndar um húsaleigu. En eftir frv. að dæma virðist þetta aðeins eiga að vera í einstökum tilfellum. Aðalreglan virðist eiga að vera sú, að húsaleiga megi ekki hækka. Ef þetta væri haft svona, hlytu þeir húseigendur, sem þurfa að láta gera við hús sín, að verða fyrir tjóni, en það eru raunar öll hús, sem þurfa árlegt viðhald.

Í öðru lagi sakna ég ákvæða um það í frv., hvernig að skuli fara, ef ákveðin hlunnindi hafa fylgt húsnæði, t. d. upphitun. Ég veit dæmi þess, að húseigendur, sem hafa leigt hús sín með þeim skilyrðum, að upphitun fylgdi, hafa lítið svo á, að þessu mætti ekki breyta fyrr en 14. maí, samkvæmt gengislögunum. Þessir menn hafa því leigt íbúðir í húsum sínum með upphitun fyrir sama verð og var áður en gengislögin gengu í gildi, þrátt fyrir hina miklu verðhækkun, sem orðið hefir á kolum. Ég tel, að nauðsynlegt sé að hafa ákvæði um þetta í l.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli n. á ákvæðum 2. gr. frv., þar sem heimilað er að segja leigjanda upp húsnæði, ef húseigandi þarf á húsnæðinu að halda til eigin afnota. Mér finnst, að um þetta þyrfti að setja einhverjar nánari reglur en gert er í frv.

Inn í l. þurfa að koma ákvæði um það, að leigjandi mætti skjóta því til úrskurðar húsaleigunefndar, hvort um virkilega þörf húseig-

anda væri að ræða til þess að segja leigjanda upp húsnæði. Mér þótti nú hlýða að beina þessum atriðum til hv. allshn., og vona ég, að hún hafi tekið eftir því og taki þetta til athugunar. ef hún er mér sammála um þessi atriði. Það myndi spara mér að bera fram brtt. við þetta frv., því að það geri ég að sjálfsögðu að öðrum kosti. Mér þætti vænt um að fá svar frá allshn. sem fyrst.

Páll Zóphóníasson: Í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Eyf. (BSt) vil ég taka það fram, að ég hefi athugað nokkra tugi húsa hér í Reykjavík og hve viðhald þeirra er mikill hluti af kostnaðinum. Mér hefir reiknazt, að sá kostnaður sé $^1/_5$—$^1/_6$ hluti af heildarkostnaðinum, sé reiknað með venjulegum vöxtum af húsverðinu. Auðvitað hækkar þessi liður mikið, og það verður að taka tillit til þeirrar hækkunar, og ég vil vænta þess, að hv. allshn. athugi það, að vegna þessa þarf húsaleiga að hækka, þegar hún fer að athuga frv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það hefir nú verið rætt um nokkur atriði þessa frv., sem mér virðist rétt, að gætu komið til athugunar og viðræðna í hv. allshn., eða þá að bornar yrðu fram brtt. um þau atriði, enda þótt ég telji sum þeirra þess eðlis, að þeirra vegna þurfi varla að bera fram brtt. við frv. eins og það liggur fyrir, en vel mætti þó athuga, hvort ekki væri ástæða til, að það væri skýrar tekið fram.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) nefndi 3 atriði, sem hann vildi benda hv. allshn. á í sambandi við þetta frv. Í fyrsta lagi skýlaust bann við hækkun á allri húsaleigu, en mér virðist, að eftir 1. gr. þessa frv. geti komið til álita að hækka leigu á húsnæði einmitt vegna þeirra ástæðna, sem hv. 1. þm. Eyf. drap á, en vel má vera, að réttara væri, að það kæmi skýrt fram í frv. Ég sé ekkert athugavert við það, þó að húsaleigunefnd yrðu gefnar frjálsar hendur um breyt. á leigumála til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á vissum liðum, sem mikið veltur á. Ég tel það án efa eitt af hlutverkum húsaleigunefndar, þó að það sé ekki tekið fram berum orðum í frv., að ef húsnæði er leigt með vissum hlunnindum, eins og hv. 1. þm. Eyf. gat um, t. d. hita eða ljósi, þá er það hlutverk húsaleigunefndar að aðgreina það, ef það er ekki aðgreint sérstaklega í leigumálanum. Það er að sjálfsögðu engin sanngirni í því, að húseigandi geti ekki tekið hærri húsaleigu fyrir húsnæði sem leigt er með hita, en upphaflega var ákveðið, enda þótt kolaverðið sé orðið miklu hærra. Það er ekkert réttlæti í því að ganga þannig á rétt einstakra manna og ekki ætlazt til þess með frv. En þetta er líka atriði, sem getur verið spurning um, hvort ekki ætti að taka skýrar fram í frv. en gert er. Að mínu viti er húsaleigunefnd skyld til að úrskurða um þau vafaatriði, sem upp kunna að rísa, eins og t. d. þetta, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á.

Ég álít líka rétt, eins og hann drap á, að ef leigusali segir upp húsnæði af þeim ástæðum, að húseigandinn sjálfur þurfi að nota íbúðina, geti stundum verið ástæða til að ætla, að það sé yfirskinsástæða, og hafi leigutakandi fengið grun um, að það sé svo, þá sé honum heimilt að snúa sér til húsaleigunefndar og láta hana rannsaka þessar ástæður, og sé að hennar dómi eingöngu um yfirskin að ræða af hálfu leigusala, getur húsaleigunefnd ógilt uppsögnina. Ég álít, að þetta sé hægt samkv. þessu frv. eins og það liggur fyrir, en hefði ekkert á móti því, að það væri tekið fram með skýrum ákvæðum í frv.

Hv. 1. þm. N.-M. (PZ) gat um það við þessa umr. frv., hve viðhaldið væri mikill hluti af kostnaðarverði húsa. Ég skal ekkert dæma um, hvort hann hefir tekið svo mörg hús til athugunar, að á því megi byggja, en mér þykir alls ekki ósennilegt, að það muni láta nærri sú upphæð, sem hann tilgreindi. Það er líka athugunarvert út af afgreiðslu málsins hér í hv. Ed. og á Alþ. yfirleitt fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir, hve viðhaldið er mikill hluti af kostnaðarverði húsanna. En að sjálfsögðu hækkar viðhaldskostnaðurinn ekki jafnmikið og margt annað. Sumt af byggingarefni, a. m. k. hið innlenda, hefir líklega ekki hækkað í verði mjög mikið, og verðhækkun á aðfluttu byggingarefni er mjög misjöfn eftir því, hvaða tegundir er um að ræða. Það er því töluvert flókið reikningsdæmi að áætla, hve mikið kostnaðurinn við viðhald húsanna muni hækka frá því, sem var fyrir stríð.

En mér finnst rétt að benda á öll þessi atriði, sem hafa komið fram í umr. um frv. Af minni hálfu tel ég það fyllilega athugunarvert, hvort rétt sé að láta þetta koma að einhverju leyti skýrar fram í frv. en þegar er orðið. Það var alls ekki meiningin með þessu frv. að koma í veg fyrir það, að húseigendur gætu hækkað leigu fyrir þau hlunnindi, sem fólgin eru í upphitun, þegar kostnaðurinn við upphitun hefir hækkað stórkostlega, né að húseigendur eða leigusalar gætu notað það sem yfirvarp, að þeir þyrftu að nota húsnæðið handa vandamönnum sínum til að losna við leigjendur. Það átti að girða fyrir þetta hvorttveggja með þessu frv., en þó má vel vera, að réttara væri, eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á, að um þetta væru skýr fyrirmæli í l.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 51, 95, 96).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 95. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. félmrh. allýtarlega grein fyrir efni þessa frv. Við allshnm. létum þá skína í, að við mundum bera fram brtt. síðar, og liggja þær nú fyrir á þskj. 96. Ég tel óþarft að fara inn á efni sérstakra gr. í frv., þær eru svo ljósar. Ég mun því aðal-

lega snúa máli mínu að þeim brtt., sem n. hefir orðið sammála um að flytja.

Það er þá fyrst við 1. gr. Við 1. umr. komu fram aths. frá hv. þm., sem flestar voru þess eðlis, að n. fanst rétt að taka þær í aðalatriðunum til greina. Ég minnist þess, að frá hv. 1. þm. Eyf. kom fram ábending, sem var réttlát og n. tók tillit til. Sú breyt., sem er gerð við 1. gr., er aðallega á þá leið, að setja inn í frv. 3 atriði, sem megi valda því, að húsaleiga hækki. Það er sökum viðhaldskostnaðar, eldsneytiskostnaðar, sem er innifalinn í húsaleigu, og í þriðja lagi vegna skattahækkana, sem kunna að verða á fasteignum. Þó að það sé ekki ennþá fyrir hendi, þá getur maður vel búizt við, að slíkt geti komið fyrir á þeim tíma, sem l. eiga að gilda.

Um fyrsta atriðið skal ég segja það, að allt, sem þarf til viðhalds húsa, hefir hækkað verulega, eins og yfirleitt allt, sem þarf að flytja til landsins. Mun sú hækkun nema um 30—100% samkvæmt upplýsingum frá stjórn fasteignaeigendafélagsins, sem kom á fund n. til viðtals um þetta mál. N. lítur svo á, að tvímælalaust sé réttlátt að gefa húseigendum heimild til þess að hækka leiguna með tilliti til þessa.

Ennfremur er n. sammála um, að þar sem hiti er með í leigunni, þar sé réttlátt að leigan hækki eftir því, sem eldsneyti hækkar í verði.

Í frv. er gert ráð fyrir, að húsaleigu megi ekki hækka nema við leigjendaskipti. Þessu vill n. breyta á þann hátt, að húsaleigu megi breyta á þeim venjulegu flutningsdögum, sem eru 14. maí og 1. okt.

Þá er gerð brtt. við 3. gr. Leggur n. þar til, að gerð verði sú breyt. á skipun n., að Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur skipi einn mann, hæstiréttur formann og Alþýðusamband Íslands einn mann. Hefði verið til fjölmennt samband leigjenda, þá hefði ekki verið ólíklegt, að slíkur félagsskapur hefði tilnefnt þriðja manninn, en sé félagsskapur er ekki til. Hinsvegar er Alþýðusamband Íslands samnefnari, ef svo mætti að orði komast, fyrir verkalýðsfélögin í bænum, og þar er stór hópur leigjenda, þó að þar séu að vísu margir húseigendur líka. N. var því sammála um, að ekki væri hægt að finna neinn aðila, sem betur gæti komið fram sem fulltrúi leigjenda.

Stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur lagði mikla áherzlu á að mega ráða einum manni í n., og fannst n. það eðlilegt, þar sem þeir upplýstu, að innan þess félagsskapar eru fyllilega 700 menn, sem eru húseigendur í bænum, og nokkur straumur af húseigendum inn í þennan félagsskap.

Þetta eru þær meginbreyt., sem n. leggur til að gerðar verði. Að öðru leyti hefir hún ekki talið rétt að koma með brtt. að svo stöddu.

2. gr. frv. felur í sér mikilsvert atriði og er um það, að ekki megi segja upp leigu, nema þær ástæður séu fyrir hendi, sem þar er gert ráð fyrir, en það eru vanskil, brot á samningum o. s. frv. Ég geng þess ekki dulinn, að húseigendur mundu fyrst og fremst hafa óskað eftir, að engar hömlur hefðu verið lagðar á að mega segja upp húsnæði. En n. lítur svo á, að það ástand geti skapazt hér í Reykjavík, sem er stærsti bær landsins, að mjög væri varhugavert, ef svo lauslega væri um hnútana búið, að húseigendur gætu sagt upp eins og á venjulegum tímum. Það gæti orðið til þess, að stj. sæi sig tilneydda að setja bráðabirgðalög til að firra þeim vandræðum, sem annars mundu af hljótast.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. Ég fer ekki út í aðrar gr. frv. Þær eru að mestu leyti umbúnaður um aðalefni frv., að öðru leyti en því, að í öðrum bæjum og kauptúnum eiga fasteignamatsnefndir að gegna því starfi, sem hin kjörna n. í Reykjavík á að gegna. Ég býst við, að ekki sé vert að kjósa sérstaka n. í einstökum bæjum til þess að hafa þessi mál með höndum, enda mun reynslan hafa verið og verða sú, að húsnæðisvandræði eru alltaf minni í hinum fámennari bæjum.

Ég vil svo vænta þess, að d. geti fallizt á brtt. þær, sem n. hefir leyft sér að bera fram.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil biðja hv. n. að athuga, hvort ekki sé ástæða til að fella úr 1. gr. frv., eins og hún er nú, nokkur orð.

Í brtt. allshn. er gert ráð fyrir því, að hækka megi húsaleigu sökum aukins viðhaldskostnaðar, eldsneytis o. s. frv. En hér ber þess að gæta, að þótt húsnæði á einum stað geti verið sambærilegt við annað að kostum, getur það verið allt að fimm sinnum dýrara leigt, vegna þess að í öðru tilfellinu kann húsaleigusamningur að hafa verið gerður fyrir löngu, en ekki í hinu. Gæti því húsaleigun. verið í miklum vanda stödd þegar svo stendur á. Húseigandi getur þá kannske bent á það, að á öðrum stað sé samskonar húsnæði leigt miklu dýrar, og rökstutt með því, að hann verði að hækka leiguna, og myndi þá n. oft neyðast til að samþ. hækkunina. Þess vegna er ég í miklum vafa um, hvort rétt sé að láta þetta ákvæði standa, því að hér við bætist það, að þessar dýrustu íbúðir eru venjulega í gömlum húsum og köldum, með ofni og útisalerni og svo framvegis. Þegar þannig er hægt að vitna í háa leigu á gömlum húsum, stendur n. enn verr að vígi í þessu efni, þegar um nýrri hús er að ræða.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv. Ég flutti reyndar fyrir nokkru annað frv. um húsnæði, og þetta frv., sem nú er komið frá hv. allshn., fjallar um annan aðalþáttinn í því frv., sem sé það, að koma í veg fyrir hækkun á húsaleigu. Hinn aðalþátturinn í mínu frv. fór í þá átt, að koma í veg fyrir, að hægt sé að varpa mönnum út á götuna, þó að þeir geti ekki um stundarsakir greitt húsaleigu vegna atvinnuleysis, og eins að koma í veg fyrir, að húseigendur þurfi af þeim ástæðum að missa húseignir sínar. Svo eru ákvæðin í mínu frv. um stóríbúðaskatt til að standa straum af kostnaði við þessar ráðstafanir, og þarf ég ekki að bæta neinu við það, sem ég sagði, þegar frv. var hér til umr., því að ég tel þetta mál nægilega rökstutt.

Í frv. því, sem hér er til umr., eru að vísu

ýms atriði, sem ástæða væri til að breyta, en ég hefi aðeins lagt fram eina brtt. um atriði, sem ég tel þýðingarmeira en önnur. Hv. 1. þm. Eyf. benti á það við 1. umr., að í frv. þyrftu að vera skýrari ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að húseigendur segðu leigjendum upp húsnæði undir því yfirskini, að þeir þyrftu að nota það handa sér eða sínu skylduliði. Ég er honum sammála um þetta, og ég flutti ekki brtt. í þessa átt, því að ég bjóst við, að hann myndi gera þetta, og býst við því enn.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um brtt. hv. allshn. 2. brtt. n. er um það, að skipa skuli sérstaka húsaleigun. í Reykjavík, og skulu í henni vera þrír menn, einn skipaður af hæstarétti, annar af Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur og hinn þriðji af Alþýðusambandi Íslands. Þessi n. myndi nú vera þannig skipuð, að leigjendur í Reykjavík ættu þar engan fulltrúa. Alþýðusambandið er auðvitað ekki nein samtök leigjenda, heldur pólitískur flokkur. Það er ekki einu sinni verklýðssamtök, eins og hv. frsm. vildi vera láta, er hann sagði, að það væri samnefnari verklýðsfélaganna. Þetta er ekki rétt. Fyrst og fremst er fjöldi verklýðsfélaga alls ekki í sambandinu, og það fjölmenn félög eins og Dagsbrún, og auk þess er stj. þessa sambands í raun og veru stj. pólitísks flokks, sem kosin er af þeim mönnum einum, er fylgja þessum pólitíska flokki. Og ég þykist vita, að í stj. þessa sambands séu fleiri húseigendur en leigjendur, og væri fróðlegt að athuga, hvort svo væri ekki.

Annars getur verið nokkur vandi að finna leið til þess, að leigjendur geti átt fulltrúa í þessari húsaleigun., þar sem þeir hafa engan félagsskap með sér hér í bæ. Hinsvegar tel ég rétt, að í l. sé sett það ákvæði, að ef leigjendafélag sé til, þá skuli það skipa einn þessara manna í n. Ef svo væri, myndi sjálfsagt ekki líða á löngu þar til leigjendafélag yrði stofnað.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Út af brtt. hv. allshn. get ég lýst yfir því fyrir mitt leyti, að ég get fallizt á hana, og er það í samræmi við það, sem ég lýsti yfir við 1. umr. í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Eyf., en hann talaði þar um ýms atriði í brtt. hv. allshn. Um fyrri brtt. hv. n. þarf ég ekki að tala, þar sem ég ræddi um það atriði við 1. umr.

Það er ekki tilgangurinn með frv. að íþyngja húseigendum, heldur að tryggja það, að þeir geti ekki notað sér neyð almennings og húsnæðisvandræði þau, sem viðbúið er, að verði, til þess að hækka leigu að ástæðulausu. Þetta er tilgangur frv. Um þetta er skýrar að orði komizt í brtt. hv. n., og hefi ég ekkert út á hana að setja.

Hv. 1. þm. N.-M. taldi það varhugavert að heimila hækkun á húsaleigu, sem hefði verið óeðlilega lág, þegar l. öðluðust gildi. Þetta getur verið, en eins og einhver hv. þm. kallaði fram í, hefir 5. gr. að geyma ákvæði, sem afstýrir því, að þetta verði misnotað.

Um 2. brtt. get ég líka verið hv. frsm. sammála. Úr því að húseigendur hér í bæ hafa myndað með sér fjölmennan félagsskap, er ekki óeðlilegt, að þeir skipi einn mann í n. Þegar húsaleigun. sú, sem nú situr, var skipuð af ríkisstj., gætti hún þess, að annar hinna tveggja stjórnskipuðu nm. væri leiguseljandi, en hinn leigutaki. Hinsvegar mun það hafa verið meining hæstaréttar, að oddamaðurinn, sem hann skipar, væri húseigandi, sem ekki væri leigusali, og svo mun vera nú. Þannig tel ég n. bezt skipaða, að oddamaður sé slíkur húseigandi, og svo hinsvegar hvor maðurinn frá sínum aðilanum, húseigendum og leigutökum. Þó yrði að breyta til frá því sem nú er, þannig að félag húseigenda skipaði annan manninn úr sínum hópi, en Alþýðusambandið hinn úr hópi leigutaka. Það er aðeins sá galli á þessu, að ég held, að svo vel hafi tekizt til um skipun núverandi n., að óvíst er, að hægt sé að breyta þar um til batnaðar. Þessi n.skipun hefir heppnazt vel í framkvæmdinni, og mælir það á móti breyt., en eðli málsins mælir með því, að þessi n. sé þannig skipuð sem hv. allshn. leggur til, og hefi ég ekkert við það að athuga.

Þau orð, sem hér hafa fallið um það, að Alþýðusambandið gæti ekki hagsmuna leigutaka, tel ég ekki svaraverð. Það myndi útnefna leigutaka í n., og held ég, að hagsmunum þeirra væri vel borgið með því. Fjölyrði ég svo ekki frekar um þetta mál, en get þess aðeins, að brtt. hv. allshn. eru þannig, að ég hefi ekkert út á þær að setja og tel þær jafnvel betri en ákvæði frv. sjálfs.

Bernharð Stefánsson: Hv. allshn. hefir í fyrri brtt. sinni komizt að sömu niðurstöðu og ég benti á við 1. umr., hvort sem mínar bendingar hafa valdið þessu eða ekki. Þó er eitt atriði, er ég minntist á við 1. umr., sem hv. n. hefir ekki tekið til greina. Það var í sambandi við ákvæði 2. gr. frv., viðvíkjandi því, ef húseigandi segði upp húsnæði undir því yfirskini, að hann ætlaði að nota það handa sjálfum sér eða vandamönnum sínum, en svo væri ekki, heldur vildi hann losna við leigjandann. Í 4. gr. frv. eru að vísu ákvæði um það, að ágreiningur, sem rísa kann út af uppsögn húsnæðis, megi koma til úrskurðar húsnæðisn., en mér finnst þetta samt tæplega nógu tryggilega um búið. Það gæti komið fyrir, að ekki væru fyrir hendi full gögn um það, hvaða þörf leigusali hafi haft á því að taka húsnæði af leigjanda, og væri oft ekki hægt að ganga úr skugga um það fyrr en á flutningadegi. Leigjandi hefir t. d. ekki í fyrstu tortryggt þetta og svo útvegað sér annað húsnæði. Mér finnst, að betur verði að vera um þetta búið, án þess að ég sé undir það búinn að segja nákvæmlega til um, hvernig þessu ætti að haga.

Ég gerði ráð fyrir því, meðfram vegna samtals míns við nm., að allar þær aths., sem ég gerði við 1. umr., yrðu teknar til athugunar í n. Nú langar mig til að vita, þar sem hv. frsm. gat þess ekki, hvort hv. n. ætlar að taka þetta sérstaka atriði til athugunar eða hefir þegar gert það.

***Magnús Jónsson:** Þetta er ekki alveg ókunnur gestur, sem hér er á ferð. Hér í Reykjavík voru

um áratug húsaleigul., og þessi l. eru nokkuð svipuð þeim. Ég verð að segja, að mig langar ekki mikið í þennan gest aftur, hann var ekki svo vinsæll eða gagnlegur. Þá var, eins og alltaf undir haftafargani, sagt, að ef l. væru afnumin, myndi komast óskaplegt rót á þjóðfélagið, menn myndu standa eftir á götunni húsnæðislausir í stórhópum, — og svo, þegar l. voru afnumin, gerðist bókstaflega ekkert. Ég veit að vísu, að það er að sumu leyti góður tilgangur með þessum l., en samt tel ég ekki, að setja ætti þessi þvingunarl. fremur en önnur, fyrr en eitthvað það er komið í ljós, sem nauðsynlegt er að koma í veg fyrir. Og mér sýnist sem þessi l. séu jafnvel talsvert viðtækari en gömlu l. Þessi l. eiga við hverskonar húsnæði, en gömlu l. *voru þó aldrei nema um íbúðir, þau náðu ekki* til húsnæðis fyrir skrifstofur og verzlun. Þar var aðeins ákveðið, að ekki mætti breyta íbúðarhúsnæði og gera það að öðru, sem var undanþegið l. Nú sýnist mér sem þetta eigi að ná til hvers kyns húsnæðis. Og þar sem gömlu l. unnu á móti sjálfum sér með því að hindra menn í því að reisa hús til íbúðar, með þeim höftum, sem voru á slíkum húsum, skilst mér, að þessi l. eigi alveg að koma í veg fyrir það, að nokkur hús verði reist, því að enginn er svo heimskur að leggja fé í það eina í þjóðfélaginu, sem ekki má taka þátt í þeim verðbreytingum, sem gerast. Og þó að nú sé ekki útlit þannig, að líklegt sé, að mikið verði reist af húsum, hvort sem er, þá koma þeir tímar, og ef til vill nokkuð fljótt, að húsagerð hlýtur að aukast, en þá er með l. séð fyrir því, að ekki verði bætt úr þeirri þörf, sem er á stöðugt auknu húsnæði. Það er talið, að 200 íbúðir þurfi að koma til árlega hér í bæ til þess að fullnægja eðlilegri aukningu húsnæðisþarfarinnar, og ég veit ekki, hvar á að hola þessu fólki niður, eftir að búið er að sjá svo vel fyrir því með l., að þessari þörf verði ekki fullnægt.

Með frv. er sá lofsverði tilgangur, að sjá um það, að húsaleiga hækki ekki. En hví á húsaleiga ekki að hækka eins og allt annað, ef verðgildi peninganna lækkar, ef menn fá almennt hærri laun fyrir vinnu sína o. s. frv.? Hví ætti húsnæðið eitt að vera undantekið? Ég sé ekki, að það geti talizt eðlileg ráðstöfun að þvinga húsaleiguna niður. Og þm. verða líka að gera sér ljóst, að um leið og þeir eru að verja menn fyrir of hárri húsaleigu, eru þeir líka að verja þá fyrir því að geta nokkursstaðar fengið inni, því að þessi l. greiða alls ekki fyrir því.

Þetta voru aðeins almenn viðvörunarorð gagnvart l. þeim, sem hér eru á siglingu, en annars fer ég ekki fleiri almennum orðum um þetta.

Hv. allshn. hefir séð nokkra galla á 1. gr. frv. og gert nokkrar undantekningar við hana. Það er eins og hæstv. félmrh. hafi ekki dottið í hug, að nauðsynlegt geti verið að hækka leigu vegna verðhækkunar á eldsneyti, aukins viðhaldskostnaðar, vaxta- og skattahækkunar o. s. frv. *Ég tek hér dæmi, sem ég hefi áður nefnt* í viðræðum við menn. Hugsum okkur menn, sem lifa beinlínis af því að leigja hús. Slíkt eru oft rosknir menn, sem lagt hafa fé sitt í húseignir í staðinn fyrir að koma því fyrir í banka, og það af mjög skynsamlegum ástæðum. Þeir vilja eiga eignir, sem ekki fylgjast með falli peninganna, en halda sér í samræmi við þær verðbreytingar, sem í landinu eiga sér stað. Þeir ætla að koma í veg fyrir það, að þeir standi uppi í ellinni með fallna og verðlitla peninga. Hvað eiga þessir menn nú að gera? Þetta eru einu mennirnir á landinu, sem ekki fá neinskonar dýrtíðaruppbót, og svo á að koma í veg fyrir, að leigan verði hækkuð. Mér finnst þetta ekki ná nokkurri átt. Ég veit ekki, hvað þessir menn hafa gert fyrir sér, ef þjóðfélagið á að refsa þeim fyrir það að hafa lagt eignir sínar í hús. Það má vel vera, að ekki sé nægilega tryggður réttur leigutaka, en séu þessi lög á *annað borð sett, kemur* það greinilega í ljós, hvað þau að sumu leyti koma ósanngjarnlega niður. Í 2. gr. er samhljóða ákvæði og í gömlu l., að ekki má segja mönnum upp nema vegna vanskila á leigunni eða ef leigutaki gerist samningsrofi. Mér finnst alveg óafsakanlegt, ef þetta ákvæði yrði haft í l.; samkvæmt því gæti maður, sem leigði íbúð, alls ekki losnað við leigjendur sína. Leigutaka væri nóg að borga sína leigu, standa við alla samninga, og þá væri honum heimilt að dvelja svo lengi í húsnæðinu sem honum þóknaðist. Leigusali gæti aldrei sagt honum að fara úr íbúðinni vegna framkomu hans. Maður, sem leigir húsnæði og vill hafa frið á sínu heimili, verður sjálfur að flytja úr húsinu. Ég veit ekki, hvort það væri talið til samningsrofa, ef menn væru með hávaða allar nætur, sem truflaði svefnfrið annara íbúa hússins. Ég býst við, að fólk kærði sig lítið um slíka leigjendur, en samkv. þessu frv. væru húseigendur bundnir í báða skó og mættu ekki segja upp húsnæðinu eingöngu af þessum sökum.

Ég held, að mikið mætti bæta úr þessu með því að gefa húsaleigun. úrskurðarvald í þessum efnum. Húseigendur gætu komið til hennar með umkvartanir sínar, og það yrði svo á hennar valdi, *hvort hún tæki þær til greina eða ekki*. En það er hart fyrir menn, ef þeir í fyrsta lagi mega ekki taka aukna húsaleigu, sem fylgir þá ekki lengur auknu verðlagi í landinu, og í öðru lagi eru þeir svo neyddir til að hafa áfram leigjendur, ef húsaleigan aðeins er greidd, hversu illa sem þeir að öðru leyti haga sér.

Ég sé, að hv. allshn. hefir einnig komið með brtt. um það, hvernig þessi n. skuli skipuð. Ég verð að játa, að ég legg ekki mikið upp úr því, þó að einn af fulltrúunum, sem eiga sæti í þessari n., sé frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur. Þó að hann eigi að gæta hagsmuna þeirra aðila, sem hann er fulltrúi fyrir, er þessu skorinn svo þröngur stakkur í l., að hann getur ekki komið fram réttmætum kröfum sínum. Þá skil ég ekki, hvers vegna er réttlátt að þetta nái aðeins til Reykjavíkur. Það segir einhverstaðar í grg., að húsaleiga muni vafalaust hækka, ef ekki verða gerðar einhverjar ráðstafanir til að hindra það. Hvers vegna má þá ekki framkvæma það eins utan Reykjavíkur? Svo er víst til ætlazt, að fasteignamatsnefndir framkvæmi húsaleigulögin utan Rvíkur, en hægt er að fara

nærri um, hvernig sú framkvæmd muni verða. Það væri miklu nær að setja húsaleigunefndir í öllum stærri kaupstöðum, sem sæju um framkvæmd l. En hér er ekki um að ræða neitt einsdæmi. Það er ekki óvanalegt, að l., sem sett eru fyrir allt landið, séu aðeins framkvæmd í Rvík einni. En auðvitað mega aðrir staðir hrósa happi, ef þeir geta losað sig við húsaleigunefndir, þar sem má ganga út frá, að þær verði bara til ills. Enda er auðséð, að l. eru sett eingöngu til þess að láta menn brjóta þau, og þarf ekki annað en samkomulag milli aðila til þess. Maður, sem væri í vandræðum með að fá húsnæði, myndi gjarnan borga hærri leigu, og á þó ekki á hættu að vera kærður. Vitanlega er mjög auðvelt fyrir einstaklinga að koma sér saman um að brjóta þessi l. án þess að þurfa að gjalda fyrir það. Menn geta farið í kringum þau, ef menn vilja. En sem sagt, aðalatriðið eru þó sjálf l., því hversu mikla löngun sem menn hafa til að brjóta þau, verða þeir þó að fara eftir þeim vegna yfirvofandi ákæru um lögbrot. Eins og ég hefi sagt hér áður, verða þau til að draga úr vilja manna til að byggja sér hús, sérstaklega í Reykjavík.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég býst við, að búið sé að tryggja þessu frv. greiðan framgang nú, en þar sem það mun verða athugað á næstu árum, vildi ég láta þessi orð fylgja þessum l. úr garði.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. 1. þm. Eyf. kom með fyrirspurn til allshn., hvort hún hefði tekið til athugunar aths. hans um yfirskinsástæðu á uppsögn húsnæðis. En ég hefi því að svara, að n. hefir tekið þetta mjög til athugunar og komizt að þeirri niðurstöðu, að í niðurlagi 4. gr. sé svo vel gengið frá þessu sem kostur er á og því ekki ástæða til að setja breyt. inn í gr. með hliðsjón af aths. Við töldum, að ekki væri hægt að hafa þetta öllu betra heldur en að láta n. á hverjum tíma skera úr um þessi mál. Það myndi aðeins orka tvímælis, ef breytt yrði orðalagi gr. frá því sem nú er. Hinsvegar held ég, að n. sé vel ljóst, að takmarka þurfi vald húseigenda til að segja upp húsnæði, en þetta er mjög viðkvæmur punktur í löggjöfinni.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á ýmsar ástæður, sem gætu oft verið tilefni fyrir húseiganda til að segja upp leigunni, þó að ekki væri vangreiðslu til að dreifa. En hér er gert ráð fyrir, að lagt sé undir mat n., hvort þessar ástæður séu svo veigamiklar, að tilefni sé til uppsagnar. (**MJ:** Er það í l.?) Það er skýrt tekið fram í niðurlagi 4. gr. Viðvíkjandi ákvæði 2. gr. um að slita leiguskilmálum álít ég, að ekki sé bót að því að koma með tæmandi upptalningu í því efni. Ég þekki dæmi þess, að eftir l. frá 1917 voru búnar til tylliástæður til þess að losna við leigjendur, og ekki alltaf heiðarlegar þær aðferðir, sem notaðar voru til þess. Hinsvegar er ég sammála hv. 1. þm. Reykv., að leigjendur gæti ekki alltaf sóma síns, og komi ekki vel fram gagnvart öðrum leigjendum og húseiganda, og í því liggur vandinn. Þess vegna er nauðsynlegt, að einhverjir aðilar séu til að dæma um, hvort réttlátt sé að losna við leigjendurna eða ekki. En það er erfitt að setja um þetta fastar skorður í löggjöf. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni, geng ég þess ekki dulinn, að húseigendur æskja engra takmarkana í þessu efni, en ég býst við, að Alþ. líti svo á, að allshn. hafi fulla ástæðu til að vilja lögfesta það, enda er frjálsræði á þessu sviði stórhættulegt.

Ég skal svo svara hv. 1. þm. Reykv. með örfáum orðum. Hann talaði mikið um, að með þessum l. yrði bannað að hækka húsaleigu. Þetta er ekki rétt, því að með brtt. n. er fyllilega tekið tillit til þeirra auknu skatta, sem kunna að verða lagðir á fasteignir. En með því að hækka leiguna er verið að gefa mönnum möguleika til þess að braska með húseignir. Allar þær takmarkanir, sem settar eru í sambandi við styrjöldina, eru til að koma í veg fyrir það, að menn geti fengið stríðsgróða af eignum sínum og iðju. Hvað er gert um alla verzlun? Þar er sett verðlagsn., sem ákveður hámarksverðið, og það er alls ekki óeðlilegt, þó að hér séu líka sett einhver takmörk. Hann minntist á í þessu sambandi, að mikil eftirspurn myndi verða eftir húsnæði, og er ég honum alveg sammála um það. Árlega fjölgar hér í bænum um 200 íbúa, og til þess að fullnægja þessari eðlilegu fjölgun verður að byggja á hverju ári sem því svarar. En það eru ekki miklar líkur til, að hægt verði að byggja, meðan núverandi ástand helzt um örðugleika á innflutningi byggingarefnis. Með því verðlagi, sem nú er, myndu ný hús kosta ærna peninga og erfitt yrði að standast kostnaðinn af þeim. N. leitaði upplýsinga hjá byggingarnefnd bæjarins, hvort ekki lægju fyrir beiðnir um leyfi til að byggja, og fékk það svar, að nú sem stæði væri sáralítið um slíkar beiðnir og af skiljanlegum ástæðum. Einmitt þessi væntanlegi húsnæðisskortur hlýtur að leiða af sér möguleika til að okra á húsnæðinu, ef allt væri frjálst. Þetta frv. er einn liðurinn í þeim ráðstöfunum, sem Alþ. og ríkisstj. hafa gert síðastl. ár til þess að reyna að halda niðri verðlagi í landinu, og arftaki þeirra ráðstafana, sem gerðar voru með gengisskráningarl. í fyrra. Tvímælalaust voru þau l. talin nauðsynleg. Ég hefði gaman af að heyra þau rök, að ekki væri nú ástæða til ráðstafana, sem gerðar voru á sínum tíma með gengisl.

Hér í bænum eru ekki margir menn, sem lifa á húseignum sínum. Yfirleitt er ekki algengt, að fólk leggi peninga sína í hús, en ekki á banka, í því skyni að fá meiri vexti af því. Þessir menn hafa tekið á sig áhættuna og því sanngjarnt, að þeir fái dálítið hærri vexti af fé sínu. Til þessa er líka tekið tillit í frv., þar sem tryggð er greiðsla leigunnar og látið varða brottrekstri úr íbúðinni. Leigjendur munu líka greiða húsaleiguna frekar fyrir húsnæðisskortinn, sem sýnilegur er framundan. Af þessu sést, að rentufóturinn er betur tryggður en áður, og einnig séð fyrir hagsmunum húseiganda í frv.

Hv. þm. minntist á, að þessi l. næðu aðeins til Reykjavíkur. Þetta er ekki rétt. Lögin ná til allra kaupstaða og sveita, þar sem húsnæði er selt á leigu. Frv. gerir ráð fyrir því, að utan

Reykjavíkur starfi ekki sérstakar húsaleigun., heldur sjái fasteignamatsn. um framkvæmd l. Mér finnst þetta atriði ekki skipta neinu máli. Hér er farin sú millileið, að starfandi n. í hverjum bæ grípa hér inn í og gegna þessu starfi. Við höfum ekki séð ástæðu til að breyta þessu ákvæði, og er það alls ekki svo mikilvægt, að það sé orsök til deilu. Læt ég svo útrætt um þetta mál að sinni.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég ætla aðeins að segja örfá orð vegna ræðu hv. 1. þm. Reykv. Í ræðu hans mætti segja, að kæmi fram skefjalaus „liberalismi“ eða jafnvel „anarkismi“, sem stundum hefir heyrzt í þingsölum og öðrum opinberum vettvangi frá hans flokki. Þessi yfirlýsta skoðun hv. þm. og flokksbræðra hans virðist vera sú, að láta hvern og einn um það að berjast fyrir lífinu og koma sér áfram sem bezt hann getur. En þeim dettur ekki í hug að taka tillit til þess, þó að aðstæðurnar geti skapað mönnum misjafna möguleika til sigurs í hinni þrotlausu baráttu fyrir lífinu. Það, sem hver og einn ber úr býtum að leikslokum, ber honum með réttu, og aðrir hafa ekkert tilkall til þess.

Grundvöllurinn undir þessari löggjöf, sem farið er fram á, að sett verði, er sá, að menn geti ekki notað sér neyðarástandið í landinu til þess að geta grætt á því. Það er sérstaklega verið að verja þá, sem umkomulitlir eru, gegn því, að ástand það, sem skapazt hefir á þessum örðugu tímum, verði misnotað. Þetta er meiningin með frv., er hér liggur fyrir. Eins og hv. 2. landsk. þm. benti á, hefir á síðari tímum þótt nauðsynlegt að lögfesta verðlag á ýmsum innlendum vörum og hafa eftirlit með verðlagi innfluttra vara. Orsökin til þessa var sú, að búast mátti við, að menn notuðu sér möguleikana til að græða á vörunni. Eftir þeirri hugsun, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., ætti ekkert að vera athugavert við það, þó að framleiðendur úti á landi notuðu sér markaðinn í Reykjavík og sprengdu upp verðlagið á innlendum afurðum. Það liggur í augum uppi, að verðlagið þarf að lögfesta, svo að hagur fárra einstaklinga víki fyrir heill fjöldans.

Ég vil, eins og hv. 1. þm. Reykv., láta nokkrar almennar aths. fylgja þessu frv. hér í þessari hv. d. Hv. þm. sagði, að ekkert hefði skeð, þegar gömlu l. voru numin úr gildi á sínum tíma. Það kann að vera rétt hjá hv. þm., en í raun og veru er það enginn mælikvarði á gildi þeirra, sem ekki er hægt að efast um, að var mikið. Að minnsta kosti voru þau ekki numin úr gildi fyrr en komið var það tímabil, þegar byggingar risu óðfluga upp í Reykjavík og eftirspurnin eftir húsnæði varð minni en framboðið. Þess vegna er ekkert undarlegt, þó að engir stórviðburðir ættu sér stað í sambandi við afnám húsaleigulaganna. Ef það kæmist fljótlega friður á og byggingar færðust í venjulegt horf fyrr en búizt verður við, þá munu margir telja, að ekki sé ástæða til að halda l. í gildi. Ég fyrir mitt leyti er á því, að það ættu alltaf að gilda húsaleigul. í landinu, enda er það víða svo í borgum og bæjum erlendis, að á „normal“ tímum gilda ákveðin fyrirmæli um leigu á húsnæði. Ég er þeirrar skoðunar, að slík l. ættu að gilda hér, ekki eins og þetta frv., heldur almenn fyrirmæli í löggjöf landsins, sem tryggðu hag leigusala og rétt leigutaka, þar sem hægt væri að koma í veg fyrir, að annarhvor aðilinn misnoti aðstöðu sína.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ekki hefðu komið fram neinar aðstæður, sem væru þess valdandi, að rétt væri að setja slík l. Eins og hv. 2. landsk. benti á, þá er því fyrst til að svara, að ef það var rétt að setja ákvæði um húsaleigu inn í gengisl. frá því í apríl 1939, þá er vissulega ekki minni ástæða til að hafa þau nú, eftir að þeir atburðir hafa gerzt í heiminum, sem öllum eru kunnir. Ég veit það líka af viðtali við þá menn, sem starfað hafa í húsaleigunefnd í Rvík, að þeir hafa í störfum sínum getað komið í veg fyrir óeðlilega hækkun á húsaleigu í einstökum tilfellum. Ég tel þess vegna, að húsaleigunefndin hér í Rvík og fasteignamatsnefndir sumstaðar úti um landið hafi unnið mjög nytsamt starf frá því að l. voru upphaflega sett.

Sami hv. þm. sagði, að l. myndu koma í veg fyrir, að hús væru byggð. Ég ætla, að það sé hæpin skoðun að halda því fram, að slík l. komi í veg fyrir byggingar. Það eru því miður aðrar ástæður, sem koma í veg fyrir húsbyggingar. Ég ætla, að þessi l., með skynsamlegri framkvæmd, ættu ekki að koma í veg fyrir byggingar. Ég ætla, að með l. sé ekki á þann hátt gengið inn á hagsmuni húseigenda, að þeir geti ekki staðið straum af húsum sínum.

Hv. 2. landsk. minntist á það atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. drap á, að þessi l. giltu eingöngu fyrir Reykjavík. Þetta er misskilningur. Það er aðeins annað skipulag á nefndarstörfunum úti um landið en í Rvík. Það, sem réð því, að þetta var sett í frv., var það, að ég var þeirrar skoðunar, að ekki væri ástæða til að setja upp nýja nefnd í fámennum bæjum, a. m. k. ekki fyrst um sinn, heldur væri rétt að láta fasteignamatsnefndirnar inna af hendi þau störf, sem húsaleigunefndinni eru ætluð í Rvík. Ég veit, að fasteignamatsnefndirnar hafa sumstaðar haft veruleg afskipti af þessum málum, og þær hafa sumstaðar starfað eins og húsaleigunefndin í Rvík. Ég er sammála hv. 2. landsk., að ef menn telja, að það sé brýn nauðsyn að hafa sérstakar n. í öðrum kaupstöðum, þá sé ekki nein ástæða til að vera á móti því. Ég álít aðeins, að það sé ekki sérstök þörf á því nú.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það væri leitt, að þessi l. væru þannig úr garði gerð, að þau byðu upp á að vera brotin með samkomulagi aðila. Ég held nú, að varla séu sett nokkur l., sem séu svo úr garði gerð, að ekki sé unnt að brjóta þau, ef samkomulag er um það milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. En það er fjarri lagi, að skirrast eigi við að setja löggjöf, þótt möguleikar séu fyrir hendi að brjóta hana, ef hún er þörf, jafnvel þótt einhverstaðar megi komast í kringum hana, sumpart vegna þess að henni sé ekki nógu röggsamlega framfylgt, og sumpart vegna þess, að sá slappleiki er til hjá vissum mönnum í þjóðfélaginu, að vilja brjóta l. Þótt þessi möguleiki sé fyrir

hendi, þá er það ekki nægilegt atriði á móti umbótalöggjöf yfirleitt.

Ég vildi aðeins út af gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Reykv. láta þessar gagnstæðu skoðanir við skoðanir hans koma fram við þessa umr.

*Magnús Jónsson: Ég get ekki komizt hjá að gera nokkrar aths. við ræðu hv. 2. landsk.

Mér finnst það einkennilegt í munni hv. 2. landsk., þegar hann sagði, að það væri óeðlilegt, að menn fengju meiri afrakstur af því, sem þeir hafa lagt í húseignir, þó aðrir fái hækkað kaup. Mér sýnist, að þar sem allt verðlag hefir hækkað, eins og hv. þm. sagði, þá eigi þeir menn, sem hús eiga, rétt á að fá meira til að lifa á. Ég sé ekki, hver munur er á manni, sem vinnur, og manni, sem kannske er svo hniginn að aldri, að hann getur ekki fengizt við almenna vinnu, en á eign í húsi, sem hann lifir á. Mér sýnist hann eiga sama rétt og aðrir til þess að fá meira, þar sem allt er orðið dýrara. Verkamenn og aðrir sem laun hafa, krefjast hækkunar, og þeir eiga að fá hana. Þessir menn krefjast hennar líka, en þeir eiga bara ekki að fá hana.

Ég vil spyrja: Hvernig á sá maður, sem hefir haft 2 þús. kr. árstekjur með þessum hætti, að komast af, þegar allt stórhækkar. Ef hann aflaði þessara tekna á einhvern annan hátt, þá fengi hann hækkun, en af því að hann á hús, þá á hann ekki að fá meira. Ég sé þó ekki annað en hann eigi að fá hækkun. Það er ekki verið að tala um, að menn okri á eignum sínum. Eignin er orðin meira virði að krónutali eftir öllu verðlagi í landinu, svo að það er ekki nema eðlilegt, að eigandinn fái hærri vexti: Húseigendur eiga rétt á því, að eignir þeirra séu ekki rýrðar með löggjöf.

Ég vil segja hv. 2. landsk. og hæstv. félmrh., að það getur komið að því einhvern tíma, að menn byggi ný hús, og skulum við taka sem dæmi, að maður byggi hús, sem áður myndi hafa kostað 100 þús. kr., en kosti þá 150 þús. kr. Ef maður byggir svona hús, þá verður hann að fara til n., og getur þá verið, að n. hækki húsaleiguna, svo að hann fái þessi 11%, sem talið er, að menn þurfi að fá af húsi, ef menn eiga að hafa nokkurn veginn tekjur af því fé, sem þeir leggja í hús. Þá er komið tvennskonar verð á húsum. Ef n. neitar að hækka leiguna, þá byggja menn alls ekki, og það hygg ég, að niðurstaðan verði alltaf af þessum l., að það verði ekki hægt að byggja. Þótt hæstv. félmrh. ætli, að l. komi ekki í veg fyrir byggingar, ef þau eru skynsamlega framkvæmd, eins og hann sagði, þá stendur í l., að húsaleigan megi ekki hækka. Hvernig á að byggja hús, þegar þau bera sig ekki? Það var það, sem ég ætlaðist til, að hæstv. ráðh. svaraði. Það hefir ekkert að segja, hvað hæstv. ráðh. byggur, því ef leigan má ekki hækka, þá kemur það í veg fyrir, að hús verði byggð. Eftir gömlu l. var allt annað viðhorf. Þá var mat á leigunni. Þegar hún var komin það hátt, að það svaraði til kostnaðarverðs af húsum, þá var farið að byggja aftur og þá voru l. orðin óþörf.

Hv. 2. landsk. og hæstv. félmrh. voru að minnast á gengisl. og sögðu, að ef það hafi verið forsvaranlegt að setja ákvæði um húsaleigu inn í þau, þá sé ekki síður ástæða til að setja slík ákvæði nú. Ég var nú að vísu ekki með því að setja þau þá, en það er þó dálítill munur þar á. Ég man ekki betur en þá væri bannað að hækka verð á innlendum afurðum, og það var fleira, sem var bannað. Það var m. ö. o. verið að gera alvarlega tilraun til þess að halda verðlaginu niðri. Nú er m. a. fyrir tilstuðlan þess hv. þm., sem búinn er að kveðja sér hljóðs næst á eftir, búið að hækka verð á innlendum afurðum. Þegar allt er hækkað, þá er ekki rétt að taka eitt undan og segja, að það megi ekki hækka.

Hæstv. félmrh. sagði, að í minni ræðu hefði komið fram sá skefjalausi liberalismus eða anarkismus, sem sérstaklega einkenndi mig. Ef svo er, þá er bara það að segja, að hann er í okkar stjórnarskrá. Hún verndar eignarrétt manna, en það má afnema eignarréttinn gersamlega með því að halda áfram að setja svona ákvæði. Slíkt er í rauninni ekkert annað en skefjalaust stjórnarskrárbrot, þegar sett eru ákvæði, er gera mönnum ómögulegt að hagnýta sér eignir sínar. Ég þarf ekki að skammast mín fyrir skefjalausan liberalismus, sem er í samræmi við stjórnarskrána. Ég álít, að ekki eigi að leggja höft á athafnir manna að nauðsynjalausu.

Hæstv. ráðh. sagði, að þessi l. væru sett til þess, að menn notuðu sér ekki neyðarástand. Ég skal vera með í því. Við skulum taka t. d. verðlag á vörum. Það dettur engum í hug að halda því fram, að einhver álnavara eigi alltaf að hafa sama verð og hún hafði fyrir stríð. Þetta eru hliðstæður, og ef varan mætti ekki hækka, þá væri heldur ekki hægt að flytja hana inn.

Við getum verið sammála um það, að koma eigi í veg fyrir okur. Það mætti setja nefnd, sem væri látin meta leiguna í húsum, og ég held, að það væri rétt fyrir mig, ef þetta frv. á að ganga áfram, að bera fram brtt. í þá átt.

Hæstv. ráðh. sagði, að í blöðum míns flokks hefðu komið ónotaorð út af því, að verð á innlendum afurðum hefir hækkað, og þess hefði verið krafizt, að séð væri um, að þær hækkuðu ekki. Það getur vel verið, að eitthvað hafi komið í þessa átt, ég man það ekki svo vel. En hæstv. ráðh. ætti að hafa það í huga, að þessar vörur eru ekki alveg frjálsar. Þær eru skipulagsbundnar, og það þýðir ekkert fyrir hann að vera að vitna í það, þótt menn kvarti undan verði þeirra, þegar mönnum er samtímis bannað að bjarga sér. Það er ekki þannig, að menn séu sjálfráðir, hvar þeir kaupa mjólk eða kjöt. Menn kvarta, þegar þeim er skipað að kaupa þessar vörur með ákveðnu móti og líka skammtað verð á þær. Sannleikurinn er sá, að við erum hér inni í skipulagningarflækjunni, og það er ákaflega rökrétt hjá hæstv. félmrh., þegar hann segir, að hann vilji alltaf hafa húsaleigul. Hann talar þar eins og sá skefjalausi skipulagningarmaður. Hann vill, að hið opinbera skipti sér af öllu. Ég man eftir, að ég sagði einu sinni í gamni, að það myndi ekki líða langt þangað til,

að maður yrði að tilkynna að morgni, hvar maður ætlaði að vera allan daginn. Ég er viss um, að það mætti færa skynsamlegar ástæður fyrir því, að slíkt ætti að gera.

Ég skal svo ekki tefja hv. d. með því að karpa lengur um þetta mál. Við höfum skipzt á skoðunum á báða bóga. En það er eitt meginatriði, sem stendur eftir, og hvorki hv. 2. landsk. né hæstv. félmrh. hafa gert grein fyrir, en það eru þau áhrif, sem þessi l. hafa á húsbyggingar.

Ég ætla ekki að blanda hér inn í máli, sem liggur þó nærri, en það er flutningur fólks úr sveitum í kaupstaði. Ég get þó sagt hv. þm. það, að þetta er mikið innlegg í því máli. Það er mikið atriði, þegar allt hækkar í verði, að hægt sé að fá húsnæði í bæjunum fyrir lágt verð. Það getur verið, að það eitt ráði ekki úrslitum, þegar ákvörðun er tekin um slíkt, en það er þó verulegt atriði.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Ed., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 51, 95, 96).

Forseti (EÁrna): Ég leyfi mér að leggja hér fram skrifl. brtt., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 112]. Þar sem till. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, þarf að veita tvenn afbrigði til þess að hún geti komið til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það var bara eitt atriði, sem mig langar til að benda hv. allshn. á, áður en hún tekur málið til athugunar milli 2. og 3. umr. Hér er gert ráð fyrir, að í Reykjavík sé húsaleigunefnd, sem meti húsnæði til verðs eða leigu, en annarstaðar á landinu skuli fasteignamatsnefndir gera þetta og haga sér í þeim efnum eins og lagt er fyrir húsaleigunefndina. Þetta þótti hv. 1. þm. Reykv. (MJ) óeðlilegt, eitt ætti að ganga yfir alla. Það hefir nú samt komið fyrir, að hann hefir viljað hafa ein lög fyrir Reykvíkinga, önnur fyrir landsmenn, sem fjær búa, og mætti minna hann á skattinn á samgöngur til Hafnarfjarðar. Það er ætlazt til, að kostnaður af húsaleigumati greiðist úr ríkissjóði. Að vísu er þetta ekki tekið fram nema um n. í Reykjavík, í 3. gr., en sama hlýtur að gilda um kostnað annarstaðar. Nú vil ég benda á þau vandkvæði í framkvæmd þessara fyrirmæla, að víða verða fasteignamatsmenn að ferðast langar leiðir til þessara starfa, t. d. í Norður-Ísafjarðarsýslu innan úr Djúpi út í Hnífsdal eða Bolungarvík, tvær dagleiðir, eða í Suður-Múlasýslu, þar sem tveir af fasteignamatsnefndarmönnunum verða að fara 1—2 dagleiðir, ef meta skal leigu í húsi á Djúpavogi. Vegna kostnaðar og örðugleika held ég því, að það sé dálítið varhugavert að skylda fasteignamatsnefndir til þessa starfs. Það er athugandi, hvort ekki sé heppilegra að fela bara úttektarmönnum hreppanna að fella úrskurði í þessum málum. Þegar ágreiningur rís, kannske hvað ofan í annað í sama þorpinu, getur það orðið býsna útdráttarsamt að kalla þangað fasteignamatsnefndina í hvert skipti.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég hafði kvatt mér hljóðs, áður en umr. var frestað síðast, og hugsaði mér að svara hv. 1. þm. Reykv. (MJ) nokkrum orðum, en mál mitt þarf ekki að verða langt. Það kom í ljós, þegar hann stóð upp, að hér á Alþingi eru til menn, sem eru andvígir því, að sett séu lög til að hindra takmarkalausa hækkun húsaleigu. Hann kom fram sem fulltrúi þeirra húseigenda, er fyrst og fremst vilja hafa það fyrir atvinnu að eiga hús til að leigja þau. Það mun koma í ljós við atkvgr., hvort þessi hv. þm. talar aðeins fyrir munn nokkurra af kjósendum sínum hér í bæ eða fyrir hönd alls Sjálfstfl. Þm. leit á málið bæði frá siðferðislegu og þjóðfélagslegu sjónarmiði. Hann hélt fram þeirri siðferðislegu skoðun, að ekki væri nema sjálfsagt og rétt, að menn fengju aðstöðu til að ná stríðsgróða af því að leigja út húsnæði, rétt eins og menn ná stríðsgróða í öðrum atvinnugreinum, að því ætti að stuðla, fremur en að fyrirbyggja það. Um þetta þýðir ekki að ræða við hann. Hann um það, ef hann hefir þessa siðferðislegu skoðun. Aðalatriðið er aftur á móti þjóðfélagslega hliðin. Hann vildi koma hér fram sem fulltrúi „liberalismans“ og lagði út af því, að hér ættu ekki að vera nein höft á viðskiptum, hvorki þessum né öðrum. Hæstv. félmrh. (StJSt) orðaði þetta svo, að þm væri fulltrúi hins skefjalausa „liberalisma“. Þetta er ekki rétt. Hv. þm. var með því, að kaup væri bundið með lögum og þannig, að það yrði eins lágt og hann treysti sér frekast til að komast. Hann er ekki fremur fulltrúi „skefjalauss liberalisma“ en fulltrúar yfirstéttar eru vanir að vera nú á tímum. Menn greinast ekki í flokka eftir afstöðu sinni til „liberalismans“, heldur afstöðu sinni til stétta þjóðfélagsins. „Hinn skefjalausi liberalismi“ stjórnar ekki framar skoðunum yfirstéttarfulltrúanna, heldur hin skefjalausa stéttarpólitík þeirra. Hin þjóðfélagslega hlið málsins er í rauninni sú, að nú er talið hagkvæmast fyrir þá, sem lifa af því að leigja húsnæði, að engar hömlur séu á leiguhækkunum, en hömlur á sumu öðru, einkum kaupgjaldi, m. ö. o., að leigan geti hækkað upp úr öllu valdi á verðbólgutímum, sem nú er búizt við. Þetta er skiljanleg gróðalöngun. En skammsýni er þar með. Hv. þm. (MJ) gerði ráð fyrir, að af auknum gróða húseigenda leiddi auknar húsbyggingar, aukna atvinnu, aukið og bætt húsnæði. Sei, sei, sei. Það er samt hætt við, að áhrifin yrðu önnur. Hús mundu öll stórhækka í verði. En þegar verðlag færi að komast í samt lag aftur og í kreppu þeirri, sem hlýtur að koma eftir stríðið, mundi öllum þorra húseigenda verða því erfiðara að þola verðfallið sem verðhækkunin hefði orðið meiri. Er það þá virkilega rétt séð af hv. þm. sem fulltrúa húseigenda að vilja engar hömlur, engin húsaleigulög? Borgar það sig nema fyrir ríkustu húseigendurna og skefjalausa kapítalistiska braskara? Og í öðru lagi: Mundi

verðhækkunin leiða til þess, að mikið yrði byggt? Gæfi hún almenningi atvinnu og húsnæði? Nei, það yrði ekki afleiðingin. Af þeirri gífurlegu kauplækkun, sem stafar af lögfestingu kaups langt fyrir neðan eðlilega kauphæð, miðaða við dýrtíð, leiðir stöðugt minnkandi kaupgetu meðal almennings. Það þýðir það, að fjöldi af íbúum Reykjavíkur getur ekki greitt fyrir húsnæði, — þeim verður það algerlega ómögulegt. Er svo undir slíkum kringumstæðum álitlegt, að flutt sé inn mikið af byggingarefni og byggð stór leiguhús? Það verður áreiðanlega alls ekki gert, hvort sem húsaleigan verður látin vera frjáls eða bundin með lögum. Það verður lítið eða ekkert byggt, meðan það ástand helzt, sem nú er og skapazt hefir af styrjöldinni. Þess vegna er það ekki annað en blekking, þegar þessi hv. þm. segir, að það eitt nægi, að hafa húsaleiguna frjálsa, til að tryggja, að áframhaldandi verði byggt bæði hér í Reykjavík og annarstaðar á landinu. Til þess þurfti annað að gera. Það þurfti að búa sig undir ástandið, sem nú er að skapast, meðal annars með því, að ríkisvaldið sæi um, að byggt hefði verið eins mikið og mögulegt var áður en styrjöldin hófst, og að gerð hefði verið alvara úr því að rannsaka, hve mikið er hægt að byggja úr íslenzku efni. Þetta er vandamál, sem skilyrðislaust er nauðsynlegt, að tekið sé af stjórnarvöldunum til rækilegrar yfirvegunar, nefnil. hvað hægt sé að gera til þess, að allur sá fjöldi, sem kemur til með að skorta húsnæði, af því að ekkert verður byggt, geti fengið þak yfir höfuðið.

Þá er það annað atriði, hvað nauðsynlegt er að gera til þess að tryggja hagsmuni húseigenda, fyrst og fremst hinna smærri húseigenda. sem í raun og veru þurfa þess með. Það er fjöldinn allur af fátækum mönnum í Reykjavík, sem eiga einhverjar húseignir, sem þeir hafa lagt allt sitt í að eignast, og falla niður í örbirgð, ef þeir missa þær, og verða enn ein byrðin á fátækraframfærinu. Til þess að þessir menn missi ekki þessar húseignir sínar, verður eitthvað að gera, en það er hætta, sem yfir vofir. vegna þess hve margir koma til með að geta ekki greitt húsaleigu vegna styrjaldarástandsins. Það er þetta vandamál, sem ég hefi reynt að ráða bót á með frv. því, sem ég hefi flutt hér í hv. d. um húsnæði. Sama er að segja um þær brtt., sem ég hefi lagt fram við þetta frv., sem eru sama efnis og aðalatriði húsnæðisfrv. þess, er ég ber fram. Ef hv. þm. er það áhugamál, að eitthvað verði gert til þess að tryggja hagsmuni húseigenda, þá geta þeir stuðlað að því með því að samþ., að þessar till. nái fram að ganga.

Hv. félmrh. þarf ég ekki að svara. En ræða hans var svo skemmtileg, að ég get ekki stillt mig um að minnast aðeins lítillega á hana. Hann sagði, að það kæmi ekki málinu við, hvort meiri hluti alþýðusambandsstj. væri skipaður húseigendum eða leigjendum, leigusölum eða leigutökum. Þetta skipti engu máli vegna þess, að alþýðusambandsstjórnin myndi undir öllum kringumstæðum velja leigutaka í n. Það er einkennileg röksemdafærsla þetta. Það mætti spyrja hæstv. félmrh., hvort ekki væri eins einfalt að láta fasteignaeigendafélagið útnefna fulltrúa fyrir leigutaka úr þeirra hóp. Það er eiginlega alveg sama, hvort fasteignaeigendafélagið fjallar um þetta mál eða alþýðusambandsstjórnin, eftir hans röksemdafærslu gegn því, sem ég sagði, að það væri ekki réttur aðili, vegna þess að það væri pólitískur flokkur. Hann sagði, að Alþýðusambandið myndi áreiðanlega gæta hagsmuna leigutakanna og því hefði ég rangt fyrir mér. Hafa menn heyrt aðra eins röksemdafærslu: Alþýðusambandið gætir hagsmuna leigjendanna, vegna þess að það gætir áreiðanlega hagsmuna leigjendanna? Hæstv. félmrh. gæti eins vel sagt: „Ég er ekki lélegur ráðh., vegna þess að ég er áreiðanlega góður ráðh.“ Það er ömurlegt að þurfa að hlusta á annað eins bull hér hv. d. og sennilega ekki rétt að eyða tíma þingsins í að endurtaka það, en mér fannst það svo skemmtilegt, að ég gat ekki stillt mig um að minnast á það.

ATKVGR.
Brtt. 96,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 96,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 112 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 95,a felld með 9:1 atkv.
— 95,b kom ekki til atkv.
— 95,c felld með 9:2 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 17. og 18. fundi í Ed., 14. og 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 18. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 122, 125, 134).

*__Ingvar Pálmason__: Þegar þetta frv. var til 2. umr., benti hv. 1. þm. N.-M. á það, að hann teldi ákvæði 7. gr. frv. ekki sem heppilegust að því leyti, að þau myndu reynast nokkuð erfið í framkvæmd. Einstakir nm. tóku þetta til athugunar milli umr. og árangurinn varð sá, að við tveir nm., hv. 2. landsk. þm. og ég, urðum ásáttir um að flytja brtt. við 7. gr., sem er á þskj. 134. Að við erum bara 2 nm., sem flytjum þetta, stafar af því, að þriðji nm. var ekki mættur á fundi, þegar við ræddum þetta, en ég hygg, að hann hafi ekkert við brtt. að athuga.

Í brtt. okkar er stungið upp á því, að í bæjum utan Reykjavíkur annist fasteignamatsn. þau störf, sem húsaleigun. í Reykjavík eru ætluð, en í hreppunum verði þetta falið úttektarmönnum hreppanna ásamt oddvitum. Þetta byggist á því, að í sveitunum eru fasteignamatsnefndarmennirnir dreifðir um alla sýsluna og því erfiðleikum bundið fyrir þá að annast þessi störf. Við töldum líka, að þessum störfum væri eins vel borgið í höndum úttektarmanna, að því viðbættu, að hreppsnefndaroddvitinn ætti

sæti í n. Þá þótti og heppilegra að hafa þetta ekki algerlega fastbundið, þannig að ríkisstj. væri veitt heimild til þess, ef ástæður þættu til, að ráðstafa þessu á annan hátt. Höfðum við í því sambandi sérstaklega fyrir augum stærri kauptúnin. Það gæti vel hugsazt, að t. d. á Akranesi, Keflavík og jafnvel Húsavík væri heppilegra að hafa aðra skipun á þessum málum en höfuðreglan í frv. gerir ráð fyrir, og töldum við af þeirri ástæðu rétt að hafa þessa heimild í frv.

Jafnhliða þessu flytjum við aðra brtt. á sama þskj. Er hún þess efnis, að á meðan húsaleigulögin gilda, skuli stimpilgjald af húsaleigusamningum ekki nema meiru en 2 krónum af hverjum samningi. Samkv. l. nr. 75 frá 1921 er þetta stimpilgjald mismunandi. Það er, að ég hygg, 25 aurar af hverjum 100 krónum, sem húsaleigan nemur. Af samningi, þar sem húsaleigan væri ákveðin 100 krónur um mánuðinn, myndi stimpilgjaldið því verða 3 krónur að viðbættum þeim viðaukum, sem mælt er fyrir um í öðrum l. Nú hefir það verið svo, eftir því sem ég bezt veit, að þetta stimpilgjald hefir innheimzt illa. Það er erfitt að hafa eftirlit með því, að þessu sé framfylgt. Ríkissjóður hefir því haft litlar tekjur af þessu. Við höfum þess vegna álitið heppilegast og lagt það til, að þetta gjald yrði lækkað. Af því gæti leitt það tvennt, að þessu stimpilgjaldsákvæði í l. nr. 75 frá 1921 yrði hægt að framfylgja betur en gert hefir verið, og svo einnig að koma í veg fyrir, að svo hátt stimpilgjald yrði sett á húsaleigusamninga, að það kæmi til með að hækka leiguna. Ég held þess vegna, að margt mæli með því, að þessi brtt. okkar verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég geri ráð fyrir, að frsm. n. muni minnast á brtt. hv. 1. þm. Reykv., en um þær vil ég aðeins taka það fram, að þær hafa ekki verið ræddar sérstaklega í n., og hafa nm. óbundnar hendur um þær. Frá mínu sjónarmiði held ég hinsvegar, að það sé ástæðulaust annað en samþ. 2. brtt. hans, en 1. brtt. tel ég til hins verra.

***Magnús Jónsson:** Ég hygg, að brtt. á þskj. 134 séu til bóta, sérstaklega þó síðari brtt. Þar sem nú er öllum gert að skyldu að gera skrifl. samninga um húsnæði, þá tel ég það sjálfsagt að lækka eitthvað stimpilgjaldið af þessum samningum.

Ég skal svo mæla lítilsháttar fyrir mínum brtt. á þskj. 125.

1. brtt. er efnismest. Hún er við 1. gr. og er borin fram út frá þeirri hugsun, sem mér virðist, að muni vera í samræmi við tilgang frv., að komið sé í veg fyrir, að hægt sé að okra á húsaleigunni. Ég get ekki skilið, að það sé tilgangurinn með frv. að taka húsnæðið út úr öllu öðru í þjóðfélaginu og skapa því sérstöðu um verðlagið. Það er náttúrlega hægt að segja, að það sé erfitt að borga hækkaða húsaleigu, en það er ekkert erfiðara en að borga annað hækkað. Það má auðvitað beita áhrifum til þess að koma í veg fyrir meiri hækkun en nauðsynlegt er, en aðaltilgangurinn á að vera sá, að koma í veg fyrir okur á þessu sviði. Ef 1. brtt. mín verður samþ.. er þessum tilgangi náð. Húsaleigunefndin starfar eftir sem áður, og hún metur alla leigu. Þannig er komið í veg fyrir okur á húsaleigunni, en jafnframt komið í veg fyrir, að nýbyggingar þurfi að stöðvast. Ég ætla ekkert að biðja fyrir till. Ég vil bara, að menn sjái það, að þessum höfuðtilgangi frv., að koma í veg fyrir okur á leigunni, honum er náð, ef mín till. verður samþ.

Ég held, að brtt. 1,b geti varla orkað tvímælis. Ég held nú samt sem áður, að það hafi ekki verið hún, sem hv. 2. þm. S.-M. minntist á. Ég skil ekki í því, að það hafi verið ætlunin hjá þeim, sem sömdu frv., að einstök herbergi ættu að koma undir l. Slíkt væri hreinasta fjarstæða, því af einstökum herbergjum er mikið framboð, og framboðið á þeim eykst á erfiðum tímum. Á erfiðum tímum reynir fólk að þrengja að sér og leigja einstök herbergi af íbúðum sínum. Hvers vegna má þetta fólk ekki fá þá leigu fyrir herbergin, sem það getur fengið? L. eiga að vera til þess að vernda fjölskyldufólkið. Og því þá að vera að setja slík ákvæði, sem gera fólki erfiðara fyrir um að leigja frá sér einstök herbergi? Ég veit ekki heldur, hvernig væri hægt að framkvæma þetta með einstök herbergi. Það myndi að minnsta kosti auka störf húsaleigunefndar að miklum mun. Auk þess held ég, að þeir, sem búa í þessum einstöku herbergjum, séu menn, sem ekki sé nein sérstök ástæða til að vernda fram yfir aðra þegna þjóðfélagsins.

Hæstv. fjmrh. skaut því inn í, að ákvæði gengislaganna hefðu verið framkvæmd á þann hátt, að þau hefðu verið látin ná til einstakra herbergja. Ef svo er, þá verð ég að játa, að ég muni hafa syndgað í þessu efni. Ég hefi leigt út herbergi, og ég hafði satt að segja ekki hugmynd um, að ég þyrfti að fylgja neinum reglum um það. Leigan á þessu herbergi hefir hinsvegar verið svo lág, að ég geri ráð fyrir, að ekki hefði verið hægt að lækka hana, þó ég hefði gefið þetta upp við húsaleigunefnd. Ég fyrir mitt leyti verð að játa, að ég bar þetta fram sem leiðréttingu, og datt ekki í hug, að tilætlunin hefði verið að láta frv. ná til einstakra herbergja.

2. brtt. mín er um það að gera uppsagnarákvæðið rýmra, þannig að leigusala sé heimilt að segja manni upp, ef húsaleigunefnd metur, að það sé óþolandi fyrir viðkomandi leigusala að hafa leigjandann. Ég mælti svo fyrir þessu við 2. umr., að ég sé ekki ástæðu til að gera það frekar nú. Hv. 2. þm. S.-M. (IngP) var meðmæltur þessari brtt., og ég held, að ómögulegt sé að gera uppsagnarákvæðin svo þröng, að þetta atriði komi ekki til greina, því að maður getur hagað sér svo illa, að það sé miklu verra en vanskil. En ég mælti fyrir þessari brtt. við 2. umr. þessa máls, og ætla ekki að bæta neinu við nú.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 134. Brtt. er frá hv. 11. landsk. og hljóðar svo: [Sjá þskj. 168].

Brtt. er of seint fram borin og auk þess skrifleg; þarf því tvennskonar afbrigða til þess að taka hana nú til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*Magnús Gíslason: Herra forseti! Þegar þetta frv. var til umr. í allshn., og var það þangað komið frá hæstv. félmrh., sem hafði óskað eftir því, að n. flytti það, var ég í miklum vafa um — það verð ég að játa — hvort ég ætti að gerast flm. þess ásamt meðnm. mínum eða ætti að gera sérálit um málið. Það var sérstaklega út af því, að hér væri a. m. k. í sumum greinum verið að setja í l. það, sem ég tel ekki nauðsynlegt, eins og nú standa sakir, að setja l. um. Eftir þeim upplýsingum, sem allshn. fékk, þá er eins og nú stendur ekki hörgull á húsplássi, og hér í Reykjavík má fólkinu fjölga nokkuð til þess að veruleg húsnæðisvandræði verði. Hitt er annað mál, að fráleitt er, að nokkuð verulegt verði reist af nýjum húsum í náinni framtíð. Það er ekki útlit fyrir, að það ástand, sem nú ríkir í heiminum, sé bráðlega úr sögunni, heldur getur maður búizt við, að það standi enn lengi, og þá rekur sjálfsagt að því, ef fólksfjölgunin heldur áfram, að eftir nokkurn tíma verði þörf á meira húsnæði. Þess vegna geng ég út frá því, að þó að þessi l. yrðu ekki sett nú, þá myndi ekki líða á löngu þar til nauðsynin myndi krefjast þess. Þess vegna var ég með því að flytja þetta frv. ásamt meðnm. mínum.

Aðalhættan við þessi l. mun líka, að því er mér hefir virzt, vera í því fólgin, að þegar því ástandi, sem hefir skapazt, léttir af eða dregur úr því, þá hættir mönnum, eins og síðast þegar húsaleigul. voru sett, við að halda of lengi í þessa lagasetningu. Þegar möguleikarnir verða aftur til að flytja inn byggingarefni og reisa hús, verður það allt af hálfu þess opinbera, sem hægt er að taka upp aftur byggingar. Það var ekki gert síðast, þegar húsaleigul. voru sett, en það getur farið svo, að slík löggjöf yrði beinlínis til að vinna móti því, að gott skiplag komist á þessi mál. Það verður að treysta því, að þeir, sem með völdin fara í þessu landi, þegar að því kemur, að heilbrigt ástand fer að skapast og möguleikar verða fyrir hendi til að byggja, muni líta eftir því, að þessi lagaákvæði verði ekki til þess að hindra það.

Um einstakar brtt. vil ég aðeins minnast á þær, sem eru á þskj. 134. Ég er samþykkur fyrri brtt., sem aðallega er í því fólgin, að í staðinn fyrir fasteignamatsnefndir í bæjum skuli úttektarmenn í hreppum ásamt hreppsnefndaroddvita gegna þeim störfum, sem með l. þessum eru lögð undir húsaleigun. í Reykjavík. Því verður sjálfsagt ekki neitað, að í stórum umdæmum eiga fasteignamatsnefndir erfitt með að ákveða húsaleigu á ýmsum stöðum, nema með því móti að ferðast á milli, og það getur orðið of kostnaðarsamt og of þunglamalegt í framkvæmdinni. En um síðari brtt. er það að segja, að við hana hefi ég borið fram skrifl. brtt. þess efnis, að stimpilgjald af húsaleigusamningum skuli vera 3 kr. fyrir hvern samning, í staðinn fyrir 2 kr., sem gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 134. Ég vil aðeins geta þess, að það getur orkað nokkurs tvímælis, hvort rétt sé að breyta stimpilgjaldsl. með þessari löggjöf, sem má gera ráð fyrir, að sé tímabundin. Hér er um mjög róttækar breyt. að ræða frá þeim ákvæðum, sem nú gilda, þar sem húsaleigusamningar eru nú stimplaðir með 25 aurum fyrir hverjar 100 kr. og auk þess sérgjald, sem er sett 40% af upphæð stimpilgjaldsins. Ef húsaleigan er ákveðin í samningnum 1200 kr. á ári, verður stimpilgjaldið samkv. gildandi l. 4.20 kr. En vitanlega er þetta gjald miklu hærra, þar sem um dýrara húsnæði er að ræða, t. d. skrifstofur, verzlunarpláss o. s. frv., sem stundum er leigt fyrir mörg hundruð kr. á mánuði, stundum jafnvel yfir 1000 kr., og þar er stimpilgjaldið töluverð fjárhæð. Það er því um verulega tekjurýrnun fyrir ríkissjóð að ræða, ef slíkir samningar eiga að stimplast með svo lágu gjaldi sem gert er ráð fyrir í síðari brtt. á þskj. 134. Auk þess gera l. ráð fyrir því, að ef samningar gilda aðeins óákveðinn tíma, skuli stimpilgjaldið tífaldast. Í mörgum tilfellum eru húsaleigusamningar ekki gerðir um ákveðinn tíma, heldur er venjulega samið um óákveðinn tíma með vissum uppsagnarfresti, og þá er stimpilgjaldið tífalt hærra en annars, og sé húsaleigan 100 kr. á mánuði, og samið um óákveðinn tíma, er stimpilgjald fyrir slíka samninga nú 30 kr., að viðbættum 40% af þeirri upphæð, sem verður alls 42 kr. En samkv. brtt. á þskj. 134 er gert ráð fyrir, að stimpilgjaldið verði 2 kr., án tillits til þess, hvort samningurinn er tímabundinn eða ekki. Hér er um mjög viðtækar breyt. að ræða frá gildandi ákvæðum stimpilgjaldsl. Hitt skal ég játa, að í þessu tilfelli, eins og um mörg önnur gjöld, þegar Alþ. er að ná tekjum inn í ríkissjóðinn, hefir vafalaust verið skotið yfir markið. Það er mál manna, að hér í þessum bæ komi tiltölulega lítið af leigusamningnum til stimplunar, og eftirlitið með því er lítið, þar sem ekki þarf að þinglýsa þeim, og erfitt að hafa eftirlit með því. Það er þess vegna álitamál, hvort breyta ætti þessum l. þannig, að ákveða fast gjald fyrir stimplun þessara samninga og hve hátt það ætti að vera, en til þess þyrfti að fara fram endurskoðun á stimpilgjaldsl. í heild sinni. Þó að ég sé í sjálfu sér á móti því, að gerðar séu breyt. á skattalöggjöfinni með sérstökum l. eins og hér er gert ráð fyrir, get ég ekki fallizt á það, því að væntanlega stendur þessi löggjöf ekki mjög lengi, að ákveðið sé fast gjald fyrir stimplun leigusamninga, því að það getur líka orðið til þess, að ríkissjóður fái tiltölulega fleiri samninga stimplaða, en áður en það er ákveðið, vil ég leggja til, að gjaldið sé hækkað upp í 3 kr. úr 2 kr., án tillits til gengishækkunar á stimpilgjaldi. Þetta tel ég ekki ósanngjarnt.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vildi aðeins minnast nokkrum orðum á þær brtt., sem fram eru komnar. Þeim hefir verið lýst hér í d. og talað fyrir þeim af flm. Brtt. á þskj. 134 eru fluttar af meiri hl. allshn., og mér skildist á ræðu hv. 11. landsk. (MG), að hann væri þeim fylgjandi í meginatriðum, og ég vil segja um þær brtt., sem komu frá allshn., að ég hygg, að þær séu til bóta, og get mælt með því, að þær næðu fram að ganga. Það kann að vera nokkurt málsatriði, hvaða stimpilgjald af húsa-

leigusamningum sé sanngjarnt, og hefir hv. 11. landsk. (MG) því borið fram brtt. um að hækka það frá því, sem ákveðið er samkv. till. á þskj. 134, úr 2 kr. upp í 3 kr. En í því sambandi vil ég benda á það, að þó að það yrði samþ., mundi það samt verða mikið tap fyrir ríkissjóð frá því, sem verið hefir, án þess að ég vilji mæla móti þessari till., því að í sjálfu sér finnst mér, að segja mætti sitt hvað um báðar till. Um þessar brtt. sé ég að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða.

Brtt. á þskj. 134,1 er heimild fyrir ríkisstj. til að setja fullkomnari reglugerð um aðra skipan á húsaleigun. í bæjum og kauptúnum með 300 íbúum og fleiri, fyllri heldur en veitt er í frv. Það má telja sennilegt, að það eigi eftir að koma í ljós, þegar reynsla fæst um framkvæmd þessara l., að kaupstaðir utan Reykjavíkur þurfi að hafa aðra skipun á þessum málum en að láta fasteignamatsmenn eina um það fjalla. Ég álít sjálfsagt að prófa fyrst í stað að láta fasteignamatsmenn sjá um þetta, þó ekki væri af annari ástæðu en að spara með því kostnað, en ef það gæti ekki fallið saman við störf fasteignamatsmanna, er gott, að ríkisstj. sé veitt sú heimild til að breyta því, sem lagt er til á þskj. 134,1.

Út af brtt. á þskj. 125 vil ég taka það fram, að ég er fyrir mitt leyti algerlega andvígur fyrri liðnum, staflið a. og b. Stafliður a. fjallar um það, að húsaleigun. geti tekið tillit til almennrar verðhækkunar fram yfir það, sem telja má viðhaldskostnað húsanna. Ég tel, að með þessu sé málið leyst úr öllum böndum og orðalaginu hagað þannig, að húsaleigun. séu óglögg takmörk sett. Ef ætti að framkvæma l. þannig, yrði sú framkvæmd næsta hæpin. Mér virðist engin ástæða til þess, að húseigendur, sem hafa komið upp húsum með gamla verðinu, fái að hækka húsaleiguna sérstaklega, þó að verðlag hafi yfirleitt hækkað, annað en það, sem þarf til viðhalds. Það er eðlileg öryggisráðstöfun fyrir fátækasta hluta fólksins að halda niðri dýrtíðinni í landinu, m. a. með því að halda húsaleigunni sem allra mest niðri, án allra þeinna útláta og óréttlætis í garð húseigenda. Ég mun telja sjálfsagt að taka tillit til hækkunar viðhaldskostnaðar á húsum og hækka húsaleiguna fyrir þær sakir. En fyrri brtt. á þskj. 125 tel varhugavert að samþ. og mjög hætt við, að framkvæmd hennar yrði hæpin, mismunandi og handahófskennd, ef slík heimild væri í l. sem felst í a.-lið.

Um b.-lið er það að segja, að ég tel líka mjög hæpið að samþ. hann. Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki skilja, að nokkur maður léti einhleypingsherbergi lúta reglum, sem húsaleigun. setur. Hann vill, að þau falli utan við reglugerð húsaleigun. yfirleitt. Ég er samt annarar skoðunar um þetta. Í fyrsta lagi er engin ástæða til þess, frá almennu sjónarmiði séð, að húseigendur fái fremur rétt til að hækka húsaleigu fyrir einhleypingsherbergi en íbúðir. Það þarf eins að vernda hagsmuni einstakra manna sem fjölskyldna fyrir því, að dýrtíðin og aukin eftirspurn á húsnæði verði ekki misnotuð með því að hækka húsaleiguna. Margir einhleypingar, eiga ekki við góð kjör að búa, og margir þeirra eru fyrirvinnur eða styrktarstoðir náinna aðstandenda sinna. Það má því segja um fjöldann allan af einhleypingum, að það sé alveg eins réttlátt og eðlilegt að vernda hagsmuni þeirra fyrir of hárri húsaleigu eins og hagsmuni fjölskyldumanna. Námsmenn sækja mjög mikið til Reykjavíkur, og þegar dýrtíðin hefir vaxið eins mikið sem nú er orðið, er sannarlega ekki of mikið gert fyrir þann flokk námsmanna, sem margir eru fátækir menn, er sækja til náms af litlum efnum utan af landinu til Reykjavíkur og annara kaupstaða, þó að þeir gætu búizt við að hafa einhverja vörn í l. gegn hækkun á húsaleigu yfirleitt.

Það er líka annað í þessu sambandi, sem ég tel vafaatriði. Ef þetta ákvæði yrði samþ., myndi verða alveg tilvalið tækifæri til að brjóta l. margfaldlega og fara kringum höfuðfyrirmæli þeirra. Það myndi sjálfsagt skapa tilhneigingu að nota það yfirskin, að einhverjum hluta af fjölskyldunni væru leigð einhleypingsherbergi, sem l. um húsnæði næðu ekki til. Þau gætu komið því þannig fyrir, t. d. foreldrar með börn, að hafa sjálf eitt herbergi, en börn þeirra eða aðrir aðstandendur hefðu á sérleigu 2—3 önnur herbergi, er féllu eigi undir þessi fyrirmæli. Ef brtt. hv. 1. þm. Reykv. yrðu samþ., þá væri alveg hægt að hækka húsaleiguna eftir vilja og geðþótta húseigenda, a. m. k. yrði það hæpin leið til þess að koma í veg fyrir það misrétti, sem þessi löggjöf á að fyrirbyggja. (MJ: Ef fjölskyldumenn vilja fara þannig kringum l. til þess að borga meira, þá geta þeir það.) Maður þekkir marga harðsvíraða húseigendur, sem nota sér neyð fólksins, er myndu segja sem svo: Þið gömlu hjónin hafið lítið herbergi og eldhús, en hitt fólkið einhleypingsherbergi, og þið komizt ekki inn í húsið að öðrum kosti. Ef vandræði yrðu fyrir fólkið að fá húsnæði, myndi það e. t. v. sæta þessum afarkostum. (MJ: Ætli þeir geti þá ekki komið sér saman um að finna einhverja aðra aðferð? Það er alveg ástæðulaust að vera að benda mönnum á, hvernig þeir geti farið í kringum l.) Fjöldi einhleypra manna, námsmanna og annara, eru mjög illa stæðir, og það er engin ástæða til að nota sér neyð þessa fólks með því að hækka húsaleigu á íbúðum einhleypinga.

Hvað það snertir að það myndi verða erfitt í framkvæmdinni að bera oft upp fyrir húsaleigun. nýja leigusamninga, þá er það ekki svo stórt atriði, að það sé svaravert. Mörg herbergi eru leigð yfir alllangan tíma, og þó að menn þurfi að borga 2—3 kr. í stimpilgjald þegar leigjendaskipti verða, álít ég það svo lítinn ánmarka á l., að það sé ekki teljandi. Sjónarmiðið, er liggur til grundvallar fyrir þessum l., er að halda niðri dýrtíðinni og hjálpa þeim, sem eiga erfitt með að kosta sig sjálfir með sínum lágu tekjum og standa í skilum með greiðlsur. Ég held, að tiltölulega lítil óþægindi geti orðið af þessu fyrir húseigendur.

Um brtt. á þskj. 125,2 get ég tekið undir það, sem hv. frsm. n. sagði, að úr því að till. er komin fram, er rétt að samþ. hana, því að vafasamt er, hvort það atriði felist í frv. eins

og það er nú, þótt að vísu muni svo vera, enda í samræmi við ótvíræðan réttar-„praxis“. Margir fógetaréttarúrskurðir eru til fyrir því, að segja megi slarksömu fólki upp húsnæði, ef það hefir mikinn hávaða eða hagar sér á annan hátt ósæmilega, svo að af því stafa óþægindi fyrir aðra íbúa hússins. En það sakar aldrei, þó að þetta sé skýrt tekið fram, og tel ég því þennan lið til bóta og að rétt sé að samþ. þessa gr.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég get verið fáorður um þær brtt., sem hér liggja fyrir, þar sem búið er að gera þeim allgreinileg skil. Um brtt. á þskj. 125 hefir verið rætt allýtarlega, fyrst af hv. 1. þm. Reykv. og síðan af hæstv. félmrh., og sá síðarnefndi hefir tekið fram flest af því, sem ég vildi sagt hafa. Ég vil þó taka það fram, að meiri hl. allshn. hefir rætt þetta frv.; þriðji nm. gat ekki mætt á þeim fundi, sem við töluðum um þetta. Við, sem skipum meiri hl. í allshn., vorum ákveðnir í að mæla móti fyrri brtt. á þskj. 125, undir staflið a. og b. Hinsvegar verð ég að segja það um brtt. á þskj. 125,2, að ég get tekið undir þær röksemdir, sem færðar voru fram fyrir henni við 2. umr., að ef leigjandi hefir í frammi óspektir og bakar húseiganda óþægindi, þó að eigi sé um vanskil að ræða, geti það verið uppsagnarsök. Ég get því fallizt á þessa brtt.

Ég þarf ekki miklu við það að bæta, sem sagt hefir verið um brtt. á þskj. 125,1. Ég vil þó benda hv. flm. á það, sem mér virtist ekki koma nógu skýrt fram í ræðu hæstv. félmrh., að það er mjög títt hér í bæ, að hjón taki húsnæði, sem síðari gr. till. ræðir um. Í mörgum tilfellum er um þannig húsnæði að ræða, sem fámennar fjölskyldur láta sér nægja. Þær leigja oft eitt herbergi með einhverri útbyggingu, t. d. skot inn í eldhúsi, sem ekki er hægt að reikna sem fullkomið eldhús. Þess gætir mjög hér í Reykjavík, að margt fólk verður að sætta sig við að taka sér ekki stærri íbúðir en það notar sjálft og svo, að fjölskyldan rétt geti komizt þar inn, til þess að tryggja sér lægri leigu. Margar fjölskyldur reyna því að leigja sér einhleypingsherbergi. Það er því fjarstæða að tala um, að það sé athugavert, að l. nái til einhleypingsherbergja.

Ég get ekki verið hv. 11. landsk. þm. (MG) sammála um, að það sé ávallt framboð á húsnæði hér í bæ. Við, sem erum kunnugir hér, vitum, að eftirspurn á einhleypingsherbergjum er mjög mikil á haustin, þegar mest fjölmenni flytzt hingað til bæjarins. En á sumrum stendur oft mikill hluti þeirra auður, því að þau leigjast ekki yfir sumartímann. Ef ekki væru ljós ákvæði um þetta í l., þá gæti húsaleiga á einstökum herbergjum farið upp úr öllu valdi, þegar eftirspurnin er svo mikil, að menn verða að taka það, sem þeir geta fengið. Það er á hverjum tíma mjög varhugavert að opna hér gátt.

Um a-lið 1. brtt. á þskj. 125 má segja það, sem kom skýrt fram við 2. umr., að sú stefna, að leyfa mönnum að hækka húsnæði til samræmis við verðlag, sé ekki heppileg. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) vék að því, að rétt væri, að húsaleiga mætti fara eftir vísitölunni, sem farið er eftir við ákvörðun kaupgjalds, það er að segja, farið sé eftir þeirri verðhækkun, sem verður á vörum á hverjum tíma. En það er ekkert, sem í raun og veru gefur ástæðu til að hækka húsaleigu nema hækkun á viðhaldskostnaði og annað slíkt, nema ef um það væri að ræða, að menn færu hreint og beint að braska með húsnæði, því að þá býst ég við, að þar við lendi, að húsnæði hækki upp úr öllu valdi. Húsaleigul. eiga að vera grundvöllur fyrir því, að húsin hækki ekki óhæfilega í verði. Ég veit, að það yrði hættulegt, en yrði enginn búhnykkur fyrir húseigendur, heldur myndi það hefna sín, þegar breyttir tímar koma og allir peningar hækka í verði.

Ég vildi svo aðeins segja nokkur orð út af þeim umr., sem orðið hafa um brtt. okkar 2. þm. S.-M. á þskj. 134 um stimpilgjaldið. Það hefir verið sagt með réttu, að það væri fundið fé fyrir ríkissjóð það stimpilgjald, sem kemur fram við það, að allir húsaleigusamningar eiga að vera stimplaðir. Ég er sömu skoðunar og hæstv. félmrh., að tekjur ríkissjóðs muni sennilega aukast við þessa ráðstöfun. Ég hygg, að flestir muni vera þeirrar skoðunar, að lítill hluti þeirra húsaleigusamninga, sem gerðir hafa verið, hafi verið stimplaðir. Það hefir verið svo, að menn hafa ekki áttað sig á því, að það væri nauðsynlegt, og því hefir lítill hluti af stimpilgjaldinu komið fram við slíkar samningagerðir. Nú er það ljóst, að allir samningar hljóta að koma í dagsins ljós, ef þetta frv. verður samþ. Það er líka í beinni stefnu við frv. að íþyngja ekki leigjendum eða húseigendum með því að setja gjaldið hærra en nauðsynlegt er. Við höfum farið þá leið að setja það niður í 2 kr. og hafa það jafnt fyrir alla samninga. Við töldum ekki fært að greina þarna í milli, því að það hefði gert þetta svo margbrotið. Við komumst því að þeirri niðurstöðu, að það væri réttlátt að hafa gjaldið lágt, og hafa það lágt fyrir alla. Það má þó ekki gleyma því, að í okkar brtt. felst ekki það, að fella niður þann viðauka, sem samkv. öðrum l. er hægt að leggja á allt stimpilgjald, en það er 40%. Gjaldið verður því í raun og veru hærra en þessar 2 kr. Ég mun því halda mig við okkar till. í þessum efnum. Það má náttúrlega segja, að 1—2 kr. geri hvorki til né frá.

Að öðru leyti vil ég svo ekki tefja þessar umr.

*Magnús Jónsson: Ég veit ekki, hvort það hefir verið athugað viðvíkjandi þessu stimpilgjaldi, að ef það er hækkað upp í 3 kr., þá myndi stimpilgjaldið aukast á ódýrari íbúðum. Það sýnist vera dálítið einkennilegt, að þegar gjaldið er fært svona mikið niður á stórum íbúðum, þá er það um leið hækkað á þeim minnstu. Ég held þess vegna, að það ætti að standa, að fasta gjaldið sé allt að 3 kr., svo að ef það ætti samkvæmt stimpilgjaldsl. að vera undir 3 kr., þá eigi það að vera svo áfram. Við skulum segja, að leigan sé 50 kr.; þá á stimpilgjaldið samkvæmt l. að vera 2.10 kr., en ekki 3 kr. Ég veit ekki, hvort 40% viðaukinn nær í þetta, en ef svo er, þá er hér um verulega hækkun að ræða

á lægstu samningunum, sem eru til eins árs. Ég mun þess vegna afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. við brtt. á þskj. 134 þess efnis, að í staðinn fyrir „2 kr.“ komi: allt að 3 kr.

Við hæstv. félmrh. og hv. frsm. n., sem var honum sammála, þýðir ekkert að ræða. Þar er ekkert til annað en ástin á höftunum.

Hæstv. ráðh. sagði, að við værum komnir út á hálan ís, ef l. till. mín væri samþ. Þessi háli ís og þessi mikla hætta er ekkert annað en það, sem er á valdi n. Það getur vel verið, að hæstv. félmrh. vilji gefa henni þennan vitnisburð fyrirfram, að allt fari í handaskolum, sem hún gerir. Ég get þó sagt honum það, að húsaleigunefndin gamla varð fljótlega svo glögg á þetta, að hver íbúð fékk verð í huga hvers nm. svo að segja um leið og þeir litu á hana. En þá mátti líka n. meta hverja íbúð. Ég þykist vita, hvernig þetta yrði framkvæmt, ef mín till. yrði samþ. Það myndi verða þannig, að leigan stæði föst í gömlu húsunum, en það væru svo að segja öll þau hús, sem nú eru í Rvík. Leigan gæti aðeins farið að hækka, þegar það sýndi sig, að menn skirrðust við að byggja ný hús, af því að menn gætu ekki fengið þá leigu, sem gæti borgað vexti af peningunum, sem í húsin fara, en þá væri leigan líka hækkuð til samræmis í þeim húsum, sem væru svo ný, að þau væru sambærileg við nýju húsin.

Ég vil segja hæstv. félmrh. og öðrum, sem fylgja honum, að þeir eiga alltaf eftir að svara, hvernig þeir geti búizt við, að ný hús komi upp í bæjunum, ef þetta frv. verður að l. eins og það er nú. Hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þessa leið við 2. umr.: Ég hygg, að húsum muni verða komið upp. Þó hyggjuvit hans sé mikið, þá er það þó ekki svo mikið, að menn þurfi engin önnur rök. Hann er ekki svo spakur, að ekkert annað geti komið til greina en það, sem hann spáir.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvaða möguleika hann hugsar sér á því, að menn muni reisa ný hús undir þessum l. til þess að leigja út. Ég get skilið, að það geti komið fyrir, að menn reisi privat hús handa sjálfum sér, en að menn byggi eingöngu til að leigja út, það skil ég ekki, að geti komið fyrir. Eða hvað hefir hann í bakvasanum til þess að geta látið menn byggja ný hús? Það á að meta húsaleigu í þeim, en hún hlýtur að verða hærri en í öðrum húsum, svo að aðstaðan til að leigja þau verður miklu verri en í hinum eldri húsum. Hún er þess vegna dálítið einkennileg þessi dæmalausa umhyggja fyrir öllum, en nær þó ekki til þeirra, sem þurfa nýjar íbúðir og eiga eftir að stofna heimili, en það munu vera um 200 á ári hér í Rvík. Engum má segja upp, nema fyrir vanskil, og engum dettur í hug að byggja ný hús. Ef mín brtt. verður samþ., þá setur hún þetta í það horf, sem það var í með gömlu l., sem þóttu þó full stíf. Þau voru þó þannig, að nýbyggingar hófust.

Hv. 11. landsk. talaði um, að hann hefði getað verið með í því að flytja frv., af því að hér væri ekki að ræða um nema bráðabirgðaráðstöfun. Það mun þó sýna sig, að hér er ekki að ræða um neina bráðabirgðaráðstöfun, heldur mun þetta harðna alltaf meir og meir, því fólkinu fjölgar, en húsunum ekki.

Það er náttúrlega hægt að reyna að stimpla mig sem fulltrúa húseigenda, en ég hefi ekki neitt meiri áhuga fyrir hag húseigenda en leigjenda. Ég vil líta á beggja hag, þannig að ef l. eru sett um þetta, þá sé komið í veg fyrir okur, og það sé sett á vald húsaleigunefndar, hvað sanngjörn leiga sé talin á hverri íbúð.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, þangað til ég fæ svar við því, hvernig þessir góðu menn hugsa sér, að viðbót komi við húsnæði það, sem til er í bænum.

Ég sé, að það er meiningin, að allt sé blýfast, að því er snertir einstök herbergi. Það er m. ö. o. alvara að verja einhleypa fólkið líka. Ég hafði þó talið, að þessi l. ætti aðallega að setja til þess að vernda fjölskyldufólkið, því sannleikurinn er sá, að það er einhleypa fólkið, sem eyðir peningum. Það er óhætt að segja, að mest af því orði, sem fer af Reykjavík fyrir eyðslu, stafar af einhleypa fólkinu. Menn spyrja: Hvernig geta bióin alltaf verið troðfull og hvernig getur fólk alltaf sótt skemmtanir? Ég hygg, að þessi aðsókn stafi að verulegu leyti frá einhleypa fólkinu.

Ég vil leyfa fjölskyldufólki, sem á erfitt með að komast af, að fá tækifæri til að hækka leigu þeirra herbergja, sem það leigir út frá sér, fyrir utan það að fólk þrengir meira að sér, ef það getur fengið riflega húsaleigu fyrir einstök herbergi. Þau herbergi, sem verða á boðstólum, verða færri, ef mín brtt. verður ekki samþ. Mér hefir verið bent á, að það væri kannske réttara að orða það þannig, að það væru einstök herbergi, sem leigð væru út frá íbúðum, þar sem sá möguleiki væri fyrir hendi, að menn byggðu hús með einstökum herbergjum, en ég álít ekki nema eðlilegt, að þesskonar húsnæði komi undir l.

Ég skaut því fram í hjá hæstv. ráðh., þegar hann var að benda á, hvernig fara mætti kringum l. með því að taka t. d. 5 herbergja íbúð og láta það heita svo, að krakkarnir tækju 3 herbergin, að það væri óhugsandi, að nokkur maður reyndi að fara kringum l. til þess að fá að borga meira fyrir íbúðina en annars. En yfirleitt eru litlar líkur til, að l. nái til þeirra, sem koma sér saman um eitthvað. Ef einhver kemur sér saman við einhvern annan, sem er í vandræðum, og hann lofar að borga meira fyrir íbúðina, þá eru hundrað aðferðir til þess að komast í kringum l., ef hinn kærir ekki.

Ég þykist nú sjá, að það eigi að taka einstök herbergi undir l., svo ég læt mér þetta nægja.

Hv. frsm. n. minntist á þá einu ástæðu, sem gæti komið til greina í þessum efnum, að það væri erfitt að skilgreina, hvað væru einstök herbergi, því að maður gæti hugsað sér, að einhver leigði einstakt herbergi, en fengi að elda úti á gangi. Ég skal játa, að þesskonar gæti komið til greina, en ég held satt að segja, að fjölskyldur, sem gera slíkt, en það er yfirleitt ekki gert nema út úr neyð, mættu fá dálítið hærri leigu fyrir. Ég vil, að þessi l. séu yfirleitt sett til þess að vernda fjölskyldur, sem

eiga erfitt með að komast af og vilja mikið á sig leggja til þess að lækka sína húsaleigu með því að leigja út frá sér.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. með tilmælum um, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt brtt., sem er við brtt. á þskj. 134, frá hv. 1. þm. Reykv., að í stað orðanna „2 kr." komi: allt að 3 kr.

Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, svo það þarf tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 169) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það voru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 1. þm. Reykv.

Hann kvartaði undan því, að við fyrri umr. hefði ekki verið svarað þeirri spurningu hans, hvernig mér og öðrum gæti dottið í hug, að húsbyggingar ættu sér stað í bænum eftir að slík l. væru sett. Þótti honum mitt svar ófullnægjandi, þar sem ég sagði, að það myndu verða aðrar ástæður, sem yrðu þess meir valdandi, að menn byggðu ekki ný hús. Ég held líka, að það sé mála sannast, að það verði allmikil tregða á því, að menn byggi ný hús á svona dýrum tíma, alveg án tillits til löggjafar um húsaleigu. Ef sleppt væri nú samt því atriði og menn vildu samt sem áður byggja, þá kemur að því atriði, sem hv. þm. taldi, að riði baggamuninn, en það væri löggjöf eins og þessi, svo að menn myndu samt hætta við að byggja. Ég er á allt annari skoðun en hv. þm. um þetta. Ef menn vilja byggja hús þrátt fyrir mikinn aukinn byggingarkostnað og fá innflutningsleyfi fyrir efni, þá er ekkert það í þessum l., sem ætti að vera hindrun gegn því, að menn reistu hús.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að leigan sé metin í nýjum húsum, og auðvitað er gert ráð fyrir, að húsaleigunefndin meti þá leigu á þá lund, að þeir, sem byggja, geti leigt húsin út sér að skaðlausu.

Þá segir hv. 1. þm. Reykv., að það verði tvennskonar leigumáti, dýrari í nýjum húsum og ódýrari í eldri húsum, sem byggð voru áður en byggingarefni og allur kostnaður hafði aukizt. Þetta er rétt, að það gæti að því leyti myndazt tvennskonar leiga í mjög skyldum húsum. Ég býst nú við, að ef um húsnæðisvandræði væri að ræða, þá myndu þeir, sem húsnæði þurfa, ekki setja fyrir sig að flytja inn í nýjar íbúðir, þótt þær væru litið eitt dýrari, og það sérstaklega fyrir þá sök, að þessi l. gera það að verkum, að það verður miklu minna um breyt. á leigu en áður var.

Ég skal játa, að það er ekkert skemmtileg hugsun, að þeir, sem þurfa á nýju húsnæði að halda, skuli þurfa að borga fyrir það meira en margir aðrir leigutakar, en við því er ekkert hægt að gera. Það er enginn sælli, þótt hann viti, að meðbræður hans verði líka fyrir miklum útgjöldum, eins og hann sjálfur. Það eru víst fáir, sem hugga sig við það, að allir aðrir þurfi að sæta sömu kostum og þeir sjálfir. Þegar þetta er skoðað út frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar, þá verður að vernda hinn stóra hóp eins vel og hægt er, en hina er ekki hægt að vernda fyrir hækkaðri húsaleigu, þar sem leigan verður að vera hærri í nýju húsnæði. Ég býst við, að sá húsnæðisskortur, sem hlýtur að koma upp, ef stríðið verður langvinnt, geri það að verkum, að það verði ekkert torvelt fyrir menn að leigja út frá sér.

Þá hefi ég svarað spurningu hv. 1. þm. Reykv., hvort sem hann er ánægður með svarið eða ekki. (**MJ:** Ég er óánægður með það).

Út af þeirri aths. hv. þm., að það væri ekki allt leyst úr böndunum, ef samþ. væri a-liður 1. brtt. hans, því böndin væru samt sem áður til staðar, þar sem væri vald húsaleigunefndar til þess að ákveða leiguna, þá er því að svara, að húsaleigunefnd er eftir till. hv. þm. gefið undir fótinn með það að hækka gamalt húsnæði til samræmis við hinn aukna kostnað við að lifa í landinu. Það væri m. ö. o. þannig, að húsaleigan hækkaði jafnmikið yfirleitt eins og aðrar nauðsynjavörur manna hækkuðu í verði. En það er einmitt tilgangurinn með frv., að hindra það, að þessi nauðsynjavara, sem húsnæðið er, hækki svo í verði að ástæðulausu, eða eins og þarf að hækka þær vörur, sem eru aðfluttar. Ef slíkar till. væru samþ., þá er þar með kippt öllum stoðunum undan þeim till., sem felast í frv.

Um einhleypingsherbergi og þá till. hv. þm., sem þeint er að þeim, þarf ég ekki að segja neitt frekar en áður hefir verið gert. Það kom ekkert fram í ræðu hv. þm., sem hnekkti þeirri röksemd minni, að engin ástæða væri til að sleppa hendinni af einhleypingsherbergjunum og láta þau hækka upp úr öllu valdi. Það er ekkert réttlæti í því í sjálfu sér, auk þess sem aðrar fullgildar ástæður mæla með því, að tillit sé tekið til einhleypinga, en **ég læt mér** nægja að vísa til þess, sem ég hefi áður sagt um það atriði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég þakka n. fyrir, að hún hefir tekið til athugunar það, sem ég minntist á við 2. umr. málsins, og er ég ánægður með hennar lausn á því máli.

Svo er það till. á þskj. 125, sérstaklega b-liður, sem ég er að nokkru leyti með og að nokkru leyti ekki. Ég held, að það þurfi að orða hann dálítið öðruvísi til þess að hann nái því, sem ég býst við, að honum sé ætlað að ná. Ef till. er samþ. eins og hún kemur fyrir, þá skilst mér, að húseigandi, sem á hús, sem í eru 3 íbúðir, sem allar eru leigðar út og hver íbúð 3 herbergi, geti breytt til og leigt hverja út með 2 herbergjum og einu herbergi sér, og yfir þetta eina herbergi nái þá ekki húsaleigul. á neinn hátt. Það er ekki leigt út frá íbúð, heldur af húseiganda sjálfum. (**MJ:** Þá ná l. til þess). Það er leigt frá íbúð, en ekki af þeim, sem hefir íbúðina á leigu. Ég held þess vegna, að það væri réttara að orða b-liðinn um.

Það er annars svo mikið umstang við þessi einhleypingsherbergi, að þurfa stöðugt að vera

í nefndinni með þau og láta stimpla nýja og nýja samninga fyrir þennan og þennan mánuð. Það er sömuleiðis viðurkennt, að mikið af einstaklingsherbergjum stendur autt mikinn tíma af árinu. Þess vegna hefi ég lagt til, að b-liður orðist þannig, að það næði ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir út frá sinni eigin íbúð. Eins og vitað er, eru það margir, sem þrengja að sér og fjölskyldu sinni tíma og tíma og leigja út af íbúð sinni, og vil ég því leggja til, að þessi brtt. mín verði samþ., og afhendi ég hana nú forseta.

Forseti (EÁrna): Hv. 1. þm. N.-M. hefir afhent mér skrifl. brtt., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 170].

Brtt. er of seint fram borin og skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði til þess að hún verði tekin til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Aðeins örstutt aths. Ég vildi bara þakka hæstv. ráðh. fyrir, að hann svaraði mér um það, hvaða möguleikar væru fyrir nýbyggingum í bænum, það gæti ekki komið til nema tvennskonar leiga, og sú leiga getur ekki staðizt. Unga fólkið, sem þarf að byggja í framtíðinni, fær bara það svar, að það geti verið ánægt, því það hafi ekki verið farið svona með aðra, það fær ekki þá huggun, að sætt sé sameiginlegt skipbrot. Ég veit, að tíminn leiðir þetta í ljós, og að nýbyggingar geta ekki stöðvazt, svo að þessu verður að breyta, þótt það verði ekki núna. Um brtt. hv. 1. þm. N.-M. get ég sagt, að ég get fallizt á hana. Einstök herbergi mættu vera undanþegin lögunum, og var það það, sem ég átti við, þegar ég talaði um að leigja út frá íbúðum. Það er laukrétt, sem hann sagði, að fjöldi af einstökum herbergjum standa auð töluverðan part af árinu, m. a. vegna þess, að mörg hundruð, já, mörg þúsund manns koma til Reykjavíkur og leigja herbergi að vetrinum, sem svo er ekki hægt að leigja út að vorinu, og standa þau þá auð hálft árið. Það er þess vegna óeðlilegt, að hið sama gildi um þau og heilar íbúðir.

***Ingvar Pálmason:** Út af skrifl. brtt. hv. 1. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég skil, hvað fyrir honum vakir. Það er það, að ekki verði hækkað stimpilgjald af þeim leigusamningum, sem eftir stimpilgjaldslögunum mundu nú greiðast með gjaldi innan við 3 kr. Ég skil þetta, en held, að hans brtt. geti tæplega fallið inn í brtt. á þskj. 134, því að þar stendur: „Meðan lög þessi eru í gildi, skal stimpilgjald af húsaleigusamningum ekki reiknað skv. 39. gr. laga nr. 75 1921, heldur vera fast gjald, 2 kr. fyrir hvern samning. Í Reykjavík annast húsaleigunefnd stimplun slíkra samninga.“ Ég held, að ef hans hugmynd ætti að nást, þurfi að orða till. um. Ég játa það, að þegar við höfðum þetta til meðferðar í n., sáum við þetta og fórum því svona neðarlega. Við vildum, að meðan þessi regla væri, yrði hún einföld, og held ég, að það borgi sig tæplega að gera þær breyt., sem yrðu til þess, að hún yrði margbrotnari. Þetta er lítið gjald, ekki nema 2 kr. Það má segja, að þegar það er greitt oft á ári, geti það munað fyrir leigutaka, og það, sem vakti fyrir okkur, var að koma í veg fyrir ósamræmi.

Brtt. hv. 11. landsk. fellur inn í okkar till., og geri ég ekki að neinu atriði, hvort stimpilgjaldið er 2 kr. eða 3 kr., en held, að brtt. hv. 1. þm. Reykv. sé varhugaverð, þótt ég viti, hvað fyrir honum vakir.

***Magnús Jónsson:** Ég vildi aðeins segja örfá orð viðvíkjandi ræðu hv. 2. þm. S.-M. Ég tók eftir því, þegar ég skrifaði mína brtt., að hún féll illa inn í, og vil ég segja það, að eftir hans ræðu hefir þetta dregizt enn greinilegar fram í huga mínum, og sé ég glöggt það ósamræmi, sem er í því, sérstaklega þar sem vafi er á, hvort farið er eftir lögunum frá 1921, eða það mætti skiljast svo sem það væri á valdi einhvers aðila. Ég vil samt ekki, að þessi hugmynd fari forgörðum. Ég vil benda á eitt atriði í því, ef einstök herbergi eiga að falla hér inn í, og það er, þegar leigusamningar eru gerðir, kannske 4 sinnum á ári fyrir herbergi, sem kosta 20 kr. á mán. eða jafnvel ekki nema 15 kr., hvílíkur kostnaður það er hlutfallslega. Ef umr. yrði lokið núna, vildi ég óska að málið yrði tekið út af dagskrá, því að þetta er ekki nema orðalagsatriði, því að menn sjá, að ef fyrir 20 kr. herbergi á að greiða stimpilgjald 4 sinnum á ári, er það allmikið og nær engri átt. Þótt brtt. mínar og hv. 1. þm. N.-M. yrðu samþ., yrðu samt nokkur herbergi, sem falla undir þetta, og mundi það lítið tefja málið, þótt atkvgr. yrði frestað, svo hægt væri að ganga vel frá þessu atriði.

***Ingvar Pálmason:** Ég vil náttúrlega ógjarnan, að málið tefjist öllu lengur, og vil ekki stuðla að því, en gat ekki varizt því að benda á þetta. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það er óviðkunnanlegt, að húsaleigusamningar, sem breytt er um 4 sinnum á ári, séu borgaðir 4 sinnum með 2 kr. gjaldi, jafnvel af 15 kr. herbergjum. Þetta er ekki af því, að hér sé ekki um lítið atriði að ræða, heldur verður ákvæðið að vera alveg skýrt, og það er í þessari gr. tekið skýrt fram, að ákvæði laga frá 1921 komi ekki til framkvæmda. Þess vegna verður ákvæðið að vera alveg skýrt. (**MJ:** Það gæti orðið 8 kr. stimpilgjald af 15 kr. herbergi, en 2 kr. af 500 kr. íbúð.) Þetta er rétt, ef maður á að hlynna að því, að þessar íbúðir verði leigðar sem oftast út. En ef brtt. hv. 1. þm. N.-M. verður samþ., dregur það mikið úr, og ég vildi láta skeika að sköpuðu með það, ef eitthvert ósamræmi kemur inn í, og verðum við þá að treysta því, að það verði lagað í Nd. En það sjá allir, að ef brtt. hv. 1. þm. N.-M. verður samþ., þá er engin ástæða til að koma með brtt. við þessa till. okkar, enda ákaflega erfitt að synda fyrir öll sker.

***Magnús Gíslason:** Út af umr. um 2. brtt. á þskj. 134, og sérstaklega eftir framkomna brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. við mína brtt., skilst mér,

að þennan ágreining mætti jafna með því að orða till. á annan veg. Það, sem mér finnst vaka fyrir honum, er, að hann vill ógjarnan, að tekið sé jafnhátt gjald af öllum samningum, og er það rétt, en það, sem vakir fyrir flm. till. á þskj. 134, er, að hámarkið skuli vera þetta. Þess vegna væri hægt, ef ég mætti koma fram með nýja brtt., að synda fyrir þetta. Tillaga mín er á þessa leið: [Sjá þskj. 172]. Mun ég þá hér með taka mína fyrri till. aftur.

Forseti (EÁrna): Mér hafa borizt 2 skrifl. brtt., önnur frá hv. 2. landsk. þm., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 171]. Hin till. er frá hv. 11. landsk. þm. og hljóðar svo: [Sjá þskj. 172].

Til þess að þessar brtt. verði teknar til meðferðar þarf að veita tvöföld afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég vildi, áður en þetta mál er afgr. frá þinginu, stuttlega láta í ljós mitt álit á málinu í heild sinni. Ég hefi ekki orðið var við það í þeim umr., sem hafa farið fram, að það hafi nokkurstaðar bólað á þeirri hugsun, að nokkra skilgreiningu ætti að hafa á því, nú þegar ekki má breyta neinni húsaleigu, hvort sú húsaleiga, sem hefir gilt á þeim og þeim stað, hefir verið há og ósanngjörn eða lág og sanngjörn; nú skal setja allt í sömu skorður. Þar, sem húsaleigan hefir verið ósanngjörn, skal hún vera það áfram. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem mér finnst, að þeir, sem hafa verið forgöngumenn þessa máls, ættu að taka tillit til. Mér finnst hér vera verið að reyna að fyrirbyggja eitthvað, sem menn búast við, að komi, en ekki er komið. Ég hefi ekki vitað neitt til þess, að húseigendur séu farnir að hækka húsaleiguna (PZ: Þeir geta það ekki). Nú, er það ekki nægilegt? En hvað verður 14. maí? Nú sér maður svo margar auglýsingar um húsnæði í blöðunum, að ekki er hægt að telja víst, að húsaleiga rjúki upp úr öllu valdi. Þetta er nú það fyrsta, en svo er sá stóri agnúi á, að hér er áreiðanlega stigið spor til þess, að ómögulegt sé að halda áfram að byggja yfir fólk hér í Reykavík, og mér þykir kynlegt, að menn skuli ekki sjá það, að slíkar hömlur á því að byggja hús hér í Reykjavík hafa þær tvöföldu verkanir, að hækka húsaleiguna á einhvern hátt, jafnvel þótt lög séu sett um hana, og að ennþá minnkar sú litla vinna, sem ennþá er við húsabyggingar hér í Reykjavík. Ég býst við, að menn svari því, að það verði hvort sem er ekkert byggingarefni flutt inn, en þetta er talað út frá því ástandi, sem nú er, og engin vissa er fyrir því, hvað skeður næsta ár. Ég tel, að þegar svona löggjöf er komin á, verði hún kærkomin þeim, sem vilja, að ekki verði byggt í Reykjavík. Það er líklega óhætt að segja, að það sé heill stjórnmálaflokkur, sem lætur það boð út ganga, að í Reykjavík sé of mikið byggt. En þörf fólksins segir annað, ef rétt er það, sem komið hefir fram í umr. um þetta mál, að þörfin aukist um 200 íbúðir á ári. Mér þykir sem hér sé um vafasamt atriði að ræða, ef skoða á þetta mál hagsbótaatriði fyrir almenning, og það á fleira en einu sviði. Ég er ekki viss um, að ég vilji kaupa það því verði, að húsaleiga haldist í sömu skorðum og nú, að stöðvun komist á byggingar og að ennþá bætist ofan á það atvinnuleysi, sem fyrir er í bænum. Hér hefir verið nokkuð rætt um stimpilgjald, sem koma á á húsaleigusamninga. Réttlætið er þar ekki meira en svo, að það er alveg sama stimpilgjaldið fyrir að leigja út dýra íbúð, sem kostar svo hundruðum króna skiptir, eins og fyrir að leigja út eitt kvistherbergi, sem kostar 20 kr. eða svo. Þetta er ekkert verulegt atriði, en ég benda bara á það til þess að sýna fram á, að þetta er bæði með stóra og smáa agnúa. Það sýnir, að það fer svo með þessi lög eins og aðra vanburða löggjöf síðari tíma, sem borin er uppi af sósialistum og kommúnistum og stuðningsmönnum þeirra, að þar höggur sá, er hlífa skyldi. Þegar á að fara að knýja fram þvingunarlög og halda niðri húsbyggingum, svo að menn eru ekki sjálfráðir sinna eigna, er það a. m. k. í mínum augum mjög vafasamt.

Ég er þess vegna ekki í neinum vafa um mína afstöðu. Ég greiði atkv. móti þessu húsaleigufrv., vegna þess að það er mín sannfæring, að það er leiðin til þess að auka vandræði og gera þeim ógagn, sem það á að koma að gagni.

ATKVGR.

Brtt. 168 og 169 teknar aftur.
— 125,1.a felld með 8:5 atkv.
— 170 felld með 8:8 atkv.
— 125,1.b felld með 8:6 atkv.
— 125,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 134,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 172 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn, JJós.

nei: JJ, PHerm, PZ SÁÓ, BSt, IngP, EÁrna.

BrB, ErlÞ, HermJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 171 felld með 8:3 atkv.
— 134,2 samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, ErlÞ, EÁrna.

nei: PZ.

JJós, MG, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB greiddu ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 173).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 173, n. 338).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti! Á síðasta ári, þegar sú ákvörðun var tekin, að fella gildi íslenzku krónunnar, þá var jafnframt fyrirhugað af ríkisstj. og Alþ. að gera ráðstafanir til þess, að dýrtíðin ykist ekki fyrir allan almenning í sama hlutfalli og krónan félli. Í þessum tilgangi voru sett ákvæði í 7. gr. l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, þar sem svo er fyrir mælt, að leiga eftir húsnæði megi ekki hækka, og jafnframt var bannað að segja upp leigusamningum af hálfu húseigenda, nema þeir þyrftu sjálfir að nota húsnæðið. Þá voru sett ákvæði um skipun 3 manna húsaleigunefndar, þar sem ríkisstj. tilnefndi 2 menn og sá þriðji var útnefndur af hæstarétti, og var hann oddamaður. Þessi lög gilda til 14. maí 1940. Á þessu þingtímabili hefir hinsvegar orðið sú breyting, að styrjöld hefir brotizt út, og af henni hefir leitt aukna dýrtíð, þrátt fyrir það þótt stjórnarvöldin hafi með ýmsum ráðstöfunum reynt að halda dýrtíðinni niðri. Af þessari ástæðu hefir á þessu þingi verið borið fram frv. til laga um húsaleigu, þar sem tekið er upp ákvæðið úr 7. gr. tilgreindra laga frá síðasta ári um húsaleigu, og í þessi lög er það einnig tekið upp, að ómögulegt er að hækka leigu eftir húsnæði eða segja húsnæði upp. Hinsvegar eru í þessu frv. ýms fyllri ákvæði heldur en í 7. gr. laganna frá fyrra ári. Það er sá munur á þessu frv. eins og það er nú og 7. gr. l. frá síðasta Alþingi, að nú er heimilt að hækka húsaleigu eftir mati húsaleigunefndar, ef sýnt er, að viðhaldskostnaður hefir aukizt, og skattar og vaxtabyrðar hafa aukizt, og einnig ef sýnt er fram á, að húsnæðið sé leigt lægra en tilsvarandi húsnæði á sama stað. Þessi ákvæði eru bein afleiðing af þeirri miklu dýrtíð, sem hefir risið upp. Eftir því sem ég hefi fengið upplýsingar um hefir orðið frá því styrjöldin byrjaði 80% hækkun á timbri, 85% á sementi, 82% á málningarvörum og vinnu, veggfóður hefir hækkað um 40% og raflagningarvinna og efni um 46%, þannig að það leiðir af sjálfu sér, að það verður að veita húseigendum heimild til þess að hækka húsaleigu í samræmi við það efni, sem þarf til viðhalds húsnæðinu. Í Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur hafa komið fram tilmæli um, að húsaleigunefndinni væri veitt heimild til þess að leyfa að hækka húsaleiguna að einhverju leyti í samræmi við grunntöluna, sem heimiluð er, þannig að húseigendur gætu hækkað húsaleiguna sjálfir. Allshn. hefir haft þetta atriði sérstaklega til athugunar og hefir ekki treyst sér til þess að setja þetta ákvæði inn í. Hinsvegar leiddi þetta til brtt. um, að hækka megi húsaleigu eftir mati, ef um vaxta- og skattahækkanir eða annað þess háttar er að ræða. M. ö o. húsaleigunefndin hefir þarna frjálsari hendur heldur en gert er ráð fyrir í frv.

Í 6. gr. er húsaleigunefnd gert að skyldu að kynna sér svo vel sem unnt er allt, sem getur haft áhrif á húsaleigu, og taka til athugunar húsaleigu almennt. Með þessu telur allshn., að grundvöllur sé fundinn fyrir því, að húseigandi geti fengið það aftur hjá leigutaka, sem hann þarf að kosta meiru til en áður. Ef allshn. hefði haft það alveg opið fyrir húsaleigunefnd að hækka húsaleigu í réttu hlutfalli við hækkun visitölunnar, mundi ekki vera neitt það aðhald til þess að halda húsaleigu niðri, sem tilheyrir og verður að réttlætast af því ástandi, sem nú ríkir. Það má jafnvel segja, að ef þetta ákvæði væri sett inn í frv., væru þessi húsaleigulög alveg gagnslaus. M. ö. o. alveg eins og engin lög hefðu verið sett. Allshn. hefir þess vegna reynt að fara þarna bil beggja og taka tillit til hvorstveggja, bæði þess að halda húsaleigu niðri, eftir því sem frekast er hægt, og hinsvegar að taka fullt tillit til þeirrar hækkunar, sem orðið hefir á efni og vinnu, sem húseigendum er skylt að leggja til, og það er í þessu skyni, sem húsaleigunefnd á að hafa óbundnar hendur, þannig að þetta fari eftir mati hennar í hvert einstakt sinn.

Ég vil taka það fram, að það er misskilningur hjá stjórn Fasteignaeigendafélagsins, að það þurfi að taka fram um það í lögunum, að sú hækkun, sem þurfi að gera á leigunni, gildi frá gildistöku l. frá 1939. Stjórn Fasteignaeigendafélagsins fer fram á, að þetta komi til framkvæmda frá 4. apríl 1939. Þetta er byggt á misskilningi. Það, sem kemur til álita fyrir húsaleigunefndina, er það, hvenær húsaleigusamningurinn er gerður. Ef maður hefið komið í húsnæði fyrir 4. apríl 1939 og situr í því enn, og húseigandi hefir orðið að kosta svo og svo miklu upp á þetta húsnæði, á húsaleigunefnd að taka það til greina, hvenær húsnæðið var tekið á leigu og með hvaða leigu. Ef hinsvegar að samningurinn hefir verið gerður t. d. fyrir nokkrum dögum, hefir væntanlega verið tekið tillit til þeirrar verðhækkunar, sem orðin er, þ. e. húsaleigunefnd verður að taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem orðin er, þegar leigutaki kemur í húsnæðið.

Allshn. hefir gert eina breyt. við frv. frá því, sem það var, þegar það kom inn í þingið, og er hún á þá leið, að lögin taki ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem húseigandi eða leigutaki leigir út frá sinni eigin íbúð. Einn nm. skrifaði undir þetta atriði með fyrirvara. Mér skilst það vera rétt, að láta ekki þessi ákvæði ná til herbergja, sem leigð eru út frá íbúðum. Ég geri ráð fyrir því, að jafnframt því, sem dýrtíðin vex, muni fjölskyldur reyna að þrengja að sér eins og þær geta, og fólk muni leigja út frá íbúðum sínum eitt og eitt herbergi, sem það annars mundi nota sjálft. Mér finnst ekki nema sanngjarnt, að húsaleiga sé, hvað snertir þessi herbergi, óbundin, og tel enga hættu á því, að leigan fyrir þau hækki svo mjög, þótt leigan nái ekki til þeirra, af því að það hefir sýnt sig, að hér í Reykjavik hefir verið ótakmarkað framboð á einstaklingsherbergjum, og ef fjölskyldur þrengja nú meira að sér, verður framboðið meira en áður, og afleiðingin sú, að leigan hækkar ekki. Ég held líka,

að ríkisstj. eða félmrh., sem lét flytja þetta frv., hafi upphaflega ekki ætlað sér að láta lögin ná til einstakra herbergja, og er það vegna þess, að hækkun eða lækkun á samkv. 1. gr. ekki að koma til framkvæmda nema 14. maí eða 1. október, en flutningsdagar einstakra herbergja eru alls ekki miðaðir við þetta. Það er aðeins fyrir íbúðir, að ekki er hægt að segja upp nema 14. maí eða 1. október, en herbergjum er hægt að segja upp hvenær sem er með ½ mán. fyrirvara. Ég held þess vegna, að það hafi ekki verið meiningin, að þetta næði til þessara herbergja.

Í 2. gr. frv. segir, að húseiganda sé óheimilt að segja upp húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig, eða vegna vanskila og annara samningsrofa, eða ef leigutaki fremur eitthvað það, sem geri húseiganda óþolandi að hafa hann í húsum sínum. Þessu höfum við viljað breyta þannig, að hann geti sagt leigutaka upp, ef það er verulega óþægilegt fyrir húseiganda að hafa leigutaka í húsum sínum, og verður það að vera eftir mati húsaleigunefndar í hvert skipti, hvort það telst verulega óþægilegt.

N. hefir flutt till. um það, að húsaleigunefnd verði skipuð á sama hátt og áður, að ríkisstj. tilnefni 2 menn og hæstiréttur einn, í staðinn fyrir það, sem frv. gerir nú ráð fyrir, að Alþýðusambandið tilnefni einn mann, Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur einn og hæstiréttur einn. N. hefir skilizt, að það fyrirkomulag, sem hefir verið á þessu, hafi reynzt vel, og hygg ég, að allshn. hefðu borizt bréf um það, ef óánægja hefði verið með skipun n. eins og nú er, og hefir n. þess vegna ekki séð ástæðu til þess að breyta til. Það er frekar hægt að búast við verulegum ágreiningi, ef n. er skipuð frá Alþýðusambandinu — fulltrúi þess mundi telja sig umboðsmann leigutaka — og manni frá húseigendafélaginu, sem mundi telja sig umboðsmann þeirra, heldur en ef hún er skipuð þrem óvilhöllum mönnum.

Með þessum breyt., sem ég nú hefi lýst, vill allshn. mæla með því, að frv. verði samþ.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Ég vildi aðeins minnast nokkrum orðum á brtt. allshn. Það eru tvær efnisbreytingar frá ákvæðum frv.; um herbergi, sem leigð eru út frá íbúðum, og um skipun húsaleigunefndar. Hvað snertir skipun húsaleigunefndar eru till. n. í samræmi við það, sem var í frv., þegar það var lagt fram í Ed., og get ég fallizt á, að frv. verði aftur breytt í það horf, sem var í byrjun hvað þetta snertir, og vil taka það fram, að það er síður en svo, að nokkrar umkvartanir hafi komið fram út af störfum húsaleigunefndar hér í Reykjavík, og hefir val hennar tekizt vel. Væri því vel við unandi, að hún væri skipuð á sama hátt. Hin efnisbreytingin er um það að undanskilja ákvæðum laganna einstök herbergi, sem leigð eru út frá íbúðum. Ég er hræddur um, að það ákvæði mundi leiða til þess, að tilraunir yrðu gerðar til þess að fara kringum ákvæði laganna. Ég sé enga þörf á því að undanskilja þessi herbergi og get því ekki mælt með þessari breytingu.

Aðrar brtt. eru smávægilegar, en ég vil þó minnast á brtt. n. um orðin, sem eiga að bætast inn í 1. gr. Mér finnst þau opna nokkuð víðtækt svigrúm um, hvað til greina gæti komið til þess að hækka húsaleigu, og ég er ekki viss um, að rétt sé að gefa svo undir fótinn með það, og mundi það verða til þess að skapa frekari ágreining en orðinn er um það atriði. Ég vildi spyrja hv. n. að því, hvort hún hafi haft nokkur önnur atriði í huga en þau, sem talin eru upp í gr., þegar hún leggur til, að þessum almennu orðum „og annars þess háttar“ sé bætt inn í, þar sem þessi orð opna gáttirnar meira en eðlilegt er. Í öðru lagi er það þar, sem nefndin leggur til, að í stað orðsins „óþolandi“ komi orðin „verulega óþægilegt“, og finnst mér, að einnig sú brtt. stefni í þá átt, að gera svigrúmið meira, en ég legg ekki verulega upp úr því.

*__Frsm. (Garðar Þorsteinsson):__ Það, sem n. meinti með því að setja þarna orðin „og annars þess háttar“, var það, að hún vildi ekki útiloka, að komið gætu fram einhver þau atriði, sem húseigendur með rökum gætu sýnt fram á, að ættu að valda hækkun á húsaleigu. N. vildi fyrirbyggja, að það gæti skoðazt sem tæmandi, sem talið var upp. Ég vil aðeins geta þess út af því, sem hv. ráðh. sagði um einstök herbergi, að skv. 4. gr. er skylt að leggja fyrir húsaleigunefnd alla leigusamninga, sem gerðir eru eftir gildistöku laganna. Nú leiðir það af sjálfu sér, að það er ekki tilgangurinn að gera þetta þannig, að það verði óeðlilega umfangsmikið, en ef ekki má leigja út eitt herbergi í einn mánuð, án þess að það komi undir þessi lög, leiðir það af sjálfu sér, að starf húsaleigunefndar yrði svo mikið, að hún mundi ekki komast yfir það. Herbergi eru hér leigð út til ½ mán. og eins mánaðar í senn, og ef fara á eftir þessu, yrði það ókleift verk. Þá er eitt, sem ég minntist ekki á áðan, og það er það, að viðhaldið á þessum herbergjum er meira en á leiguibúðum, af því hve oft er skipt um leigutaka. Það er þess vegna aukin vinna fyrir húsaleigunefndina, að þurfa að setja sig inn í það, hvað veggfóður kostar á hverjum tíma. Ég meina, að við eigum ekki að setja þetta allt í viðjar, heldur sjá til þess, að húsaleiga hækki ekki. Þegar útlit er fyrir, að fjölskyldur muni þrengja að sér, verður framboðið á herbergjum meira, auk þess sem ókleift er er leggja alla samninga fyrir húsaleigunefndina.

Vænti ég svo, að hv. d. geti fallizt á þessi rök fyrir því að undanskilja einstök herbergi. Ég vil benda á það, að ekki er ætlazt til þess, að þessi lög gildi lengur en brýn nauðsyn krefur, og að heimilt er að fella þau niður með konunglegri tilskipun, og er það óvanalegt, að lög séu upphafin á þennan hátt.

__Skúli Guðmundsson:__ Í lögum um gengisskráningu, sem sett voru fyrir ári síðan, var sett ákvæði um, að óheimilt væri að hækka húsaleigu, en þau ákvæði ganga úr gildi í næsta mánuði, og er þetta frv. nokkurskonar framhald af þeim lögum, til þess að koma í veg

fyrir, að húsaleiga hækki í náinni framtíð. Þetta er mjög nauðsynlegt. En í 1. gr. þessa frv. eru ákvæði um það, að í vissum tilfellum megi hækka húsaleigu frá því, sem nú er, og er þar svo fyrir mælt, að hækka megi eftir mati leigu eftir húsnæði sökum aukins viðhaldskostnaðar, eldsneytiskostnaðar, og vaxta og skattahækkunar af fasteignum. Það kann nú að vera svo um þessa liði, að erfitt sé að gera sér grein fyrir því, hve mikið húsaleiga eigi að hækka vegna þeirra. Um viðhaldskostnað er það algild regla, að húseigendur kosta viðhaldið. Ég tel mikið vafamál, að þetta sé heppilegt. Við vitum, að hirðing og umgengni er ákaflega mismunandi góð, og teldi ég rétt, að það væri leigjandinn, sem ætti að kosta viðhaldið og greiða þeim mun lægri húsaleigu, en það þarf ekki að gera ráð fyrir breytingu á þeirri venju, sem gilt hefir í þessu efni. Það getur orðið dálítið erfitt að gera sér grein fyrir því, hvað á að leyfa mikla hækkun á húsaleigunni vegna aukins viðhaldskostnaðar. Allshn. hefir lagt til, að inn í þessa gr. yrði skotið orðunum „og þess háttar". Ég vil taka undir þau orð hæstv. félmrh., að varhugavert sé að bæta þessu inn í, þar sem frsm. hefir ekki bent á neitt sérstakt, sem hafi vakað fyrir n. í þessu sambandi. Ég tel varhugavert að opna þarna leið til að hækka leiguna. Það er ekki gott að segja, hvaða afleiðingar það kynni að hafa. Ég held líka, að upptalningin í 1. gr. sé svo tæmandi, að húseigendur tapi ekki á því, þótt hún verði látin standa óbreytt. Eins og frsm. tók fram, hefir orðið verðhækkun á byggingarefni, en ég tel, að það þurfi að fyrirbyggja, að hækkuð verði leiga á íbúðum í eldri húsum með tilliti til verðhækkunar á byggingarefni, sem leiðir til þess, að þau hús, sem kynnu að verða byggð nú, yrðu miklu dýrari en eldri hús. Þetta tel ég, að þurfi að koma í veg fyrir. Ennfremur vil ég leggja á móti því, að b-liður brtt. á þskj. 338 verði samþ., þar sem ég tel hans ekki þörf, og varhugavert getur verið að setja þetta inn í gr., eins og hæstv. ráðh. hefir bent á.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði. Hv. þm. veit sjálfur, að það, sem talið er upp í 1. gr., er ekki tæmandi. Það getur ýmislegt komið þarna til greina. Skattstjórinn skilgreinir til dæmis öðruvísi viðhald á húsi og eignaaukningu. Það getur komið fyrir ýmislegt, sem ekki er hægt að telja upp í lagagrein tæmandi, og orðin „þess háttar" vísa til þess, að það, sem þarna er tekið til, á að vera eitthvað af svipuðu tagi og það, sem á undan er talið. Það er til dæmis útilokað, að sú almenna verðhækkun geti komið þarna til greina. Svo er það annað, að þetta er að engu leyti hættulegt, vegna þess að það fer eftir mati húsaleigunefndar, hvort leigan eigi að hækka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 338,1.b samþ. með 15:6 atkv.
-- 338,1.a og c samþ. með 16:7 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 338,2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 338,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 338,4 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 420).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 420, 453).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 453. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv. hefir tekið 2 efnisbreyt. í Nd. Önnur breyt. er sú, að ákvæðinu um skipun húsaleigunefndar er breytt í það form, sem upphaflega var lagt til í frv. Hin breyt. er um það, að einbýlisherbergi skuli vera frjáls, eins og það er orðað í frv. Allshn. þessarar d. hefir tekið þessar breyt. til athugunar. Meiri hl. hennar lítur svo á, að þessar breyt. séu að vísu verulegar efnisbreyt., en telur þó ekki rétt að gera tilraun til að breyta frv. frá því, sem nú er, meðal annars vegna þess, að í Nd. höfðu báðar þessar till. mikið fylgi, og hér í d. urðu einnig um þetta nokkur átök. Má þess vegna gera ráð fyrir, að þetta sé vilji meiri hl. Alþ. Ef farið yrði hinsvegar að breyta þessu hér í d., er hætt við, að það skapaði reiptog milli d. um þetta, og mundi það ef til vill geta stefnt málinu í tvísýnu að setja það í Sþ. Við lítum svo á, að þetta mál sé svo mikilsvert, að ekki sé rétt að tefla því í neina tvísýnu. Meiri hl. n. mælir þess vegna með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Hv. 11. landsk. ber fram brtt. á þskj. 453 um, að skipun n. verði hagað á þann hátt, sem frv. gerði ráð fyrir eins og það var, þegar það fór til Nd. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þá till. fyrr en hann hefir mælt fyrir henni.

***Magnús Gíslason:** Frsm. meiri hl. hefir getið um þær breyt., sem þetta frv. tók í Nd. Ég hefi

borið hér fram brtt. um það, að skipun n. skuli hagað á þann hátt, sem gert var ráð fyrir í frv. eins og það var samþ. hér í d., sem sé að hæstiréttur tilnefni einn, einn verði tilnefndur af Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur og einn af Alþýðusambandi Íslands. Meðnm. mínir hafa ekki getað orðið mér samferða í þessu og telja ekki rétt að breyta þessu af ótta við, að frv. nái þá ekki fram að ganga. Ég tel hinsvegar réttast að hafa þetta á þennan hátt. Það hafa komið fram ákveðin tilmæli frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur um að fá einn mann í húsaleigunefnd. Og af þeirri reynslu, sem fékkst af þessum málum 1914—1918, þá er það ljóst, að það er mjög mikið undir því komið með árangurinn af starfi þessarar n., að ekki skapist tortryggni viðvíkjandi framkvæmd l. En ég er þeirrar skoðunar, að einmitt með því að Fasteignaeigendafélagið eigi sinn fulltrúa í n., þá sé stórt spor stigið til þess að reyna að koma í veg fyrir slíka tortryggni. Að hætta sé á því, að frv. dagi uppi í þ., þótt þessu sé breytt, það held ég, að engin hætta sé á, vegna þess að ekki mun vera útlit fyrir, að þinglausnir séu svo nærri, að við tímaskorti megi búast. Sé það hinsvegar ekki vilji Alþ. að setja slíka löggjöf sem þessa, sem ég tel annars óþarfa, eins og ég hefi áður lýst, þá er ekki nema gott, ef hv. þm. átta sig á því, að svona löggjafar sé ekki þörf.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þegar samskonar brtt. var hér á ferðinni við þetta frv. eins og sú, sem felst í till. á þskj. 453, þá lét ég þau orð falla, að ég gæti að engu leyti mælt gegn því, að slík breyt. næði fram að ganga, en benti jafnframt á það, að störf húsaleigunefndar, sem skipuð var á síðasta ári, hefðu reynzt vel, en húsaleigunefnd er nú skipuð með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. eins og það lítur út, þegar það kemur aftur frá Nd. Af þessari ástæðu get ég fyrir mitt leyti vel við það unað, að sú breyt. verði á frv. gerð, sem gerð var í Nd. Ég vil þess vegna taka undir það með meiri hl. n., að ég tel óþarft að taka upp þessa breyt., sem fyrir liggur á þskj. 453, aftur. En út af orðum hv. 11. landsk. um það, að mikið væri undir því komið, að ekki skapaðist tortryggni í garð húsaleigunefndar, þá vil ég segja það, að ég held, að allir hafi verið ánægðir með hennar starf, jafnt húseigendur sem leigjendur. Það hefir enginn styrr staðið um þessa n., og ég tel ekki ástæðu til að ætla, að það verði framvegis frekar en hingað til.

ATKVGR.
Brtt. 453 felld með 8:5 atkv.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 460).

46. Alþýðutryggingar.

Á 8. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 48).

Á 7. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sveinbjörn Högnason: Það er sama að segja um þetta mál og 6. mál á dagskránni (frv. um *lyfjafræðingaskóla Íslands*), að að réttu lagi átti það að flytjast af allshn., en af misgáningi hefir það flutzt á milli n. og farið til fjhn. Legg ég til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, 116, n. 258).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv,

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefir athugað þetta mál mjög rækilega og er ásátt um að mæla með því, að það verði samþ. með lítilsháttar breyt., sem að mestu leyti eru orðabreyt. eða formsbreytingar, en snerta ekki efni málsins að verulegu leyti.

Brtt. eru á þskj. 248 aftan við nál. En í nál. er gerð nokkuð rækileg grein fyrir öllum höfuðbreyt., sem felast í þessu frv. og eru æðimargar.

Ég vænti þess, að ef hv. þm. kynna sér nál., þá endist það þeim til þess að átta sig svo á málinu, að þeir verði ekki í vandræðum við atkvgr. Fyrir það mun ég spara mér að flytja hér langa framsöguræðu. Hinsvegar er ég reiðubúinn til að svara fyrirspurnum, ef einhverjum kann að þykja skýringa vant.

Ég vil vekja athygli á því, að við 17. gr. síðari málsgr. hefir n. áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur við atkvgr. Varðar sú málsgr. sérréttindi sjóðfélaga í eftirlaunasjóðum bankanna, sem hv. þm. er kunnugt um frá meðferð málsins hér áður á hv. Alþ., og olli þá nokkrum ágreiningi.

***Jón Pálmason:** Ég skal ekki fara mikið út í umr. um þetta mál. Ég hefi ekki heldur kynnt mér það svo mikið. En ég sé það, að samþykkt þess mun valda ríkissjóði mjög miklum auknum kostnaði, og kemur það mest fram undir 6. lið, sem getið er um í nál., þar sem ætlazt er til, að sjúkrasamlögin séu losuð við sjúklinga með langvarandi sjúkdóma.

Vildi ég því gera fyrirspurn til frsm. allshn. um það, hvort n. hafi rannsakað eða athugað nokkuð náið, hve miklu þessi kostnaður muni nema, sem færður er þarna frá sjúkrasamlögunum og yfir á ríkissjóð. Annars skal ég ekki ræða þetta meira að sinni, en mér þykir nokk-

uð mikilsvert að fá um þetta upplýsingar, þar sem um svo mikið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð er að ræða.

***Eiríkur Einarsson:** Herra forseti! Á þskj., sem nú var verið að útbýta, sé ég, að liggja fyrir allmiklar brtt. við frv. frá allshn. Og þar sem þessu nál. er svo nýlega útbýtt hér í hv. d., þá er það svo um mig og kannske fleiri hv. þm., að þeir séu ekki búnir að átta sig á þessum brtt. En meðal þeirra og í frv. eru ýms atriði, sem hv. þm., bæði ég og aðrir, láta sig verulega máli skipta. Og ennfremur þar sem ýmsir hv. þm., t. d. þm. V.-Ísf., sem er flm. einnar slíkrar brtt., er ekki hér nú á fundi, og einnig með tilliti til þess, að efni þessa máls er mjög mikilvægt, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá og fresti atkvgr. þangað til dm. hafa áttað sig betur á brtt. og fleiri hv. þm. eru hér mættir, sem hlut eiga að máli.

Forseti (JörB): Það er alveg rétt, sem hv. 8. landsk. sagði, að þessar brtt. voru ekki einungis nú fyrst að koma til útbýtingar hér í hv. d., heldur einnig úr prentun. Ég verð því, ef ég greiði atkv. um þær, að gera það án þess að ég hafi litið á eitt einasta orð í þeim.

Það kann að vera, að þetta geti lánazt við 2. umr., af því að 3. umr. er eftir, en óviðkunnanlegt er það.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Með því að ég geri ráð fyrir, að enginn ágreiningur verði um málið eftir að hv. þm. hafa kynnt sér það og brtt., get ég fallizt á að taka frv. út af dagskrá, í trausti þess, að forseti taki það mjög skjótt á dagskrá aftur.

Forseti (JörB): Ég skal ekki tefja framgang þessa máls hvað mig áhrærir. En þar sem margar brtt. liggja fyrir um það og ekki víst, að allir hv. þm. verði sammála um þær, og þar sem einnig er svo nálægt helgi nú, þá ætla ég, að hv. þm. muni það ekki óskapfellt, þó að málið verði tekið af dagskrá nú og aftur á dagskrá á mánudag. (**PO:** En þá er nú 1. apríl). Já, en við skulum vona, að enginn þeirra hv. þm., sem hér eiga hlut að máli, hlaupi apríl, og þá er vel fyrir öllu séð.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 48, 116, n. 258, 281).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 281. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) bar upp fyrirspurn um það, hver kostnaður ríkissjóðs mundi verða af ákvæðum 8. gr. viðvíkjandi því að færa kostnað við berklaveiki af samlögunum yfir á ríkissjóð, eins og þar er ákveðið. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér um þetta mál hjá tryggingarstofnun ríkisins, um árið 1938, en það er síðasta árið, sem fullkomnar skýrslur eru fengnar um, nam sá kostnaður, sem kæmi til endurgreiðslu úr ríkissjóði, 35500 kr. Um leið vil ég geta þess, að á sama tíma greiddu samlögin af frjálsum vilja til berklavarnarstarfsemi um 18 þús. kr. Samlögin leggja mikla áherzlu á það, að berklaveikiskostnaðinum verði af þeim létt, enda lá hann allur á ríkissjóði áður. Fái þau því ekki framgengt, má gera ráð fyrir, að þau neyðist til að kippa að sér hendinni um hin frjálsu framlög til berklavarnanna. Að réttu lagi geri ég því ráð fyrir, að kostnaðarauki ríkissjóðs af þessari breyt. nemi um 18 þús. kr. Að vísu getur orðið nokkur munur á þessu frá ári til árs. Eins og nú horfir með berklaveikina í landinu, tel ég ástæðu til að vona, að úr þessum kostnaði muni frekar draga heldur en að hann aukizt, að öðru leyti en því, sem kostnaður við sjúkrahúsvist kann nú að aukast um sinn vegna vaxandi dýrtíðar. Meira hefi ég ekki um þetta atriði að segja.

Að öðru leyti vil ég geta þess, að hv. þm. Seyðf., sem er forstöðumaður tryggginganna, hefir borið fram 2 brtt. á þskj. 281, sem nú var verið að leita afbrigða fyrir. Þessar brtt. varða aðeins framkvæmdaratriði, svo sem hann mun gera nánari grein fyrir. Hann hefir rætt þær við n., og ég mun mega segja, að n. hafi engar aths. við þær að gera, en mæli með því, að þær verði samþ. eins og hann fer fram á.

Eiríkur Einarsson: Brtt. á þskj. 116, sem er borin fram af hv. þm. V.-Ísf. og mér, er af okkar hálfu tekin aftur til 3. umr., og geri ég því ekki frekar grein fyrir henni.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég vil þakka hv. frsm. n. fyrir það, sem hann sagði um brtt. þær, sem ég flyt á þskj. 281, sem, eins og hann sagði, ræða aðeins um framkvæmdaratriði. Þar er ákveðið tímatakmark, hvenær skýrslur og framtöl skuli vera komin til hreppstjóra eða lögreglustjóra vegna slysatryggingarinnar, en það ákvæði vantar í l. nú, og ennfremur er lögreglustjórum gefið hliðstætt vald við það, sem skattan. hafa nú, til þess að ákveða slysatryggingariðgjöld, ef ekki er talið fram, eftir sömu reglum og skattan. er heimilt að gera mönnum skatt, ef framtöl eru ekki send.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vildi aðeins af því, að ég hefi nokkuð staðið að flutningi þessa máls, þakka hv. n. fyrir þá afgreiðslu, sem hún hefir veitt málinu, og fyrir þær brtt., sem hún hefir lagt fram. Ég tel, að þær séu allar þess eðlis, að telja megi þær til bóta, enda fáar þeirra um efnisbreyt., heldur eru það lagfæringar, eins og hv. frsm. hefir tekið fram. Vildi ég mega vænta, að málið gangi áfram gegnum hv. d. samkv. till. allshn.

Helgi Jónasson: Ég vil aðeins segja örfá orð. Ég bar fram frv. á þinginu í fyrra, sem var að mestu leyti hið sama og nú liggur hér fyrir, en þó hefir verið gerð töluverð breyt. á einni gr. þess, 8. gr.

Í frv. því, sem ég flutti í fyrra, var gert ráð fyrir því, að ríkisstj. bæri ein allan kostnað af kynsjúkdómum og berklaveiki, eins og henni ber nú samkv. gildandi l. Nú hefir frv. verið

breytt þannig, að gengið er nokkuð til móts við þetta, þannig að jafna sjúkrasamlögum upp hallann, sem þau hafa af þessum sjúkdómi, ef þau verða þar sérstaklega hart úti, en ég hygg, að það kunni í framtíðinni að standa fámennum sjúkrasamlögum fyrir þrifum og jafnvel hindra að þau verði stofnuð, ef þetta ákvæði verður samþ. Það þarf ekki nema einn eða tvo sjúklinga í fámennu sjúkrasamlagi, sem hafa berklaveiki, til þess að koma samlaginu í fjárþröng, jafnvel þótt ríkissjóður greiði það, sem fram yfir er meðaltal legudaga sjúklinga með aðra sjúkdóma, þar sem legudagafjöldi berklasjúklinga er sem svarar 29 dögum á hvern samlagsmeðlim. Fámenn sveitasamlög geta alls ekki staðizt það að greiða 29 legudaga fyrir hvern meðlim sinn, þótt þau fengju endurgreitt það, sem fram yfir er. Í 30. gr. l. er það líka skýrt tekið fram, að ríkissjóður skuli áframhaldandi greiða kostnað af berklasjúklingum og kynsjúkdómasjúklingum. Hvað snertir kynsjúkdómasjúklinga, þá er það stranglega bannað í l. að gefa upp nöfn þeirra, því það þykir heldur lítilsvirðandi að hafa fengið þá sjúkdóma, en ef ekki er hægt að halda nöfnunum leyndum, eins og erfitt yrði innan sjúkrasamlaganna, þá myndi það leiða til þess, að sjúklingarnir leituðu síður læknis, en það er mjög áríðandi. Það er líka þannig með berklasjúklinga og kynsjúkdómasjúklinga, að ríkið hefir greitt fyrir þá fyrst og fremst vegna þess, að þeir eru svo hættulegir öryggi almennings, og þess vegna er líka sanngjarnt, að það geri það áfram.

Ég mun samt ekki koma fram með brtt. um þetta að svo stöddu, þar sem ég býst við, að hún myndi mæta andbyr hér í hv. d., þar sem ég tel þó skárra, að frv. nái fram að ganga í því formi, sem það nú er, heldur en að þessi kostnaður verði allur settur á samlögin.

ATKVGR.

Brtt. 116 tekin aftur til 3. umr.

— 258,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 281 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 258,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 258,3 samþ. án atkvgr.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 258,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 258,5 samþ. án atkvgr.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

10.—11. gr. (verða 11.—12. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 258,6 samþ. með 19 shlj. atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

13.—15. gr. (verða 14.—16. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 258,7 samþ. með 20 shlj. atkv.

16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 258,8 (nýjar gr., verða 19.—20. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 300, 116).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég bið hæstv. forseta að athuga það, að þar sem greinatala frv. breyttist við 2. umr., á brtt. á þskj. 116, sem þá var tekin aftur til 3. umr., ekki lengur við 17. gr., eins og í brtt. stendur, heldur við 18. gr.

Það, sem við flm. þessarar brtt. leggjum til, er, að þeir, sem greiða í eftirlaunasjóði Landsbankans og Útvegsbankans, verði framvegis gjaldfrjálsir til lífeyrissjóðs, eins og verið hefir undanfarið. Lögin um eftirlaunasjóð Landsbankans eru eldri en l. um alþýðutryggingar, og þar sem bankastarfsmenn eru búnir að hafa þessi réttindi um nokkurt skeið, þá virðist nokkuð hart að gengið að afnema þau. Það var að vísu fremur tilviljun, að útvegsbankal. voru sett nokkuð af öðrum ástæðum og undir öðrum kringumstæðum en landsbankalögin, og hafa í rauninni aldrei verið undirbúin til hlítar. Það þótti sjálfsagt, að starfsmenn Útvegsbankans nytu sama réttar og starfsmenn Landsbankans. Ég lít því þannig á, að ekki sé rétt að taka þessi réttindi af bankastarfsmönnum. Að vísu eru til fleiri stofnanir, sem hafa eftirlaunasjóði, en það hefir ekki verið tekið það ráð, að fá sömu friðindi fyrir þær stofnanir, þó að þessi réttur sé látinn haldast hjá þeim, sem hafa notið þeirra. Þetta er í sjálfu sér ljóst mál, og verður að vænta þess, að þau réttindi, sem þessar stofnanir hafa notið nú um tíma, verði ekki af þeim tekin.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég er ekki alveg viss um, að hv. þm. geri sér fulla grein fyrir því, hvaða þýðingu þessi brtt. hefir. Samkv. 49. gr. alþýðutryggingarl. er gert ráð fyrir því, að tryggingarskylda nái einnig til þessara sjóða. Þar er svo ákveðið, að þeir, sem eru meðlimir í eftirlaunasjóði, eigi að fá endurgreidd iðgjöld, sem greidd eru til sjóðsins. Þetta svarar til þess, sem greitt er vegna tryggínganna, sem eftirlaunasjóður veitir. Það, sem er umfram, eru ekki tryggingariðgjöld, heldur skattur, sem lagður er fram til tryggínganna. Meðaliðgjald hér í Reykjavík er í kringum 15 kr. Það er því í raun og veru það tryggingargjald, sem hverjum manni ber að greiða. En vegna hinna, sem greiða minna en þetta, greiða þeir, sem meiri tekjur hafa, heldur meira, svo að greiðslan nemur 15 kr. til jafnaðar. Þeir, sem koma undir

ákvæði 49. gr., fá endurgreitt allt tryggingargjaldið, 15 kr. fyrir hvern mann hér í Reykjavík. Það, sem borgað er umfram, er ekki tryggingargjald, heldur skattur til tryggingarinnar, til þess að bæta upp iðgjöldin. Það væri óeðlilegt að undanþiggja þessa menn slíkum greiðslum. Ég get því ekki fallizt á þessa till., sem hér er borin fram. En til þess að gefa mönnum nokkra hugmynd um, hverju máli þetta skiptir, skal ég taka til dæmis hjón hér í Reykjavík, sem hafa um 2 þús. kr. skattfrjálsar tekjur, og segjum, að maðurinn starfaði hjá öðrumhvorum bankanum. Hann þyrfti að greiða 20 kr. í tekjuskatt og 14 kr. í persónugjald, samtals 34 kr., frádráttur yrði 15 kr. samkv. ákvæðum 15. gr., þannig að hann borgaði ekki nema 4 kr. umfram skattinn til sjóðsins. Ef margir slíkir sjóðir myndu rísa upp, þá yrði afleiðingin sú, að framlagið til lífeyrissjóðs myndi ekki einu sinni nægja til þess að greiða meðaliðgjöld, því að vitanlega myndu þeir, sem hærri hafa launin, standa að slíkum sjóðum. Af þessu myndi einnig leiða það, að styrkur sá, sem almenningur nýtur, hlyti að minnka að sama skapi. Ég tel það alveg víst, að ef þessi sérstaða bankanna helzt áfram, þá myndu aðrir hliðstæðir sjóðir reyna að hafa áhrif á þingið og reyna að fá sömu meðferð í þessu efni eins og sjóðir starfsmanna bankanna. Ég fæ ekki séð, að það væri neitt réttlæti að synja þessum mönnum um sömu aðstoð, nema síður sé. Ég skal geta þess, að eftirlaunasjóður starfsmanna Reykjavíkurbæjar hefir sótt um slíka viðurkenningu ásamt mörgum fleiri sjóðum, og ég geri ráð fyrir því, að þessir sjóðir geti réttilega bent á það sama, til þess að fá þessi friðindi, og starfsmenn bankanna. Ég verð því að leggjast á móti þessari brtt. og vænti þess, að hv. d. geti fallizt á að fella hana.

***Eiríkur Einarsson:** Ég hefi ekki miklu við það að bæta, sem tekið var fram af 1. flm. þessarar brtt., en vil þó aðeins skeyta þar við nokkrum atriðum. Ég vil fyrst og fremst taka það fram, að það er markmið örorkutryggingganna að sjá hinum eldri og uppgefnari mönnum farborða, ef eitthvað ber út af um heilsu og lífskraft. Það var tekið fram af hv. þm. Seyðf., að þeir, sem betur væru settir, kæmust af með það að borga aðeins lítinn skatt til þessa sjóðs. Ég verð þó að álíta, að starfsfólk bankanna sé þarna sett undir svipuð l. sem aðrir íslenzkir borgarar. Það er að vísu alveg rétt, að því fátækara sem fólkið er og því lægri laun sem það hefir, því erfiðara veitist því að standa skil á iðgjaldagreiðslum. En þó að hér sé ekki um háar upphæðir að ræða, þá er þess þó að gæta, að fyrir starfsmenn bankanna er þetta algerlega aukagreiðsla. Það eru lág launakjör, sem þetta fólk á við að búa; þess vegna er það mjög tilfinnanlegt, ef það er lögskyldað til þess að greiða slík aukagjöld. Þá hefir verið minnzt á það, að hætta væri á því, að slíkir sérsjóðir rísi upp, en hér er ekki hægt að segja með neinum rétti, að sérsjóður sé að rísa upp, því að hann var lögfestur 1928 og er hann því orðinn 12 ára gamall. Þessi löggjöf um, að Landsbankinn skyldi greiða gjald í lífeyrissjóð, er því til orðin löngu áður en alþýðutryggingarl. voru sett. Þess vegna er það, að hér er verið að róta við öðru lagasetningarfyrirkomulagi, sem var til löngu á undan. Á þessu finnst mér þurfa að gera greinarmun. Ef séð er ofsjónum yfir því, að bankafólkið fái notið þessara sérréttinda, sem landsbankal. veita, finnst mér vera langhyggilegast að gera þar lagabreyt., til þess að fólkið komist undir þær skyldur, sem hér er lagt til, og allir njóti sama réttar. Það verður að gera kröfu til þess, að bankafólkið fái þá að vera í friði fyrir öðrum lagasetningum í þessu sambandi, og að það þurfi ekki að sæta lakari kjörum en almenningur.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en vil þó aðeins segja það, að það eru ýmsir aðrir, sem njóta þeirra réttinda að fá að vera í friði fyrir þessari lagasetningu. Það má minna á embættismenn ríkisins. Það má kannske deila um það, hvort þeir hafi betri kjör, en þeir hafa hingað til verið látnir óáreittir, og þá mættu kannske starfsmenn bankanna fá að fylgja þeim. Ég vil því leggja til, að frestað verði nú lögfestingu um þetta mál, og að notaður verði tíminn þar til á næsta þingi til nánari athugunar á því, hvort ástæða er til að samræma þetta nánar. Ég þykist vita, að ýmsir hv. þm. vildu gjarnan hafa eitthvert svigrúm til þeirra athugana. En ég vil samt mælast til þess, ef þetta frv. verður látið ganga áfram, að brtt. 116 verði samþ. En eins og ég hefi tekið fram, þá álít ég, að ef farið verður að róta við þessu á annað borð, þá ætti að gera það svo um munaði og gera breyt. á landsbankal., þannig að fólkið byggi við sama öryggi og aðrir að því er tryggingarnar snertir.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég skal játa, að það er rétt, sem hv. síðasti ræðum. sagði, að um nokkra sérstöðu er að ræða, þar sem landsbankal. eru eldri en tryggingarl. En samt er það mín skoðun, að það sé ákaflega óréttlátt, að starfsmenn Landsbankans verði undanþegnir þessum gjöldum. Öll þau fyrirtæki, sem stofnað hafa eftirlaunasjóði, hafa gert það að skilyrði, er þau hafa ráðið til sín starfsmenn, að þeir gerðust meðlimir í sjóðnum og greiddu iðgjöldin. Þessir menn hafa því gengizt undir að greiða þessi gjöld. Því fer mjög fjarri, að hér sé verið að fara illa með starfsmenn bankanna, þó að þeim séu lagðar sömu skyldur á herðar og öðrum landsmönnum.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég ætla ekki að bæta miklu við, en þegar ný l. eru sett, eins og alþýðutryggingarl., þá má gera ráð fyrir, að þau séu að einhverju leyti löguð eftir því ástandi, sem þá ríkir. Það væri ekki hættulaust fordæmi, ef eldri sjóðum væru gefin viss réttindi, eða látnir halda vissum réttindum, sem þeir hafa haft áður. Það mætti benda á mörg dæmi um þetta, þegar skipulaginu hefir verið breytt þannig, að hið eldra hefir orðið að þoka fyrir öðru, en á sumum sviðum hefir eldra skipulagið verið látið halda sér. Eldri ákvæði hafa verið látin halda

sér um embættismenn og barnakennara. Hví má þá ekki einnig það sama gilda um starfsmenn bankanna, sérstaklega þar sem svo er ástatt, að þeir eru lögþvingaðir til þess að greiða sérstök iðgjöld, sem eru hærri en venjuleg tryggingargjöld?

Útvegsbankinn fór alveg í kjölfar Landsbankans með sínar tryggingar, og það er bara frekar yfirsjón, að aldrei skuli hafa verið leitað lögfestingar á tryggingaskipulagi Útvegsbankans. En hv. þm. Seyðf. játar, að það sé ekki nema sanngjarnt, að báðir þessir bankar hafi sömu réttindi hvað þetta snertir, eða þá að það séu tekin þessi réttindi af þeim báðum, ef á að taka þau af öðrum. Nú er það svo, að þegar aðrir starfsmenn ríkisins — og í raun og veru er hér um að ræða menn, sem eru starfsmenn ríkisins að verulegu leyti — njóta þessara réttinda og þau eru ekki af þeim tekin, þá má undarlegt heita að þurfa endilega að taka réttindi þessi af þessum bönkum. Ég býst við, að aðrir sérsjóðir beygi sig fyrir því, sem gert er ráð fyrir í tryggingal., þó að þessar stofnanir, bankarnir, njóti slíkra réttinda sem hér um ræðir. Enda hafa ekki hingað til komið fram frá þeim, þ. e. öðrum sjóðum, til Alþ. beiðnir um, að alþýðutryggingalöggjöfinni verði breytt sérstaklega vegna þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 116 felld með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, EE, GÞ, GSv, JakM, JÍv, SK, StSt, TT.

nei: VJ, EOl, EmJ, HG, HelgJ, JPálm, PHann, PHalld, PO, SkG, StgrSt, SvbH.

ÞBr, BÁ, JörB greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjB, EystJ, FJ, GG, HV, ÍslH, ÓTh, SEH) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 300, 332, n. 370).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar og hefir afgr. það eins og sjá má á þskj. 370.

Málið er flutt að tilhlutun hæstv. félmrh. af fjhn. Nd., og allshn. þeirrar hv. d. hafði málið einnig til meðferðar og gerði á því ýmsar allviðtækar breyt. Þegar n. fékk þetta mál til meðferðar, leit svo út sem skammt mundi verða til þinglausna, og n. leit svo á, að þær breyt., sem þegar höfðu verið gerðar á frv., væru frekar til lagfæringar. En hún þóttist einnig sjá, að nauðsyn væri á að gera ýmsar minni háttar breyt., en taldi hinsvegar mjög varhugavert að gera till. um það, eins og þá stóð, með það fyrir augum, að málið gæti dagað uppi með því móti; tók hún því þann kostinn fremur að mæla með frv. óbreyttu.

Þær breyt., sem nú liggur fyrir að gera á l. um alþýðutryggingar, eru að breyta til á þá lund, sem reynslan hefir sýnt frá því löggjöfin var samþ., að nauðsyn ber til, í sumum tilfellum til þess að herða á ýmsum ákvæðum l., en í sumum tilfellum til þess að rýmka ákvæði þeirra og auka réttindi þeirra, sem undir l. búa. Get ég sparað mér umr. um þetta með því að vitna til nál. allshn. Nd., því að þar er svo ýtarlega gerð grein fyrir því, í hvaða átt þessar breyt. stefna. Þar er ljóst tekið fram, hvaða breyt. á l. hér er lagt til, að gerðar verði.

Ég get ekki gengið framhjá að benda á, að n. hefir í einstökum atriðum viljað láta koma fram sitt álit um það, hvernig skilja beri atriði í frv., og vil ég sérstaklega taka fram, að það á við 13. gr. frv., sem er till. um breyt. á 40. gr. l. Þar er mælt fyrir í 3. mgr. þeirrar gr. um greiðsluskyldu útgerðarfélaga fyrir lögskráða sjómenn. Það mun hafa verið svo í l., að nokkur heimild var fyrir því, að útgerðarmenn skyldu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra sjómanna, sem lögskráðir væru í þeirra þjónustu á skip. Þetta ákvæði hefir verið tekið upp í l. til þess að ekki gæti orðið ágreiningur um það milli sjúkrasamlaga annarsvegar og þeirra hinsvegar, sem greiða eiga þetta gjald. En ég hreyfði því í n., og n. var sammála um það, að svo geti borið til, að maður, sem skylt er að lögskrá, fari á skip án þess að vera lögskráður. Þá kemur upp spurningin um það, hvort útgerðarmanni er skylt að greiða fyrir hann iðgjöld, þó að hann hafi ekki verið lögskráður. Um þetta gæti orðið deila, og vildi ég láta þetta koma fram.

Fleira rákum við okkur á, sem eru ýms minni háttar atriði, sem ástæða hefði kannske verið til að gera skýrari og gleggri ákvæði um heldur en er í frv. En af áðurgreindum ástæðum taldi n. ekki tiltækilegt að gera brtt. um það á þessu stigi málsins.

Af því að ég geri ráð fyrir, að hæstv. félmrh. geri nokkur skil þeirri breyt., sem hér er á ferð, ætla ég að stytta mál mitt. En hér er komin fram brtt. við þetta frv. á þskj. 332, frá þeim hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. S.-Þ., sem gengur út á það, að b-liður 18. gr. falli niður. En hann er á þessa leið — með leyfi hæstv. forseta —:

„Um gjaldskylda sjóðfélaga í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkv. lögum nr. 10 15. apríl 1928 og sjóðfélaga í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands fer eftir 49. gr. síðustu málsgr.“

Það, sem hér er um að ræða, er, hvort starfsmannafélögin, sem hér er vitnað til, þar sem eru starfsmenn Landsbankans og Útvegsbankans, sem hafa myndað sér lífeyrissjóði, séu und-

anskilin því að borga gjald í lífeyrissjóð Íslands, sem er 7 kr. nefskattur og að viðbót hundraðshlutagjald af skattskyldum tekjum. Nú er vert að geta þess, að það var svo, þegar l. voru sett, að þá var til starfsmannafélag hjá starfsfólki Landsbankans, sem hafði myndað lífeyrissjóð, sem að einhverju leyti fékk þá þegar fríðindi um að þurfa ekki að greiða gjaldið að fullu, og var þá mynduð reglan um, að þetta fólk greiddi meðalgjald til lífeyrissjóðs, eins og tryggingarl. ákveða.

Nú er vert að geta þess, að þessi starfsmannafélög eru mjög víða til á landinu, sem hafa myndað sér lífeyrissjóði. Slíka sjóði hafa t. d. stofnað starfsmannafélag Eimskipafélags Íslands og ég hygg starfsfólk við olíufélögin hér, h/f Shell og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag. Fleiri félög munu einnig hafa myndað sér þessa sjóði. Ef nú gengið væri inn á þessa reglu, sem lagt er til í brtt. á þskj. 332, er mjög hætt við, að skerðast mundu þær tekjur, sem lífeyrissjóður Íslands á að hafa eftir l. nú, og gæti þá farið svo, að hann gæti ekki fullnægt sínum skyldum, sem l. nú gera ráð fyrir. Því að það eru líkur til þess, ef gengið er inn á þessa braut, að upp risu í föstum stofnunum, þar sem menn búa við trygga atvinnu, félög, sem mynduðu sér lífeyrissjóði og mundu vilja fá sig undanþegin gjaldinu, sem allur almenningur verður að greiða til lífeyrissjóðs Íslands. Það mundi enda með því, að til lífeyrissjóðs Íslands mundu greiða þeir einir, sem minni tekjurnar hafa í þjóðfélaginu, og sjóðurinn mundi þá verða svo mjög skertur til sinnar starfsemi, að ég hygg, að ég tali þar fyrir hönd meiri hl. n., að hún, af þessum ástæðum, sé á móti því, að brtt. þeirra hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. S.-Þ. verði samþ.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki lengja mikið umr. En við höfum hér, hv. þm. S.-Þ. og ég, borið fram brtt., sem ég hlýt að kalla bara leiðréttingu á einu atriði í frv. Enda trúi ég því naumast, að raunverulega hafi það verið tilgangurinn að gera þá breyt., sem hér hefir komizt inn, um það, að svipta nú aftur sjóðfélaga í lífeyrissjóði tveggja banka hér þeim, ja, maður getur sagt sérréttindum, sem þeim eru tryggð í 62. gr. tryggingalaganna, þannig að þeir verði eins og embættismenn undanþegnir því, að þurfa að greiða til lífeyrissjóðs Íslands, þar sem þeir eru í öðrum bankanum með l. og í hinum bankanum samkv. ákvæðum, sem eru staðfest af stjórnarráðinu, skyldaðir til þess að tryggja sig í þessum sjóðum, og það töluvert hærri tryggingu heldur en verið hefði í hinum almennu tryggingum. Að taka þessa menn undir tryggingal. almennt er ákaflega ósanngjarnt, því að þeir greiða til þessara lífeyrissjóða hátt iðgjald, og allur fjöldi fólksins, sem vinnur við þessa banka, er engan veginn svo hálaunaður, að hann muni ekki verulega um að greiða þessi gjöld, jafnvel þó að ekki sé bætt ofan á þau öðrum til lífeyrissjóðs Íslands. Og það, sem gerir málið alveg sérstaklega ósanngjarnt, er, að þetta fólk hefir eftir l. alls enga möguleika á því að hafa neitt gagn af þeirri tryggingu, sem þeir þá eru neyddir til að kaupa sér í lífeyrissjóði Íslands, því að þegar til kæmi, að þeir ættu að fara að fá laun úr lífeyrissjóði Íslands, er ákvæði í tryggingarl., sem gerir það að verkum, að þeir gætu ekki fengið neitt úr þeim sjóði. Ellistyrkurinn úr lífeyrissjóði bankanna er svo hár, að hann sviptir þetta fólk algerlega möguleikanum til þess að fá nokkur ellilaun úr lífeyrissjóði Íslands.

Hv. frsm. n. sagði, að það, að samþ. brtt. okkar hv. þm. S.-Þ., gæti valdið því, að tekjur lífeyrissjóðs Íslands mundu skerðast mjög, og mundi það svo enda með því, að allir efnaðri mennirnir kæmu sér upp lífeyrissjóðum, hvert starfsmannafélag fyrir sig, og þegar þeir væru svo komnir undan gjaldskyldu til lífeyrissjóðs Íslands, yrðu hinir fátækustu einir eftir til að greiða í sjóðinn. En þetta er misskilningur. Ég held, að hv. frsm. hafi ekki lítið raunhæft á málið, því að þessi ákvæði gilda eingöngu um þessa banka, og enga aðra. Það er ekkert minnzt á neina aðra menn í þessu sambandi í frv., en aðeins sagt, að þessir menn komi undir ákvæði 49. gr. l., þar sem mælt er fyrir um ýmsa sjóði. Það gæti rúmað einhverja slíka hættu, sem hv. frsm. talaði um, ef mikið yrði um slíka sjóði. En brtt. okkar hv. þm. S.-Þ. er aðeins um starfsmenn í þessum tveimur bönkum, sem eru settir þar í sama flokk og þeir, sem tryggðir eru í eftirlaunasjóði embættismanna.

Ég get fullvissað alla hv. þm. um, að það er engin hætta í því fólgin að samþ. þessa brtt., og vænti ég þess því, að þeir samþ., að þetta megi haldast eins og það hefir verið, því að það er engin fallgryfja fyrir tryggingarnar almennt.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal ekki deila mikið við hv. 1. þm. Reykv. um þetta. En mín skoðun raskaðist ekkert á málinu við hans ræðu, því að hann færði engin rök á móti því, að ef starfsfólk bankanna verður undanþegið þessum greiðslum, þá verður erfiðara fyrir Alþ. að standa á móti kröfum annara sjóðfélaga, sem kynnu að myndast á sama eða svipaðan hátt. Ég benti líka á, að það hafa þegar legið fyrir umsóknir um þetta frá sjóðfélögum í lífeyrissjóði starfsfólks Eimskipafélags Íslands, og jafnvel frá fleirum slíkum félögum, sem ég nefndi. Ég þekki t. d. stéttarfélag prentara, sem hefir myndað slíkan sjóð. Öll þessi félög hafa sótt um að fá að njóta samskonar sérréttinda eins og sjóðfélagar bankanna hafa fengið. Ég get ekki séð, að það sé gengið verulega harðara að þessum mönnum, sem þarna eiga hlut að máli, heldur en hverjum öðrum borgara í þjóðfélaginu. Það er vitanlegt, að efnaðri borgarar þjóðfélagsins verða að borga 1% skatt af skattskyldum tekjum til lífeyrissjóðs, auk nefskattsins, 7 kr. gjaldsins, án þess þó að vita, hvort þeir nokkurn tíma þurfi að njóta styrks úr lífeyrissjóðnum. Hið sama kemur og til að gilda fyrir aðra, sem vinna í stofnunum hliðstæðum bönkunum. Ég sé því ekki, að ástæða sé til að gera mun á þessum þegnum þjóðfélagsins og hinum, sem ekki eru svo stæðir, að þeir hafi aðstöðu til að mynda slíka sjóði. Ég man líka ekki heldur betur en að bankarnir

leggi árlega fram töluverða fúlgu í eftirlaunasjóði fyrir starfsmenn sína. Menn þessir eru því styrktir af því opinbera, eða svo gott sem það. Hér er því engin ástæða til þess að gera undantekningu, og ég tel því jafnframt rétt að stöðva þessa skriðu. Meiri hl. n. lítur því svo á, að brtt. þessi eigi ekki að ná fram að ganga, því að hún sé skaðleg fyrir lífeyrissjóðinn, og að síðustu vil ég segja hv. 1. þm. Reykv. það, að ég gat alls ekki sannfærzt af ræðu hans um réttmæti brtt. þessarar, heldur fékk ég staðfestingu á skoðun minni um það, að hún myndi skapa misrétti, ef hún yrði samþ.

***Magnús Jónsson:** Hv. frsm. staðfesti það, sem ég sagði, að brtt. mín og hv. þm. S.-Þ. skapaði enga hættu fyrir lífeyrissjóðinn, eða myndaði nokkra grundvallarreglu, þó að hún yrði samþ. Það, sem hann aðallega hafði á móti till., var það, að fleiri færu að sækja um þetta. Ja, það er nú svo, að það er aldrei hægt að komast fyrir það, að menn beri fram sanngjarnar kröfur. Annars vil ég segja hv. þm. það, að það eru fleiri stofnanir en bankarnir, sem hafa einkasjóði til þess að létta undir með starfsfólki sínu. Þannig hefir t. d. Eimskipafélag Íslands mikinn lífeyrissjóð fyrir starfsfólk sitt, en munurinn er sá, að félagið borgar öll iðgjöldin sjálft, starfsmennirnir fá trygginguna þannig ókeypis, en bankarnir greiða ekki nema nokkurn hluta á móti starfsmönnunum, eða svo, að starfsmennirnir greiða ekki nema 3%, en það er hið sama og embættismenn greiða í lífeyrissjóð sinn, og það þótti rétt að undanþiggja þá frá því að greiða í lífeyrissjóð alþýðutryggginganna.

***Magnús Gíslason:** Það var rétt, sem hv. frsm. minntist á áðan, að þegar nefndin lauk störfum, hafði ég ekki látið uppi álit mitt um þetta atriði, en það var sakir þess, að málið var svo fljótt afgr. frá n.

Ástæðan fyrir því, að brtt. er borin fram, er sú, að það þykir ekki sanngjarnt að láta þessa sjóðfélaga greiða þetta gjald, þar sem þeir fá ekkert í móti, en það ætti yfirleitt að vera föst regla, að þegar einhverjar kvaðir eru lagðar á menn, þá eigi þeir jafnhliða að fá einhver réttindi. En hér á ekki um neitt slíkt að vera að ræða. Menn þessir eiga ekki að fá neitt úr alþýðutryggingunum fyrir gjald sitt.

Lögin um alþýðutryggingar standa eflaust til bóta í framtíðinni, enda þurfa þau þess með. Mér er t. d. fullkunnugt um, sem innheimtumanni, að óvinsælli skattur hefir varla nokkurn tíma verið lagður á. Fyrst og fremst sakir þess, hve hann er hár, sem sýnir sig bezt í því, að menn, sem voru þinggjaldslausir ár eftir ár, eiga nú kannske að greiða 50—60 krónur á ári. Það var því ekkert undarlegt, þó að margur yrði hissa og hefði orð um að greiða þetta. Þegar það var svo skýrt fyrir mönnum, að þeir ættu von á að fá úr lífeyrissjóði, þegar þeir væru 65 ára gamlir, var svarið venjulega: Við verðum aldrei svo gamlir, — eða ég verð aldrei svo gamall. Að fara nú að breyta þessu ákvæði, sem sett var inn í lögin fyrir 3 árum, er lítt skiljanlegt, því að það hefir eflaust verið sett þar af því, að það hefir þótt nauðsynlegt og sanngjarnt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 332 samþ. með 10:2 atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
19.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 426).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 461).

---

47. Loðdýrarækt.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild (þmfrv., A. 259).

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Af því að ekkert var talað fyrir þessu máli við 1. umr., vil ég geta þess, að allar þessar breyt. miða að því, að eftirlit með því að loðdýr sleppi ekki úr vörzlu, verði aukið, og að reynt verði að fanga þau dýr, sem úr vörzlu sleppa Ég kann betur við að gefa þessa skýringu áður en málið fer

lengra, án þess að ég ætli mér að hafa fleiri orð um þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 259, n. 382).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta er borið fram af landbn. Nd. að tilhlutun landbrh. Það er um breyt. á l. frá 1937 um loðdýrarækt og loðdýralánadeild. Aðalbreytingin, sem í frv. felst frá gildandi l., er í því fólgin, að meira öryggis verði gætt með vörzlu dýranna, svo að þau sleppi ekki laus og valdi tjóni á peningi manna.

Þá er annað atriði það, að síðan lögin voru sett hefir verið skipaður ráðunautur um loðdýrarækt, og eru breytingar á lögunum einnig í samræmi við þá breyt. frá því, sem var.

Þá er 6. gr. algert nýmæli, þar sem öllum, er loðdýr eiga, er gert skylt að vera annaðhvort meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda sem hefir lög og reglur staðfestar af landbrh. Eina brtt., sem landbn. hefir lagt til, að gerð verði á frv., er sú, að felld verði niður 1. gr. þess. Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Í 1. gr. l. frá 1937 er svo ákveðið, að hreppsnefndir eða bæjarstjórnir veiti leyfi til loðdýraræktar. En í 1. gr. frv. er lagt til, að hreppsnefndaroddvitar eða bæjarstjórar skuli fá heimild til þess að veita leyfi þetta til bráðabirgða, upp á væntanlegt samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda og bæjarstjórna. Hvað mig snertir, þá skal ég játa það, að ég taldi þetta ekki svo mikilsvert atriði, að ástæða væri til þess að láta málið fara að ganga aftur til Nd. vegna þess. Ég legg því ekki mikla áherzlu á þessa brtt., enda þótt ég mæli með því, að hún verði samþ., og frv. eins og það liggur fyrir, að undanteknu þessu atriði, því að ég tel það til bóta.

ATKVGR.
Brtt. 382 (1. gr. fellur niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
3.—10. gr. (verða 2.—9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 428).
Á 35. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil aðeins leggja til, að málið verði samþ. eins og það kemur frá hv. Ed. Það hefir að vísu verið gerð smávægileg breyt. á því, en ég sé ekki ástæðu til að hrekja það milli d. hennar vegna.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 463).

48. Talstöðvar í fiskiskip o. fl.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð til talstöðva í fiskiskip o. fl. (þmfrv., A. 286).

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Eins og frv. á þskj. 286 ber með sér, er það flutt af sjútvn. þessarar deildar í samráði við ríkisstj., fjvn. og sjútvn. Nd. Samstarf hefir verið nú um nokkurt skeið með sjútvn. beggja deilda til að fá hrundið í framkvæmd mikilli fjölgun talstöðva

í fiskiflota landsmanna. Ég þarf ekki að fjölyrða um undirbúning þessa máls, um hann má vísa í grg. frv. og fylgiskjöl hennar, en það eru tillögur verkfræðingadeildar landssímans ásamt grg. póst- og símamálastjóra fyrir þeim og ýmsum upplýsingum um talstöðvaþjónustu landssímans eins og hún var um síðustu áramót. Póst- og símamálastjórn og sjútvn. höfðu í upphafi hug á annari fjáröflunarleið en hér er lagt til. En eftir það, að við áttum tal við hæstv. ríkisstjórn og fjvn., þótti það ekki fært að taka upp á fjárl. hærri framlög til þessa en nú eru þar. Varð því að fara þá leiðina að veita ríkisstj. heimild til lántöku í þessu skyni, eins og hér er ráðgert. Með öðru móti næðist ekki innan ársloka 1942 það mark, sem hér er sett, að hægt verði að koma upp talstöðvum í öllum þeim bátum fiskiflotans, sem eru 10 tonn eða stærri. Það eru samtals um 170 farkostir, sem hér ræðir um, flestir að stærð 10—15 tonn. Sjútvn. var það ljóst, eins og raunar öllum hv. þdm., að taltæki í fiskibátum eru nú viðurkennd sem eitthvað það bezta, sem hægt er að gera þeim til öryggis, hvað sem út af ber. Ennfremur eru þau oft til ákaflega mikilla þæginda, sérstaklega við síldveiðar, til þess að skipin geti bæði haldið sambandi við land og talazt við sín á milli. Vegna sambands þeirra við land þykir nauðsynlegt að gera, eins og póst- og símamálastjóri ræðir um og lagt er til í frv., svonefnda talbrú á Siglufirði. Þar hefir eins og annarstaðar, svo sem í Vestmannaeyjum, verið bjargazt við þá afgreiðslu, sem hægt var að fá á landssímastöðinni í bænum. En það er ekki talið æskilegt, og þörf á að breyta til batnaðar sem fyrst. Enginn vafi þykir á, að rétt sé að setja upp slíka talbrú fyrir Siglufjörð fyrst, síldveiða vegna, leggja símalínu út til Sauðaness og flytja þangað viðtæki talstöðvanna. Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, því að ég vona, að vegna nauðsynjar sinnar sigli málið hraðbyri gegnum hv. deild og fái afgreiðslu á þinginu, þótt liðið sé á þingtíma.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Mér þykir hlýða að lýsa ánægju minni yfir þessu máli og færa þeim þakkir, sem hafa að því unnið, bæði utan þings og innan, að því er komið þetta áleiðis. Ég hygg þetta sé einhver þýðingarmesta ráðstöfun, sem unnt er að gera fyrir öryggi bátaflotans. Reynslan hefir sýnt það, og á seinustu árum hefir tækninni í þessu efni fleygt svo fram, að það er réttnefnd bylting, og hefði fáa órað fyrir því svo skjótt. Það þarf ekki dæmi því til sönnunar, hve þýðingarmikil þessi tæki geta verið að öðru leyti, t. d. á síldveiðum. Á undanförnum þingum hefir þetta talstöðvamál verið uppi og talsvert gert stundum til að hjálpa því áleiðis. En nú kom báðum sjútvn. þingsins saman um, að ekki mættu líða mörg ár, þangað til talstöðvar kæmust í allar fleytur, sem á rúmsjó fara, og það svo, að kostnaður bátseigenda af þessu yrði mjög í hófi. Þó að hér sé sett lágmarkið „um 10 rúmlestir", má ekki gleyma því, að taka þyrfti tillit til minni báta, og eiginlega er nauðsynin því meiri sem fleytan er veikari og minni. Orðalag frv. er ekki einskorðað við fulla 10 tonna stærð, og ég vildi láta koma fram í umr., að n. vildi ekki alveg einskorða það. — Nokkurn þátt í undirbúningi frv. átti aðalfundur Slysavarnafélags Íslands. Þá var um það rætt, að stjórn félagsins semdi frv. um þetta efni. Hin leiðin hefir verið farin, að sjútvn. Alþingis tækju þetta að sér. — Ég vona, að þetta frv. fái góðan byr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um heimild fyrir hæstv. ríkisstj. til lántöku, og það er ekki alveg nýtt, að farið sé fram á slíkt. Það er sennilega nauðsynjamál að koma talstöðvum í fiskiskip, og er ekki neitt við því að segja. En ég vildi, að orðalagið yrði dálítið skýrara í 2. málsgr. 1. gr., og ætla að leyfa mér að bera fram skriflega brtt. þar að lútandi. Ég legg til, að upphaf 2. málsgr. 1. gr. orðist þannig: „Skal láni þessu varið til þess að gera landssímanum fært að selja, sér að skaðlausu, öllum íslenzkum þilskipum" o. s. frv. Þess verður að sjálfsögðu að gæta, að landssíminn verði ekki fyrir neinum skakkaföllum, þó að hann selji þessar talstöðvar. Landssíminn mun auðvitað selja þessar talstöðvar við svo vægu verði sem hann getur sér að skaðlausu.

Ég þarf ekki að orðlengja um þessa brtt., því að hún er sjálfsögð og aðeins til skýringar á orðalaginu, svo að það valdi ekki misskilningi. Ég vil svo afhenda hæstv. forseta þessa brtt. mína.

Forseti (EÁrna): Þessi skrifl. brtt., sem hv. 5. landsk. þm. hefir afhent mér, hljóðar svo: [Sjá þskj. 330].

Till. er of seint fram borin og auk þess skrifleg, og verður því að veita tvöföld afbrigði til þess að hún verði tekin til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það leiðir af sjálfu sér, enda þótt það sé ekki tekið fram í frv., að ekki er ætlazt til þess, að landssíminn skaðist beinlínis á því að búa til talstöðvar og því um líkt handa bátum. Hingað til hefir það verið svo, að hann hefir ekki þurft neina fjárhaldsmenn hvað þetta snertir. Oftast hafa bátar og skip fengið þessar stöðvar á leigu.

Okkur hefir virzt það, sem fengið höfum stöðvar á leigu eða útvegað öðrum þær á leigu hjá landssímanum, að hann sé fullfær um að sjá sjálfur um sína fjárhagslegu hlið. Hitt er vitað, að þvert á móti hefir verið kvartað undan

því, að landssíminn seldi tækin kannske fulldýrt. Hann hefir að vísu gert grein fyrir leigunni, og ég býst við, að það sé ekki hægt að vefengja það, að eins og að málinu er staðið, þá hafi hann fulla þörf fyrir að fá þá leigu, sem hann hefir krafið. Aftur á móti hefir fengizt viðurkenning á því hjá landssímanum, að hann hafi um eitt skeið heimtað óþarflega háa sjóvátryggingu á þessi tæki.

Mér finnst brtt. hv. 5. landsk. ekki vera til neinna bóta á málinu, heldur finnst mér hún vera óþörf, og að því leyti, sem mætti skilja hana svo, að þingið væri heldur að ýta undir landssímann með að taka fullt gjald fyrir þessi tæki, þá stangast það nokkuð á við skoðun almennings í þessum efnum, sem hingað til hefir talið, að landssíminn tæki fyllilega það, sem hann þyrfti að fá í leigu fyrir þessar stöðvar. Það er að þessu leyti nokkuð óviðkunnanlegt, að þingið fari að skipta sér af þessum viðskiptum með því að ýta undir landssímann að taka vel fyrir sitt. Mér finnst, að till. bendi í þá átt og megi skoðast, ef hún verður samþ., sem nokkurskonar bending frá þinginu til landssímans um, að hann taki fullt fyrir sitt. Ég álít, að það sé óþarft að taka það fram, því hann sé fullfær að sjá fyrir sér sjálfur í þessum efnum.

Það mætti hinsvegar skilja það svo, að sérstök samþykkt um þetta atriði væri eins og nokkur andblástur af hálfu þingsins gegn þeim mönnum, sem eiga að verða aðnjótandi þessara tækja, og ábending til áherzlu þess, að fullt verð, eða kannske vel það, sé tekið fyrir leigu á þessum tækjum. Ég tel það alveg óþarft, að sjómenn og aðrir, sem eiga að hafa gagn af þessum tækjum, þurfi að verða fyrir þess háttar samþykkt, sem ekki verður á annan hátt skilin en sem aðvörun til landssímans um að gefa í engu eftir á sínum rétti.

Ég veit ekki heldur til, að við svipaðar lántökur hafi þótt beinlínis þörf á því, að þær stofnanir, sem hlut áttu að máli, hafi fengið sérstakt aðhald hjá þinginu til að sjá fyrir sér og sínum hag, og það er þá dálítið einkennilegt, ef landssíminn, sem talið er að skili arði og komist vel af, á fyrstur að verða fyrir þessari fjárhagslegu umhyggju og forsjón, sem kemur fram í till. hv. þm.

Af þeim ástæðum, sem ég þegar hefi fært fram, tel ég till. hv. 5. landsk. alveg óþarfa, og heldur til þess að setja annan blæ á málið. Ég mun því greiða atkv. á móti henni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég bjóst yfirleitt ekki við, að farið yrði að andmæla þessari sjálfsögðu till., og mér virðist einmitt eftir að hafa hlustað á það, sem hv. þm. Vestm. sagði, að þá sé síður ástæða til að andmæla henni.

Ég sagði í upphafi máls míns, að leigan fyrir þessi tæki ætti ekki að vera þannig, að hún skaðaði landssímann. Hv. þm. Vestm. gaf heldur í skyn, að landssíminn tæki vel fyrir leiguna, en þá felur mín till. það einmitt í sér, að hann hefir þar aðhald um að selja þessi tæki fyrir sannvirði. Með þessu móti er komizt hjá því, að þeir, sem kaupa stöðvarnar, verði fyrir okri af hendi þeirrar stofnunar, sem hv. þm. talaði um.

Þessi till. er aðeins um það, að ákveða þetta nánar, svo báðir megi vel við una. Hér er sagt með nokkuð ákveðnara hætti, að ætlazt sé til, að stöðvarnar séu seldar fyrir sannvirði.

Ef þessi till. mín verður felld, þá er það merki þess, að hv. d. gefi landssímanum bendingu um að selja þessi tæki fyrir innan kostnaðarverð.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta, en mér finnst þetta vera sjálfsögð till.

ATKVGR.
Brtt. 330 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, PZ, ÞÞ, BSt, JJ.
nei: PHerm, SÁÓ, BSn, BrB, IngP, JJós, E-Árna.
ÁJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (MJ, ErlÞ, HermJ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19:1 atkv.

Á 35. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 286, n. 440).

Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti! Eins og sjá má á þskj. 440, þá mælir sjútvn. þessarar d. eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þetta mál er í raun og veru stórmál. Það hefir fengið óvenjugóðan undirbúning á Alþ. Mönnum hefir verið það ljóst undanfarið, að það er mjög mikilsvert til öryggis sjávarútveginum, sérstaklega smábátaútveginum, að talstöðvum sé komið upp í sem flestum skipum. Atburður, sem gerðist í vetur, hefir enn sýnt fram á nauðsyn þess að hafa talstöðvar í fiskiskipum.

Þess vegna var það, að sjútvn. beggja d. komu sér saman um að taka þetta mál upp og kusu sérstaka undirnefnd úr sínum hópi til þess að undirbúa málið og koma því á framfæri. Þessi undirnefnd sneri sér til þeirrar stofnunar, sem hefir haft með þessi tæki að gera, landssímans, en landssímastjórnin tók þannig í málið, að hún skipaði sérfræðing til að rannsaka það. Í fskj. með frv. eru svo prentaðar till. landssímastjórnarinnar. Þar eru till. um það, hvernig eigi að byggja þetta upp tekniskt séð, og þar kemur landssímastjórnin með kostnaðaráætlun.

Þá var næsta stigið, hvernig ætti að afla fjár til framkvæmdanna. Þá var það, að sjútvn. Alþ. sneru sér til fjvn. um það, hvort hún treysti sér til að taka upp í fjárl. yfirstandandi árs, næsta árs og ársins 1942 allverulega fjárupphæð, til þess að koma mætti þessu í viðunandi horf á 3 árum. Fjvn. tók vel í málið, en hún treysti sér þó ekki til að hafa svo háa fjárupphæð í sínum áætlunum, og óskaði hún eftir, að fyrst væri talað við ríkisstj. um málið. Það varð svo úr, að undirnefnd sjútvn. og fjvn. óskuðu viðtals við ríkisstj., og var svo haldinn fundur, þar sem það var tekið til athugunar, á hvern hátt heppilegast væri að afla tekna til þess að geta komið þessu merkilega máli í framkvæmd.

Niðurstaðan af öllum þessum undirbúningi var svo sú, að frv. var borið fram af sjútvn. Ed. og í því formi, að farið var inn á lánsheimildarleiðina. Eins og 1. gr. frv. greinir, þá er farið fram á, að ríkisstj. sé heimilað að taka 225 þús. kr. lán handa landssímanum.

Þetta eru meginþættirnir í þessu merkilega máli. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Sjútvn., sem ég er frsm. fyrir, mælir eindregið með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 475).

49. Hafnargerð á Raufarhöfn.

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn (þmfrv., A. 359).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Sigurður Kristjánsson:** Sjútvn. þessarar d. hefir flutt þetta frv. eftir tilmælum hæstv. atvmrh. og haft málið til athugunar, en hafði ekki tækifæri til þess að skýra frá áliti sínu við 1. og 2. umræðu. Ég vil þess vegna leyfa mér að skýra frá, að n. var á einu máli um að mæla með því, að frv. yrði að l. Eins og hv. dm. sjá, þá felur frv. fyrst og fremst í sér þá breyt. á gildandi l. um hafnargerð á Raufarhöfn, að hækkað er framlag ríkissjóðs til hafnargerðarinnar. Upphæðin var í fyrstu miðuð við 180 þús. kr., en þar sem sýnt þykir, að hafnargerðarkostnaðurinn muni ekki verða undir 230 þús. kr., er lagt til, að framlag ríkissjóðs hækki um $^{2}/_{5}$ hluta kostnaðaraukans og verði 92 þús. kr.

Þá er ennfremur lagt til að gera þá breyt. á l., að ríkissjóður ábyrgist alla lánsfjárhæðina, en ekki aðeins nokkurn hluta hennar, eins og nú er í l. Þetta er að vísu dálítið athugavert ákvæði, ef á þetta yrði litið sem almennt fordæmi. En þess er að gæta, að höfnin er í raun og veru byggð að miklu leyti í þágu ríkisins, þar sem hún er að langmestu leyti notuð í ríkisins þarfir, og ber því ekki á þetta að líta sem almennt fordæmi. — Ég vil svo að síðustu endurtaka það, að sjútvn. leggur til, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 452).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég skal ekki hafa langa framsögu fyrir þessu frv. Það er flutt af hv. sjútvn. Nd. og gerir ráð fyrir þeim breyt. á gildandi l. um hafnargerð á Raufarhöfn, að fjárveiting ríkisins til þessa verks verði hækkuð og um leið hækkuð upphæð sú, sem ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar. Ýtarleg rannsókn hefir sýnt, að hin fyrirhugaða fjárhæð, sem l. gera ráð fyrir, nægir ekki, en hv. Alþ. er kunnugt, hversu nauðsynlegt er, vegna stækkunar síldarverksmiðjunnar, að framkvæmdar séu þær hafnarbætur, sem ráð er fyrir gert. Þarf ég ekki að útskýra þetta fyrir hv. d. Vona ég, að frv. fái greiðan gang gengum hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 477).

---

50. Jarðhiti.

Á 3. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um eignar- og notkunarrétt jarðhita (þmfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Við flm. þessa frv. leyfum okkur að flytja það einu sinni enn. En að þessu sinni er það í nokkuð breyttu formi frá því, sem það hefir verið. Þessi hv. d. breytti frv. um þetta efni, sem flutt var á síðasta þingi, og afgr. það til Ed. í því formi, sem það er nú í.

Þrátt fyrir það, þó að við flm. náum ekki því marki með þessu frv. eins og það er nú, sem við höfðum hugsað okkur, teljum við þó til bóta að fá frv. afgr. í því formi eins og það liggur nú fyrir.

Þau ákvæði, sem snerta meðferð jarðhitasvæða og heimildin til ríkisstj. um að styrkja menn til borana og annara rannsókna á jarðhita, eru bæði nauðsynleg og einnig nokkur hvatning, og geta auk þess haft verulega fjárhagslega þýðingu. Ennfremur, að ekki sé heimilt að undanskilja jarðhita, þegar sala fer fram á jörðum, þar sem um slík hlunnindi er að ræða.

Hitt meginatriði þessa máls er snertandi forkaupsréttinn. Í frv. okkar eins og við flm. lögðum það fram í fyrstu var gert ráð fyrir því, að ríkið eignaðist forkaupsrétt við sölu jarðhita. En hv. allshn. þessarar d. breytti á síðasta þingi þessu atriði frv. í það horf eins og það er í 6. gr. nú. Þar sem ég tel, að svona verðmæti séu hvergi betur komin en í eigu ríkisins, þykir mér að vísu miður að víkja frá hinni upphaflegu stefnu í þessu máli. En þessa breyt. skoða ég þó sem málamiðlun, sem rétt sé að fallast á eins og á stendur.

Þar sem nú eru aðeins örfáar vikur liðnar síðan þessi hv. d. afgr. þetta mál frá sér, þá vil ég vænta þess, að þess sé enn kostur að fá það afgr. í því formi, sem frv. liggur nú fyrir í, og legg ég til, að málinu verði nú að lokinni umr. vísað til hv. allshn., í trausti þess, að sú n. flýti fyrir málinu og afgr. það á þeim grundvelli, sem hér er lagt til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 17:3 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 256).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Eins og nál. allshn. ber með sér, hefir n. orðið ásátt um að mæla með samþykkt þessa frv., en flytur við það eina brtt., sem nokkru máli skiptir. Þessi brtt. er við 7. gr., en sú gr. er ákvæði um, að taka megi jarðhita eignarnámi til almenningsþarfa, án þess að sérstök heimild hafi verið til staðar í hverju einstöku tilfelli af hálfu Alþ. N. leit svo á, að rétt mundi vera að fella þetta ákvæði niður, þó að eignarnám yrði með því móti torveldara í framkvæmd, þar sem Alþ. yrði að gefa til þess leyfi í hvert sinn, sem nauðsyn bæri til. Í samræmi við þessa brtt. hefir n. lagt til, að gerð verði breyt. á 8. gr., um að fella niður orðin „sbr. 7. gr.“

Að öðru leyti hafði n. ekkert við frv. að athuga, en leggur til, að það verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 256,1 (ný 7. gr.) samþ. með 17:3 atkv.
— 256,2 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 280).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 280, n. 421, 422).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frá hendi n. hefi ég ekki mikið um þetta frv. að segja. N. hefir lagt til, að frv. verði samþ. En eins og nál. á þskj. 421 ber með sér, hefir einn nm. sérstöðu og hefir skrifað undir nál. með fyrirvara og flytur brtt. við frv. á þskj. 422, og geri ég ráð fyrir, að hans fyrirvari byggist á því, að það sé efa bundið, að hann fylgi frv., ef þessi brtt. hans verður ekki samþ.
Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frv. í heild neitt nánar. Það er ljóst, og ég geri ráð fyrir því, að hv. dm. hafi kynnt sér það, en brtt. á þskj. 422 ætla ég ekki að ræða fyrr en hv. flm. hennar hefir gert grein fyrir henni.
En það gæti þá hugsazt, að út af því væri ástæða til að taka til máls eftir að minni hl. n. hefir hér gert grein fyrir sinni afstöðu. En meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Magnús Gíslason:** Á undanförnum árum hafa augu manna opnazt meir og meir fyrir því, hversu miklir fjársjóðir væru fólgnir á þeim svæðum, sem jarðhiti er í. Einkum hefir þetta vakið mikla athygli manna að því er snertir hverahitun. Og þetta hefir komizt svo langt, að ráðizt hefir verið í stórt fyrirtæki í því sambandi, þar sem er hitaveita Reykjavíkur. Auk þess er vitað, að á þessum hverasvæðum eru ýmiskonar verðmæt efni fólgin í jörðu, ýmist ofanjarðar eða í jörðu. Má þar nefna brennisteininn, og í sambandi við hann á einum stað hefir risið upp iðnaður. Um fleiri slík efni er vafalaust að ræða. Þá er haldið, að allmikið af radíum muni finnast hér á landi, enda þótt rannsókn hafi ekki leitt í ljós, hvort kostur sé á að vinna þetta efni. Auk þess er vitað, að í hveravatni er fólginn mikill lækningarkraftur, sem reynzt hefir vel hér á landi og erlendis að því er snertir sjúkdóma eins og gigt. Um allt þetta er lítið rannsakað hér á landi, og full ástæða til, að af hálfu ríkisvaldsins verði gerð gangskör að því að fá upplýst á vísindalegan hátt, hvernig þetta mætti nota landinu til sem mestra hagsmuna. Ég hefði því talið rétt, að um þetta yrðu sett l., og það sem fyrst. En ég hefði talið heppilegra, að frumkvæði að slíkum l. hefði ríkisstj. átt eftir að hafa látið fara fram ýtarlega rannsókn á þessu.
Það frv., sem hér liggur fyrir og hefir verið samþ. af Nd., er að sjálfsögðu borið fram í þeim tilgangi að setja á einhverja skipun um þessi mál. En ég tel frv. svo ófullkomið, að það muni verða lítið lið að því, og ég hefi verið í vafa um, hvort ástæða væri til að láta það ná framgangi á þessu þingi. En ég vænti þess, að það líði ekki langur tími þangað til að ríkisstj. taki málið til athugunar og þá verði sett ný l. um þetta í líkingu við það, sem gert var 1923, þegar vatnal. voru sett. Því að það er ekki vafi, að ef á að rannsaka þessi mál verulega, þarf eins ýtarleg l. um þessi verðmæti og meðferð þeirra eins og sett voru með vatnal.
Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er svo ófullkomið, að ekki verður séð, hvort einungis er átt við lauga- og hverahitann, sem er aðeins einn liðurinn í þessu máli, eða hvort einnig er átt við framleiðslu þeirra verðmætu efna, sem kunna að felast á þessum heitu svæðum.
Fyrirsögn frv. er: frv. um eignar- og notkunarrétt jarðhita, — og í 1. gr. frv. er talað um hagnýtingu á hverum og laugum og innan sviga „jarðhita". Það lítur svo út, að fyrir flm. hafi vakað, að þessi l. nái eingöngu til jarðhita. Svo er talað um það í 3. gr., að landeiganda sé rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum bezt þykir henta til heimiliśþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr. En svo eru engar reglur settar nánar um það, hvað meint sé með því eða hvað sé átt við með hagnýtingu hvera til iðnaðar og framleiðslu. En það mun ekki geta verið átt við nein efni, sem finnast á hverasvæðunum. Þetta virðist mér benda til þess, að málið hafi verið heldur lítið undirbúið og þyrfti mikið að breyta frv., til þess að þetta gæti orðið að verulegu gagni og náð þeim tilgangi, sem nauðsynlegt væri.
Ég hefi gert eina litla brtt. við frv., sem aðeins snertir 6. gr. þess, um forkaupsrétt á jörðum þeim, sem jarðhitaréttindi fylgja. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið skuli hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem veittur er sá réttur með l. um forkaupsrétt jarða, sem eru ábúandi og sveitarsjóður. Hér í frv. er bætt við ríkissjóði að hinum frágengnum. Nú er það svo, að samkv. l. hefir meðeigandi í jörðum ekki forkaupsrétt. Það er aðeins í því tilfelli, að ábúendur séu tveir á jörð og annar þeirra eða einhver er á jörðinni, þá á sá ábúandi, sem fyrir er á jörðinni, forkaupsréttinn að hinum hlutanum. Annars hefir forkaupsréttur meðeiganda ekki verið ákveðinn í lögum.
Í þessu frv. er einnig í 4. gr. gengið nokkuð inn á þetta mál, þar sem það ákvæði er sett, að ef annar eða einhver jarðeigenda vill hagnýta sér hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, skal þá sá eða þeir, sem vilja, eiga rétt á, annaðhvort að fá orkuna keypta eftir mati eða taka hana á leigu, sem ákveðin sé með mati, þó þannig, að í báðum til-

fellum hafi sá eða þeir, sem ekki vilja hagnýta sér orkuna, eftir nægilega orku til heimilis- og búsþarfa. Þannig er þeim, sem vilja hagnýta sér orkuna, veittur forkaupsréttur á orkunni, en ekki landinu, sem orkan er í. Og þá virðist eins og orkan geti orðið honum lítils virði, ef hann ekki hefir eignarrétt á jörðinni. Þess vegna er lagt til með þessari brtt., að næst á eftir ábúanda fái meðeigandi forkaupsréttinn. að ábúanda frágengnum, og þar næst sveitarsjóður og þá ríkissjóður.

Eins og ég mun hafa tekið fram, hefi ég ekki beinlínis viljað vera á móti því, að frv. nái fram að ganga með þeim breyt., sem ég vil gera á því. En ég tel, að með þessu frv. sé tjaldað til einnar nætur. Ég álít, að þetta mál þyrfti að taka til ýtarlegri athugunar heldur en gert hefir verið hingað til.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið tilkynnt, að utanríkismálan. þyrfti að fara á fund nú þegar. og held ég því ekki fundi lengur áfram. Ég tek mál þetta af dagskrá og fresta umr.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég get verið sammála samnefndarmanni mínum, hv. 11. landsk., um það, að í jarðhitanum muni vera fólgnir margir og litt rannsakaðir möguleikar og að um notkun hans verði síðar að setja mjög ýtarlega löggjöf. Vel geta komið í ljós verðmæt jarðefni í sambandi við jarðhitann, og lít ég svo á, að frv. taki einnig til þeirra, þó að síðar kunni að þurfa að bæta einhverju við af þessum ástæðum. En ekki get ég fallizt á það með honum, að frv. sé svo ófullkomið, að það eigi ekki að ganga fram í þeim búningi, sem það hefir fengið. Þegar nýmæli eru lögleidd, má alltaf gera ráð fyrir, að þau standi til bóta með reynslu, sem fæst á þeim í framkvæmdinni smátt og smátt. Það er nú í 3. eða 4. sinn sem málið er flutt á Alþingi, og alltaf hefir það verið rætt nokkuð, þó að það hafi ekki komizt eins langt og það er komið að þessu sinni. Frv. hefir tekið nokkrum breyt. í meðferðinni. Ég ætla raunar, að þær séu frekar til hins lakara, en þær sýna þó, að menn með mismunandi sjónarmið eru búnir að grannskoða frv. og leggja sitt til málanna, þar sem þeir hafa fundið eitthvað, sem þeim þótti athugavert. Ég tel, að felld hafi verið niður ýmis gagnleg ákvæði. Og brtt. hv. 11. landsk. tel ég til spillis á sama hátt. Mér finnst það ósamrýmanlegt, að tala um, að frv. sé áfátt og að mikið vanti í það, en leggja það eitt til, sem dregur úr frv. og gerir það, a. m. k. frá mínu sjónarmiði, sýnu ófullkomnara en er. Brtt. er, eins og hv. þdm. er kunnugt, um að veita forkaupsrétt að jarðhita þeim aðilum, sem löggjafinn hefir ekki viljað veita forkaupsrétt að jarðeignum. Ég skil ekki, hvers vegna nú á að brjóta löghelgaða venju um forkaupsrétt almennt og smeygja þessu inn í frv. Mér þætti miklu nær sanni, að einhverjir af þeim, sem hafa forkaupsrétt á jörðum, hefðu hann ekki á jarðhita. Hv. 11. landsk. studdi brtt. sína við það, að í 4. gr. er svo fyrir mælt, að meðeigandi að jarðhita geti eignazt einskonar forkaupsrétt, ef hann vill hagnýta sinn hluta af orkunni, en hinn ekki. Skal hann þá annaðhvort fá orkuna keypta eða tekna á leigu eftir mati, þó þannig, að sá, sem orkuna lætur, hafi eftir nægilegt til bús- og heimilisþarfa. Þetta er nauðsynlegt til þess, að meðeigandi geti ekki hindrað hagnýting jarðhita. Ákvæðið er bundið sínum sérstaka tilgangi og getur aldrei gefið neitt almennt fordæmi fyrir brtt. eins og þeirri á þskj. 422. Hv. þm. benti á vatnalögin, og mér skildist hann setja þessa löggjöf jafnhliða þeim. Má vera, að það sé fyllilega réttmætt. Ég veit, að þau lög fengu mikinn undirbúning. Það var meira að segja send nefnd til annara landa til athugana og rannsókna. Ég vil ekki beinlínis leggja til, að það verði gert nú. Það er nokkuð löng leið til að sækja reynslu um hagnýting jarðhita og löggjöf um hana, og að sama skapi hæpið, hversu sú langsótta löggjöf hentaði íslenzkum háttum. Ef við erum sammála um að setja löggjöf um þessi efni, verðum við að setja hana saman með allri okkar skammsýni og vankunnáttu og bæta um hana á síðan, jafnóðum og föng eru á. Hv. þm. tók það fram, að hér eru mikil verðmæti í húfi. Það er einmitt knýjandi ástæða til að geyma ekki að setja lögin, þangað til allt er orðið margfalt erfiðara viðureignar. — Ég er á móti brtt. á þskj. 422 og mæli eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Magnús Gíslason:** Herra forseti! Hv. 2. þm. S.-M. hefir mælt gegn brtt. minni með þeim rökum, að hún mundi gera frv. ennþá ófullkomnara en það er. Ég skil þetta ekki. Í 4. gr. frv. sjálfs er gert ráð fyrir, eins og hv. þm. hefir viðurkennt, að meðeigandi geti eignazt forkaupsrétt á hitaorku. Þetta er að vísu nýmæli í okkar löggjöf. Yfirleitt hafa meðeigendur ekki forkaupsrétt í jörðum, heldur aðeins í þeim tilfellum, ef þeir eru ábúendur, að nokkru leyti eða eða öllu, á parti þeim, sem selja skal. En ef gengið er inn á þessi ákvæði 4. gr., skilst mér næsta sporið vera að veita meðeiganda forkaupsrétt á meira en orkunni, eins og ég legg til. Þó að meðeigandi geti eignazt hana, kemur honum það að mjög litlu liði, ef hann fær hvorki rétt til að kaupa né leigja land þar hjá, eins og þarf til nýtingar orkunnar. Ég held því, að brtt. mín sé til stórra bóta á frv.

Ég get ekki horfið frá því, að lögin eru illa undirbúin. Í fyrsta lagi er ég í mjög miklum vafa um, hvort þau geti náð til annars en jarðhitans sjálfs. Bæði fyrirsögn og 1. gr. frv. takmarka efni þess við hann einan. Í 3. gr. er farið að tala um að hagnýta „hveri og laugar" „til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar", en ekkert um önnur verðmæti, sem til kunna að vera í sambandi við jarðhitann. Í öðru lagi skortir flestar reglur um, hvernig eigi að nota orkuna, sbr. það, sem segir t. d. í vatnalögunum, að búþörf gangi fyrir heimilisþörf og heimilisþörf fyrir iðnaðarþörf o. s. frv. Þarna eru engar reglur, sem samsvari því, er í vatnalög-

um segir um vatnamiðlun, og engar reglur um það, ef nota ætti jarðhita til upphitunar á stórum svæðum, ekkert um það, ef félög ætla að notfæra sér hita í stórum stíl. Ég hefði kosið að vísa þessu máli til ríkisstj. til nýrrar og betri rannsóknar.

Ég geri það ekki að kappsmáli, hvort brtt. mín verður samþ. En ég tel, að það eigi að auðvelda mönnum að eignast jarðhita ásamt því landi, sem hann er í, eða veita þeim forleigurétt að hvorutveggja. Með því einu móti nær forkaups- eða forleiguréttarákvæði 4. gr. tilgangi sínum, og tel ég, að brtt. bæti nokkuð úr ágöllum frv.

***Magnús Jónsson:** Það er satt, að frv. er búið að liggja fyrir hverju þinginu eftir annað, án þess að það þætti svo vel undirbúið, að vert þætti, að það gengi fram. Það hefir lítið verið rætt eða athugað, og ef satt væri það, sem hv. 2. þm. S.-M. segir, að það hafi ekki breytzt nema til hins lakara, líst mér ekki sem bezt á að flaustra því nú óbreyttu gegnum þingið.

Það er principmál, hvernig þessum löggjafaratriðum skuli haga. Þó að ég sé samþykkur brtt. hv. 11. landsk. og geti viðurkennt ýmislegt í frv., fer því fjarri, að ég geti sætt mig við það eins og það er.

Með ábúðarlögunum virðist eindregið stefnt að því, að sem flestar jarðir komist í sjálfsábúð. Þar er á allan hátt reynt að draga úr hagsmunum jarðeigenda, og tel ég þar að vísu allt of langt gengið, en sjálfsábúðarstefnan, sem að baki því er fólgin, hefir verið mælikvarði Alþingis á alla löggjöf, sem þetta snertir. Nú er í þessu frv. stefnt að því að gera þann fjölda jarða, sem einhver hiti fylgir, hversu lítil volgra sem er, að ríkiseign og torvelda einstaklingum að eignast þær. Þarna finnst mér nokkuð hratt stefnt frá þeirri stefnu, sem Alþingi og áreiðanlega meiri hluti bænda hefir talið heilbrigðasta. Það getur verið nauðsyn, að þeir örfáu stóru hverir, sem líkur eru til, að notaðir verði til almenningsþarfa, komist fyrr en síðar í hendur hins opinbera. Mér finnst þurfa nú þegar rannsókn á því, hvaða hverir þar er um að ræða, og má að því búnu gera um þá sérstakar ráðstafanir. En betra væri, þótt einn og einn slíkur hver yrði þá útundan í bráðina, en að leggja undir ríkið allar jarðir, sem að nafni til hafa einhverja laug í landi sínu. Á Alþingi 1937 var borin fram till. til þál. af hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt) og hv. 6. landsk. (EmJ) um, að rannsökuð skyldu jarðhitasvæði landsins. Till. var samþ., og nú væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ríkisstj., hvað hún hefir gert í því máli. Till. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til að rannsökuð verði stærstu jarðhitasvæðin hér á landi og þá fyrst þau, sem líklegust eru til að hafa hagnýta þýðingu. Skal leita samvinnu bæjar- og héraðsstjórna á þeim stöðum, þar sem rannsóknirnar eru líklegar til að koma að notum, um fjárframlög til rannsóknanna, en að öðru leyti skulu þær kostaðar af ríkissjóði."

Í grg. till. er tekið fram, að mjög fá jarðhitasvæði hafi verið athuguð til neinnar hlítar, og flest ekki neitt; vanti því allan grundvöll undir framkvæmd hagnýtingar þessara náttúrugæða, sem enginn viti, hversu mikils virði eru.

Þessi þál. segir einmitt mikið af því, sem ég vildi segja að svo komnu máli. Áður en flaustrað er af lögum, sem að ýmsu leyti gætu haft mjög varhugaverðar afleiðingar, þarf m. a. að fara fram rannsókn á því, hvar líkur eru til að jarðhiti verði notaður, og hvaða hverajarðir geti orðið hagnýttar fyrir stærri svæði. Alþingi hefir látið í ljós sinn vilja með því að leggja til, að þessi rannsókn verði framkvæmd. Ég vil og benda á í þessu sambandi, að ef nota á jarðhita til upphitunar, þá munar það mestu, hvort hann er í nánd við mikið þéttbýli og fjölmenni, en nú hittist svo undarlega og óheppilega á, að þar, sem hverir eru hér á landi, eru þeir svo að segja hvergi í nánd við mikið fjölmenni; jafnvel þar, sem jarðhiti er mikill, er hann víðast hvar langt frá þéttbýlu stöðunum. Það má t. d. segja um Deildartunguhver, að hann væri verðmeiri, ef hann væri úti við Akranes, og eins með hverina í Skagafirðinum, að þeir væru verðmætari, ef þeir væru úti á Sauðárkróki. En það, sem vakað hefir fyrir mönnum, er eflaust það, að reynt yrði með borunum, hvort ekki væri hægt að ná upp heitu vatni í nánd við fjölmenni, og svo það, hvaða hverir eru líklegir til þess að hægt verði að hagnýta þá til hitaveitu eða iðnrekstrar í fjölmenni.

Svo er síðari liður till., sem sé, að undirbúið verði fyrir næsta þing frv. um eignar- og notkunarrétt jarðhita á svipuðum grundvelli og frv. það, sem hér liggur fyrir. Nú hefir ríkisstj. ekki framkvæmt síðari liðinn, a. m. k. ekki þannig, að árangurinn af þessari athugun sé fram kominn í frv.formi, en hinsvegar þykir mér líklegt, að hæstv. ríkisstj. hafi eitthvert tillit tekið til þessarar till., sem samþ. var í Sþ. árið 1937, og má því búast við, að hún hafi í undirbúningi einhverjar lagasetningar um þetta efni.

Ég vildi óska, að hæstv. Alþingi væri ennþá sama sinnis í þessu efni og 1937, og þótt ég játi, að þetta er góð tilraun af hálfu þeirra manna, sem búið hafa til þetta frv., þá myndi ég frekar kjósa, að ríkisstj. yrði falið að rannsaka málið frá rótum.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að það mætti samþ. frv. eins og það er; það stæði þá alltaf til bóta. Ég held einmitt ekki, að með svona atriði eigi að fara þá leið að setja fyrst löggjöf, sem lítið er undirbúin. Þetta er, álít ég, hlíðstætt vatnal. Það er út af fyrir sig ekkert vandamál að setja allmikinn lagabálk, sem í eru almenn, skynsamleg fyrirmæli um hitt og annað, sem ekki orkar tvímælis, en hinsvegar geta verið ákveðnar grundvallarreglur, sem geta staðið í vegi fyrir því samkomulagi, sem þarf til að slík frv. nái samþykki. Eins gæti þetta orðið um l. um jarðhitann, að það yrðu grundvallaratriðin, sem stæðu á milli, þótt hægt væri að setja ákveði um almenn atriði, svo ég held það væri rétt að fá úr þeim „prin-

cip"atriðum skorið í milliþn. eða á annan hátt með rannsókn, sem hæstv. ríkisstj. léti fram fara. Ég hefði talið beztu afgreiðsluna á þessu máli vera þá, að fram hefði komið rökstudd dagskrá, þar sem vísað hefði verið til þessarar ályktunar Alþingis frá 1937, og það ítrekað, að ríkisstj. léti undirbúa og athuga málið nánar. Ég ætla samt ekki að bera fram þessa dagskrá nú við 2. umr., heldur sjá, hvernig henni reiðir af, þar sem enn er ekki vitað, hvort hv. d. vill afgr. málið nú eða með hvaða formála.

*Jónas Jónsson: Ég gat ekki sannfærzt af ræðu hv. 1. þm. Reykv. um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það var að vísu rétt, sem hann sagði, að gildandi ábúðarl. hefði nokkuð verið breytt frá því, sem þau voru áður. Þeim var breytt á þann hátt, að við vildum auka rétt hinna einstöku búenda meira en áður var, en minnka rétt þeirra landeigenda, sem áttu jarðir, en bjuggu ekki á þeim sjálfir. Sú breyting á ábúðarl. var gerð út frá því sjónarmiði, að það gerði sterkari bændastétt í landinu, ef sem flestir yrðu sjálfseignarbændur, sem nú eru leiguliðar, og eftir allharða baráttu í þinginu varð þessi skoðun ofan á, og það hefir ekki verið á móti því mælt, að það hafi verið rétt hugsað. Það ástand, sem áður var í þessum málum, var það, að vissir bændur áttu þetta 10—12 jarðir, sem þeir leigðu mönnum með óvissum ábúðarrétti og þröngvuðu kosti leiguliðanna svo, að þeir sáu sér ekki fært að bæta jarðir sínar, og enn síður höfðu þeir nokkra tryggingu fyrir, að börn þeirra fengju jarðirnar. Á öllu þessu byggðum við þær breyt., sem gerðar voru á ábúðarl., eins og hv. þm. sagði. Það er þessi sami hugsunarháttur, sem kemur fram í því, að vilja gera þá menn, sem rækta jörðina, sem sjálfstæðasta og öruggasta á þessum býlum og minnka rétt þeirra óviðkomandi fésýslumanna, sem kunna að vilja eiga jarðir og notfæra sér á þann hátt, sem er mannfélaginu lítt uppbyggilegt, sem kemur fram í þessu frv. um eignar- og notkunarrétt jarðhita, þessara stórkostlegu náttúrugæða, sem ekki eru til nema í einu öðru landi í álfunni, og ekki nema á nokkrum stöðum hér á landi. Þessi gæði geta verið svo þýðingarmikil, að þau jafnist á við stórar námur. Þó er víðast hvar útilokað, að hægt sé að hagnýta jarðhitann til iðnaðarþarfa í stórum stíl. Slíkt kemur ekki til greina hjá venjulegum bændum eins og þeim, sem verið var að tryggja aukinn rétt með ábúðarl. Ef um stórrekstur ætti að vera að ræða, yrðu það fjárfrek fyrirtæki, eins og hver annar stóriðnaður, svo notkun jarðhita í stórum stíl er ofviða þeim venjulega búskap á Íslandi, eins og hann gerist nú. Það er ekki rétt hugsað hjá hv. 1. þm. Reykv. að blanda saman því, þegar verið er að reyna að tryggja smárekstur einstaklinga, og hinsvegar því, sem þetta frv. gengur út á, að reyna að tryggja, að hér geti komið upp stórrekstur, þar sem skilyrði er til þess. Það er ómögulegt að neita því, að fyrirtæki eins og það, sem hér er hafið og hugir manna beinast mjög að hér í Rvík, er stórrekstur, þegar Reykjavíkurbær ætlar sér að hita upp bæ fyrir 60 þús. manns frá einni námu. Það væri ekki lítil kolanáma, sem þyrfti til að framleiða nóg fyrir slíkan bæ. Ég vil aðeins taka eitt eða tvö dæmi um jarðhitann. Ég vil fyrst minnast á Geysi. Þar átti sér stað meira brask en nú myndi sennilega látið viðgangast, þegar Geysir var keyptur af útlendum manni og honum spillt eða lokað með hirðuleysi og óvandaðri meðferð, sem ekki varðaði við l. þá, og ég veit ekki til að geri það enn, og mun ekki gera á næstunni, nema frv. þetta nái fram að ganga. Ég get ekki hugsað mér meiri vanmátt hjá þjóðfélaginu en það, að eign eins og Geysir sé seld fyrir fáein þús. út úr landinu, og þótt eigandanum hefði þóknazt að fylla Geysi upp, þá hefði enginn getað sagt neitt við því. — Þá skal ég koma með annað dæmi. Reykjavíkurbær keypti fyrir nokkrum árum jarðhitasvæðið í Mosfellssveit fyrir, að mig minnir, 150 þús. kr. Segjum svo, að öðruvísi hefði þá verið í haginn búið, ef menn hefðu t. d. áður verið búnir að tala um það af alvöru að hita Reykjavík með þessu vatni. Þá hefðu einhverjir fésýslumenn getað verið búnir að kaupa þetta svæði fyrir segjum eina millj. kr., svo þegar Reykjavík vildi kaupa það, þá hefðu fésýslumennirnir getað sannað, að svo og svo mikla peninga hefðu þeir lagt í þetta og yrðu því að fá svo og svo mikið fyrir landið. Þetta hefði svo orðið að koma niður á fólkinu í Reykjavík. Ég segi ekki, að það hefði verið sanngjarnt, að Reykjavík hefði orðið að kaupa þetta svo dýrt, en svona hefði það farið, hefði þetta verið rekið sem „spekulation". Þetta fór reyndar ekki svo, en það var ekki að þakka neinum dyggðum Reykjavíkurbæjar, heldur því, að menn höfðu ekki auga fyrir að „spekulera" með þetta. Nú hafa menn komið auga á þetta og margir hafa ágirnd á jarðhitasvæðunum af „spekulations"-ástæðum, til þess að græða á þeim. Þeir vilja nota sér það, að þetta er sýnilega mikið verðmæti í kolalausu landi. Að þessu frv. standa þm. frá einhverju hverauðugasta svæði landsins, Árnessýslunni, en þeirra augu hafa opnazt og þeim stendur stuggur af því að hafa þessi miklu verðmæti þarna lausbeizluð. Það er ekki um það að ræða á þessum hlunnindajörðum í Árnessýslu að setja þar upp stóriðnað, en þarna geta komið menn, sem vilja kaupa hverina til þess að „spekulera" með, en slíkt kemur ekki fyrir, ef hreppurinn, sýslan eða ríkið á forkaupsréttinn, því þeir aðilar myndu ekki kaupa þá til að „spekulera" með, heldur til þess að eiga það handa borgurum landsins, þegar á liggur. Ég skal líka taka sem dæmi, að í því kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, er hver svo sem 15 km. frá Húsavík, sem hefir um það bil eins mikið af vatni og hverirnir í Mosfellssveit höfðu áður en farið var að bora, og það lítur út fyrir, að ef lögð væri þaðan leiðsla þessa 15 km. til Húsavíkur, þá myndi vatnið renna þangað af sjálfu sér; það þyrfti sem sé ekkert að hækka það upp. Nú er Húsavík ekki nema lítið þorp, en ef fjármagn væri þar til staðar, þá væri það hin mesta búbót að veita þessum hver til Húsavíkur og nota vatnið jafnframt til ræktunar í þeim frjósömu héruðum, sem það yrði leitt í gegnum. Ég er svo eigingjarn fyrir mitt kjör-

dæmi, að ég vildi heldur óska, að þessi hver yrði í eigu ríkisins um nokkurt skeið, en að hann færi í „spekulation", svo erfitt yrði að ná honum aftur nema með ærnum kostnaði, þegar að því kæmi, að hægt væri að nota hann. Ég skal nefna hliðstætt dæmi héðan úr Reykjavík. Ég hygg, að Reykjavíkurbær hafi ekki alls fyrir löngu átt þann litla blett, sem Hótel Borg stendur nú á, og hafi þá selt hann fyrir fremur lítið, en svo þegar hótelið var byggt, varð að kaupa þennan sama blett fyrir 150 þús. kr. Þetta er eitt af því, sem mest þjáir Reykjavík. Þeir landnámsmenn, sem hér voru um tíma, leyfðu það, að lóðirnar lentu í „spekulation", og þetta feikilega verð á lóðunum er ein ástæðan fyrir dýrtíðinni, sem hér er.

Því vona ég nú, að sá hv. þm., sem hefir þann vanda og heiður að vera 1. þm. Reykv., sjái nú, hvað hagsmunum hans kjördæmis líður í þessu máli, og hjálpi til þess að losa höfuðstaðinn undan því böli, sem hér af kann að hljótast, og ég treysti því, að vegna hans virðulega sætis og vegna kjördæmisins sjái hann sér fært að snúast öðruvísi við þessu máli en ræða hans gaf ástæðu til að ætla.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Mér þykir hlýða að segja nokkur orð um þetta mál áður en þessari umr. lýkur. Þetta mál mun hafa legið 4 sinnum fyrir Alþingi, en til þessarar hv. d. hefir það ekki komið fyrr en á síðasta þingi, og eins og kunnugt er, þá liggur það nú í annað sinn fyrir þessari hv. d. Í sambandi við meðferð málsins í Nd. á undanförnum þingum er rétt að geta þess, að á þinginu 1938 er málið flutt, eins og sjá má af grg. þess þá, fyrir tilstilli hæstv. forsrh., eftir að hann hafði samkv. ósk hv. d. á fyrra þingi, látið fara fram athugun á málinu á milli þinga. Hverjir það eru, sem hafa athugað málið, er mér ekki kunnugt, en þetta allt bendir í þá átt að málið hafi fengið allverulegan undirbúning og rannsókn. Málið kom svo til þessarar hv. d. á síðasta þingi, að mig minnir í seinni hluta desembermánaðar, og fór þá til allshn. Okkur nm. fannst þá málið vera það umfangsmikið og þýðingarmikið og e. t. v. mörgum tilfinningamál, að nauðsyn bæri til, að fram á því færi gagnger athugun. Við töldum ekki, að tími væri nægur til að láta slíka athugun fara fram, þar sem rétt var komið að þinglokum, en samt sendi n. tveimur aðilum frv. til umsagnar. Má e. t. v. segja, að við höfum þar ekki hitt á hina réttu aðila, en við leituðum til Verkfræðingafélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands og báðum um umsögn þeirra. Verkfræðingafélagið svaraði rétt í þinglokin, og er ekki mikið á því svari að græða. Má nánast segja, að það væri frekar neikvætt en jákvætt. Aftur á móti hefir Búnaðarfélagið nú svarað okkur með umsögn, sem að vísu er mjög stutt og e. t. v. ekki nógu rökstudd, en með leyfi hæstv. forseta vil ég láta koma fram, hvað stjórn Búnaðarfélagsins segir um þetta mál. Hún segir: „Félagið vill hér með láta í ljós það álit sitt, að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um þessi efni. Í jarðhita landsins er fólgið svo mikið verðmæti, sem er mikilvægt fyrir allan almenning, að nauðsynlegt er að ákveða með lögum ýmislegt varðandi þessi gæði. Er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að jarðhitinn lendi í braski milli manna. Félagið telur, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni koma að gagni og mælir þess vegna með samþykkt þess."

Þetta er, eins og allir sjá, yfirlýsing um afstöðu Búnaðarfélagsins til frv. N. taldi, að þótt lítill tími væri fyrir hendi, þá væri samt rétt, að hún gerði málinu einhver skil, eða léti a. m. k. í ljós, hvort n. vildi vera með því eða á móti. Ég segi fyrir mig, að ég var alveg ákveðinn í því að leggjast fremur með frv. en á móti því, af þeim ástæðum, er nú skal greina. Ég hygg, að það sé full nauðsyn á því, að nokkrar skorður séu settar við því, að jafndýrmæt náttúrugæði og jarðhitinn er nú fyrir landsmenn geti orðið braskvara til óverðugra manna, jafnvel útlendra manna. Það liggur í hlutarins eðli, að þegar augu manna hafa opnazt fyrir því, hvað með jarðhitann má gera, þá verður það freisting fyrir þá, sem yfir honum ráða á hinum ýmsu stöðum á landinu, að selja hann fyrir einhvern pening, ef þeim býðst það, og kunna þá kannske ekki skil á verðmæti hans. Þessi skoðun hefir komið fram hjá öllum fylgjendum málsins, og ég get tekið undir með þessari stefnu. Hinu ber ekki að neita, að þetta getur valdið þeim nokkrum trafala, sem eiga jarðhitasvæði, þótt ég hinsvegar sjái ekki betur en að þeir hafi fullt frelsi til að nota hann til hinna og annara framkvæmda á jörðum sínum, en frv. miðar tvímælalaust að því, að ekki sé hægt að selja til annara en 2. og 3. aðila, sem þar eru nefndir, án þess að ríkið hafi hönd í bagga með því. Virðist mér allt frv. miða að því, að hið opinbera geta smátt og smátt orðið eigandi þessara náttúrugæða. Út frá stefnu okkar Alþfl.-manna get ég ekki annað en verið með því, að löggjöf, sem miðar í þessa átt, verði samþ.

Ég skal ekki fara ýtarlega út í brtt., sem hér liggja fyrir, en ég hygg, að það kunni að verða nokkrum vandkvæðum bundið að framfylgja þeim, ef þær verða að l., svo að ef margir eigendur eru að jörð, sem hefir jarðhita og vafi sé á, hver eigi að ráða yfir þessu, ef aðeins einn eigandinn vill selja, þá sé ég ekki, að brtt. taki neitt svo skýrt fram um þetta efni, að ekki geti alveg eins risið upp ágreiningur um það, hver sé eiginlega sá rétti aðili, þegar um fleiri eigendur er að ræða. Það má e. t. v. segja, að eðlilegast sé að næsti kaupandi sé fyrsti aðili til að gerast kaupandi jarðhitans, en ekki, að hreppurinn eða sýslan geti komið þar til. Nú er notkun jarðhitans víðast fremur lítil. Við skulum taka sem dæmi jarðirnar í Árnessýslu. Ég býst við, að allir þeir, sem hafizt hafa handa um starfrækslu í sambandi við hveri, myndu geta haldið henni áfram, þótt svona löggjöf yrði sett, en þá væri fyrirbyggt allt óeðlilegt brask, hvort sem þar væru að verki útlendir eða innlendir menn. Ég vildi aðeins láta það koma fram í umræðunum, hvers vegna málið hefir ekki fengið hraðari afgreiðslu hjá nefndinni, en það er af þeim ástæðum, sem ég nú hefi greint.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég ætla ekki út í langar deilur um óframkvæmanleik þessa frv. Ég skal játa það, að ég hefi ekki mikið vit á þessum jarðhitamálum. Ég er uppalinn á köldum stað og hefi alltaf búið á köldum stað, og geri ráð fyrir, að svo verði áfram. Hinsvegar er ég ekki í vafa um, að það er rétt, að jarðhitinn felur í sér mikið verðmæti. Það er sýnilega ekki rétt, sem hv. 2. landsk. vildi benda á í sambandi við undirbúning þessa máls, að hann væri lítill og ófullkominn. Ég vil aðeins benda honum á þá þál., sem samþ. var í þinginu, um að vísa málinu til ríkisstj. til rannsóknar á jarðhitasvæðunum, og að ríkisstj. legði svo fram frv. um þetta efni, að þeirri rannsókn lokinni. Þetta ætti hv. þm. að vera kunnugt um, og svo það, að frv., sem fram var borið á þinginu 1938, var flutt að tilhlutun hæstv. atvmrh., og þar segir í grg. frv., að samkv. samþykkt þingsins hafi ráðh. látið rannsaka nokkur jarðhitasvæði og að athuguninni lokinni hafi hann látið athuga frv. frá síðasta þingi. Á því voru svo gerðar nokkrar breyt. og síðan fékk ráðh. flm. til þess að flytja það aftur á ný. Þessi undirbúningur hefir farið fram, og frv. er búið að ganga gegnum hv. Nd. Þessu vildi ég svara við því, að frv. sé illa undirbúið, en ekki held ég hinu fram, að löggjöf sem þessi standi ekki til bóta, þegar reynsla fæst.

Hv. 11. landsk. taldi nauðsynlegt að auðvelda mönnum að kaupa lönd meðeigenda sinna að jarðhita, ella næðu ákvæði 4. gr. ekki tilgangi sínum. Þetta á við mjög lítil rök að styðjast. Ákvæði 4. gr. hljóta að skiljast svo, að með orku, sem keypt er eða leigð, fylgi réttindi til að nota hana og aðstaða til þess, og meira þarf ekki að rýmka til fyrir kaupandanum með lögum. En setjum svo, að brtt. á þskj. 422 kæmist í lög og meðeigandi í jörð með hitaorku vildi eignast hana alla til að braska með. Þá hefir hann miklu rýmri hendur til þess, ef hann hefir forkaupsrétt, ekki bundinn við þá orku, sem hann ætlar að hagnýta, heldur á landareigninni allri. Ýmsir möguleikar myndu þá opnast fyrir brask, þeir sem takmarkast mjög af ákvæðinu í 6. gr. um, að ríkissjóður hafi forkaupsréttinn næst á eftir þeim, sem hann hefir þegar verið veittur með lögum. Ég skal gjarnan taka undir það með hv. 2. landsk., að vandkvæði geta skapazt, þegar 3—5 eru meðeigendur að sama jarðhita og allir með jafnan forkaupsrétt, en yfirleitt mun þá takast að leysa vandann með samkomulagi. Mér finnst það tvímælalaust, að brtt. brjóti í bág við stefnu og heild frv. og sé til spillis, og er undarlegt, að þeir, sem telja frv. illa undirbúið, skuli standa að slíkri brtt.

*Magnús Jónsson: Ég skil í raun og veru ákaflega vel afstöðu hv. frsm. Það mátti heyra á honum, bæði í n. og nú, að hann telur þessa löggjöf ekki fullkomna smíð og að ýmislegt ófyrirsjáanlegt geti af henni leitt, en hann treystir því, að þær afleiðingar verði í vil þeirri stefnu, sem hann og flokkur hans hefir fylgt, að koma sem flestu undir hið opinbera. Það er framhald af fjandskap þeirra við sölu þjóðjarða og kirkjujarða og sjálfsábúðarstefnuna sjálfa, ef að er gáð. En mér finnst það hastarlegt samt, ef nú á að fara að brjóta svona í bág við stefnu ábúðarlaganna og margra annara laga, um að efla sjálfsábúð í landinu. Ég veit ekki, hvort hv. þm. treystir sér til að samræma það eða afsaka. Því að í frv. er berlega að því stefnt, að ríkið eignist ákveðna tegund jarða í landinu, hvort sem er jarðhita þeirra vegna eða ekki hans vegna.

Ágreiningur okkar hv. þm. S.-Þ. er ekki svo mjög um það, hvort setja eigi lög um þessi efni, eða það, hvort Húsavík ætti að tryggja sér sem fyrst jarðhita í Reykjahverfi fremur en láta hann áður lenda í „spekulation“ o. s. frv. Ég er honum sammála um það, að bæir og ríkið eigi að tryggja sér fyrr en síðar afnot þeirra orkulinda, sem líklegt er, að verði nytjaðar til almenningsþarfa. Þetta reyndi „hin skammsýna stjórn Reykjavíkurbæjar“ að gera, þegar hún komst yfir hitann á Reykjum. Ágreiningur okkar er um það, hvort frv. sé nægilega undirbúið. — Því miður er ég hræddur um, að lóðaspekulationir í Reykjavík fyrr á árum komi þessu máli lítið við, og ég spara mér því að deila um þær núna. Þegar bær er að stækka, vex verð lóða sjálfkrafa, þótt ekki komi brask til. Hve oft og hve smátt í senn skyldi sá blettur hafa hækkað í verði, sem Hótel Borg stendur á? Það er eins og georgisma hv. þm. frá æskuárum hans í Þingeyjarsýslu skjóti hér upp án nokkurra rökréttra tengsla við veruleika nútímans.

Hv. þm. (JJ) ræddi um það, að jarðhitinn væri einskonar náma, grundvöllur stórrekstrar í framtíðinni. Þetta er rétt á einstöku stað, en þm. blandar hér saman þeim stöðum og laugum, sem eru þýðingarlausar í því sambandi. Ég vil láta rannsókn skilja þar á milli, áður en löggjöf þessi er sett. Það eru e. t. v. ekki nema einir tíu staðir á landinu, þar sem hverir geta orðið undirstaða stórfelldra framkvæmda. Hvaða vit er þá að stefna að því að koma hundrað jörðum undir ríkið undir þessu yfirskini.

Rannsókn á þessu getur náttúrlega ekki náð lengra en beztu manna yfirsýn á hverjum tíma, og hugsanlegt, að eitt jarðhitasvæði eða svo kynni að verða út undan við fyrstu athuganir, en það er ekkert hættulegt. Hv. þm. (JJ) talaði um það hneyksli, að Geysir skyldi komast í eigu Englendings. Víst var það hneyksli og sýndi sljóleik manna hér fyrir því, hvers virði náttúrufegurð landsins á að vera fyrir metnað okkar og sæmd. En ekki datt þessum manni víst í hug að fara að virkja hverinn. Fyrir því gátum við verið óhræddir. Enda hefði í því tilfelli verið sjálfsagt og auðvelt að hindra það og taka hann eignarnámi. Þegar selja átti Gullfoss og dóttir bóndans í Brattholti kom í veg fyrir það, var það ekki vegna annars en fegurðarinnar og sómans, að slíkur foss kæmist ekki í erlendra manna hendur. Og það er áreiðanlegt, að við þurfum ekki að nota hitaorku Geysis til framkvæmda.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta. Ég hefi lýst fylgi mínu við brtt. á þskj. 422. Hún er að öllu leyti eðlileg og heilbrigð. Það er rétt, að

þegar margir eru meðeigendur, kannske 4, 5 eða 6, ráði seljandi, hverjum þeirra hann selur helzt. Minna má sjálfræði hans ekki vera. Þessi brtt. gengur það langt í rétta átt, að ég get þá fremur sætt mig við, að frv. gangi fram, og má þá lagfæra löggjöf þessa síðar.

***Magnús Gíslason:** Herra forseti! Það gætti nokkurs misskilnings hjá hv. frsm. um brtt. mína. Það er full þörf á að ákveða, að séu meðeigendur fleiri en einn og vilji nota forkaupsrétt sinn, ráði seljandi, hverjum þeirra hann selur. Um þetta hélt ég, að ekki hefðu verið nein tvímæli, þegar á það var minnzt í n. Hv. þm. mótmælir brtt. með þeim rökum, að um nýmæli sé að ræða, en viðurkennir, að hliðstætt nýmæli sé í 4. gr. frv., þar sem ræðir um forkaupsrétt og forleigurétt að hitaorku. Ummæli hans um, að brtt. greiði fyrir braski, styðjast við mjög lítil rök, þegar þess er gætt, að ábúandi jarðar hefir fyrstur forkaupsrétt, en síðan sveitarfélagið, loks ríkissjóður, og þó að meðeigandi verði einnig forkaupsréttarhafi hefir það sjaldan eða aldrei í för með sér, að jörð komist í brask, fyrr en að öllum þessum forkaupsréttarhöfum frágengnum. Hitt er annað mál, hvern áhuga hv. frsm. hefir fyrir þeirri stefnu sósíalista, að ríkið eignist sem flestar jarðir. Ég vil enn minna á það, að ef brtt. mín verður ekki samþ., getur það hindrað, að meðeigandi geti hagnýtt sér hitaorku, hvað sem ákvæðum 4. gr. líður. Og ég vil loks leggja áherzlu á það, að mjög fljótlega verði að taka allt þetta mál til nýrrar og betri yfirvegunar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það eru tvö atriði í þessu máli, sem ég vildi minnast á. Annað er það, að hv. 1. þm. Reykv. hefir tekið fram hvað eftir annað, að það sé yfirlýstur vilji Alþ., að bændur eigi sjálfir þær jarðir, er þeir búa á. Hann vitnar í ábúðarl., sem sett voru fyrir nokkru. Síðan hafa verið sett fern l., sem ég geri ráð fyrir, að hann geti túlkað öðruvísi, þ. e. l. um að hætta að selja þjóðjarðir, l. um að heimila ríkissjóði að kaupa jarðir (til þess að bændur ættu að eiga þær, eða hvað?), l. um ættaróðul, sem sett voru að till. Sjálfstfl., og l. um erfðaábúð. Ef túlka ætti stefnu Alþ. í þessum málum, ætti að vitna í hin nýrri l. Því tel ég það rangt hjá hv. þm., að það sé yfirlýstur vilji Alþ., að allir ættu að eiga jarðir þær, er þeir búa á.

Þá er hitt, að mér finnst það undarleg málsmeðferð að hafa málið til meðferðar í n. í 10 daga, gera við það eina litla brtt., segja svo, að frv. sé óundirbúið, gera þurfi brtt. við þessa gr. og hina o. s. frv. Ég hélt, að menn, sem sæju svo glöggt, að frv. þyrfti að breyta og hefðu legið yfir því í 10 daga, hefðu getað komið með einhverjar brtt. Þetta eru ekki sæmileg vinnubrögð og ekki samboðin Alþ., að skrifa undir nál. með fyrirvara og leggja fram eina litla brtt., en lýsa svo yfir því, að frv. þurfi gagngerðra breytinga við.

Ég mun fylgja frv., þó að það standi til bóta, en ég er þó á móti brtt. hv. 11. landsk., því að hún skemmir anda og tilgang frv., að hindra, að þessar jarðir, sem eru landinu mikils virði, lendi í braski, svo að dýrara verði fyrir niðjana að hagnýta þær.

***Magnús Gíslason:** Ég hygg, að ummælum hv. 2. þm. N.-M. um vinnubrögð n. hafi verið beint til mín. En ég minni á það, að fyrst, er ég talaði í málinu, gat ég þess, að ég væri því ekki mótfallinn, að málið gengi fram á þessu þingi, í trausti þess, að ríkisstj. tæki málið til athugunar bráðlega við betri skilyrði. En þess er ekki að vænta, að n., sem vantar skilyrði og gögn, geti lagt fram gagngerðar brtt. á svo skömmum tíma sem þeim, er hún hafði til umráða.

***Magnús Jónsson:** Hv. þm. N.-M. kvað það rangt að vitna í ábúðarl. því til sönnunar, að það væri yfirlýstur vilji Alþ., að bændur ættu að eiga jarðir þær, er þeir byggju á. En ég sný ekki aftur með það. Alþ. hefir að vísu aðeins í þetta eina skipti lýst yfir þessum vilja sínum á ótvíræðan hátt, og breytingar á þessum vilja þingsins myndu koma fram í breytingum á ábúðarl. En þar stendur allt óbreytt. Þetta frv. sýnist aftur benda til þess, að nú séu að koma fram á Alþ. menn, sem hvika vilja frá þessari stefnu. En hin l., sem hv. þm. vitnaði í, sýnast mér ekki koma þessu máli nokkuð við. L. um jarðakaup ríkissjóðs eru bara bjargráðaráðstöfun, en ekki gerð til þess að lýsa yfir neinni sérstakri stefnu í þessum málum. Og l. um erfðaábúð og óðalsrétt hefi ég skilið einmitt sem framhald af þeirri stefnu, að menn skuli eiga ábúðarjarðir sjálfir, þó að þar sé um það að ræða að festa jarðirnar í einstökum ættum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 442 felld með 8:6 atkv.
6. gr. samþ. með 9:3 atkv.
7.—13. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Ég lýsti því yfir við 2. umr. málsins, að ég myndi, ef málið væri samþ. þá og vísað til 3. umr., bera fram við 3. umr. rökstudda dagskrá um málið, vegna þeirra ástæðna, sem ég þar tilgreindi.

Ég hefi því leyft mér að bera fram rökst. dagskrá um málið. Það nær vitanlega engri átt að afgr. svona frv. án þess að það fái frekari undirbúning en það hefir enn fengið. Hv. frsm. n., 2. þm. S.-M., lýsti því þó, að þetta frv. væri vel undirbúið, þar sem málið hafi verið borið fram þing eftir þing. Það er satt, það hefir verið borið fram þing eftir þing. Ég held, að frá 1936 hafi það verið borið fram á hverju þingi.

Á þinginu 1937 var málið leyst á þann hátt, að gerð var ályktun í Sþ. um rannsókn í málinu. 1938 var frv. borið enn fram, en þá mun það hafa verið eitthvað endurskoðað í samræmi við þá ályktun, sem Alþ. samþ. árið á undan. Ég hefi borið þetta saman og ég sé ekki, að gerðar hafi verið neinar breyt., sem nokkru máli skipta. Það eru aðeins örfá atriði, sem eru eins og stílaleiðréttingar, sem gerðar hafa verið á frv. Hinsvegar tók landbn. þessarar d. frv. fyrir og gerði á því nokkrar breyt., sem skiptu meira máli.

Þetta er allur sá undirbúningur, sem málið hefir fengið. Það hefir síðan komið fram óbreytt og fengið fremur litla meðferð í þinginu.

Nú svarar ríkisstj. engu til um það, í hverju rannsókn hennar hafi verið fólgin. Ég hygg, að hún hafi verið sama sem engin. Hún hefir kannske fengið frv. í hendur einhverjum sérfróðum manni, sem hefir litið yfir það. Það hefir því ekki fengið þann undirbúning, sem við hv. 11. landsk. hefðum óskað eftir, að málið fengi, áður en l. væru sett um það.

Mér finnst, að þar sem liggur fyrir ályktun frá Sþ. um að láta rannsaka jarðhita hér á landi, og ennfremur er í 2. lið till. óskað eftir, að ríkisstj. undirbúi löggjöf um þetta efni, þá sé það engin þingleg meðferð á máli að vera að afgreiða það nú óbreytt, svo að segja, án þess að rannsókn hafi farið fram. Það er ekkert, sem bendir til þess, að það sé neinn skaði skeður, þó málið sé látið bíða og því vísað frá með þeirri forsendu, að málið skuli rannsakað og borið fram af ríkisstj., eins og á að vera um svona stórmál.

Svo við tökum aftur vatnal., sem ég hefi vitnað í í þessu sambandi, þá vil ég spyrja: Hvaða vit hefði verið í því að byrja að samþ. eitthvað og eitthvað viðvíkjandi vatnaréttindum eða fossaréttindum, sem einstakir þingmenn hefðu verið að bera fram, þegar við borð lá að láta fara fram nákvæma rannsókn á málinu? Mönnum finnst þetta kannske ekki hliðstætt, því vatnamálið hafi verið flóknara. Það var þó ekki í raun og veru. Þar gátum við mjög farið eftir rannsókn, sem nágrannaþjóð okkar hafði látið fara fram. Norðmenn höfðu þá sett ýtarlega löggjöf um það efni. Það var búið að ræða mikið um það mál og menn vissu, til hvers mátti nota fossana. Um jarðhitann er allt miklu meira á huldu. Við höfum enga löggjöf við að styðjast í þeim efnum. Þetta mál er því sérstaklega vandasamt.

Ég skal ekki ræða frekar um þetta. Ég hefi leyft mér að bera fram rökst. dagskrá, þar sem vitnað er til ályktunar Alþ. 1937 og óskað eftir, að rannsókn fari fram í samræmi við 2. tölul. þeirrar ályktunar. Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa rökst. dagskrá.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi rökst. dagskrá frá hv. 1. þm. Reykv.:

„Þar sem enn virðist ekki að neinu ráði hafa verið framkvæmd rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir með ályktun Alþ. 1937 um rannsókn jarðhitans á Íslandi (þskj. 470), og í því trausti, að sú rannsókn verði framkvæmd og löggjöf undirbúin samkv. 2. tölul. nefndrar þál., telur d. ekki að svo stöddu tímabært að afgr. frv. það, sem hér liggur fyrir, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég verð að segja, að ég kann betur við þá aðferð, sem andstæðingar málsins beita nú. Hún er gamalkunn, því þegar menn vilja koma máli fyrir kattarnef, þá finna þeir upp þá leið að vísa því frá. Það er ekkert við því að segja.

Mér finnst, að ástæður þær, sem færðar eru fram fyrir þessu, séu veigalitlar. Það er farið fram á, að þetta verði rannsakað, en það er heldur losaralegt, hvernig sú rannsókn á að vera. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð, hvernig við, sem erum ófróðir um þetta mál, verðum fróðari fyrir það um það, hvernig þessi löggjöf eigi að vera.

Það kom fram í umr. í gær, að menn teldu það galla á frv., að þar væri tekinn allur jarðhiti, hvaða volgra sem væri. Ég geri ráð fyrir, að þótt rannsókn fari fram á þessu máli, þá verði samt erfitt að sýna fram á, hvaða volgrur eigi að vera undanþegnar l. Það hefir sýnt sig, að það má margfalda jarðhitann með borunum, og þá getur farið svo, að volgrurnar verði mikils virði. Ég lít þannig á, að það sé einmitt nauðsynlegt að taka þessar svokölluðu volgrur með. Það veit enginn, hvað mikil verðmæti geta í þeim legið.

Ef þessi rannsókn á því að vera framkvæmd eftir vilja hv. 1. þm. Reykv., þá mun hún taka nokkuð langan tíma. Það yrði þá að bora upp allar jarðhitaholur á landinu til þess að ganga úr skugga um, hvort það mætti draga þær undir l.

Það er með þetta mál eins og mörg önnur, að andstæðingar þess nota þær leiðir, sem þeir geta fundið til þess að reyna að koma því fyrir kattarnef. Þetta er ekki nýtt, því þetta mál er búið að liggja fyrir þinginu í 4—5 ár. En það er áreiðanlegt, ef ekki er sett löggjöf um þetta efni, þó hún kunni að vera ófullkomin, þá mun á næstunni meir og meir af þessum verðmætum lenda í höndum þeirra manna, sem eru að reyna að ná eignarhaldi á þeim í því skyni að græða á þeim. Það er þetta, sem lagasetning um þessi efni á að fyrirbyggja. Ég skal viðurkenna, að það geta verið mörg atriði, sem þarf að setja ýtarlegri löggjöf um.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál. Það er þýðingarlítið. Ég er ekki það fróður, að ég geti fært mikið fleiri rök fyrir málinu en þegar hafa verið færð fram við þessar umr. Ég geri ráð fyrir, að það hafi litla þýðingu á báðar hliðar að karpa meir um málið. Atkvgr. mun fara eftir þeirri ákvörðun, sem hv. þm. hafa þegar tekið, og það verður að skeika að sköpuðu, hvernig fer um þessa rökst. dagskrá.

***Magnús Jónsson:** Við verðum náttúrlega að sætta okkur við, að atkv. skeri úr um þetta mál eins og önnur stórmál.

Hv. þm. sagðist kunna betur við þá aðferð, sem ég beitti hér, en eitthvað annað, sem hann

þó ekki nefndi. Þetta er þingleg aðferð. Ég álít, að það sé hin eina rétta aðferð um mál eins og þetta, sem er í sjálfu sér enginn ágreiningur um. Það er ekki ágreiningur um það, að rétt sé að setja löggjöf um jarðhita á Íslandi. Mér finnst einkennilegt, að þeir menn, sem álíta, að hin mesta þörf sé á löggjöf um svo vandasamt mál, skuli vilja hafa það káklöggjöf, óundirbúna og lítt hugsaða, enda hefir hv. frsm. játað, að hann viti sáralítið um þetta mál.

Sú eina rétta aðferð er að vísa málinu til ríkisstj. með tilmælum um, að hún láti rannsaka það og undirbúa löggjöf um það. Ég verð því að segja, að ég og þeir, sem fylgja hinni rökst. dagskrá, erum vinir málsins.

Hv. þm. taldi það vera til lítils að láta rannsaka málið, því þetta væri svo losaralegt í till. Ég ber þó fyrir mig það, sem Sþ. samþ. 1937 með shlj. atkv. Ég býst við, að hv. þm. hafi verið einn af þeim þm., sem samþ. till. Það var a. m. k. einn af flokksbræðrum hans, sem var meðflm. að till. Ég sé því ekki, að við getum haft neina þinglegri meðferð á málinu en þessa.

Hv. þm. gerði að umtalsefni eitt atriði, sem ég nefndi, og það var það, að ég teldi ekki ástæðu til að draga þarna undir allan jarðhita á landinu. Já, það er alveg rétt, sem þm. segir, að það er ekki gott að vita, hver volgran kann að vera verðmætust. Það fer kannske ekki eftir stærð hversins, heldur hvar hann liggur. Volgra, sem liggur nálægt Akureyri, getur verið miklu meira virði en allir hverirnir á Hveravöllum. Það þarf að fara fram rannsókn á þessu, og hin rétta leið er, að rannsóknin fari fyrst fram og svo séu lögin sett, og það er engin ástæða til þess að setja um þetta lög eins og er. Við vitum báðir eitthvað lítið um þetta mál, og ég dreg þá ályktun af því, að ég vilji vita eitthvað meira um það, en hv. þm. vill, af því hann veit ekki vel um það, setja einhverja káklöggjöf.

Mér skilst á honum, að það verði lítið gagn að jarðhita, ef þessi lög verða ekki sett. Hvað hefir skeð síðan 1936, og hvaða stórfelld notkun hefir orðið á jarðhita? Það er kannske orðið tilgangslaust að setja þessi lög? Allt komið í óefni. Það er aldrei að vita, hvað skeður, sem gerir þetta gagnslaust. En ég hefi ekki trú á því, eins og litur út með virkjun á meðan ófriðurinn stendur, að þessi lagasetning megi ekki bíða þangað til rannsókn hefir farið fram.

Ef frv. verður samþ., þá munu þau lög sennilega gilda áfram í þessu ófullkomna formi, án þess að nokkuð verði gert í málinu, sem geti orðið til gagns.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Reykv. felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, JJós, MG, MJ, ÞÞ, ÁJ.

nei: BSt, BrB, ErlÞ, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ[1]), EÁrna.

Frv. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, BrB[1]), ErlÞ, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

nei: ÁJ, BSn, JJós, MJ.

MG, ÞÞ greiddu ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 478).

1) **SÁÓ:** Með tilvísun til þeirrar afstöðu, sem ég lýsti við 2. umr. málsins, segi ég nei.

1) **BrB:** Enda þótt frv. sé mjög ófullkomið, held ég, að það skaði ekki og að það megi laga það, og segi því já.

51. Lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (þmfrv., A. 334).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Mér þykir hlýða, af því að allshn. flytur þetta frv. og það er dálítið óvenjulega til komið, að gera grein fyrir því hér við 1. umr. þess.

Eins og tekið er fram í grg. frv., þá liggur nú fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn kynsjúkdómum. Þetta mál hefir farið til allshn., og ástæðan, sem gefin er fyrir þessu frv. til l. um varnir gegn kynsjúkdómum, er sú, eins og skýrt er frá í grg. frv., að kynsjúkdómafaraldur gangi hér um bæinn og hætta sé á, að það aukist við það, að kvenmenn séu meira við Reykjavíkurhöfn en góðu hófi gegni, og að upptaka þeirra sjúkdóma sé að leita hjá erlendum sjómönnum, sem hingað komi. Og eins og grg. segir, er ráðið við þessu að banna kvenmönnum, sem ekki eiga brýnt erindi þangað, aðgang að höfninni frá kl. 8 árdegis til kl. 8 síðdegis.

Nú viðurkennir n. þá hættu, sem hér er á ferðinni, því að eins og kunnugt er, eru kynsjúkdómar mjög útbreiddir víða erlendis og hafa orðið hreinasta plága með sumum þjóðum. Hér á landi hafa ekki verið svo ýkjamikil brögð að þeim hingað til. Það ættu að viðurkennast allar skynsamlegar tilraunir til þess að losa íslenzku þjóðina við þessa plágu og til þess að draga úr þessari hættu.

Allshn. virtist skynsamlegra að hafa ekki það form á þessu, að flytja málið sem breyt. á l. um varnir gegn kynsjúkdómum, því að málið er þannig vaxið, að það heyrir undir l. um lögreglusamþykktir í bæjum, og framkvæmdir slíkar sem þær að banna einstaklingum umferð á vissum stöðum heyra undir lögreglusamþykktir bæjar- og sveitarstjórna.

Þessu frv. um varnir gegn kynsjúkdómum er ætlað að ná eingöngu til Reykjavíkur. En það getur einnig verið hætta á, að þessir sjúkdómar geti borizt til annara staða á landinu engu síður en til Reykjavíkur, eins og t. d. Siglu-

fjarðar vissan tíma ársins. Það getur að vísu verið ástæða til þess að samþ. þetta, en það mun ekki þurfa lagabreyt. í þessu efni til þess að ná tilgangi frv. Í l. frá 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaði er tekið fram, að bæjarstj. sé heimilt að setja reglur um almennt velsæmi á almannafæri. Og þær lýsingar, sem gefnar hafa verið af ástandinu hér við höfnina, benda til þess, að skortur sé á, að um almennt velsæmi sé að ræða. Þess vegna álít ég, að þegar sé í l. heimild til þess að setja slík ákvæði í lögreglusamþykktirnar. En til þess að taka af allan vafa um þetta og til þess að bæjar- og sveitarstj. þurfi ekki að óttast, að það séu ekki lagaheimildir til þessa, þá fannst n. rétt að leggja fyrir þingið frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, þar sem bæjar- og sveitarstjórnum væri sérstaklega heimilað að setja reglur um eftirlit með samgöngum við óviðkomandi eða tortryggileg skip, þannig, að þetta ákvæði næði ekki aðeins til kvenfólks, heldur til allra, ef ástæður væru fyrir hendi til þess að banna slíka umferð. Með þessu er í raun og veru ekki lagt á móti tilgangi frv. á þskj. 163, heldur teljum við nauðsyn á að gera einhverjar slíkar ráðstafanir í þessu efni. En við teljum fyrirkomulagið heppilegra með því að hafa það í því formi, sem við leggjum til hér á þskj. 334.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 334, n. 441).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 480).

---

52. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka (þmfrv., A. 162).

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil beina því til hv. menntmn., af því að þetta frv. er komið frá henni nú, hvort hún vilji ekki við 2. umr. draga úr þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir, að hvert heimili greiði samkv. frv.
Þegar gildandi l. voru sett, var gert ráð fyrir, að 8 kr. yrðu greiddar af hverju heimili fyrstu 2 árin, en að úr því yrði komizt af með 5 kr. Jafnan hefir þetta gjald verið greitt með mjög bangandi hendi, enda þótt mönnum hafi verið gefnar nokkrar vonir um það, að þetta gjald mundi fara lækkandi.
Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál, en vil aðeins beina þessu til n., hvort hún telji, að þetta gjald þurfi að vera svona hátt eins og frv. gerir ráð fyrir; ég fyrir mitt leyti mun leggja á móti því.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Þetta frv. er flutt að tilhlutun kennslumálastj., og n. hefir ekki haft mikil afskipti af því.
Viðvíkjandi því, sem hv. 5. landsk. sagði um hækkunina á þessu gjaldi, þá vil ég taka það fram, að það hefir talizt nauðsynlegt að hækka það vegna dýrtíðarinnar, og hefði þetta frv. ekki verið flutt, þá hefði afleiðingin orðið sú, að fjmrh. hefði orðið að takmarka þessa upphæð, og hefði þá ekki náðst sá árangur, sem upphaflega var ætlazt til.

En ég fyrir mitt leyti skal gjarnan reyna að tala við forstöðumann prentsmiðjunnar, sem hefir prentað bækurnar, og vita, hvort hann álítur nokkra möguleika á því að færa útgáfukostnaðinn niður. Þær upplýsingar skal ég svo koma með við 3. umr. En ég tel ástæðuna fyrir þessum aukna kostnaði við útgáfu bókanna vera dýrtíðina.

***Magnús Jónsson:** Þegar þessi l. voru sett, var spáð mismunandi fyrir þessu fyrirtæki, og á margan hátt mátti segja, að hér væri ekki eingöngu um fjárhagsatriði að ræða, heldur einnig ýmislegt annað.

Með þessum l. voru námsbækur komnar undir ný skilyrði um gjald og annað þeim viðvíkjandi, og það var að mörgu leyti talið heppilegt. Nú er farið fram á að breyta þessum l., og heldur til þess lakara að því er fjárhaginn snertir. Þess hefði verið að vænta, að hv. menntmn. hefði aflað sér nokkurra upplýsinga um það, hvernig þessi aðferð hefði reynzt. Það hefði verið ákaflega fróðlegt að fá að vita nánar um þetta. Hv. 5. landsk. talaði um, að margir hefðu borgað þetta með hangandi hendi.

Ég hefi heyrt marga kvarta undan því, að það væri ákaflega erfitt að fá þessar bækur, og að það, sem fengizt, væri mjög skorið við nögl, og að jafnvel mörg börn yrðu að vera um sömu bókina.

Annars væri sem sagt mjög fróðlegt að heyra nánar um þetta mál, hvernig það stendur fjárhagslega, og ég álít, að það hefði verið mjög fróðlegt, að frv. hefði fylgt reikningsyfirlit fyrir síðasta ár, svo að menn hefðu fengið glögga hugmynd um fjárhagsástandið.

Ég sé raunar, að í grg. er sagt, að áætlanir hafi staðizt vel. Annars hefir maður heyrt utan að sér, að þetta væri eiginlega allt í grænum sjó með fjárhaginn. Annars vildi ég skjóta því til hv. menntmn., hvort ekki mundi vera hægt að fá reikningsyfirlit yfir þetta eða að hún gæfi upplýsingar um það, hvort árangurinn af þessari útgáfu hefði svarað til þeirra vona, sem menn hafa gert sér til þessa fyrirtækis. Ég skal annars ekki vera að hreyfa neinum andmælum nú sérstaklega, þar sem formaður hv. menntmn. er ekki viðstaddur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Við 1. umr. minntist ég á, að mér þætti frv. þetta fara fram á of frekar kröfur um hækkun á námsbókagjaldi og að ekki væri staðið við þau loforð, sem gefin voru við umr., þegar lög um námsbækur voru á döfinni, að gjaldið yrði lækkað í 5 kr., þegar þessi hámarkstími væri liðinn, sem voru 2 ár. Nú er með frv. þessu farið fram á, að gjaldið verði aftur hækkað. Ég veit, að það er venja, að ef einu sinni hefir verið ákveðið eitthvert hámark, er því fylgt sí og æ og erfitt að fá slíku breytt.

Ég gat þess, að við innheimtu þessa gjalds væri erfitt að fá menn til þess að greiða það af fúsum vilja. Bókunum er neytt upp á menn, þær eru um of fáar lærdómsgreinar, svo að menn verða að kaupa bækur að auki. Þar við bætist, að börnin eru ekki eigendur bókanna, og er þannig ekki nema nokkur hluti þeirra, sem fær bækurnar nýjar, en hin verða að láta sér nægja að fá bækurnar oft rifnar og óhreinar.

En svo er annað. Er nauðsynlegt að hækka námsbókagjaldið? Það er vitað, að prentun og pappír hefir hækkað, en það liggja engin gögn fyrir um það, hvernig þetta fyrirtæki ber sig. Ég er því alveg mótfallinn því, að gjaldið sé hækkað svo sem frv. fer fram á, og vil leyfa mér að bera fram skriflega brtt., svo hljóðandi: „Við 1. gr. frv.: Í stað „5—8 kr." komi: 5—6 kr. — Tel ég, að sú hækkun verði að nægja, a. m. k. þar til gerð hefir verið grein fyrir, að nauðsynlegt sé að hafa námsbókagjaldið hærra.

Forseti (EÁrna): Til þess að hin skrifl. brtt., sem hv. dm. hafa nú heyrt, verði tekin til meðferðar á fundinum, verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 236) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að ég sé, að hvorki form. né frsm. *eru hér staddir. Tel ég ekki rétt að ganga svo* frá þessu máli við þessa umr. án þess að þeir, sem framsögu hafa í málinu, geti gert grein fyrir því. Það skal játað, að við 1. umr. var þess óskað, að fyrir lægju upplýsingar um fjárhagsástand námsbókasjóðs. Þetta hefir dregizt úr hömlu, og veit ég ekki hvers vegna. Ég myndi stuðla að því, að þessar upplýsingar fengjust, og vildi því beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann tæki málið af dagskrá.

Forseti (EÁrna): Ég mun verða við tilmælum hv. 2. landsk. og tek málið af dagskrá.

Umr. frestað.
Á 24. fundi í Ed., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 162, 236).

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal geta þess, að vegna þess að samkomulag mun nást milli mín og menntmn. um þetta mál, mun ég fallast *á að taka brtt. mína á þskj. 236 aftur til 3. umr.*

ATKVGR.
Brtt. 236 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 162, 236, 282).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 282. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það liggja hér fyrir við þetta frv. 2 brtt. Brtt. á þskj. 236, sem flutt er af mér einum, og brtt. á þskj. 282, sem flutt er af mér ásamt tveim öðrum. Ég vil taka það fram strax, að brtt. á þskj. 236 tek ég aftur, og var samkomulag um það milli mín og menntmn. Þeir, sem viðstaddir voru af nm., gerðust svo meðflm. að till. á þskj. 282. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en vildi aðeins geta þess, hvernig á því stendur, að samkomulag varð um að koma brtt. á þskj. 282 á framfæri.

ATKVGR.
Brtt. 236 tekin aftur af flm., en tekin upp af 1. landsk. þm. og felld með 8:3 atkv.
— 282 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 294).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

Umr. frestað.
Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 474).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Þetta frv. er fram borið vegna þeirrar dýrtíðar, sem nú er komin hér af völdum hins breytta ástands í heiminum. N. finnst þess vegna, að þetta gjald, 5—7 kr., verði að haldast.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara af þeirri einföldu ástæðu, að í fyrsta lagi var ég alltaf á móti gjaldinu. Úr því að ríkið fór að taka að sér að gefa út námsbækur, átti ríkið ekki að skylda með l. yfirleitt alla, sem börn eiga, til að greiða sama gjald holt og bolt, heldur taka fé til þess með öðru móti.

Fyrst var ákveðið, að gjaldið ætti að vera 5 kr. og mætti fara upp í 8 kr., og bjuggust þm. ekki við, að það yrði strax sett í hámark. Þetta var þó gert, og við það sat þangað til árið sem leið, þegar það var fært niður í 5 kr., og þar við situr. Nú hljóðar þetta frv. um það, að taka megi slíkt gjald allt frá 5 og upp í 7 kr., og býst ég við, að meiningin sé að hafa 7 kr. gjaldið, þó að það sé orðað þannig, fyrst ekki tókst að hafa það 8 kr.

Ég hefi alltaf talið, að þetta gjald væri ekki réttlátt, og í öðru lagi er fyrirvari minn um það, að það sé haldið sér við lágmarkið.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. þm. V.-Sk., að þetta sé óhaganlegt fyrirkomulag. Eftir því, sem mér er kunnugt, hygg ég, að þau heimili yfirleitt, sem þurfa að skaffa börnum bækur, telji þetta gott fyrirkomulag. Og reynslan hefir sýnt, að það er ódýrara að skaffa börnum bækur með þessu fyrirkomulagi heldur en með því, að hver einstakur kaupi sínar bækur, enda þótt hann eigi þær á eftir. Það er augljóst, að þrátt fyrir það, þó að gengið væri út frá því, þegar málið var rætt hér fyrst og l. voru sett um það, að þetta 8 kr. gjald skyldi ekki vera svo hátt nema fyrstu 2 árin og 5 kr. úr því, þá eru nú svo breyttar aðstæður, að mér finnst eðlilegt, að þetta hámark gjaldsins haldist, þar sem bæði pappír og vinnulaun hafa stigið svo mjög sem raun ber vitni. Þrír nm. töldu rökin fyrir þessu réttlát. Einn nm. var ekki viðstaddur. En sá fimmti skrifaði undir nál. með fyrirvara, sem hann hefir nú gert grein fyrir. Mér þykir undarlegt að halda fram, að þetta sé óeðlilegt fyrirkomulag, og óeðlilegt, að þetta hámark haldist, þar sem dýrtíðin hefir aukizt.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég ætlaðist ekki til þess, að minn fyrirvari yrði tilefni til þess að fara inn á grundvöll málsins frekar eða yfirleitt málið. En reynslan er a. m. k. misjöfn í þessu máli. Og um það, hvort þetta sé haganlegt, eins og hv. þm. komst að orði, þá virðist vera aðeins eitt, sem mælir með því að hækka gjaldið, sem er, að ástæður eru nú breyttar. En ég býst við, að sannleikurinn sé sá, að þrátt fyrir það, sem talið var til gildis málinu áður, og var talið, að ekki myndi þurfa lágmarksgjaldið, sem reynslan sýndi, að ekki þótti kleift, þá sé það svo, að hvort sem tekið væri 5 kr., 7 kr. eða 8 kr. gjald, þá ber fyrirtækið sig ekki. Og þetta ósannar fullyrðingar þeirra manna, sem fluttu málið inn á þing, því að þeir töldu, að það yrði ekki aðeins haganlegt fyrir almenning, heldur (sem ekki hefir reynzt) líka ákjósanlegt fyrir hið opinbera og að það myndi borga sig. En það er langt því frá, að svo hafi reynzt. Það opinbera ber skarðan hlut frá borði í þessu og illa hefir að ýmsu leyti farið með framkvæmdir þessara mála, maður getur sagt bókstaflega með bækurnar, sem til voru hjá einstaklingum. Því að þegar l. gengu í gildi, mátti sama og ekkert notast við þær, heldur var reynt að sópa þeim burt og koma með nýjar bækur í staðinn.

Þetta gjald er árgjald, sem þeir, sem hafa börn eða aðeins eitt barn á skólaaldri, verða að greiða. Það er skylt að skipta um bækur árlega. Nú gæti eitt barn eftir annað notað sömu bækurnar, og væri það haganlegra, einkum með tilliti til þess, að bækur hafa ekki fallið í verði, heldur hið gagnstæða. Það er vafasöm bókmenning, að kasta bókum og troða fram alltaf stöðugt nýjum bókum.

Reynslan hefir sýnt, að þetta er óhaganlegt fyrirkomulag fyrir báða aðila, bæði þá, sem taka þetta að sér, og leiðinlegt í framkvæmdinni fyrir hina, sem þurfa að innheimta þetta gjald, sem verður vafalaust 7 kr., þó að það sé

tekið svo til orða til þess að koma málinu áfram, að láta það heita 5—7 kr., en ekki 7 kr. ákveðnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, HG, HelgJ, HV, JÍv, PHann, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EmJ, JörB.

nei: PHalld.

GSv, ÍslH, JPálm, SEH, TT, ÞBr, EOl, EE greiddu ekki atkv.

7 þm. (GG, JakM, ÓTh, PO, SK, EystJ, FJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

---

53. Skógrækt.

Á 5. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skógrækt (þmfrv., A. 24).

Á 7. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Herra forseti! Mál þetta er, eins og grg. ber með sér, flutt að tilhlutan landbrh. Frv. er samið af skógræktarstjóra, eins og líka er tekið fram í grg., og síðan yfirfarið af nokkrum lögfræðingum, sem athugað hafa hina lögfræðilegu hlið málsins.

Þetta frv. lá fyrir landbn. á síðara hluta seinasta þings og fékk þá nokkra athugun. N. taldi þá ekki tök á að koma málinu gegnum þingið, enda hélt n. þá, að þingið yrði styttra en raun varð á. Á milli þinga hefir svo farið fram nokkur athugun á frv. milli mín og skógræktarstjóra, og hafa verið gerðar nokkrar breyt. á því í samræmi við þær skoðanir, sem komu fram hjá landbn. við athugun hennar á frv.

Annars þarf ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Það fylgir því ýtarleg grg., þar sem að nokkru leyti er skýrt frá sögu þessara mála í nágrannalöndunum og allýtarlega sagt frá sögu skóga og skógræktarmála hér á landi. Ég vil ráða hv. þdm., sem nokkurn áhuga hafa fyrir þessu máli, að kynna sér þessa grg., enda vænti ég þess, að þeir séu fáir, sem ekki hafi áhuga fyrir þessu máli.

Hér er um merkilegt mál að ræða og miklu merkilegra heldur en mönnum virðist vera ljóst án þess að hugsa ýtarlega út í það. Þær sögur fara af landinu, þegar það var numið, að þá hafi það verið skógi klætt milli fjalls og fjöru. Það hefir aðallega verið björk, og hún lágvaxin, en skógarnir munu hafa verið fyrirferðarmiklir. Til þess benda fornar sagnir og sögur og ýms örnefni, sem enn þá þekkjast. Þau benda til þess, að skógar hafi verið þar, sem þeir nú eru algerlega horfnir. Á þeim öldum, sem liðið hafa frá byggingu landsins, hafa svo skógarnir eyðst að miklu eða mestu leyti. Það er nú nokkurt vorkunnarmál, þó að svo færi; og þó að við álösum forfeðrum okkar fyrir meðferð á okkar skógum, þá hafa þeir margt sér til afsökunar, efnisleysi og margt annað, sem skógarnir bættu úr og neyddi þá til að ganga á þá, svo að fullkomin auðn hefir orðið eftir í mörgum héruðum landsins. Skógana varð að nota til húsagerðar, eldsneytis, kolagerðar, auk þess sem víða var siður að beita þá til þess að halda lífi í búfénaði, einkum sauðum. Þetta er allt vel skiljanlegt frá þeirra tíma sjónarmiði. En það er ekki nein afsökun fyrir okkur eða þær kynslóðir, sem eftir okkur koma, að hafa ekki hér alveg snúið við blaðinu. Nú höfum við fengið reynslu og þekkingu, sem forfeður okkar áður skorti, að þessi illa meðferð skóganna hefir í för með sér stórkostlegan uppblástur og eyðileggingu á landinu, sem mjög erfitt yrði að bæta. Sömuleiðis höfum við fengið meiri þekkingu á meðferð skóganna og ræktun þeirra. Og okkur mætti vera ljósara en þeim, hvaða nytjajurtir og skógartegundir það eru, sem aðrar þjóðir kunna að hagnýta sér. Það virðist fyllilega vera kominn tími til fyrir okkur að fara nú að bæta fyrir þessi brot horfinna kynslóða. Og reynslan, sem við höfum fengið síðan farið var að gefa þessum málum gaum, sannar töluvert mikið, að með friðun og lítilsháttar hirðingu er hægt að koma hér upp mjög miklum og arðvænlegum skógum á tiltölulega stuttum tíma. Reynslan hefir ennfremur sýnt, að hér er hægt að koma upp nýjum skógum, ef valdar eru til þess þær erlendu tegundir, sem sérstaklega má telja hæfar til að vaxa á okkar landi. Og það er sannfæring þeirra manna, sem mest og bezt hafa kynnt sér þessi mál, að hér sé unnt með tíð og tíma að koma upp miklum skógum, sem gætu komið að mjög miklu gagni.

Enn má geta þess, að þekking á notkun skóga frá því sem áður gerðist, sem var aðallega til húsagerðar, hefir mjög orðið víðtækari, þar sem reynsla við ýmsar iðngreinar hefir sýnt, að mikil og margvísleg not er hægt að hafa af hinum ýmsu trjátegundum, t. d. til pappírsgerðar og til þess að gera úr þeim þilborð, þannig að nota má smágróður trjánna til þess og einnig til þess að leysa hann upp í cellulose. Okkar smái trjágróður getur því nú komið að góðum notum, þar sem stóru trén ein náðu áður að verða að gagni.

Þetta og ýmislegt fleira bendir til þess, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Má að vísu segja, að öðruvísi horfi við um þessi mál en önnur framkvæmdamál; arðurinn kemur ekki eins fljótt og sumir ætla. Yfirleitt hafa framkvæmdir hjá okkur nú á síðari árum til að

nota auðlindir landsins snúizt mest um það, að koma í verk því, sem bar nógu skjótan árangur, en það verður ekki sagt um skógræktina, því að það tekur langan tíma að rækta hér skóg að verulegum notum. En til þeirra framkvæmda, sem við höfum lagt út í á síðari árum, höfum við þurft að taka stór lán, sem við verðum að leggja á herðar næstu kynslóð, og þá ættum við að reyna að bæta fyrir það með því að stofna til framkvæmda, sem gæti orðið mjög mikill tekjuliður fyrir komandi kynslóðir, þó að við nytum ekki þeirra ávaxta nema að litlu leyti. Þetta er án efa stórkostlegt fjárhagsatriði fyrir komandi kynslóðir og auk þess mikið menningarmál. Það hefir mikið og merkilegt uppeldislegt gildi fyrir hverja þjóð að leggja í framkvæmdir, sem „reiknaðar eru ekki í árum en í öldum og alheimta ei daglaun að kvöldum".

Ég skal svo að lokum víkja aðeins að einstökum atriðum frv.

Frv. er að mestu samið í samræmi við gildandi lagaákvæði um þessi mál. Þó hafa hér nokkrar breytingar verið gerðar og nýmæli, sem nauðsynlegt þótti að taka upp að fenginni reynslu þeirri, sem fengizt hefir í þessum málum.

Í fyrsta kafla frv., 1.—5. gr., sem er að mestu eins og samþ. var 1907, eru þó gerðar þær breytingar, að ákveða, að skógarverðir skuli aldrei vera færri en fjórir, eða einn í hverjum landsfjórðungi. En nú vantar alveg skógarvörð fyrir Vesturlandið, en í Borgarfjarðar-, Mýra- og Barðastrandarsýslu eru nokkuð mikil skógarlönd, sem þarf að friða, ef þau eiga ekki að ganga til þurrðar.

Um 2. kafla er það einnig að segja, að þar er lítið breytt frá l. 1907 og 1928. Þó er þar nýtt ákvæði í 9. gr.: „Í skógum og kjarri, sem er sameign fleiri manna eða jarða á óskiptu landi, mega einstaklingar ekki höggva án vitundar skógarvarðar eða eftirlitsmanns, sem segir fyrir um, hvar og hvernig grisja skuli".

Reynslan hefir sýnt, að þar, sem er sameign manna um skóga, er meðferð þeirra miklu verri heldur en þar, sem eigandinn er einn; þess vegna þykir nauðsynlegt, að það sé á valdi skógræktarstjóra, hvernig skuli fara með þessi mál. Þá þótti nauðsynlegt að setja ákvæði um það að banna öllum þeim, sem eiga skóg eða hafa umráðarétt yfir honum, að selja eða gefa óupphöggvinn við án þess að hafa fengið leyfi skógarvarðar til þess. Sama gildir og um kjarr. Það þykir rétt, að skógareigendur sjálfir hafi þar rétt innan þess ramma, sem l. ákveða, en hitt þykir ekki hafa gefizt vel, þegar eigendur hafa leyft Pétri og Páli að ganga í skógana; þá hefir umgengnin verið miklu lakari en ella. Þess vegna þykir nauðsynlegt að fá þetta ákvæði inn í lögin.

Þá er 11. gr. um að veita heimild til að taka skóglendi eignarnámi, þar sem er yfirvofandi hætta sakir rányrkju eða annars þess, sem kann að valda skemmdum á skógi eða landi, eða ef kjarrlendi fær ekki að vaxa og verða að skógi, ef eigendur treysta sér ekki sjálfir til að sjá um friðun hans. Þetta er nýtt ákvæði þessara l., þó að hliðstætt ákvæði hafi verið í gildandi l. um þetta.

Þá er hér 3. kafli. Í honum er, í 17. gr., nýtt ákvæði um, að fjallskil og smölun innan skógagirðinga skuli framkvæmd af þeim, sem féð eiga, sömuleiðis að dýraleit og grenjaleit innan skógagirðinganna skuli framkvæmd á kostnað viðkomandi hrepps. Það segir sig sjálft, að grenjavinnsla á að vera skógræktinni alveg óviðkomandi, og það er þeirra, sem sauðfjárræktina stunda, að vinna grenin, því að það er hagsmunaatriði fyrir þá, en ekki skógræktina. Það nær því ekki nokkurri átt að leggja þá kvöð á skógrækt ríkisins. Sömuleiðis virðist það liggja í hlutarins eðli, að þá sé það gert á kostnað þeirra manna, sem fénu eiga að smala. Maður gæti hugsað sér, að einstakir menn hefðu tilhneigingu til þess að lofa fénu inn í skógargirðingarnar, og þá sjá allir, hversu mikil fjarstæða það væri að leggja þær kvaðir á skógræktina sjálfa að annast þar smölun og dýraleit.

Þá er í 18. gr. nýtt ákvæði, þar sem segir: „Skylt er ábúendum jarða þeirra, sem eru eign ríkisins, að hlífa svo skógi eða kjarri á jörðum þessum, að hvorugt rýrni eða eyðist af völdum þeirra, meðan ábúð helzt. Heimilt er ráðh. að taka til friðunar einstök skóg- eða kjarrlendi á jörðum ríkisins, meðan ábúð stendur, en lækka skal afgjald jarðanna vegna afnotamissis ábúenda af hinu friðaða landi eftir mati dómkvaddra manna. Ákvæði gr. þessarar er skylt að taka fram í byggingarbréfi."

Það er ekki nema eðlilegt, ef hafizt verður handa um friðun og ræktun skóga, að byrjað verði á þeim jörðum, sem ríkið á, því að slík starfsemi hlýtur að hafa í för með sér allmikinn kostnað. Slíkir erfiðleikar myndu ofvaxnir mörgum einstaklingi.

19. gr. er svo að segja óbreytt frá því, sem áður var, að öðru leyti en því, að þegar einstakir menn fá styrk til að koma upp girðingum kringum skóg eða skóglaust land, þar sem rækta á skóg, þá er hann lækkaður úr ½ kostnaði niður í ⅓ kostnaðar girðingarinnar. Og viðhaldsskylda á þessum girðingum, sem hvíldi á ríkinu áður, er nú lækkuð samkv. þessu frv. þannig, að hún hvílir ekki á ríkissjóði nema 15 ár, en eftir þann tíma á ábúandi að taka við skóglendinu, enda verður þessi nýi skógur hans eign.

Þá er í 4. kafla ákvæði um skógarítök og hvernig þeim skuli af létt. Eins og mönnum er kunnugt, þá eiga menn skógarítök víða um landið, þannig að einn maður á ítökin í skóginum, e annar maður á landið undir skóginum. Nú þykir ætíð hafa farið illa á því, að tveir menn séu um slíkar eignir sem þessar. Þeim, sem á skóginn, er vitanlega ekki eins sýnt um að girða hann og rækta, þar sem hann á ekki landið. Og hliðstætt mætti segja um þann, sem á landið. Samkv. fenginni reynslu í Noregi er nauðsynlegt að koma þessari eign á eina hönd.

Þá er hér ákvæði um að heimila landeiganda að kaupa skóg á sínu landi eftir mati á þann hátt, að sameina landið og ítakið. En geri hann það ekki, getur sá, sem ítakið á, átt kost á að

kaupa landið eftir mati eða samkomulagi og sameinað eignarréttinn yfir landinu og skóginum á þennan hátt.

Það virðist vera mjög nauðsynlegt að sameina slíkar eignir sem þessar, til þess að hægt verði að bjarga frá eyðileggingu verðmætum, sem landið okkar á þarna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 219, 220).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta frv. hefir nú legið alllengi hjá landbn., enda hefir hún athugað það allrækilega og borið það saman við gildandi l.

N. ber fram nokkrar brtt. við frv., á þskj. 220, og mælir eindregið með, að það verði samþ. með þeim breyt., sem þar er lagt til. Ég þarf ekki að segja mikið um þessar brtt. Þær eru flestar orðabreyt. Þó eru dálitlar efnisbreyt. við 8. og 11. gr., en þar eru milduð ákvæði gagnvart ábúendum þeirra jarða, sem þar um ræðir, og valdið til að beita ákvæðum gr. er fengið í hendur landbúnaðarráðh. Þ. e. a. s., honum er gefin heimild til að banna beit á skóglendi og sömuleiðis í 11. gr. gefin heimild til þess að beita eignarnámsheimild, en áður var þetta í höndum annara manna.

Þá leggur n. til, að tekinn verði nýr kafli upp í frv. um Skógræktarfélag Íslands. N. sendi Skógræktarfélagi Íslands frv. til athugunar, og stjórn þess lagði til, að tekin yrðu upp í frv. ákvæði, þar sem Skógræktarfélagið yrði viðurkennt sem opinber stofnun og fengi nokkurt vald í hendur um úthlutun styrkja til skógræktar og það skilyrði sett fyrir styrkveitingum til skógræktarfélaga, að þau gerist deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

Fleira þarf ekki að taka fram um þetta. Till. eru flestar orðabreyt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 220,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 220,2 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 220,3 (ný 8. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

9.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 220,4 (ný 11. gr.) samþ. með 19:1 atkv.

12.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 220,5 (ný 18. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

19.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 220,6 samþ. með 18 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 220,7 (nýjar gr., verða 22.—24. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 220,8 samþ. með 20 shlj. atkv.

22. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

23. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 220,9 (ný 24. gr., verður 27. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 220,10 samþ. með 19 shlj. atkv.

25. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

26. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

27.—28. gr. (verða 30.—31. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 262).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 262, n. 343, 344).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Frv. þetta er komið frá Nd. og var þar flutt að tilhlutun hæstv. landbrh. Frv. hafði verið undirbúið af skógræktarstjóra og þrem lögfræðingum, sem landbrh. hafði til þess kvatt. Frv. sjálft er aukin og endurbætt útgáfa af skógræktarlögunum frá 1907 og l. frá 1928 um meðferð skóga og kjarrs. Hafa þessi tvenn lög verið sameinuð og endurbætt. Landbn. hefir farið yfir frv., og höfum við ekki mikið við það að athuga. Var þess full þörf, eftir því sem tímar liðu og reynsla fekkst um þessi mál, að taka skógræktarlögin til endurskoðunar, hefjast handa um að stöðva uppblástur landsins og eyðing skóganna, og taka þau mál fastari tökum en unnt var eftir áður gildandi lögum.

Við leggjum til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem við höfum lagt til, að gerðar verði á því:

1. brtt. er við 2. gr. Þar er svo fyrir mælt, að skógræktarstjóri skuli hafa leyst af hendi

próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan. Við höfum lagt til, að á eftir orðunum „skal hann“ í 3. málsl. komi: ef þess er kostur. Er það gert með tilliti til þess, að landið þurfi ekki að vera skógræktarstjóralaust, þó svo kunni að standa á, að eigi sé völ á manni til skógræktarstjóra með þessi próf.

Þá segir í frv., að skógarverðir skuli aldrei færri en einn í hverjum landsfjórðungi. Við vildum ekki hafa þetta alveg svona ákveðið, heldur að skógarverðir skuli að jafnaði vera einn í hverjum landsfjórðungi. Töldum við, að svo gæti hagað til, að komast mætti af með færri.

Brtt. við 5. gr. er aðeins leiðrétting, að laun skógræktarstjóra og skógarvarða skuli ákveðin í fjárl., að því leyti sem þau eru ekki ákveðin í launalögum, en nú eru aðeins laun skógræktarstjóra og tveggja skógarvarða ákveðin í launal.

Þá kem ég að aðalbrtt. n., en hún er við 17. gr. Í 17. gr. frv. er svo fyrir mælt, að þau héruð, sem eiga land að friðuðu skóglendi, skuli annast smölun og fjallskil innan skógargirðingar á sinn kostnað, og sömuleiðis gera dýraleit og grenjavinnslu á sinn kostnað. Okkur þótti of langt gengið að skylda þá til hvorstveggja skilyrðislaust, svo að við gerðum þá linkind á, að ráðherra skuli heimilt að fyrirskipa, að viðkomandi hreppar annist smölun og fjallskil á sinn kostnað, ef ástæða þykir til að dómi skógræktarstjóra.

Í 28. gr. 2. málsgr. segir svo, að úrskurði matsmanna megi skjóta undir yfirmat. Er ekki tiltekið, hvernig yfirmat skuli skipað. Höfum við bætt því við, að yfirmat skuli skipað 3 dómkvöddum mönnum.

Þetta eru aðalbreyt., sem við gerðum á frv., en auk þess viljum við nm. flytja smávægilega breyt. eða skýringu við 6. gr., en 1. málsgr. hennar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað.“

Þótti okkur þetta dálítið óskýrt orðað og leggjum til, að greinin hljóði svo:

„Í skógum og kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað.“

Okkur þótti réttara að bæta þessu eina orði inn í til skýringar.

Leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Forseti (EÁrna): Til þess að hin skrifl. brtt., sem hv. frsm. hefir nú lýst, megi koma til atkv. á fundinum, verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 384) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Enda þótt ég sé ágreiningslaust fylgjandi brtt. n., verð ég samt að fara nokkrum orðum um 4. till., við 17. gr.

Ég lít svo á að því er snertir lönd, sem ríkið á, hvort sem þau eru ætluð til skógræktar eða annars, að réttast sé, að ríkið hafi sömu skyldum að gegna og aðrir jarðeigendur, en þeim ber að hreinsa land sitt fyrir sauðfé og sjá um grenjavinnslu eftir ákvæðum hreppsnefndar. Þrátt fyrir þetta gekk ég inn á það til samkomulags, þar sem skógræktin getur ekki talizt sauðfjáreigandi, að dýraleit og grenjavinnslur skuli framkvæmdar á kostnað viðkomandi hreppa, enda má deila um, hvort ekki eigi svo að vera að lögum, og ennfremur að ráðh. sé heimilt að gera undantekningu að því er smölun og fjallskil snertir, og skylda sveitarfélög þau, er fjárvon eiga innan girðinga Skógræktarinnar, til þess að annast þau verk á sinn kostnað. En þó að þessi heimild sé veitt, ætlast ég ekki til, að henni sé beitt nema þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Skógræktin á nú mörg lönd, svo sem Þórsmörk, Haukadal, Þjórsárdal, Hallormsstaðaskóg, Sigríðarstaðaskóg o. s. frv., þar sem hagar að ýmsu leyti mjög mismunandi til. Þegar sterkur grunur liggur á því, að fjáreigendur geri sér leik að því að nota hið friðaða land til beitar, er eðlilegt, að ráðh. fyrirskipi þeim að hreinsa það af sauðfé. Aftur nær engri átt að fara að skylda fjáreigendur til að smala lönd innan girðinga, þó t. d. viðhald þeirra sé trassað, svo fé smjúgi inn í þær.

Ég vil þá láta það koma ótvírætt fram, að ég — og ég vona deildin öll — líti svo á, að heimildina til að skylda fjáreigendur til að hreinsa girðingarnar af fé eigi einungis að nota, ef grunur leikur á því, að þeir hafi viljandi sleppt fé inn í skógræktargirðinguna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 344,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 344,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 344,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 384 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 344,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 344,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
30.—31. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 385).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 34. og 35. fundi í Nd., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 385, 438).

***Sveinbjörn Högnason:** Við þm. Rang. eigum brtt. á þskj. 438 við 17. gr. þessa frv., sem er um það, hverjir eigi að annast dýraleitir og grenjavinnslur innan skógargirðinga. Þetta ákvæði 17. gr. er orðið til vegna ágreinings, sem verið hefir undanfarin ár milli Skógræktarinnar og eigenda Goðalands og Þórsmerkur. Mér vitanlega getur ekki verið um aðrar skógargirðingar að ræða, þar sem fjallskil eiga sér stað, svo að mér er óhætt að fullyrða, að 17. gr. er samin með tilliti til þessa ágreinings. Sömuleiðis er mér ekki kunnugt um, að grenjaleitir fari annarstaðar fram innan skógargirðinga. Þórsmörk og Goðaland eru geysistór svæði, eign Fljótshlíðinga og Eyfellinga og notuð sem afréttur fyrir þessi héruð. Þegar landeigendurnir afhentu þennan afrétt til skógræktar, settu þeir það skilyrði, að viðtakendur kæmu upp fjárheldum skógargirðingum. Nú hefir þetta skilyrði aldrei verið haldið af Skógræktarinnar hálfu. Það hefir aldrei verið hægt að gera fjárhelda girðingu um þetta svæði, bæði vegna þess hve þetta er hátt uppi í fjöllum, og yrði líka seinlegt og dýrt í framkvæmdinni. Einnig hefði þurft að girða yfir á, sem er vatnsmikil og hefir eyðilagt girðingar á hverju ári. Þessi vöntun á fjárheldum girðingum hefir haft það í för með sér, að fé hefir gengið óhindrað innan skógargirðinganna, þrátt fyrir það, þó að reynt hafi verið að verja hið girta svæði af hálfu Skógræktarinnar. Hvað afrétturinn er stór, má marka af því, að fjársöfnun er framkvæmd þar á hverju hausti af 10—12 mönnum í 3 daga. Hvergi á landinu, þar sem skógargirðingar er um að ræða, getur ákvæði 17. gr. skipt miklu máli nema á þessum tveimur stöðum. Þegar eigendur Þórsmarkar og Goðalands afhentu þetta land til skógræktar, þá var vitanlega um mikið tjón að ræða fyrir bændur, sem höfðu notað það sem beitiland fyrir búpening sinn. Það var líka eini möguleikinn fyrir þessa bændur til að geta haft aðgang að afrétti. Má fara nærri um, hve mikil óþægindi það hafa verið fyrir Fljótshlíðinga og Eyfellinga, þegar þetta land var tekið til skógræktar, og ekki síður vegna þess, að skilyrði þau, sem sett voru, hafa aldrei verið haldin. Í seinni tíð hefir Skógræktin reynt að koma kostnaðinum við fjallskil og grenjaleitir yfir á eigendur landsins, þó að hún hafi enga heimild haft til þess. Hefir Skógræktin freklega gengið á rétt landeigenda, og þar að auki ekki treyst sér til að koma upp fjárheldum girðingum. Ég þori að fullyrða, að ef leitt yrði í lög, að smölun innan skógargirðinga fari fram á kostnað landeigenda, þá verði tafarlaust tekin upp sú krafa á Skógræktina, að gera um Goðaland og Þórsmörk fjárheldar girðingar. Eftir að eigendur þessara ágætu landa hafa afhent þau til skógræktar og sýnt með því mikla fórnfýsi, á að sýkjast að þeim með löggjöf, sem skyldar þá til að greiða mörg hundruð krónur á hverju ári til að framkvæma það, sem Skógræktinni ber að gera.

Ég vil því mælast til þess, eingöngu vegna skógræktarinnar sjálfrar, að brtt. okkar á þskj. 438 verði samþ. Ég er sannfærður um, að ef hún nær ekki samþykki, muni fjáreigendur ekki sætta sig við að afhenda svo gott land og verða síðan að kosta smölun á fé sínu innan þess, þar sem Skógræktinni ber skylda til að byggja fjárheldar girðingar.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég verð fyrir hönd landbn. að leggja á móti þessari brtt. hv. 1. og 2. þm. Rang., og eru skoðanir þessara hv. þm. viðvíkjandi 17. gr. frv. á algerum misskilningi byggðar. Í þessu frv. er tekið fram, að dýraleitir innan skógargirðinga skuli vera framkvæmdar á kostnað viðkomandi hreppa, en í raun og veru er þetta ákvæði óþarft, vegna þess að í gildandi l. er ákvæði um, að hreppar annist dýraleitir yfirleitt á sínu upprekstrarlandi. Ég skal, þessu til sönnunar, vitna í 2. gr. gildandi l. um þessi efni, þar sem segir, að hreppsnefndir skuli sjá um smölun á afrétti síns hrepps, og einnig í 6. gr. sömu l., þar sem ábúendum er gefin heimild til þess að taka þátt í grenjavinnslum á helmingi eignarinnar, en annars skuli þær framkvæmdar af hreppsnefndum. Samkv. þessum lagafyrirmælum ber hreppunum skylda til að sjá um dýraleitir og grenjavinnslur. Þess vegna yrði alveg einstakt, ef ætti að skylda Skógræktarfélag Íslands til að hafa þetta verk á hendi, og yrði það þá eini aðilinn á landinu, sem beittur væri þeim órétti. Brtt. á þskj. 438 stríðir móti gildandi l., enda nær ekki nokkurri átt, að Skógræktarfélagið hafi kostnað af smölun búpenings.

Þá er það ákvæði, sem skyldar Skógræktarfélagið til að annast göngur á haustin í skógargirðingunum. Þessi till. er líka óþörf, því að í frv. er ákvæði, sem skyldar félagið til að sjá um göngurnar, nema því aðeins, að ráðh. gefi út sérstaka fyrirskipun um, að þetta fari fram á kostnað fjáreiganda, ef til þess lægju svo ríkar ástæður, að sú fyrirskipun væri nauðsynleg. Þessi heimild ráðh. mun nú samt sjaldan eða aldrei koma til greina, en ég mun verða þessu ákvæði samþykkur. Ég sé aftur á móti enga ástæðu til að breyta ákvæðum 17. gr. og legg til, að brtt. á þskj. 438 verði tafarlaust felld.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti! Ég vil mælast til þess, að málið verði tekið út af

dagskrá nú, til þess að okkur flm. gefist kostur á að tala við landbn. um okkar brtt. Mér er ekki grunlaust um, að landbn. hafi ekki athugað þetta mál eins og vert er.

Forseti (JörB): Ég mun verða við tilmælum hv. þm. um að taka málið af dagskrá og fresta umr.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 385, 438, 485).

***Pétur Ottesen:** Af því að frsm. n. er ekki kominn, þá vil ég skýra frá því, að það hefir orðið að samkomulagi í n. og við þá flm., sem fluttu hér brtt., sem rætt var um á síðasta fundi, að n. flytji brtt. við 17. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að tekið sé út úr greininni það ákvæði, sem lagt er til að breyta með brtt. þeirra hv. þm. Rang. Og það var einn liður í þessu samkomulagi, að þeir tækju aftur sínar brtt. N. leggur því til, að brtt. á þskj. 485, sem nú hefir verið útbýtt á þessum fundi og ég hefi hér minnzt á, verði samþ., og þar með er fengin lausn á því deiluatriði, sem hér lá fyrir, þegar þetta mál var síðast til umr. hér í hv. d.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti! Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd okkar flm. brtt., að við höfum sætt okkur við þetta samkomulag, að ef brtt. hv. landbn. verður samþ., þá munum við taka aftur brtt. okkar.

ATKVGR.

Brtt. 438 tekin aftur.

— 485 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 41. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 488).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta var samþ. hér með nokkrum breyt. frá því, sem það kom frá Nd. Nú hefir Nd. sent það aftur og gert á því eina breyt., og er hún sú, að fellt hefir verið niður úr 17. gr. ákvæði um, að dýraleit og grenjavinnslur innan skógargirðinga skuli framkvæmdar á kostnað viðkomandi hrepps eða hreppa. Ég býst við, að landbnm. séu sammála um að fara ekki að spyrna fæti við frv. eins og nú er komið, heldur mæla með því. Ég geri það a. m. k. fyrir mitt leyti og geri einnig ráð fyrir, að hinir nm. muni vera samþykkir þessari niðurfellingu. Það, sem sérstaklega gerir að verkum frá mínu sjónarmiði, að ég mæli með því, er það, að ég tel, að í rauninni hafi engin þörf verið á að setja þetta ákvæði inn í 17. gr., því að í gildandi l. frá 1933 um refaveiðar og loðdýrarækt segir í 2. gr., að hreppar eigi að annast grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, og í 6. gr. er getið um það, að allan kostnað af grenjavinnslu og grenjaleit, annan en þann, sem ábúandi óskar að taka þátt í og fá fyrir það yrðlinga í sinn hlut, sem þá voru verðmætir, skuli greiðast af hreppssjóði eða hreppssjóðum, ef fleiri en einn hreppur eru um landið. Mér finnst, að engu sé sleppt úr löggjöfini, þótt þetta sé fellt niður, þar sem til eru sæmilega skýr ákvæði um þetta í l., þótt ekki sé það tekið hér fram.

Ég vil því fyrir hönd landbn. mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 499).

---

54. Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.

Á 10. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 1. febr. 1936 [Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.] (þmfrv., A. 63).

Á 12. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Emil Jónsson):** Það eru nú liðin 5 ár síðan ég flutti hér á Alþ. frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka eignarnámi handa Hafnarfirði Krísuvíkurtorfu. Þetta frv. var þá allmikið rætt, en að því loknu samþ. með þeirri breyt., að tekin voru upp ákvæði um, að afhenda skyldi Gullbringusýslu nokkurn hluta landsins.

Ég þarf ekki að rekja það, hvaða ástæður lágu til grundvallar flutningi málsins, en skal þó aðeins rifja það upp stuttlega. Höfuðástæðurnar voru tvær. Önnur sú, að í kringum Hafnarfjörð er land hrjóstrugt og illa fallið til ræktunar. Það er þess vegna aðkallandi þörf á að fá eitthvert land handa bæjarbúum, sem atvinnulausir eru, til að rækta. Þetta sjónarmið var tekið gilt af Alþ. og frv. samþ. með þeirri breyt., sem ég hefi áður lýst.

Samkvæmt þessum l. skyldi sérstakri n. falið að meta landið, og var síðan meiningin, að þegar matið hefði farið fram, ætti að afhenda þeim 2 aðilum, sem l. gera ráð fyrir að eigi að fá landið frá ríkissjóði, þessar eignir.

Það stóð lengi í þófi um það, hvernig skipta skyldi landinu, en fekkst þó um það samkomulag að lokum, að Gullbringusýsla skyldi fá megnið af óræktanlegu landi jarðanna, en Hafnarfjörður það, sem þá væri eftir. Þótt samkomulag væri um þetta fengið, hefir samt ekki enn orðið af endanlegum skiptum, vegna þess að hæstv. landbrh. taldi, að eins og l. væru orðuð væri ekki fært að skipta landinu á þann hátt, sem samkomulag hefði orðið um milli aðila. Þess vegna er það, að nú er borin fram

till. til breyt. á l., sem kveður skýrar á um þetta atriði en áður var.

Ég vil að lokum vænta þess, að þar sem hér er í raun og veru ekki um annað en leiðréttingu á óskýru orðalagi að ræða, þá geti þetta frv. fengið fljóta afgreiðslu hér í d. Ég vil óska, að því verði vísað til 2. umr. og landbn. að lokinni þessari umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Eins og tekið er fram í grg. frv., þá hefir staðið á því um afhendingu þeirra jarða, sem hér um ræðir, að ríkisstj. hefir ekki getað fallizt á að afhenda eignirnar með þeim skilmálum, sem Hafnarfjarðarbær hefir óskað eftir. Ástæðurnar fyrir þessu eru þær, að það er gert ráð fyrir því í l., sem hér er farið fram á að breyta, að 4 landspildur verði teknar eignarnámi, en síðan segir í 2. gr. þessara l.: „Þegar eignarnámið hefir farið fram eftir 1.—3. tölul. 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur", o. s. frv. Það er þarna tekið fram, að þegar eignarnámið hefir farið fram, þá skal selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd. En svo er aftur það að athuga, að þarna er ekki 4. töluliðurinn talinn með, en undir 4. lið eru jarðirnar Krísuvík og Stóri-Nýjabær, heldur segir um þetta í 2. gr.: „Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhenda lítt ræktanlegt beitiland jarðanna". Það er m. ö. o. gert ráð fyrir að taka eignarnámi 4 landsvæði, og um landsvæði 1—3 er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli selja eða leigja þessi lönd, og það höfum við talið okkur heimilt, en um 4. landsvæðið er sérákvæði. Um það er svo fyrir mælt, að afnotarétt þess skuli afhenda. Þar sem svo er fyrir mælt í öðrum l., að óheimilt sé að selja lönd, sem ríkissjóður á, nema með heimild Alþ., þá leit ríkisstj. svo á, að henni væri óheimilt að afhenda eignaryfirráð yfir Krísuvík og Stóra-Nýjabæ. Þetta ákvæði hlýtur að verða skilið á þennan hátt, annars hefði verið meiningarlaust að ganga frá l. með þessum hætti, að undanskilja þarna 4. liðinn, þegar talað er um afhendingu þessara tveggja jarða. Þetta virðist vera hnitmiðað orðalag með tilliti til þess, að þessar jarðir ætti ekki að selja.

Ég vildi aðeins gefa skýringu á því, að það er eðlilegt, að þessi l. hafi ekki verið framkvæmd að þessu leyti. Það er eingöngu af því, að l. eru þannig orðuð, að ég hefi ekki talið mér heimilt að selja Krísuvík, en ef þær breyt., sem hér er farið fram á, verða að l., þá er ekkert þessu til fyrirstöðu; hvort slíkt er rétt eða rangt, skal ég ekki láta neina skoðun í ljós um.

***Flm. (Emil Jónsson):** Sú yfirlýsing, sem hæstv. forsrh. gaf hér, kemur heim við það, sem ég sagði í minni ræðu og einnig er skýrt frá í grg., að það, sem hefir hindrað það, að hann hafi talið sig geta afhent landið, er orðalag laganna.

Ég vil undirstrika það, að ég hefi farið í gegnum allar umr. um þetta mál frá 1935 og hvergi getað fundið annað en að það hafi verið vilji Alþ., að Hafnarfjörður og Gullbringusýsla ættu að fá þessi lönd og skipta þeim á milli sín. Mér þykir leitt að dregizt skuli hafa, að þetta kæmist á sinn rétta grundvöll, og ég vonaði í lengstu lög, að úr því myndi rætast án þess að breyta þyrfti l., en úr því að það gat ekki orðið, vonast ég til, að Alþ. standi ekki í vegi fyrir þessu máli, því þetta frv. er aðeins flutt til þess að færa í réttan búning þann þingvilja í þessu máli, sem fram kom 1935, en sem þá af einhverjum ástæðum var óskýrt orðað.

***Bjarni Ásgeirsson:** Það var aðeins út af síðustu orðum hv. 6. landsk., sem ég stóð upp. Þetta mál lá á sínum tíma fyrir landbn., og ég átti sæti í þeirri n. Ég álít, að allt annað hafi legið til grundvallar fyrir því, að gr. var orðuð þannig, en hv. 6. landsk. vildi vera láta, og ég vil taka það fram við þessa umr. Ég man ekki, hvað um þetta hefir áður verið sagt hér á Alþ., en samkv. því orðalagi, sem er í l., virðist hér aðeins vera um afnotarétt að ræða. En hér á Alþ. stendur maður móti manni og minni á móti minni, þegar um þetta mál er að ræða. Vegna þess að hv. 6. landsk. var að tala um þingvilja fyrir þessu máli, vil ég láta minn skilning á því koma fram, og hann er alveg þvert á móti því, sem hv. 6. landsk. þm. hélt fram.

***Flm. (Emil Jónsson):** Þetta kemur mér ákaflega kynduglega fyrir sjónir. Ég hefi nú til frekari vissu farið í gegnum umr. um þetta mál í þingtíðindunum, til þess að líta eftir, hvort nokkuð hefði komið fram, er gæti bent til þess, sem hv. þm. Mýr. heldur fram. (**BÁ:** Það eru l. sjálf). L. sjálf eru að vísu orðuð þannig, en í umr., sem áður hafa farið fram um þetta mál, hefir aldrei komið fram annað en að Gullbringusýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður ættu að skipta þeim löndum, sem hér um ræðir. En þá hnitmiðun, sem hæstv. forsrh. gaf í skyn í sinni ræðu og hv. þm. Mýr. vék nú að, hefi ég aldrei getað orðið var við. Gr. er þvert á móti að minu áliti klaufalega orðuð og í henni er ekki sagt frá þeim vilja, er þar lá til grundvallar. En mér vitanlega hefir aldrei komið fram neinn þingvilji um þetta, hvorki í umr. né þskj.; þetta ákvæði hefir verið talið mjög teygjanlegt; og e. t. v. mætti, væri það teygt út í yztu æsar, telja, að Hafnarfjarðarkaupstaður ætti einn að hafa allt landið til þess að þörfum hans yrði fullnægt. Úr þessu verður aldrei skorið með vissu, og væri hægt að gera það að þrætuefni til eilífs nóns með því orðalagi, sem nú er í l. En l. voru sett með það fyrir augum, að enginn þriðji aðili, hvorki ríkissjóður né aðrir, kæmi til greina. Þessi brtt. er borin fram með það fyrir augum, að þau sjónarmið, sem ég tel, að samkomulag hafi verið um þegar l. voru sett, komi skýrar fram. Ég ætla ekki að fara inn á þær breyt., en ég vildi aðeins láta þetta, sem ég nú hefi sagt, koma fram sem svar við ræðu hv. þm. Mýr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 270).

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Þetta frv. hefir nú legið alllengi fyrir landbn. En n. hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. Hinsvegar eru dálítið skiptar skoðanir í n. um einstök atriði þess. En frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er breyt. á l. um eignarnámsheimild á nokkrum löndum, bæði í Hafnarfirði, Garðahreppi og Krísuvík í Grindavíkurhreppi. Það er borið fram af hv. flm. vegna þess, að hann lítur þannig á, að það hafi ekki verið nógu skýrt ákveðið um það í l. frá 1936, á hvern hátt Hafnarfjarðarkaupstaður skyldi fá Krísuvík og Nýjabæ til umráða. Hæstv. landbrh. telur, að l. veiti ekki heimild til þess að afhenda eða selja Hafnarfjarðarbæ þessar eignir, heldur einungis til að leigja þær. En hv. flm. ber fram þetta frv. til þess að fá skýrt úr því skorið, að þessi lönd þarna með gögnum og gæðum, sem þeim fylgja, sem eru í fyrsta lagi mikill jarðhiti, skuli seld Hafnarfjarðarbæ samkv. mati, sem fram hefir farið.

Ég hygg, að enginn ágreiningur sé um það í landbn., að Hafnarfjarðarkaupstaður eigi að fá það land, sem þarna er um að ræða. En hinsvegar líta sumir hv. nm. svo á, að það orki meira tvímælis, hvort rétt sé, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái allan þann jarðhita, sem þarna kann að vera til staðar. Og þeir nm., sem svo líta á málið, álíta, að það sé nægilegt fyrir Hafnarfjörð að fá þann jarðhita, sem hann hefir þörf fyrir til sinnar starfrækslu, en að ríkið eigi að eiga þennan jarðhita að öðru leyti. Þó hefir ekki enn verið borin fram brtt. um þetta atriði, en það kann að verða gert við 3. umr. málsins. Hinsvegar leggur n. til, að við þessa umr. verði frv. samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 63, 328).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 328. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi borið hér fram smávægilega brtt. við frv., um það, að Hafnarfjarðarkaupstað sé skylt að haga ræktun landsins og úthlutun — þar með er átt við skipulagið yfirleitt — eftir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Þessi till. er borin fram vegna þess, að það vill oft brenna við, að ef svona framkvæmdir eru ekki skipulagðar frá byrjun, þá verði ýms mistök á þeim, bæði að því er snertir framræslu og vegagerðir. Þar sem hinsvegar engin mannvirki eru á þessum jörðum nú, ætti að vera hægt að koma þar á góðu skipulagi, ef það er gert frá upphafi.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti, að hv. þm. geti fallizt á þessa till.

*Emil Jónsson: Ég vil þakka frsm. og landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ennfremur vil ég vænta þess, að ef samþ. verður till. á þskj. 328, þá megi vænta þess, að um framkvæmd hennar verði haft samráð við Hafnarfjarðarkaupstað, því ég ætla, að ef fylgt væri þeirri ströngustu orðanna hljóðan, sem felst í till., þá mætti útfæra hana allharkalega. En ég vænti þess, að ekkert slíkt liggi hér á bak við. Mér er ekki kunnugt um, hvort samskonar fyrirmæli eru í hliðstæðum l. þessum, en ég hygg, að það muni vera fágætt, að tekinn sé af eigendum landa rétturinn til að ráða fyrirkomulagi ræktunarinnar á þeirra eigin löndum. En ég fyrir mitt leyti vil í trausti þess, að samkomulag náist við Búnaðarfélag Íslands, og í samræmi við það, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafði hugsað sér að leita um þetta atriði til Búnaðarfélags Íslands, fallast á, að greiða þessari till. atkv. Auðvitað kemur það ekki til mála, að Búnaðarfélag Íslands hafi ætlað sér að hafa áhrif á það, hverjir fengju þessi lönd. Slíkt væri vissulega fjarstæða, en ég vil óska þess, vegna þess hve óskýrt orðalag till. er, að flm. taki það fram, að það væri ekkert slíkt, sem átt er við með þessari till. Ég skal játa, að mér finnst þetta dálítið óvenjulegt, að taka þennan rétt af eigendum lands og fá hann í hendur Búnaðarfélagi Íslands, en til þess að stofna málinu ekki í hættu, vil ég ekki setja mig upp á móti því, að þessi till. verði samþ.

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Mér virðist hv. flm. frv. vera óþarflega hræddur við þessa brtt. Það, sem felst í þessari brtt., er einungis sú faglega hlið þessa máls. Flm. gat þess, að hann vissi ekki til þess, að hliðstæð ákvæði hefðu verið sett í l. áður. Ég efast um, að það hafi komið fyrir fyrr, að ríkið afhenti á þennan hátt nokkrum kaupstað land, en ég myndi vera alveg fylgjandi því, að hliðstæð ákvæði þessu yrðu sett, ef ríkið afhenti lönd til sveitarfélaga annarstaðar á landinu.

Það kemur vitanlega ekki til mála, að Búnaðarfélagið skipti sér af því, hvaða menn úr Hafnarfirði fá þessi lönd, enda liggur það ekki í till., og mér datt ekki í hug, að hv. flm. myndi skilja þetta þannig. Það er ekki í verkahring Búnaðarfélags Íslands að hafa afskipti af sliku.

Ég vænti þess, að hv. flm. geti látið sér þessa yfirlýsingu nægja.

ATKVGR.
Brtt. 328 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 336).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 33. og 34. fundi í Ed., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 336, n. 431).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á breyt. á l. frá 1936 um, að taka mætti eignarnámi og selja Hafnarfirði nokkur lönd í Gullbringusýslu. Það, sem farið er fram á að breyta, er 3. liður 2. gr. þessara l., en þar er svo ákveðið, að þegar búið sé að taka eignarnámi þessar jarðir, þá skuli afhenda Hafnarfjarðarkaupstað þær, þannig að hann fái fullnægt þörfum sínum fyrir upphitun og ræktun, en Gullbringusýsla átti að fá beitiland jarðanna. Það hefir orðið örugleikum bundið að framkvæma þessi skipti eftir 2. gr., og er það orsök þess, að þetta frv. er borið fram. Það hefir farið fram mat á þessum jörðum. Ennfremur hefir náðst samkomulag um það milli Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar að haga skiptingu afréttarlandsins eins og tiltekið er í skiptagerð matsnefndarinnar, sem prentuð er sem fylgiskjal á þskj. 63. Eftir frv. eins og það kom frá Nd. voru Hafnarfjarðarkaupstað afhent öll námuréttindi þessara jarða og öll hitaréttindi. Við athugun fannst n., að ríkið ætti að eiga námuréttindin, enda verður ekki séð, að Hafnarfjörður hafi neitt við þau að gera. Ennfremur viljum við láta Hafnarfjörð fá hitaréttindin strax, en með þeirri skuldbindingu, að hann láti ríkinu aftur í té þau hitaréttindi, sem það kynni að þurfa á að halda síðar. Ég skal geta þess, að nú sem stendur munu námuréttindin vera leigð til 20 ára og hlunnindin, bjargið og rekinn, til 10 ára. Mér er ókunnugt um, hvað langt er eftir af þessum leigutíma, en vitanlega fær Hafnarfjörður ekki afnotarétt af þessum hlunnindum fyrr en sá leigutími er útrunninn, þótt hann hinsvegar öðlist eignarréttinn strax og geti tekið í sínar hendur afgjaldið eftir hlunnindin, og sömuleiðis ríkið eftir námuréttindin.

N. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., og ég vænti þess, að frv. sé þannig úr garði gert, að það þurfi ekkert lengur að vera því til fyrirstöðu, að Hafnarfjarðarkaupstaður geti tekið þessi lönd í sínar hendur og notfært sér þau, ef hann sér sér það fært.

ATKVGR.

Brtt. 431 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 455).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 500).

---

55. Jarðakaup í Ölfusi.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi (þmfrv., A. 311).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Þetta frv. á þskj. 311 er flutt af landbn., en eins og tekið er fram í grg., þá er frv. flutt eftir tilmælum landbrh., og hafa einstakir nm. óbundnar hendur um fylgi við brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Frv. fer fram á að heimila ríkisstj. að kaupa nokkrar jarðir í Ölfusi, til að láta vinna þar að ræktun og öðrum undirbúningi til stofnunar nýbýla.

Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um málið almennt, og þá m. a. af því, að það eru nú 4 ár síðan Alþ. samþ. l. um nýbýlamál, svo nú hefir verið starfað eftir þeim 4 undanfarin ár. Það, sem gert hefir verið á þessum 4 árum, hefir eingöngu stefnt að því að stofna einstök nýbýli, aðallega á þann hátt, að jörðum hefir verið skipt, þannig að jarðir, sem hafa verið einbýli áður, hafa verið gerðar að tveimur sjálfstæðum býlum og fjárframlög lögð að verulegu leyti til þeirra. Það hafa verið stofnuð 250—260 nýbýli þessi síðastl. 4 ár. Það hefir eingöngu verið stefnt að því að stofna einstök nýbýli, og þetta hefir verið framkvæmt þannig, að það eru nýbýlaeigendurnir sjálfir, sem annazt hafa allar framkvæmdir. Þeir hafa fengið þá styrki og þau lán, sem ríkið hefir heimilað, og annast svo framkvæmdir hver á sínu býli, án þess að hið opinbera hafi komið þar nokkuð fram. Ríkissjóður er búinn að leggja fram um 800 þús. kr., ef þetta ár er talið með.

Hvert býli hefir því fengið um 3000 kr. styrk. Þetta þykir kannske fljótt á litið nokkuð há upphæð, en hún er samt lægri en nokkurstaðar annarstaðar í nágrannalöndum okkar, þegar miðað er við þá upphæð, sem veitt er til hvers býlis, sem stofnað hefir verið.

Reynslan hefir sýnt það á undanförnum árum, að það er ofrausn að hugsa sér með jafnlitlu fjárframlagi, 3—3½ þús. kr. styrk og álíka upphæð sem láni á hvert býli, að stofna nýbýli á alveg óræktuðu landi. Reynslan hefir sýnt okkur, sem að þessum málum höfum unnið, að það er ekki hægt með svo litlu fé, nema þá nýbýlastofnendurnir sjálfir eigi töluvert fé, sem þeir geti lagt fram.

Þegar jörðum hefir verið skipt, þá hefir það oftast verið þannig, að nýbýlunum hefir fylgt eitthvað af ræktuðu landi, hús eða einhver mannvirki. Allmörg nýbýli hafa verið byggð, sem fylgt hefir ræktað tún og jafnvel eitthvað af húsum.

Í l. frá 1936 var í raun og veru gengið út frá því, að hafizt væri handa í stórum stíl um stofnun nýbýlahverfa. Það hefir ekki komið til framkvæmda ennþá af þeim ástæðum, að ekkert fé hefir verið til þess. Umsóknir um styrk til að skipta jörðum og stofna einstök nýbýli hafa verið meiri en hægt hefir verið að sinna, og fjármagn það, sem fyrir hendi hefir verið, hefir verið notað eingöngu til þeirra hluta. Það hefir ekki verið hægt að snúa sér að hinu verkefninu með því fé, sem verið hefir til umráða.

Þetta vildi ég aðeins segja um þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið á þessu sviði á undanförnum árum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir um að heimila ríkisstj. að kaupa eða jafnvel taka eignarnámi, ef ekki näst samningar um kaup, nokkrar jarðir í Ölfusi, stefnir að því, að hafizt verði handa um stofnun nýbýlahverfa að einhverju leyti, þar sem ríkið annist undirbúning framkvæmda á þessu sviði, ræsi fram landið, leggi vegi um það og annist aðrar nauðsynlegar framkvæmdir. Áframhaldandi framkvæmdum, svo sem húsagerð og fullræktun landsins, er hægt að haga á ýmsan hátt, eftir því, sem ákveðið verður síðar, þannig t. d. að skipta landinu niður í jöfn býli og láta eiganda hvers býlis annast þessar framkvæmdir. Frv. gengur ekki inn á þá hluti.

Það er svo með okkar jarðveg, mýrarnar, sem er okkar dýrmætasti jarðvegur og bezti til ræktunar, að það er ómögulegt að gera hann að góðu akurlendi, hvort sem um er að ræða tún, kornakur eða garða, öðruvísi en með því móti að ræsa landið fram í stórum flæmum fyrst, gera aðalframræsluskurðina fyrst og skipuleggja þetta allt í stærri stíl en gert er við ræktun á einstökum býlum. Það hefir staðið ræktunarmálunum mest fyrir þrifum, hversu mikil vöntun hefir verið á fullkominni framræslu á löndum, þó þau væru talin ræktuð. Sé málið tekið þessum tökum, sem hér er gert ráð fyrir, þá hefir það mikla kosti í för með sér, því þá myndi ræktun landsins verða miklu betri en almennt þekkist.

Fyrir þing í vetur skipaði landbrh. 3 manna nefnd, sem í eiga sæti Valtýr Stefánsson, Ingimar Jónsson og ég, til þess að athuga þessi mál. Okkur var falið fyrst og fremst að gera till. um það, hvort hafizt skyldi handa um stofnun nýbýlahverfa eða það, að taka land til ræktunar, sem síðar yrði grundvöllur að stofnun nýbýla. Við höfum athugað þetta nokkuð þann stutta tíma, sem síðan er liðinn, og það hefir orðið álit n., eins og grg. sú, sem fylgir frv., ber með sér, að rétt væri að hefjast handa um fyrstu framkvæmdir í þessum efum í Ölfusinu. Orsakirnar til þess, að við leggjum það til, er að finna í nál., og sé ég ekki ástæðu til að taka það upp frekar. Ölfusið er fyrir flestra hluta sakir bezt til þessa fallið. Auk þess sem land er þar gott til ræktunar, samgöngur góðar, jarðhiti og möguleikar til að ná í rafmagn, þá má nefna Ölfusforirnar, sem verið er að ræsa fram. Það er ekki minnsti vafi á því, að þar bíða ótrúlega miklir möguleikar til heyöflunar. Það er hugmynd okkar, að það megi fá mikinn stuðning í forunum fyrir býli, sem þarna kunna að verða reist, þar sem ríkið á mikinn hluta af forunum. Hugmyndin er að sameina þær að einhverju leyti við þau hverfi, sem þarna rísa upp með tímanum.

Það er rétt að taka það fram í þessu sambandi, að þessari nefnd eru ætluð fleiri verkefni. Henni er ætlað að athuga um ræktunarmál kaupstaða, þar sem þörf er á að tryggja land til ræktunar. Í þriðja lagi er n. ætlað að taka til athugunar möguleikana á því að endurbæta ræktun eldri túna hér á landi. Eins og ég drap á áðan, þá skortir mjög á það, að framræslan víða sé í því lagi, sem hún þyrfti að vera, en á sínum tíma munu verða gerðar till. um það efni.

Ég tel rétt að taka það fram í þessu sambandi, þar sem mér virðist, að ýmsir séu nokkuð hikandi í að fara þá leið, sem hér er farið fram á, að heimila eignarnám til að komast yfir land til ræktunar í þessu skyni, ef ekki er hægt að útvega það á annan hátt, að ég hygg, að ekki sé hægt að fá slík lönd, nema eignarnámsheimildin sé fyrir hendi, þó ekki komi til þess, að til hennar þurfi að taka.

Það hefir ekki vakað fyrir þeim, sem undirbjuggu frv., að þarna væru teknar allar jarðir og lagðar í eyði. Það er tekið fram, að það séu annaðhvort þessar jarðir eða hluti úr jörðunum. Þarna má fá stórar landspildur án þess að gengið sé nærri jörðunum eða þær þurfi að bíða verulegan hnekki við það. Þeir, sem farið hafa eftir Ölfusinu, munu hafa tekið eftir hinum geysilegu mýrum, sem liggja allar móti suðvestri. Þar virðist vera einhver ákjósanlegasti jarðvegur til ræktunar. Þessar mýrar eru sama sem ekkert nytjaðar, en búfé gengur þar eitthvað. Nú er það svo með sveit eins og Ölfusið, að ég hygg það vera ofrausn að hugsa sér það sem búfjársveit til frambúðar, því þar eru svo miklir möguleikar til þéttrar byggðar. Þar verður að byggja á öðru, nautgriparækt, garðrækt eða jafnvel kornyrkju.

Ég vil leggja áherzlu á, að það mun ekki vaka fyrir þeim, sem að frv. standa, hvorki þeirri nefnd, sem undirbjó frv., landbrh. eða landbn.,

að farið sé með neinu offorsi af stað, heldur sé aðeins fyrst tekið það land, sem við nána athugun virðist ekki vera þörf fyrir þær jarðir að hafa, sem þarna eru.

Ég skal geta þess, að þetta frv. er m. a. borið fram í því skyni, að hægt sé að beita þeim vinukrafti, sem ekki hefir nein atvinnuskilyrði, eins og t. d. margt fólk í Rvík og víðar, til að vinna að þessu verki. Það er fátt, sem við getum gert betra til að auka verðmæti okkar lands heldur en að vinna að framræslu mýranna. Við vitum ekki enn, hvílíkur fjársjóður þar er. Við vitum það ekki fyrr en búið er að taka nokkur hundruð hektara, ræsa þá fram og gera þeim allt það til góða, sem hægt er, og sjá, hvernig þeir breytast þá. Slíkt er ekki hægt að gera nema hið opinbera hafi framkvæmdir í þessum efnum, og þegar fjöldi manna er atvinnulaus og erfiðleikar miklir á að útvega aðflutt efni til ýmsra framkvæmda, þá virðist sjálfsagðast að vinna að slíkum framkvæmdum sem þessum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég óska eftir, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., en ég geri það ekki að till. minni, að því verði vísað til n., þar sem landbn. flytur það.

Bjarni Bjarnason: Ég ætla ekki að gera að umtalsefni kaup ríkisins á jörðum né eignarnám vegna nýbýla almennt, en ég vildi aðeins segja örfá orð um þetta sérstaka mál, eins og það liggur fyrir.

Ég geri ráð fyrir, að við nánari athugun komi það í ljós, að þær jarðir, sem gert er ráð fyrir að heimila ríkistj. að kaupa eða taka eignarnámi, ef ekki næst samningar um kaup, reynist ekki svo landmiklar sem landnámsnefnd ríkisins ætlar. Um Hvamm er það að segja, að sú jörð á ekki nema nokkurn hluta af mýrinni norðan vegar í kverkinni milli Reykjafjalls og Ingólfsfjalls, en til þess að framræsla á Hvammslandi geti komið að fullum notum, þá hygg ég, að þurfi að ræsa fram allt þetta land, en þá þarf að kaupa þar fleiri jarðir. Þetta kemur að sjálfsögðu í ljós, þegar þetta verður athugað nánar.

Um jarðirnar, sem eru sunnan vegar og sunnan Ingólfsfjalls, er það að segja, að landrými er þar að vísu nokkuð, og þá sérstaklega á Kirkjuferju. Ég hygg, að það land sé einna stærst og einna bezt fallið til fjölgunar býla. Árbær og Þórustaðir eru ekki verulega landstórar jarðir, og allra sízt Hellir.

Það ber að sjálfsögðu að viðurkenna, að ef mýrarnar eru þurrkaðar, þá verður þar vitanlega miklu verðmætara land. Ég skal ekki segja um, hvað land má minnka mikið við það, að mýrarnar eru þurrkaðar, og verða þó að sama gagni og áður. Ég veit, að menn muni geta þrengt eitthvað að sér, þegar búið er að þurrka mýrarnar, en ég býst við, að það komi í ljós við nánari athugun, að til þess að um verulegt land til fjölgunar býla sé að ræða, þá þurfi löndin að vera stærri, og sérstaklega með tilliti til þess að gera þau aðgengilegri, og ef vel tekst með þurrkun, sem verður að framkvæma, eru fjársjóðir í forunum, sem ekki eru notaðir nema að litlu leyti, og vil ég ekki mæla á móti því. Fjölgun býla er sjálfsögð, en það geta alltaf verið skiptar skoðanir um það, hvar eigi að byrja.

Ég vil taka undir með hv. frsm. um það, að ekki verði farið að þessu nema með sanngirni, og vil fyrir hönd þeirra ábúenda, sem hér eiga hlut að máli, óska þess, að hér verði farið að með fullri gætni og tekið tillit til þeirra bænda, sem þessar jarðir eiga, og komizt að samkomulagi við þá, ef unnt er. Það er leiðinlegt fyrir hvaða ríkisstj. sem er að þurfa að taka jarðir eignarnámi af bændum, þótt það sé gert til hagsmuna fyrir fleiri.

***Eiríkur Einarsson:** Þegar þetta frv., eða annað frv. samskonar, var til 1. umr. í fyrra, tók ég fram það, sem ég vil endurtaka nú, að ég legg áherzlu á það, að ef ráðizt er í svo stórvægilegar framkvæmdir sem hér er farið fram á, og ég er alveg sammála frsm. í því, að hér er um stóra hugmynd að ræða, þá verði tekin landsvæði, sem líklegust eru, miðað við samgöngur og jarðgæði, og leitaðir uppi líklegustu staðirnir, og ég tel, að þarna sé komið niður á heppilegan stað til þeirra hluta, ef það á að hefjast handa um slíkt. En viðvíkjandi því, sem bæði kemur fram í frv. sjálfu og frsm. hafði orð á, að vafasamt væri, hvort það þyrfti nema hluta af löndunum og hvort ekki yrði nægilegt eftir handa bændunum til þess að varðveita bú sitt, vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að ég held, að varla sé rétt að byggja of mikið á því, að þetta takist. Það er alveg rétt, að á slíkum löndum sem þessum mega menn ekki ætla of mikið á bústofninn, en þá kemur það til greina, að þessar jarðir eiga lönd, sem er svo háttað, að þau liggja í skákum alla leið frá Ölfusá upp úr, um veginn með Ingólfsfjalli og upp í Ingólfsfjall, og eru þetta beitilönd þessara jarða. Er ekki lítil jarðabót að þeim, því bæði er þetta þurrt land og allmikið gróðurlendi og hefir aðra fjárbeitarkosti. Ef þessu yrði nú ráðstafað þannig, að jarðirnar Árbær, Þórustaðir, Hellir, Holt og fleiri jarðir t. d. ættu að fá að halda sér sem sérstök býli með sínum túnum og heimarækt og litlum ræktuðum skákum út frá túninu, en svo yrðu keypt löndin, sem liggja frá upp að þjóðveginum, þá ættu ýmsar þessara jarða ef til vill beitilönd uppi í fjallinu, og þá væru jarðirnar hlutaðar sundur. Þetta horfir dálítið andstætt við, og vil ég geta þess, að þetta er atriði, sem þarf að taka tillit til. Ég held það sé með þessar jarðir eins og margar aðrar jarðir víðsvegar um landið, að meðan ræktunin er ekki komin lengra en raun ber vitni um, bjargast bændur ekki svo litið á víðlendinu. Það er algild regla á Íslandi, að meðan jarðræktin er lítil, eru mikil not af víðlendinu.

Ég vildi láta þetta í ljós, til þess að kynna þá skoðun mína, bæði vegna þess, að einhverstaðar verður að byrja á þessu, og að þetta er líklegur staður, og ég held, að það þurfi að miða að því annaðhvort að gera þetta ekki eða þá alveg, og að ef þarna á að stunda fjárrækt, verði öll jörðin að vera notuð af sama manninum. Hitt er annað mál, að ekki væri nauð-

synlegt, að öll gæði, sem fylgja jörðunum, þyrftu að fylgja með, t. d. laxveiði. Þegar til þess kemur að semja við þessa menn, þá efa ég ekki, að gætt verður fyllstu sanngirni í garð þeirra, sem hér eiga hlut að máli, og lít ég því framtíð þessa máls björtum augum.

*Pétur Ottesen: Ég hefði viljað gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv., en þar sem fundur verður í Sþ. eftir mjög skamman tíma og ég vil ekki tefja málið, mun ég ræða málið við 2. umr. og vænti þess, að hæstv. forseti gefi mér tækifæri til þess að tala almennt um málið, þó við 2. umr. sé.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 311, 371).
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 371 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 32. og 33. fundi í Nd., 9. og 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 311, 371, 408, 437).

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefir borið fram tvær brtt. við þetta frv. við þessa umr., og ætla ég fyrst að lýsa brtt. á þskj. 437, þó að hún sé seinna komin fram. Hún er um það, að breyta nokkuð 1. gr. frv. Í frv. eins og það er nú er tekið fram, að ríkisstj. sé heimilt að kaupa Hvamm, Kirkjuferju með hjáleigu, Þórustaði, Árbæ og Helli í Ölfushreppi í Árnessýslu, eða hluta úr þessum jörðum. Við nánari athugun hefir landbn. orðið ásátt um að mæla með því að fella burtu heimildina til að kaupa Þórustaði, Árbæ og Helli, en heimila ríkisstj. aðeins að kaupa tvær hinar fyrst töldu jarðir, Hvamm og Kirkjuferju. Þessi afstaða n. byggist á því, að á þessum tveim jörðum muni sýnilega verða hægt að fá nægilegt ladrými til þess að byrja að rækta landið í allsherjar stíl, og n. þótti ekki ástæða til að láta heimildina ná lengra en þörf krefði, og þar sem það líka er vitanlegt, að ríkið myndi alls ekki fara að kaupa upp allar þessar jarðir, heldur aðeins þann hluta þeirra, sem nauðsyn bæri til, þá virtist landbn. ekki þurfa að láta þessa heimild ná lengra en til þessara tveggja jarða, sem eru langstærstu jarðirnar á þessu svæði, og skilyrði til að taka þar land til nýræktunar munu vera hin beztu að öllu leyti. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að landbn. hefir líka nokkuð athugað Ölfusforirnar. Arnarbæli, sem er kirkjujörð og prestssetur, á mikinn hluta af Ölfusforunum. Nú er verið að gera þarna mikla framræslu og hlaða flóðgarða, til þess að veita vatni á landið. Með þeim aðgerðum mun heyfengur aukast mjög mikið í Ölfusforunum. Landbn. álítur, að í sambandi við þau nýbýli, sem ætlazt er til að komi upp á því landi, væri sjálfsagt að hagnýta Ölfusforirnar nokkuð líka. Landbn. hefir nú fengið upplýsingar um það, að þegar Arnarbælisprestakall verður veitt næst, verði tekinn undan því nokkur hluti af Ölfusforunum, sem eru ágætis engjalönd. En ef svo hefði ekki verið, að kirkjumálaráðun. hefði þegar ákveðið þetta í samráði við biskup landsins, myndi landbn. hafa borið fram till. um það, að hægt væri að taka afnotarétt á forunum af Arnarbæli; það þótti alveg sjálfsagt, því að þessi nýbýli verða að langmestu leyti að byggjast á engjunum þar í Ölfusinu, sem gefa mikinn heyfeng. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt.

Þá hefir landbn. borið fram brtt. á þskj. 371, um það, að nýrri gr. verði bætt inn í frv., þar sem ríkisstj. er heimilað að verja úr ríkissjóði allt að 150 þús. kr. á árinu 1940, og 200 þús. kr. á árinu 1941, til að þurrka landið og til vegagerðar. Það, sem fyrir n. vakir með þessu, er, að þessi heimild verði fyrst og fremst notuð til þess, ef mikið atvinnuleysi hlýzt af völdum styrjaldarinnar, að þarna verði hægt að hefja aðgerðir til að koma upp nýbýlum. Landbn. væntir þess, að Nd. geti fallizt á þessa brtt. Þetta kom að nokkru leyti fram í sambandi við umr. um fjárl., og sé ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt að svo stöddu með því að ræða meira um það.

Ég sé, að á þskj. 408 er brtt. við þetta frv. frá hv. 8. landsk. og hv. þm. Ak. Ég ætla eigi að ræða um þá brtt. fyrr en flm. hennar hafa mælt fyrir henni, og mun ég þá láta máli mínu lokið.

*Eiríkur Einarsson: Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að það, sem mér þætti athugavert við frv., væri ekki það, að lega landsins væri ekki ágæt, hallinn góður og mýrin vel fallin til ræktunar, heldur hitt, að ef leggja skyldi í slíkt, finnst mér réttast að notast við þá möguleika, sem fyrir hendi eru. Mér finnst athugavert að höggva þessar jarðir svo í sundur, að nokkur hætta yrði á því, að þeir, sem þar hafa búið, gætu ekki haldizt þar við, vegna þess að það, sem þeim yrði skilið eftir, yrði hvorki fugl né fiskur, og allar líkur til þess, að jarðirnar gætu ekki haldizt í sjálfstæðri ábúð. Þess vegna er ég flm. að brtt. á þskj. 408, ásamt hv. þm. Ak., og sú brtt. hefir komið fram við 3. umr. frv. Ég segi af minni hálfu, að ég hefi borið hana fram síðan málið var til 2. umr. af þeirri sérstöku ástæðu, að ég hefi hitt menn, er eiga þarna hlut að máli, eigendur sumra þeirra jarða í Ölfusi, sem nefndar eru í 1. gr. frv., og ég hefi orðið þess var, að þeir bera nokkurn kvíðboga fyrir því, ef þetta verður samþ., a. m. k. þeir, sem á annað borð eru nokkurn veginn staðfastir við bú sitt og jarðeign, og eiga á hættu að verða að fara þaðan, ef til lögboðins eignarnáms kynni

að koma. Sá uggur, er þar kemur fram, kemur mér ekki ókunnuglega fyrir sjónir. Ég veit í raun réttri, að það er svo um marga þeirra manna, sem þykir vænt um sveitina sína, einkum bændur, sem þykir vænt um, að haldið yrði hlífiskildi yfir eignarrétti og ábúðarrétti á jörðum sínum og að þeir fái að vera þar óáreittir að öllu leyti, hvað sem í skerst. Hið sama stefnumið kemur fram hjá þessum mönnum sem það, er oft og einatt hefir komið fram hér á Alþ., sem sé að stefna eigi að því að laða fólk að sveitunum, fá það til að vera þar kyrrt og reyna að fjölga fólki í sveitum landsins með því að koma upp nýbýlum, ef ekki vill betur til. En til þess að fólk taki sér bólfestu í sveitunum, þarf réttur skilningur eða skynsemi að ráða, og allur er varinn góður og nauðsynlegur. Ég veit t. d. um einn bónda, sem segist vera búinn að taka nokkurn hluta af jörð sinni í sérrækt. Drengirnir hans eru uppkomnir, og það stendur til, að annar drengurinn hans taki við þessari sérrækt og noti sitt vinnuafl handa sér. Þetta er eðlileg framþróun.

Þess vegna vil ég fá frekari skýringu á þessu málefni, til þess ef verða mætti að unnt yrði að komast að kaupum á þessum jörðum eftir samkomulagi við eigendur, og í trausti þess, að ríkið og aðrir ráðamenn leiti hófanna um slíkt, þá vona ég, að þetta gangi á sem sanngjarnastan hátt, en ef það er ómögulegt, verður að leita til nauðungarúrræða, lögnámsins. En slíkt myndi bera vott um hinn mikla yfirdrottnunaranda gagnvart einstaklingnum, sem nú fer vaxandi, og ég veit, að Alþ. er vel skiljanlegt, með því að draga ályktanir alla leið frá hinum stærsta til hins smæsta kotbónda. Ég veit, að Alþ. skilur, hvers virði frelsið er og það, að geta verið óáreittur við sitt. En í því tilfelli, sem hér er um að ræða, gæti þetta, ef samþ. yrði, orðið til þess að draga nokkuð úr þeirri ást, sem menn bera til jarðar sinnar og sveitar, og er það þess vegna mjög varhugavert, enda hefir hv. landbn. borið fram brtt. um það, að fella burt meiri hl. af þeim jörðum, sem nefndar eru í 1. gr., svo að ef ég hefi tekið rétt eftir, þá eru aðeins tvær jarðir eftir. Þetta er alveg rétt. Mér finnst að vísu alveg jafnhægt að leita hófanna hjá þeim mönnum, sem á hinum jörðunum búa, ef þeir vildu selja, og sjá, hvort ekki gætu tekizt samningar um slíkt. Þar með horfir málið öðruvísi við, nema eftir er hið sama „princip“. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um það, en ég vil taka það fram, að ég þykist vita, að í Ölfusinu sé nokkur ótti meðal bænda út af því, að gildir og góðir bændur kynnu að verða fyrir hrakningi, ef þetta verður samþ. Þetta á að vísu að vera gert til þess, að jarðirnar komi að almennum notum, en e. t. v. yrði eina afleiðingin sú, að fjöldabúskapur kæmi í staðinn og bæri hin gömlu sveitarfélög ofurliði, og ég veit, að hv. þm. skilja það, hvað hinir eldri bændur eiga við með því.

Ég álít réttara að láta brtt. á þskj. 408 koma til atkv., og láta ekki nema þegar brýn nauðsyn krefur koma til lögnáms. Því vil ég, að atkv. skeri úr um það áður en það fer lengra, hve brýn nauðsyn sé fyrir hendi.

Forseti (JörB): Ég vil biðja þá þm., sem eftir eru á mælendaskrá, að vera svo stuttorða sem þeir geta, því að við eigum aðeins eftir 7 mínútur af fundartímanum.

***Pétur Ottesen:** Ég hefi nú tvisvar fallið frá orðinu í umr. um þetta frv., vegna þess að fundartíminn var á enda og ég vildi ekki hefta það, að málið næði fram að ganga. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að í grg., sem fylgir frv., er þess getið, að einstakir nm. hafi óbundnar hendur um einstakar gr. þess. Það er skylt að koma fram með ástæður fyrir því, að þessi fyrirvari var settur í grg. Mín skoðun um framtíð landbúnaðarins hér á landi er yfirleitt sú, að landbúnaðinum muni vera bezt borgið með því, að sem flestir þeirra manna, er hann stunda, geti verið sjálfstæðir sjálfseignarbændur. Mér virðist reynslan hafa sýnt það. Með því móti ætti það að verða bezt tryggt, að umbætur þær, sem gerðar væru, bæði í jarðrækt og húsabyggingum, og sem eru alveg nauðsynlegar og óumflýjanlegar, kæmu að verulegum notum til þess að geta haldið sveitunum við og rekið þar búskap þannig, að framtíð sé í. Það er út frá þessari skoðun og þeirri reynslu, sem fengizt hefir í þessum efnum, sem ég vil ræða um málið. Ég hefi þá grundvallarskoðun á frv. þessu, að það sé frekar hreint og beint til þess að ganga á snið við það, sem bezt tryggir öryggi og framtíð sveitabúskaparins, þegar aftur er gengið inn á þá stefnu, að ríkið fari að kaupa upp jarðir, til þess að þeim mönnum fjölgi, sem eru leiguliðar. Á þeim tímum, sem nú standa yfir og verið hafa undanfarið, hefir ákaflega stríður straumur af fólki legið frá sveitum landsins til kaupstaðanna, og ef slíkur hugsunarháttur á eftir að ríkja lengi enn með þjóðinni, sem fram kemur í því, að mikið af fólki flyzt úr sveitum landsins, þá er ég alveg sannfærður um það, að styrkustu stoðir sveitanna og menningarinnar þar hætta að rísa undir þunganum, í stað þess að menn eigi jarðnæði sjálfir, því að með þeim hætti standa menn miklu betur að vígi en ella. Slík aðstaða í sveitum landsins vekur traust hjá mönnum og tilfinningar fyrir þeirri jörð, sem oft og löngum hefir gengið að erfðum frá manni til manns.

Ég vildi láta þetta koma hér fram í sambandi við þá grundvallarskoðun, sem ég hefi á þessu frv.

En hinsvegar hefir orðið nokkur breyt. á því við meðferð landbn., og ég get lýst því yfir, að ég hygg, þrátt fyrir þá skoðun, sem ég hefi á stefnu þessa frv., að með tilliti til þess, hve mikil nauðsyn er á því að reyna að snúa þessum straumi við eða a. m. k. að stöðva hann, geti ég gengið inn á það sem lið í þeirri tilraun. Eins og kunnugt er, þá er fjöldi einstaklinga og fjölskyldumanna, sem nú eru komnir í kaupstaðina, sem hafa þar ekki neitt verkefni og eru alveg að veslast út af í þeim ömurlegu kringumstæðum að verða að standa augliti til auglitis við atvinnuleysið og sjá gersamlega enga leið til að bjarga sér út úr því.

En verði sú heimild veitt, sem hér um ræðir, get ég sérstaklega greitt henni atkv. einmitt

vegna þess, að mér virðist, að þau skilyrði, sem óhjákvæmilega þurfa að vera fyrir hendi til þess að nýbýlabúskapur geti blessazt, séu þarna til staðar. Þessi skilyrði eru eitt af þrennu: Í fyrsta lagi, að þar, sem hefja skal slíkan búskap, sé þegar í upphafi fyrir hendi nokkuð af ræktuðu landi. Í öðru lagi, að þar sé um einhverja aðra atvinnu að ræða, sem geti hjálpað mönnum til þess að fleyta sér yfir erfiðleika frumbýlingsáranna, t. d. að þar sé hægt að stunda sjósókn eða eitthvað slíkt. Í þriðja lagi, að öll aðstaða sé svo góð, að mönnum sé jafnan tryggt, að þeir hafi þegar frá upphafi nokkra ræktun við að styðjast, og þau skilyrði eru þarna fyrir hendi með því að hagnýta hinar svokölluðu Ölfusforir, þar sem það er tryggt með nýrri byggingu prestssetursjarðarinnar Arnarbælis, að allstór hluti þeirra verði til afnota fyrir nýbýlabúendur, og jafnframt er allsennilegt, að þeir menn, sem kynnu að fást til að reisa nýbýli á landinu þar, ef samningar næst um, að þær jarðir, sem nefndar eru í frv., verði keyptar, eigi kost á að nota sér það land, er gefur af sér nautgæft hey og annað kjarngott fóður. Ég tel, að eitt hinna 3 skilyrða, sem ég nefndi að þyrftu að vera fyrir hendi til þess að nýbýlabúskapur geti blessazt, sé þarna fyrir hendi, og þá vil ég ekki standa í vegi fyrir því, heldur taka höndum saman við þá menn, sem nú vilja gera þessa tilraun, þrátt fyrir það, þó að stefna mín og sannfæring beinist í þá átt, að nýbýlabúskap eins og öllum búskap landsmanna sé bezt borgið með því, að hver bóndi eigi sjálfur það land, sem búrekstur er rekinn á.

Ég þarf ekki að hafa þessa ræðu lengri, en mun fylgja frv., ef þær breyt. verða samþ., sem hv. frsm. landbn. hefir minnzt á. Þær eru um heimild fyrir ríkisstj. til að verja í þessu skyni 150 þús. kr. á yfirstandandi ári og 200 þús. kr. á næsta ári. Sú fjárveiting er engan veginn bundin við kaup á jörðum, heldur sem styrkur til nýbýlakaupa, hvort sem þau eru reist á landi, sem ríki og bæjarfélög eiga eða einstakir menn. Þetta vildi ég láta koma fram, því hér gæti verið um að ræða heimili fyrir atvinnuleysingja og yrði framtíðarlausn á þessum málum, að því er snertir að skapa fleiri mönnum möguleika til þess að reka sjálfstæða atvinnu í landinu.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 311, 371, 408, 437).

*__Sigurður Kristjánsson:__ Þó að mál þetta sé nýtt í því formi, sem það kemur hér fyrir hæstv. Alþ., þá er það í raun og veru gamalt mál. Það er ákaflega mikið ágreiningsmál og hefir lengi verið, hvort ríkið ætti að halda áfram að leggja stund á að ná í sína eign jarðeignum þeim, sem nú eru í einstaklingseign bænda. Það hafa komið fram margar tilraunir í mörgum formum til þess að ná jarðeignum úr sjálfsábúð, og þetta mál er áframhald af þeim tilraunum.

Ég ætla ekki að fara langt út í það mál, hvaða þýðingu það muni hafa fyrir búskap hér á landi, ef þessi stefna heldur óheft áfram, að ríkið leggi undir sig jarðeignirnar og geri bændur að ríkisleiguliðum. Ég hefi áður haft tækifæri til að minnast á þetta og sýna fram á með óyggjandi rökum, að það hefir verið svo, að sjálfseignarbúskapur hér á landi hefir borið miklu meiri búskaparárangur heldur en leiguliðabúskapur, og einnig, að sá mikli fólksstraumur, sem nú um skeið hefir verið úr sveitunum, og sá mikli leiði, sem virðist vera í mönnum við það að reka búskap hér í landinu, geti ekki fengið betri bót heldur en með því, að menn séu leystir þannig frá jarðeignunum með því að þeir séu ekki lengur eigendur þess lands, sem þeir byggja og yrkja. Það er of langt mál að fara að rekja þetta nú og óþarft að gera það, vegna þess að ég hefi áður gert það. En minna má á, að hér á þingi hefir með l. verið bannað að selja mönnum ríkissjóðsjarðeignir. Það hefir verið ákveðið að láta ræktunarstyrkinn verða að einskonar eignaítaki ríkisins í jörðum. Og það líður aldrei svo nokkurt þing, að ekki komi fram till. um, að ríkið kaupi fleiri eða færri jarðir bænda eða taki eignarnámi, ef þær fást ekki með góðu móti. Ég er sannfærður um, að það má ekki seinna vera að spyrna á móti þessari óheillastefnu.

Inn í þetta blandast svo annað mál, hið svo kallaða nýbýlamál. Maður horfir upp á fjölda jarða fara að hálfu eða öllu leyti í eyði, sem þó eru vel eða sæmilega í sveit settar, vegna búskaparörðugleika. En á sama tíma er verið að verja stórfé til þess að styrkja menn til búskapar á smáblettum, kollublettum, víðs vegar um landið, þar sem engin skilyrði eru móts við það, sem er á stærri jörðum, til þess að framfleyta fjölskyldu. Þetta álít ég óheillavænlegt öfugstreymi, í stað þess að reyna að láta menn haldast á þeim jörðum, sem veita öll gögn, sem búskapnum eru nauðsynleg, að fara að kaupa menn til þess að setja sig niður á smábletti, þar sem lítt hugsanlegt er, að nokkurn tíma geti þrifizt sjálfstæður búskapur, nema fyrir blásnauða aumingja og jafnvel þurfamenn.

Nú er þetta frv. áframhald af þessari stefnu. Hér er það meiningin, að ríkið fari að leggja í að kaupa upp jarðir eða taka þær af mönnum eignarnámi, ef þær fást ekki með góðu móti. Svo á að búta þær niður í nýbýli. Og hvaða skilyrði eru til þess, að þetta geti orðið til hagsbóta fyrir sveitabúskapinn? Á þessum slóðum hefir það verið eitt mesta vandamál bænda, hve örðugt hefir verið fyrir þá að koma búsafurðunum í verð. Þeir hafa með sérstakri svo kallaðri skipulagningu verið teygðir út á þá braut að leggja svo að segja eingöngu áherzlu á mjólkurframleiðslu, en markaðurinn fyrir þessa vöru hefir þrengzt meira og meira og söluörðugleikarnir valdið því, að þessar búsafurðir hafa fallið stórkostlega í verði fyrir seljendur, þó að neytendur þyki nú greiða verulegt verð fyrir þær vörur.

Nú er það mjög merkilegur hlutur, að mitt

í vandræðunum með að koma þessum búsafurðum í verð svo viðunandi sé, til þess að bændur geti haldið búum sínum, — á sama tíma er verið fyrir hönd ríkisins að taka það ráð að gera ráðstafanir til þess að setja nokkra menn niður í túnfótinn hjá þessum bændum, sem fyrir eru og ekki geta selt mjólk sína viðunandi verði, og þeir eiga, skilst mér, að lifa eingöngu af því að selja mjólk og rækta garðávexti. Það á að styrkja þessa menn og setja þá niður til þess að gera þá framleiðslu, sem fyrir er, enn arðminni, og hjálpa þeim, sem fyrir eru, með því að bæta við nýjum keppinautum á mjólkurmarkaðinum. Ég undrast, að þessi hugsun skuli komast inn í höfuð á mönnum. Og þó að þetta frv. eigi að vera flutt til hagsbóta fyrir sveitirnar, þá munu bændur í nágrenni þessara frumbýlinga ekki telja sér annan verri greiða gerðan en einmitt þetta. Og það er eðlilegt, að þeir menn, sem eru í vandræðum með að selja afurðir af jörðum sínum, telji það ekki til hagsbóta fyrir sig að fá flokk manna í nágrennið, sem nær eingöngu á að draga fram lífið með því að keppa við þá á þessum þrönga markaði. Það er flutt sem meðmæli með þessu nýbýlaformi, að það þurfi að beina fólksstraumnum út úr kaupstöðunum og til sveitanna.

Nú held ég, að það sé alveg víst, að það sé ekki landið, sem fólkið skortir til þess að reisa bú. Landkostir eru hér svo miklir og nægilegir. Enda væri ákaflega mikill barnaskapur að halda, að það mundi hjálpa í þessu efni, þó að ríkið gengist fyrir eigendaskiptum á jörðum með því að sölsa þær undir sig frá bændum. Þetta, að búum fjölgar ekki í landinu, er ekki af því, að menn hafi ekki löngun til að búa, heldur af því, að það eru margir örðugleikar í sambandi við það; það er dýrt allt, sem til þess þarf, bæði bústofn og áhöld. En að ríkið fari út í jarðakaup til þess að greiða fyrir þessu, held ég að sé algerlega misráðið. Og ef mönnum dettur í hug, að það geti orðið til hagsbóta fyrir sveitirnar, ef hægt væri að múta mönnum til þess að flytja úr kaupstöðum í sveit til þess að reisa bú, og eins og sumir hafa kallað það í mín eyru, að fá vandræðalýðinn í kaupstöðunum, sem þar er til sveitarþyngsla, til þess að fara út í sveit og reisa þar bú, þá held ég, að það sé ákaflega mikill og háskalegur misskilningur. Ég hygg, að þeir, sem eru vandræðamenn í kaupstöðum, verði það ekki síður í sveit, því að vandræðamenn verða alstaðar vandræðamenn, og í þessu tilfelli bætist það við, að þeir kunna ekkert til búskapar í sveit. Og þegar menn í sveit, sem kunna tökin á sveitabúskapnum og hafa reynsluþekkingu á honum, hrekjast frá jörðunum vegna búskaparörðugleika, má geta nærri, hvernig fer fyrir þeim, sem eru fákunnandi í þessum sökum og hafa aldrei kunnað að bjarga sér annarstaðar. Ég held því, að slíkur fólksflutningur til sveitanna úr kaupstöðunum yrði til þess að stofna til þess, að sveitarómagar úti í sveit og vandræðamenn yrðu þar á hverri þúfu. En mikið skal til mikils vinna. Ég sé, að hv. landbn. leggur til, að á þessu ári verði heimilað að verja af ríkisfé 150 þús. kr. og á næsta ári 200 þús. kr. bara til þess að leggja vegi og gera skurði um þetta land, sem á að stofna þessi nýbýli á. Svo á líklega að setja niður á þetta land vandræðalýð kaupstaðanna með enga þekkingu á búskap. Það lítur ekki út fyrir, að það sé knappt um fé í ríkissjóði, þegar nota á það til þessara hluta.

Mér finnst í þessu efni það vera hvorttveggja jafnfráleitt, að ná jarðeignum frá bændum til þess að setja niður á það land hálfgerða vandræðamenn, þó við allt of þröng landskilyrði, og eins hitt, að ætla sér að fjölga fólki í sveitunum með því hálfgert að kaupa ýmiskonar vandræðalýð úr kaupstöðunum til þess að fara út í sveitirnar til að reisa þar búskap. Ég er því alveg andvígur þessu frv., og það þó að mér sé ljóst, að mikil nauðsyn sé á að leita skynsamlegra ráða til þess að menn geti haldizt í sveitum, og þrátt fyrir það, þó að mér sé einnig ljóst, að það er allt of margt af því fólki hér í landinu, sem ekki fæst beinlínis við framleiðslustarfsemi. Því að ég er sannfærður um, að þetta ráð, sem hér á að finna, verður mest til ófarnaðar fyrir sveitirnar og kostnaðar fyrir ríkissjóð.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég vil fyrst segja örfá orð út af brtt. á þskj. 408, sem þeir hafa flutt hv. 8. landsk. og hv. þm. Ak., og hv. fyrri flm. mælti fyrir hér á síðasta eða næstsíðasta fundi d., þegar þetta mál var til umr. Till. þessara hv. þm. fara fram á það að fella niður 2. gr. frv., þar sem ríkisstj. er heimilað að taka þessar jarðir eignarnámi, eða hluta úr þeim, ef þörf krefur. Og í öðru lagi vilja þeir skjóta inn í fyrri gr. frv., þar sem heimild er gefin til þess að kaupa þessar jarðir eða hluta úr þeim, að þetta skuli því aðeins keypt, að um það náist samkomulag við eigendur.

Ég mæli á móti þessari brtt., því að ég álít, að með því að samþ. hana sé frv., þó samþ. væri, gert einskis virði. Það er ómögulegt að semja við eigendur á þeim **grundvelli, þegar** ríkið er annarsvegar, án þess að ríkið hafi eignarnámsheimild á bak við. Það vita allir, að alltaf þegar ríkið ætlar að gerast kaupandi að einhverju, og þá helzt fasteignum, þá er reynt að setja verðið svo hátt sem mögulegt er. Nú er vitað, að okkar ræktaða land er í sjálfu sér verðlaust, því það fasteignamat, sem hér á landi hefir verið gert á jörðum, er vanalega miðað einungis við þau mannvirki, sem gerð hafa verið á jörðunum. En svo þegar á að selja ræktaða landskika, þá er vanalega sett upp gríðar hátt verð.

Nú er hér ekki farið fram á að selja þessar jarðir eða jarðahluta án þess að fullt verð komi fyrir. Og reynslan um eignarnám hefir verið sú, að þeir, sem af hefir verið keypt, hafa ekki yfir neinu að kvarta að neinu leyti. Enda hygg ég að brtt. sú, sem landbn. flutti um að fella úr frv. Þórustaði, Árbæ og Helli, hafi fullnægt að nokkru leyti óskum hv. 8. landsk., sem er 1. flm. brtt. á þskj. 408. En það er vitað um Hvamm, að sú jörð er í eigu manns, sem hefir einhvern stærsta rekstur hér í Reykjavík. Á þeirri jörð er lítið bú, en hinsvegar eitthvert

allra ákjósanlegasta ræktunarland, sem finnst hér á landi, sem er eins og sjálfkjörið til þess að taka það til framræslu. Þess vegna get ég ekki skilið, að nokkur maður, þó viðkvæmur sé fyrir því að taka lönd af bændum, geti verið á móti því, að hluti af Hvammi verði tekinn á þennan hátt til ræktunar. Af Kirkjuferju má sömuleiðis áreiðanlega taka nokkuð mikið án þess að skerða þann búrekstur, sem hægt er að hafa á jörðinni, og gildir það sama í því efni um þá jörð eins og um Hvamm. Því að það er svo með þessa mýraflóa áður en þeir eru þurrkaðir og ræktaðir, að þeir eru verðlítið land. Það er ekki hægt að beita kúm á það. Stóðhross geta að vísu gengið á því vetur og sumar eitthvað, og eitthvað má beita fé á það. En ef eitthvað á að gera í ræktunarmálunum hér, hvar á þá að bera niður, ef ekki má taka nokkra jörð, sem er í eigu nokkurs bónda, hversu lítið sem hún er notuð og hversu góð skilyrði sem hún hefir til ræktunar?

Mér virðist frv. þetta svo hóflegt, að það geti ekki meitt nokkurn mann, enda þótt viðkvæmur sé um þessa hluti. Og ég er mjög þakklátur fyrir afstöðu hv. þm. Borgf. í þessu máli, af því að ég veit, að hann hefir yfirleitt þá skoðun, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að það sé til óheilla, að jarðir lendi í stórum stíl í eigu ríkisins. Og ég get verið þeim hv. þm. sammála um það, að heppilegast og æskilegast væri, ef unnt væri, að hver bóndi ætti sína jörð, og að ekki hvíldu meiri skuldir á henni en svo, að hann gæti staðið straum af þeim að öllu leyti. En sorgleg reynsla hefir leitt í ljós, að ýmsir, sem hafa eignazt jarðir, hafa kostað til umbóta á þeim, sem hefir sett þá í skuldir, sem svo hafa orðið þeim um megn og þeir hafa þurft að fá, beint eða óbeint, hjálp þess opinbera til þess að geta staðið straum af þessum skuldum.

Nú er það alls ekki meiningin, að það eigi að hætta þeim búskap, sem um er að ræða nú á þessum jörðum, heldur á aðeins að taka það land frá þessum jörðum, sem þær geta misst. Og það er hugmyndin að nota þarna að nokkru leyti engjarnar í Ölfusi, sem nú er verið að þurrka og ríkið leggur fé til að ræsa fram. Og á stöðum eins og í Flóanum, þar sem búið er að verja fleiri millj. kr. í Flóaáveituna, — ef ekki á að gera eitthvað til þess að fjölga býlum á þeim stöðum, þá veit ég ekki, til hvers lagt hefir verið fram stórfé til margháttaðra umbóta þar úr ríkissjóði. Því að ef ekki á að auka framleiðslu við það, þá hefði áreiðanlega aldrei átt að leggja neitt fé fram í þessu skyni.

Ég sé, að hv. 6. þm. Reykv. er genginn burt úr d. Mig langaði þó til að segja örfá orð út af ræðu hans áðan, af því að mér virtist kenna allmikils misskilnings í því, sem hann sagði. Það, sem mér virtist sérstaklega vaka fyrir hv. 6. þm. Reykv., var, að hann liti svo á, að þetta frv. væri ný tilraun til þess að sölsa undir sig jarðir frá bændum. Hafi hv. þm. álitið þetta þá er það hinn mesti misskilningur. Því að heimildin til þess að taka þessi lönd eignarnámi er aðeins gerð til þess að unnt sé að hefja þarna framkvæmdir. Og það er alls ekki tilgangurinn að taka af þessum jörðum annað en það, sem þær geta misst án þess að það þurfi að skerða um of þann búrekstur, sem þar er nú. Þess vegna fellur það allt um sjálft sig, sem þessi hv. þm. sagði um það, að þetta væri tilraun til þess að koma jörðum úr sjálfsábúð. En það er ómögulegt að hefja ræktun af hálfu þess opinbera öðruvísi en að það eigi landið, sem rækta á. Þetta er alveg hliðstætt við það, sem gert er með sandgræðslul. Þegar Sandgræðslan tekur land til ræktunar, verður hún að fá full umráð yfir landinu. Það er ekki af því opinbera hægt að hefja skipulagðar umbætur í þessum efnum án þess að fenginn sé fyrst fullur umráðaréttur yfir landinu. Og í þessu tilfelli er það einnig ómögulegt öðruvísi en að ríkið eigi landið. Þess vegna álít ég, að það eigi alls ekki við nú að fara nokkuð að ræða um það, hvort heppilegra sé, að bændur séu sjálfseignarbændur eða leiguliðar. Það kemur þessu máli í raun og veru ekkert við.

Þá fór hv. 6. þm. Reykv. nokkrum orðum um nýbýli, og þar kenndi einnig mjög mikils misskilnings hjá honum. Eftir því sem hann talaði, þá virtist hann líta svo á, að það hefðu einungis verið stofnuð nýbýli á þann hátt, að þau hefðu aðeins örsmáa landskika, — jafnframt því, sagði hann, sem ýmsar jarðir væru að fara í eyði, og kallaði hann þessa smábletti kollubletti. Yfirleitt hefir jörðum verið skipt til helminga, eða þriðjungi jarðar hefir verið skipt úr, þar sem reist hafa verið nýbýli. Þar hafa svo myndazt sjálfstæð býli, hliðstæð við þau mörg hundruð eða þúsund býla, sem til eru hér á landi. Hitt er líka til, að stofnuð hafi verið býli á litlu landi, og það of litlu landi, sem stafað hefir af því, að svo erfitt er að fá land til nýbýla. Íslenzkir bændur eru svo ótrúlega sárir á sínu landi. Við, sem með þessi nýbýlamál höfum haft að gera, höfum oft lent í hörðu við menn, sem hafa viljað láta syni sína fá land. Þeir hafa viljað láta einn fjórða eða einn þriðja hluta af jörð sinni, en við höfum viljað láta þá leggja til helming af landi sínu.

Þegar byggð hafa verið nýbýli á mjög litlum blettum, stafar það af því, að ýmsir menn hafa mælt með því, að það væri gert. Ég ætla ekki að fara að deila á hv. 6. þm. Reykv. fyrir slíkt, en hann hefir á sínum tíma mælt með því, að byggt væri nýbýli á mjög litlu landi, og jafnvel of litlu landi. Þannig getur það verið, að ýmsir mætir menn mæli með slíku. En að það sé almenna reglan, er fjarri öllum sanni.

Þá talaði hv. 6. þm. Reykv. um það, hve fráleitt það væri að vera að fjölga býlum jafnhliða því, sem býli í sveitum landsins færu í eyði. En það er nú þessi gamla saga, að það er alltaf töluvert af býlum á hverju ári, sem fer í eyði, sem varir um lengri eða skemmri tíma. Og vitanlega mun það alltaf hafa átt sér stað, síðan sveitir landsins byggðust, að byggðin hafi færzt nokkuð til. Jarðir í afdölum og upp til heiða hafa lagzt í eyði jafnhliða því, sem annarstaðar hafa komið nýbýli. En hvað sem því líður, eru það miklu færri, sem geta fengið býli til ábúðar, heldur en vilja. A. m. k.

koma daglega margir menn til okkar, sem höfum með nýbýlamálin að gera, og eru að spyrjast fyrir um jarðir, og það virðist vera mikil eftirspurn eftir þeim. Og að hafa á móti því, að býlum sé fjölgað, af því að ekki sé unnt eða miklum vandkvæðum bundið að selja afurðir bænda, það virðist mér ekki nein rök. Því að ef við ætluðum að rökstyðja þannig, þá er eins og við ætluðum að stöðva lífið hér á landi. Í kaupstöðunum er fjöldi fólks atvinnulaus, og ef ekki mætti fjölga atvinnurekendum í sveitum landsins neitt, þá veit ég ekki, hvað ætti að gera við fólkið.

Hv. 6. þm. Reykv. lagði einnig áherzlu á það, að hér mundi vaka fyrir mönnum með þessu frv. að flytja vandræðafólk úr kaupstöðunum og upp í sveit á þessi nýbýli. Allt annað vakir nú fyrir mér í þessu máli, sem sé það, að það fólk, sem er alið upp í sveit, geti haft möguleika til þess að haldast í sveitinni. Og skoðun mín er sú viðkomandi þessari ræktun í Ölfusinu, sem þetta frv. stefnir að, að þeir, sem alizt hafa upp í Ölfusinu, eigi að sjálfsögðu að sitja fyrir um að fá þau býli, sem þarna kunna að verða reist. Þó að þarna sé stofnað til nokkurra nýbýla, þá þarf ekki að gera ráð fyrir, að það þurfi að flytja fólk úr kaupstöðunum til að setja á þau, heldur mun vera nóg fólk til í sveitinni til þess.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það væri ekki land, sem vantaði til þess að hægt væri að stofna býli í sveitum landsins. En það er nú samt það, sem vantar. Það er fjöldi fólks, sem hrökklast úr sveitinni af því að það hefir vantað land. Það hefir vantað viljann hjá bændum til þess að þrengja að sér og skipta úr jörðum sínum. Vitanlega hefir menn líka vantað áhöld og áhöfn. En það er víst, að fjöldi fólks hefir flúið úr sveitinni vegna þess, að það hefir ekki haft aðgang að landi. Þetta spursmál verður að leysa, og hér er um að ræða aðeins lítla tilraun í þessu efni. Ég hefi heldur engan heyrt halda því fram, að þessi staður væri ekki heppilega valinn, heldur þvert á móti. Ég vænti því, að þrátt fyrir þessi andmæli, sem ég nú hefi svarað, þá verði frv. samþ. með þeim brtt., sem n. hefir mælt með.

***Eiríkur Einarsson:** Ég skal játa, að tilefni það, sem ég og hv. þm. Ak. höfðum til þess að koma með brtt. á þskj. 408, er að mestu fallið niður með brtt. landbn. á þskj. 437, þar sem sleppt er mörgum jörðunum, sem taka átti eignarnámi samkv. frv. Þegar heimildin er aðeins bundin við tvær jarðir, Hvamm og Kirkjuferju með hjáleigu, þá virðist mér, að hugmyndin um að taka stórt landsvæði til ræktunar sé allmjög skert. Jarðirnar Hellir og Árbær, sem sleppa á samkv. brtt. landbn., eru sízt verri til ræktunar en þær tvær jarðir, sem eignarnámsheimildin nær til, ef brtt. verður samþ.; auk þessa má benda á, að svæðið, sem hugmyndin er að rækta, verður miklu sundurlausara en það mun hafa verið hugsað, ef jörðum þessum verður sleppt. Annars get ég virt það við hv. landbn., að hún skyldi draga þessar jarðir ásamt Þórustöðum út úr, því að bændurnir, sem þarna búa, voru mjög hræddir um, að réttur þeirra yrði að meira eða minna leyti skertur, ef til eignarnáms hefði komið á jörðum þessum.

Hv. frsm. landbn. sagði, að mikið af landi jarða þeirra, sem gert er ráð fyrir að kaupa eða taka eignarnámi, sé óræktanlegt, og það geri jarðirnar verðminni. Þessu er því að svara, að hið líttræktanlega viðlendi jarðanna skapar einmitt verðmæti þeirra. Þarna eru landkostir góðir fyrir sauðfé og hross, enda þótt landið virðist fljótt á að líta arðlítið.

Þrátt fyrir það, sem ég nú hefi tekið fram, sé ég ekki ástæðu til að taka brtt. á þskj. 408 til baka. Mér finnst rétt, að um hana gangi atkv. Ekki af því, að ég telji það svo mikla skerðingu á eignarrétti manna, hvort þessar tvær jarðir verða teknar eða ekki. Heldur vegna hins, að mér þykir rétt, að það komi skýrt fram, hvort Alþingi vilji leggja út á þá braut, að taka jarðir af bændum með þessu móti.

Það er ekki langt síðan ríkið keypti Kaldaðarnesflóann; þar er því mikið land til ræktunar. Þegar sú eign var keypt, var ríkinu veitt heimild til þess að kaupa hana, ef samkomulag fengist, en hér á að taka jarðirnar eignarnámi, náist ekki samkomulag um sölu. Ég vil því spyrja: Er ástæða til að ganga lengra en leita hófanna um kaup á þessum jörðum hjá Ölfusingum? Mér finnst það ekki. Það er aldrei nema rétt, að tímarnir breytast og mennirnir með, en það er ekki langt síðan sú skoðun var uppi, að bændurnir ættu að eiga jarðir sínar sjálfir, og brautryðjandi þeirrar stefnu var hinn kunni landbúnaðarvinur Þórhallur Bjarnarson biskup. Mér finnst því sjálfsagt og rétt, að íhugað sé vel áður en lagt er út á alveg nýjar brautir í þessum málum.

Deila sú, sem risið hefir á milli hv. frsm. landbn. og hv. 6. þm. Reykv. um það, hvort stuðla beri að því, að stofnað sé til nýbýla í landinu á sama tíma og jarðir fara í eyði, er í sjálfu sér einkennileg. Ég mun að sjálfsögðu ekki að fara að blanda mér inn í þessar umr., en það eitt vil ég þó segja, að mér finnst ekki nema rétt og sjálfsagt, að stefnt sé að því, að býlum fjölgi í landinu. Hitt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að nýbýlin væru dýr og víða erfitt til afkomu á þeim, er að sjálfsögðu íhugunarvert.

Ég vil svo að síðustu skjóta því til hv. þm., hvort þeim finnist, að frumskilyrðunum fyrir því, að stór nýbýlabyggð geti þrifizt þarna austur frá, sé fullnægt, eins og t. d. samgöngumálunum o. fl. Eins og kunnugt er, þá fór ég fram á það í vetur, að þetta yrði athugað, en það virtist ekki fá hljómgrunn hjá hv. þm.

***Sigurður E. Hlíðar:** Ég finn mig knúðan til þess að segja hér nokkur orð, þar sem ég er meðflm. að brtt. þeirri á þskj. 408, sem vakið hefir hér nokkrar umræður. Það, sem vakti fyrir mér, er ég gerðist meðflm. að brtt. þessari, var það, að mér var kunnugt um, að bændur þeir, er búa á þeim jörðum þarna eystra, sem talað er um að kaupa eða taka eignarnámi, kvíða því mjög, að jarðirnar verði teknar af þeim. Sérstaklega tók mig sárt til eins bóndans

þarna; það er bóndinn í Árbæ, því að hann hefir búið þarna lengi. Ef skipta ætti þeirri jörð í 4 hluta og hann ætti að hafa einn partinn, þá held ég, að það yrði þröngt fyrir dyrum hjá honum með 300—400 fjár, 40 nautgripi og allmargt hrossa. Já, mig tekur sárt til þessa manns, og yfirleitt til allra þeirra, sem talað hefir verið um að taka jarðirnar af, og fyrir því vil ég umfram alla hluti, að leitað sé samkomulags við mennina um kaup á jörðunum, ef brýn þörf er á að fá þær vegna almenningsheilla, auk þess, sem ég er eindregið á móti því, að jarðir séu teknar eignarnámi af mönnum, því að ég tel, að rétt sé, að bændur eigi jarðir sínar sjálfir. Þegar ég var ungur, var það kappsmál allra bænda og bændasona, að geta orðið sjálfseignarbændur. Ég var og þá á þeirri skoðun, að það væri landi og lýð fyrir beztu, og við það stend ég enn. Mér er með öllu ómögulegt að fella mig við það, sem nú er verið að reyna að koma inn hjá fólki, að hið opinbera eigi að eiga jarðirnar.

Þegar ég gerðist meðflm. brtt. á þskj. 408, voru allmargar jarðir taldar upp í frv., sem átti að mega taka eignarnámi, en nú hefir hv. landbn. flutt brtt. á þskj. 437, þar sem hún leggur til, að heimildin verði aðeins látin ná til tveggja jarða, Hvamms og Kirkjuferju ásamt hjáleigu frá þeirri jörð. Jarðirnar, sem hér var um að ræða, hafa því fækkað að stórum mun, en principið, eignarnámið eða eignarnámsheimildin, stendur óbreytt, og það er einmitt það, sem ég er sérstaklega á móti. Ég vil því með engu móti draga brtt. okkar aftur, heldur láta ganga um hana atkv., svo úr því fáist skorið, hvort þingið er ófáanlegt til þess að hverfa frá eignarnáms-principinu inn á samkomulagsleiðina.

Það má vel vera, að svæði það, sem hér er um að ræða, sé hentugt til þess að koma upp á því nýbýlahverfi, en ég tel eflaust, að það séu miklu víðar til svipuð svæði og þetta, og því sé ég ekki ástæðu til að taka þessar jarðir frekar en einhverjar aðrar. Að síðustu vil ég svo aðeins segja þetta: Það er alltaf viðurhlutamikið að slíta menn upp með rótum þar, sem þeir hafa dvalið um langt skeið og óska einskis frekar en að mega dvelja þar áfram. Að gera mönnum, sem lengi hafa verið bústólpar í héruðum sínum, slíkar búsifjar sem þessar, held ég, að eigi að gjalda varhuga við.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Mér finnst kenna nokkurs misskilnings hjá sumum hv. þm., sem tekið hafa til máls, sérstaklega þó hjá hv. þm. Ak. Hann virtist skilja frv. þetta þannig, að með því væri verið að slá föstu því „principi“ að ná sem flestum jörðum undir ríkið. Þetta er ekki rétt, heldur er hér verið að vinna að því, að koma skipulagi á byggingar fyrir fólk, sem þarf að komast upp í sveit úr atvinnuleysi kaupstaðanna. Það er því sízt ástæða fyrir þennan hv. þm. að vera að standa hér upp og fara að lofa sjálfseignarábúð; slíkt kemur þessu máli bara ekkert við. Ég mun því ekki fara frekar inn á þetta nú.

Það gegnir annars nokkuð öðru máli um hv. þm. Borgf. og þennan hv. þm.; þeir virðast hafa nokkuð mismunandi skoðanir á málunum. Hv. þm. Borgf. hefir og þá bjargföstu skoðun, eins og hv. þm. Ak. segist hafa, að bezt sé og farsælast, að bændurnir eigi jarðir sínar sjálfir. Þó fellst hann á frv. þetta, segist fullkomlega viðurkenna nauðsyn þess. Þetta sannar ljóslega, að hv. þm. Borgf. er að miklum mun viðsýnni en flokksbróðir hans, hv. þm. Ak. Hv. þm. Borgf. skilur það, eins og allir skynbærir menn, að það er ekki hægt að gera skipulagsbundna ræktun og undirbúa byggingu nýbýla, nema því aðeins, að ríkið hafi umsjón með ræktun landsins og skipulagi nýbýlanna.

Þetta er nákvæmlega sama og þegar tekið er örfoka land til ræktunar. Það er ómögulegt að gera það með öðru móti en að landið sé tekið í umsjá ríkisins. Mér virðist það alger óþarfi að vera með umr. um þessi tvö sjónarmið snertandi ábúðarlöggjöfina í sambandi við þetta mál. Ég tók það strax fram, þegar ég hélt mína framsöguræðu í málinu, að það væri ekki meiningin að reka bændurna burt af jörðunum, heldur að taka land, sem hægt væri að taka án þess að skerða um of búrekstur þann, sem fyrir væri á jörðunum.

Hv. þm. Ak. sagði, að hann gæti ekki verið með í því að heimila að taka eignarnámi jarðeignir bænda, nema það væri til alþjóðarþrifa. Ég er sammála hv. þm. um það. Ég tel það virkilega til alþjóðarþrifa, ef við tökum 100 ha. þarna og á nokkrum öðrum stöðum á landinu, ræsum þá fram og þurrkum þá eins og á að þurrka land. Það er ekki nema á örfáum stöðum, að menn vita, hvernig á að þurrka land. Ég er sannfærður um, að þegar búið er að rækta í Ölfusinu svona landspildu, þá verður hún hið ákjósanlegasta sýnishorn fyrir bændurna í kring, þar sem þeir geta séð, hvað hin íslenzka mold gefur mikið, þegar búið er að rækta hana eins og á að gera. Ég þarf ekki að halda fyrirlestur um þetta fyrir hv. þm. Ak., sem er formaður Ræktunarfélags Norðurlands, en ræktunarstöðin þar er einn bezti bletturinn, sem við eigum á landinu.

Það er ekki lítils virði að fá landið vel þurrkað. Það er hægt að tala um það síðar, hvernig eigi að nota það, í hvað mörg býli eigi að skipta því o. s. frv. En landið verður að vera þurrt nokkrum árum áður en byrjað er að vinna það að öðru leyti.

Þó ég hafi dálitla löngun til að fara inn á málið frá öðru sjónarmiði, þá ætla ég ekki að gera það. Ég vil þó taka það fram sem skoðun landbn., að þetta er ekki „princip“-mál út frá því sjónarmiði, hvort jarðir eigi að vera einkaeign eða ríkiseign. Það er aðeins bundið við það einstaka tilfelli, að skapa skilyrði til þess að hægt sé að nota nokkuð af vinnukrafti þjóðarinnar til að vinna af þessu sérstaka verkefni.

ATKVGR.

Brtt. 408 felld með 13:5 atkv.
— 437 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 371 samþ. með 18:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BjB, EmJ, EystJ, HelgJ, HV, JakM, JÍv, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, JörB.

EE, GÞ, GSv, JPálm, SEH greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOl, FJ, GG, HG, ÍslH, ÓTh, PHalld, SK, StSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 457).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 457, n. 486).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Hin síðustu ár hefir mönnum orðið það ljósara og ljósara, að nauðsyn bæri til þess, að hið opinbera hlutaðist til um, að fleiri býli gætu risið upp í hinum dreifðu byggðum landsins, svo að fleiri menn gætu lifað af landbúnaði, og atvinnuleysið í þorpunum, samfara aflabresti nú síðustu árin, hefir stutt að þessu. Upp af því hafa svo risið nýbýlal. og með þeim eða eftir þeim hefir ríkið stutt að því, að nýbýli kæmust upp. En reynslan hefir orðið við framkvæmd þessara mála, að þar, sem ekki hafa verið reist nýbýli á hluta úr eldri býlum og stuðzt við ræktað tún, eins og þar, sem jörðum hefir verið skipt í tvennt, eins og víða hefir verið gert, en menn hafa tekið óræktað land, sem frumbýlingarnir hyggjast að rækta sjálfir, þá hefir það sýnt sig, að þessir menn hafa átt fram undan erfiðan lífsróður fyrst um sinn og ræktun þessara landa hefir gengið nokkuð seint. Ríkisstj. skipaði nýlega svokallaða landnámsnefnd, og hefir sú nefnd lagt til, að land verði tekið eignarnámi austur í Ölfusi, ef ekki næst samningar um kaup, og ræktað fyrir nýbýlahverfi. Þetta hefir aldrei verið gert áður, þótt segja megi, að þurrkun landsins, sem kallað hefir verið Síbería, gæti verið undanfari þess, að þar yrðu reist nýbýli, og svo má líka segja, að í þorpunum, þar sem útgerðin hefir brugðizt og menn lifa að mestu leyti á landbúnaði, séu orðin nokkurskonar nýbýlahverfi, eins og á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Það var haldinn sameiginlegur fundur um þetta mál hjá landbn. beggja d., og voru allir sammála um að bera frv. þetta fram eins og stjórnarráðið óskaði eftir að það væri, og nm. í þessari d. eru allir sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir nú.

Um leið og ég segi þetta fyrir n. hönd, vil ég segja frá mínu eigin brjósti, og þar tala ég sem einstaklingur, en hvorki sem flokksmaður né landbnm., að allt þetta og annað, sem gert hefir verið í nýbýlamálunum, er að vísu spor í rétta átt, en það nær ekki nema litlum hluta af þeim áfanga, sem menn vilja ná með þessu. Ég hefi þá sérstöðu, sem ég býst við, að ég standi alveg einn uppi með enn sem komið er, að ég held, að eigi á annað borð að halda áfram á þessari braut, að taka land á einum stað þetta árið og öðrum það næsta til að stofna nýbýlahverfi, þá muni það aldrei nema að litlu leyti leysa það vandamál, sem fyrir mönnum vakir að leysa, sem sé að það fólk, sem vill mynda sjálfstæð heimili í sveitum landsins, hafi aðstöðu til að geta það. Hin síðustu ár hafa að meðaltali um 300 hjón gift sig í sveitunum. Býli landsins eru þetta um 6200—6300 að jafnaði, það jafnar sig nokkurn veginn upp, að nýbýli myndast á einum stað og jarðir fara aftur í eyði ár og ár, svo talan veltur eitthvað á þessum tölum, og hefir gert það um áratugi. Nú þurfa þessi 300 hjón, sem gifta sig árlega, að fá jarðir, ef þau eiga að vera áfram í sveitinni, en það eru ekki nema 130—140 bændur á ári, sem deyja frá jörðum sínum, svo aðeins tæpur helmingur þessara hjóna getur fengið jarðir, þótt þau sitji um hverja þá jörð, sem losnar. Þá er ekki um annað fyrir þau að gera en annaðhvort alls ekki að hugsa um að mynda sjálfstæðan atvinnurekstur í sveit, eða fara í kaupstað og reyna að heyja sína lífsbaráttu þar, þótt þau hefðu miklu heldur kosið að vera kyrr í sveit. Ég held, að allt svona lagað, eins og þetta frv., sé spor í áttina, en takmarkið næst ekki fyrr en komin eru á allsherjarl. um heimild til að taka land eignarnámi fyrir býli, hvar sem er á landinu, ef á þarf að halda. Þetta vildi ég láta koma fram sem mína skoðun. Ég stend e. t. v. einn með hana hér á hv. Alþingi, en það getur breytzt. Þegar ég stakk upp á því 1912, að ríkið færi að kaupa jarðir, vildi enginn á það hlusta, og þegar ég minntist á það 1915, sem nú er komið hér inn í 17. gr. jarðræktarlaganna, þá vildi heldur enginn sjá það eða heyra. Nú viðurkenna allir, að þetta sé rétt. Svo þótt þetta frv. sé ekki nema lítið spor í þá átt að koma í veg fyrir, að fólkið flosni upp úr sveitunum og unga fólkið geti stundað þar sjálfstæðan búrekstur, þegar það hefir aldur og getu til þess, þá er það spá mín, að næstu ár verði haldið áfram að koma löggjöfinni í það horf, að í stað þess, að fólkið hrökklist úr sveitunum, þá komi almenn eignarnámsl., sem skapi möguleika fyrir því, að fólkið geti verið áfram í sveitunum, þar sem það vill, svo mikill hluti af fólksfjölgun sveitanna neyddist ekki til að flytja til bæjanna, eins og nú er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

56. Ríkisborgararéttur.

Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 102).

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Thor Thors): Eins og undanfarin ár hafa allshn. borizt nokkrar umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá erlendum mönnum, sem búsettir hafa verið hér á landi um skeið. Með l. um ríkisborgararétt, sem sett voru á Alþ. árið 1935, voru ákveðnar reglur fyrir því, hvenær útlendir menn mættu hljóta íslenzkan ríkisborgararétt, og þau fyrirmæli er að finna í 4. gr. þessara l. Allshn. telur rétt og sjálfsagt að halda sér að öllu leyti við þær reglur, sem Alþ. eitt sinn hefir sett sér, og fyrir þá sök tekur hún ekki til greina umsóknir frá öðrum en þeim, sem uppfylla öll skilyrði þessara l. Að þessu sinni hafa allshn. borizt umsóknir frá tveim mönnum, sem fara fram á að fá íslenzkan ríkisborgararétt, og uppfylla þeir öll skilyrði l., og væntir allshn. því, að þetta frv. fái greiðan framgang hér í d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, var frv tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 267).

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Allshn. hefir haft þetta frv., sem borizt hefir frá Nd., til athugunar og hefir ekkert við það að athuga. Nefndin athugaði skjöl þau, sem fylgdu umsóknunum, og samkv. þeim uppfylla þessir menn skilyrðin til þess að þeim verði veittur ríkisborgararéttur.
Eftir að frv. var til umr. í Nd. barst ráðuneytinu umsókn um, að norskur maður, Olaf Ingvald Visnes, fái ríkisborgararétt. Þau skjöl, sem fylgja frá Noregi og héðan, bera það með sér, að hann hefir rétt á að fá hér ríkisborgararétt. Hann fluttist til landsins 1909, hefir búið hér síðan og er kvæntur íslenzkri konu. Nefndin leggur til, að honum verði einnig veittur ríkisborgararéttur. En eftir að nál. hafði verið prentað, kemur fram, að nafnið er rangt prentað. Hann heitir Olaf Ingvald Olsen Visnes, en þessu mætti breyta þegar frv. er prentað upp.

ATKVGR.
Brtt. 267 tekin aftur til 3. umr.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 102, 267).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 267 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 29. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 324).
Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 324, 360, 383).

Jón Pálmason: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. á þskj. 360. Er það sama till. og samþ. var í Nd. á síðasta þingi, að veita Oskar Sövik rafveitustjóra á Blönduósi ríkisborgararétt. Ed. gat ekki fallizt á þetta, þar sem henni þótti ekki nægilega langur tími liðinn frá því að þessi maður fluttist hingað til lands. Nú hefir allshn. ekki heldur viljað taka þennan mann upp í frv., vegna þess að mér skilst, að það er ekki fyrr en í næsta mánuði, að liðin eru 10 ár frá því að þessi maður fluttist hingað til lands. En vegna þess að mikið kapp er lagt á það, bæði af rafveitustjórn Blönduóss og sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, að þessi maður fái íslenzkan ríkisborgararétt, þá vænti ég, að till. mín fái góðar undirtektir í þessari d. ekki síður en á síðasta þingi.

Frsm. (Thor Thors): Frá því að þetta frv. var síðast til meðferðar hér í d., hefir Ed. bætt inn

í það manni, norskum að ætt, sem dvalið hefir hér á landi síðan 1906 og uppfyllir að öðru leyti öll þau skilyrði, sem lögin krefjast til að útlendingar geti fengið hér ríkisborgararétt. Allshn. hefir því engar aths. að gera við þann mann, en ber sjálf fram brtt. á þskj. 383 um, að Bjarne August Augustsen, afgreiðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi, fái hér ríkisborgararétt. Þessi maður kom hingað í apríl 1930 og hefir því nú dvalið í 10 ár hér á landi. Það er því enginn vafi, að hann uppfyllir þau skilyrði, sem l. krefjast.

Hv. þm. A.-Húnv. flytur brtt. um, að Oskar Sövik rafveitustjóri á Blönduósi fái íslenzkan ríkisborgararétt. Eins og hv. flm. gat um, kom þessi maður til landsins í maí 1930 og hefir því ekki nú í dag uppfyllt þau skilyrði, sem l. setja um að útlendingar fái íslenzkan ríkisborgararétt. Enda þótt svo sé ástatt, mun n., vegna þess sérstaka ástands, sem skapazt hefir nú síðustu daga, láta þetta mál afskiptalaust frá sinni hendi. N. vildi ekki eiga frumkvæði að því að flytja þessa till. og vill ekki heldur mæla með henni sem slík, en einstakir nm. hafa um hana óbundnar hendur. N. vildi ekki heldur mæla á móti henni, vegna þess sérstaka ástands, sem nú hefir skapazt. Á það má líka líta, að þessi maður mundi að líkindum vera búinn að dvelja 10 ár hér á landi, þegar hann fengi ríkisborgararéttinn, þó að frv. yrði nú í dag samþ. sem l. frá Alþingi.

ATKVGR.
Brtt. 383 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 360 samþ. með 14:7 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 33. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 417).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Þegar það mál, sem hér er til umr., var til umr. í hv. Nd., hafði allshn. þeirrar d. það til athugunar, og sé ég, að hún hefir gert á því þá breyt. að bæta við einum manni, sem ætlazt er til, að fái íslenzkan ríkisborgararétt. En þar sem þetta er mikilsvert mál, þá óska ég, að hv. allshn. þessarar d. fái að athuga málið áður en það verður rætt frekar.

Umr. frestað.

Á 35. og 36. fundi í Ed., 15. og 16. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 417, 473).

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Allshn. hefir athugað þetta mál síðan það kom frá Nd. og gert eina brtt. við frv. um það, að nafn Óskars Söviks, norsks ríkisborgara, verði tekið út af frv. Síðan þessi brtt. var gerð, hefir n. fengið upplýsingar um það, að verið sé að gera tilraunir til að afla upplýsinga um það, sem n. telur skorta á um það, að hún geti mælt með því, að þessum manni verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Ég vil skjóta því til meðnm. minna, hvort þeir hafi nokkuð á móti því, að frestað sé að taka ákvörðun um þetta atriði þangað til slíkar upplýsingar liggja fyrir. Ef svo er ekki, þá óska ég fyrir hönd allshn., að málið verði tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. enn tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 19. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Allshn. hefir athugað frv. eftir meðferð þá, er það hefir fengið í hv. Nd., og hefir n. orðið sammála um að leggja til, að úr því væri aftur fellt ákvæðið um, að Oskari Sövik yrði veittur ríkisborgararéttur. Í desember síðastl. var þetta mál tekið fyrir á þinginu, og féllst hv. Nd. á, að honum yrði veittur rétturinn, en allshn. Ed., er fékk málið síðar til meðferðar, vildi ekki fallast á þetta að svo stöddu, og varð það ofan á hér í hv. d. Ástæður n. voru í fyrsta lagi, að 6 mánuði skorti á, að hann hefði dvalið hér hinn fyrirskipaða árafjölda, þótt allt væri satt, er hann sagði um þetta, og í öðru lagi þótti n. óvíst um heimilisfang hans hér á landi fyrstu árin þrjú, eða 1930—1933, og í þriðja lagi var ekki vitað, að hann hefði þá greitt hér á landi lögboðin gjöld. Auk þess vantaði vottorð yfirvaldanna á þeim stöðum, þar sem hann hafði dvalið, um það, að hann hefði ekki gerzt brotlegur við íslenzk l., en slík vottorð þarf að hafa, bæði héðan og úr heimalandi hlutaðeigandi, til þess að geta öðlazt hér borgararétt. Af þessum ástæðum var þetta ekki samþ. hér í d. Þegar málið kom svo hingað aftur frá hv. Nd., hafði í engu verið bætt um þessa ágalla umsóknarinnar, nema í því, að skemmri tími var eftir af þeim 10 árum, sem maðurinn skyldi hafa dvalið hér á landi, og því taldi n., að enn vantaði skilyrði til þess, að unnt væri að veita réttinn.

En eftir að n. bar fram brtt. sína, hefir nokkuð verið úr bætt verstu ágöllunum á umsókninni. Maðurinn hefir lagt fram vottorð frá nokkrum lögreglustjórum á þeim stöðum, þar sem hann telur sig hafa dvalið árin 1930—1933, um að hann hafi ekki gerzt brotlegur við íslenzk l. Auk þess hefir n. borizt skeyti frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, þar sem hann er nú búsettur, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Óskar Sövik sýndi hér skrifstofunni í dag vegabréf útgefið Osló 16/4 1930 til Íslands, gildandi til 16. apríl 1932. — Jafnframt fullyrðir Sövik undir eiðstilboð hann hvergi átt heimili erlendis eftir að hann fluttist þá hingað og ekki vitað annað en hann ætti heimili hjá Stefáni Runólfssyni, Reykjavík, meðan.

Sýslumaður Húnavatnssýslu.“

Ég skal geta þess í sambandi við yfirlýsingu þá, er hann hefir gefið undir eiðstilboð um að hann hafi ekki átt lögheimili annarstaðar þessi ár, að hegningarvottorð, gefið út í Noregi 1938, er stílað upp á Oskar Sövik, Grytten, Noregi. Af því virðist sem hann hafi þá verið búsettur í Noregi. Þetta getur að vísu verið að skilja svo, að hann hafi einhverntíma verið búsettur á þessum stað, eða að hann hafi aldrei slitið heimilisfangi sínu og verið búsettur á báðum stöðunum, hér og þar, eða í þriðja lagi, að um annan Oskar Sövik sé að ræða.

Af hálfu rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, er hann hefir starfað hjá, hefir verið lagt mikið kapp á að koma því til vegar, að honum yrði veittur ríkisborgararéttur hér, því að mönnum fellur þar vel við hann, telja hann vel til starfans hæfan og vilja ekki missa hann. N. hefir borizt símskeyti frá rafveitunni, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir hönd rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, svo og eigenda hennar, sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, Kaupfélags Húnvetninga og Blönduóshrepps, er hér með skorað á Alþingi að veita Oskari Sövik rafveitustjóra, Blönduósi, ríkisborgararétt samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi. Er því að óreyndu treyst, vegna hagsmuna þessa héraðs, að óverðskuldað brauðnið á hendur þessum manni, er náð hefir eyrum þingmanna, hafi á þá þau ein áhrif, er slíku hæfa."

Af þessu skeyti er augljóst, að þeir, sem hafa manninn í þjónustu sinni, leggja mikið kapp á, að honum sé veittur rétturinn, sjálfsagt vegna þess, að þeir vilja ekki missa hann úr þjónustu sinni. Þó er augljóst af því, sem ég hefi sagt, að skilyrðum samkvæmt l. um ríkisborgararétt er ekki í öllu fullnægt. Fyrst vantar vottorð hlutaðeigandi yfirvalda hér á landi um, að hann hafi dvalið hér allan tímann, og eins um það, hvar hann hafi dvalið. Það er vitað, að bæði árin hefir hann farið utan og dvalið í Noregi 2½ mánuð. Og ef litið er á vottorð lénsmannsins í Grytten, er vafamál, hvort hann hefir nokkurntíma slitið heimilisfangi sínu þar. En með hliðsjón af yfirlýsingu þeirri, er hann hefir gefið undir eiðstilboð, um að hann hafi ekki átt heimilisfang erlendis eftir að hann fluttist hingað, hefir meiri hl. n. fallizt á að taka aftur brtt. á þskj. 473 um að synja um ríkisborgararéttinn. En minni hl., hv. 2. þm. S.-M., hefir ekki viljað fallast á þetta, og till. þessi er því eftir sem áður hans.

Nú er það athugavert, hvort ekki eigi á þessum tímum að fylgja fast fram l. um ríkisborgararétt hér á landi, því að búast má við, að á slíkum tímum leiti hingað margir útlendingar til þess að reyna að fá hér fótfestu. Alþ. verður að standa fast á því, að erlendum mönnum verði ekki veittur slíkur réttur, nema þeir uppfylli öll nauðsynleg skilyrði. Það mætti e. t. v. líta svo á, að það væri ekki vinsamlegt gagnvart frændþjóð vorri Norðmönnum á þessum tímum, er þeir þurfa á öllum mönnum sínum að halda til að verja land sitt, að veita norskum mönnum ríkisborgararétt hér á landi, þar sem það gæti orðið til þess, að þeir fengju ekki tækifæri til að gegna skyldum sínum við föðurland sitt. Þó hefir n. fallizt á að taka brtt. aftur, og stafar það af því, að þó að Alþingi veiti þessa heimild, verða hlutaðeigandi útlendingar að sanna ríkisstj. innan 12 mánaða, að þeir séu leystir frá ríkisborgararétti í landi sínu. Það er því á valdi stj. í Noregi, hvort þessi maður verður leystur frá borgararétti þar. Því teljum við óhætt að heimila þetta.

*Ingvar Pálmason: Eins og hv. frsm. allshn. tók fram, hefi ég ekki getað fallizt á að taka aftur brtt. á þskj. 473. Hann rakti málið allýtarlega og viðurkenndi, að það væri frávikning frá gildandi l. að veita þennan rétt. En ég vildi vekja athygli á því, að hér skakkar talsvert miklu, því að manninn vantar vottorð, sem sanni búsetu hans hér fyrstu þrjú árin. Ég álít það skilyrði í l. jafntvímælalaust og önnur skilyrði l. Mér skildist hv. frsm. byggja afstöðu sína aðallega á því, að hlutaðeigandi hefði undir eiðstilboð lýst yfir því, að hann hefði ekki átt heimili í Noregi þessi ár, en svo er síðari framburður hans, að hann hafi ekki vitað betur en hann hefði átt heimili hjá Stefáni Runólfssyni, en sá framburður er ekki gefinn undir eiðstilboð. Þetta gerir aðstöðu hans allmiklu lakari, því að hann gæti t. d. hafa orðið landshornamaður á þessu tímabili. Svo vantar vottorð frá Stefáni Runólfssyni, sem hann á að hafa dvalið hjá, um að hann hafi átt heimili þar, en það liggur aðeins fyrir vottorð um, að hann hafi unnið hjá Stefáni. En þó að maðurinn hafi unnið hér 7—8 mánuði á ári, farið síðan til Noregs um haustið og komið aftur að vori, þá vinnur hann sér ekki heimili hér með því. Hann segist hafa farið til Noregs í jólaleyfi, og getur það staðizt, því að hann vinnur við rafveitu, og hún hefir líklega hætt að starfa í desember. Hann kemur svo aftur næsta vor. Hann segist hafa dvalið í Noregi ca. 2½ mánuð, en þeir gætu líka verið 3. Við getum ekki fundið neina afsökun fyrir því, að hér sé vikið frá fyrirmælum l. Því vil ég óska þess, að málið verði látið ganga undir atkv. Ég álít, eins og hv. frsm., að okkur beri að framfylgja stranglega fyrirmælum l. í þessum efnum. Það er varhugavert að veita ívilnanir frá l., því að slíkt getur boðið öðru heim.

Þá er vottorðið frá yfirvöldum í Noregi um, að hann hafi ekki framið þar afbrot gegn l. En þar er sagt, að hann hafi átt heima í Noregi árið 1936. Þetta gerir málið ekki auðveldara fyrir manninn. Það eru að vísu möguleikar til þess, að ekki sé hér átt við þennan mann, og vottorðið eigi við annan Sövik. En að öðru ósönnuðu, er rétt að ganga út frá, að vottorðið sé rétt gefið, enda er engin ástæða til að koma með getgátur um þetta. Það getur vel verið sannleikanum samkvæmt, að þessi maður hafi ekki tekið út neina hegningu í Noregi.

Þá vil ég að síðustu minnast á það, sem mér virðist meiri hl. ætla að fljóta á. Hann vill sýna fram á, að ef maðurinn vill öðlast þennan rétt, verði hann að sanna fyrir dómsmrn., að hann sé laus við ríkisborgararétt í Noregi. En þetta kemur ekkert málinu við, þegar Alþ. úrskurðar, hvort fara skuli að l. eða ekki.

Ég veit ekki, hvernig stendur á því skeyti, sem eigendur rafveitunnar á Blönduósi hafa sent þm., vegna einhvers orðróms, sem þeim kynni að hafa borizt til eyrna. Ég hefi ekki heyrt þennan orðróm, en mér þykir leiðinlegt, að eitthvað óhreint skuli liggja á bak við, ef dæma skal eftir líkum, og yfirleitt finnst mér þetta mál sótt meira af kappi en forsjá. Ég tel mjög varhugavert fyrir þingið, þar sem öll gögn vantar til að geta veitt þennan rétt, að sækja málið af svo miklu kappi, þar sem tæplega er þörf á því. Það eru ekki neinar líkur til þess, að rafveitan hætti að njóta starfskrafta þessa makalausa manns. Ég hefi séð bréf frá eftirlitsmanni rafstöðva, og þar segir hann, að þessum manni beri tvímælalaust að veita atvinnuréttindi hér á landi.

Ég get látið þetta nægja, en vil aðeins bæta við, að fyrir allshn. Ed. liggur nú umsókn frá manni, sem heitir Benedikt Nielsen og er fæddur í Danmörku. Hann er búsettur á Seltjarnarnesi, kvæntur íslenzkri konu og á með henni eitt barn. Hann er búinn að vera hér í 11 ár og umsókninni fylgir vottorð frá húsbændum hans um, að hann hafi átt lögheimili hér öll þessi ár. Öll plögg með umsókninni eru í lagi, að undanteknu því, að hegningarvottorð vantar frá Danmörku. Meiri hl. allshn. hefir ekki séð sér fært að veita þessum manni ríkisborgararéttindi, og ég er alls ekki að mótmæla þeirri ákvörðun n. Ég vil aðeins taka fram, að verði þessum Sövik á Blönduósi veitt ríkisborgararéttindi, þá tel ég tvímælalaust rétt af hálfu Alþ. að veita Nielsen einnig réttindin. Ef við berum það saman, hvort er meira atriði, að maðurinn hafi ekki uppfyllt búsetuskilyrði eða vantar vottorð um að hafa ekki verið dæmdur fyrir nein afbrot í föðurlandi sínu, þá virðist mér sízt meiri ástæða til að synja Nielsen um réttindin, þar sem fyrir liggja sannanir um, að hann hafi átt hér heima í 11 ár. Einnig liggur fyrir vottorð frá viðkomandi lögreglustjóra um, að hann hafi ekki verið dæmdur í þessi 11 ár. Þrátt fyrir það er ósannað, að hann hafi ekki verið dæmdur í föðurlandi sínu, en eftir nútíma réttarfarsreglum væri maðurinn búinn að fá uppreisn á þessu tímabili. Frá mínu leikmannssjónarmiði séð skiptir ekki meira máli, þó að þetta atriði vanti til þess að uppfylla ákvæði laganna, heldur en það skilyrði, sem ég tel, að Sövik vanti. Með þessu er ég ekki að segja það, að Alþ. beri að veita Nielsen ríkisborgararétt. En ég lít þannig á málið, að verði Sövik veittur ríkisborgararéttur, yrði Nielsen beittur ósanngirni.

Ég sé ekki ástæðu til að karpa meira um þetta mál. Ég og hv. frsm. allshn. höfum skýrt það svo, að það hlýtur að vera hv. þdm. ljóst. Ég vænti þess, að hv. d. fallist á, að eins og nú standa sakir er mjög varhugavert að víkja frá lagafyrirmælum um þessi atriði. Þess vegna er ekki rétt að veita þessi réttindi, fyrr en öll skilyrði hafa verið uppfyllt af hálfu umsækjanda.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil ekki blanda mér inn í deilur um þetta mál. Ég mælti með því í vetur, að þessi Óskar Sövik fengi ríkisborgararétt, og þá lágu ekki þau gögn fyrir, sem menn eru nú ekki sammála um. Ég legg mikið upp úr því, að maðurinn hafi hegningarvottorð, en þar sem nú tekur ekki nema einn dag að afla sér þess, ætti ekki að standa á því. Mér er kunnugt um, að í Danmörku er dómsefirlitið fyrir allt landið á einum stað, og þar er hægt að fá hegningarvottorð fyrir alla danska borgara. Það ætti því að vera mjög auðvelt að afla sér þess með símskeyti. Ég ætla ekki að fara inn á þetta mál, en vil aðeins taka fram, að Alþ. verður nú samkvæmt ákvæði í l., sem hér um gilda, að vera kviðdómari í því, hvenær þau skilyrði eru fyrir hendi, sem krafizt er. Það er ekki hægt undir þessum kringumstæðum að heimta alveg „júridiskar" sannanir, eins og fyrir venjulegum dómstóli. Menn hugsa ekki út í það að afla sér þessara sönnunargagna, sem þeir myndu ekki þurfa að nota fyrr en eftir 10 ár. En hér verður að fara eftir því, sem er satt og rétt í þeim gögnum, sem fyrir liggja um þessi mál. Umsækjandinn hefir vegabréf með höndum, sem er óræk sönnun þess, að hann hafi farið hingað heim á hinum tiltekna tíma. Hann fer að vinna við rafveitur, og mönnum er kunnugt um, að slík vinna útheimtir stöðug ferðalög. Þess vegna verður hann ekki strax heimilisfastur hér og getur ekki komið með vottorð um lögheimili hér á landi fyrr en 1936. Hann tekur þannig til orða, að hann hafi verið „hjemmehörende" í Noregi, en við vitum, að hann dvelur hér, þó að honum hafi láðst að fá sér lögheimili í landinu. Það er mjög algengt um Íslendinga, sem dvelja langdvölum úti í löndum, að þeir halda áfram að eiga lögheimili í sínu byggðarlagi hér heima. Stundum er heimilisfangið ekki látið falla niður af vangá, jafnvel þó að maðurinn borgi sína skatta og skyldur annarstaðar. Þegar öll þessi atriði eru tekin til greina, er ekki vafi á því, að mikið má um þetta mál deila. Það, sem kom mér aðallega til að minnast á þetta, er símskeyti, sem okkur hefir borizt. Þar er látið orð falla um einhvern orðróm, sem kynni að ganga, og vil ég skýra þetta nánar. Deila hefir risið upp milli reifveitunnar á Blönduósi og eigenda ár þeirrar, sem vatnið er tekið úr. Mikið vatn hefir þurft til rafveitunnar, svo að nota varð mestallt vatnsmagn árinnar. Nú hagar svo til, að lax gengur upp í ána, en sökum þess, hve vatnið er lítið, hefir laxveiði stórlega minnkað síðan rafveitan tók til starfa. Bændur þeir, sem eiga ána, hafa krafizt þess, að nægilegt vatn gæti runnið, til þess að laxinn kæmist óhindraður upp í vatnið til að hrygna. Af þessu hefir skapazt mikil deila og gremja meðal bændanna, sem hefir að nokkru leyti bitnað á rafveitustjóranum. Mér er þetta persónulega kunnugt, því að stjórnarráðið hefir þurft að jafna málið milli þessara aðila. Þarna hefir skapazt þræta út af laxinum, eins og oft áður hefir átt sér stað á okkar landi, því að laxinn er okkar mesta þrætuepli. Aðrar orsakir til óánægju er þarna ekki um að ræða, og þetta er sá orðrómur, sem minnzt var á í símskeytinu.

Ég vil líka benda á það atriði, að nú er Nor-

egur í stríði, og það er á valdi Norðmanna sjálfra, hvort þeir leyfa honum að afsala sér norskum ríkisborgararéttindum. Ég held líka, að enginn vafi sé á því, að vottorðið eigi við þennan mann. Er tæplega hugsanlegt, að annar maður heiti þessu sama nafni og sé frá sama byggðarlagi, enda sýnir vegabréfið, að ekki getur verið um annan mann að ræða. Nú verðum við að taka tillit til þess, að ef maðurinn hefði unnið í þágu ríkisins, þurfti hann aðeins að eiga hér heima í 5 ár. Hann hefir að vísu ekki verið starfsmaður ríkisins, en unnið þó í þágu hins opinbera. Þó að ekki sé tekið þannig til orða í l., má um það deila, hvort menn, sem hafa unnið í þágu bæjar- og sveitarfélaga, komi í þessu tilfelli undir sama ákvæði og starfsmenn ríkisins. Það hefir líka mikið að segja, að allir, sem hafa haft hann í þjónustu sinni, láta vel yfir störfum hans.

Ég býst ekki við að taka frekari þátt í þessum umr. Ég tel, að þennan Nielsen þyrfti ekki að skorta hegningarvottorðið, og gæti afgreiðsla málsins beðið einn eða tvo daga, svo að hann gæti útvegað sér það frá Danmörku.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Hæstv. forsrh. talaði um, að ef maðurinn hefði unnið í þágu sýslufélaga, væri það svipað því að hann ynni hjá ríkinu. Ég get ekki verið á sama máli og hann hvað þetta snertir. Þá myndi verða vikið frá skýru ákvæði laganna, og um það er ekki að ræða í þessu tilfelli. Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði að því er snertir vottorð Söviks frá sýslumanni um að hann hafi ekki á þessum árum átt heima í Noregi og ekki vitað annað en að hann ætti heimili hjá Stefáni Runólfssyni í Reykjavík, þá er það alger misskilningur. Sýslumaður hefir átt að vita fyrir víst, hvort hann ætti heimili í Reykjavík, og virðist svo, sem um hvorttveggja hafi verið að ræða. Það, sem minni hl. allshn. telur að vanti til þess að Sövik geti öðlazt ríkisborgararéttindi, eru fullnægjandi skýrslur um, að hann hafi átt hér heima fyrstu 3 árin, og þá séu ekki uppfyllt þau skilyrði, sem eru í gildandi l. Það er ekki heldur hægt að veita honum ríkisborgararéttindi fyrr en norska stjórnin hefir gefið honum yfirlýsingu um, að hann sé leystur frá norskum ríkisborgararétti.

***Ingvar Pálmason:** Ég skal fúslega viðurkenna það, að þegar til lagakróka kemur, þá standa þeir betur að vígi hv. 11. landsk. og hæstv. forsrh. heldur en ég. Þó að ég gangi inn á, að það geti verið eðlilegt, að útlendingar, sem flytjast hingað, gæti þess ekki í byrjun að útvega sér lögheimili hér og geti ekki unnið sér inn réttindin á þeim tíma, þá lít ég þannig á, að það verði að koma þeim sjálfum í koll, en ekki vera tekið gott og gilt af hálfu Alþ., þegar veita skal þessi réttindi. Ég vil skjóta því fram sem minni skoðun, að eftir íslenzkum lögum get ég ekki unnið mér neinn rétt í neinni sveit landsins, þó að ég stundaði þar atvinnu mína. Ég mundi innvinna mér skyldur, en ekki réttindi. Þó að ég sækti atvinnu í annað hérað, hefði ég mitt lögheimili annarstaðar, og ég veit ekki betur en að lög landsins mæli svo fyrir, að hver maður hafi lögheimili, ef hann vill innvinna sér ríkisborgararéttindi. Hér er því ekki til að dreifa. Maðurinn vinnur aðeins hér á landi, en borgar alla sína skatta í Noregi. Lögin eru nú einu sinni svona. Og það er tvímælalaust, að með því að veita þessum manni ríkisborgararétt er vikið frá ákvæðum l. Mér er sama um það, hvort þessi skýrsla kom frá forsrh. eða ekki, og hvernig stendur á þessari ábendingu eigenda rafstöðvarinnar á Blönduósi viðvíkjandi einhverjum orðróm. Ég læt það inn um annað eyrað og út um hitt. Mér er sama, hvort það er út af einhverju landi eða húsi eða krakka, — það hefir engin áhrif á málið í mínum augum. Það, sem hér skiptir máli, er, hvort á að vikja hér frá fyrirmælum l. að því er snertir þennan mann eða ekki. Samanburð á því, hvort þetta atriði í fyrirmælum l. sé minna virði en önnur, leiði ég hjá mér. Það er viðurkennt, að lagalegum skilyrðum sé ekki fullnægt, og þess vegna held ég fast við það, að brtt. á þskj. 473 verði samþ., en hún er um það, að nafn þessa manns verði fellt úr frv. áður en gengið verður til atkv. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 473 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ErlÞ, IngP, PHerm, PZ, EÁrna.

nei: BSt, BSn, HermJ, JJós, JJ, MG, ÁJ.

BrB, MJ, ÞÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (SÁÓ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 523).

57. Tollskrá o. fl.

Á 7. fundi í Ed., 29. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (þmfrv., A. 34).

Á 9. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Erlendur Þorsteinsson:** Fyrri flm. þessa frv., hv. þm. Vestm., hafði ætlað sér að gera grein fyrir þessu máli nokkuð nú þegar við 1. umr., en af því að hann er ekki hér í d., þá þykir mér rétt að segja um það nokkur orð.

Eins og frv. ber með sér, er í því farið fram á það, að á eftir c-lið 3. gr. l. um tollskrá bætist nýr liður, sem heimili að innheimta aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings eins og um almennan trjávið væri að ræða, enda sé gert ráð fyrir, að efnið sé sagað niður, en ekki unnið að öðru leyti.

Samkv. gömlu l. var tekinn af þessu nokkuð hærri tollur en af almennum trjávið. Það mun hafa átt að vera nokkurskonar verndartollur til að vernda innlendu framleiðsluna. Það kom hinsvegar fljótt í ljós, þegar farið var að nota þessa kassa meira, að þetta var óréttlátt, þar sem ekki var nema ein kassagerð til í landinu,

og hún gat ekki fullnægt eftirspurninni. Gat jafnvel komið fyrir, að útflutningur tepptist af þessum sökum. Ef kassaefnið var hinsvegar keypt frá útlöndum, var það miklum mun dýrara en að kaupa kassana tilbúna í Reykjavík, vegna hinna háu aðflutningsgjalda. Af þessum ástæðum var það, sem Alþ. 1938 samþ. með fjárlagaákvæði heimild handa ríkisstj. til þess að innheimta ekki hærri toll af kassaefni þessu en svo sem um er talað í frv. okkar. Þessi heimild er hinsvegar ekki í fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Á þessum tíma hefir og verið samþ. ný tollskrá, en samkv. henni hefir tollur af þessu kassaefni hækkað talsvert, og er hann nú allt að því þrefalt hærri en tollur af almennum trjáviði.

Síðan undanþáguheimildin fekkst 1938, hefir útflutningur frysts fiskjar aukizt stórum, og er hann nú framleiddur á miklu fleiri stöðum en áður var.

Það er þess vegna ljóst, að enda þótt kassarnir væru allir keyptir hér innanlands, þá myndi kassagerðin ekki hafa undan að framleiða; í öðru lagi væri það miklu óhagræði bundið fyrir ýmsa útflytjendur að þurfa endilega að fá kassana héðan úr Reykjavík, og í þriðja lagi hefir flutningskostnaðurinn innanlands hækkað svo mjög, að það eitt nemur miklu álagi.

Nú viljum við gera tilraun til að bæta úr þessum vandkvæðum og þykir eðlilegt, að ekki sé lagður hærri tollur á kassaefnið en ef um almennan trjávið væri að ræða, en jafnframt þar skorður reistar, að kassaefnið sé aðeins sagað niður, en ekki að öðru leyti unnið.

Ég vil svo að lokum leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 34, n. 148, 156, 185).

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! Fjhn. hefir haft frv. þetta til athugunar, en þó ekki ennþá tekið til athugunar brtt. frá hv. 1. flm. á þskj. 156. N. hefir skilað nál. á þskj. 148, og get ég vísað til þess. Tveir nm. skrifa undir nál. með fyrirvara, og hygg ég, að fyrirvari annars þeirra sé byggður á því, að hann telji ekki rétt að gera breyt. á tollskránni, sem samþ. var í fyrra.

Eins og ég skýrði nokkuð við 1. umr. málsins, þá er efni þessa frv. það, að inn í tollskrána komi heimild fyrir ríkisstj. til þess að innheimta aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings eins og um almennan trjávið væri að ræða. Það hefir verið nokkuð um þetta deilt. Ýmsir hafa haldið því fram, að með því að gefa þessa heimild og hún væri notuð, þá gæti það orðið til þess, að tollur af hálfunnum kössum yrði lægri en tollur á trjávið, sem fluttur er inn. Ég hygg, að þetta sé byggt á misskilningi, sem stafar aðallega af því, að alltaf hefir verið talað um hálfunnið efni, en frvgr. talar eingöngu um kassaefni, sem ekki sé unnið meira en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir, en sé ósunnið að öðru leyti. Það virðist vera óeðlilegt að taka miklu hærri toll af þessu efni, þó að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir og svo sett saman á þeim stað, þar sem á að nota það.

Við höfum átt viðtal við forstjóra þess fyrirtækis í Rvík, sem mest hefir með þetta að gera, og n. hefir orðið ásátt um að bæta 10% við toll trjáviðarins, en n. álítur, að efnið muni ekki rýrna við niðursögunina nema þetta, og varla svo mikið. Með því að ákveða, að tollurinn á þessu kassaefni sé nokkuð hærri en á trjávið innfluttum, sem sagaður er niður í kassa, þá er það fyrirbyggt, að tollur af hálfunnu efni verði lægri en af ósunnu efni. Það má líka benda á, að ef efni er sagað niður í Rvík og flutt út á land, þá bætist við það flutningskostnaður, en hann er mjög tilfinnanlegur.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að svo komnu máli. Ég vil ítreka það, að fjhn. hefir ekki tekið til athugunar brtt. hv. 1. flm. á þskj. 185, en hún er um það, að á eftir d-lið komi e-liður, um það, að innheimta aðeins 2% verðtoll og 7 aura á kíló í þungatoll af flugeldum, sem notaðir eru til skipa og skylt er að hafa um borð l. samkvæmt. Tollur á þessa vöru hefir verið settur 1.20 kr. á kíló og 90% verðtollur. Hann hefir verið settur með það fyrir augum, að hér væri einungis um barnaleikfang að ræða, enda mun lítill hluti innflutningsins hafa verið notaður um borð í skipum.

Hv. flm. mun geta, ef honum sýnist svo, tekið till. aftur til 3. umr., ef fjhn. tæki hana þá til athugunar milli 2. og 3. umr.

Ég vænti svo þess, að hv. þd. fallist á að samþ. frv. með þeirri breyt., sem fjhn. hefir lagt til í nál. sínu.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég vil þakka hv. n. fyrir athugun hennar á þessu litla frv., og skal ég, án þess að hafa um það fleiri orð, lýsa því yfir, að ég mun ekki gera ágreining út af þeirri brtt., sem hv. n. hefir komið með sem leiðréttingu eða áréttingu í sambandi við þá undanþágu, sem hér um ræðir.

Ég vil svo aðeins víkja að viðbótartill., sem ég hefi komið með. Það er eiginlega eftir áskorun Slysavarnafélags Íslands, sem ég tók hana upp. Í bréfi, dags. 19. febr. 1940, hefir Slysavarnafélagið sent forseta Sþ. beiðni um, að hlutazt væri til um, að þingið leiðrétti þann misskilning, sem virðist hafa ríkt, þegar nýja tollskráin var samþ., þar sem flugeldar til skipa eru tollaðir með 90% verðtolli og 1.20 kr. þungatolli á kíló, eins og hv. frsm. n. hefir lýst. Áður var á flugeldum til skipa 8% verðtollur og 7 aura þungatollur á kíló. Það þarf engum getum að því að leiða, að þetta hefir slæðzt inn í tollskrána vegna þess misskilnings, að flugeldar væru eingöngu notaðir til skemmtunar.

Þetta hefir leitt til þess, að flugeldar eru ekki fáanlegir í Rvík, og vil ég biðja hv. þm. að veita því athygli, sem ég nú skýri frá, en það er, að 4 skip, sem ég get nafngreint, hafa orðið að fá undanþágu hjá skipaskoðunarstjóra frá því að hafa flugelda um borð í skipunum, og það á þessum hættulegum tímum. Þetta er vegna þess, að þeir, sem annars verzla með nauðsynjar skipa, hafa ekki séð sér fært vegna hins háa tolls að leysa þá inn.

Af þessari ástæðu hefi ég komið með brtt. við þetta frv. um það að ríkisstjórninni sé heimilt að líta á þessa nauðsyn, sem hér er fyrir hendi.

Ég þykist vita, að þegar hv. n. gefur sér tíma til að athuga þetta, þá muni henni finnast það rétt, sem hér er farið fram á, en til þess að tefja ekki málið, þá vil ég gjarnan taka þessa brtt. aftur til 3. umr., ef það er unnt formsins vegna, svo n. geti tekið afstöðu til hennar. Annars liggur þetta svo í augum uppi, að þetta ætti að geta gengið, en ég vil í öllum hlutum fara að vilja hv. n., svo ef hæstv. forseti lítur þannig á, að hægt sé að fresta atkvgr. um brtt. mína á þskj. 185, þó gengið sé til atkv. um brtt. n. og frv., þá er ég ásáttur með að taka hana aftur til 3. umr.

***Magnús Jónsson:** Ég vil aðeins gera grein fyrir því, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Minn fyrirvari er meðfram stílaður af því, að ég er dálítið óviss um nauðsyn málsins. Á hinn bóginn vildi ég láta fylgja frv. greinilega frá minni hendi, að ég ætlast til, að í framkvæmdinni sé farið eftir orðanna hljóðan, að þetta nái aðeins til kassaefnis, sem er unnið þannig, að það er sagað niður í hæfilegar lengdir. Þetta vildi ég láta fylgja, og hv. frsm. hefir gert það líka.

Um viðbótartill. hv. þm. Vestm., eða brtt. á þskj. 185, sem mun nú verða tekin aftur til 3. umr., vil ég segja það, að þegar mþn. ákvað þennan háa toll á þessa nauðsynjavöru, þá mun það hafa verið af því, að í framkvæmdinni er ómögulegt að greina þetta í sundur. Ég býst við, að allir hv. þdm. séu sammála um, að venjulegir flugeldar, sem sprengdir eru á gamlárskvöld, eigi að vera í hæsta tolli. Þeir eru óþarfir og þar að auki hættulegir. Ég býst við, að þegar innflutningurinn var frjáls, þá hafi langmest af flugeldainnflutningnum verið hálfgerður og algerður óþarfi.

Ég þori ekki að segja um það, hvort það er mögulegt, að svona flugeldar nemi svo verulegu í útgerðarkostnaði skips, að það geti skipt nokkru máli fyrir útgerðina. Mér finnst það ótrúlegt. Úr því að till. hefir nú verið tekin aftur, þá vil ég lofa hv. flm. því, að till. verði athuguð mjög fljótlega í n. Það eru sérstaklega þessi 2 atriði, sem þarf að athuga, hvort hægt er að greina þetta í sundur og hvort þetta nemi í raun og veru nokkru í útgerðarkostnaði skips.

Ég vil nefna sem dæmi, að mþn. barst sægur af svona till., sem ekki var tekið tillit til. Frá ljósmyndurum barst t. d. kvörtun um það, að efni eitt hefði hækkað um 200%. Þegar farið var að athuga þetta, þá var þetta efni, sem kannske var notað fyrir 3 kr. á ári. Það var sægur af svona efnum, sem kannske voru hækkuð eða ekki hækkuð, því það skipti ekki neinu máli.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi eins og hv. formaður fjhn. skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann byggist þó ekki á því, að ég sé samnm. mínum ósammála um það að bera fram brtt. á þskj. 148, því ég tel, að hún sé sanngjörn og að frv. án hennar væri mjög ósanngjarnt í garð þeirrar innlendu framleiðslu, sem í þessum efnum á sér stað. Ég get líka sagt það, að efnislega álít ég, að það sé ekkert á móti þessu frv., þ. e. a. s. með þeirri breyt., sem n. leggur til að gerð verði á því, en eins og hv. form. n. orðaði það áðan, að hans fylgi við málið væri dálítið hæpið, þá er eins um mig, að ég tel dálítið hæpið, að það sé réttmætt vegna þessa ekki stórvægilega atriðis að fara að breyta l. um tollskrá nú, örfáum vikum eftir að l. voru sett. Þau öðluðust gildi 1. jan., en voru samþ. rétt fyrir áramótin og komu til framkvæmda 1. febr. Það eru því ekki liðnir fullir 2 mánuðir síðan l. komu til framkvæmda.

Ég verð að telja það mjög hæpið, jafnvel þó menn telji sig finna einhverja galla á l., að fara að breyta þeim svona fljótt eftir að þau voru samþ. og eftir að þau öðluðust gildi.

Það var komið í mesta öngþveiti með alla okkar tolla- og skattalöggjöf þegar lögin um tollskrá voru sett. Það voru ótal tollalög og lagabreytingar við þau, og enn lög um gengisviðauka, og mörg af þessum lögum giltu aðeins til eins árs í einu. Þess vegna var skipuð milliþn. til þess að endurskoða tollalöggjöfina. Nefndin lagði síðan fram frv. til laga um tollskrá, sem lagt var fyrir síðasta þing og bar það með sér, að mikil vinna hafði verið lögð í þetta, og á síðasta þingi hygg ég, að meiri vinna hafi verið lögð í að athuga þetta mál heldur en títt er, og get ég borið um það, að fjhn. hélt a. m. k. 30 fundi um þetta mál, og í þinghléinu tók milliþn. það aftur til athugunar og var það svo loks afgr. á þinginu í haust. Mér hefði því fundizt hyggilegt, að unað hefði verið við þessi lög a. m. k. nokkru lengur án þess að farið væri að breyta þeim. Ég skal játa það, að með þessu er ekki farið fram á breyt. á tollskránni sjálfri, heldur er aðeins um heimildarákvæði að ræða, en ég býst við, að það verði þó til þess að opna leið fyrir breytingum á tollskránni, ef farið er að breyta lögunum á annað borð. Eins og hv. form. fjhn. gat um í ræðu sinni áðan, hafa komið fram ótal till. viðvíkjandi tollum, og hefir, ef svo mætti segja, hver viljað ota sínum tota, og ef nú er farið að breyta til, verður það áreiðanlega til þess, að það drífa inn frv. á næstu þingum um að breyta tollskránni. Þess vegna, þó að ég sé efnislega ekki á móti þessu máli, eftir að till. fjhn. á þskj. 148 hefir verið samþ., er ég mjög í efa um það, hvort ég greiði atkv. með því út úr deildinni, af þeim ástæðum, sem ég hefi greint, og hefi ég talið réttast, að þetta þing, sem haldið er á sama ári og tollskráin öðlast gildi, liði án þess að lögunum yrði breytt.

***Magnús Gíslason:** Ég mundi telja æskilegt, ef hæstv. forseti sæi sér fært að verða við því, sem form. fjhn. mæltist til, að tekin væri aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 185, vegna þess að ég tel, að málið þurfi betri athugunar við. Þannig stendur á, að þetta mál er til athugunar í fjármálaráðuneytinu. Verzlun hér í bænum hafði fengið sendingu af flugeldum, og eitt af skipum Eimskipafélagsins vantaði flugelda, en þegar til kom, var tollurinn svo hár, að hlutaðeigandi verzlun taldi sér ekki fært að flytja þetta inn og taldi það sama og innflutningsbann. Nú væri hugsanlegt að koma flugeldum, að því leyti sem þeir eru notaðir sem öryggisútbúnaður skipa, undir annað ákvæði, en hvorki ráðuneytið né skrifstofa tollstjóra treystist til þess, því það er ekki hægt að gera greinarmun á því, hvort nota skal flugeldana til skrauts og skemmtunar eða öryggisráðstafana. Þess vegna lít ég svo á, að þótt þessi brtt. væri samþ., gæti það orðið gagnslaust. Það þyrfti þá frekar að setja ákvæði um það, að þeir, sem flytja inn flugelda, sem eingöngu eru fyrir skip, gæfu einhverja yfirlýsingu um, að þessir flugeldar væru ekki notaðir annað en sem ljós eða leiðarmerki. Það er ekkert vit í því að þurfa að tolla slík tæki, sem notuð eru sem öryggisútbúnaður skipa, með svo geipilegum tollum.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Að ég tek hér til máls, er af því, að þótt þetta frv. sé að sumu leyti eðlilegt, tel ég vafasamt, hvort það á þó rétt á að ná samþykki. Eins og kom fram í umr., er stefna frv. sú, að létta tollum af kassaefni í fiskumbúðir. Það hefir nú ekki verið sýnt fram á, hver er sá mikli verðmunur á kassaefni og þeim kössum, sem búnir eru til í landinu, og hefði verið fróðlegt að sjá þann mun, svo hægt væri að dæma um hann með rökum. Mér skilst, að það sé meiningin að létta á útgerðinni með þessu, en það er önnur hlið á þessu, og það eru þau störf, sem skapast við smíði þessara kassa og eru ekki óverulegur liður. Þetta er starfrækt hér í Reykjavík og einnig á Ísafirði og víðar. Þetta heyrir undir iðnað, sem í sjálfu sér framfleytir allmörgum mönnum. Mér skilst, að kassagerðin hér í Reykjavík hafi greitt í vinnulaun upp undir 70 þús. krónur, auk þess sem hún náttúrlega greiðir tolla, en ef farið er inn á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir, lít ég svo til, að það mundi draga úr þessu. Ég veit það, að kassagerðin hér hefir aflað sér alldýrra véla, sem þurfa að geta rentað sig.

Eins og nú er háttað, flytur kassagerðin inn viðinn, flettir honum í hæfilegar þykktir, en mér skilst, að frv. ætlist til, að þetta verði gert erlendis, svo það er þessi vinna, sem mundi flytjast burt úr landinu. Það er vert að geta þess, að við höfum hér hliðstæða starfsemi við kassagerðina, þar sem er síldartunnugerðin, og veit ég ekki betur en að það efni sé tollfrjálst og þannig lyft undir hana. Síldartunnugerðin var stofnuð í fyrsta lagi til þess að skapa atvinnu, og svo til þess, að alltaf væru til tunnur í landinu. Mér finnst þetta mjög hliðstætt með kassana, og því tel ég það mjög vafasamt, hvort rétt er að grípa til slíkra ráðstafana og breyta tollskránni fyrir ekki stærra atriði en þetta er. Ég mun greiða þessu máli atkv. til 3. umr. og sjá, hvort fjhn. getur fundið nokkra leið til þess að tryggja, að þetta verði ekki til tjóns.

Ég vildi nú segja nokkur orð viðvíkjandi brtt., sem hv. þm. Vestm. flytur á þskj. 185 um flugelda. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það er rétt stefna að létta tollum af öllu, sem viðkemur björgunartækjum, og tek í því efni undir með hv. 11. landsk. Ég hygg, að alstaðar annarstaðar sé það gert svo létt sem unnt er að afla slíkra tækja og að þau séu höfð eins ódýr og kostur er á, og vil ég ekki, að það sé á nokkurn hátt torveldað fyrir skipum að eignast slík tæki. En það verður að gera mikinn greinarmun á því, hvort þessa hluti á að nota í björgunarskyni og til að auka öryggi eða aðeins til skemmtunar. (**JJós:** En ef það þarf að breyta tollskránni til þess?). Ef til þess þarf að breyta tollskránni, þá er ég ekki svo einstrengingslegur, að ég telji ekki, að það megi, þegar nauðsyn ber til, þó ég sé í miklum vafa um, að það eigi að gera út af kössunum. Ég vildi, að athugað væri, hvort ekki væri rétt að veita einhverri sérstakri stofnun leyfi til þess að gera innkaup á þessum öryggistækjum, t. d. Slysavarnafélaginu, Skipaskoðun ríkisins eða einhverri slíkri stofnun, sem hefði „lager" af þessu og hefði það undir höndum til björgunar skipa.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég hafði nú satt að segja ekki búizt við því, að ég mundi koma hv. þdm. í eins mikil og alvarleg þankabrot út af svona litlu máli eins og orðið er. En mér finnst þeim ákaflega erfitt um að hrófla við tollskránni, þótt sýnt sé, í fyrsta lagi að tollurinn er ósanngjarn, og í öðru lagi, að Alþingi hefir samþ. — ekki einu sinni, heldur tvisvar — heimild í fjárl. til þess að reikna lægri toll af þessu kassaefni. Hér er ekki farið fram á annað en það, sem þessir sömu menn hafa samþ. tvisvar sinnum áður. Ég hefi ekki við höndina nákvæman samanburð á því, hvað jafnstórir kassar frá kassagerðinni hér kosta fluttir út á land, t. d. til Vestmannaeyja, eins og kassar þeir, sem fást tilsniðnir frá útlöndum. En það er annar munur, sem ég get bent á skv. símskeyti frá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum. Tollur af 38 „standard" af tilsniðnu kassaefni var 2086 kr., en af þessu sama timbri ber nú að greiða 5684 kr. Þetta er samkv. símskeyti, sem ég hefi frá yfirvaldinu á staðnum. Ég vil nú spyrja þá menn, sem finnst þetta atriði ekki neitt verulegt, hvort þeim sé sama, hvort þeir ættu að borga rúmlega 2 þús. kr. í toll eða næstum 6 þús. kr. Mér er ekki sama, og ég tel, að þeim mundi ekki vera sama, ef þeir hefðu sjónarmið þeirra, sem hafa með þetta að gera. Það er náttúrlega gott að hafa umhyggju fyrir kassagerðinni hér í Reykjavík, en sú umhyggja má ekki ganga alveg taumlaust út yfir þá, sem afla landinu gjaldeyris. Ég vil halda því fram, að þegar ég óska eftir hæfilegum tolli fyrir fiskframleiðendur, þá séu rök mín eins góð eins og kassagerðarinnar. 70 þús. kr. eru miklir peningar, en ég get sagt hv. þdm.

það, að mótorbátur, sem fiskar 5 þús. skipp., gefur af sér um 20 þús. kr. í vinnulaun, og það er aðeins einn einasti bátur, með þeim vinnulaunum, sem nú tíðkast. Ég verð þess vegna að beina því til þeirra manna, sem bera kassagerðina svo mjög fyrir brjósti, að þeir athugi líka hag þeirra manna, sem flytja út vörur og afla landinu gjaldeyris. Menn mega ekki gera sér í hugarlund, að það sé sama, hverjir kassarnir eru, sama hvort þeir eru notaðir utan um dýra vöru eða vöru, sem selja á fyrir billegan pening, en fiskur, sem fluttur er út í kössum, selst ekki alltaf fyrir sama verð. Hér er ekki átt við, að viðurinn verði unninn á neinn annan hátt en þann, að borðin séu söguð sundur í búta. En mér þykir það einkennileg tollalöggjöf, ef ég á að borga þrisvar sinnum meira fyrir eitt borð af því að það kemur sagað sundur í 3 eða 4 parta, en það er það, sem tollskráin fer fram á. Hv. 1. þm. Eyf. leit þannig á, að það væri mjög illt að þurfa að breyta tollskránni. Fyrir honum er höfuðmótbáran sú, að hann vill ekki fara að klandra við þennan grip, sem heitir tollskrá. En hann er nú afarlítið klandraður með því, þó sett sé inn svona lítil undanþága.

Annars held ég, að það ætti ekki að vera regla hjá Alþingi að svara því til, að ekki mætti lagfæra galla á lögum af því að þau væru nýsett. Ég er þvert á móti á þeirri skoðun, að það skuli alltaf hafa það, sem sannara reynist, jafnvel þótt það þurfi að breyta ákvæðum í löggjöf, sem ekki er nema nokkurra mánaða gömul. Ég tel sem sagt, þó ég hafi verið þolinmóður í þessu máli og ekki „agiterað" fyrir því hér í d. eins og ég veit að búið er að gera af öðrum, að þeir menn, sem óska eftir að fá leiðrétt ranglæti tollalöggjafarinnar, eigi eins mikinn rétt á að vera heyrðir eins og þeir, sem standa fyrir kassagerðum í landinu.

Forseti (EÁrna): Ef þessar umr. standa öllu lengur, verður að fresta málinu.

***Erlendur Þorsteinsson**: Ég get verið mjög stuttorður. Hv. þm. Vestm. hefir að mestu tekið af mér ómakið að leiðrétta þann misskilning, sem hér hefir komið fram. Það kom fram hjá hv. 2. landsk., að hann gerir engan mun á plægðum og hefluðum viði og óhefluðum viði, en eins og hv. þm. Vestm. tók fram, er það einkennilegt, að tollurinn skuli vera þrisvar sinnum hærri, ef viðurinn er bútaður niður, heldur en ef hann er í heilum borðum. Ég get ekki verið sammála þeim, sem vilja halda í rangláta löggjöf fyrir það eitt, að hún hefir nýlega verið samþ.

Hv. þm. var að gera samanburð á kassagerðinni og síldartunnugerðinni og taldi starfsemi þeirra hliðstæða. Samkv. tollskránni er 2 aura tollur á kg. af tilsniðnum tunnustöfum, en af tunnunum sjálfum 2 aur. pr. kg. að viðbættum 2% verðtolli. Ef farið er á sama hátt með kassaefnið, ætti tollurinn að vera um 2% hærri, en nú hefir fjhn. gert ráð fyrir að bæta 10% við toll trjáviðarins og hefir þannig gengið lengra með ívilnun til þeirra, er búa til kassa, en til hinna, sem búa til tunnur, en þetta er sambærilegt við að flytja tunnurnar inn tilbúnar.

***Magnús Jónsson**: Af því að ég er einn af feðrum tollskrárinnar, vil ég með örfáum orðum svara hinni hörðu árás hv. þm. Vestm. á hana. En það er alls ekki tollskráin, sem hér er um að ræða, heldur undanþágu í fjárl., sem verið hefir, hvort hún eigi að hverfa eða standa í fjárl. áfram. Dæmið, sem fyrir lá, þ. e. símskeyti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, fannst mér heldur ekki heppilegt. Hér þarf að bera saman mismun á verði á kössum úr niðursniðnu efni og á kössum frá kassagerð hér á landi. Vitanlega myndi hver útflytjandi kaupa þar, sem ódýrast er. En við höfum ekkert dæmi, er sýni, hvernig þetta myndi verða.

En þó að ég sé að taka upp þykkjuna fyrir tollskrána, mæli ég með því, að þetta frv. verði samþ. með breytingum nefndarinnar.

Hv. 2. landsk. hélt því fram, að ef þetta frv. yrði samþ., myndi það hafa miklar breyt. í för með sér til hins verra fyrir kassagerðirnar, en þessi nýi iðnaður hefði unnið sig upp. Þetta er ekki rétt; hér er aðeins verið að fara fram á að halda þeirri undanþágu áfram, sem verið hefir í fjárl. 2 undanfarin ár. Verði frv. hinsvegar fellt, standa þessi fyrirtæki betur að vígi en áður. Ég get tekið undir rök hv. þm. Vestm.; þó að ég sjái galla á þessu, horfi ég hér á hagsmuni útflytjenda, enda illa gerlegt að íþyngja þeim.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um brtt. hv. þm., en vil aðeins benda á, að það er alveg föst regla í tollaákvæðum, sem ekki er unnt að víkja frá, að það er ekki hægt að setja það ákvæði í tollalög, að eigi að greiða þennan toll af vörunni, ef hún eigi að notast til þessa eða hins. Það þýðir ekki að segja: við skulum greiða 2% verðtoll og 7 aura á kg. í þungatoll af flugeldum, sem notaðir eru til skipa. Það er svo um fjöldamargar þarfavörur, sem lenda í hærri tolli en annars þyrfti að vera, t. d. meðul, sem notuð eru jafnframt til iðnaðar. Þetta er galli, sem loðir við alla tollalöggjöf og ekki verður komizt hjá.

Það mætti kannske leysa málið með því að veita einum aðila, t. d. áfengisverzluninni eða einhverri einkasölunni, heimild til þess að flytja inn flugelda til björgunar. Þetta mætti athuga í n., sérstaklega ef það kemur upp úr kafinu, að þetta nemi svo ákaflega miklu. En hvenær skjóta skip svona flugeldum? Hve oft á ári? — Ef þeim er ekki skotið á gamlárskvöld, er það kannske ekki gert árum saman, þ. e. a. s. ekki nema þegar þeim er skotið sem neyðarmerkjum, og þá getur það ekki numið miklu fyrir útgerðarkostnaðinn. Það er upplýst, að tollstjóri treystist ekki að greina í sundur björgunarflugelda og aðra, enda mun það ekki hægt.

***Sigurjón Á. Ólafsson**: Ég skal vera svo stuttorður sem unnt er. — Hv. 2. flm. málsins hélt því fram, að mínar **aths.** væru byggðar á misskilningi. Mér er vel ljóst, hvað um er að ræða. Grófari kassar eru fluttir hér inn líka, en þeir

eru ekki settir í heflunarvél eins og hinir. Hér er gert ráð fyrir, að efnið sé flutt inn bútað og sagað, og hverfur því sú vinna. En engar upplýsingar liggja fyrir um það, hve mikill kostnaðarmunur er á því að fá þetta unnið hér eða erlendis. Þá vildi ég einnig beina því til hv. þm. Vestm., að í hans kjördæmi er kassagerð sem getur unnið þessa iðn, enda þótt efnið sé ekki flutt inn tilsniðið frá útlöndum. Þarf þá ekki þar að flytja kassana milli hafna, en það er eitt af þeim atriðum, sem talin eru málinu til stuðnings.

ATKVGR.

Brtt. 156 og 185 teknar aftur til 3. umr.

— 148 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 212, 156, 185).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 156 tekin aftur.

— 185,a felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ, JJós.

nei: PHerm, PZ, BSt, HermJ, IngP, MJ, JJ.

2 þm. (EÁrna, MG) fjarstaddir.

Brtt. 185,b tekin aftur.

Frv. samþ. með 9:1 atkv., og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður E. Hlíðar: Ég hefi leyft mér að bera hér fram litla brtt. í sambandi við þetta frv. Henni var útbýtt í dag á þskj. 287. Þar fer ég fram á, að í 77. kafla verði verðtollinum breytt þannig á glerum, að fyrir „30“ í 1. tölul. 1. gr. l. komi: 10 — og fyrir „50“ í 5. tölul. komi: 20.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 30., 31. og 32. fundi í Nd., 4., 5. og 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 212, 287, n. 335, 388).

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Í þessu frv. er ekki nema ein breyting á tollskránni, en hún er í því fólgin, að tollur sé lækkaður nokkuð á efni í kassa um fisk til útflutnings, þó að það sé sagað niður, en þó óheflað. N. hefir fengið upplýsingar um það, að kassaefni, sem inn er flutt algerlega óunnið, rýrni um fjórða eða fimmta part. Því vill n. gera 20% mun á því og öðru efni, sem flutt er inn niðursagað, en ekki aðeins 10%, eins og í frv. er gert. Það má ef vill vill segja, að með þessu sé ekki bætt upp öll rýrnunin, en n. hefir þó orðið ásátt um þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá fjhn. (verður þskj. 423) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Sigurður Kristjánsson:** Þegar tollskráin var til athugunar í hv. fjhn. þessarar d. á síðasta þingi, var mikið talað um, að óþægilega mikill tollur kæmi á fiskumbúðir, sem ætlaðar væru utan um útfluttan fisk. Sérstaklega var athugaður sá munur, sem rétt væri að gera á vörum til umbúða, sem fluttar væru inn í landið ó-unnar eða að einhverju leyti unnar. Var það álit n. þá, að hvorttveggja bæri að hafa í huga, að iþyngja ekki atvinnurekstrinum, sérstaklega að því er snertir útflutning fiskjar í kössum, né iðnaði þeim, sem hér er kominn upp í landinu og býr til umbúðir úr ónnu efni. Afgreiðsla málsins varð ekki sú, sem allir hv. nm. hefðu kosið, og ég hefði kosið þessar umbúðir sem mest undanþegnar tolli. Það hefir verið talin mikil nauðsyn, að útflutningsvörur okkar væru sendar á markaðinn sem mest unnar. Það er blóðugt fyrir okkur að bera saman fiskútflutning okkar og annara þjóða, sem veiða þó miklu minna en við, en þær flytja út fisk fyrir meira verðmæti, vegna þess að þær breyta honum sjálfar í verðmætara form. Því hlýtur það að vera ósk allra landsmanna, að þetta geti færzt í svipað horf hér, að hér verði unnar verðmætari vörur fyrir erlendan markað og aukin þannig atvinna fyrir landsins börn sjálf. Nú hefir verið hnigið að því ráði að lækka allmjög tolla á umbúðum, sem eru unnar að einhverju leyti. En við það kemur fram nokkurt ósamræmi, því að enn er tollur á ónnu efni samur og áður. Tollur á ónnu efni í fiskumbúðir nemur lítilli upphæð fyrir ríkissjóð, en er þó nægur til þess, að iðnaður sá, sem skapazt hefir hér, myndi ekki standast samkeppnina frá vöru, er unnin væri erlendis, og yrði því líklega að leggjast niður. Ég held því, að það væri á allan hátt heilbrigðara að heimila að endurgreiða toll á efni, sem unnar eru úr umbúðir um fisk til útflutnings, er þær hafa verið smíðaðar og afhentar útflytjendum. Í tollskránni er gert ráð fyrir endurgreiðslu tolls á nokkrum vörum, sem ætlaðar eru til að gera verðmætari vörur úr sjó. Á þskj. 388 hefi ég nú borið fram brtt., þar sem lagt er til, að í frv. sé bætt málsgr., þar sem farið er fram á, að endurgreiddur sé tollur af trjáviði, sem unnir eru úr kassar utan um fisk til útflutnings. Ég tel víst, að hv. þm. geti fallizt á, að þetta sé nauðsynlegt. Við verðum að hlynna að því, að hægt sé að vinna útflutningsvörur okkar sem mest innanlands, og væri það mikill skaði, ef kassaiðnaður yrði að leggjast niður hér, þar sem búið er að verja til hans allmiklu fé, t. d. til véla, og margt fólk myndi missa við það atvinnu. Það getur ekki staðizt að leggja refsiskatt á það, sem unnið

er í landinu, fremur en það, sem erlendis er unnið og með erlendum vinnukrafti. Vænti ég þess, af því að hv. frsm. n. er í raun og veru inni á þessari sömu hugsun, að hv. dm. ljái henni einnig fylgi sitt.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Á þskj. 287 á ég brtt. við lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, og vildi ég leyfa mér að gera grein fyrir henni.

Þessi brtt. er við 77. kafla tollskrárinnar, tölul. 1, þar sem tollur á gleraugum er ákveðinn 30%. Ég fer hér fram á, að hann verði lækkaður niður í 10%. Þar er líka ákveðinn tollur af gleraugnaumbúðum 50%, en brtt. mín leggur til, að hann lækki niður í 20%. Verðtollurinn af þessum tveimur tegundum var áður 8%. Mér þykir vera hlaupið nokkuð langt frá því verði, sem áður var á þessum vörum, sérstaklega ef tekið er tillit til þess, að tollskráin hefir í flestum tilfellum fært niður tolla á meðulum. Ég lít svo á, að gleraugu séu nokkurskonar hjálparmeðul fyrir þá, sem þurfa þessara hluta. Oftast eru það menn, sem eiga örðugt með að bera þunga skatta. Þess vegna finnst mér vera full sanngirni í því, að þessi meðul, gleraugu og gleraugnaumbúðir, verði ekki tolluð svo, að næstum ókleift sé fyrir fátæka menn að afla sér þessara hluta. Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en vona, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þessa brtt. mína.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég hefi engu sérstöku að svara fyrir hönd n. viðvíkjandi ræðu hv. þm., sem síðast talaði. Þetta skiptir ekki miklu máli fyrir tekjur ríkisins, en að öðru leyti má um þá till. deila, sem fram hefir komið um að fella algerlega niður toll á fiskumbúðum. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég get greitt atkv. með slíkri till., en nefndarmenn hafa að öðru leyti óbundnar hendur um fylgi sitt við brtt. við þetta frv. Að samkomulag fekkst um till. n., olli því, að ég bar ekki sjálfur fram slíka brtt., sem nú hefir komið fram um að sleppa tolli af fiskumbúðum.

***Emil Jónsson:** Þegar þessi l. voru afgr. á síðasta þingi, fyrir aðeins 3 mán., þá höfðu komið fram við þau ýmsar aths. og till. til breytinga, en þeim var öllum vísað á bug með þeirri röksemdafærslu, að l. yrðu tekin til endurskoðunar að nýju eftir eitt ár, þegar séð væri, hvernig þau hefðu reynzt í framkvæmdinni. Ég get bent á mörg atriði, þar sem tollakjörum iðnaðarins er komið fyrir á þann veg, að illa er við unandi. Ég skal ekki fara mikið út í þetta, vegna þess að flestir, sem við þessi tollakjör eiga að búa, virðast hafa sætt sig við þá hugsun, að l. yrðu athuguð eftir að þetta eina ár væri liðið. Þegar svo reynsla væri komin á þessi l., hafa þeir hugsað sér að koma með rökstuddar till. til bóta. Í þessu eina tilfelli er útlend vara tolluð meira en innlend, og er það mjög ósanngjarnt. Ég hygg, þó að till. fjhn. nái fram að ganga, þá verði áhöld um að tollarnir verða ekki hærri á útlendri vöru en þeirri innlendu, en það munar ekki miklu. Fer það nokkuð eftir því, hvað viðurinn er þungur í sér; í öðru tilfellinu er hann tollaður eftir rúmmáli, en í hinu eftir þyngd, og þetta gæti verið nægilegt til að valda mismuninum. Mér fyndist rétt, að þessi vara yrði látin bíða, þar til tollskráin yrði endurskoðuð og lagfærð eftir hinn ákveðna tíma. Eftir minni persónulegu skoðun hefi ég mesta tilhneigingu til að vera með till. hv. 6. þm. Reykv. um að fella niður tolla á þeirri framleiðslu, sem um er að ræða. Ef hæstv. fjmrh. álítur fært, að ríkissjóður gæfi þetta eftir af þeirri ástæðu, að upphæðin yrði svo lág, tel ég mjög æskilegt, að þessi brtt. nái fram að ganga. En ef svo væri ekki, gæti sjávarútvegurinn sætt sig við að bíða með lausn þessa vandamáls, þar til endurskoðun fer fram á tollskránni. Ég veit ekki nákvæmlega um, hve mikinn toll hér er um að ræða á hverjum kassa, en held, að hann sé 10 aurar. Nú eru mörg kg. í hverjum kassa, svo tiltölulega fá prósent af fiskverðinu færu í þennan toll. Þó að segja megi, að „safnist, þegar saman kemur", er hér ekki um að ræða upphæð, sem hefir verulegt gildi í þessu sambandi.

Ég vildi þess vegna, ef hv. þm. samþykkja ekki till. hv. 6. þm. Reykv., leggja til, að þessi breyting verði látin bíða, þar til almenn endurskoðun fer fram á tollskránni.

***Sigurður Kristjánsson:** Út af því, sem hv. 6. landsk. þm. sagði um þessi mál, þá vildi ég þakka hans góðu undirtektir. Ég tel það mjög áríðandi, að þessi breyting verði lögleidd strax, eins og hv. flm. í Ed. töldu mjög aðkallandi að breyta tollskránni að því er snertir innflutning á fiskumbúðum. Þetta stafar af því, að upp á síðkastið hefir útflutningur á ísuðum fiski aukizt mjög mikið, og má búast við, að sú aukning fari enn vaxandi. Þó að ég vilji ekki beinlínis neita því, að leiðréttíng kunni að fara fram á tollakjörum ýmissa iðnfyrirtækja, má búast við, að á því verði nokkur dráttur. Þess vegna vil ég mælast til þess, að þessi till. mín verði að lögum á þessu þingi.

Ég get ekki sagt með vissu um, hve tollurinn yrði mikill á hvern kassa, en mér þykir ósennilegt, að hann verði ekki meiri en 10 aurar, af því að tollurinn á efninu er 10 aurar á hvern teningsmetra, og auk þess 8% af verðmætinu í kössunum. Efnið í hvern kassa mundi kosta meira en 1 kr., þar sem 10 aurar færu í uppbót á verðtollinn. Hinsvegar játa ég, að þessir tollar eru ekki háir.

Ég vil taka fram, ef hv. þm. kann að hafa sézt yfir það, að í brtt. minni er orðalagið um endurgreiðsluna þannig, að endurgreiða skuli tolla af trjávið þeim, sem kassar hafa verið unnir úr. Þetta orðalag stafar af því, að þegar rætt var um þetta mál á síðasta þingi, kom fram sú skoðun, að ef undanskilinn væri tollur á trjávið til fiskumbúða, þá væri auðvelt í skjóli þess ákvæðis að smygla inn trjávið, sem notaður yrði til annara hluta, og það jafnvel í stórum stíl. Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefi ég orðað till. þannig, að ekki er hægt að fá endurgreiðslu, nema að sanna það, að efnið hafi verið notað í kassa. Það hafa sagt mér kunnugir menn að mjög auðvelt sé að fá vott-

orð frá útflytjanda um, hve margir kassar séu smíðaðir. Kassagerðir geta líka lagt fram sannanir fyrir því, hve mikið efni fer í kassana.

Hv. 6. landsk. þm. sagði, að æskilegt myndi vera, að fengin yrði umsögn fjmrh. um þetta efni. Þetta er alveg rétt, en þeir, sem veita eiga móttöku tekjum ríkissjóðs, munu tæplega mæla með því, að þær verði rýrðar, jafnvel þó að um litla upphæð sé að ræða. Ég spurði hæstv. fjmrh. að því, hvort hann hefði á móti því, að slík till. sem þessi kæmi fram. Hann kvaðst ekki geta bannað flutning slíkra till., en lét engin orð falla um sitt álit á málinu.

Ég vil að síðustu endurtaka það, að bæði þeir, sem fluttu frv. í Ed., og eins þeir, sem staðið hafa að brtt. við það, eru sannfærðir um, að málið þarfnast skjótrar úrlausnar, ekki síst vegna þess, að útflutningur á fiski í kössum fer nú mjög í vöxt.

ATKVGR.
Brtt. 287,a felld með 11:5 atkv.
— 287,b felld með 12:6 atkv.
— 388 *(ný gr., verður 1. gr.)* samþ. með 13:6 atkv.
— 423 samþ. með 15:3 atkv.
1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 21:2 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 34., 37., 40. og 41. fundi í Nd., 12., 16. og 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 424, 490)

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Brtt. 490,2 er um það, að fella burtu misminninn, sem gerður hefir verið á sögðu efni og óunnu efni í kassa. En eftir að búið er að ákveða að endurgreiða allan toll af þessum hlutum, er þessi till. tilgangslaus. Hinar till. eru allar fluttar eftir tilmælum fjármálaráðuneytisins og tollstjóra, og hefi ég ekkert sérstakt um þær að segja.

ATKVGR.
Brtt. 490,I samþ. með 19 shlj. atkv.
— 490,II samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. með 3. umr. í Nd. (A. 501).
Á 42. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 501, 529).

***Erlendur Þorsteinsson:** Þetta frv. er komið aftur til Ed. frá Nd., og höfðu verið gerðar á því nokkrar breyt. þar. Fjhn. Ed. hefir athugað þetta frv. á ný, og getur hún fallizt á þær breyt., sem gerðar hafa verið í Nd., en ber þó fram eina brtt. á þskj. 529, sem er um það, að tollur af prjónavoðum verði 20% í stað 30%. Fjhn. vill mæla með brtt. 529 og einnig, að frv. að öðru leyti verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 529 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 535).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 556).

---

58. Bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjörð.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað (þmfrv., A. 492).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Ég vildi bara fyrir hönd okkar félaganna lýsa yfir því, að við vorum á móti þessum lögum, þegar þau voru sett, og að ég er enn á móti þeim, og það því fremur, sem það lítur út fyrir, að nú rakni úr fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, þegar hann getur farið að leggja skatt á togaraútgerðina. Ég tel það rétt, að þessi nefskattur falli niður um leið og sú breyting verður gerð, að togarafélögin hætti að vera skattfrjáls.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég vildi segja aðeins örfá orð. Frv. þetta er flutt af fjhn. og er í beinu sambandi við frv. um að fella niður skattfrelsi útgerðarfélaganna. Í lögum þeim, sem hér um ræðir, er það gert að skilyrði, að þau lög skuli gilda á meðan lögin um skattgreiðslur útgerðarfélaga eru í gildi. Nefndin leit svo á, að rétt væri, að stjórnin fengi að kveða á um það, hvort þessi lög um bráða-

birgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjörð ættu að falla alveg niður, og ég hygg, að útlitið í kaupstöðunum, bæði Hafnarfirði og annarstaðar, sé ekki svo glæsilegt, að bæjarfélögunum muni veita af sínu. Eins og segir í grg., er þetta frv. um að framlengja lögin, þrátt fyrir það, þótt frv. um að fella úr gildi skattfrelsi útgerðarfyrirtækjanna næði fram að ganga. Hefir ríkisstj. það í hendi sinni, hvort hún telur kaupstaðinn þurfa á þessum tekjustofni að halda eða ekki, og telur nefndin það rétt, að stjórnin hafa þessa heimild eins og nú er útlitið í kaupstöðunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:2 atkv.
2. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Eins og menn sjá af þskj., þá er ekki farið fram á annað en að l., sem sett voru 1938 um þessa bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, fái að gilda áfram, þannig að undanskilja megi útgerðarfyrirtæki í Hafnarfirði útsvarsálagningu svo lengi sem samþykki ríkisstj. fæst til þess. Það er m. ö. o. á valdi ríkisstj., hve lengi hún vill lofa Hafnfirðingum að halda þessu áfram. Það er skýrt tekið fram í grg., hvers vegna þetta er gert, og þarf ég ekki að rökræða það frekar, enda vil ég ekki tefja umr., en vil vonast til þess, að hv. d. og sú n., sem fær það til athugunar, sýni frv. jafnmikla velvild og skilning og hv. Nd. hefir gert og láti það ganga sem fyrst fram. Ég tel réttara að taka það fram, að ég tel þetta ekki vera neitt stórmál og þurfi eiginlega ekki að fara til n., en ég mun ekki gera það að ágreiningsatriði, ef einhver stingur upp á, að svo verði gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Ég legg til, að málinu sé vísað til fjhn., þar sem frv. um breyt. á l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja er ekki enn komið til d., en ég tel, að þessi mál eigi að vera samflota.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 492, n. 528).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Við 1. umr. þessa máls skýrði hv. þm. Hafnf. málið, og tel ég óþarft að taka það upp, sem hann sagði þá. Fjhn. hefir haft málið til athugunar, og lítur hún svo á, að Hafnarfjarðarkaupstað sé þörf á því að fá að halda þeim rétti, sem hann hefir haft til þess að leggja nokkurt gjald á umferðina milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þrátt fyrir það, þó að fyrirhuguð breyt. verði gerð um útsvarsgreiðslu togarafyrirtækja. Og þrátt fyrir það, þó að n. kunni ekki sem bezt við þessa álagningaraðferð, þá lítur hún svo á, vegna nauðsynjarinnar, sem Hafnfirðingum er á þessu, að rétt sé að samþ. þetta frv., og mælir með því óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 561).

---

59. Gjaldeyrisverzlun o. fl.

Á 10. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (þmfrv., A. 61).

Á 12. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Magnús Jónsson):** Það málefni, sem um er fjallað í þessu frv. á þskj. 61, er svo alkunnugt mál og svo gamalt og hefir svo mikið verið um það rætt og ritað, að ég sé enga ástæðu til að fylgja því úr garði með neitt langri ræðu.
Ég býst við, að mörgum hafi þótt eðlilegt, úr því að ekki hefir náðst samkomulag eða lausn á þeim ágreiningi, sem hefir verið í þessum málum, að fram komi í þinginu einhver tilraun til að fá lausn á málinu, sem gæti orðið til þess, að um það skapaðist nokkur friður, og það er beinlínis til að greiða fyrir því, að þm.

Sjálfstfl. hafa komið sér saman um að flytja frv. á þessa leið, sem við þm. þessarar d. höfum nú borið hér fram.

Það munu allir sjá, sem lesa þetta frv., að það er borið fram beinlínis til samkomulags. Það mætti kannske segja um það eins og ég hefi heyrt, að sagt sé um réttlåta dóma, að það sé einkenni þeirra, að báðir aðilar séu óánægðir. Ég get vel trúað því, að þetta frv. sé þannig, að í raun og veru sé enginn sérstaklega ánægður með það. A. m. k. er það víst um ýmsa af flm. þess. Þeirra afstaða til þessa máls er þannig, að þeir mundu út af fyrir sig telja aðra lausn á málinu réttari heldur en þá, sem farið er fram á í þessu frv. En það stafar sem sagt af því, að þetta er tilraun, mjög alvarleg tilraun, til þess að fá samkomulag um málið, fá frið um málið, fá skipun á því, sem væri þannig, að hún gæti orðið að einhverju leyti til frambúðar.

Eins og frv. ber með sér, ganga ákvæði þess í þá átt, að halda að mjög verulegu leyti óbreyttum ákvæðum núgildandi l. um þetta efni. Innflutnings- og gjaldeyrishöftum er haldið og sömuleiðis n. þeirri, sem með þessi mál hefir farið, en skipulagi hennar aðeins breytt að nokkru leyti, og á þann hátt, sem líkur mega vera til, að maður gæti fengið endanlegri lausn en þá, sem fengizt hefir hingað til.

Það mætti ef til vill vænta þess, að ef fara ætti að breyta framkvæmd á innflutnings- og gjaldeyrisfyrirkomulaginu, þá mundu vera í þessu frv. margbrotnar reglur um, hvernig starfa skyldi í þessu máli. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að mér hefði fundizt eðlilegt, að þegar í stað, þegar gjaldeyrislögin voru sett, þá hefðu verið settar mjög ýtarlegar reglur og skýrt út í yztu æsar, eftir því sem hægt hefði verið til þess að tryggja sem allra réttlátlegasta framkvæmd. Það er þó ekki þessi leið, sem farin er í frv. því, sem hér liggur fyrir, heldur er lagt til, að sú breyt. ein verði á skipun n., að þessi mál verði meira lögð í hendur þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, og er leitazt við að skipta því þannig á milli þessara aðila, að sem allra sízt þurfi að koma til árekstra. Lagt er til, að í n. verði fækkað um tvo menn, og er það gert í þeim beina tilgangi, að þeir aðilar, sem hér eiga sérstaklega hlut að máli, þ. e. a. s. kaupmenn og samvinnufélög, fái í raun og veru aðalúrslitavaldið um, hvernig fer um innflutning þeirra vara, sem á annað borð eru innflutningshömlur á, án þess þó að milliríkjasamningar eða annað þess háttar komi þar inn í. Þriðja manninn á svo að skipa í n. eftir samkomulagi ráðh., sem vitaskuld stafar af því, að nú starfar hér samvinnustjórn þeirra flokka, sem málum ráða á Alþingi, og mætti því vænta þess, að sá maður, sem þeir útnefndu sem oddamann, yrði valinn þannig, að hann væri vel til þess fallinn að miðla málum, ef þörf væri á, milli þessara tveggja aðila, fulltrúa kaupmanna og samvinnumanna. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég er ekki svo viss um, að þetta málamiðlunarstarf þyrfti að vera svo erfitt. Ég hefi nokkuð mikla tröllatrú að óreyndu á, að þessir aðilar muni skipa sem fulltrúa sína í þessa n. menn, sem hefðu svo gott yfirlit yfir málin og svo mikla ábyrgðartilfinningu, að þeir komi sér saman um einhverjar heilbrigðar og góðar reglur fyrir úthlutuninni. En ef þeir eiga erfitt með að koma sér saman um eitthvert ákveðið mál, þá get ég ekki hugsað mér heppilegri skipun á manni til að miðla þarna málum en að fulltrúar þessara þriggja flokka í ríkisstjórninni komi sér saman um þennan eina mann. Ég skal játa, að með þessu er málinu, þó að samþ. yrði, stefnt í vissa hættu, því að hér er stj. í raun og veru gefið nokkurskonar synjunarvald um, að þessi l. komi til framkvæmda, en ég vil engan veginn að óreyndu álíta, að þeir menn, sem hafa á annað borð verið valdir til samvinnu í ríkisstj. og hefir fram að þessu tekizt að vinna saman í mjög vandasömum málum og við vonum að geti það einnig í framtíðinni, að þeir strandi á þessu eina skeri og finni engan mann, sem þeir treysti til að koma fram sem hæstaréttardómara og miðla sól og regni, eftir því sem hann teldi réttlátt, milli þessara aðila. Ég vil sem stjórnarstuðningsmaður ekki álíta, að í stjórnarsessi sitji þeir menn, sem vilji láta eins þarft mál stranda á því. Ég held, að svo framarlega sem þetta mál nær samþykki Alþ., þá standi á bak við það sá vilji hjá stj., sem mundi sýna sig í því, að hún mundi velja heppilegan mann í þennan sess. Ég er ekki að segja, að þetta yrði eina hlutverk þess manns, sem stj. kæmi sér saman um að skipa í n. Auðvitað er hans starf að vinna fullkomlega að þessum málum, ekki eingöngu að ágreiningsatriðunum, heldur málunum í heild sinni. Ég vil segja, að þessi maður yrði fulltrúi þriðja aðilans, ég vil segja stærsta aðilans, en það eru neytendurnir, sem svo eiga að taka við og nota þær vörur, sem fluttar eru inn í landið, sem ég vil segja, að hafi stærstan og mestan rétt í þessu máli öllu saman. Það má segja, að það sé ekki stærsta atriðið, hvort vörurnar eru fluttar inn af einum eða öðrum, heldur að þær séu fluttar inn skynsamlega og miðlað þannig, að eðlilegar vörur fyrir eðlilegt verð séu fluttar inn fyrir þann gjaldeyri, sem á annað borð fellur til. Það verður verkefni allra þessara manna, og þá ekki sízt þess manns, sem er útnefndur af stj., að sjá um, að verzlunin undir höftunum verði sem eðlilegust og heppilegust fyrir neytendur.

Það, sem er svo breytt hér út af, er það, að tveir af þeim fulltrúum, sem hingað til hafa verið í n., hliðstæðir hinum, verði þar áfram, en ekki hliðstæðir hinum. Þeir fulltrúar, sem bankarnir skipa þar eftir þessu frv., hafa þarna algerða sérstöðu. Þeir eru eftir frv. ekki skipaðir af ríkisstj., heldur af stjórnum bankanna. Þeir eru þar, getur maður sagt, til hægðarauka, til þess að bankarnir geti þá strax sagt til um það, sem þeir verða að segja til um á sínum tíma, en það er, hversu mikinn gjaldeyri þeir sjá sér fært að láta til þeirra hluta, sem n. ákveður um, þ. e. a. s. til að kaupa þær vörur, sem heyra undir valdsvið n., vörur, sem eru ekki ákveðnar með samningum milli ríkja. Mér finnst þetta alls ekki óeðlilegt fyrirkomulag. Það er í raun og veru ekki fyrst og fremst í verkahring bankanna að ákveða um, hvaða vörur sé mest þörf á að flytja til landsins. Reyndar getur

maður sagt, að það sé í bankanna þágu að því leyti að halda við ýmiskonar fyrirtækjum, sem þeir hafa sett fé í, en ýmislegt af þeim heyrir ekki undir n., það eru frjálsar vörur, sem heyra undir verksvið annara, en maður verður að ganga út frá, að saman falli alþjóðarhagur, sem n. verður að ganga út frá, og hagur bankanna. En það sjálfsagða verkefni, sem ómögulegt er að taka af bönkunum, er það, að ákveða um þann gjaldeyri, sem nú eftir l. er skylt að afhenda bönkunum til meðferðar. Það er lögskipaður réttur bankastjóranna, og það er ekki hægt að „disponera" fyrir þá nema með undirskrift bankastjóranna. Það var því í sjálfu sér engin nauðsyn að hafa fulltrúa þeirra í n., því að þetta hefði alltaf komið til bankanna kasta hvort sem var, en það er áreiðanlega hentugast, að fulltrúar þeirra séu með í starfinu og kynnist því, þó að þeir taki ekki þátt í því með atkv. sínu.

Þetta er aðalefnið og aðalbreyt. þær, sem gerðar eru með frv. Ég vil segja, að ég held, að við flm. gætum frekar legið undir ámæli fyrir, að nokkuð lítið efni væri í þessu frv., heldur en að við viljum vaða hér inn í með einhverju offorsi. Ég skal fúslega viðurkenna, að árangur þessa frv., þótt að l. yrði, er að miklu leyti undir því kominn, hversu maklegir þessir aðilar eru þess trausts, sem Alþ. sýndi þeim, ef það samþ. þetta frv.

Þá er önnur breyt. í 3. gr. frv. Það eru meira starfsreglur og sumpart það, sem ekki verður hjá komizt. Það er vitanlegt, að stj. verður að ákveða, hverjar vörur skuli vera frjálsar og sömuleiðis hvaða vörur er talið nauðsynlegt að banna alveg. Nú eru þau ákvæði í frv., að stj. geti ákveðið þetta. Það er alveg meiningarlaust, að það þurfi að koma til kasta stj. um eitthvert smávægilegt ákvæði, en stj. hefir valdið og getur, hvenær sem hún vill, gripið inn í. Sömuleiðis er stj. sjálfsagður aðili til að segja til um, hvers millirikjasamningar krefjast í þessu efni. Ég held því, að þessi þriðji fyrri liður geti naumast orkað tvímælis. Ég býst varla við, að neinn fari að rísa upp og hafa á móti því, að innflutningnum sé skipt réttlátlega niður og sama reglan sé látin gilda, hver sem í hlut á. Ég ætla a. m. k. ekki að mæla frekar fyrir því, fyrr en ég heyri andmæli gegn því, að það sama eigi hér að ganga yfir alla.

Þetta er þá efni frv. Ég skal ekki fjölyrða um það frekar. Ég held, að það yrðu nokkur vonbrigði, ef þingið gæti ekki komizt að niðurstöðu á þeim grundvelli, sem hér er um að ræða. Það ákveður náttúrlega hver fyrir sig, hvað hann telur forsvaranlegt að ganga langt í þessu efni, en ég tel, að þeir menn taki á sig nokkra ábyrgð, sem vilja setja það samstarf, sem nú er, í hættu út af ekki ósanngjarnari till. en þeim, sem hér liggja fyrir, og það er áreiðanlega hættulegt fyrir samstarfsgrundvöllinn, að einhver flokkur mála sé þar sí og æ að þvælast fyrir óleystur. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að það voru þessi mál, sem nálega höfðu komið í veg fyrir, að þessi samvinna gæti tekizt, og það getur verið, að menn séu mismunandi ánægðir yfir, að hún tókst. Við höfum, með því að bera þetta frv. fram, lýst okkar skoðun á, hvernig sem við lítum á, að þessi samvinna tókst, að hún eigi að haldast, því að það hlýtur að vera öllum ljóst, að það mál, sem nærri því hafði komið í veg fyrir samvinnuna, hlýtur að geyma í sér talsverða hættu fyrir samvinnuna, meðan það er óleyst. Það er mjög einlæg ósk mín, að þetta mál fáist leyst, svo að það fái í framtíðinni greiðari og hljóðaminni framkvæmd en verið hefir hingað til.

Svo er það till. mín, að þessu máli verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og fjhn. Ég hefi borið það undir nokkra menn, í hvaða n. þetta mál ætti að fara. Allshn. gæti líka komið til greina, en ég býst við, að mál eins og gjaldeyrismálin hafi aldrei verið látin heyra undir aðra n. en fjhn.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Áður en ég vík að einstökum ákvæðum þessa frv., vil ég gera nokkra almenna grein fyrir því, hvernig ég lít á þörfina fyrir, að eins og nú standa sakir séu innflutnings- og gjaldeyrishömlur.

Það er rétt, sem hv. flm. tók fram, að þetta frv. kemur ekki inn á það mál út af fyrir sig, hvort slíkar hömlur séu nauðsynlegar eða ekki. En eigi að síður getur verið gott að rifja það upp fyrir sér, því að ef engin þörf væri á því, þá mundu menn ekki gera sér að leik að hafa til framkvæmda slíkt mál, sem auk þess er alltaf nokkur ágreiningur um. Það kemur stundum fyrir, að menn telja þessi afskipti óþörf, vegna þess, að ástandið er í verulegum atriðum breytt frá því sem var, þegar hægt var að fá hingað til lands vörur með gjaldfresti. Nú sé þessu ekki lengur til að dreifa, og því megi losna við mikið af þessu umstangi. En ég tel samt, að þetta sé ekki hægt, og vil ég gera nokkra grein fyrir ástæðunum til þess og jafnframt skýra það, hvers vegna ég og Framsfl. erum þeirrar skoðunar, að þetta eftirlit sé nauðsynlegt.

Ef vörur fást frá útlöndum með gjaldfresti, er hægt að flytja þær inn í landið án þess að þeir, sem hafa umráð með gjaldeyrinum, geti fylgzt þar með eða haft fullt yfirlit um innflutninginn. Og þó að nú sé minna flutt til landsins gegn gjaldfresti en áður var, er þetta þó ekki horfið og ekki útilokað, að það geti aukizt aftur á næstunni. Og ef hægt er að fá til landsins vörur, sem afhentar eru á skipaafgreiðslunum gegn greiðslu út í hönd, þá er ekki heldur hægt fyrir þá, sem gjaldeyrinum ráðstafa, að fá fullt yfirlit um innflutninginn. Á meðan hugsanlegt er, að vörur verði fluttar til landsins með þessu móti, virðist ekki hægt að hafa hönd í bagga með þessu nema því aðeins, að innflutningsleyfa sé krafizt. Svo er það, að ef hægt er að fá gjaldfrest, þá á það einkum við um þær vörutegundir, sem helzt er hægt að komast hjá að kaupa. Það myndi því mjög raska innflutningnum frá því, sem æskilegast væri, ef ekki þyrfti innflutningsleyfi fyrir þessar vörur, og myndi af þessu stafa glundroði um notkun gjaldeyrisins og jöfnun hans milli innflytjenda, því að þegar varan er komin til landsins og skuldin stofnuð, vilja menn leggja sig í líma til að greiða hana, enda venjulega

mjög rekið eftir af þeim, sem vöruna hafa flutt til landsins, að fá greiðsluna. Og reynsla undanfarinna ára sýnir, að vöruskuldir, sem kaupendur geta að vísu greitt í íslenzkum krónum, en fá ekki yfirfærðar, eru yfirleitt skoðaðar sem skuldir þjóðarinnar. Þetta er okkur sérstaklega kunnugt, af því að undanfarin ár hafa verið uppi miklar bollaleggingar um að taka gjaldeyrislán til greiðslu á slíkum skuldum.

Það er því ljóst, að ef hægt er að flytja til landsins vörur án staðgreiðslu, þá er ekki hægt að komast hjá því að krefjast innflutningsleyfa, þá er ekki nóg að hafa gjaldeyriseftirlit, því að varan getur verið komin til landsins áður en leita þarf eftir gjaldeyri fyrir hana, eða þetta getur verið búið að binda þannig, að vart verði komizt hjá greiðslu.

En hugsum oss hinsvegar, að svo væri komið, að alls engar vörur fengjust til landsins nema gegn staðgreiðslu. Margur mun halda, að þá væri hægt að losna við innflutningsleyfin, því að þá væri ekki hægt að ákveða innflutninginn fyrr en greiðsla væri tryggð. En eftir mínu viti þyrftu þó sömu forsendur að vera fyrir hendi, þegar til þess kæmi að ákveða, hversu miklu skyldi úthluta af gjaldeyri og hverjir skyldu hljóta hann, eins og þegar um er að ræða að skera úr um það, hvaða vörur skuli flytja inn og hversu mikið skuli falla í hlut hvers innflytjanda. Ef gjaldeyrisástandið er svo, að ekki er hægt að flytja inn ótakmarkað, þá er sami vandinn uppi á teningnum um úthlutun gjaldeyrisins sem nú um úthlutun innflutningsleyfanna. Það yrði ekki minni vandi að leysa úr þessu. Myndi verða að leysa sömu verkefni í sambandi við greiðsluna og innflutningsn. verður nú að leysa í sambandi við innflutninginn. Ef þetta yrði ekki gert af handahófi, heldur miðað við það, hvaða vörur teljast nauðsynlegar, sýnast mér þeir, sem þetta eiga að gera, verða að hafa samskonar reynslu og gögn og innflutningsn. hefir nú. En ég get ekki hugsað mér, ef takmarka á innflutninginn á annað borð, að komizt verði hjá slíku eftirliti. Og á meðan viðurkennt er, að innflutninginn verður að takmarka, en gjaldeyrir hinsvegar ekki nægur til að greiða allt það, sem beðið er um, virðist mér verða að hafa þá aðferð að veita innflutningsleyfi fyrirfram eða gjaldeyrisleyfi. Samskonar kerfi þyrfti þá líka að hafa, þó að bankarnir önnuðust leyfisveitingarnar, annaðhvort einir eða ásamt ríkisstj. Í báðum tilfellum held ég, að þetta kerfi yrði að vera svipað og nú er.

Þetta voru aðeins fá inngangsorð frá mínu sjónarmiði og Framsóknarflokksins, en frá því sjónarmiði er óhjákvæmilegt að hafa þetta eftirlit. En við vildum geta losnað við það smám saman, ef fjárhagsástæður leyfa. Þetta vildi ég taka fram, enda þótt það snerti ekki frv. beinlínis.

Í frv. eru aðallega þrjú atriði, sem máli skipta. Í fyrsta lagi það, að í stað þess að ná eru þrír af fimm fulltrúum í gjaldeyrisn. skipaðir af ráðh. þeim, sem fer með gjaldeyrismál, skulu nú tveir skipaðir af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Verzlunarráði Íslands, en hinn þriðji af ríkisstj. allri. Ég skal víkja að því, hvort það muni til bóta, að í stað tveggja stjórnskipaðra fulltrúa komi menn skipaðir af Verzlunarráðinu og Sís. Verkefni gjaldeyris- og innflutningsn. er ekki fyrst og fremst að skera úr um það, hverjir skuli flytja inn vörur, eins og hv. flm. virðast gera ráð fyrir, heldur að ákveða, hve mikið skuli flutt inn af vörum og hvaða tegundir skuli sitja fyrir, ef ekki er hægt að flytja inn allt, sem óskað er eftir og þörf er á. Meðal verkefna, er n. fær til úrlausnar, er til dæmis það að ákveða, hvort flytja skuli inn efni til nýrra framkvæmda, báta, vélar og svo framvegis. Það er ekki nema nokkur hluti þessa starfs snertandi verkahring Verzlunarráðsins eða Sís, og sá hlutinn, sem ekki snertir verkahring þessara stofnana, er mikill þáttur í starfi n., en það eru þær almennu ákvarðanir, er ég tel, að n.menn geti ekki framkvæmt nema sem umboðsmenn ríkisvaldsins. Til dæmis er það atriði, hverjar vörur skuli sitja fyrir, þegar innflutningur er ákveðinn, svo mikilsvert mál, að það snertir í rauninni allan almenning í landinu, og hlýtur það að vera ríkisvaldsins að skera úr um það. Ríkisvaldið ber ábyrgð fyrir Alþingi, og það er mikilsvert, að þeir menn, sem eiga að ákveða þetta, beri ábyrgð fyrir Alþingi, en það gerir hvorki Verzlunarráðið né Sís. Því tel ég þessa breytingu ekki vera til bóta.

Annar þáttur í þessu starfi, sem að vísu snertir að nokkru Verzlunarráðið og Sís, er það, er til þess kemur að skipta innflutningi milli innflytjenda, en það er aðeins einn þátiturinn. Ég vil skjóta því hér fram til athugunar, hvort ekki mætti haga þessu svo, að þótt þessar stofnanir ættu ekki beinlínis fulltrúa í n., þá væri leitað til þeirra þegar kæmi að þeim verkefnum, er sérstaklega snerta þeirra verkahring. Þá væri til dæmis formaður gjaldeyrisn. tengiliður milli n. í heild og þessara aðila, og mætti þannig reyna til þrautar, hvort ekki væri hægt að sameina sjónarmið þessara hlutaðeigenda.

Þá er annað atriði frv., að þriðji maðurinn í n. skuli skipaður af allri stj., í stað þess, að hann sé skipaður af þeim ráðh., sem með þessi mál fer. Ég hygg, að þetta sé algert nýmæli í okkar löggjöf. Það mun ekki þekkjast, að ráðh., sem ber pólitíska ábyrgð á ákveðnum málum, hafi ekki endanlegt úrskurðarvald um það, hverjir starfi í hans umboði að þessum málum. Þegar í l. stendur, að ríkisstj. skuli skipa þessa eða hina starfsmenn, þá er ætíð átt við það, að hlutaðeigandi ráðh. skuli gera þetta, og það er alltaf svo, að hver ráðh. ber ábyrgð á þeim málum, er undir hann heyra, en ekki allir ráðh. fyrir einn. En þetta fyrirkomulag, sem í frv. er stungið upp á, myndi þýða það, að sá ráðh., sem ber ábyrgð á gjaldeyrismálunum, ætti engan fulltrúa í n. þeirri, er um þau fjallaði, og hefði í rauninni ekkert um þau mál að segja. Hitt er annað mál, þó að þessu sé svo háttað sem ég hefi lýst, að hver ráðh. beri ábyrgð á þeim málum, er heyra undir hans stjd., að í samsteypustj. er það ætíð svo, að menn bera saman bækur sínar og reyna að komast að samkomulagi eftir því, sem hægt er.

Þá vantar í frv. ákvæði um það, hversu með skuli fara, ef ekki næst samkomulag innan stj. um þetta atriði. Hv. 1. þm. Reykv. kvaðst ganga út frá því, að enginn ágreiningur myndi koma hér upp. En ef skoðanamunurinn um þessi mál almennt er eins djúptækur og hann vildi vera láta, er ekkert líklegra en það, að ágreiningur yrði einmitt um þennan oddamann, og fæ ég ekki séð, að með þessu fyrirkomulagi yrði komizt hjá slíkum ágreiningi.

Loks er gerð breyting á afstöðu bankanna í n. Þetta getur að vísu verið til athugunar, en ég tel, að óhægt myndi að koma við þessari starfsskiptingu. Ég tel það ekki útilokað, að bankarnir hafi aðeins atkvæðisrétt um heildarupphæð þess gjaldeyris, er úthluta skal, en þetta þarf þó nánari athugunar við. Mér finnst þó, ef þetta fyrirkomulag verður tekið upp, ekki ástæða til að hafa þetta svo fast bundið, að bankarnir geti þar sagt hið endanlega orð.

Annarstaðar, þar sem haldið er uppi slíkum hömlum sem hér, eru þessi mál framkvæmd fyrst og fremst á ábyrgð ríkisstj. þeirra, er með völdin fara í hvert sinn, en eftir frv. á ríkisstj. aðeins að hafa í n. einn fulltrúa af þrem, eða réttara sagt fimm, fjórir væru frá stofnunum, sem ekki bera ábyrgð gagnvart Alþingi, og sá ráðh., sem ber pólitíska ábyrgð á þessum málum, á ekki að hafa neinn fulltrúa í n. og ekki íhlutunarrétt um störf hennar. Í Danmörku er þessu svo háttað, að í l. er gert ráð fyrir, að endanleg áætlun um innflutningsleyfi verði að samþ. af ráðh. þeim, sem þessi mál heyra undir. Og þegar það er athugað, að þær ákvarðanir, sem gerðar eru í þessum málum af n., snerta alþjóð manna meira en flest þau l., sem gefin eru út af Alþingi eftir þrjár umr., þá verður það að teljast alveg sjálfsagt, að Alþingi geti komið ábyrgð á þann aðila, sem með þessi mál á að fara í hvert sinn. En það er aðalgallinn á þessu frv., að valdið er hér fært til aðila, sem ekki bera pólitíska ábyrgð gagnvart Alþingi. Hér við bætist svo nauðsyn þess, að fulltrúar þeir í n., sem skera eiga úr um þessi þýðingarmiklu mál, þurfi ekki að líta á sig sem fulltrúa ákveðinna stofnana, því að hagsmunir slíkra stofnana, þótt merkar séu, geta oft rekizt á hagsmuni þjóðarheildarinnar, til dæmis þegar um það er að ræða að ákveða, hve mikill vöruinnflutningur skuli leyfður í einstökum greinum. Að þessu leyti fer frumvarpið ekki í rétta átt. Ég tek til dæmis bankana, sem verður að líta á sem mjög konservatívar stofnanir um úthlutun gjaldeyrisleyfa, því að þeir verða meira varir við gjaldeyrisvandræðin en aðrir. En þeir eru þó engan veginn lausir við önnur sjónarmið, sem togast á við þetta. Engir eru reyndar alveg lausir við slíkt, en því háðari sem fulltrúarnir eru einstökum stofnunum, því meiri hætta er á því, að þeir muni taka einhliða tillit.

Þá ætla ég að lokum að fara nokkrum orðum um 3. gr. frv. Þar er sagt, að n. skuli skipta innflutningnum milli skrásettra innflytjenda hverrar vörutegundar, sem takmarkaður er innflutningur á, og fari skiptingin milli verzlana í landinu (kaupfélaga og kaupmanna) fram eftir sömu reglu. Þetta ákvæði lítur að vísu sanngjarnlega út, en það verður þó að teljast mjög vafasamt, hvort þetta ákvæði samrýmist núverandi úthlutunarreglum innflutnings- og gjaldeyrisnefndar. En hingað til hefir ekki verið bent á aðra tilhögun, er betur tryggði rétt neytenda til þess að velja á milli verzlana, og það ber að telja þýðingarmesta atriðið.

Þá vil ég aðeins að lokum beina þeirri spurningu til hv. flm. þessa frv., hvort hann telur, að núverandi starfsreglur innflutnings- og gjaldeyrisnefndar geti samrýmzt þessu ákvæði frv. Ég tel þetta atriði einnig athugandi fyrir þá n., sem fær þetta mál til meðferðar.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég ætla ekki að víkja neitt sérstaklega að deilumálinu í sambandi við innflutningshöftin, heldur aðeins víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu og þeim breyt., sem það hefir að geyma á því skipulagi, sem nú gildir. Ég vil einnig greina afstöðu Alþfl. til þessa máls. Ég kem þá að höfuðatriðinu í frv., þ. e. hvernig nefndin skuli skipuð. Það er gert ráð fyrir, að það verði með nokkuð öðrum hætti en áður hefir verið. Það er gert ráð fyrir, að n. verði skipuð þrem mönnum, þannig að einn sé skipaður eftir tilnefningu verzlunarráðs Íslands, einn eftir tilnefningu S. Í. S. og einn með samkomulagi milli ráðh., og skal hann vera oddamaður. Í grg. frv. er talað um það, að þeir aðilar, sem hér eigi einkum hlut að máli, séu kaupmenn og kaupfélög. Þessari skoðun er Alþfl. ekki samþykkur. Hann álítur, að þetta mikla vandamál, innflutningurinn til landsins snerti miklu fleiri aðila en kaupmenn og kaupfélög. Þetta mál varðar ekki hvað sízt neytendurna í landinu. Það má líka minna á heilar stéttir, sem hafa hér mikilla hagsmuna að gæta, t. d. iðnaðarmenn og útgerðarmenn. Iðnaðarmönnum er það hagsmunamál að fá vörur til landsins, til þess að geta haldið áfram iðn sinni. Útgerðarmenn þurfa að fá vörur til þess að geta haldið áfram útgerðarstarfsemi sinni. Þess vegna held ég, að það sé ekki hyggilegt að miða innflutninginn eingöngu við kaupmenn og kaupfélög, jafnvel þó að einn maður væri oddamaður af ríkisins hálfu. En sá galli er á skipun þessa oddamanns, eins og hæstv. viðskmrh. benti á, að það gæti orðið nokkuð örðugt í framkvæmd að koma þessari skipun á. Það hefir verið þannig frá upphafi þessara mála, að í gjaldeyrisnefnd hefir verið einn maður, sem hefir varið sjónarmið neytenda í landinu, og ég álít, að hann megi alls ekki hverfa úr gjaldeyrisnefnd. En ég álít, að nokkur hætta geti verið á því, eftir þeirri skipun, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil þess vegna lýsa yfir þeirri skoðun Alþfl., að hann er ósamþykkur þeirri nýbreytni, sem hér er lagt til um skipun n. Rökin fyrir þessu máli eru þau, að það eru svo margir menn í landinu, sem þetta varðar, sem eiga rétt á því, að þeirra hagsmuna sé gætt. Alþfl. telur, að með þessari skipun n. geti réttur neytenda orðið algerlega fyrir borð borinn. Ég vildi strax í upphafi lýsa þessari almennu afstöðu Alþfl., án þess að víkja sérstaklega að þeirri deilu, sem

staðið hefir milli kaupmanna og kaupfélaga um skiptingu innflutningsins milli þessara tveggja aðila. Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja að því atriði nú sérstaklega. Ég álít, að það ætti að vera möguleiki til þess, að því yrði þannig fyrir komið, að báðir aðilar mættu við una.

Ég læt svo þessi orð nægja um afstöðu Alþfl. til þessa máls, að hann er andvígur þeirri skipun n., sem hér er farið fram á með þessu frv. Alþfl. telur, að leggja beri höfuðáherzlu á það, að það sé tryggt, að í n. sé fulltrúi almennings í landinu, sem gæti þess, að réttur hverrar stéttar um sig sé ekki fyrir borð borinn, og ekki ráði eingöngu sjónarmið þeirra manna, sem fyrst og fremst hugsa um innflutninginn sjálfan og sjá um dreifingu hans meðal landsmanna.

***Flm. (Magnús Jónsson):** Ég get í raun og veru verið hæstv. viðskmrh. þakklátur fyrir undirtektir hans um málið almennt. Hann andmælti á engan hátt þessari tilraun, sem hér er gerð til þess að fá lausn á þessu máli, enda þótt hann hreyfði nokkrum aths. um einstök atriði málsins. Ég heyrði, að hann var því meðmæltur, að þetta mál fengi athugun í n. Við flm. munum að sjálfsögðu ræða nánar ýmis fyrirkomulagsatriði, sem okkur þykja ekki skemma þann megintilgang, sem í frv. felst. Mér heyrðist hinsvegar á hæstv. ráðh., að hann myndi verða mjög óánægður með það, að farið yrði að reyna að losna við þessar hömlur. Það væri annars nógu gaman að vita, hvernig ástandið í landinu ætti að vera, til þess að hæstv. ráðh. segði, að hægt væri að afnema þessar hömlur; það yrði nógu skrítið ástand. Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann áliti, að þessi höft væru eitthvað, sem æfinlega þyrfti að vera. Nei, ég er þarna alveg á öndverðum meiði við hæstv. ráðh. Ég álít, að þessi innflutningshöft séu hreinasta neyðarúrræði, sem við þurfum að losa okkur við svo fljótt sem ástæður leyfa.

Hæstv. ráðh. tók til meðferðar þrjú atriði. Hann talaði um, að skipun n. eftir frv. okkar væri hæpin framför frá því, sem nú er, þar sem þessir þrír menn skyldu ekki lengur skipaðir eftir tilnefningu ráðh. Hann sagði, að það þekktist hvergi, að ráðh., sem bæri hina pólitísku ábyrgð fyrir Alþingi, hefði ekki meðferð málanna í sinni hendi. Annars var mest af því, sem hæstv. ráðh. sagði um skipun n. og ábyrgðina gagnvart Alþ., eintómur orðaleikur. Það, sem hér skiptir máli, er það, hvort n. er líkleg til þess að leysa þessi verkefni, svo að sæmilega fari úr hendi.

Það, sem fyrir mér er aðalatriðið, er það að vita, hvort þeir aðilar, sem hér hefir verið ágreiningur á milli, geta ekki leyst þessi mál sjálfir. Það hafa mörg mál verið leyst þannig. Þetta er smávægileg breyt., en er samt tilraun til þess að leysa þetta mál.

Þá kem ég að því atriði í ræðu hæstv. ráðh., þar sem hann talaði um innflutninginn, og er það miklu veigameira atriði. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að talsverður innflutningur snertir ekki þá aðila, sem frv. ráðgerir, að hefðu framkvæmd þessara mála með höndum, kaupmenn og kaupfélög. Það eru, eins og hæstv. ráðh. benti á, t. d. skip, vélar til iðnaðar o. fl., en þetta ætti að vera hægt að tryggja betur í meðferð málsins í þinginu.

Þá er annað atriði, er ráðh. minntist á og ég get skilið, að honum sem viðskmrh. sé viðkvæmt mál. Ég get vel ímyndað mér, að honum geti fundizt, að verið sé að svipta hann einhverju valdi, og sennilega þá um leið ábyrgðinni á þessum málum. Hann sagði, að þess mundu engin dæmi í íslenzkri löggjöf, að maður væri skipaður í embætti án þess að hann væri skipaður af ráðh. eða á hans ábyrgð. Ég skal ekki fullyrða neitt um þetta. Ég er ekki svo lögfróður, að ég viti, hvort þetta er í l. Ég hefi séð, að í frv. er talað um, að skipun ákveðinna manna skuli fara fram á ráðherrafundi. Ég má segja, að í frv. um hæstarétt, þá hafi verið talað um, að skipun hæstaréttardómara skuli fara fram á ráðherrafundi. Ég þori ekki að fullyrða, hvort það hefir verið sett þannig í l. Ég veit, að fjöldi manna, sem skipaður er í embætti, er skipaður með samkomulagi milli ráðh. Við skulum taka t. d. útflutningsnefnd. Ég hygg, að hún sé skipuð af einum ráðh. með fullu samkomulagi hinna, og hygg ég, að það sé gert án þess að rýrt sé nokkuð vald eða ábyrgð þess ráðh., sem sérstaklega fer með þann málaflokk. Ég veit ekki, hvernig þetta verður skilið hér, hvort ráðh. eigi allir að skrifa undir skipun oddamanns.

Þegar í l. stendur, að hæstiréttur skuli tilnefna oddamann, þá er ekki tekið fram, á hvers ábyrgð það skuli vera. Það gæti verið, að hæstiréttur væri skipaður 5, 7 eða 9 mönnum, sem samt ættu að skipa oddamann.

Það er ómögulegt, að ríkisstj. ein sé þannig skipuð mönnum, að þeir geti ekki komið sér saman um nokkurn hlut. Það mætti sjálfsagt ákveða það í l., að skipunin væri undirskrifuð af viðskmrh. Slíkt er algengt, en það þótti einkennilegt, þegar það kom fram fyrst. Pétur biskup spurði, þegar það var leitt í l., að löglega kosinn prestur skyldi skipaður prestur, hvað ætti að gera með að skipa þá, þar sem það væri skylda.

Það eru því fordæmi fyrir því, að einn aðili ræður, en annar skal skipa. Hér er að ræða um þá aðferð, að samkomulag verði um þetta milli ráðh., en hinsvegar getur einn ráðh. skrifað undir skipunina, eða sá ráðh., sem þetta heyrir undir.

Ég get ekki skilið í öðru en ráðh. geti komið sér saman um þetta. Ég verð að segja fyrir mig, að ég held, að ég missi allt traust á ríkisstj., ef svona mál á að stranda á því, að ráðh. geti ekki komið sér saman um að skipa einn mann í þessa nefnd. Það er mikið undir því komið, að þarna sé að ræða um mann, sem hefir traust beggja aðila.

Hæstv. ráðh. sagði, að stj. gæti eins leyst þetta mál eins og skipað þennan mann. En mér finnst það mikill munur, hvort flokkarnir koma sér saman um ákveðna lausn í eitt skipti fyrir öll á þann hátt að skipa oddamann, sem gæti miðlað á milli, svo góð samvinna gæti verið í nefndinni. Hér er búið að færa sviðið svo mikið

saman, að það er ekki ábyrgðarlaust, ef menn geta þá ekki komið sér saman. Mér er spurn: Hvernig á þá að leysa ágreiningsmál, ef ekki er hægt að sýna mönnum það mikið traust, að 5 ráðh. eigi að geta komið sér saman um að skipa í ekki svæsnara deilumáli en þetta er, einn mann, sem hafi traust allra til að gera rétt.

Hæstv. ráðh. minntist á afstöðu bankanna og þótti honum þeirra vald allmikið. Mér þótti að því leyti gott að heyra þetta, að ég bjóst jafnvel við, að hann áliti, að bankarnir væru með þessu settir of mikið út úr spilinu. Ég hygg, að þetta sé vald, sem bankarnir hafa, að ráða yfir efnum bankanna. Hér er ákvæðið ekki annað en praktísk ráðstöfun, þar sem bankarnir hafa fulltrúa, sem fylgjast með í þessum málum, til þess að samkomulagið við innflutningsnefnd sé greiðara en annars.

Þá var þriðja atriðið, sem hæstv. ráðh. kom inn á, hinar nýju starfsreglur, sem semja ætti. Hæstv. ráðh. beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort ég teldi, að ef þetta frv. yrði samþ., þá gætu samt starfsreglur gjaldeyris- og innflutningsnefndar að því er snertir höfðatölureglurna verið óbreyttar. Ég get svarað því hiklaust, að allar þær reglur, sem tryggja mönnum réttlæti, fái að vera óbreyttar.

Ég gerði ráðstafanir til þess að fá þessar starfsreglur, svo ég gæti lesið þær, en ég fékk þá að vita, að þær hafa aldrei verið gefnar út. Ég hefi því ekki lesið þær, svo ég tala eins og blindur maður um lit, ef ég á að fara að láta í ljós skoðun mína á því, hvaða áhrif þetta frv. ætti að hafa á þessar reglur. Mér hefir samt skilizt, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði um reglurnar, að þær væru nokkuð einhliða, að þær tryggðu það helzt, að þeir, sem vilja fara frá kaupmönnum og yfir í kaupfél., geti gert það. Mér finnst, að þær eigi eins að tryggja það, að þeir, sem hafa skipt við kaupfélög, en vilja fara yfir til kaupmanna, geti líka gert það. Þær eiga að vera þannig, að menn geti verzlað sem frjálsast með þær vörur, sem flytjast til landsins. Þessar reglur mega heita eins ljótu nafni og menn vilja fyrir mér, ef þær aðeins tryggja þetta. Ég held, að menn hljóti að vera sammála um það, að þessar reglur eigi að vera þannig, að þær tryggi, að menn megi verzla hvar sem er með þær vörur, sem á annað borð eru fluttar til landsins. Þær eiga að tryggja það, að menn geti flutt sig milli verzlana, t. d. frá kaupmönnum yfir til kaupfélaga og líka frá kaupfélögum yfir til kaupmanna.

Ef starfsreglurnar tryggja þetta, þá mega þær vera óbreyttar, annars verður að breyta þeim.

Ég hefi heyrt, að hjá Dönum, sem hæstv. ráðh. vitnaði dálítið í, sé þessu þannig fyrir komið, að þar sé innflutningskvótakerfi, sem jafnframt því að tryggja þeim mönnum, sem flutt hafa inn, áður en höftin komu, hlutdeild í innflutningnum í samræmi við það, sem þeirra innflutningur var, tryggir um leið eðlilega nýsköpun í verzluninni með því að nokkuð af gjaldeyrinum eða innflutningsleyfunum er tekið frá og ætlað til nýrra fyrirtækja eða annars, sem miðla þarf milli til þess að viðskiptin geti verið nokkuð eðlileg.

Mér finnst þetta sannsýnilegasta lausnin til þess að gera sem minnsta árekstra og sem minnsta óánægju.

Mér þykir vænt um þá viðurkenningu, sem hæstv. ráðh. gaf um þetta ákvæði l. Hann sagði, að það liti sæmilega út. Já, það lítur sæmilega út, að ein og sama regla gildi um úthlutunina, hver svo sem í hlut á. Það er þá leiðinlegt að vilja strax gera undantekningar, eins og mér virtist hann vilja. Ég ætla samt ekki að fara út í það, því ég vil forðast yfingar á meðan þetta mál er á ferðinni. Starfsreglurnar eiga að vera þannig, að þær tryggi neytendunum, að þeir geti skipt þar, sem þeim þykir bezt.

Ég vil svo aðeins svara hæstv. félmrh. örfáum orðum. Hann tók einnig líklega í það að sinna málinu og gefa því meðferð í þinginu. Hann andmælti þó einu meginatriði frv., skipun nefndarinnar. Hann sagðist álíta, að þarna kæmu fleiri aðilar til greina en kaupmenn og kaupfélög. Ég tók það greinilega fram í framsöguræðu minni, að ein breyt., sem gerð er, er sú, að stærsta aðilanum, neytendunum, er sleppt. En ég verð að segja, að mér er ekki vel ljóst, hvernig á að koma honum að. Eina ráðið til þess að tryggja rétt neytendanna er að hafa verzlunina alveg frjálsa, ekki einungis þannig, að þeir geti verzlað við hvern, sem þeir vilja, heldur að þeir geti beinlínis pantað vörur frá útlöndum. Hömlur og höft er aldrei hægt að framkvæma öðruvísi en að hafa verzlunarinnflutninginn í höndum innflutningsnefndar, en þar þekkjast ekki aðrir aðilar en kaupmenn og kaupfélög og svo ríkið. Neytendurnir fá ekki að flytja neitt inn. Af þessari einföldu ástæðu er ekki hægt að koma neytendunum að í þessari nefnd.

Hæstv. ráðh. sagði, að neytendurnir ættu einn fulltrúa í nefndinni. Hvað hefir hann gert? Hefir hann tryggt neytendunum rétt til að panta vörur? Ég veit ekki betur en allri verzluninni hafi verið beint til kaupmanna og kaupfél.

Það verður að reyna að tryggja rétt neytendanna með öðru móti, og þá með verðlagsnefnd. Þó að ég hafi að vísu ekki neina tröllatrú á verðlagsefnd, þá held ég, að réttur neytendanna sé raunverulega bezt tryggður með slíkri nefnd, en að því leyti sem neytendurnir geta haft ítök í slíkri nefnd, þá eru þau í gegnum þann mann, sem ríkisstj. skipar. Þegar þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hafa skipað sína menn, þá er eðlilegt að líta svo á, að sá aðili, sem ríkisstj. skipar, sé aðili almennings í landinu, og hann vinnur þar bezt fyrir almenning í landinu með því að tryggja sem réttlátasta úthlutun, svo að þær vörur, sem flytjast til landsins, fáist hjá sem flestum aðilum, sem neytendurnir geta svo valið um að verzla hjá. Það er ekkert annað ráð til þess að tryggja rétt neytendanna á meðan höft eru.

Mér þótti þess vegna leitt að heyra, að hæstv. ráðh. kvað svo sterkt á um það, að Alþfl. væri andvígur þessari skipan nefndarinnar, nema Alþfl. geti þá stungið upp á svo góðri skipan nefndarinnar, að við gætum fallizt á hana. Ég get ekki skilið, að frá sjónarmiði neytendanna sé nokkuð borið fyrir borð með þessu frv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð, áður en málið fer til n.

Hv. 1. þm. Reykv. fannst það meir orðaleikur hjá mér en raunveruleiki, að þessir 3 menn, sem af hálfu ríkisstj. eru í gjaldeyris- og innflutningsefnd, bæru ábyrgð fyrir Alþ. á gerðum sínum. Við skulum bara líta á blákaldan raunveruleikann. Sá ráðh., sem fer með þessi mál, ber ábyrgð á þeirri aðallínu, sem þessir menn vinna eftir. Alþ. getur gagnrýnt hana og komið fram persónulegri ábyrgð á hendur þeim ráðh., sem fer með þessi mál.

Hv. þm. benti á, að það væri hægt að fullnægja þessu með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv., það væri hægt að taka þessi mál af þessari stofnun, ef hún reyndist ekki vel. Það er fyrst um þetta að segja, að það myndi ekki vera hægt að gera það fyrr en löngu eftir á, svo það gæti liðið langur tími, þar sem ekki væri samræmi í gjaldeyris- og verzlunarpólitíkinni og svo þeirri pólitík, sem ríkisstj. rekur, sem þó væri vissa fyrir, að hefði vilja þingsins á bak við sig. Það gæti þannig skapazt ósamræmi milli ríkisstj. og þessarar stofnunar. Það er ennfremur vitað, að menn eru seinþreyttir til að gera umfangsmiklar breyt., svo það gæti átt sér stað, að þessi stofnun kæmi fram með línu, sem ríkisstj. og þingið væri alls ekki ánægt með, án þess að hafizt væri handa um breyt.

Ég held þess vegna, að ekki sé hægt að færa eðlileg rök fyrir því, að jafnveigamikil mál skuli færð úr höndum stj. eða þess ráðh., sem fer með þau, og yfir í hendur stofnunar, sem ekki ber ábyrgð fyrir Alþ. Það þarf að færa frekari rök fyrir því, að þetta sé eðlilegt og nauðsynlegt.

Þá kem ég að þeim rökum, sem hv. 1. þm. Reykv. færði fyrir þessum breyt., en þau eru, að með þessu myndu aukast líkurnar fyrir því, að þessir aðilar geti nálgazt meir en áður og komið sér saman um skiptingu innflutningsins.

Ég hefi bent á, að sú leið er fyrir hendi, að þessir aðilar eigi hlut að skiptingu innflutningsins með oddamanni frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Ég hefi trú á því, að ef þessir aðilar ná saman á þennan hátt, þá væri hægt að eyða miklum misskilningi, sem ætið á sér stað, hvort sem það nú leiddi til þess, að menn yrðu sömu skoðunar á þessum hlutum eða ekki. Ég hefi mikla trú á, að það gæti orðið til bóta og eytt margskonar misskilningi. Ég vil benda á, að 1936 komu þessir aðilar, sem hafa haft ólík sjónarmið, saman til þess að ræða um þessi mál. Þeir urðu þá sammála um vissa lausn í þessum málum í eitt skipti, en því miður hefir það orðið þannig, að þeir hafa ekki komið sér niður á lausn nema í þetta eina skipti. Mér finnst þó ekki útilokað, að þeir gætu það.

Ég legg mikið upp úr því, sem hv. 1. þm. Reykv. tók undir, að það eru svo mörg mál, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir, sem alls ekki snerta þá stofnun frekar en aðrar stofnanir. Ég skal taka t. d. allt, sem snertir iðnað og afstöðu hans til innflutningsnefndar. Það snertir ekki þessa stofnun, nema þá einhliða, að því leyti, sem iðnaðurinn er keppinautur um innflutninginn. Að öðru leyti er þessi stofnun ekkert betur fallin til þess að leysa úr slíkum málum en einhverjir aðrir fulltrúar ríkisvaldsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram um þetta atriði, áður en málið fer til n. Ég vil þó endurtaka það, að ég hygg, að niðurstaðan af þessari breyt. myndi verða sú, að engum fyndist hann raunverulega bera ábyrgð á þessum málum. Enginn ráðh. gæti þá litið þannig á, að hann bæri sérstaklega ábyrgð á þessum málum. Það myndi því verða þannig, að hver vísaði af sér á annan, svo enginn ábyrgur aðili fyndist í landinu. Ég hefi áhyggjur út af því, til hvers slíkt myndi leiða.

Það er mikið aðhald, að hafa einhvern aðila, sem hægt er að snúa sér að og gagnrýna, sem þá myndi reyna að endurskoða málið, ef honum fyndist gagnrýnin á rökum reist. Það er alveg útilokað að halda því fram, að slík gagnrýni sé ekki nauðsynleg, enda er hægt að beita henni, ef það er einhver aðili, sem raunverulega hefir málið með höndum. Hitt getur bara orðið til þess, að hver og einn vísar frá sér á annan.

Hv. 1. þm. Reykv. vék að öðru atriði, sem ég talaði um, og sagði, að það væru viss dæmi til, að skipun embættismanna færi fram á ráðherrafundi. Það getur vel verið að svo sé, en þá er alltaf gert ráð fyrir, ef ekki næst samkomulag, að sá ráðh., sem málið heyrir undir, skeri úr um skipunina. Annars er skorið úr með atkvgr. Það hefir engin embættisveiting átt sér stað síðan ég tók sæti í ríkisstj., þar sem allir ráðh. hafa borið ábyrgð á skipuninni.

Hv. þm. sagði, að það ætti sér stað, að hæstiréttur skipaði oddamann. Þá eru vitanlega greidd atkv. um það af dómurunum, hver skuli hljóta starfið, ef ekki næst samkomulag. Ég geri ráð fyrir, að þannig yrði þá að fara með þetta mál.

Hv. þm. sagði, að það þyrfti að vera samkomulag innan ríkisstj. Það gæti kannske orðið þannig, að einn ráðh., sem ekkert hefir með þessi mál að gera, gæti komið í veg fyrir ákvörðun, sem hinir 4 ráðh. væru ánægðir með. Ef svona á að fara að, þá erum við hér komnir inn í blindgötu, sem ekki er hægt að komast áfram í.

Hv. þm. sagði, að það væri ómögulegt, að ríkisstj. gæti ekki komið sér saman um þetta. En fari nú svo, að ríkisstj. geti ekki komið sér saman, þá ætti þetta líka að vera eins og venja er til, að sá ráðh., sem málið heyrir undir, hafi úrskurðarvald. Í því trausti gæti náðst samkomulag í ríkisstj., án þess að það væri bundið í l., að það skyldi vera. Það er auðvitað sjálfsagt að reyna að ná samkomulagi, en ef það næst ekki, þá verður sá ráðh., sem málið heyrir undir, að skera úr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessi tvö atriði.

Síðasta atriðið, sem hv. þm. fór lauslega út í, kæri ég mig ekki um að fara rækilega út í. Það var um það, hverskonar ákvæði rúmuðust undir þriðja ákvæði frv., um starfsreglurnar. Það getur komið til nánari athugunar í n. Ég vil þó taka það fram, að það hefir ekki annað vakað fyrir mér með framkvæmdum í þessum málum

en það, að menn gætu sem mest verzlað þar, sem þeir vildu. Það vakir fyrir mér, að svo miklu leyti, sem það er mögulegt. Það má segja, að það sé vandasamt að koma sliku við til nokkurrar hlítar, því það þurfa margar upplýsingar að liggja fyrir til þess að það sé hægt.

Hinsvegar má mikið deila um það, hvað sé réttlátt. Það má halda því fram, að það sé réttlátt að færa viðskiptin til eftir því, hvert þau leita, og það má nota ýmsar aðferðir til þess að komast eftir því, hvert þau leita.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þetta nánar. Málið á eftir 2 umr. í þessari d. og n. á eftir að fjalla um það, svo það má athuga nánar í n. þau ákvæði, sem eru í 3. gr. frv.

***Flm. (Magnús Jónsson):** Eftir þessa ræðu hæstv. ráðh., þá sýnist vera orðið styttra á milli okkar en í byrjun. Hann orðaði það nú enn skýrar, að hann teldi eðlilegt, að þessir aðilar, fulltrúar fyrir kaupmenn og samvinnufélög, kæmu sér saman um skiptingu varanna með aðstoð oddamanns. Hvað er það, sem frv. gengur út á, annað en þetta? Hæstv. ráðh. hélt því fram, að oddamaðurinn ætti að vera úr gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Það má segja, að það geti verið eðlilegt. Hann nefndi í fyrri ræðu sinni formann nefndarinnar. Það má segja, ef hann er allt í einu orðinn svo fullur vantrausts á ríkisstj., að honum finnist allt betra en það, sem hún kemur sér saman um, að þetta geti verið gott fyrirkomulag. Ég hefi nú þá trú, að ríkisstj. myndi gera sitt bezta til þess að velja þarna sem hæfastan mann. ... Og ég veit ekki, hvað það er, sem því gæti valdið, ef þeir hefðu nú t. d. komizt svo langt, að það væri um tvo ágætismenn að ræða, sem hvorugum væri hægt að hafa á móti, því að ég get ekki betur séð en að þeir geti afgert með atkvgr., hvor maðurinn er valinn. Þegar ráðh. hafa komið sér saman um eitthvað, þá trúi ég ekki fyrr en ég tek á því, að þeir geti það ekki. Ég hygg, að sannleikurinn sé sá, að yfirleitt komi ráðh. sér saman um afgreiðslu allra stærri mála, og þeir hafi þess vegna allra manna mesta æfingu í því að koma sér saman um skipun manna og um ráðstafanir í fjölda mörgum efnum. Ég veit, að hæstv. viðskmrh. þekkir vel, að þeir koma sér vel saman, og ef einhver ráðh. vill ekki eitthvað, sem hinir vilja, þá hefir hann fyrir hendi það ráð, að fara úr ríkisstj. En ég get ekki trúað, að hæstv. ríkisstj. geti ekki fundið mann, sem allir ráðh. geti treyst til að miðla réttilega málum í þessum efnum. Ég vildi, að hv. Alþ. vildi nú setja l. um þetta og setja þennan prófstein á hæstv. ríkisstj. Ég trúi ekki öðru en að hún stæðist það próf.

Bankastjórarnir koma sér yfirleitt saman um þær ráðstafanir, sem þeir gera. Og þetta er svo algengt í mannlegu félagi, að koma sér saman, og þó hygg ég, að fáir séu eins æfðir í því eins og hæstv. ráðh.

Hæstv. viðskmrh. var hræddur um það, að það yrði niðurstaðan af þessum l., ef samþ. verða, að enginn teldi sig bera ábyrgð á gerðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Og til hvers myndi það þá leiða? Ég sé ekki mjög marga möguleika í þessu efni. Annaðhvort útleiddust þessi mál í þessu hræðilega ábyrgðarleysi þannig, að friður yrði um málin og þeir kæmu sér saman í n. Eða ef allt færi í ófrið, skyldi ég verða fyrstur manna til þess að viðurkenna, að það traust, sem ég nú sýni þeim, hefði verið oftraust á þessum mönnum, og Alþ. yrði þá að setja á það nýja skipun, ef ríkisstj. væri þá ekki búin að því sjálf, áður en til kasta þingsins kæmi. Nei, ég er ekki svo hræddur við þetta ábyrgðarleysi. Það eru öll tök um þessi mál hjá ríkisstj. og Alþ.

Mér þótti mjög vænt um að heyra þá yfirlýsingu hjá hæstv. viðskmrh., að fyrir honum vekti og hefði ekki vakað annað en að þeir menn, sem eiga að miðla þessum vörum milli manna, ættu að hafa það sjónarmið, að neytendur í landinu væru sem allra frjálsastir um að verzla hvar sem þeir vildu. Þetta er að minu áliti alveg laukrétt sjónarmið, þ. e. a. s., það á að miðla vörunum þannig, að þær verzlanir, sem í landinu eru, þ. e. a. s. stofnanir, sem vörudreifingu hafa með höndum, hafi nokkurn veginn álika miklu úr að spila. Ég hef þess vegna að svo komnu máli leyft mér að hafa bezta traust á, að okkur takist að leysa þetta mál hér á þingi. Og ég er viss um, að virðing Alþingis myndi við það vaxa, ef hv. þm. gætu fundið sanngjarna lausn, sem menn vildu una við í þessum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 536, 546).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 546. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er búið að liggja lengi hjá fjhn., en að hún hefir ekki afgr. málið fyrr, er ekki vegna þess, að hún hafi ekki sinnt því, því að það var ekki langt liðið frá því, að málinu var vísað til n., og þangað til hún fór að ræða um það á fundum sínum. Orsökin til þess, að málinu hefir ekki verið skilað frá n. fyrr en nú, er sú, að þetta mál hefir verið mikið ágreiningsmál milli stjórnarfl., og það hefir staðið á því, að samkomulag næðist milli þeirra, þar til loks nú, að samkomulag er fengið, eins og menn geta séð á nál. 536. Ég ætla ekki að fara langt út í þetta mál, en fyrir hönd Framsfl. vil ég taka það fram, að hann gat ekki gengið að þeim ákvæðum frv., að þessi mál, gjaldeyrismálin, væru beinlínis með l. tekin úr höndum þess ráðh., sem með þau á að fara samkvæmt konungsúrskurði. Hinsvegar er að sjálfsögðu æskilegt, að stj. hafi samræður og samvinnu um þessi mál sem önnur, og þar af leiðandi eru hér að tilhlutun n. bornar fram brtt. við 6. gr. gjaldeyrisl., sem gefa það til kynna, að þó að hin stjórnskipulega ábyrgð sé hjá þeim ráðh., sem þessi mál heyra undir, og er þá vitanlega

úrslitavaldið hjá honum, þá höfum við þó viljað orða greinina svo, að ríkisstj. skipi gjaldeyrisnefndina og þá nefnd, sem stungið er upp á að skipa í till. n., í stað þess að l., eins og þau eru nú, segja, að fjmrh., nú viðskmrh., skipi n. Við framsóknarmenn höfum heldur ekki getað séð, að það væri rétt, að fela sérstökum fulltrúum verzlunarstéttarinnar að ákveða, hvað mikill innflutningur væri leyfður til landsins. Við höfum litið svo á, að það vald þyrfti að vera hjá mönnum, sem ekki hafa í því efni neinna sérhagsmuna að gæta, og við höfum talið, að gjaldeyris- og innflutningsn., eins og hún nú er skipuð, væri til þess vel fær að hafa þetta vald. Aftur á móti höfum við getað fallizt á, að sérstök nefnd yrði skipuð til að annast skiptinguna á milli einstakra verzlana, eftir að búið er að ákveða heildarinnflutninginn, og að hún verði skipuð með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir í frv. Um þetta hefir svo orðið samkomulag í n. og milli flokkanna, þó með vissum fyrirvara frá Alþfl. Með þessu virðist líka gengið verulega til móts við flutningsm. þessa frv., því að þeir töldu höfuðtilgang sinn með frv. vera þann, að tryggja réttlátari skiptingu milli hinna einstöku verzlana, en óánægja og ágreiningur hefir aðallega verið um skiptingu milli einstakra verzlana, og með því að breyta til á þennan hátt, mætti þá sennilega vonast eftir því, að óánægjan yrði minni um þessa skiptingu heldur en verið hefir.

Þá er í 3. gr. frv. nánar ákveðið um það, eftir hvaða reglum eigi að úthluta innflutningi. Það virðist nú ekki í sjálfu sér vera farið hér fram á neitt sérstaklega óaðgengilegt með því, sem í 3. gr. frv. stendur. En allir vita, að um þessi efni hafa verið deilur. Og það er visst orðalag, sem í sjálfu sér er blátt áfram og meinlaust, en búið er að leggja í ákveðna merkingu, og þess vegna hefir það orðið úr að fella þessa gr. burt úr frv. og treysta því, að í staðinn fyrir að ákveða svo nákvæmlega um þetta sem gert er í 3. gr. frv., þá geti bæði ríkisstj. og þær n., sem um þessi mál eiga að fjalla samkvæmt till. n., fengið viðunandi lausn á þessu máli, og gert það svo réttlátlega sem frekast er kostur. Samkv. þessu hefir það orðið að samkomulagi að bera fram þær brtt., sem eru á þskj. 536, en samkvæmt þeim á gjaldeyris- og innflutningsnefnd að vera skipuð á sama hátt eins og áður, nema hvað svo er ákveðið, að hún skuli skipuð af ríkisstj., sem orðað hefir verið í l. áður ráðh., nú viðskmrh., og í höndum þessarar n. sé það að ákveða um innflutning og hversu mikið sé leyft að flytja inn af hinum einstöku vörutegundum.

Aðalnýmælið í till. n. er svo það, að við hlið gjaldeyris- og innflutningsn. sé skipuð þriggja manna n. Á einn nm. að vera tilnefndur af Verzlunarráði, annar eftir tilnefningu SÍS, og sá þriðji af ríkisstj. án tilnefningar, og sé hann formaður n. Hlutverk þessarar n. sé að skipta innflutningnum milli hinna einstöku verzlana. Þó er þarna undanþegið byggingarefni, sem flutt er inn til opinberra framkvæmda og atvinnufyrirtækja, sem sérstakt innflutningsleyfi hafa fengið. Að sjálfsögðu er það tilgangur með þessari till., að fulltrúar þessara aðalverzlunargreina í landinu, kaupmanna annarsvegar og SÍS fyrir hönd kaupfélaganna hinsvegar, reyni að semja um það, hvernig innflutningi sé skipt. Árangur af þessu býst ég við, að verði mikið undir því kominn, hvernig samkomulag þessara nm. verður. En vitanlega hefir orðið að gera ráð fyrir því, að svo gæti farið, að þeir gætu ekki komið sér saman, og því er svo ákveðið, að það sé oddamaður í þessari n., skipaður af ríkisstj.

Ég hefi víst gleymt að geta þess, að það er innflutningur ákveðinna vörutegunda, sem á að heyra undir þessa nýju n., eða skipting á innflutningi þeirra vara. Það eru búsáhöld, skófatnaður, vefnaðarvörur og byggingarefni. En þegar þessir vörufl. eru taldir og svo þeir vörufl., sem engin höft gilda lengur um, þá eru komnar allar helztu nauðsynjavörur og það, sem aðallega er að ræða um í þessum efnum. Eftir er þá ekki annað en vörur, sem ýmist eru bannaðar, eða þá svo lítill innflutningur leyfður á, að ekki þykir taka því að telja það hér upp.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, enda býst ég við, að það hafi lítinn árangur. Þetta er samningamál, og frá þessu er gengið milli flokka. Þar af leiðandi býst ég við, að ganga verði að þessum samkomulagsgrundvelli, sem hér er lagður í nál. fjhn., ellegar þá að ekki verður gerð breyt. á þessum málum nú.

Ég skal svo geta þess, að samkvæmt ósk Sjálfstfl. höfum við þrír, sem eigum sæti í fjhn. þessarar d., jafnframt því að gefa út þetta nál., lagt fram þáltill. í Sþ. um það, að skipuð verði mþn. þriggja manna til þess að taka öll þessi mál til endurskoðunar og gera till. um skipun þeirra. Og er það vitanlega framhald af þeim samkomulagstilraunum um þessi efni, sem farið hafa fram hér á Alþ.

Einn nm., hv. 10. landsk., hefir skrifað undir nál. okkar með fyrirvara og nú þegar borið fram sérstaka brtt., sem hann að sjálfsögðu mun gera grein fyrir.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Eins og nál. á þskj. 536 ber með sér, hefi ég skrifað undir nál. fjhn. með fyrirvara. Og gildir sá fyrirvari raunverulega um afgreiðslu málsins, en þó sérstaklega um skipun þeirrar undirnefndar, sem hefir orðið samkomulag um að skipa, og er það í fullkomnu samræmi við það, sem áður hefir verið haldið fram í þessari hv. d. af hálfu Alþfl. um þetta mál. Alþfl. telur það ekki rétt, að þessi undirn. eða aðaln., sem hefði verið samkvæmt frv. eins og það var fyrst, sé þannig skipuð, að enginn fulltrúi frá neytendum sé þar til staðar, þegar um er að ræða skiptingu til hinna ýmsu aðila. En flokkurinn telur jafnframt, að með tilliti til þess, að hér eru þrír flokkar, sem standa að ríkisstj., sem fer með völdin í landinu, þá sé rétt, að maður frá Alþfl. eigi þar hlut að máli.

Ég þarf ekki að skýra þessa brtt., sem ég flyt á þskj. 546, hún skýrir sig sjálf.

En ég vil gjarnan beina fyrirspurn til hv.

frsm. n. út af því, hvernig beri að skilja þau vöruheiti, sem getið er um, að þessi undirn. eigi að skipta. Hvort t. d. orðið skófatnaður eigi að skilja svo hér, að enginn munur sé gerður á tilbúnum skófatnaði eða vörum til skófatnaðargerðar. Jafnframt vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. fjhn., hvort orðið byggingarefni beri að skilja svo, að þar sé eingöngu átt við efni, sem beinlínis er notað til húsabygginga, en ekki það, sem notað er á verkstæðum til verkstæðisvinnu, eða efni, sem notað er til skipasmíða og annars slíks.

Það er óþarfi að fara nokkuð að ræða þetta mál sérstaklega. Ég get ekki séð, hvað það er, sem hefir unnizt á við þessa breyt., sem gerð er á þessum málum, nema þá ef vera skyldi að koma nokkrum fleiri mönnum í atvinnu við þessar framkvæmdir, og er það kannske í sjálfu sér virðingarvert. Mér getur ekki annað skilizt en að sú n., sem nú starfar og á að starfa áfram, hefði alveg eins verið fær um það að skipta innflutningi á milli hinna einstöku innflytjenda eins og þessi undirn., sem nú á hér að skipa, en samkvæmt þessari brtt., sem hér liggur fyrir, og þeirri þáltill., sem borin mun verða fram í Sþ. og sennilega verður samþ. þar, þá telst mér til, að að þessum nefndarstörfum einum muni koma til með að vinna um 14 manns, og er það aðaln. með 5 menn, 3 menn í þessari undirn. og þar að auki 3 menn í milliþn., og mér er tjáð, að 3 menn muni vinna við skiptingu gjaldeyris milli bankanna. Og virðist þetta þá orðið allmikið skrifstofubákn, sem utan um þetta er komið, því að vanalega vinnur auk þessara manna fjöldi manns á skrifstofunni hjá gjaldeyris- og innflutningsn., og má álykta, að við störf þessarar nýju n. muni e. t. v. ekki af veita að bæta nokkru starfsfólki við.

Ég mun svo, ef min brtt. á þskj. 546 verður felld, greiða atkv. gegn þessu frv.

***Magnús Jónsson:** Ég ætla ekkert að leggja til almennra umr. um málið. Það er búið að ræða það svo mikið okkar á milli, því málið er svo viðtækt. En mér hafði dottið í hug — að vísu of seint, af því að það hvarf aftur úr huga minum — að í raun og veru sé nauðsynlegt að setja eitthvert nafn á þessa 3 manna n. N. gæti náttúrlega komið sér upp nafninu sjálf, en ég álít réttara, að nafnið sé ákveðið í l. Ég hefi borið þetta undir nokkra menntamenn í íslenzku máli, og það er dálitill vafi, hvað hún á að heita. Hún gæti heitið úthlutunarnefnd, en mér finnst það ekki eiginlega fallegt nafn. En af þeim nöfnum, sem stungið hefir verið upp á, hefi ég helzt fallizt á, að hún héti vörumiðlunarnefnd. Hún er ekki innflutningsn. að því leyti, að hún á aðeins að taka við vöruflokkum, sem innflutningur hefir verið leyfður á, og skipta á milli þeirra, sem vilja fá leyfi. Ég ber því fram skriflega brtt. um það, að inn í 2. málsgr., þar sem stendur „ennfremur skal ríkisstj. skipa 3 manna nefnd", þar komi: er nefnist vörumiðlunarnefnd o. s. frv. Og mun ég afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Ég vil aðeins út af því, sem hv. 10. landsk. sagði, í fyrsta lagi segja það, að hér er ekki um neina undirnefnd að ræða. Þetta er algerlega sjálfstæð n., hliðstæð gjaldeyris- og innflutningsn., skipuð öðrum mönnum með algerlega sjálfstætt starf, sem henni er ekki falið af hinni n., og meira að segja það starf, sem hefir ekki þótt vandaminnst, vörumiðlunina, þó að hún sé hér bundin við aðeins ákveðnar vörutegundir. Ég skal ekki um það segja, hvort meiri starfskrafta þarf fyrir utan sjálfa nm., en ég hygg, að það þurfi ekki. En um þessi stóru höfuð, sem eru á sumum hlutum, þá er ég sammála hv. 10. landsk. um, að hér er nokkuð stórt höfuð á svo litlum búk. Ég man ekki, hvernig það var hér fyrir nokkrum árum með síldarverksmiðjurnar. Var það ekki yfir 20 manns með öllum n., yfirn. og umsjónarmönnum í allt? Hvort það var samþ. eða ekki, man ég ekki fyrir víst, en í till. voru taldir 21 eða 23 menn. Og það er ósköp meinlaust í sjálfu sér, þó að þessi n. starfi, en hún getur leitt til betra samkomulags um þessi mál.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 547]. Til þess að brtt. þessi geti orðið tekin til meðferðar, þar sem hún er bæði of seint fram borin og skrifleg, verður að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég hafði nú hugsað mér, þegar þetta mál var hér til 1. umr., og um það urðu langar umr., að taka til máls við 2. umr. þess. En í raun og veru fór þetta allt öðruvísi en ætlað var. Það hefir engin 2. umr. verið höfð um málið í þeim skilningi, sem gert var ráð fyrir upphaflega, því að þetta frv. er orðið að engu. Þetta hefir verið eitt af stórmálum þingsins og sérstaklega frá sjónarmiði þeirra stærstu fl., sem styðja ríkisstj. Um þetta hefir verið rætt og ritað meir en nokkuð annað einstakt mál, sem fyrir þinginu hefir verið. Nú, svo kemur þetta nál. á þskj. 536, og það er öll lausnin, sem fengizt hefir, eftir þær hörðu fæðingarhríðir, sem staðið hafa næstum allan þingtímann. Það má um þetta segja: „Fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús."

Það hefði vissulega verið mikil þörf á því, að gjaldeyrisl. hefðu verið tekin til ýtarlegrar endurskoðunar. Að vísu álít ég, að það hefði þurft að taka þau til athugunar á allt annan hátt heldur en gerð var tilraun til í frv. á þskj. 61. Og ég álít, að það hefði verið ennþá meiri þörf á því nú heldur en þá að taka þetta mál til endurskoðunar. Í fyrsta lagi er nú vitaskuld miklu meiri þörf á því að reyna að finna leið til þess að losna eins og auðið er við haftafarganið og alla spillinguna, sem því er samfara. En hitt er ekki síður nauðsynlegt, eins og horfurnar eru nú, að gerð sé tilraun til þess, að fengin sé einhver skipun á gjaldeyris- og innflutningsmálin og að sem bezt verði tryggt, að við getum aflað okkur nauðsynja þeirra, sem við óhjákvæmilega þurfum á að halda, og

setja reglur um það, hvaða vörur beinlínis skuli banna innflutning á og hvaða vörur skuli takmarka meir innflutning á en verið hefir, og gera ráðstafanir til þess að við getum tryggt innflutning á þeim vörum, sem við þurfum nauðsynlega á að halda. En ekkert af þessum málum er leyst með því, sem stendur á þskj. 536, heldur er ekkert gert þar annað en að stinga upp á því, að sett verði ný n. við hliðina á gjaldeyris- og innflutningsn. Ég ætla ekki að gera mig sekan um að kalla hana undirnefnd. (**JJ**: Hún er sjálfstætt konungsríki). Já, hún er víst sjálfstætt konungsríki. En þessi n. er gersamlega gagnslaus og hefir ekki hina minnstu þýðingu. Verkefni þessarar n. er, að fulltrúi SÍS og annar frá Verzlunarráði Íslands eiga að rífast um það, hvernig skuli skipta innflutningi á milli SÍS og heildsalanna. En þetta hefir verið gert. Breyt. er aðeins sú, að í stað þess að þeir menn hafa ekki verið launaðir, sem um þetta hafa rifizt, á nú að fara að launa þá fyrir þetta.

Það er alveg rétt, sem hv. 10. landsk. sagði, að neytendur hafa ekki neinn fulltrúa í þessari n. En brtt. hv. 10. landsk. er um það, að einn af þessum nm. skuli vera tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands. Breytir þetta þó engu hvað neytendur snertir, vegna þess að Alþýðusamband Íslands er enginn fulltrúi fyrir neytendur. Það er ekki annað en pólitískur flokkur. Ef það hefði átt að setja í þessa n. fulltrúa frá neytendum, þá hefði verið réttara, að fulltrúinn hefði verið frá samvinnufélögum neytenda í kaupstöðum, t. d. Kron eða öðrum slíkum samtökum. (**JJós**: Kron er í SÍS). En stj. SÍS getur ekki talizt fulltrúi fyrir neytendur. En sem sagt, ég álít, að það skipti ekki neinu máli, því að hvort sem brtt. hv. 10. landsk. verður samþ. eða ekki, er þessi n. einskis virði, nema til þess að skapa þarna atvinnu handa þremur mönnum, og er það undarleg lausn á þessu stórmáli, að engin lausn skuli finnast önnur en að skapa þarna þrjá bitlinga, á sama tíma sem enginn mælir á móti því, að stærsta verkefnið, sem fyrir þinginu liggur, er, hvernig mest verði sparað af opinberum útgjöldum og þau óþörfu embætti, sem fyrir eru í landinu, verði afnumin.

En lausnin á þessu stórmáli er nú fólgin í því einu, að bæta nýjum og gagnslausum embættum við öll embættin í landinu, sem fyrir eru.

ATKVGR.

Brtt. 536,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 11:1 atkv.
— 547 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 546 felld með 9:2 atkv.
— 536,2 (ný 2. gr., verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 10:4 atkv.
— 536,3 (3. gr. falli niður) samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 548).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil vekja athygli á því, að við uppprentun frv. hefir byrjun 1. gr. fallið niður, eins og hún á að vera og var sannanlega samþ. hér í dag við síðustu umr., samkv. brtt. á þskj. 536. Það er nauðsynlegt, að þetta standi eins og samþ. var og að tilvísunin til 3. gr. laganna haldist. Mætti e. t. v. laga þetta aftur í prentun.

Forseti (EÁrna): Þetta verður lagað með því að prenta þskj. upp.

***Erlendur Þorsteinsson**: Herra forseti! Við 2. umr. þessa máls gerði ég fyrirspurn til hv. frsm. (BSt), og þar sem henni er ósvarað, verð ég að líta svo á, að skilningur minn sé réttur, að með orðinu skófatnaður sé aðeins átt við tilbúna skó og með byggingarefni sé aðeins átt við byggingarefni, sem nauðsynlegt er til húsbygginga.

***Magnús Jónsson**: Út af orðum hv. 10. landsk. um skilgreining orðanna „skófatnaður“ og „byggingarefni“ vil ég taka fram, að í n. var alls ekki um það rætt, hve viðtækir þeir vöruflokkar gætu verið. Í verzlunarmáli býst ég við, að orðið byggingarvörur geti verið mjög víðtækt, a. m. k. hafa þeir, sem með þær verzla, margt á boðstólum, en skófatnaður mun geta átt við bæði tilbúna skó og efni í þá. Nú er ekki líklegt, að kappið verði svo mikið um, hver eigi að úthluta þessum leyfum, að mikill ágreiningur þurfi að verða um skilning orðanna. En annars hlýtur það að koma undir úrskurð stjórnarráðs, hvað eigi að teljast til hvors flokks um sig. Ég tek fram, að ég vil ekki, að neinum einhliða skilningi á því sé haldið fram hér í umr. um þetta.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil alveg taka undir orð hv. 1. þm. Reykv. viðvíkjandi fyrirspurn hv. 10. landsk. Ég taldi, að ríkisstj. yrði á sínum tíma að skera úr því, hvernig skilja beri orð frv. þessa, ef að lögum verður, og vildi því ekki f. h. n. gefa neina ákveðna túlkun á þeim. Þó að reynt væri að slá einhverju föstu um það í umr., hefði það ekkert gildi. Frá mínu sjónarmiði get ég látið í ljós, að mér finnst skófatnaður aðeins geta átt við tilbúna skó, en byggingarefni við hverskonar efni, sem ætlað er til bygginga. Annað er tilbúin vara, hitt efni til að smíða og byggja úr, hvaða efni sem þar geta komið til greina.

***Erlendur Þorsteinsson**: Það er óþarfi að tala frekar um þetta, en ég vildi upplýsa, að það er ekki rétt hjá hv. form., að ekki hafi verið um þetta talað í n. Ég spurðist fyrir um þetta, en fékk þau svör, að hvorki honum né hv. frsm væri kunnugt um, hvernig þetta væri, en mér skildist, að hann myndi ætla að afla sér upplýsinga um það, og gerði ég ráð fyrir, að þær

upplýsingar myndu liggja fyrir við þessa umr. En svo er ekki, eða ekki hefir neitt slíkt komið fram. Það eru til tvennskonar skýringar á þessu, en ég og hv. 1. þm. Eyf. erum þó sammála um, að til skófatnaðar verði ekki hægt að telja annað en tilbúna skó, og við erum einnig sammála um, að til byggingarefnis verði talið efni til húsagerðar, en ekki efni, sem ætlað er til framleiðslu í trésmíðaverkstæðum eða til að byggja báta og annað þess háttar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Snemma á þessu þingi var borið fram af hálfu sjálfstæðismanna frv. um breyt. á gjaldeyrisverzlun. Í því frv. var farið fram á talsverðar breyt. á skipun gjaldeyrisnefndar frá því, sem verið hefir. Ennfremur kom fram till. um nýtt orðalag á þeim reglum, sem n. skuli starfa eftir.

Þetta mál hefir nú verið lengi í fjhn. Ed., og hefir verið mikið að því unnið. Málið hefir verið ágreiningsmál á milli stjórnarflokkanna, og gátu menn ekki orðið á eitt sáttir um að afgr. það eins og það lá fyrir. Nú liggur frv. fyrir Nd. eins og stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um að afgr. það frá þessu þingi eftir ýtarlegar umr. sín á milli.

Eins og frv. liggur nú fyrir er gert ráð fyrir að skipa þriggja manna n., sem hafi það með höndum að skipta innflutningsleyfunum. N. skal þannig skipuð, að S.Í.S. tilnefnir einn mann, Verzlunarráðið einn og ríkisstj. einn. Þessi lausn er gerð með það fyrir augum, að aðalágreiningurinn hefir lengi verið um það, hvernig skuli skipta innflutningnum milli innflytjenda. Þykir sanngjarnt, að nýir aðilar komi þar til og reyni til þrautar, hvernig þeim tekst að skipta honum niður. Ég hefi litið svo á, að ekki sé hægt að fá mikla breyt. þar á, en ég hefi og Framsfl. gengið inn á það, sem hér er gert, til samkomulags, og það munu hinir einnig hafa gert. Þá hefir orðið samkomulag um að flytja í Sþ. þáltill. um að skipa þriggja manna n. til þess að rannsaka skipulag þessara mála, og starfi hún milli þinga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

***Einar Olgeirsson:** Ég sé ekki í sambandi við þessi mál, hvernig nokkrum manni getur dottið í hug, að þetta sé nokkur lausn. Það eina, sem hér á að gera, er að skipa til viðbótar við þessa óþörfu n. tvær nýjar n., eina eftir frv. og eina eftir þáltill. Þetta er niðurstaðan í því, sem Sjálfstfl. taldi réttlætismálið. Þetta er lausnin á verzlunarmálunum nú fyrst um sinn. Ég sé ekki betur en að með þessu sé ákveðið, að þessi mál séu alveg óbreytt nema að því leyti, að tveimur nýjum n. er bætt við þá gömlu. Við höfum nóg af mþn. fyrir. Hér var fyrir nokkru samþ. að skipa bankanefnd; hún hefir ekkert gert og engu áliti skilað, heldur aðeins hirt sín laun. Um þetta mál virðist samkomulag nú sem stendur. Með þessu á að bjarga áliti Sjálfstfl. út á við, að hann hafi vegna þjóðstjórnarinnar gert þetta samkomulag, og áliti Framsfl. með því að láta allt sitja við það sama og áður. Þetta er sá raunverulegi árangur, tvær nýjar nefndir, sex nýir bitlingar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um eitt atriði, sem um er að ræða í þessu frv. í sambandi við þær stofnanir, sem eiga að tilnefna menn í gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Í 1. málsgr. 1. gr. frv. er skýrt frá því, að ríkisstj. skuli skipa einn fulltrúa í þessa n. samkv. tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, og einn skv. tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands h/f. Nú hefir fjhn. ætlazt til, að þessu verði breytt á þá leið, að þessir menn verði tilnefndir af bönkunum án þess að það verði tekið fram, hvaða aðilar skuli hafa þetta með höndum, enda er óviðkunnanlegt að benda þannig á einstaka aðila innan þessara stofnana. Í samráði við fjhn. vil ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við 1. gr., um að orðið „bankastjóra'i á tveimur stöðum í 1. málsgr. gr. falli niður, og verður það þá sameiginleg yfirstjórn bankanna, sem hefir þessa tilnefningu með höndum. Okkur finnst leiðinlegt að láta þetta standa svona í l.

Forseti (JörB): Hv. dm. hafa heyrt hina skrifl. brtt. hæstv. viðskmrh., en til þess að till. verði tekin til meðferðar á fundinum, verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, þar sem till. er skrifleg og auk þess of seint fram borin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 567) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv., sem ekki er búið að útbýta hér í d. enn. Hún er við 2. málsgr. 1. gr. og er á þá leið, að í stað orðanna „Ennfremur .... formaður nefndarinnar" í upphafi 2. efnismálsgr. komi: Ennfremur skal ríkisstj. skipa þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, annan eftir tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og hinn þriðja eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Nefndin kýs sér formann.

Þessar þrjár stofnanir svara að ýmsu leyti til

þeirra þriggja flokka, sem nú hafa samstarf um ríkisstj., og Alþýðusamband Íslands hefir líka haft aðila í gjaldeyrisn., og er lítt skiljanlegt, hver nauðsyn er á að útrýma fulltrúa Alþýðusambands Íslands eða Alþfl. úr þessari vörumiðlunarn., sem nú á að fara að setja upp. Án þess að þessi till. nái samþykki verður ekki samkomulag við okkur Alþfl.-menn um þessa breyt. á l. um gjaldeyrisverzlun. Okkur hefir skilizt, að það myndi verða reynt að fullnægja óskum Alþfl. í sambandi við þær breyt., sem gerðar væru á l. þessum.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég tel, að nokkurs misskilnings kenni um þetta mál hjá hv. þm. V.-Ísf., því að eins og vörumiðlunarn. á að vera skipuð samkv. þessu frv. tel ég, að sjónarmið neytenda komi fram, sem hann telur, að Alþýðusamband Íslands vilji draga fram, en ég vil benda á það, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hefir fullkomlega hagsmuni neytenda fyrir augum, ef menn vilja fara út í það. En þessi skipun vörumiðlunarn. er miðuð við það, að hinir tveir helztu þeirra aðila, sem hafa deilt um það, hvernig innflutningnum hefir verið skipt, hafi hvor sinn fulltrúa, og auk þess sé í henni einn oddamaður, tilnefndur af ríkisstj. Ég verð að segja það, að ég held, að það sé ekki gerlegt að fela oddamanni frá neinum öðrum en ríkisstj. að leggja lóðið á vogarskálina. Ég sé því ekki fyrir mitt leyti, að það mæli með þessari brtt. hv. þm. V.-Ísf., að hún byggist á samkomulagi, er Alþfl. hafi gert um þessi mál. Þó mega menn ekki misskilja orð mín svo, að þetta sé gert til þess að útiloka áhrif Alþfl., enda hefir Alþýðusamband Íslands engan fulltrúa í gjaldeyrisn. eins og nú standa sakir. Það er aðeins einn Alþfl.-maður í þeirri n., skipaður af þeim ráðh., sem með þessi mál fer, og er gert ráð fyrir, að svo verði áfram, og með þeirri skipan gjaldeyrisn. held ég, að full trygging fáist fyrir því, að það sjónarmið hv. þm. V.-Ísf., sem vill láta fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands komast í vörumiðlunarn., komi til greina gegnum oddamann frá ríkisstj., ef það kemur ekki nægilega fram með öðrum hætti.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Hæstv. viðskmrh. talaði um Samband íslenzkra samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands sem þá tvo aðila, er hefðu deilt um innflutninginn, og þegar fulltrúar þeirra beggja eiga að vera í vörumiðlunarn. og oddamaður á að vera í henni, þá held ég, að bezt væri, að hann kæmi frá Alþfl. eða þá gegnum Alþýðusambandið. Ég sé ekki, að neitt útlit sé fyrir, að deilan verði leyst með því móti að setja báða deiluaðila í n. og hafa oddamanninn skipaðan af þeim ráðh., sem með þessi mál fer, og sem einhverjir hafa e. t. v. deilt við líka. Mér hefði þótt æskilegra, að Sjálfstfl. hefði gert bandalag við okkur Alþfl.-menn um að bera fram þessa brtt. Það er ekki annað sjáanlegt en að þessi brtt. sé komin frá Framsfl., og ekki sjáanlegt, að Sjálfstfl. eða þeir fulltrúar hans, sem starfa í þessari n., vinni neitt við það, þó að þessi breyt. verði samþ. Ég gerði mér því von um, að Sjálfstfl. myndi standa að þessari brtt. með okkur Alþfl.-mönnum, en sú liðveizla Sjálfstfl. hefir brugðizt okkur.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég geri ráð fyrir því, að eftir næsta haust geti komið til mála, að Sjálfstfl. geri samning við Alþfl. um völd Alþýðusambandsins, en meðan Alþýðusamband Íslands er aðeins valdaklíka fámenns flokks, hefir Sjálfstfl. ekki ástæðu til að líta á það sem viðurkenndan aðila fyrir neytendur í landinu.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég geri ráð fyrir, að hæstv. atvmrh., sem síðast talaði, hljóti að viðurkenna það, að það séu einhverjir og ekki fáir neytendur í Alþýðusambandi Íslands.

Fyrir okkar leyti vil ég segja það, að þessi brtt. er borin fram með það fyrir augum, að enginn hinna þriggja flokka, er styðja núv. ríkisstj., verði afskiptur um áhrif í þessari n., heldur eigi þeir allir þar nokkurn hlut að máli. Það er þetta, sem liggur bak við það, að við vildum samband við Sjálfstfl. um þetta mál, en ekki bein pólitík.

Forseti (JörB): Hv. þm. V.-Ísf. hefir afhent mér brtt. sína skriflega vegna þess að till. er ekki komin úr prentsmiðjunni ennþá. Till. hljóðar svo: [sjá þskj. 562].

Til þess að till. megi koma til atkv. á þessum fundi, verður að veita tvöföld afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég heyrði það á þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, að þm. ræða alls ekki um málið, sem fyrir liggur, enda er það varla von, því það er búið að gera málið svo ómerkilegt með þessari breyt. á l. um gjaldeyrisverzlun, að það nálgast alls ekki það að vera lausn á verzlunarmálunum. Það er í engu sambandi við verzlunarmálin, nema að því leyti, að það á að setja á stofn tvær nýjar n., sem eru alveg jafnóþarfar eins og innflutningsn., sem fyrir er. Það er afareðlilegt, eins og málið liggur nú fyrir, að þm. ræði um, hvaða flokkar eigi að fá fulltrúa í n. Í stað þess að fá framgengt miklu réttlætismáli, sem Sjálfstfl. hefir barizt fyrir, og er búinn að standa í ógurlegri baráttu á stjórnmálasviðinu til þess að koma fram réttlætismálunum, kemur nú í ljós árangurinn af þessari hetjulegu baráttu Sjálfstfl., sem er tvær nýjar n. til viðbótar við þá, sem fyrir er. Sjálfstfl. hefir lýst því yfir, að hann væri alveg mótsnúinn ranglæti og spillingu í þjóðfélaginu.

Hér er brugðið út af þeirri venju, sem hefir viðgengizt hingað til. Slíkar n. sem þessi er hafa venjulega verið skipaðar samkv. tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, en nú virðist eiga að breyta út af þeirri venju. Ummæli hv. þm. V.-Ísf. geta skýrt þetta að nokkru leyti. Þessi hv. þm. segir, að Alþfl. hafi boðið Sjálfstfl. að koma þessu í gegn móti vilja Framsfl.,

og þá var það fyrst orðið algerlega öruggt, að hægt yrði að koma þessu máli mjög fljótlega í gegn. En þá fór Sjálfstfl. að semja við Framsókn, Sjálfstfl. hætti að berjast fyrir réttlætismálunum, og má af því sjá, hver alvara hefir legið þar á bak við, og afleiðingin af þessu öllu er sú, að nú á að fara að bæta við tveim nýjum n., sem eru óþarfar með öllu. Það er alveg eðlilegt, að Sjálfstfl. vilji fá sinn fulltrúa í n., en ég sé bara ekki, hvers vegna Alþ. á að fara að samþ. slíkt, því að Alþ. er nú búið að fá nóg af því að setja upp nýjar n. Mér finnst, að þar sem tveir stjórnmálaflokkar reyna að bræða sig saman, ættu þeir að vinna það nokkurn veginn kauplaust, eða setja ráðh. í það og láta þá hafa þetta sem aukastarf, eða þá, ef það þætti ógerlegt, mætti athuga, hvort ekki væri fært að láta Samband íslenzkra samvinnufélaga taka að sér að bræða saman hagsmuni þessara tveggja flokka. Það, sem Alþ. ætti að gera, er að leggja innflutningsn. niður og láta menn fá að reyna, hvernig þá gengi að skapa heilbrigt skipulag í þessum málum.

Annars virðist það einkennilegt og fjarri allri heilbrigðri skynsemi, þegar menn eru hræddir um, að vöruvöntun verði í landinu, að þá skuli vera þrjár n. launaðar úr ríkissjóði til þess að hafa eftirlit með, að menn fái að flytja vörur inn í landið. Það virðist, vægast sagt, vera svo ósamrýmanlegt skipulag, að það er makalaust, að Alþ. skuli þessa síðustu daga, sem það situr að þessu sinni, gera enn fleiri tilraunir en það hefir áður gert til þess að afstýra því, að menn geti fengið að flytja vörur inn í landið, og ættu hv. þm. að hugsa sig vel um, hvað þetta hlýtur að vera hlægilegt. Enginn þm. Sjálfstfl. hefir nú staðið upp til að berjast fyrir réttlætismálunum, sem þeir hafa talað mikið um, og mér þætti gaman, ef einhver vildi segja, í hvaða sambandi þetta frv. væri við þau; ég býst við, að það gæti verið fróðlegt fyrir kjósendur Sjálfstfl. hér í Reykjavík. Ég held, að hið réttasta væri að leggja allar þessar n. niður, og ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. móti frv.

ATKVGR.
Brtt. 567 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 562 felld með 14:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14:4 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:5 atkv. og endursent Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

60. Verðlagsuppbót embættis- og starfsmanna ríkisins.

Á 16. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (þmfrv., A. 124).

Á 18. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Fjhn. þessarar hv. d. hefir flutt þetta frv. eftir ósk hæstv. fjmrh. Með gengisl. frá því í febrúar þessa árs er ríkisstj. heimilað að greiða verðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og setja reglugerð um það. En hæstv. stj. hefir líklega þótt réttara að leggja fram málið í frv.-formi, og er frv. þetta uppkast að reglugerð, sem fjmrn. hefir látið gera. Ég verð því að álíta, að það hafi inni að halda þau ákvæði, sem hæstv. stj. vill láta gilda um þessi efni. Grg. frv. er rökstuðning ríkisstj. fyrir málinu, en einstakir meðlimir fjhn. áskilja sér rétt til að hafa sérstaka afstöðu til einstakra atriða málsins.

Málið er mjög einfalt. Ákvæði gengisskráningarl., nr. 51 frá 12. febr. í ár, eru látin gilda óbreytt og heimfærð að ég hygg óbreytt til embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Í 2. gr. er reynt að leggja vinnu embættismanna og starfsmanna ríkisins nokkurn veginn niður í tímakaup til þess að finna, hvaða laun svari til hvers uppbótarflokks samkv. gengisskráningarl. Síðan l. þessi voru sett, hefir verið gengið frá samningum milli kaupmanna og annara atvinnurekenda í Reykjavík og starfsmanna þeirra, og ég hygg, að þar sé fyrirkomulag svipað og í þessari gr. Ég hafði lagt drög að því að fá í hendur þessa samninga, en það hefir ekki orðið enn, og bið ég afsökunar á því. En að því er ég veit bezt, er þar um að ræða samskonar ákvæði, og styður það þá skoðun, að ekki sé ósanngjarnt, að þannig skuli hagað launauppbót embættismanna og starfsmanna ríkisins. Ég hefi að vísu heyrt þá mótbáru, sem fram kom við 2. umr. fjárl., að þessi uppbót ætti að vera lægri handa starfsmönnum ríkisins en öðrum, þar sem atvinna þeirra væri öruggari en flestra hinna. Ég skal ekki bera á móti því, að það sé rétt, að starfsmenn ríkisins hafi yfirleitt öruggari atvinnu en sumir hinna. En það er tvennt, sem mælir með því, að starfsmenn ríkisins njóti sömu kjara í þessu efni. Annað er það, að ýmsir

starfsmenn ríkisins eru ekki í öruggari stöðum en ýmsir aðrir starfsmenn, sem með l. hafa fengið uppbót, og er þar skemmst að minnast, að lögð var niður ein ríkisstofnun, — og hvar var þá öryggi starfsmanna hennar? Hitt er það, að þetta öryggi starfsmanna ríkisins hefir þegar verið látið koma til greina í því, að laun þeirra eru yfirleitt lág. Þeir, sem settir eru í mestar ábyrgðarstöður ríkisins, svo sem hæstaréttardómarar, biskup, landlæknir og svo framvegis, hafa hvergi nærri laun á við þá, sem stjórna sumum stórum fyrirtækjum. Og þetta hefir alltaf verið rökstutt með því, að þessar stöður væru svo miklu tryggari en aðrar. Þetta á ekki að koma fram í öllum ráðstöfunum, sem gerðar eru, þar sem einu sinni er búið að taka tillit til þessa raunverulega eða ímyndaða öryggis með því, að grunnlaunin eru þarna lægri en víða annarstaðar.

Ég tel annars ekki verulega ástæðu til að ræða um einstök atriði frv. N. hefir hugsað sér að athuga það nánar fyrir 2. umr., og getur verið, að þá verði komnar fram einhverjar brtt. við það. Ég hygg, að sumir hv. nm. hafi ætlað sér að bera fram brtt. við frv., og er því síður ástæða til að fara út í einstök ákvæði þess nú. Þó vil ég vekja athygli á ákvæðum 3. gr., þar sem segir, að ef maður tekur laun úr ríkissjóði fyrir fleiri en eitt starf, þá skuli reikna verðlagsuppbótina af samanlagðri launaupphæðinni. Þetta ákvæði þarf nánari athugunar við. Tökum til dæmis þingfararkaup. Á það að vera misjafnlega hátt eftir því, hvaða laun önnur maðurinn tekur úr ríkissjóði? Þá þarf að athuga, hvernig fara skuli með laun, er menn taka fyrir störf í mþn. t. d., en þau eru venjulega greidd sem ákveðin borgun fyrir ákveðið verk. Ég sé ekki ástæðu til þess, að ákvæðin um dýrtíðaruppbót snerti slík störf eða hafi áhrif á dýrtíðaruppbótina í heild. Þetta getur verið óþarfa aths. hjá mér, og sé auðvelt að gera þetta upp eftir hvern ársfjórðung og ákveða þar með, í hvaða launaflokki maður eigi að lenda, en ég held þó, að framkvæmd þessa ákvæðis 3. gr. verði erfið, og þarf þetta a. m. k. athugunar við. Eins þyrfti að athuga nánar ákvæði 8. gr., þar sem segir, að verðlagsuppbót skuli greiða eftir á fyrir hvern ársfjórðung og miða hana við vísitölu þá, sem ákveðin er í byrjun ársfjórðungsins. Ef dýrtíð ykist mjög, yrði það sérstaklega óþægilegt fyrir þá, sem lægra eru launaðir, að bíða í heilan ársfjórðung eftir uppbótinni. Þetta þarf nánar að athuga, og mun n. gera það milli umr. Ég hefði því haldið, að heppilegast væri með tilliti til vinnubragða að geyma frekari rökræður um þetta þar til við 2. umr. og sjá, hvaða brtt. n. muni vilja gera.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég skal ekki tefja umr. mjög að þessu sinni. Um þetta frv. í heild er það að segja að því er snertir uppbót láglaunaðra starfsmanna, að það eru sömu hundsbæturnar, sem þeim eru hér réttar, og launal. ákveða verkamönnum. En fyrst og fremst er það hneykslanlegt við frv., að þar er gert ráð fyrir, að uppbót sé veitt á hvaða hálaun sem er, svo að maður með 20 þús. kr. árslaun fær nálægt 100 kr. launauppbót á mánuði, samtímis því að ríkisstj. er fengin heimild til að lækka öll framlög um 30% og á sama tíma og mörg þúsund manna svelta. Þetta er hneykslí, og ég tel nærri óhugsanlegt, að þetta verði afgr. þannig frá Alþingi. Það kom reyndar ekki fram hjá hv. frummælanda, að meiningin væri að lagfæra þetta, en ég get ekki trúað því, að það sé þingvilji að láta þetta frv. fara óbreytt í gegn, og ég vil hér með spyrja hv. n., hvort ekki sé ætlunin að lagfæra þetta.

Þó tekur út yfir, ef hafa á það fyrirkomulag, að ekki sé gengið út frá heildarlaunum embættismanna og starfsmanna ríkisins, heldur hverjum launaflokki fyrir sig, þannig að ef maður hefir marga bitlinga, þá sé uppbótin ekki reiknuð af þeim öllum í heild, heldur hverjum um sig, þannig að hann kemst í hæsta uppbótarflokk. Þetta nær engri átt. En ég sé þó, að hv. frummælanda þykir ekki nóg, að frv. gerir ráð fyrir svona gífurlegri launahækkun embættismanna, heldur vill hann láta auka hana enn meira, og þá fyrst og fremst hjá þeim mönnum, sem lifa sem snikjudýr á ríkissjóði og oft fyrir störf, sem eru til lítilla nytja.

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég heyri, að hv. n. ætlar að taka frv. til athugunar, vil ég benda á tvö atriði, sem athuga þarf. Annað er það, hvort láta á uppbótina ná upp úr, til þeirra hæst launuðu. Ég tel það athugavert, hvort ekki ætti að stoppa við ákveðið mark, t. d. 8—9 þús. kr. Annað atriði, sem einnig er vafasamt, er það, hvort ekki ætti að flokka launin í fleiri en 3 flokka eins og gert er í frv. Ég teldi það réttara að láta stigin vera fleiri en 3, t. d. 4 eða 5, byrja á þeim lægst launuðu, en fara lengra niður með uppbótina úr því er komið er upp í 6 þús. kr. laun t. d. Ég beini þessu atriði til hv. n. Ég tel réttara að hafa flokkana fleiri og láta uppbótina ekki ná upp úr.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vildi leiðrétta misskilning, sem hér kom fram. Það kann að vera, að ég hafi talað óskýrt, en ég vildi ekki, að þessi misskilningur kæmi fram í þingtíðindunum. Ég hélt því ekki fram, að menn, sem hefðu fleiri störf en eitt, ættu að fá uppbót fyrir hvert þeirra um sig og geta þannig komizt í hærri flokk en annars, heldur sagði ég, að þetta yrði að athuga nánar, og ég taldi það vafamál, hvort ætti að bæta slík starfslaun upp sérstaklega. Ég nefndi sem dæmi þingfararkaup og laun fyrir störf í mþn. Ég minntist á, að það gæti verið erfitt í framkvæmd að reikna öll aukastörf þannig, og að því er snertir þingfararkaupið t. d. tel ég, að um geti verið að ræða aðferðarörðugleika, að sjá, í hvaða flokki maðurinn lendir, ef taka á það til greina með öðrum launum.

Þá gerði hv. 1. þm. N.-M. tvær aths. Önnur var sú, að hann taldi vafamál, hvort rétt væri að láta uppbótina ná upp úr, og varpaði fram þeirri spurningu, hvort ekki væri réttara að stanza t. d. við 8—9 þús. kr. laun, svo að ef maður hefði hærri laun, þá væru þau ekki bætt

upp. Það er vitanlegt, að ef aukastörf eru reiknuð með, komast ýmsir upp fyrir þetta mark, en örfáir embættismenn eða starfsmenn ríkisins hafa hærri föst laun en þetta. Launin hjá ríkinu eru nú ekki hærri en þetta. Það er naumast til það ríki í veröldinni, sem hafi jafnari laun en íslenzka ríkið. Og mér finnst sá megingalli vera á því að stanza með uppbótina við ákveðið launamark, að með því er verið að gera annað en tilgangurinn er með þessari löggjöf. Tilgangurinn er ekki sá, að jafna laun manna, heldur að bæta upp að nokkru leyti þá rýrnun á gjaldeyri, sem launin eru borguð í. Verðgildi krónunnar er nú miklu minna en það var áður, svo að nú er hún ekki nema 60—70 aurar frá því sem áður var. Þess vegna er nauðsynlegt að bæta launin upp, svo að þau verði eins og áður, en til þess eru gömlu lögin þröskuldur í veginum. Þegar dýrtíðaruppbótin var sem hæst, höfðu embættismenn ríkisins allir sömu laun að henni meðtaldri. Eitt árið komst hún upp í 137%. Ég var þá nýkominn til bæjarins sem láglaunaður embættismaður, en hafði þó að meðtaldri dýrtíðaruppbótinni sömu laun og prófessorar og jafnvel biskupinn. Við námum allir staðar við sama hámarkið. Ef nú þeir lægstlaunuðu eiga að fara að nálgast þá, sem hærri hafa launin, þá er verið að rugla því launakerfi, sem fyrir er í landinu. Hv. þm. skaut því til n., hvort ekki væri betra að hafa flokkana fleiri, og er sjálfsagt að athuga það. En í fljótu bragði virðist svo, að eftir því sem flokkarnir yrðu fleiri, því flóknari yrðu l. í framkvæmd, og er rétt að mæla með gildandi ákvæðum um þessi efni.

Ég hefi nú ekki með höndum gögn, sem sýna, hvað laun geta komizt hátt. En ef litið er á föstu launin, þá eru eftir eldri launalögunum engin laun hærri en 10 þús. kr. Hæstu ríkislaunin eru ráðherralaunin, og ég held, að fáum muni detta í hug að kalla íslenzku ráðh. hálaunamenn. Ef nokkuð er vanvirða fyrir ríkið, þá er það, hvernig það launar ráðh. sínum, svo að þeim er ómögulegt að lifa af þeim launum eingöngu. Þó er ekki hægt að segja, að starf þeirra sé rólegt og þeim sé frjálst að haga sínum gerðum eftir eigin geðþótta. Sama má segja um fleiri störf, sem alls ekki eru borguð sem skyldi. En eigi að síður heyrist oft á opinberum vettvangi, að ýmsir starfsmenn ríkisins taki laun sín fyrir lítið, og þó skal ég ábyrgjast, að þessir menn hafa nóg að gera. Ég er eitt af þessum sníkjudýrum í embættum ríkisins, en mér er óhætt að fullyrða, að við fáum ekki að sofa við starf okkar, svo óhætt er að bæta launin upp þess vegna.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég hafði ekki veitt því athygli, að þetta mál var á dagskrá, svo að ég mun ekki fara um það mörgum orðum, en aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. og hvernig það var úr garði gert. Eins og það lá fyrir síðasta Alþ., leit ég svo á, að semja ætti reglugerð sem mest í samræmi við fyrirmæli l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, þannig að reglugerðin væri beinlínis samin í samræmi við gildandi reglur um dýrtíðaruppbót til manna, sem kæmu undir þau lög. Þar er dýrtíðaruppbótin takmörkuð með því að takmarka verðstuðulinn sjálfan, þannig að hún virðist minni en dýrtíðin segir til um. Alveg á sama hátt er gert í þessu frv., og eftir meðferð þess á síðasta Alþ. var ekki hægt að sjá annað en þetta væri tilgangurinn. Þar sem rétt er að láta þingið skera úr þessu máli, þá sá ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að breyta reglugerðaruppkastinu, en lét það fara til meðferðar. Sjálfsagt er, að þingvilji komi fram um þessi efni, og vænti ég, að samkomulag náist um þau. Að öðru leyti hefi ég ekkert um þetta að segja, þar sem ég hefi ekki verið viðstaddur umr.

***Erlendur Þorsteinsson:** Vegna þeirra umr., sem farið hafa fram í þessari hv. d., þá vildi ég gjarnan gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, fyrir hönd fjhn. Eins og grg. frv. ber með sér, er frv. flutt að tilhlutun hæstv. fjmrh. af fjhn. Nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um einstök atriði frv., og til að gera brtt. við það. Þegar n. athugaði frv. og ræddi um að gera breyt. á því, þá tilkynnti ég, að ég vildi fá því breytt þannig, að I. fl. yrði miðaður við 300 kr. laun á mánuði, II. fl. við 300—400 kr. og III. fl. yrði þar yfir. Ennfremur að uppbætur á hálaunum yrðu takmarkaðar, þannig að dýrtíðaruppbótin yrði miðuð við 8 þús. kr. laun á ári. Maður, sem hefði 10 þús. kr. laun, fengi aðeins uppbót af 8 þús., en enga af 2 þús. — Samkvæmt 8. gr. verður verðlagsuppbótin greidd eftir á mánaðarlega, en laun starfsmanna eru venjulega greidd fyrirfram. Við ræddum um þetta í n. og það varð að samkomulagi, að hún skyldi flytja frv. óbreytt eins og það barst frá fjmrh., en taka það síðan sérstaklega til meðferðar fyrir 2. umr.

Í 6. gr. er ákvæði, þar sem talað er um, að embættismönnum, sem fá greitt skrifstofufé úr ríkissjóði, sé heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkv. þeim reglum, sem talað er um í 2. gr., gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjmrh. úrskurðar. Ég vil aðeins benda á það við þessa umr., að verðlagsuppbótin gæti orðið mikið hærri en útlit var fyrir, þegar þessum mönnum var ákveðið skrifstofufé. Það gæti því komið til mála, að fjhn. athugaði, hvort ekki bæri að bæta embættismönnum þetta upp að einhverju leyti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði málsins, enda ekkert komið fram við þessa umr., sem ég þarf að svara.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég sé, að það hefir verið að einhverju leyti misskilningur, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. að því er snertir till. hans um það, hvernig reikna skuli uppbót af launum þeirra manna, sem hafa á hendi margvísleg störf. Þetta hefði þær afleiðingar, að menn, sem taka laun fyrir mörg aukastörf, komast í hærri launaflokkinn. Annars var mér ekki vel ljóst, hvað hv. þm. hugsar sér í þessu efni. Aðalatriðið er, hvort eigi að láta launauppbótina ná til allra, hversu hálaunaðir sem þeir eru. Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram, að

tilgangurinn með launalögunum væri sá, að bæta upp verðhækkunina, þannig að launin yrðu þau sömu eftir sem áður. Nú er alls ekki farið eftir þessari meginreglu í þessum l. og heldur ekki í gengisskráningarl. Það hefir heldur engum manni dottið í hug að halda því fram fyrr en nú, að þessi launauppbót væri gerð í þeim tilgangi að hækka launin sem nemur aukinni dýrtíð. Tilgangurinn var efalaust sá, að láta þá menn fá uppbót, sem eru svo lágt launaðir, að þeir eiga fullt í fangi með að framfleyta lífinu. Þessi lög eru því sett af brýnni nauðsyn. En á sama tíma og hagur ríkissjóðs er þannig, að veita verður ríkisstjórninni heimild til þess að skera niður útgjöldin um 35%, eru brýnustu nauðsynjamálin lögð til hliðar og verulegar framkvæmdir látnar sitja á hakanum. Á sama tíma eru ekki einu sinni möguleikar til þess, að bændur geti fengið áburð á tún sín. Á sama tíma er leikið sér að því að kasta peningum í menn, sem hafa svo há laun, að þeir lifa í allsnægtum. Hv. þm. hélt því fram, að þessir menn hefðu svo þýðingarmikil störf með höndum, að þeir þyrftu að vera hálaunaðir, en allt öðru máli gegndi um sjómenn og hafnarverkamenn. Hann hélt því líka fram, að sanngjarnt væri, að hann hefði t. d. fimmföld til sexföld laun á við venjulega verkamenn og að hann hefði sexfalt þýðingarmeiri störf með höndum. En ég álít aftur á móti, að hafnarverkamaður hafi margfalt þýðingarmeira starf að leysa af höndum, sem þjóðfélagið ætti að launa vel. Að minnsta kosti er skylda þess að sjá um, að þessir menn hafi svo góð launakjör, að þeir geti rækt sitt starf og haldið sinni starfsorku. En það verður ekki með því fyrirkomulagi, sem er á launakerfinu samkvæmt gengisskráningarl. Það er blátt áfram siðleysi að koma með till. um að hækka stórlega laun þeirra manna, sem hafa marga tugi þús. á ári, á sama tíma og þeir, sem að framleiðslustarfinu vinna, lepja dauðann úr skel.

Hv. þm. var að tala um, að yfirleitt væri sjaldgæft, að starfsmenn ríkisins hefðu hærri en 8 þús. kr. laun á ári, hæstu launin samkv. launalögunum væru 10 þús. og það væri hámarkið hjá starfsmönnum þess opinbera. Þetta er rétt, ef aðeins er litið á launalögin, en ef sjálf launin eru athuguð, verður allt annað uppi á teningnum. Það er ekki vafi á því, að ef reiknuð eru saman laun ýmissa embættismanna, þá hafa þeir hærri laun en 8 þús. kr., og langt fram yfir það, og hér er um að ræða stórt fjárhagsspursmál fyrir ríkissjóð.

Hv. þm. gat þess, að ósæmandi væri fyrir ríkið, hve illa það launaði ráðh. sínum, þeirra núverandi launakjör væru óviðunandi, og hann rökstuddi þessa skoðun sína með því, að það væri svo óviss staða að vera ráðh. Ég læt nú vera, hversu óviss sú staða er. (**MJ**: A. m. k. varð hún óviss fyrir Kuusinen). Berum ráðherrastöðuna saman við stöðu hafnarverkamannsins í Reykjavík, — hvor skyldi vera óvissari staða? Ef fara ættu fram einhverjar breytingar á ráðherralaunum, ætti frekar að minnka þau, því að þegar ráðh. fer frá, skammtar hann sér alltaf þá beztu stöðu, sem til er í landinu, og hv. þm. getur ekki komið með margar undantekningar. Ég veit ekki til þess, að ráðh. hafi þurft að lepja dauðann úr skel, hvorki meðan þeir gegna þeirri stöðu eða eftir að þeir eru komnir úr ráðherrastóli. Það er undarlegt af hv. þm. að koma með slíkar röksemdir, þegar hann heldur fram hagsmunum hálaunamanna á móti hagsmunum verkamanna, og er það fremur til að segja eitthvað en til að rökstyðja sitt mál.

Viðvíkjandi því, sem hv. 10. landsk. þm. sagði um afstöðu fjhn. til þessa máls, þá skilst mér á hans till., að borga eigi uppbót af 8 þús. kr., en ekki af því, sem þar er fram yfir. Sá maður sem hefði 10 þús. kr. laun, fengi uppbót af 8 þús., en ekki af 2 þús. kr. En það er hneyksli á þessum tímum, að uppbót skuli vera reiknuð af svo háum launum, og ég tel þessa till. því gagnslaust kák. Munu síðar koma till. til bóta í þessum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 124, 183).

***Frsm. (Magnús Jónsson)**: Ég gat þess við 1. umr., að fjhn. myndi athuga þetta mál milli umr., enda þótt það sé flutt af henni skv. ósk ríkisstjórnarinnar og því hafi ekki verið sérstaklega til hennar vísað. Þetta hefir n. gert og ber nú fram 2 brtt. á þskj. 183. Mun ég í fáum orðum gera grein fyrir þessum brtt., en þær eru augljósar, þótt þær ef til vill kunni að valda einhverjum ágreiningi.

Fyrri brtt., við 2. gr., er í raun og veru tvær brtt. Í fyrsta lagi að breyta flokkaskipuninni, sem í frv. er miðuð við laun allt að 270 kr. á mánuði til launa yfir 360 kr. á mánuði, og er einn flokkur þar í milli. Leggur n. til, að miðað verði við 300 kr. mánaðarlaun, 300—400 kr. og yfir 400 kr. á mánuði, þó þannig, að verðlagsuppbót greiðist aðeins á 650 kr. mánaðarlaun, en ekki af því, sem fram yfir er. Þetta er ekki efnisbreyting raunverulega, því að ákvæðin í stjfrv. voru byggð á áætlunum, sem miðaðar voru við, að starfstími embættismanna væri 6 tímar á dag. N. leit svo á, að þessi áætlun væri ekki rétt, starfstími embættismanna er yfirleitt töluvert lengri. Það er ekki rétt að miða við það, að skrifstofur séu yfirleitt opnar 6 tíma á dag, oftast verða menn að koma til vinnu klst. áður en skrifstofan er opnuð, og mjög margir verða einnig að vinna eftir lokunartíma. Að því er snertir vinnutíma kennara verður að taka tillit til þess, að þeir þurfa að fara yfir skriflegar úrlausnir og að verja einhverjum tíma að auki til undirbúnings kennslunni. Lætur því líklega nær, að starfstími embættismanna sé 8 tímar, en ekki 6 tímar daglega. Nú miðaði n. till. sínar ekki við þetta beinlínis. Hún vill láta miða við skýra upphæð og láta standa á 100 kr., og svara þær upphæðir til 7—8 st. vinnudags, en víðast

hvar eru greidd mánaðarlaun á opinberum skrifstofum. Væri leitt til þess að vita, þar sem við sömu stofnun vinna menn með föstum launum og aðrir með tímakaupi, að þeir, sem hefðu tímakaup, færu upp fyrir hina. Hefir n. reynt að hafa þessa áætlun sem réttasta, og vænti ég, að menn geti verið sammála um þessa till.

2. liður fyrri brtt. er aftur á móti meira ágreiningsatriði. Ég fyrir mitt leyti er á móti því að bæta aldrei upp meira af launum starfsmanna ríkisins en sem svarar tæplega 8 þús. kr. tekjum, eða að bæta ekki upp það, sem er yfir 650 kr. á mánuði. Hér er verið að jafna tekjur manna eftir að búið er að gera það áður með flokkaskiptingunni. Ég gekk inn á að gera þessar tvær till. að einskonar „siamesiskum“ tvíburum, þannig að ekki er unnt að greiða atkv. nema með báðum till. eða á móti báðum. Ég tel þetta þó í raun og veru principbrot.

Þá kemur 3. brtt., við 8. gr., að verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega. Þetta er áreiðanlega heppilegra, ef það er ekki því þyngra í framkvæmd, en því getum við í n. ekki skorið úr. Það er ekki vafi á því, að fyrir þá, sem eru lægst launaðir, er það ákaflega hagalegt, að geta ekki fengið öll laun sín greidd mánaðarlega. Vil ég því mæla með því, að þessi brtt. verði samþ. Hefi ég þá gert grein fyrir þessum brtt. n. og skal ekki lengja umr. frekar.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég tel þessar till. n. til bóta, en samt ekki svo, að við sé unandi. Vil ég því leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. við brtt. n., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: [sjá þskj. 213].

Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja þetta nánar en ég gerði við 1. umr. Ég lít svo á, að á meðan þeir, sem lægst eru launaðir og ekki hafa meira en 300 kr. á mánuði, fá ekki meiri kjarabætur en 9% hækkun. ... Mér finnst það ekki ná nokkurri átt, að laun, sem ekki nema meiru en 2 þús. kr. á ári eða svo, verði ekki hækkuð nema um 10%, á sama tíma sem verðlag hækkar um 30%, og á sama tíma og gert er ráð fyrir, að þeir menn, sama hafa allt að 650 kr. laun á mánuði, fái allmikla launauppbót. Þetta álít ég, að sé augljóst mál, og þurfi því ekki að fara um það fleiri orðum.

Það er þó eitt atriði, sem ég vil enn gagnrýna, og það er það, að ekki sé rétt að miða við krónutal, heldur við kaupmátt krónunnar. Ég geri ekki ráð fyrir því, að verulegar verðlagsbreytingar verði þangað til næsta þing kemur saman, svo að nokkur ástæða sé til þess að hækka laun þeirra manna, sem hafa 650 kr. á mánuði. En ef svo færi, myndi öll þessi löggjöf raskast svo, að stórkostleg nauðsyn myndi að lagfæra hana alla, annaðhvort með því að kalla saman þing eða með því að gefa út bráðabirgðalög.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá 1. landsk. þm., hún er þannig: [sjá þskj. 213].

Þar sem till. þessi er skrifleg og of seint fram komin, verður að leita tvennra afbrigða, sem ég vil gera í einu lagi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 213 felld með 9:1 atkv.

Brtt. 183,1 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 183,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

9.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed, 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 214, 225).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Fjhn. var bent á, að það væri eitt ákvæði í frv., sem ekki væri alveg tvímælalaust, hvernig skilja bæri. Það mun nú að vísu ekki vera mikill vafi á því, en það er þó rétt, að það sé alveg öruggt. Það stendur í 2. gr., að til 1. flokks teljist laun allt að 300 kr., og mætti þá deila um, hvort 300 kr. séu með. Nú mun oftast vera, að ef talað er um „allt að“, er upphæðin ekki talin með, en þar er þó vafi á, og var meiningin, að 300 kr. skyldu vera með. Þegar talað er um 3. flokk, er sagt yfir 400 kr., svo að tilætlunin er, að 2. flokkur sé frá 300 kr. upp að 400 kr. og 400 kr. með, en þetta er ekki alveg skýrt, svo að fjhn. hefir, til þess að bæta úr þessu, borið fram till., sem á að skilgreina þetta alveg nákvæmlega. Till. er á þskj. 225 og hljóðar svo, að í stað orðanna „laun allt að 300 krónur á mánuði“ komi: laun 300 krónur eða minna á mánuði. Till. er aðeins til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 225 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 237).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég þarf ekki margt um þetta mál að segja. Það er í rauninni borið fram samkvæmt ákvörðun síðasta Alþ., þ. e. a. s. í l. frá því þingi var gert ráð fyrir, að embættismönnum og starfsmönnum ríkisins yrði greidd verðlagsuppbót í samræmi við reglugerð, sem ríkisstj. setti. Það varð síðan að ráði í staðinn fyrir að gefa út reglugerð um þetta efni, að lagt var fyrir þingið frv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. var lagt fram í Ed., og hefir sú d. gert nokkrar breyt. á því, sem aðallega felast í 2. gr. Ríkisstjórnin fellst alveg á þær breyt., sem Ed. hefir gert á frv., og ég get mælt með því, að frv. verði afgr. í því formi, sem það nú er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 33., 34., 35., 36. og 37. fundi í Nd., 11., 12., 13., 15. og 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 237, n. 398, 411, 465, 472).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 472. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Herra forseti! Fjhn. hefir athugað þetta frv. allrækilega. Samkomulag varð síðast um það í n. að afgr. málið til d. með sameiginlegu nál., en láta þær brtt. koma fram sér í lagi, sem menn óskuðu eftir að gera við frv. N. öll, að undanskildum hv. þm. V.-Ísf., hefir orðið sammála um að bera fram sameiginlega brtt. á þskj. 411 og sömuleiðis nú síðar á þskj. 465. Þessi meiri hl. n. taldi rétt, að *undir núverandi kringumstæðum* ætti þessi verðlagsuppbót til embættismanna ríkisins ekki að koma fram sem almenn launahækkun, hvort sem þau eru há eða lág, heldur ætti hún fyrst og fremst að miðast við það að hjálpa þeim til að afla sér lífsnauðsynja, sem verst eru settir með að fá laun. Og við þetta eru brtt. n. miðaðar á þeim þskj., sem ég nefndi. Það *má segja*, að í brtt. n. séu þrjú stig, sem n. leggur til, að miðað sé við.

Í fyrsta lagi eru sett tvennskonar hámörk á uppbótina, þannig að þeir, sem hafa aðeins fyrir sjálfum sér að sjá, fái ekki verðlagsuppbót, ef laun þeirra fara yfir 360 kr. á mánuði. Hinsvegar er hámarkið hjá þeim, sem eru fjölskyldumenn, 650 kr. á mánuði, og í þriðja lagi sé öllum, sem hafa börn á framfæri, ætlaðar 10 kr. *með hverju barni á mánuði. Það má segja*, að þetta séu aðalatriðin í till. meiri hl. fjhn. og sem fyrst og fremst á að miðast við hina auknu dýrtíð, sem orðin er. Hinsvegar er ekki ástæða til, að verðlagsuppbótin komi fram sem bein launahækkun. Menn verða að líta á það, að ástandið er þannig í landinu, að það er fjöldi fólks, sem ekkert hefir til að framfleyta sér og sínum. Og áður en ríkið fer að hækka laun, verður það fyrst að líta til þeirra, sem ekkert hafa. Í till. meiri hl. er hér farið inn á svipaða braut og gert var með dýrtíðaruppbótinni 1915, að miða uppbótina við það, hvað menn hefðu mikið á framfæri sínu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Brtt. eru ljósar og ég vænti þess, að hv. þm. geti á þær fallizt.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég skal fyrst minnast á brtt. á þskj. 465, sem er frá allri n., en sú till. er um það, að verðlagsuppbótin skuli einnig reiknuð af dýrtíðaruppbótinni. Í sambandi við þetta vil ég vekja athygli á því, að í sjálfri brtt. á þskj. 411 er talað um, að verðlagsuppbótin skuli reiknuð af stofnlaunum. Þetta hefi ég skilið svo, að hér væri átt við stofnlaun í mótsetningu við dýrtíðaruppbót, og að með stofnlaunum sé átt við föst laun. Þetta vil ég, að komi skýrt fram í umr., svo að ekki verði ágreiningur um framkvæmd þessa atriðis. Ég hygg, að engum þeirra hv. þm., sem fluttu viðbótartill., hafi dottið í hug, að aldursuppbótin ætti að falla undan við útreikning verðlagsuppbótarinnar. En þetta er töluvert stórt atriði fyrir margar láglaunastéttir, eins og til dæmis símamenn, póstmenn, presta og kennara. Aldursuppbótin getur numið allt að 25 af launum þessara stétta. Þessu frv. er ekki ætlað að breyta launaskalanum, sem í gildi er, heldur veita nokkra uppbót á laun manna í hlutfalli við *aukna dýrtíð, en ríkið launar fáa menn svo vel*, að orð sé á gerandi, að minnsta kosti um þá, sem búa við það verðlag, sem gildir hér í Reykjavík nú. Ég hefi ekki heldur kært mig um að fylgja því, að uppbót til einstakra manna væri takmörkuð, nema tekið væri tillit til þeirrar framfærslu, sem þeir í raun og veru hafa, því að skylduómagar í þessu sambandi segja ekki alltaf rétt til um það, hvaða framfærslu maður hefir. Og mér virðist, að barnauppbótin, sem gert er ráð fyrir í till. n., komi ekki réttlátlega niður. Þessi uppbót kæmi varla á börn eldri en 16 ára, en með því að svo myndi verða, þá kemur hún einmitt á þau börn, sem eru ódýrust í framfærslu, því að hér í kaupstöðunum er það a. m. k. svo, að þá fyrst fara börnin að verða foreldrunum dýr, þegar þau eru komin yfir 16 ára aldur. *Ef farið væri inn á slíka uppbót*, hefði *ég* viljað fara miklu nákvæmar inn á þessi atriði og veita uppbótina eftir raunverulegri þörf. Þetta er höfuðatriðið af því, sem ég vildi sagt hafa. Ég hefði getað fallizt á frv. eins og það kom frá Ed., því að mér kemur varla í hug, að þessi l. standi óbreytt meir en svona eitt ár eða svo. Því að ef sama ástand helzt, hlýtur ríkisstj. að leggja nýjar till. fyrir næsta Alþ., og þá að þessu máli gaumgæfilega athuguðu. Þessar takmarkanir, *sem hér er lagt til*, að settar verði, hafa ekki verið settar í samskonar l., sem áður er búið að samþ. Með því er mönnum gert mishátt undir höfði. Takmarkanirnar eiga að koma alstaðar niður, ef á að setja þær. Þar á að vera samræmi í, en ekki ósamræmi, eins og skapast með þessum brtt. n.

***Einar Olgeirsson:** Það er sérstaklega aðaltill. í sambandi við þetta, sem er athugaverð, sem sé 2. gr. sjálf. Það, sem þarna er lagt til, er að láta sömu reglu gilda fyrir láglaunamenn eins og gildir fyrir verkamenn og var sett með kaupgjaldslögunum í fyrra. Eftir þessu ákvæði á að reikna dýrtíðarvísitöluna út ársfjórðungslega eftir á; þannig hefir vísitalan verið reiknuð út fyrir fyrstu þrjá mánuði þessa árs 9% og 15,75% *fyrir næstu 3 mánuði*. Launauppbótin, sem menn fá, verður þannig raunverulega lægri en dýrtíðin raunverulega segir til um.

Við sósíalistar höfum lagt fram strax í byrjun þessa þings frv., sem fór fram á að tryggja verkamönnum, annaðhvort rétt til að beita sínum samtökum til að knýja fram kauphækkun, eða að öðrum kosti, ef hvorki verkamenn né atvinnurekendur vildu beita samtökunum í þessu efni, þá yrði verkamönnum tryggð kauphækkun, sem samsvaraði dýrtíðinni, og að sú hækkun kæmi fram mánaðarlega eftir á í staðinn fyrir það, sem nú er. Nú getur maður sagt hvað verkamenn snertir, að þeir hafi þrátt fyrir ákvæði gengislaganna möguleika til að knýja það fram, að tillit sé til þeirra tekið. Það er vit-

anlegt, að þó að kaupgjaldið sé ákveðið með l., þá er ekki hægt að knýja menn til þess að vinna. Ef verkamenn tækju sig saman um að leggja niður vinnu, þá er hægt að brjóta framkvæmd l. á bak aftur, án þess að brjóta í bága við bókstaf þeirra. Það er hægt að knýja atvinnurekendurna og ríkisvaldið til þess að láta undan í þessum efnum, eins og sýnt hefir sig, að sjómenn hafa hvað eftir annað knúið ríkisstj. til þess að breyta þessum l. Hvað starfsmenn ríkisins snertir, þá er öðru máli að gegna. Þeim er bannað að gera verkföll. Þeir eru sviptir þeim litlu réttindum, sem verkamenn geta nú haft. Starfsmenn ríkisins verða þess vegna eingöngu að treysta á sanngirni ríkisvaldsins. Nú vil ég sérstaklega geta þess, að fjöldi af starfsmönnum ríkisins eru verst launuðu stéttirnar í landinu. Ég skal ekki fara út í neinar sérstakar heimspekilegar hugleiðingar í þessu sambandi, hvort þetta stafar af því, að ríkisvaldið hefir svipt þessa menn verkfallsréttinum, og það hafi þess vegna ekki þurft að óttast samtök þessara manna. Ef svo væri, sem ekki er ósennilegt, þá væri nú tækifæri til þess fyrir ríkisvaldið að sýna, að það vilji ekki misnota þetta bann á verkföllum, sem það sjálft hefir sett, og það getur ekki sýnt það á annan hátt en gera almennilega við þessa starfsmenn. Ég álít þess vegna, að í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá eigi að gera breyt. á 2. gr. í þá átt, að tryggja a. m. k. þeim, sem eru í 1. og 2. flokki, að þeir fengju uppbót, sem samsvaraði því, sem dýrtíðin mun vaxa. Og ég mun annaðhvort við þessa umr. eða 3. umr. koma með brtt., sem að þessu miða. Ég skal líka geta þess í þessu sambandi, að það er vitalega gengið út frá því, ef hún yrði samþ., að þá ættu verkamenn kröfu á samsvarandi hækkun.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég vil biðja afsökunar á því, að ég á illt með að tala, vegna þess að ég hefi orðið slæmur í hálsi, en vildi hinsvegar ekki láta þessa umr. fara framhjá án þess að láta skoðun mína í ljós á þessu máli.

Því aðeins var þetta frv. lagt fyrir þingið eins og það var úr garði gert, að það var álitið það eina, sem væri í samræmi við þingviljann í þessu máli, eins og hann kom fram á síðasta þingi, þar sem stj. var heimilað að greiða embættismönnum og starfsmönnum ríkisins eftir svipuðum reglum og átti að greiða til verkamanna og sjómanna samkvæmt gengislögunum. Það kemur þess vegna mjög á óvart, að fjhn. hefir þrátt fyrir þennan þingvilja breytt frá honum í svo verulegum atriðum sem gert er í till. n., sem hér liggja fyrir. Það liggur til dæmis í augum uppi, að þegar ákveðin var verðlagsuppbót til verkamanna, þá hefði mátt setja um það samskonar reglur eins og nú er lagt til, að hér verði settar samkv. till. n., til dæmis með menn, sem ekki hefðu fyrir öðrum en sjálfum sér að sjá, að þeir skyldu ekki fá dýrtíðaruppbót. Ef þetta hefði verið gert, þá hefði málið horft öðruvísi við. Það er augljóst, að þetta myndi valda óánægju, ef farið væri að setja þessi ákvæði hér, auk þess sem það er augljóst, að sá tilgangur, sem meiri hl. n. hefir ætlað að ná með þessum till., er að meira eða minna leyti fyrir borð borinn með öðrum till. n. sjálfrar. Það er mælt svo fyrir í einni brtt. n., að þeir, sem hafi 360 kr. í laun og þar yfir og séu einhleypir, skuli enga dýrtíðaruppbót fá. En það er síður en svo minni ástæða til að gera mun á fjölskyldumönnum og einhleypum mönnum fyrir neðan þetta launamark. Það er til dæmis augljóst mál, að einhleypur maður með 360 króna laun á mánuði er miklu betur settur en fjölskyldumaður með 2 börn, sem hefir 400 krónur á mánuði, þótt hann fái 200 krónur á mánuði með börnunum. Þar að auki er spurning um það, hvað á að vera höfuðreglan í þessu efni.

Nú er það svo, að starfsmönnum ríkisins er skipt í launaflokka eftir því, hvað störfin eru talin mikilsverð. Mér finnst ekkert réttlæti í því, ef rétt er talið að greiða uppbót á lægri launin, sem greidd eru fyrir hin minna áríðandi störf, að þá sé ekki einnig greidd uppbót á störfin, sem meira áríðandi eru talin og þess vegna betur launuð. Mér finnst sama siðferðislega skylda vera til þess að greiða hlutfallslega uppbót á öll þessi laun.

Þá vil ég og benda á eina hættu, sem af því gæti stafað að gera mun á uppbót á laun einhleypra manna og fjölskyldumanna, einkum með tilliti til þess frv., sem hér á að ræða á eftir um uppbót á laun starfsmanna í verzlunum og skrifstofum. Það er augljóst, að ef farið er inn á þessa braut, þá muni geta komið að því, að fjölskyldumenn eigi erfiðara með að afla sér vinnu en þeir, sem einhleypir eru.

Um slík mál sem þessi varðar það miklu, að fullt réttlæti sé sýnt starfsmönnunum í heild, en það get ég ekki séð, að sé gert með till., sem hér liggja fyrir, og get ég því ekki mælt með því, að þær verði samþ., og mun greiða atkv. á móti þeim.

Skúli Guðmundsson: Fyrir rúmu ári síðan voru sett hér á Alþ. l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Með þeim l. var breytt nokkuð gengi íslenzkrar krónu, en það var í þeim tilgangi gert að bæta fyrir framleiðslunni í landinu, sérstaklega sjávarútveginum, sem hafði átt við mikla erfiðleika að stríða á undanförnum árum. Inn í þessi l. voru sett ákvæði um kaupgjald verkamanna og sjómanna. Einnig náðu þau til nokkurra iðnaðarmanna. Því var yfirlýst um leið, að mig minnir af öllum flokkum, sem að þessari lagasetningu stóðu, að þó þeir samþ. að gera þessar ráðstafanir, þá væri það ekki skoðun þeirra, að yfirleitt ætti að skipa kaupgjaldsmálum með löggjöf. Hinsvegar var þetta sett í l. af því, að mönnum þótti nauðsynlegt bæði að tryggja vinnufriðinn í landinu og eins til þess að koma í veg fyrir, að sá hagnaður, sem fengist af gengisbreytingunni fyrir útgerðina, yrði allur af henni tekinn með ósanngjörnum kaupkröfum, sem ekki væri hægt að standa í móti.

Á síðari hluta þings 1939, um eða fyrir áramótin seinustu, voru gerðar breytingar á gengisskráningarlögunum og þar á meðal á kaupgjaldsákvæðunum vegna styrjaldarástandsins og

gengisbreytinga í sumum viðskiptalöndum okkar. Nú liggur fyrir frv. frá ríkisstjórninni um verðlagsuppbót til embættismanna og starfsmanna ríkisins, og hefir fjhn. skilað áliti um það. Ég veit, að margir þeirra manna hafa þörf fyrir slíka uppbót. En þá verður ekki hjá því komizt að líta til þess, hvað aðrar stéttir í þjóðfélaginu eiga við að búa, og líkur fyrir því, hvort þær fái tekjuauka til þess að mæta dýrtíðinni. Hvernig lítur út fyrir atvinnuvegunum í landinu? Verður nokkur hækkun á tekjum bænda á þessu ári? Allt er í óvissu um það. Þeir, sem selja framleiðslu sína innanlands, t. d. mjólk, fá líklega alls enga nettó-tekjuhækkun. Sú hækkun, sem orðið hefir á útsöluverði, nægir e. t. v. ekki einu sinni til að mæta þeim aukna kostnaði, sem lagzt hefir á framleiðsluna vegna styrjaldarástandsins. Engu meiri vissa er fyrir því, að nettótekjur þeirra, sem framleiða fyrir erlendan markað, fari vaxandi. Sumar vörur þeirra, svo sem ull og gærur, hafa hækkað nokkuð, aðrar mjög lítið samanborið við dýrtíðina. Við skulum þá líta til útgerðarmanna. Að vísu hafa togararnir fengið gott verð fyrir ísfisk í Bretlandi og haft af því mikinn hagnað þrátt fyrir aukinn tilkostnað. En undanfarin ár hafa þeir stöðugt verið reknir með tapi og allt í óvissu um markaðinn í framtíðinni, og t. d. með sölu á saltfiski lítur mjög óvænlega út. Verðhækkun, sem orðið hefir á bátafiski, gerir víst ekki betur en mæta auknum útgerðarkostnaði þar, enda mjög lélegur afli í flestum verstöðvum. Í Vestmannaeyjum t. d. hefir hann alveg brugðizt. Gengisbreytingar, sem orðið hafa á Englandi seinustu mánuðina, valda útflytjendum miklu tjóni. Sjómenn á togurum og millilandaskipum hafa að vísu háar tekjur vegna áhættuþóknunar, svo að þeir munu vera með tekjuhæstu mönnum hér á landi. En í verstöðvunum eru flestir sjómenn ráðnir upp á hlut og óvíst, hvort þeirra tekjur verða nokkru hærri en áður var. Sama getum við sagt um verkamenn. Þrátt fyrir þær uppbætur, sem þeim eru veittar með gengislögunum, er alls ekki víst, að atvinnan endist þeim svo, að þeir beri meira úr býtum eftir en áður. Þegar afli bregzt, dregst atvinna þeirra saman, og rætt hefir verið um afleiðingar þess, að saltfisksverkun leggst niður að kalla. Þetta allt vildi ég benda á til samanburðar, þegar rætt er um kaupuppbót til fastlaunamanna.

Út af samanburði hæstv. fjmrh. á fastlaunamönnum og verkamönnum vildi ég benda á, að þar er ólíku saman að jafna. Verkamenn hafa enga tryggingu fyrir meiri árstekjum, þó að kaup hækki. Fastlaunamenn eiga að fá kauphækkun sína óskerta, hvernig sem veltur. En það verður okkur að vera ljóst, að framleiðslan er undirstaðan, sem allt veltur á.

Ég tel brtt. fjhn. til bóta og mun greiða þeim atkv. En mér finnst þörf frekari breytinga. Ég tel óhjákvæmilegt, að þessar kaupuppbætur verði háðar því skilyrði, að einhver hækkun verði á aðalframleiðsluvörunum, og ég áskil mér rétt til að flytja um það breytingartillögu við 3. umr., en vildi láta þetta sjónarmið koma fram nú þegar.

Jón Pálmason: Herra forseti! Í nál. á þskj. 398 er tekið fram, að skoðanir nm. séu skiptar um þetta mál. Mér t. d. var ómögulegt að fella mig við frv. eins og það kom frá hv. Ed. Þó að ég féllist á að ganga með brtt. n., er ég ekki ánægður með að afgr. frv. þannig. Ég hefði talið réttast, eins og nú horfir, að engin dýrtíðaruppbót yrði ákveðin nema til þeirra, sem lægst eru launaðir og hafa fyrir fjölskyldu að sjá. En samkv. reynslu minni frá síðasta þingi þýðir ekki að ræða slíkt nú. Ríkisstj. var gefin heimild til að greiða embættismönnum sömu uppbætur og ákveðnar voru fyrir verkamenn. Þó vildi ég binda uppbótina við ákveðið launahámark, en með till. minni munu ekki aðrir hafa greitt atkv. en hv. þm. Borgf., hv. þm. Dal. og hv. þm. A.-Sk. Nú get ég tekið undir flest það, sem hv. þm. V.-Húnv. (SkG) sagði í síðustu ræðu sinni. Ég tel enga menn hafa betri aðstöðu á landinu en fastlaunamenn hins opinbera. Áður en þeim er almennt veitt uppbót, ætti að byrja á að bæta hag þeirra, sem lakar eru settir, svo sem sjómenn og óbreyttir verkamenn, sem hafa óvissa atvinnu, og smáframleiðendur til sjávar og sveita. Þetta er aðalsjónarmið mitt. Brtt. n. fylgi ég, því að þær eru til bóta. En þær ná allt of skammt. Nú hefir fjhn. bundið uppbótarhámarkið við 7800 kr. árstekjur. Ég verð að segja, að þeir, sem þær tekjur hafa, eru svo vel settir, að ekki er ástæða til að bæta þeirra kjör. Af ríkislaunuðum mönnum munu það vera um 150 talsins, og eins og þetta var 1938—39 munu þeir hafa um 10 þús. hver að meðaltali, þ. e. hálfa aðra milljón samlagt á ári. Miðað við, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed., og að uppbótin verði í árslokin núna komin upp í 15% í hæst launaða flokknum, — hún er að vísu mun lægri þar ennþá, en í I. fl. er hún þegar komin í 15,75% —, þá eru 15% af 1½ milljón 225 þús., og engar líkur eru til, að uppbót til þessara manna yrði minni samtals en 175 þús. kr. Enginn hefir reiknað út, hve miklu það kunni að muna, ef brtt. n. viðvíkjandi uppbót til einhleypinga yrði samþ., en allmikið er það og réttlátur sparnaður. Aftur á móti tel ég eðlilegt, að tekið sé tillit til barnaframfæris.

Á fjárlögum yfirstandandi árs er ekki ætlaður eyrir til þessara hluta, og ekki heldur til þeirra kaupuppbóta, sem samþ. voru í lok síðasta þings. Og þær 350 þús. kr., sem settar hafa verið á fjárl. næsta árs, eru alls ónóg upphæð. Ef frv. yrði samþ. eins og það er, mundi kostnaður af því fara nær milljóninni en 350 þús. Þetta ættu menn að gera sér ljóst, áður en þeir fara að greiða atkv. um brtt. fjhn.

Ég ætla ekki að grípa fram fyrir hendur hv. frsm. að svara hv. þm. V.-Ísf. og hæstv. fjmrh. Út af ræðu hv. þm. V.-Húnv. verð ég að taka fram, að fjhn. treysti sér ekki til að fara inn á þá braut, nema taka um leið í gegn allar ákvarðanir, sem Alþ. hefir tekið um kaup verkamanna og annara, sem ekki eru á föstum launum, og miða einnig þar við hag framleiðslunnar á hverjum tíma.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta, nema tilefni gefist, og vænti þess, að hv. þdm. skilji afstöðu

mína, og að hún er háð þeirri reynslu, að meiri hl. þm. í öllum flokkum virðist staðráðinn í, að verðlagsuppbætur skuli veittar.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Ég þarf fáu einu að svara. Eins og vænta mátti, hafa komið fram mismunandi sjónarmið. Það er eins og nokkrir hv. þm. hafi ekki gert sér ljóst, hvernig ástandið er, þegar þeim finnst, að á launamönnum eigi ekki að koma niður nein dýrtíð og að atvinnulífið geti staðið undir því að bæta þeim hana upp. Þeir hv. þm. eru utan við veruleikann. Það er sjáanlegt, að allir einstaklingar þjóðfélagsins verða að taka á sig meira en nú af erfiðleikunum. Þess vegna getur fjhn. ekki gengið lengra en það að miða uppbæturnar við, að menn geti lifað. Ég hygg, að starfsmenn hins opinbera verði á næstunni að láta sér nægja, ef þeir eru það launaðir, að þeir komist af. Hæstv. fjmrh. vildi telja það sér til afsökunar, að síðasta Alþingi hefði í raun og veru gefið í skyn, að uppbætur ætti að veita á *þennan hátt og ekki annan*. Ég efast um, að það hafi veri tilætlun Alþingis. Það var vitað, að ekki var hægt að semja lög um dýrtíðaruppbótina fyrr en sæist, hverju fram yndi um þjóðarhag. Því var það lagt í hendur ríkisstj. að grípa til þeirra ráðstafana, er nauðsynlegt þætti, áður en þing kæmi saman. Það var eðlilegt, að *ríkisstjórninni væri trúað fyrir þessu*, eins og hún er mynduð, og engin ákvæði sett um það, hvernig hún færi að.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri þá eins gott að setja slík ákvæði um kaupgjald verkamanna og dýrtíðaruppbót til þeirra, eins og ætlazt væri til með þessum brtt. En þetta er hinn mesti misskilningur, vegna þess að *ríkið hefir vitanlega* enga tilhneigingu til þess að bægja fjölskyldumönnum frá störfum, því að það yrði aðeins til þess, að þessir menn þyrftu opinbert framfæri, og er því engin hætta á, að ríkið fari að beita þeim tökum í sambandi við þetta mál, þó að brtt. fjhn. yrðu samþ. Hinsvegar geri ég ráð fyrir að einstaklingsfyrirtæki myndu frekar reyna að hafa einhleypa menn í vinnu, ef þessi ákvæði yrðu samþ. En það finnur hver maður, sem hugsar um þetta sjónarmið, sem hér er fyrir hendi, að með þessum ákvæðum á að reyna að hjálpa til um lífsafkomu manna. Hæstv. ráðh. talaði um það, að einhleypur maður, sem hefir 360 kr. á mánuði, væri betur settur en fjölskyldumaður, sem hefir 400 kr. á mánuði; vitanlega getur það vel komið til mála, að færa lágmarkskaup einstaklinga niður. Ég vil benda á það, að í frv. eins og það kemur frá hendi hæstv. fjmrh. er enn meiri munur milli þessara manna, vegna þess að einhleypur maður, sem hefir 360 kr. á mánuði, fengi um það bil sömu dýrtíðaruppbót og fjölskyldumaður, sem hefir 400 kr. á mánuði. Það, sem meiri hl. fjhn. getur ekki fellt sig við, er, að eftir því, sem frv. liggur fyrir, er sjáanlegt, að því hærri laun sem menn hafa, því meiri dýrtíðaruppbót fá þeir; þetta er óréttlátt. Fyrst og fremst á að miða við það að hjálpa þeim, sem hafa lægstu launin, með því að setja í frv. ákvæði um það að greiða öllum fjölskyldumönnum verðlagsuppbót með hverju barni, sem þeir hafa á framfæri sínu.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að með þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, væri verið að raska hlutfallinu milli launa frá fyrri launal. Hæstv. ráðh. gætir ekki að því, að með hans frv. er líka búið að raska því hlutfalli, vegna þess að með því er ætlazt til, að mismunurinn á uppbótinni fari lækkandi að prósentutölu, þó að mismunurinn sé ekki svo mikill, að hærri laun fá alltaf heldur hærri uppbót, þannig að hlutfallið milli launa hefir líka raskazt að allverulegu leyti eftir hans frv. Þá talaði hæstv. ráðh. um, að það yrði að sýna mjög mikið réttlæti í þessu máli. Ég er alveg sannfærður um það, eins og ástandið er nú, að það er ekkert réttlæti í því að borga þeim, sem hafa hærri launin, uppbót, hvað há laun sem þeir kunna að hafa. Mér finnst ástandið svo alvarlegt, að ég ímynda mér, að menn kærðu sig ekkert um það að fá uppbót á laun sín, ef þau eru mjög gífurlega há. Ég er sannfærður um, að þeir lægst launuðu eiga mjög erfitt með að komast af, ef þeir, sem t. d. hafa 200 kr. á mánuði, eiga að fá helmingi lægri uppbót en þeir, sem hafa t. d. 650 kr. á mánuði, og slíkt óréttlæti myndi skapa mikla beiskju meðal þeirra, sem lægst eru launaðir, og það ber að varast allar ráðstafanir, sem geta valdið slíku. Ég vil lýsa því yfir fyrir *mitt leyti*, að *ef* samþ. á frv. óbreytt eins og það kom frá hæstv. fjmrh. og eins og Ed. samþ. það, þá mun ég greiða atkv. á móti því. Hv. þm. V.-Ísf. talaði um nokkur fyrirkomulagsatriði og hvernig bæri að skilja þau atriði í brtt., þar sem minnzt er á stofnlaun, og er það réttur skilningur, sem hann lagði í það, og er það auðskilið *mál. Um hitt, þar sem hann talaði um* skylduómaga og uppbót á laun til þeirra, sem hafa börn á framfæri, þá getur það náttúrlega komið til álits, að börn, sem eru 16 ára, geti talizt á framfæri starfsmannsins, ef svo stendur á, að hann verður beinlínis að framfæra barnið vegna skólagöngu eða annars þess háttar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að hafa um þetta fleiri orð, en vildi óska þess, að till. eins og þær eru nú næðu fram að ganga. Ég er sannfærður um, að þær fela í sér það mesta réttlæti, sem hægt er að ná með skömmum tíma gagnvart starfsmönnum og embættismönnum ríkisins, eins og ástandið og horfurnar eru nú í okkar þjóðfélagi.

***Sigurður Kristjánsson:** Það hefir komið fram hér á þinginu, og einnig utan þess, mikil ádeila á ríkisstj. fyrir það að hafa borið þetta mál fram, að bæta upp laun starfsmanna ríkisins. Það er undravert, að slíkt skuli koma fram, þar sem Alþ. hefir sjálft mælt svo fyrir, að þetta skuli gert, því að í 5. gr. l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi er sagt, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða með reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana. Einnig er gengizt undir hið sama í 2.—3. gr. sömu l., þar sem skipað er fyrir um kaupuppbætur til fólks í landinu almennt, þess sem tekur sín laun með kaupgreiðslu. Það myndi

að sjálfsögðu hver stjórn lita svo á, að 5. gr., þar sem ætlazt er til, að ríkisstj. veiti þessum starfsmönnum, sem þar greinir, verðlagsuppbót, og er það í samræmi við þær reglur, sem Alþ. er með þessum l. búið að setja um kauppuppbætur til annars fólks í landinu. .... Ég tel þess vegna engan vafa á því, að sú leið, sem ríkisstj. hefir farið, sé alveg rétt, og meira að segja var það skylda ríkisstj. að undirbúa þetta mál. En hinsvegar má lengi deila um ýmis fyrirkomulagsatriði í sambandi við þetta mál, en mér virðist, að vel sé hægt að sætta sig við það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, eins og það var, þegar það kom frá Ed. Mér virðast brtt. fjhn. á þskj. 411 alls ekki vera til bóta, heldur sumpart til hins lakara, og sumpart mjög óljósar. Það er sérstaklega eitt atriði í þessum till. meiri hl. fjhn., sem ég vil benda á og tel, að sé mjög athugavert og að nokkru leyti byggt á ókunnugleika. T. d. undir tölul. 3 stendur, að „verðlagsuppbót samkv. 2. gr. reiknast af stofnlaunum hlutaðeigandi starfsmanns eða embættismanns.“ Það er mjög óljóst, hvað meint er með stofnlaunum. Í því sambandi vil ég benda á, að það er ólíku saman að jafna um stofnlaun í ýmsum starfsgreinum ríkisins. Sumar eldri stofnanir ríkisins hafa nú sömu stofnlaun við starfsmannahald eins og fyrir 20—30 árum, en hafa svo, eftir því sem tímarnir breyttust og dýrtíðin óx í landinu, bætt þessu starfsfólki upp launin með allskonar aukagreiðslum, sem orðnar eru alveg fastar. En hinar nýrri stofnanir hafa ákveðið stofnlaunin strax eins há og þáverandi ríkisstj. taldi, að myndi þurfa til þess að fullnægja framfærsluþörf starfsmanna. Í þessu sambandi vil ég benda á landssímann, sem hefir um 200 starfsmenn: þar hafa símastúlkur 75 kr. í byrjunarlaun á mán. Ég býst varla við, að þetta séu stofnlaun, heldur þau laun, sem komið hafa með aldursuppbót, en þau laun eru ákaflega lág, og ekki nema partur af þeim launum, sem stofnanirnar greiða á annan hátt. Ég skal bæta því við, að mér er kunnugt um, að sumar þessar stúlkur hafa fólk á sínu framfæri. Í nágrenni við mig býr gömul heilsulaus kona með dóttur sinni og öðru barni; stúlkan vinnur við símann og hefir fengið 75 kr. í byrjunarlaun, og verður hún að sjá fyrir heimilinu. Símritarar fá í byrjunarlaun aðeins 150 kr. á mánuði, og margir þeirra hafa fyrir heimili að sjá, og það er ekki enn komið í tízku að banna símriturum að giftast eða eiga börn. Það hlýtur þess vegna að vera undir þeirra ákvörðun komið, hvort þeir eignast fjölskyldu eða ekki, og vitanlega eru stofnanirnar löngu búnar að sjá, að menn geta ekki framfært heimili af þessum launum og hafa þar af leiðandi bætt launin upp, og hefir það mætt mikilli gagnrýni af ýmsum sparnaðarmönnum hér á þessari háu samkomu. Ef reikna ætti þessi byrjunarlaun sem stofnlaun, þá myndi koma fram mikið misrétti gagnvart starfsmönnum þessara stofnana, sem hafa föst laun ákveðin frá upphafi. Ég held þess vegna, að það verði að vera ríkisstj., sem tekur ákvörðun um þetta, hvað hún álítur, að séu raunverulega laun starfsmanna ríkisstofnana. Ég ætla ekki að fara út í neina deilu um þetta, enda er það augljóst mál. En ég vil endurtaka það, að ég felli mig bezt við frv. eins og það kom frá Ed., þótt að því megi ýmislegt finna. Ég tel, að það sé ekki til neinna bóta að samþ. till. meiri hl. fjhn. og mun því greiða atkv. á móti þeim öllum.

Sigurður E. Hlíðar: Ég skal ekki vera langorður, en finn ástæðu til að gera grein fyrir minu atkv. Það bregður svo undarlega við, að hér í þessari hv. d. heyrast raddir um það, að hér sé mál á ferðinni, sem ekki sé byggt á fullkominni sanngirni. Ég hélt, að allir væru sammála um það, að þetta frv. væri byggt á fullri sanngirni. Það kom greinilega fram, þegar gengisskráningarl. voru sett fyrir ári síðan, að þau voru sett og þeim fylgt af kappi vegna þess ástands, sem þá var fyrir dyrum hjá framleiðslunni til sjávarins sérstaklega, og þá var það álit manna, að fyrst og fremst bæri að taka tillit til aðstöðu þeirra manna, sem stunduðu þennan aðalatvinnuveg þjóðarinnar. Á þetta voru allir sáttir, og var þá horfið að því ráði að fella gengi krónunnar; þannig urðu þessi l. sett. En jafnframt þessu var það talið sanngjarnt að bæta verkalýðnum að einhverju leyti upp þá verðfellingu krónunnar, sem fram kom. Embættismenn og fastir launamenn þjóðarinnar voru látnir sitja á hakanum, og var ekki álitið eins knýjandi að viðurkenna verðfellinguna gagnvart þeim, þar sem ekki var hægt að segja, að dýrtíðin væri skollin á, þó að menn gerðu ráð fyrir því, að fyrsta afleiðing gengisskráningarinnar yrði aukin dýrtíð. Nú er það tvennt komið til greina viðvíkjandi föstum embættis- og starfsmönnum ríkisins, í fyrsta lagi fall gjaldmiðilsins við gengisskráninguna, í öðru lagi aukin dýrtíð, sem ekki er eingöngu afleiðing gengisskráningarinnar, heldur einnig, og miklu fremur, afleiðing þeirra hluta, sem hafa gerzt í heiminum, — stríðsins. Með öðrum orðum: dýrtíðin er skollin á í tvöfaldri merkingu gagnvart þessum mönnum. Ég held, að enginn maður þori að mótmæla þessum tveim ástæðum, og þess vegna hélt ég, að þetta væri svo sterk undirstaða undir þær hógværu kröfur, sem hér eru gerðar, að enginn hv. þm. myndi á móti mæla. Þó heyrði ég áðan rödd í horni, sem sagði, að helzt ætti engin uppbót að koma á laun þeirra manna, sem væru í föstum stöðum hjá ríkinu eða ríkisstofnununum. Ég held samt, að enginn hv. þm. meini slíkt í raun og veru, því að með þessu frumvarpi er reynt að fara í sanngjarna átt, og get ég vel fellt mig við það. Það má að vísu um ýmislegt deila, sem í frv. er, en í höfuðdráttum held ég, að þrátt sé það meðalhóf, sem flestir myndu gera sig ánægða með. Þess vegna er ég ráðinn í því fyrir mína parta að greiða frv. eins og það var afgr. frá Ed. mitt atkv. Ég get ekki fellt mig við brtt., sem meiri hl. fjhn. Nd. hefir borið fram á þskj. 411; þó eru þar partar, sem gætu komið til greina og mér finnst, að séu í sanngirnisátt, en aftur aðrir, sem fara alveg fjarri því. Það er enginn vafi á því, að fjöldi af þessum opinberu starfsmönnum, sem þó hafa það

fram yfir verkalýðinn, að hafa fastar stöður, eru svo lágt launaðir, að með gengisskráningarl. og dýrtíðinni er ekki hægt fyrir þá að framfleyta lífinu, nema að fá uppbót að einhverju leyti. Að vísu eru til menn, sem eru svo óhóflega hátt launaðir, að þeir þurfa ekki uppbót. en þeir eru tiltölulega fáir, og yfirleitt er það svo, að starfsmenn ríkisins hafa ekki sambærileg laun við starfsmenn annara stofnana. Það nær því ekki neinni átt, að starfsmenn ríkisins verði lengur látnir sitja á hakanum með að fá uppbót á laun sín.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég hefi borið fram brtt. eins og hv. þm. hafa heyrt, og vil nú til frekari skýringar gefa hv. þm. yfirlit yfir það, hvernig dýrtíðaruppbótin kemur út, ef farið yrði eftir till.. þeim, sem hér liggja fyrir, eins og frv. er nú, og hinsvegar, ef farið yrði eftir minum till. Eftir minum till. er gengið út frá því, og einnig eftir till. fjhn., að af launum, sem eru 7800 kr., verði engin dýrtíðaruppbót reiknuð. Hinsvegar, ef farið yrði eftir frv., þá myndi a. m. k. verða reiknuð uppbót af 7800 kr., og að öðru leyti gengið út frá svipuðum reglum og nú gilda. Þess vegna er það, að fyrir láglaunamenn, sem hafa t. d. 275 kr. á mánuði, og ég hygg, að það séu algeng laun, t. d. meðal kennara, þá yrði uppbótin í 1. flokki nál. 500 kr. á ári, miðað við 15%. En eftir skýrslum hagstofunnar þarf 5 manna fjölskylda fyrir fatnað, mat og eldsneyti 3300 kr., en nú hefir kostnaður þessara þriggja lífsnauðsynja vaxið um 800 kr. Hinsvegar aftur á móti yrðu uppbæturnar fyrir þessa starfsmenn, sem hafa 3300 kr. á ári, ekki nema 500 kr., og nægir það ekki til þess, að þeir gætu veitt sér það, sem hagstofan álítur, að þurfi til þess að kaupa fyrir mat, föt og eldsneyti, og er þá ekkert eftir til þess að borga húsnæði og aðrar þarfir. Þessi hækkun á launum samsvarar því engan veginn hækkun dýrtíðarinnar, og það er vitanlegt, að sú hækkun, sem láglaunamenn í 1. fl. myndu fá eftir frv. eins og það er nú, myndi verða helmingi minni að krónutali en sú hækkun, sem hálaunamenn myndu fá. Í þessu er greinilegt óréttlæti. Það hlýtur að eiga að stefna að því réttlæti, að láglaunamenn geti fengið fulla uppbót, þannig að þeir geti a. m. k. framfleytt sér eins og hingað til, þar sem viðurkennt er, að þeir hafa ekki haft laun, sem nægðu til að framfæra þá og fjölskyldu þeirra. Hinsvegar nær það ekki nokkurri átt að láta hálaunamenn fá helmingi hærri uppbót en láglaunamennina. Þetta virðist liggja ljóst fyrir frá sjónarmiði venjulegra þegna þjóðfélagsins, en ég skal ekki segja, hvað meiri hl. hv. alþm. kann að segja um svona nokkuð, því það hefir viljað brenna við, að hálaunamenn ættu hér góða forsvara, en láglaunamenn aftur að sama skapi slæma. Hvort það stafar af því, að skipun þingsins er eins og hún er, eða af einhverju öðru, skal ég ekki segja um, en nú reynir á það, hvernig menn hugsa, í sambandi við þá atkvgr., sem hér liggur fyrir. Ég mun, ef min till. verður felld, greiða atkv. með brtt. hv. meiri hl. fjhn., sem fara fram á, að á laun yfir 7800 verði engin dýrtíðaruppbót greidd, þótt ég sé hinsvegar ekki ánægður með till. meiri hl. fjhn. Ég mun aftur á móti greiða atkv. á móti 3. brtt., en af henni myndi margskonar óréttlæti hljótast, sem sé ef reikna ætti uppbótina af þessum gamaldags stofnlaunum í stað þeirra launa, sem raunverulega eru greidd

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Það þýðir ekki að ræða þetta mál mikið. Áframhaldandi virðist vera sami tónninn í þeim hv. þm., sem ekkert vilja sjá í þessu efni, og fer það sérstaklega illa hjá þeim mönnum, sem eru hér að tala um sanngirni og breiða sig út yfir það, að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til dýrtíðarinnar, og það er einmitt það, sem við gerum með till. meiri hl. fjhn., að taka tillit til dýrtíðarinnar þar, sem þess er þörf. Við viljum gera greinarmun á því, hvar þörfin er fyrir uppbótina, en samkv. frv. ríkisstj. er alls ekki spurt um það, hvort sé forsvaranlegt að bæta upp laun þeirra einstaklinga, sem hafa 360 kr. á mán. eða meira, en ekki hafa fyrir neinum að sjá nema sjálfum sér. Ég álít það hvorki nauðsynlegt eða forsvaranlegt. Séu það aftur á móti fjölskyldumenn, skal þeim veitt uppbót, þótt þeir hafi allt að 650 kr. eða meira, ef þeir hafa stórar fjölskyldur. Og hvort eru þeim, sem stórar fjölskyldur hafa, greiddar meiri uppbætur eftir till. n. eða frv. ráðh.? Það orkar ekki tvímælis, að þeir fá betri uppbætur samkv. till. n. en eftir frv. hæstv. ráðh. Svo kemur þriðja atriðið, þ. e.: Er þörf á að bæta laun þeirra manna, sem hafa yfir 650 kr. í laun, eins og ástandið er nú? Till. n. segja, að þeir skuli fá uppbætur fyrir hvert barn, sem þeir eiga, en annars ekkert. Er það forsvaranlegt, að mönnum, sem hafa yfir 650 kr. laun — og ég veit, að það eru allmargir — séu veittar uppbætur á þau laun á þessum tímum? Þetta verður hver þm. að leggja niður fyrir sér og meta eftir sinni sanngirni og greiða svo atkv. samkv. því. Ég er ekki í vafa um, að hjá miðstéttunum í þessum starfsmannahóp er rík þörf fyrir uppbætur, og þeim mönnum álít ég, að till. n. veiti betri bætur, en að hinum, sem ekki hafa þörf fyrir uppbætur, séu einnig greiddar þær, vil ég ekki. Ég vil ekki, að að óþörfu sé farið þannig með fé ríkisins á þeim alvarlegu tímum, sem nú standa yfir.

Um ræðu hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja það, að þótt hann kalli ekki allt ömmu sína, þegar hann þarf að beita blekkingum til að reyna að sannfæra aðra, og þótt hann tefli oft á tæpasta vaðið, þegar hann talar um, hvað sé satt og hvað ósatt, og taki þá oft munninn nokkuð fullan, þá held ég, að hann hafi sjaldan teflt tæpara en þegar hann fer að reyna að láta líta þannig út, að síðasta Alþingi hafi ákveðið með lögunum um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, að þessu frv. skyldi svona háttað eins og ríkisstj. leggur það nú fyrir þingið, og hann gerist svo frekur, að hann leyfir sér að vitna í l. og reyna að láta líta svo út sem þetta sé þannig ákveðið í 5. gr. l., þar sem stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót

á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana". Ég sé ekki, að í gr. standi meira en þetta, og ég sé ekki, að þar séu nein fyrirmæli um, að ríkisstj. skuli bera fram frv. í því formi, sem hv. fjmrh. hefir nú gert. Ég tel það furðulegt, að alþm. skuli leyfa sér með gögnum, sem þingið hefir sjálft undir höndum, að reyna að blekkja menn á þennan veg. Það er enginn nema þessi hv. þm., sem getur fundið þarna út fyrirmæli um, að ætlazt sé til, að dýrtíðaruppbót sé greidd embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins á sama hátt og gert hefir verið samkvæmt l. um gengisskráningu með laun verkamanna samkv. 2. gr. Þar sem komið var að þinglokum, þegar gengisl. voru samþ., þótti ekki vera tími til þess að ákveða dýrtíðaruppbótina á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins, en það segir heldur ekkert, þótt í lok síðasta þings hefði verið talið sanngjarnt að fara þar inn á svipaða braut og gert er með þessu frv. og gert hefir verið viðvíkjandi launum verkamanna, því tímarnir eru nú þegar svo breyttir, að það nær engri átt að láta hið sama gilda um verkamann og embættismenn og starfsmenn fastra ríkisstofnana. Ég skil ekki annað en að hv. þm. finni, að ástandið í okkar landi hefir breytzt frá því að síðasta þingi lauk. Siglingar okkar til Norðurlanda hafa alveg teppzt, a. m. k. í bili, og enn er ekki séð, hvort þær geta hafizt á ný nú á næstuni. Siglingar til Englands eru orðnar miklu torveldari, ég veit ekki betur en að eitthvað af skipum okkar sé þar fastsett sem stendur, svo að eina leiðin, sem okkur stendur opin, er að sigla til Ameríku. Það sjá allir hv. þm., hvort þetta muni ekki hafa allmikil áhrif á fjárhagsástand landsins. Við vitum meira að segja ekkert nema siglingar okkar stöðvist alveg einhvern næstu daga, og hvað snertir afurðir okkar, þá er ólíkt erfiðara að koma þeim í verð nú en verið hefir undanfarið. Það virðist líka einkennilegt, að svo gáleysislega skuli farið af stað eins og með þessu frv., þegar ríkisstj. er á sama tíma með öðru frv. — sem virðist stafa af því, hve hæstv. fjmrh. telur útlitið óskyggilegt — að fara fram á að fá heimild til að skera niður fjárframlög til annara stétta þjóðfélagsins um allt að 35%. Og þó er það vitað, að þessi fjárframlög eiga að ganga til þess að hjálpa þessum stéttum til að geta lifað. Mér finnst ekkert samræmi vera á milli þessa. Meira samræmi hefði verið í því að fara fram á að fá að skera niður um 35% öll hæstu launin í landinu, bæði hjá ríkinu og einstaklingsfyrirtækjum. En að koma með frv., sem gengur út á að veita þeim, sem hæst hafa launin, allt að helmingi hærri dýrtíðaruppbót heldur en þeim, sem lægst hafa launin, — þar liggur sá hugsanagangur á bak við, sem ég skil ekki. Það getur verið, að þetta væri í sjálfu sér réttlátt, en eins og ástandið er, þá er þetta alls ekki hægt.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um, að hann vissi um margt láglaunafólk, sem hefði ýmsa á framfæri, t. d. vissi hann um eina stúlku, sem hefði fyrir móður sinni að sjá. Ég veit ekki betur en að það standi í till., að menn eigi ekki að fá dýrtíðaruppbót á 360 kr., ef þeir hafa ekki fyrir neinum að sjá nema sjálfum sér. Ég sé ekki betur en að hv. þm. hafi þarna slegið alveg framhjá markinu, því að ef þessi stúlka, sem hann talaði um, hefir fyrir öðrum að sjá en sjálfri sér, þá á auðvitað að taka tillit til þess. Um hitt atriðið, sem hv. þm. talaði um, að ekki væri rétt að reikna út frá stofnlaunum, þar sem þau væru mjög lág hjá sumum, eins og t. d. símriturum, þá er það mikil spurning, hvort þeir myndu ekki fá meiri uppbætur með því, að reiknað væri af stofnlaunum og þeir kæmust þar með í hærri flokk, en ef þeir fengju uppbætur á öll launin samanlagt og lentu í lægri uppbótarflokki. Auðvitað geta komið fyrir einstök tilfelli, sem falla niður þarna á milli, þannig að einum gæti verið betra að taka uppbót af stofnlaununum og öðrum af heildarlaununum, en ég hygg, að það jafni sig nokkurn veginn upp í heildarupphæðinni.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta, en ég tel það merkilegt á þessum alvarlegustu tímum, sem Alþingi mun nokkurn tíma hafa setið, að sjá, hvernig gengið verður að því að afgreiða þetta mál.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Hv. frsm. meiri hl. fjhn. virðist leggja áherzlu á, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé sérstaklega frv. mitt, eins og hann telji nánast, að ég hafi borið þetta frv. fram sem „privat"maður, svo virðulegt, sem honum þykir það. Að því leyti, sem hann hefir tekið fram, að ástandið sé breytt frá því, sem var, þegar frv. var borið fram, þá er þess að gæta, sem hann minntist ekki á, að í frv. því, sem ég fór fram á að fá heimild til að lækka framlag til atvinnuveganna, þá er og lagt til, að ég fái heimild til að lækka dýrtíðaruppbótina. Þessa hefði mátt geta, og þá verður ósamræmið í þessu efni heldur ekki svo gífurlegt sem hann vill vera láta. En ef kringumstæðurnar hafa breytzt svo mjög síðan fjárl. voru samþ., þá virðist svo sem Alþingi verði að taka afleiðingunum af því með því að láta lækkunarheimildina ná einnig til ársins 1940, þar sem gert var ráð fyrir, að fyrst myndi verulega slá í harðbakka á árinu 1941, en nú sýnir það sig, að svo getur orðið þegar á þessu ári, og það er því langt frá, að það sé nokkuð heykslanlegt við það, að frv. miði að því, að dýrtíðaruppbótin nái í jöfnu hlutfalli til allra embættismanna og starfsmanna ríkisins. Og um það, að slíkt sé hneykslanlegt nema að vissu marki, þá vísa ég til gömlu dýrtíðaruppbótarlaganna frá 1919; þar var ákveðið hámark, en að öðru leyti skyldi hún fara eftir barnafjölda eða fjölskyldustærð. Í þessu sambandi vil ég benda á, að þarna er ekki gerður nema hálfur leikur í till. hv. meiri hl. fjhn., þar sem talað er um þá, sem hafa fyrir börnum að sjá, en þar er ekkert ákveðið um, hvað skuli telja börn. Á meiri hl. hv. fjhn. þar við, að börn skuli þau talin frá fæðingu til 16 ára aldurs, eins og venjulega er ákveðið? **(SvbH:** Börn á hvaða aldri sem er). En þarna þarf frekari skýringa við. Á e. t. v. að telja fólk börn til 20 eða 30 ára aldurs, á t. d. að telja það börn, ef menn

hafa afkvæmi sín á sínum vegum atvinnulaus, á hvaða aldri sem þau eru, og á að taka tillit til þess í sambandi við þá barnastyrki, sem þarna er talað um? Staðfestir hv. frsm. n. það? En hvernig halda menn þá að verði framkvæmdin á þessum l., ef skilja á þau þannig? Það verður þá að fá sérstakar upplýsingar um hvern einasta starfsmann, hvaða fólk hann hefir á sínu framfæri, ekki einasta skylduómaga, heldur og annað fólk, og taka tillit til þess alls, þegar ákveðin er uppbót hans. Ég er hræddur um, að það verði frágangssök að framkvæma l. með þessu móti. Það verður að afla svo margvíslegra upplýsinga um allmikinn fjölda manna, að hætt er við, að auka verði talsvert starfskraftana á þeim skrifstofum, sem um þetta eiga að sjá, bæði í sambandi við ríkisbókhaldið og ríkisfjárhirzluna og einnig úti um land, til þess að hafa eftirlit með því, hvað talið er fram hjá hverjum einstaklingi. Annars vil ég vísa til þess, að frv. er upphaflega samið með hliðsjón af gömlu dýrtíðaruppbótarl. Þar er að vísu ekki sett neitt hámark á laun, sem skuli verða dýrtíðaruppbótarinnar aðnjótandi, en gert var ráð fyrir, að það myndi verða tekið til greina við meðferð málsins á Alþingi. Ég skal ennfremur geta þess, að hvorki frá því, hvar hámarkið verður ákveðið, hvort sem það verður 4, 5, 6 eða 7 þúsund, þá er þetta ekki sérstaklega frv. fjmrh., heldur ríkisstj. allrar, og hún leit svo á, að samkv. l., sem samþ. voru á síðasta þingi, þá skyldi frv. vera þannig úr garði gert. Ennfremur vil ég vísa til þess, að hv. Ed. hefir haft sömu skoðun, þar sem hún hefir afgr. málið að sínu leyti. Ég endurtek það, sem ég hefi sagt áður, að ég tel ekki réttlátt, að dýrtíðaruppbót sé aðeins greidd á lægstu launin, og það meira að segja aðeins að nokkrum hluta, eins og gert er ráð fyrir í till. hv. meiri hl. fjhn., heldur eigi líka að taka tillit til þess, hve há laun hverrar stéttar eru í hlutfalli við það, hver störfin eru og hve ábyrgðarmikil og hvernig þau eru launuð samanborið við önnur laun hjá embættismannastéttinni. Sérstaklega tel ég það athugavert í till. hv. meiri hl. n., að þeir vilja skilja á milli manna þannig, að þeir, sem ekki hafa fyrir neinum að sjá, eigi að njóta dýrtíðaruppbótar á laun allt að 360 kr., en ef á að fara að úthluta þessari uppbót beinlínis eins og þurfamannastyrk, þá er ég viss um, að það eru margir starfsmenn ríkisins, sem hafa laun innan við 360 kr., sem geta vel komizt af með það sem einhleypt fólk og miklu betur en margt fjölskyldufólk, sem hefir hærri laun.

***Sigurður Kristjánsson:** Það eru aðeins örfá orð. Mér skildist á hv. frsm., að hann vildi halda því fram, að ég hefði farið með blekkingar, og jafnvel ósannindi átt að felast í því, sem ég las upp úr 5. gr. l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Ég veit nú ekki, hvað er hægt að fara réttara með tilvitnanir en að lesa þær upp orðrétt. Hann sagði það ranglega, að ég hefði bætt því við, að ríkisstj. væri með þessu fyrirskipað að bera fram þetta frv. á líkan hátt og þar eru gefin fyrirmæli um verðlagsuppbót til ýmissa starfsstétta í landinu. Ég sagði ekki þetta, heldur það, að þar sem þetta væri í áframhaldi af þeim reglum, sem settar eru með þessum l. um kaupuppbætur, þá hefði það verið eðlilegt, að ríkisstj. sniði sitt frv. mjög eftir því. Ég hefi ekkert sagt um það, að ríkisstj. væri þarna skipað að bera fram þetta frv., enda gat ég það ekki, þar sem ég las upp úr l. fyrirskipun til hæstv. ríkisstj. um að semja um þetta reglugerð. Um þetta sagði hv. frsm. réttilega, að þetta form hefði verið haft af því, að tími var of naumur til þess að afgr. um það l. En mér finnst eðlilegt, að ríkisstj. hafi heldur kosið að svo stöddu að láta Alþingi samþ. þessa reglugerð, og hafi því komið með frv., og ég held ekki, að neitt óeðlilegt sé við það, þótt hún hafi heldur kosið að hafa fyrir þessu lagabókstaf heldur en heimild til þess að setja reglugerð. Ég skil ekki, hvernig hv. frsm. hefir getað fundið út úr þessu, að það væri blekking af minni hálfu. Það er fullkomlega eðlilegt, eins og hv. fjmrh. tók fram og ekki hefir verið vefengt af hv. fjhn., að sníða þessar till. eftir þeim reglum, sem settar voru um launauppbót til vissra starfsstétta í þjóðfélaginu samkvæmt l. um gengisskráningu. Þetta er viðurkennt af hv. fjhn. með því, að hún hefir ekki breytt þeim grundvelli frv. Að ég minnist á þetta stafar af því, að beint hefir verið sérstökum ámælum til hv. fjmrh. fyrir að bera þetta frv. fram. Ég skil ekki, hvað við er átt með því annað en að blekkja þjóðina og telja henni trú um, að hæstv. fjmrh. sé þarna að fara fram á eitthvað við Alþingi, sem hann hafi enga heimild haft fyrir. En ég vil þá spyrja hv. þm., hvað hann haldi, að Alþingi hafi meint með því að samþ. þessa 5. gr., þar sem það heimilar ríkisstj. með reglugerð að ákveða verðlagsuppbót á laun starfsmanna og embættismanna ríkisins. Heldur hann, að Alþingi hafi meint með því, að það ætti ekki að greiða þessar uppbætur? Annars er hv. þm. bezt að segja ekki mikið um þetta efni. Ég minntist aðeins á þetta af því, að ég vil, að hið sanna komi fram í þessu efni, svo að ekki sé verið að breiða út ósannar fregnir og blekkingar um afstöðu hæstv. ríkisstj. og þingsins til þessa máls, sem er í fullu samræmi við þá heimildartill., sem samþ. var á síðasta þingi.

Þá var það annað atriði, sem ég ræddi áður, en ég heyrði ekki, að hv. frsm. kæmi að. Það var það atriði í brtt. n., að reikna skyldi uppbótina af stofnlaunum. Ég held, að því hafi ekki verið hnekkt, að stofnlaunin eru í miklu ósamræmi hjá hinum mismunandi stéttum hjá ríkinu, og þar leiðandi er mjög varúðarvert að setja þessa reglu inn í l., án þess að því fylgi nánari útskýring.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., við 3. brtt. n. á þskj. 411, um að fyrri mgr. brtt. falli burtu. Þessi brtt. er of seint fram komin og skrifleg og þarf tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 481) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Ég sé ekki ástæðu til að fara inn á þetta rækilega, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á, þar sem hann vildi reyna að sanna það mál sitt með 5. gr. laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, að síðasta Alþ. hefði ætlazt til, að frv. um þetta efni, sem hér er til umr., væri borið fram sem líkast því, sem afgr. voru ákvæði um verkakaup og uppbót á því á síðasta þingi.

Það, sem hv. 6. þm. Reykv. hefir gengið inn á með mér og segir, að sé rétt, er, að tíminn hafi verið svo naumur á síðasta Alþ. og komið að þinglokum, og að þess vegna hafi verið sett inn í l. ákvæðið um að heimila ríkisstj. að gefa út reglugerð um þetta. Það sýnir bezt, að ekki var ætlazt til, að þessi uppbót yrði veitt á sama hátt og uppbótin á verkakaupið almennt. Því að ef síðasta Alþ. hefði ætlazt til þess, að þessi mál væru afgr. á sama hátt í báðum tilfellum, þá gátum við gert það á fáum klukkutímum. En vegna þess að Alþ. áleit, að þessa uppbót ætti ekki að veita á sama grundvelli og almennu verkakaupsuppbótina, þá var ætlazt til þess, að ríkisstj. legði tíma í að reyna að finna nýjan, sanngjarnan grundvöll fyrir því, hvernig þetta skyldi gert. Þetta sýnir það gagnstæða við það, sem hv. 6. þm. Reykv. vill vera láta. (**SK:** Þetta er ekki blekking!). Það er ekki blekking, því að ég veit, að hv. þm. vita, að þegar málið var afgr. á síðasta þingi, var ekki tími til að finna grundvöll fyrir þessari uppbót, sem hér er um að ræða.

En hæstv. ráðh. kom með það í ræðu sinni áðan, sem ég hafði svarað, og gerði það af því að hann hlustaði ekki á mál mitt. Hann kemur fram með það, sem ég hafði svarað. Sama er að segja um hv. 6. þm. Reykv., sem ekki virðist hafa haft tíma til að vera hér á fundi, er ég svaraði honum. En ég er búinn að hrekja það, sem hann talaði um og sagði, að ég hefði ekki svarað. Aðrir hv. þm. hafa hlustað á mál mitt um þessi atriði, en þessir hv. þm. virðast ekki hafa viljað hlusta á mál mitt eða láta sannfærast. Hirði ég ekki um að endurtaka það, sem ég sagði um þetta, vegna þeirra, sem ekki vildu hlýða á mál mitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 411,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 472,1 felld með 18:2 atkv.
— 411,2 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, JÍv, JPálm, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞBr, BjB, EOl, JörB.
nei: HG, HV, ÍslH, JakM, ÓTh, PHalld, SEH, SK, ÁÁ, BJ, EE, EmJ, GÞ.
GSv, EystJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (PHann, VJ, BÁ, FJ, GG) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 481 felld með 14:4 atkv.
Brtt. 465 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 411,3 (fyrri málsgr.), svo breytt, felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BjB, HelgJ, JÍv, JPálm, PHalld, JörB.
nei: SEH, SK, ÁÁ, BJ, EOl, EmJ, EystJ, GÞ, HG, HV, ÍslH, JakM, ÓTh.
TT, EE, GSv greiddu ekki atkv.
5 þm. (VJ, BÁ, FJ, GG, PHann) fjarstaddir.
Brtt. 411,3 (síðari málsgr.) felld með 14:4 atkv.
3. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 411,4 kom ekki til atkv.
4.—6. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 411,5 felld með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, JÍv, JPálm, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr.
nei: EystJ, GÞ, GSv, HG, HV, JakM, ÓTh, PHalld, SEH, SK, TT, VJ, ÁÁ, BJ, BjB, EOl, EE, EmJ, JörB.
5 þm. (FJ, GG, ÍslH, PHann, BÁ) fjarstaddir.
7. gr. samþ. með 14:5 atkv.
Brtt. 472,2 kom ekki til atkv.
8.—11. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PHalld, SEH, SK, TT, VJ, ÁÁ, BJ, EOl, EmJ, EystJ, GÞ, HG, HV, ÍslH, JakM, JörB.
nei: JÍv, JPálm, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BjB, HelgJ.
EE, GSv greiddu ekki atkv.
4 þm. (PHann, BÁ, FJ, GG) fjarstaddir.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 502, 503, 504, 505, 506).

Of skammt var liðið frá 2. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 503 og 506. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Sú afgreiðsla, sem þetta mál fekk hér við 2. umr. í dag, var næsta furðuleg, þar sem hv. dm. fannst ekki þörf á að takmarka að neinu leyti, hvernig þessi dýrtíðaruppbót væri greidd, eða taka tillit til þess, hvort hennar væri þörf eða ekki, heldur skuli, eins og frv. liggur fyrir eftir 2. umr., ákveðin hæst dýrtíðaruppbót til þeirra, sem hæst hafa launin, en að sama skapi lægst til þeirra lægst launuðu. Þannig fær maður með 300 kr. mánaðartekjur aðeins um 27 kr. uppbót, en sá, sem hefir 1000 kr. á mánuði, fær um 50 kr., eða helmingi meira en sá, sem lifir við þurftarlaun. Það er ekki að sjá, að hv. þm. finnist þörf á því að fara sparlega með fé ríkisins eða gæta hófs um það, hvernig því er ráðstafað, þegar ákveða á þessar launagreiðslur, því að eins og nú stendur, eru þeir, sem hafa há laun, óneitanlega öruggastir með afkomu sína í þjóðfélaginu. Annars gæti vel svo farið, ef boginn er spenntur svona hátt um gegndarlausa fjáreyðslu, að kæmi að því, að skera þyrfti niður laun þessara manna, ekki síður en hæstv. fjmrh. óskaði nú heimildar til þess að skera

niður um 35% framlög til verklegra framkvæmda, þar á meðal til landbúnaðarins, en þau framlög hafa gert sitt til þess að hjálpa mönnum til að haldast á jörðum sínum, svo að þeir þyrftu ekki að bætast í hóp atvinnuleysingjanna hér á mölinni, sem er ærinn fyrir.

Hv. deild vildi ekki fallast á till. fjhn. um að veita ekki uppbót nema á þau laun, sem væru svo lág, að þess þyrfti sérstaklega með, heldur skyldi verðlagsuppbótin ganga sem almenn launahækkun án tillits til þess, hvort um há eða lág laun er að ræða. Kemur uppbótin því að minna gagni fyrir þá, sem hafa lægst laun og mest þurfa hennar með. Meiri hl. fjhn. vill nú enn gera tilraun til þess að bæta þetta aftur að nokkru, þótt það verði hvergi nærri eins fullkomið og ef brtt. okkar við 2. umr. hefðu verið samþ., þannig að setja tvennskonar hámark á verðlagsuppbótina, svo að þeir, sem hafa yfir 8000 kr. á ári samanlagt, fái enga verðlagsuppbót skv. lögunum, og þeir einhleypir menn, sem á sama hátt hafa 4800 kr. á ári, fái heldur enga verðlagsuppbót. Ég get ekki skilið, að nokkur þm. geti litið svo á þetta mál, að þeir, sem hafa þessi laun, séu mjög þurfandi, miðað við fjöldamarga aðra í þjóðfélaginu, og vildi ég því óska, að hv. deild gæti fallizt á þessa till. okkar.

Þá hefir meiri hl. fjhn. flutt brtt. þess efnis, að dýrtíðaruppbótin skuli ekki reiknuð eftir sama mælikvarða, þegar um föst laun er að ræða, og uppbótin á laun verkamanna; það er vitanlega mikill munur á því að hafa tryggt starf yfir árið og fá föst laun eða að byggja afkomu sína á stopulli vinnu. Það er því ekki nema réttmætt, að dýrtíðaruppbótin á föstu launin sé lægri en á laun verkamannsins, sem ekki hefir vinnu nema endrum og eins. Við höfum því lagt til að draga 10% frá því, sem gert er ráð fyrir með þeim reglum, sem gefnar eru um greiðslu verðlagsuppbótar á verkakaup skv. gengisskráningarlögunum. Þótt þessar 2 brtt., sem meiri hl fjhn. vill bera fram við 3. umr., verði samþ., er frv. frá okkar sjónarmiði hvergi nærri viðunandi, en með þeim eru þó sniðnir af því mestu vankantarnir.

Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. megi gæta sín vel að stuðla ekki að því, að samþ. verði lög í þessu efni, sem eru til þess fallin að vekja beiskju hjá meiri hl. þjóðarinnar vegna framdráttarhagsmuna vissra stétta, sem þeir, er erfiðast eiga, telja, að hafi tryggasta aðstöðu til þess að sigra þá erfiðleika, er nú eru með þjóð vorri. Ég skal ekki neita því, að ríkisstj. hefir mikinn stuðning hjá þjóðinni og nýtur svo að segja óskipts trausts, á meðan hún brýtur það ekki af sér. Það er því skylda hennar að gera ekkert, sem geri þann almenning, er að baki henni stendur, vonsvikinn yfir þeim ráðstöfunum, sem hún gerir. Ef frv. verður samþ. eins og það er eftir 2. umr., er fátt betur til þess fallið að vekja gremju eða jafnvel beiskju hjá fjölda manna í garð stj. og þeirra, sem að slíkri samþykkt standa.

Framundan eru áreiðanlega mjög erfiðir tímar fyrir allan almenning. Bera till. hæstv. fjmrh. það með sér, að hann óttast, að svo muni verða, þar sem hann óskar eftir mjög víðtækum heimildum til niðurskurðar á miklum fjárframlögum úr ríkissjóði. Almenningur mun ekki sætta sig við, að gerðar séu ráðstafanir í þá átt, að hvað sem á gengur skuli embættismannastéttinni og starfsmönnum ríkisins tryggð hærri dýrtíðaruppbót en verkamönnum með stopula atvinnu, samtímis því sem ríkisstj. beiðist heimildar til þess að skera niður fjárframlög til þeirra, sem eru miklu verr settir.

Ég vona, að hæstv. ríkisstj. beri gæfu til þess að leysa mál þetta á þann veg, að hún brjóti ekki af sér traust alls almennings, en það myndi hún án efa gera, ef hún leggur inn á þá óhappabraut, að fylgja þessu frv. fram gegnum þingið eins og það nú er.

Skúli Guðmundsson: Tilgangurinn með þessu frv. er sá, að ákveða greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Ekki neita ég því, að ýmsir þessara manna hafi þörf fyrir einhverja launahækkun, eins og nú er komið, þar sem kostnaðurinn við að lifa er miklu meiri en var fyrir nokkrum mánuðum. En þörf þessara manna fer vitanlega fyrst og fremst eftir því, hvernig þeir eru settir fyrir, hve há laun þeir hafa og hvernig aðstæður þeirra eru að öðru leyti.

Ég álít, að í sambandi við þetta mál verði ekki hjá því komizt að athuga horfur í viðskipta- og atvinnumálum þjóðarinnar og hver áhrif styrjöldin kann að hafa á það, ef hún stendur lengi, sem eins vel má búast við. Við komumst ekki hjá því að hugleiða, hver áhrif styrjöldin á Norðurlöndum og í Þýzkalandi kunni að hafa á viðskiptalíf okkar Íslendinga, enda þótt þess sé enginn kostur, að gera sér þess fulla grein, þegar á það er litið, að þessar þjóðir keyptu mikinn hluta af framleiðsluvörum okkar og við fengum frá þeim verulegan hluta af okkar nauðsynjum. Hver áhrif mun það hafa fyrir íslenzkan landbúnað, ef við getum ekki á þessu ári eða því næsta selt þær landbúnaðarafurðir, sem þangað hafa verið seldar undanfarin ár, fyrir gott verð? Hvernig mun ganga að afla nýrra markaða fyrir þessar afurðir? Um það vitum við ekkert. Sama máli gegnir um ýmsar afurðir sjávarútvegsins. Við höfum á undanförnum árum selt mikið af síld til Svíþjóðar og Póllands; sömuleiðis höfum við selt síldarafurðir í stórum stíl til Noregs. Hver áhrif hefir það á fjárhagsafkomu þjóðarinnar, ef þessir markaðir lokast, og hvaða trygging er fyrir því, að við getum aflað okkur nýrra markaða annarstaðar? Því miður er engin trygging fyrir því, að það sé hægt, en við verðum að gera okkur ljóst, að á þessu veltur bókstaflega allt um afkomu fjölmennustu stétta landsins, framleiðenda til sjós og sveita og allra verkamanna, sem vinna við þá framleiðslu.

Í sambandi við þetta mál hlýtur sú spurning að vakna: Er það verjandi, að ákveða með lögum uppbót til fastlaunaðra manna án þess að taka tillit til afkomu framleiðslunnar? Ég segi nei, þetta er ekki verjandi, sérstaklega að því er þá snertir, sem bezt eru launaðir í þessari stétt. Það getur líka vel farið svo, ef svo fer

sem nú horfir um lokun þessara markaða, að stj. hafi öðru að sinna en að greiða uppbætur til fastlaunamanna, sem hafa yfir 650 kr. tekjur á mánuði, en það var fellt við 2. umr. að binda uppbótina við það launahámark.

Samkv. þessu frv. á að miða uppbótina við hækkun á framfærslukostnaði eftir vísitöluútreikningi kauplagsnefndar, svo sem ákveðið er í 1. frá síðasta Alþ. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Ég lít svo á, að þetta sé ekki nóg, en að það verði að taka tillit til fleiri hluta, og við 2. umr. lét ég þess getið, að ég myndi við 3. umr. bera fram brtt. við frv., þar sem tekið væri tillit til afkomu framleiðslunnar við útreikning á þessari uppbót. Í samræmi við það hefi ég ásamt hv. 2. þm. Árn. (BjB) borið fram brtt. á þskj. 503, og vil ég nú leyfa mér að fara um þá brtt. nokkrum orðum og skýra, hvað fyrir okkur vakir.

Brtt. gerir ráð fyrir því, að á eftir 8. gr. komi ný gr., svo sem þar greinir. Í þessari grein segir, að hagstofan skuli ársfjórðungslega reikna út verðbreytingar á nokkrum helztu útflutningsafurðum landsmanna eftir bráðabirgðaskýrslum hennar um útfluttar íslenzkar afurðir. Teljum við þar upp 11 verðmestu útflutningsafurðategundir, 7 frá sjávarútveginum og 4 frá landbúnaðinum. Við leggjum til, að þessi útreikningur verði fyrst gerður 1. júlí 1940 og að hann verði framkvæmdur þannig, að talið verði saman magn og verðmæti þessara vörutegunda, sem útfluttar hafa verið mánuðina júní 1939 til maí 1940, eða í eitt ár, og síðan reiknað út, hve mikið þessar vörur hafi hækkað eða lækkað í verði, samanborið við árið 1938 eftir meðalverði það ár. Við leggjum til, að samskonar útreikningur verði gerður 1. okt. 1940, 1. jan. 1941 o. s. frv. ársfjórðungslega, eins og áður er getið. Þessi útreikningur er mjög auðveldur: Við leggjum til, að miðað verði við verð varanna fob. á útflutningshöfn, en slíkar skýrslur liggja fyrir hjá hagstofunni á hverjum tíma, svo að þetta kostar ekki mikla fyrirhöfn. — Verði fluttar út aðrar vörutegundir en þær, sem getur í till., sem nemi 2% eða meira af heildarútflutningi landsins, eins og hann var árið 1939, skal taka þær vörur með í þennan útreikning, svo framarlega sem eitthvað af þeim tegundum hefir verið flutt út á árinu 1938.

Loks kemur það ákvæði till., sem er aðalefni hennar, að ef verðhækkun á útflutningsvörunum eftir þessum útreikningi verður minni en hækkun framfærslukostnaðar eftir vísitöluútreikningi kauplagsnefndar, skal draga helming af þeim mismun, er fram kemur, frá framfærslukostnaðarvísitölunni áður en kaupgjaldshækkanir eru ákveðnar eftir henni samkv. 2. gr. þessara laga. Ég skal nefna eitt dæmi þessu til skýringar.

Við skulum hugsa okkur, að framfærslukostnaður hafi hækkað um 20%, en á sama tíma hafi hækkun á útflutningsvörum numið 12%. Kemur þá fram 8% mismunur, og skal þá draga 4% frá stigatölu kauplagsnefndar áður en kaupgjaldshækkanir eru ákveðnar. Yrði þannig miðað við 16% hækkun í stað 20%.

Nú skal það viðurkennt, að verð á útflutningsvörum segir ekki til um afkomu atvinnuveganna, þar kemur auðvitað ekki síður til greina, hve mikið vörumagn út er flutt. En við höfum ekki búið okkur undir að leggja fram till. um það, að vísitöluútreikningurinn nái einnig til vörumagnsins, því að það er erfiðara og flóknara en svo, að hægt sé að gera það undirbúningslítið, þó að slíkt ætti vitanlega að koma til greina, þegar sett verða ný launalög. Ég hefi áður haldið því fram, að þegar til þess kæmi, bæri að setja í launalögin ákvæði um hækkun og lækkun á launum embættismanna og opinberra starfsmanna í samræmi við afkomu framleiðslunnar og atvinnuveganna í landinu á hverjum tíma. Því verður ekki í móti mælt, að það sé réttlátt, að þeir, sem eru í fastlaunuðum stöðum, beri byrðarnar ásamt öðrum að einhverju leyti, þegar illa gengur fyrir atvinnuvegunum og afkoman í heild er erfið, en njóti þess líka, þegar vel gengur og betur árar. En þó að ekki sé lengra gengið en þetta nú í því að taka tillit til verðlagsins á aðalframleiðsluvörunum, þá vil ég fullyrða, að þessar till. séu mikið til bóta, ef þær verða samþ. Það er, eins og ég hefi tekið fram, auðvelt að framkvæma þessar till., og það kostar ekki mikla fyrirhöfn að framkvæma þennan útreikning. Ég get búizt við því, að mótbárur komi fram gegn þessum till., t. d. kann vel að vera, að einhver kunni að skjóta því fram, að við hefðum átt að flytja slíka till. á síðasta þingi, þegar ákveðin var verðlagsuppbót til verkamanna og sjómanna og nokkurra fleiri manna. En þó að það væri ekki gert, þá tel ég, að þetta eigi fullan rétt á sér nú, eins og ég benti á við 2. umr.

Hér er um að ræða eingöngu fastlaunaða menn, sem eru mikið betur settir í þjóðfélaginu en meginþorri þeirra manna, sem fengu verðlagsuppbót samkv. gengisl. Flestir þeirra hafa mjög stopula atvinnu, og það er þess vegna engin trygging fyrir því, að heildartekjur þeirra verði meiri en áður, þrátt fyrir þær uppbætur, sem þeir hafa fengið á tímakaupið samkvæmt ákvæðum gengisl. Sérstaklega má búast við því, að hagur þeirra verði erfiður, ef illa gengur með sölu á okkar framleiðsluvörum og viðskipti okkar við önnur lönd þar af leiðandi dragast stórkostlega saman. Það er því allt öðru máli að gegna með þessa menn heldur en þá, sem eru á föstum launum. Nú kann einhver að segja, að það hefði verið eðlilegra, að þetta verkaði bæði til hækkunar og lækkunar á kaupuppbætur, þ. e, a. s., að ef hækkun á framleiðsluvörum yrði meiri en hækkun á framleiðslukostnaði einhvern tíma, þá ætti það að verka til hækkunar á kaupuppbætur, fyrst við leggjum til, að hún lækki, ef verð útflutningsvaranna er minna en hækkun á framleiðslukostnaði. Þetta er haft þannig vegna þess, að við teljum, að það sé ekki, eins og nú standa sakir og eins og afkoma atvinnuveganna er, ástæða til að ákveða með löggjöf kauphækkun á laun fastlaunamanna, þó að framleiðsluvörurnar hækki eitthvað í verði. Við verðum líka að athuga það, að þessi ákvæði ná aðeins til kaupuppbótar, en ekki til launa. En ég vil endurtaka það, að ég álít eðlilegt, ef ný launalög yrðu sett, að framleiðslu-

vöruverðið verkaði bæði til hækkunar og lækkunar á laun embættis- og starfsmanna ríkisins. Ég sé ekki, að þess sé þörf, að fara um þetta fleiri orðum, því að ég vænti þess, að hv. þdm. sé ljóst, hvað í till. felst og hvað fyrir okkur vakir, mér og hv. 2. þm. Árn., og vænti ég þess, að hv. þd. geti fallizt á till.

Ég vil að lokum undirstrika það, að ég tel, eins og nú er háttað um viðskipta- og atvinnulíf hjá okkur, alls ekki fært fyrir hv. Alþ. að ákveða með l. slíka uppbót sem hér um ræðir, án þess að hún sé að einhverju leyti háð skilyrði um það, að aðrar stéttir þjóðfélagsins geti lifað. Með öðrum orðum, að kaupuppbótin fari að einhverju leyti eftir því, hvernig þeim þegnum þjóðfélagsins vegnar, sem ekki eru svo lánsamir að vera í fastlaunuðum stöðum hjá ríkinu.

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 507. Verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að brtt. þessi verði tekin til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Vilmundur Jónsson: Í brtt. á þskj. 504, sem meiri hl. fjhn. ber fram, er farið fram á, að þeir embættismenn og starfsmenn, sem hafa yfir 8000 króna laun, fái enga verðlagsuppbót samkv. frv. Þegar þetta er borið saman við frvgr., sem till. á við, er augljóst, að hér er átt við það, að þeir menn, sem hafa 8000 krónur laun úr **ríkissjóði,** fái ekki neina verðlagsuppbót. Þar sem með þessari till. er snúið inn á þá braut að gera fyrirhugaða dýrtíðaruppbót að launajöfnun, er augsýnilegt, að með þessu miðar til nokkurs misréttis. Það er vitanlegt, að einn og sami maður getur haft miklu meiri tekjur en hann hefir hjá ríkinu. Ég skal nefna dæmi þessu til skýringar úr minni starfsgrein. Ég nefni til héraðslækna, sem hafa e. t. v. 5000 króna árslaun, en þar að auki margir annað eins eða meira fyrir unnin læknisverk, og komast þannig yfir 8000 kr. í árstekjur, og sumir langt yfir það. Héraðslæknar eiga eftir sem áður að fá verðlagsuppbót án tillits til tekna, en aftur fastráðinn læknir, sem aðeins fær 8000 krónur úr ríkissjóði og engar aukatekjur, hann fær eftir þessari till. enga verðlagsuppbót. Svona mætti nefna fjölda dæma. Ég geri ráð fyrir, að menn vilji lagfæra þetta. Úr því að gera á þessi l. að tekjuöflunarlögum, verður ekki komizt hjá að taka tillit til allra tekna þeirra, sem í hlut eiga. Það skiptir vitaskuld ekki máli, hvort tekjurnar eru að öllu eða nokkru leyti úr ríkissjóði. Annars gætir svo mikils misréttis, að frágangssök væri að samþ. þessa brtt. nema samþ. fyrst brtt. þá, sem ég hefi leyft mér að bera fram, og það er einmitt það, sem ég fer fram á, að gert verði.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Ísf., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 515].

Þar sem brtt. þessi er bæði of seint fram borin og skrifleg, þarf að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, svo að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*__Jón Pálmason:__ Þegar brtt. fjhn. voru felldar hér í dag, kom mér það nokkuð á óvart, af því að ég bjóst við, að hv. þm. hefðu gert sér það ljósa grein fyrir því ástandi, sem nú ríkir í fjármálum okkar, að þeir létu sig varla henda að fella svo hóflegar brtt. sem þessar voru. En þegar ég fór að hugsa betur um þetta, komst ég að þeirri niðurstöðu að þetta væri í sjálfu sér eðlilegt, þar sem þetta frv. er borið fram af ríkisstj., sem er allra flokka stjórn, og það er búið að ganga gegnum Ed. með sæmilegu samkomulagi. Það er að vísu svo, að sumir menn og meira að segja sum blöð ríkisstj. hafa viljað koma því inn hjá þjóðinni, að þetta mál væri mál fjmrh. eins. Þessi afstaða er frá mínu sjónarmiði ekki drengileg, í fyrsta lagi af því, að þetta er eitthvert óvinsælasta málið, sem nú liggur fyrir þ., úti um landsbyggðina, og í öðru lagi vegna þess, að það er vitað, að þetta mál er mál allrar ríkisstj. Og því fremur er ástæða til þess fyrir okkur, sem erum í stjórnarflokkunum og erum andvígir þessu máli, að tala hlífðarlaust um það við stj. án tillits til flokksafstöðu, persónulegrar vináttu eða nokkurs annars en þess, hvað við teljum vera réttlátt, miðað við það fjárhagsástand, sem nú ríkir í okkar landi. Það má segja, að þetta mál markar fremur flestum öðrum, hvaða fjármálastefna það er, sem rekin er á Alþ. Og það markar hana greinilegast fyrir það, að með þessu frv. er verið að bæta kjör þeirra manna í þjóðfélaginu, sem áður voru bezt settir. Það hlýtur að rifjast upp fyrir okkur sú spurning í sambandi við þetta mál, sem ætti raunar að vera alltaf rík í okkar huga, sem sé, hvaða fjármálastefna það sé, sem er réttlætanleg í þessu landi. Ég get markað þá fjármálastefnu, sem ég tel réttasta með örfáum orðum. Ég tel þá eina stefnu rétta í fjármálum, að framleiðslan geti borið sig og skilað arði, til þess að sem allra flest af vinnandi fólki í landinu geti haft vinnu við framleiðslustörf. Það eru hinsvegar 3 meginskilyrði fyrir því, að framleiðslan geti borið sig. Það er í fyrsta lagi tíðarfarið og aflabrögðin við sjóinn. Í öðru lagi fer það eftir því, hvernig markaðurinn er fyrir afurðirnar, og í þriðja lagi fer það eftir því, hvaða gjöld eru lögð á framleiðsluna í sambandi við hina opinberu félagsstarfsemi. Í sambandi við þetta er þá ekki einasta um að tala skatta, tolla og útsvör, heldur og líka kaupgjald, vexti og annað varðandi nauðsynjar til framleiðslunnar. Um tvö fyrri atriðin, tíðarfarið og aflabrögðin annarsvegar og markaðsverðið hinsvegar, er það að segja, að við þetta ráða engin völd hér á landi. Þá er það aðeins þriðja atriðið, sem sé þau þyngsli, sem á framleiðslunni hvíla, sem viðráðanlegt er. Ég tel þess vegna, að höfuðskilyrðið fyrir réttri fjármálastefnu sé, að þessum útgjöldum sé haldið svo mikið niðri sem

unnt er og skynsamlegt má telja. Ég er sannfærður um, að þessa hefir ekki verið gætt eins og vert er, og þess vegna sé komið eins og komið er fyrir okkar íslenzku framleiðslu. Og það var einmitt með tilliti til þessa, að þjóðstj. var mynduð. En ég verð að endurtaka það nú, sem ég hefi áður sagt, að ég tel, að sú stefna, sem mörkuð var með myndun þjóðstj., hafi verið þverbrotin á síðasta þ., og hún er enn brotin nú, ekki sízt með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir. Það hefir smátt og smátt verið að skapast það ástand á undanförnum árum, að allir hafa keppt um að komast í fastlaunaðar stöður í okkar þjóðfélagi. Og þetta er fyrst og fremst undirrótin undir þeirri eyðslu, sem átt hefir sér stað á undanförnum árum. Það er ekki um að villast, að það hefir verið rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. tók fram fyrir nokkrum árum, að það, sem þyrfti að gera, væri að minnka kaupgetuna frá því, sem nú er, til þess að hægt væri að halda skynsamlegri fjármálastefnu. Þetta lætur einkennilega í eyrum, en er samt rétt, enda er það aðalatriðið að halda kaupgetunni í samræmi við það, sem framleiðslan þolir á hverjum tíma. Frá þessu hefir verið brugðið og þess vegna hefir farið eins og farið hefir. Ég skal ekki fara út í að skýra þetta miklu nánar, en ég vona, að þeir hv. þm., sem hér eru og hafa tekið eftir því, sem ég hefi sagt, sjái, að það er ákveðin stefna, sem ég tel, að eigi að fara eftir í sambandi við afgreiðslu fjármála. Og þá kem ég að þeim einstökum atriðum, sem hér eru til umr. og deilan stendur um í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Ég benti á það hér í gær og færði rök að því, að sú till., sem meiri hl. fjhn. ber fram um að setja hámark á verðlagsuppbótina, sem miðist við 7800 kr. laun á ári, hefði í för með sér a. m. k. 175000 kr. lækkun á þessu frá því, sem frv. í sinni núv. mynd gerir ráð fyrir. Ég byggði þetta á því, að það munu vera um 150 starfsmenn ríkisins, sem hafa launatekjur þarna fyrir ofan. Annað atriði, sem athugavert er í þessu sambandi, er það, að í fjárlögum þessa árs er ekki gert ráð fyrir þessum gjöldum, og það, sem kann að verða borgað hér samkvæmt þessu frv., verður að borgast út auk þeirra gjalda, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Þá ber að taka tillit til þess, að ekki er ætlað til þessara hluta nema 350000 kr. í þeim fjárlögum, sem afgr. hafa verið fyrir árið 1941, en ef frv. verður endanlega samþ. í því formi, sem það var samþ. við 2. umr. hér í d., þá má frekar gera ráð fyrir, að þessi útgjöld nemi 1 millj. kr. heldur en 350000 kr. Þetta vildi ég mega biðja hv. þm. að athuga, þegar þeir greiða atkv. um brtt. fjhn., sem hér liggja fyrir, og aðrar till., sem fram hafa komið.

Þá skal ég með örfáum orðum minnast á brtt., sem þeir hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Árn. hafa flutt. Ég skal ítreka það, að ég álít þá stefnu, sem kemur fram í þeirra till., þá réttu stefnu í launamálum hér á landi, ef breyt. verður á annað borð á þeim gerð. Hinsvegar er það að segja um þessa till., að eins og formið á henni er, nær hún engan veginn þeim tilgangi, sem ætlazt er til, og þeim tilgangi, sem 1. flm. talaði um, þegar hann mælti fyrir till. Meiri hl. fjhn. hefir ekki álitið þessa till. svo mikilsverða, að hann mæli með, að hún verði samþ. Og sá galli er við samþykkt hennar, að með því mundi breytast sá grundvöllur, sem að öðru leyti er byggt á. Hvort hann breyttist í þá átt að lækka uppbótina eða hækka hana, er ekki með öllu víst. En tilgangurinn er þó sá, að þetta verði til að lækka hana, því að það er hugmyndin. En hitt er heldur ekki óhugsandi, af þeirri ástæðu, að hér er miðað við útflutningsverð, en ekki framleiðsluverð á vörum. Verð á vörum á innlendum markaði þarf að mínu áliti að taka hér með í reikninginn.

Það er rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að það er ekki ómaklegt, að þessi regla komi fyrst niður á mönnum, sem hafa föst laun. En ég tel, að hún eigi yfirleitt að vera gegnumgangandi á þessu sviði. En til þess að hún geti verið það, þarf mjög mikinn og vandlegan undirbúning að hafa áður en reglur um þetta eru settar, til þess að þær geti verkað réttlátlega.

Það eru nokkur ár síðan ég flutti frv. hér á hæstv. Alþ. um breyt. á verðlagsskrárl. Því var síðast vísað til ríkisstj. til frekari rannsóknar. Tilgangurinn með því var að koma á þessari reglu, sem hv. þm. V.-Húnv. er hér nú að ympra á. Og með því að undirbúa þetta vel, væri hægt að koma þessu í framkvæmd á réttlátan hátt.

Þá vil ég segja örfá orð um breyt., sem nú síðast var talað fyrir af hv. þm. N.-Ísf. Það er ekki rétt skilið hjá honum, að það sé meiningin með till. meiri hl. fjhn., að það séu aðeins laun úr ríkissjóði, sem átt er við, heldur er ætlunin með þeirri till., að það séu laun manna og allar tekjur samanlagt, sem hlutaðeigendur fá, bæði úr ríkissjóði og annarstaðar frá. (VJ: Líka tekjur af búskap?). Jafnvel þó svo sé; ef maður t. d. hefir 6 þús. kr. í laun úr ríkissjóði og bú við hliðina, sem hann hefir af 2—3 þús. kr. í tekjur að frádregnum rekstrarkostnaði, þá er alveg eðlilegt að taka það með. En það kann vel að vera, að þetta sé gleggra og komi hreinlegar út með því að samþ. brtt. hv. þm. N.-Ísf., og get ég fallizt á það, ef mínir meðnm. geta verið sammála um það, til þess að þetta orki ekki tvímælis. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða meira um þetta mál. En það leiðir að því, sem ég hefi tekið fram sem mína skoðun á því, að ég sé mér ekki fært að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir. Og mér þætti það of langt gengið að samþ. það, þó að brtt. hv. meiri hl. fjhn. væru samþ. Þær ganga að visu töluvert skemmra heldur en brtt., sem felldar voru hér í dag. En miklar umbætur gerðu þær eigi að síður á frv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Það er nú komið hér fram allmikið af brtt. Og vildi ég fyrst taka til athugunar brtt. frá meiri hl. fjhn., sem virðast vera aðalbrtt., sem nú verður barizt um, og fjalla um, að 8 þús. kr. tekjur á ári skuli vera hámark, sem verðlagsuppbót skuli vera greidd á. Ég var við 2. umr. málsins með dálitið líka brtt. Og ég var samþykkur brtt. samsvarandi þessari brtt. fjhn. við þá umr. Og ég er samþykkur þessari brtt. fjhn. að því er

þennan fyrri hl. snertir. Ég álít sjálfsagt á tímum eins og nú eru, að ekki sé greidd uppbót á laun eða tekjur, sem eru 8 þús. kr. á ári eða meira en það. Og í sambandi við brtt. hv. þm. N.-Ísf. vil ég taka það fram, að ég er samþykkur því, að þetta skiljist þannig, að það séu allar árstekjur manna, sem miðað sé við í þessu efni.

Um þessa síðari till. í brtt. fjhn., að þeir, sem einhleypir eru, skuli ekki njóta sömu hlunninda viðvíkjandi verðlagsuppbótinni, heldur skuli þeir aðeins fá uppbót á laun, sem ekki fara yfir 4800 kr., álít ég, að ekki sé rétt að gera þennan greinarmun þarna á, heldur eigi að haga þessu alveg eftir launastiganum án tillits til þess, hvort menn eru einhleypir eða ekki. Tekjur manna af almennu verkakaupi minnka eftir því, sem vinna minnkar, alveg án tillits til þess, hver vinnur þá vinnu. Ef við ætlum að fara að gera greinarmun á því, hvaða uppbót menn eiga að fá á laun sín, eftir ástæðum þeirra, þá yrðum við, ef við værum réttlátir, að gera nákvæmlega það sama að því er snertir verkakaup almennt. Oft er það svo, að mönnum ber ekki skylda til samkv. l. að sjá um framfæri þeirra manna, sem þeir þó verða að sjá um framfæri á, og eru þessir menn því á skýrslum kallaðir einhleypir, þó að þeir séu það ekki í raun og veru. Og það hefir gengið illa að fá yfirvöldin til að samþ., að þeir teldu þessa menn á framfæri sínu á skýrslum. Ennfremur, ef á að fara að gera þannig greinarmun, þá má eins gera greinarmun á þeim annarsvegar, sem eru kvæntir og eiga eitt barn, og hinum hinsvegar, sem eru kvæntir og eiga t. d. 5 börn. Það, að blanda því hér inn í ákvæðin um uppbótina, hvort menn séu einhleypir eða ekki eða hafa t. d. 1—2 börn á framfæri sínu eða mörg, það ruglar algerlega launastigann. Það er ekki rétt með brtt. að fara inn á þetta a. m. k. nú sem stendur, að mismuna mönnum í launum eftir því, hvernig ástæður þeirra eru. Ef það væri gert, þá væri alveg jafnrétt að gera það viðvíkjandi almennu kaupgjaldi líka, að borga einhleypum mönnum lægra kaup. En ég býst ekki við, að menn vildu leggja það til. Ég ber fram brtt., sem fer fram á, að síðari hl. brtt. fjhn. verði felldur niður, þetta er snertir einhleypingana. Ég vil sérstaklega vekja eftirtekt hv. þm., sem hafa áhuga fyrir því, að þetta hámark, 8 þús. kr., verði samþ., að það er sérstaklega vissara upp á það að geta fengið atkvgr. um þessa brtt. að aðalforminu til, þ. e. að 8 þús. kr. tekjur verði ákveðið sem hámark, að fella þennan síðari hl. brtt. burt.

Þá er hér einnig till. frá meiri hl. fjhn. um, að það skuli almennt draga 10% frá kauphækkun þeirri, sem fram eigi að fara eftir þeim reglum, sem fara skal eftir. Ég er á móti þessu. Ég álít laun verkamanna of lág og jafnvel laun sums af því fólki, sem laun tekur hjá ríkinu. Ég get um þetta sérstaklega út af þeim miklu umr., sem hafa orðið um þetta mál, og það er rétt að láta það koma fram við þessar umr., að þó að embættismannastéttin sé þung á fóðri hjá ríkinu, þá fer fjarri því, að það sé hún, sem þyngst er að bera af þjóðfélaginu sem heild. Það er rétt að vekja athygli á því, ekki sízt með tilliti til ræðu hv. þm. A.-Húnv., að það er í raun og veru tiltölulega lítið, sem embættismenn ríkisins taka til sín af hálaunum, þegar þau laun eru borin saman við þau hálaun og þær hátekjur, sem greiddar eru af þjóðfélaginu. Ég álít, að ef þær umr., sem hér hafa orðið um hálaun, verða til þess, að nokkuð verði skorið niður hjá hálaunamönnum ríkisins af tekjum þeirra, þá beri ekki að líta svo á, sem embættismannastéttin eigi að vera sem einskonar skotspónn í því tilliti, og að einungis eigi að spara að greiða mönnum hálaun hvað þá stétt snertir. Það væri allt of billega sloppið fyrir hátekjumennina, ef hálaunamenn, sem ríkið borgar, ættu ekki að fá neina uppbót, en allir aðrir hálaunamenn í þjóðfélaginu ættu að sleppa. Hv. þm. A.-Húnv. taldi, að hér væru 150 menn, sem hefðu yfir 8 þús. kr. í laun hjá ríkinu. Ég býst hinsvegar við, þó að tiltekin væri Reykjavík eingöngu, að þá séu fyrir utan þá menn a. m. k. 300 menn, og líklega fleiri — ég gæti trúað 500—600 — sem hafa yfir 8 þús. kr. í árstekjur. Og það er ekki sérstaklega réttlátt, þegar verið er að taka fyrir að reyna að hindra, eins og rétt er, að þeir menn, sem eru á launum hjá ríkinu og fá yfir 8 þús. kr. í laun, fái dýrtíðaruppbót, að hlífa þá hinum, sem hafa margföld laun á við það. Og embættismenn ríkisins standa verr að vígi heldur en þessir hátekjumenn að því leyti, að embættismennirnir hafa ekki möguleika á því að dylja sínar tekjur, af því að þeir fá laun sín frá því opinbera. En menn, sem hafa um 10 þús. kr. í tekjur á ári á annan hátt, hafa mikla möguleika til þess að svíkja undan skatti, og það í stórum stíl. Ýmsir menn munu hér hafa jafnvel allt að því 100 þús. kr. árstekjur, svo sem lyfsalar, heildsalar og aðrir slíkir, sem geta tekið stórgróða af sama almenningi, sem dýrtíðin kemur hvað þyngst niður á. Þessu vil ég vekja eftirtekt á í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða. Og ég vil sérstaklega, að það, sem komið hefir fram hjá hv. þm., um að skera niður uppbót á laun þeirra manna, sem hafa laun yfir visst hámark, verði einnig framkvæmt í sambandi við að skera niður við hátekjumenn almennt í landinu í samræmi við þetta.

Um brtt. á þskj. 503, frá þeim hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Árn., vil ég segja, að þessi brtt. er að mörgu leyti mjög einstæð og að vissu leyti mjög gott dæmi um þann hugsunarhátt, sem ríkir hjá þessum hv. þm. og nokkrum öðrum af þeirra tagi. Brtt. þessi fer fram á, að tekið verði tillit til þess viðkomandi launagreiðslum starfsmanna ríkisins, hvernig afurðirnar seljast, og ef útfluttar afurðir lækka í verði, þá skuli launin lækka. En ef verð útfluttra afurða hækkar, þá eiga launin ekki að hækka neitt. Það er vert í þessu sambandi að gera sér ljóst, á hverju þjóðfélagið er byggt. Helmingurinn af mönnum í því verður að selja sinn vinnukraft. Þeir menn hér á landi, sem ráða okkar útflutningi — selja síld, saltfisk, kjöt, ull, gærur og annað slíkt — ráða að mjög miklu leyti yfir því, hvernig gengur um sölu á þessum hlutum, og að svo miklu leyti, sem þeir ekki ráða því sjálfir, þá skapast verðlagið af

því þjóðfélagsástandi, sem nú ríkir og launþegar í íslenzka þjóðfélaginu eru ekki ánægðir með. Þeir, sem vilja vernda núverandi þjóðskipulag og launa vinnuna, verða að bera afleiðingarnar af því. Ef menn kjósa sérstaklega þjóðfélag, sem byggist á spákaupmennsku um að kaupa vinnuafl meiri hluta þjóðarinnar, verða þeir að taka afleiðingunum af þeirri spákaupmennsku, sem eru kreppurnar og allt það, sem þeim fylgir. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að launþegarnir í þjóðfélaginu, hvort sem það eru verkamenn, sjómenn eða starfsmenn ríkisins, eigi að bera afleiðingarnar af því, hvernig tekst að selja afurðirnar. Við þekkjum það t. d., hvernig gengur um sölu á síld, fiski eða öðru sliku. Sala á þessu hefir verið í höndum 10—20 manna. Ef þessum mönnum hefir þótt henta að bíða, til þess að reyna að fá hærra verð fyrir vöruna, þá hafa oft tapazt millj. Og af því að beðið hefir verið nokkra daga með að selja vöru, hefir varan stundum orðið óseljanleg. Ættu þá allir embættismenn ríkisins að sæta launalækkun fyrir bragðið? Það er ómögulegt að fara inn á grundvöll þessarar brtt. án þess að gerbreyta fyrirkomulagi þjóðfélagsins. Ef launþegarnir eiga að bera afleiðingarnar af því, hvernig gengur að selja vörurnar til útlanda, þegar þær lækka í verði, þá eiga þeir líka að njóta þess, þegar betur selst. En til þess eiga þeir að eiga afurðirnar, og þjóðfélagsfyrirkomulaginu á þá að breyta í það horf, að allir séu sameigendur að afurðunum, sem seljast.

Þessi brtt. kemur ákaflega illa heim við þann þjóðfélagslega grundvöll, sem við eigum við að búa, og verður því, að því fyrirkomulagi óbreyttu, að öllu leyti ósanngjörn gagnvart launþegunum í þjóðfélaginu. Og sérstaklega ósanngjörn verður hún gagnvart embættismönnum og starfsmönnum ríkisins, sem minnst hafa um þetta að segja og fá engu um það ráðið, hvernig afurðirnar seljast. En það eru menn þeir til í þjóðfélaginu, sem væri athugandi, hvort ekki ættu að fá laun sín greidd í hlutfalli við sölu afurða okkar til útlanda, eins og t. d. forstjórar S Í F og S Í S, bankastjórarnir og stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, og aðrir slíkir. Það gæti verið rétt að láta þessa menn, sem eru í raun og veru þeir fáu menn, sem ráða nokkru um það, hvernig vörur okkar seljast, eiga eitthvað undir þessari sölu og láta þá fá laun eftir því, hvernig þeim tekst að selja. Og ef flm. brtt. á þskj. 503 ætla að vera réttlátir, þá ættu þeir að vilja láta ákveða laun þessara manna eftir því, sem t. d. bændur fá fyrir sína vinnu, t. d. forstjóra S Í S, eða láta forstjóra S Í F fá meðaltal af tekjum sjómanna. Ef þeir ætla að gera einhverjar breyt. á launum manna eftir því, hvernig útfluttu afurðirnar seljast, þá eiga þeir að taka fyrst fyrir launakjör þeirra manna, sem hafa með að gera söluna á þessum afurðum.

Ég hygg, að þessi brtt. sé ekki borin fram af neinni alvöru af þessum hv. þm., þeim bæri að snúa sér allt annað í sambandi við þetta. Það er langt frá því, að öll afkoma okkar Íslendinga fari eftir því, hvernig útfluttu afurðirnar seljast. Hún fer líka eftir því, hve mikið er framleitt hér innanlands. Um helmingur af þeim vörum, sem Íslendingar nota, er framleiddur innanlands, og mætti framleiða enn meira. Og það nær ekki nokkurri átt, að aðalgrundvöllur gagnvart launakjörum sé hafður að verulegu leyti útflutningsverð afurðanna, meðan menn hafa ekki rétt til þess að framleiða hér það, sem þeim þóknast, og selja erlendis. Það er hart af því opinbera að banna mönnum að framleiða og selja vöru, sem þeir gætu selt á erlendum markaði. Það er hart, að öll völd yfir okkar útflutningi skuli vera fengin í hendur 6—10 mönnum, og þessir menn ráða því, hvar í heiminum leitað er að markaði fyrir okkar vörur. Og sleifarlagið á þessum hlutum er nú svo mikið, að stórir markaðir eru til í heiminum, sem ekki er reynt að selja á okkar vörur. Einnig með tilliti til þess er það mjög fjarri réttu lagi að binda launakjör manna við þessar sölur. Ég býst líka við, að þessi brtt. sé borin fram til þess að draga athygli manna frá því, sem er aðalatriði í þessu máli, sem er, hvort embættismenn ríkisins, sem hafa yfir 8 þús. kr. í árstekjur, eigi að fá dýrtíðaruppbót á laun sín eða ekki. En ég álít, að það sé um að gera við atkvgr., að sú till. komi eingöngu til atkv. og ekki neitt annað.

Helgi Jónasson: Aðeins örfá orð. Það er nú þegar búið að ræða mikið um þetta frv.

Það eru nú ekki nema 2 mánuðir síðan hæstv. fjmrh. hélt hér framsöguræðu í fjárl. í byrjun þings og lýsti því, og mér fannst að mörgu leyti á réttan hátt, hvernig ástandið væri í okkar fjármálum, og að hann hefði verið í vandræðum með að semja fjárlagafrv. án þess að gera lækkanir á útgjöldum ríkisins. Þetta gat ég vel skilið.

Og ástandið var þá mjög iskyggilegt, en síðan hefir það ekki batnað. Að vísu má segja, að við höfum haft mikinn útflutning síðan og kannske með meira móti. En nú er ástandið svo, að þeim markaði virðist vera lokað um ófyrirsjáanlega langan tíma, sem við höfum selt upp undir helming af okkar afurðum á á undanförnum árum. Og við vitum ekki, hvort við getum selt þangað eða þá hvenær. Vertíðin hefir auk þess að miklu leyti brugðizt. Svo að útlit er fyrir, að ástandið verði miklu verra heldur en í byrjun þings varð séð. Hinsvegar hefir dýrtíðin aukizt mjög. Þess vegna álít ég, að frv., sem hér liggur fyrir, eigi að ýmsu leyti rétt á sér. Þeir menn, sérstaklega hér í Reykjavík, sem lágt eru launaðir, geta varla framfleytt lífinu með núverandi launum, og því er nauðsynlegt að bæta þeim þau upp. En ég undraðist það í dag, þegar það var fellt að setja hámark á dýrtíðaruppbótina. Því að við getum varla gert ráð fyrir meira á næsta ári en að fólkið geti dregið fram lífið sómasamlega.

Ég er fylgjandi brtt. fjhn., en fylgi mitt við frv. verður mjög undir því komið, hvernig þeim reiðir af.

Um brtt. hv. þm. N.-Ísf. er það að segja, að ég tel sjálfsagt og rétt að samþ. hana, því að þeir, sem hafa yfir 8 þús. kr. tekjur, þó ekki séu þær allar greiddar úr ríkissjóði, eiga að mínu

áliti ekki fremur að fá dýrtíðaruppbót heldur en aðrir með sömu tekjur, þó að þeir fái þær að öllu leyti úr ríkissjóði.

*Eiríkur Einarsson: Ég lét þess getið við atkvgr. þessa máls við 2. umr. þess í dag, að mér væri skapi næst, að það mætti fá þá afgreiðslu, að því væri vísað til ríkisstj., og hæstv. ríkisstj. tæki ákvarðanir um þessi málefni eins og hún hefir lagaheimild til. Því að í gengisl. á síðasta þingi var henni veitt slík heimild, að skipa þessum málum með reglugerð. En ríkisstj. hefir ekki hagnýtt sér þetta, heldur lagt fram þetta frv. fyrir þingið, sem nú er til umr. og margskonar ágreiningur er um. Fyrst og fremst hygg ég, að stj., skipuð fimm mönnum úr öllum aðalflokkum þingsins, hafi styrk til þess að þekkja til þess betur en Alþingi í heild og sjá, hverju fram vindur, og sjá um nauðsynlegar framkvæmdir þessara mála. Ég ætlast til þess, þegar þjóðstjórn situr á rökstólum, að hún geri sitt bezta um úrlausn þessa máls, og ekki yrði síður áhættu undirorpið að fá þá handahófsniðurstöðu, sem yrði, ef þetta yrði lögfest nú hér á Alþingi, því að enginn er svo spáfróður, að hann sjái, hvaða niðurstöður muni verða. Hér hefir risið upp kappsmál milli hagfræðinga, sem hafa staðið á blístri af þekkingu, og ég er a. m. k. jafnnær eftir, og þá greinir mjög á. Mikið af þeim orðum er sprottið af erfiðleikaástandi og aðhlynningarhug, en mikið er hreint og beint sagt af kjósendadekri og umhugsun um, hvort það er vinsælt eða óvinsælt mál á að heyra úti um landsbyggðina.

Ég tel því rétt, að stj. hafi þetta mál með höndum og ráði fram úr því á þann hátt, sem henni þykir réttlátast og sanngjarnast. Hún mundi þá geta breytt þeim reglum, sem um það væru settar, ef nauðsyn bæri til. Niðurstöður Alþingis nú geta aftur á móti ekki verið annað en handahóf, og ef ástandið breyttist fyrir aukna dýrtíð eða stórversnandi afkomu ríkissjóðs, þá væri stj. samt sem áður við þær ákvarðanir bundin og gæti ekki breytt þeim nema þá með bráðabirgðalögum. Ef þessi uppástunga mín, sem ég geri hér með að till. minni, er aftur á móti samþ., þá er þetta allt saman miklu lausara og hægt að haga málum eftir því, sem heppilegast er á hverjum tíma.

*Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Það hafa heyrzt raddir um það frá einstökum hv. þm., að þeim hefði þótt undarleg afgreiðsla þessa máls hér í dag við 2. umr. málsins. Ég er hissa á þessum ummælum. Í fyrsta lagi vegna þess, að það er ekki eingöngu hæstv. fjmrh., sem hefir borið frv. fram, heldur ríkisstj. í heild. Ennfremur var frv. afgr. í samræmi við frv. frá Ed. Og loks í þriðja lagi var fyrirfram samið um afgreiðslu þessa máls alveg samhljóða því, sem fyrir lá frá stj. og Ed., svo að mig furðar, að menn skuli koma með aðra eins fjarstæðu, og svo kórónar einn hv. ræðumaður þetta með því að leggja til, að málinu verði vísað til stj. til að greiða fram úr málinu, þó að hún hafi lagt málið fram. Hvers skyldi maður frekar vænta af stj.? Skyldi hún ekki þræða sömu götu? Ég held, að þetta sé hreint og beint að leika hér nýjan skollaleik.

Menn tala mikið um ástandið eins og það sé nú fjárhagslega. Það hafi verið áætlaðar 350 þús. kr. í dýrtíðaruppbót árið 1941, og það muni ekki hrökkva nærri því, ef þetta frv. verður samþ. Það má vel vera, þó að ég geti ekki gizkað á neinar tölur. En ég vil benda á, að þegar talað er um, að nauðsynlegt sé, að atvinnuvegirnir geti þrifizt og að framleiðslan kikni ekki undir ofurmagni örðugleikanna, þá bætir það ekki úr, þó að embættismannalýður ríkisins eigi að svelta. Ég man það, að þegar l. um gengisskráningu voru sett í fyrra, þá átti það að vera til þess að lyfta undir okkar framleiðslu til lands og sjávar, svo að hún gæti staðið af sér þær þrengingar, sem hún hefði við að búa, og var þá heitið á þegnskap manna, hvort sem þeir voru verkamenn eða starfsmenn þess opinbera, að þeir færu hóflega í kröfur um kaupgjald. Nú er dýrtíðin komin með öllum sínum þunga, og þá fyrst er talað um, að nauðsynlegt sé að bæta þessum mönnum upp, og hæstv. stj. hefir farið þessa leið, að leggja frv. fyrir þingið um að bæta launin upp eftir vissum hlutföllum, og þá standa menn á blístri af heilagri vandlætingu og kjósa helzt að láta enga uppbót af hendi rakna. Launalögin eru rúmlega 20 ára, og það er margupplýst, að þessi launalög eru gömul og úrelt, og það hefir sýnt sig, að ekki er hægt að halda þau, því að það er ekki hægt að halda mönnunum við þessi störf, af því hvað þau eru lág. Þess vegna hefir verið þrædd sú leið, að láta þessa embættismenn fá önnur störf til tekjuaukningar, en það hefir komið fram ár eftir ár, að eitthvert erfiðasta viðfangsefnið, sem fjvn. hefir átt við að stríða, er einmitt þetta, en þetta er aðeins af þörf og viðurkenningu á, að grunnlaunin eru of lág, og hefir orðið að bæta þau upp með nýjum störfum. Ég held, að enginn hv. þm. vilji láta opinbera starfsmenn svelta. Ég held, að enginn vilji halda fram, að það sé heilbrigt, því að afleiðingin yrði sú, að enginn almennilegur maður fengist í opinber störf, heldur mundu þeir leita annara fanga til þess að geta fengið í sig og á, jafnvel yfirgefa sitt faglega starf, sem hefir kostað þá mikið fé og mörg ár til að afla sér þekkingar á, og leita sér nýrra verksviða til þess að geta fengið sæmileg kjör. Ef menn líta á þessar ástæður, þá hygg ég, að mönnum sé ljóst, að stórkostleg sanngirni mælir með, að þessum mönnum séu nú eitthvað bætt upp þeirra lágu laun. Mér finnst, að hæstv. stj. hafi heppnazt að þræða meðalveg og farið hóflega í sakirnar, og sérstaklega finnst mér mjög mikilsvert og ástæða til að benda á, að stj. hefir viðurkennt, að allir embættismenn og opinberir starfsmenn eigi sanngirniskröfu til einhverrar dýrtíðaruppbótar, þó að hinsvegar séu nú ákveði um, að menn fái ekki dýrtíðaruppbót fyrir það, sem er umfram 650 kr. á mánuði.

Ég vil ítreka það, að ég álít, að það nái engri átt að vísa málinu til stj., því að hún hefir borið þetta frv. fram. Og hvers eigum við annars af henni að vænta en að hún haldi áfram þeirri stefnu, sem hún hefir tekið þar?

Skúli Guðmundsson: Því hefir verið haldið fram af hv. þm. Ak. og fleirum, að þetta frv. sé borið fram af stj. í heild. Það er ekki rétt að öllu leyti. Frv. er flutt í Ed. af fjhn. þeirrar d., og stendur í grg., að það sé flutt eftir tilmælum hæstv. fjmrh., og að grg. og rökstuðningurinn sé saminn af fjmrn. Hitt mun rétt vera, að stj. mun hafa verið sammála um að flytja frv. um þetta og óska eftir, að Alþingi setti löggjöf um það, þó að ég geri ráð fyrir, að frv. hafi verið samið af hæstv. fjmrh. eða rn. hans.

Hv. þm. A.-Húnv. ræddi nokkuð þá brtt., sem ég á á þskj. 503 ásamt hv. 2. þm. Árn., og taldi hv. þm., að hefði átt að taka upp þessa reglu fyrr, t. d. í gengisl. á síðasta þingi. Ég hefi rætt nokkuð um það fyrr, að þar er að ýmsu leyti öðru máli að gegna, og tel ég, að eðlilegt sé að byrja á að taka upp þessa reglu, þegar um er að ræða að ákveða kaupuppbót til starfsmanna ríkisins, þó að ég hefði viljað, að þessi regla yrði tekin upp enn víðar.

Hv. þm. sagði, og þar er ég honum alveg sammála, að æskilegast væri að taka með þær framleiðslurörur, sem seldar eru á innlendum markaði, en það sáum við ekki fært, því að svo er ákveðið, að þeir útreikningar, sem miða skal við, fari fram ársfjórðungslega, en við vitum, að það er ekki gert upp nema einu sinni á ári, hvað t. d. fæst fyrir landbúnaðarvörur, sem seldar eru á innlendum markaði. Það sést t. d. ekki fyrr en eftir árið, hvað bændur fá fyrir mjólkina, og sama er að segja um aðrar vörur, sem seldar eru á innlendum markaði. Þetta er því ekki hægt. En þrátt fyrir það, að benda megi á, að till. okkar sé ekki eins fullkomin að öllu leyti og æskilegt væri, þar sem er ekki hægt að ná út yfir þetta allt eins og æskilegt hefði verið, þá er ekki hægt með neinni röksemd að halda því fram, að fyrir það eigi að hafna henni. Ég er því undrandi, ef hv. þm. A.-Húnv., sem hefir lýst yfir, að hann telji þetta rétta stefnu og í samræmi við það, sem hann hafi haldið fram í þessum málum yfirleitt, — ég er undrandi, ef hann vill nú ekki fallast á þessa till., þó að hún sé ekki eins fullkomin og æskilegt hefði verið. Ég vænti því, að hann taki þessa afstöðu sína til endurskoðunar og geti orðið því fylgjandi, að till. okkar nái fram að ganga.

***Jón Pálmason:** Það eru nokkur atriði, sem ég vil taka fram í sambandi við ræðu síðasta ræðumanns.

Í fyrsta lagi er það misskilningur af hans hálfu, að ég hafi ákveðið afstöðu mína gegn brtt. hans. (**SkG:** Þá bið ég afsökunar, en ég skildi það svo). En ég vil ítreka það, að þótt ég telji þessa till. stefna í rétta átt, þá er hún svo áhrifalítil, að ég tel það skipta litlu máli, hvort hún verður samþ. eða ekki. Því það er ekki gert ráð fyrir að draga frá meira en hálfan þann mismun, sem kann að koma út við þann útreikning, sem þar er gert ráð fyrir. Það er líka, eins og hv. þm. játaði, mjög mikill ágalli á till., að ekki eru teknar með vörur á innlendum markaði. En þótt ég telji till. svo áhrifalitla sem útlit er fyrir, þá getur hugsazt, að samþykkt hennar hefði það í för með sér, að málið fengi nánari athugun og framgang síðar. Ég tel, að þess geti ekki orðið langt að bíða, að launamálin í heild verði tekin til athugunar, vegna þess afskaplega misræmis, sem er í launagreiðslum, hvað sem líður launahæðinni, og þá vona ég, að einmitt þetta atriði verði sérstaklega tekið til athugunar.

Hv. þm. V.-Húnv. vill halda því fram, að stj. hafi ekki öll borið fram þetta frv., heldur aðeins hæstv. fjmrh. Ég hefi alltaf litið svo á og þykist þess fullviss, að stj. öll standi að þessu máli, og ég tel, að allar þessar tilraunir til að koma á hæstv. fjmrh. þeim óvinsældum, sem hljóta að vera í sambandi við þetta mál, séu mjög ómaklegar, þegar það er sannað, að málið hefir gengið ágreiningslaust í gegnum aðra d., og annar ráðh., sá sem hefir hér atkvæðisrétt, hefir greitt atkv. gegn þeirri brtt. fjhn. í dag, sem hafði mesta þýðingu.

Þá skal ég ofurlítið minnast á till. hv. 8. landsk. (EE) um að vísa frv. til stj. Mér sýnist, að það sé ekki næsta mikill munur, hvort það er gert eða frv. samþ. eins og það liggur fyrir, því að það er upplýst, að stj. hefir borið það fram í þeirri mynd, sem það hefir nú, og er því engin ástæða til að ætla, að hún muni skipa þessum málum með reglugerð á annan hátt en hún hefir lagt til í þessu frv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég ætla ekki mikið að blanda mér inn í þessar umr. Ég lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, eins og var líka lýst yfir af hv. frsm. í Ed., að þetta mál er flutt af stj. allri. Stj. var veitt heimild með l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi að greiða verðlagsuppbót starfsmönnum ríkisins og stofnana þess samkv. reglugerð, en þegar það varð úr, að þingið kæmi svo fljótt saman sem ákveðið var í lok síðasta þings, þá kom stj. allri saman um það, að rétt væri að láta þingið fá málið til meðferðar og endanlegrar afgreiðslu, með því að það virtist ekki þurfa að seinka framkvæmdinni svo, að það skaðaði. Innan stj. var talað um þann möguleika, að setja hámark á dýrtíðaruppbótina, og sömuleiðis þann möguleika, að hafa dýrtíðaruppbót embættismanna og starfsmanna ríkisins eitthvað lægri en samkv. l. um gengisskráningu. Hinsvegar þótti rétt að láta þingið taka ákvörðun um, hvernig þetta yrði sett.

Við flutning málsins í Ed., og ég ætla einnig við 1. umr. hér, vakti ég athygli á hvorutveggja og benti einnig á í sambandi við það, að rétt væri að hafa verðlagsuppbótina til þessara starfsmanna nokkru lægri en þeirra, sem fá uppbót samkv. gengisskráningarlögunum, en þó væri þess að gæta, að ýmsir, sem tækju uppbót samkv. þeim l., væru engu lakar settir en fjöldi af starfsmönnum ríkisins, þ. e. a. s. þeir hefðu fasta atvinnu, sem kallað er, og margir hærri tekjur en fjöldi af starfsmönnum ríkisins, svo að þar væri engan greinarmun hægt að gera.

Að því er hámarkið snertir, má segja hið sama bæði um þær stéttir, sem laun eiga að taka eftir gengisskráningarlögunum og eftir

þessu frv., ef að lögum verður. Í báðum flokkum geta launin orðið allhá, og sé hámark sett, ætti það að vera jafnt fyrir báða. Annars er augljóst, að það er litið á þessi mál frá tveim sjónarmiðum, annaðhvort þannig að uppbótin eigi, eins og orðið segir sjálft, að bæta upp dýrtíðina, veita launþegunum, ef unnt væri, sömu kaupgetu og þeir höfðu áður, eða þannig að uppbótin sé hallærishjálp, miðuð við það, að menn geti lifað. Frá fyrra sjónarmiðinu séð er ekki nema eðlilegt, að hærri uppbætur að krónutali fáist á há en lág laun. Sú hugsun þurfti ekki að koma neinum á óvart, því að hún felst í sjálfri grundvallarhugsun dýrtíðaruppbótarinnar. Vilji menn hinsvegar snúa þessu upp í e. k. neyðarhjálp, þá það, en með því er komið inn á allt annað svið. — Það má vel taka tillit til erfiðleika ríkissjóðs á annan veg, t. d. með því að veita heimild til að skera niður uppbæturnar að svo miklu leyti sem fjárhagur ríkissjóðs leyfir ekki að þær verði greiddar. Þann niðurskurð mætti þá hafa mismunandi. minnstan á lágum launum, vaxandi með launahæð. Mér hefði fundizt það eðlilegasta meðferðin að fela ríkisstj. að lækka uppbótina eftir getu ríkissjóðs og miklu sæmilegra úrræði en að Alþingi geri nú þegar slíkar breytingar sem lagt er til yfir alla línuna.

Málið er flutt af ríkisstj. í heild og með samkomulagi innan hennar. Mér liggur í léttu rúmi, þó að einstakir hv. þm. vilji reyna að koma ábyrgðinni af þessu sem mest á mig, ef þeir halda, að sér muni þá að borgnara í kjördæmum sínum.

Skúli Guðmundsson: Ég hefi engu haldið fram um það, að hæstv. fjmrh. bæri einn ábyrgð á flutningi þessa máls. En mér var hitt kunnugt, að ríkisstj. hafði vikið af sér þeim vanda, að ákveða um þessi efni með reglugerð. Mér er ókunnugt um, að til atkvæðagreiðslu hafi komið um þetta í ríkisstj., og býst ekki við, að neitt slíkt hafi átt sér stað. — Út af orðum hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) skal ég taka fram, að það var misminni, að allir ráðh., sem sæti eiga í d., hafi greitt atkv. móti brtt. n. Hæstv. viðskmrh. greiddi ekki atkv. móti því að takmarka dýrtíðaruppbótina við ákveðið launahámark.

Jón Pálmason: Út af orðum hv. þm. V.-Húnv. (SkG) vil ég minna á það, að ég taldi 1. málsgr. 3. brtt. á þskj. 411 vera höfuðatriði þessara brtt., og gegn henni greiddu atkv. allir ráðh., sem eiga atkv. hér í deild. En um brtt., sem hv. þm. gat, hefði hann mátt taka fram, að það, að hæstv. viðskmrh. sat hjá, réð því, að hún féll með jöfnum atkvæðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá 8. landsk. þm. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 15:2 atkv.

Brtt. 507 tekin aftur.

— 505 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JÍv, JPálm, PHalld, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BÁ, BjB, EystJ, JörB.

nei: GSv, HG, HV, ÍslH, SEH, SK, TT, VJ, ÁÁ, BJ, EOl, EE, EmJ, GÞ.

JakM, ÓTh greiddu ekki atkv.

3 þm. (GG, PHann, FJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Þegar ríkisstj. hafði þetta frv. til meðferðar og ákvað, að það skyldi borið fram með samþykki allra ráðh. í heild, kom til orða að gera þá breyt. á fyrsta uppkasti frv., sem nú er farið fram á í brtt. þessari á þskj. 505. Ég tel ekki ólíklegt, að hefði okkur unnizt tími til að tala um málið til hlítar, mundi hafa verið horfið að þessu ráði. En þar sem ríkisstj. gerði það ekki, vil ég ekki greiða brtt. atkv. mitt að svo stöddu, og ekki vera móti henni, læt það liggja milli hluta, hversu um hana fer nú. Hinsvegar er ég reiðubúinn að beita mér fyrir því, að í hv. Ed. verði gerðar á þessu þær breyt., sem ríkisstj. gæti öll staðið saman um. Ég greiði því ekki atkv.

Brtt. 515 samþ. með 18:5 atkv.

— 504, fyrri hl. málsgr. (að orðunum „og þeir"), svo breytt, samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, VJ, ÞBr, BÁ, BjB, EOl, EystJ, HelgJ, ÍslH, JÍv, JPálm, PO, SkG, StSt, StgrSt, JörB.

nei: ÁÁ, BJ, EE, GÞ, HG, HV, ÓTh, PHalld, SEH, SK.

TT, EmJ, GSv, JakM greiddu ekki atkv.

3 þm. (GG, PHann, FJ) fjarstaddir.

Brtt. 504, síðari hl. málsgr., felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÍv, JPálm, PHalld, PO, SkG, StSt, SvbH, VJ, ÞBr, BÁ, BjB, HelgJ, JörB.

nei: HV, ÍslH, JakM, ÓTh, SEH, SK, TT, ÁÁ, EOl, EE, EmJ, EystJ[1]), GSv, HG.

StgrSt, BJ, GÞ greiddu ekki atkv.

3 þm. (PHann, FJ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 503 felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞBr, BÁ, BjB, EystJ, HelgJ, JÍv, JPálm, SkG, StSt, SvbH, JörB.

nei: ÁÁ, BJ, EOl, EE, EmJ, GÞ, GSv, HG, HV, ÍslH, JakM, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, StgrSt, TT, VJ.

3 þm. (FJ, GG, PHann) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv. og endursent Ed.

Á 44. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 522).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 522, 527).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

---

1) **Viðskmrh.:** Ég tel ekki fært að gera mun á launum manna eftir því, hvort þeir eru einhleypir eða hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Ég tel þá réttara að breyta skattalöggjöfinni, svo að einhleypir menn borgi hærri skatta. Ég segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Frsm. fjhn. er hér ekki mættur og vil ég því gera grein fyrir brtt., sem fjhn. ber fram á þskj. 527, um að síðasti málsl. 2. gr. falli niður, en hann er um það, að þeir, sem hafa 8 þús. kr. tekjur, eigi ekki að fá uppbót. Það þarf náttúrlega ekki að færa nein rök að því, að eins og þetta er orðað í frv., er það alls ekki frambærilegt að hafa slík ákvæði í l. Hér er ekki einu sinni talað um, að þetta séu nettótekjur eða skattskyldar tekjur eða neitt slíkt, heldur aðeins sagt 8 þús. kr. tekjur. Það gætu vitanlega verið bráttótekjur ýmislega lagaðar, t. d. eins og af atvinnurekstri og annað slíkt. Og það er ekki þar með sagt, þó að maður hafi slíkar bráttótekjur, að hann hafi nema sárlítið af því í laun eða nokkuð til að lifa af. Auðvitað getur komið fleira til greina um að breyta heldur en að fella þennan málslið niður. Það hefði vitanlega mátt gera brtt. um að orða þetta svo, að þeir, sem hefðu 8 þús. kr. laun á ári, skyldu ekki fá neina verðlagsuppbót. Og með því hefði ákvæðið orðið frambærilegt og framkvæmanlegt. En fjhn. leizt svo, að réttast væri að bera fram brtt. þannig, að færa frv. í sama horf í þessu efni eins og það fékk hér í hv. d., þegar það var hér fyrst til meðferðar. Þá var, eins og menn muna, sett ákvæði inn í frv. um það, að ekki yrði greidd verðstuðulsuppbót af hærri upphæð en 650 kr. á mánuði, og með þessu greiddu flestir hv. þdm. atkv., og n. gerði því ráð fyrir því, að d. mundi halda sig við það, sem áður hefir verið gert hér í hv. d. í þessu efni, og ber því fram brtt. í samræmi við það.

Ég er nú ekki frsm. n. um þetta og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Þetta er einfalt mál, og skilja allir, við hvað er átt í þessu efni. En það hygg ég, að allir geti verið sammála um, að niðurlag 2. gr. getur ekki verið eins og það nú er í frv.

***Jónas Jónsson:** Þetta getur vel verið rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að þetta niðurlag gr. geti ekki verið eins og það er. En ég held samt, að það megi ekki verða eins og hann leggur til, að það verði.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða ýtarlega um þetta efni. En ég vil aðeins minna á það, að í fjárl., sem eru undirbúin, bæði fyrir 1940 og 1941, þar er gert ráð fyrir miklu meiri niðurfellingu gjalda en nokkru sinni áður hefir verið gert ráð fyrir af því, sem þar er áætlað, ef erfiðleikar í landinu krefjast. Ennfremur hefir síðan þetta var ákveðið, útlitið stórlega versnað um atvinnuvegina í landinu, þar sem svo lítur út með afurðasöluna, að Norðurlönd virðast vera algerlega lokuð, í viðbót við Mið-Evrópu. Við getum því ekki búizt við góðu ári fyrir framleiðsluna í landinu. Og ég held, að í ljósi þess megi segja, að það séu ekki neinar líkur til þess, að þjóðin hafi neina peninga aflögu, hvorki á þessu eða næsta ári, til þess að greiða há laun, heldur verði menn nú að lifa upp á gamla móðinn. Ég held því, að bezt sé að fella niður till. n., með tilliti til þess, að þeir menn, sem fá laun af opinberu fé, verði að sætta sig við að fá minna heldur en ef hefði verið góðæri.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Ég flutti brtt. við þetta frv., þegar það var á ferðinni hér í þessari hv. d., sem fór í líka átt og breyt. Nd. á frv. En þá stóð ég nú einn uppi með þá brtt. hér í d. Nú hefir farið svo, að meiri hl. hv. Nd. hefir fallizt á mína skoðun. Enda er það nú svo, eins og ástandið er nú, að þá virðist það ennþá meiri fjarstæða að fara að setja l. um verðlagsuppbót, sem ná til svo hárra tekna eins og þar er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. tekna, sem eru hvað háar sem vera skal.

Það hefir réttilega komið fram gagnrýni á þetta ákvæði, eins og það kemur frá hv. Nd. Og ég held, að það væri nú rétt að breyta því. En hinsvegar álít ég ekki ná nokkurri átt, sem kemur fram í rökstuðningi hv. fjhn., að það eigi að fella þetta ákvæði niður vegna þess, að það þarf að vera öðruvísi. Heldur þarf að laga það. Og þegar ég flutti till. mína hér, þegar frv. var hér áður til umr., var þetta allt öðruvísi. Þar var það ekki 8 þús. kr. tekjur, sem um var talað, heldur 8 þús. kr. laun. Og í öðru lagi var þá gert ráð fyrir, að það mætti aldrei greiða hærri verðlagsuppbót heldur en svo, að launin yrðu samtals 8 þús. kr. Og þannig held ég að eigi að ganga frá því. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. til þess að færa þetta í sama horf eins og ég ætlaðist til upprunalega. Og í því formi er ekki hægt að segja neitt við frv. hvað þetta atriði snertir frá sjónarmiði þeirrar gagnrýni, sem kom fram frá hv. fjhn. Ég er ekki búinn að skrifa brtt. ennþá, en vildi biðja hæstv. forseta að hinkra aðeins við, þar til ég er búinn að skrifa hana.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég tók engan þátt í umr. um þetta mál um daginn og sat þá hjá við atkvgr., enda er ég óánægður með þetta frv. að ýmsu leyti. Skal ég þó ekki nú ganga inn á þá óánægju, sem hjá mér er hvað frv. snertir sem heild, heldur aðeins snúa mér að þessu atriði málsins, eins og það liggur fyrir nú. Það liggur hér fyrir brtt. frá fjhn. við 2. gr., um það að fella aftan af gr. síðustu málsgr. Ég held, að það sé varhugavert og rangt að fella hana niður. En ég hygg, að það, sem vakti fyrir hv. Nd., þegar hún setti þetta inn, hafi í raun og veru ekki verið það, að einhver prestur til dæmis, sem ræki bú samhliða sína prestsstarfi og hefði þannig yfir 8 þús. kr. nettótekjur, mætti ekki fá uppbót á sín laun. Ég held, að þetta orð „tekjur“ þarna sé komið inn af því, að menn hafi ekki gert sér ljósan muninn, sem er á launum, nettótekjum, skattskyldum tekjum og bráttótekjum. Og ég hygg, að það, sem hv. Nd. hefir viljað ná með þessu, sé ekki það, að þetta sé miðað við 8 þús. kr. tekjur á ári samanlagt, heldur 8 þús. kr. laun úr ríkissjóði. Þess vegna vil ég leyfa mér að koma hér með skrifl. brtt. á þá leið, að í staðinn fyrir „„tekjur samanlagt“ í 2. gr. komi: laun úr ríkissjóði. Ég vil leyfa mér að leggja þess brtt. fram, en jafnframt lýsi ég því yfir, að hún kemur ekki frv. neitt nálægt því í það horf, sem ég vildi vera láta. Ég skoða hana frekast sem leiðréttingu á ritvillu, sem komizt hefir inn í frv. í

hv. Nd. Því að ég vildi gera miklu fleiri breyt. á frv., ef ég færi að eiga við það á annað borð að laga frv. verulega.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent skrifl. brtt. við þetta frv. frá hv. 1. þm. N.-M. um, að í staðinn fyrir orðin „tekjur á ári samanlagt" í síðustu málsgr. 2. gr. komi: laun úr ríkissjóði.

Þar sem brtt. er skrifl. og auk þess of seint fram komin, þarf tvenn afbrigði, og mun ég leita þeirra í einu lagi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 537) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá hv. 1. þm. N.-M. (PZ), að það hafi verið af misskilningi, hvernig síðasti málsl. 2. gr. frv. er orðaður. Ég hefi það fyrir satt, að í hv. Nd. hafi till. um þetta verið orðuð á þennan veg alveg að yfirlögðu ráði. Og mun hafa vakað fyrir flm. hennar beinlínis það, að þeir vildu líta á þessa verðstuðulsuppbót sem hjálp til þeirra, sem mest þarfnast hennar, en ekki sem eðlilegar uppbætur á laun vegna verðfalls peninga, því að þá ætti jafnt að ganga yfir alla. Þess vegna vildu þeir taka tillit til allra tekna, hvort sem það væru laun úr ríkissjóði eða aðrar tekjur. En hinsvegar hefir ekki tekizt hönduglegar til en svo, að þetta ákvæði er vitanlega, eins og ég sagði áðan, með öllu óframbærilegt, því að hér gætu komið undir tekjur, sem maðurinn getur alls ekki á neinn hátt notað sér til framfæris, t. d. bráttótekjur af atvinnurekstri. Því að ýmsir starfsmenn þess opinbera hafa einhvern atvinnurekstur jafnframt. Ég skal játa, að einmitt með því að breyta þessu ákvæði á þann veg sem hv. 1. þm. N.-M. nú gerir till. um, þá er vel hægt að setja slíkt ákvæði þannig breytt inn í l. Það væri engin vitleysa. Hitt verða menn svo að meta og gera upp við sjálfa sig, hver fyrir sig, hvort þeir eru yfirleitt með því, að þeir, sem hafa 8 þús. kr. **laun**, fái ekki neina verðstuðulsuppbót. Ég býst við, að hv. fjhn. líti þannig á, að þar sem þjóðfélagið hefir nú einu sinni ákveðið mönnum misjöfn laun, örfáum mönnum meira en 8 þús. kr. á ári, þá sé það rétt, að þeir fái einnig nokkra verðstuðulsuppbót, þegar kaupgildi peninganna minnkar.

Það er náttúrlega alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. S.-Þ., að útlitið er ekki neitt bjart framundan. En ég ætla í því sambandi að minna á það, að hér liggur nú fyrir þinginu frv., sem ég tel líklegt að verði samþ., þó að það sé ekki komið langt áleiðis ennþá, sem hefir inni að halda ákvæði um það, að fella megi alla dýrtíðaruppbót niður um 35%, ef mönnum finnst útlitið svo skuggalegt að því er snertir fjárhagsafkomu ríkisins, að þess sé þörf. Þá er líka vegur að vera blátt áfram á móti frv., og væri það eðlileg afstaða þeirra, sem búast við, að ríkið geti ekki greitt uppbótina. En ég hygg, að það séu ekki margir starfsmenn ríkisins, sem hafa yfir 8 þús. kr. í laun, þannig að fjárhagsafkoma ríkissjóðs verður svo að segja alveg sú sama, hvernig sem fer með þessa brtt. hv. fjhn. Að fella hana og samþ. brtt. hv. 1. þm. N.-M. munar sjálfsagt sama og engu að því er afkomu ríkissjóðs snertir. Annars skal ég játa það, að ég geri það ekki að kappsmáli, hvernig fer um þetta atriði. En ég kynni bara betur við það, ef hv. d. sýnist að láta þetta ákvæði standa, að þá væri það lagað þannig, að frambærilegt gæti talizt. Að fjhn. gerði ekki till. um að laga þennan málslið, var af þeirri einföldu ástæðu, að hún vildi fella hann niður. Og það er auðvitað þeirra, sem vilja halda þessu ákvæði, að bera fram brtt. um að orða það svo, að það fái staðizt í l. og sé ekki vitleysa.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. þm., svo hljóðandi: (Sjá þskj. 538).

Þar sem brtt. er skrifl. og of seint fram borin, þarf að leita tvennra afbrigða, og mun ég leita þeirra í einu lagi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Magnús Gíslason:** Mér skilst, eftir að hafa lauslega athugað málið eins og það kom frá hv. Nd., að þá hafi ekki verið gerðar neinar verulegar breyt. á þessu frv. frá því er það fór héðan, nema þessi viðbót, sem bætt var við 2. grein frv., að þeir, sem hafa 8 þús. kr. tekjur á ári samanlagt, fái enga uppbót á laun sín samkv. l. Eins og frá þessu er gengið nú, virðist mér þetta ákvæði lítt framkvæmanlegt, ef það á að haldast óbreytt. Í 8. gr. frv. stendur, að verðlagsuppbót eigi að greiðast mánaðarlega eftir á. En þeir, sem sjá eiga um framkvæmd á þessu, gætu ekki endanlega séð um framkvæmdir á þessu ákvæði frv., ef að l. yrði, fyrr en árið væri liðið og séð verður, hvort tekjurnar verða samtals 8 þús. kr. á árinu eða ekki. Í öðru lagi get ég ekki betur skilið en að eftir þessu ákvæði megi ekki greiða verðlagsuppbót af meiru en 650 kr. launum á mánuði, og þá gæti farið svo, að maður með 7800 kr. launum geti fengið sína verðlagsuppbót greidda, sem getur orðið 11% og getur orðið hærri, þannig að sá, sem ekki hefir 8 þús. kr. laun, að uppbótinni ekki talinni, gæti með verðlagsuppbótinni haft yfir 8 þús. kr. í laun og jafnvel meira en annar, sem hefir hærri stofnlaun, en fær enga uppbót, af því að hann fær eitthvað yfir 8 þús. kr. í laun. Ég legg til, að þessi megingalli, sem hefir orðið á frv. í hv. Nd., verði afnuminn.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég vildi gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Mig undrar nokkuð, hvernig menn taka í þetta mál. Ég hygg, að eins og málið fór frá þessari hv. d. til Nd. hafi raunverulega verið farin sú meðalleið, sem flestir hefðu átt að geta sætt sig við. Nú er hér deilt um það, hvort eigi að binda verðlagsuppbótina við 8 þús. kr. tekjur eða ekki. Það hafa komið fram ýms rök um það, hversu fráleitt þetta getur orðið í framkvæmdinni. Til dæmis: Maður hefir í laun frá ríkinu 5 þús. kr. Svo fær hann 3 þús. kr. í tekjur af búi, en meg-

inið af þeim fer í kostnað. Ég efast um, að hægt sé, eftir orðalagi frv., að komast hjá því að telja það allt sem tekjur. Sá maður fær enga uppbót. Þessi maður hefir 8 eða 10 menn fram að færa. Hverskonar ranglæti á að fremja gagnvart þessum manni, þó að hann vinni hjá ríkinu? Það er skapað óréttlæti á mörgum sviðum, ef þessari reglu er fylgt. Það réttasta hefði verið að miða þetta við nettótekjur eða skattskyldar tekjur. Þá væri hægt að finna eitthvert sanngjarnt hlutfall milli þessa manns og annars, sem engan hefir fram að færa. En verði þetta ákvæði samþ., þá er með því stefnt að því að níðast á þeim, sem hafa marga fram að færa. Ég mun því að sjálfsögðu, enda þótt ekki fáist fullkomið réttlæti með brtt. n., greiða atkv. með henni. Hún er þó dálítil leiðrétting á frv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég verð að biðja afsökunar á því, að ég hefi ekki verið viðstaddur þessa umr. Ég var boðaður á áríðandi fund, sem ég varð að vera á. Ég veit þess vegna ekki, hvað sagt hefir verið hér um málið, nema að nokkru leyti. En meðferð málsins af hendi fjhn. d. er svo einföld, að menn hafa fyllilega getað áttað sig á því, hvað hér er á seyði.

Þetta mál fór frá þessari hv. d. eins og ríkisstj. lagði það fram, nema hvað sett var í það hámark þeirra tekna, sem bæta skyldi upp. Og ég hélt, að það hefði með því fengizt samkomulag um málið. Sumir vildu ekkert slíkt hámark hafa, sumir vildu hafa strangari ákvæði um það, en ég hélt, að samkomulagsgrundvöllur hefði verið fundinn. Hv. Nd. felldi allar till. nema eina, en hún var á þann veg, að málið stenzt alls ekki á eftir. Þingið getur ekki afgr. það í því formi, sem það er nú, svo mjög rekast ákvæði þess hvert á annað. Þannig fær t. d. maður, sem hefir 650 kr. á mánuði eða 7800 kr. á ári, uppbót af því, en ekki því, sem hann hefir þar fram yfir. Aftur á móti á sá, sem hefir 8 þús. kr. tekjur á ári, ekki að fá neina uppbót. Nánara tiltekið: maður, sem hefir t. d. 7999 kr., á að fá uppbót, en sá, sem hefir 8 þús. kr., á ekki að geta fengið neitt. Þar fyrir utan er ennfremur það við þetta að athuga, að það þarf hreint og beint spámenn til þess að geta vitað það í janúar eða í ársbyrjun, hverjar árstekjurnar verða. Það má t. d. vel hugsa sér það, að einhver maður fái í desembermánuði svo miklar tekjur, að hann fari yfir 8 þús. kr. hámarkið, en hafi þangað til fengið greidda uppbót Ég vil því spyrja: Hvað á að gera í slíku tilfelli? Á hlutaðeigandi maður að endurgreiða þá verðlagsuppbót, sem hann kann að vera búinn að fá hina fyrri mánuði ársins? Hitt dettur mér ekki í hug, að framkvæma eigi þetta hámarksákvæði þannig, að miða það við 8 þús. kr. brúttó tekjur, eins og einn hv. þm. virtist telja möguleika á.

Af því, sem ég nú hefi sagt, vil ég eindregið leggja það til, að hv. d. haldi sér við þá málamiðlunartill., sem hv. fjhn hefir orðið ásátt um, og felli þetta ákvæði niður, og ég er þess fullviss, að hv. Nd. muni samþ. frv., þó að þessi leiðrétting verði gerð á því.

Þá hefir komið fram skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (PZ) um, að í stað „8 þús. kr. tekjur á ári samanlagt“ komi: 8 þús. kr. laun úr ríkissjóði. Þetta kann eitthvað að geta bætt úr mesta ágallanum, en getur líka orðið ósanngjarnt. Hvaða meining væri t. d. í því, að ég, sem er í bankaráði Landsbankans og fæ laun fyrir það, fengi verðlagsuppbót á embættislaun mín einungis af því, að bankaráðslaun mín væru greidd af Landsbankanum, en ekki ríkissjóði? Það hljóta allir að sjá, að þetta og því líkt væri ósanngjarnt. **(Viðskmrh.:** Það má bæta við á eftir orðunum „laun úr ríkissjóði“: eða opinberum stofnunum). Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir bendinguna, hún sýnir, að hann sér þó missmíði á þessu. Nei, það verður bezt að hafa ákvæði frv. sem næst eða líkust því, er þau voru, er þessi hv. d. gekk frá þeim upphaflega. Annars get ég vel sagt það hér, að ég er orðinn hálfhræddur við allar þessar uppbætur, mér virðast þær að ýmsu leyti vera að komast út í öfgar.

Ég vil svo að síðustu undirstrika það, að það eina, sem hægt er að gera skynsamlegt, eftir því sem málið horfir nú, er að samþ. brtt. fjhn. og fella allar aðrar brtt. Með því kemst það í sæmilegt horf.

Það kann svo vel að vera, að búið sé að taka flest af því fram við þessa umr., sem ég hefi sagt, þar sem ég gat því miður ekki verið við umr. fyrr en nú.

***Brynjólfur Bjarnason:** Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði í lok ræðu sinnar; mest allt, er hann sagði, hefir áður verið tekið fram undir þessum umr. Það hefir hver af öðrum staðið upp til þess að gagnrýna frv. og benda á galla þá, sem það hafði tekið í meðförum Nd. Ég fæ ekki skilið, að það bæti neitt úr skák, þótt verið sé að benda á gallana án þess að gera nokkra tilraun til þess að bæta úr þeim. Það, sem fyrir liggur, er að sjálfsögðu að bæta úr göllunum eða leiðrétta þá.

Það, sem fyrir Nd. vakti, er að koma í veg fyrir, að greidd sé uppbót á há laun, enda þótt orðalag gr. þeirrar, er snertir þetta atriði, hafi ekki orðið sem bezt. Það er því það, sem þarf að laga. Brtt. mín leiðréttir alveg þessa smíðagalla og því ber að samþ. hana. Hún kveður skýrt á um það, sem Nd. hefir viljað segja, að enginn, sem hefir 8 þús. kr. laun á ári, skuli fá verðlagsuppbót, og að verðlagsuppbótin megi aldrei vera hærri en svo, að árslaunin verði samanlagt 8 þús. kr. Hér er hnúturinn leystur, svo óþarft er að eyða meiri tíma í umr. um þetta atriði nú.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil aðeins benda á, að smíðagallarnir á 2. gr. frv. eru svo miklir, að hækki dýrtíðaruppbótin dálítið frá því, sem hún er nú, þá getur svo farið, að allir embættismenn þjóðarinnar hafi sömu laun, en það hljóta allir að sjá, hversu ótækt það er. Og það er alveg sama, hvernig frv. þessu er velt fyrir sér, ákvæði þess hljóta alltaf að rekast á, ef ekki verður úr bætt. Fjmrn. myndi því óhjákvæmilega lenda í vandræðum við framkvæmd

laganna. Þetta vænti ég, að hv. dm. athugi og samþ. brtt. fjhn., sem er eina leiðin út úr ógöngunum.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins benda á, að eftir því, sem tekið var í mál þetta í hv. Nd., þá má búast við, að það verði hrakið á milli d., og jafnvel að það lendi að lokum í Sþ., ef gerðar verða á því miklar breyt. nú. Af þeim brtt., er fyrir liggja, finnst mér till. hv. 1. þm. N.-M. (PZ) vera einna næst því að bæta hér nokkuð úr þeim smíðagöllum, sem á frv. eru, sérstaklega þó, ef við hana væri bætt orðunum „og opinberum stofnunum", því að mér finnst, að í frv. þurfi að vera skýr ákvæði um það, að samanlögð laun og dýrtíðaruppbót megi aldrei fara fram úr 8 þús. kr., ef hámark á að vera á annað borð, eins og hv. Nd. hefir gengið inn á.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Út af ræðu hæstv. viðskmrh. vil ég taka það fram, að mér finnst lítið bætt úr skák, þó að bætt verði við brtt. hv. 1. þm. N.-M. orðunum „og opinberum stofnunum". Mér finnst það svo óákveðið. Hvað geta t. d. talizt opinberar stofnanir? Útflutningsnefndin, heyrir hún t. d. til opinberra stofnana? Ég veit það ekki. Eða eru það eitt opinberar stofnanir, sem settar eru á stofn með sérstökum lögum? Þetta þarf að liggja skýrt fyrir, ef gagn á að verða að þessari vatill. hæstv. ráðh. Ég fyrir mitt leyti held, að þetta verði alltaf hálfóákveðið og meiri ósanngirni, sem kemst inn í frv. með þessu, en þó að brtt. fjhn. verði samþ.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil leyfa mér, ásamt hv. þm. S.-Þ., að bera fram skrifl. brtt. við síðari málsl. 2. gr. frv., þess efnis, að þeir, sem hafa yfir 8 þús. kr. laun úr ríkissjóði eða frá opinberum stofnunum, fái enga verðlagsuppbót, enda fari laun og uppbót aldrei fram úr 8 þús. krónum. Hvaða stofnanir teljast opinberar, verður fjmrn. að skera úr. Um það þarf að setja reglugerð. Ég álít, að það séu fyrst og fremst bankarnir. **(MJ:** Á að lækka laun ráðh. um 2 þús. kr.? Annað verður ekki séð samkv. till. hæstv. ráðh.?) Nei, ekki var það beinlínis ætlunin. Ég held, að ég verði að biðja hæstv. forseta um fundarhlé, svo að hægt verði að átta sig dálítið betur á þessum atriðum. [Fundarhlé].

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá þm. S.-Þ. og viðskmrh. (sjá þskj. 539) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 539 felld með 9:4 atkv.

— 527 samþ. með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, ErlÞ, IngP, JJós, MG, MJ, EÁrna.

nei: PZ, BrB, HermJ, JJ, PHerm.

Brtt. 537 og 538 komu ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. úthýtt eins og það var samþ. við eina umr í Ed. (A. 540).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 540, 545).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Jón Pálmason:** Þar sem frsm. meiri hl. fjhn. er ekki viðstaddur, þá þykir mér rétt að segja nokkur orð um brtt. þær, sem meiri hl. n. hefir lagt fram.

Við 2. umr. málsins í hv. d. bar meiri hl. fjhn. fram nokkrar brtt. við frv., sem gengu í þá átt, að við hina almennu launahækkun til opinberra starfsmanna sé miðað við það, að gera hlutaðeigandi mönnum fært að lifa eftir því, hvað miklar fjölskyldur þeir hafa. Allar þessar brtt. voru felldar. Við 3. umr. málsins í þessari d. báru sömu menn fram nokkrar brtt. við frv., en þær voru allar felldar nema ein, sem fór í þá átt, að setja hámark á verðlagsuppbótina, þannig að þeir, sem hefðu yfir 8 þús. kr. laun á ári, fengju enga uppbót.

Nú fór svo við meðferð þessa máls í Ed. í dag, að þá var þetta ákvæði, sem hér var sett inn í frv., fellt burt úr frv., svo að það er komið í sama horf og áður var, þannig að menn geta fengið verðlagsuppbót, hvað há laun sem þeir hafa. Við í meiri hl. fjhn., hv. 1. þm. Rang., hv. 3. landsk., hv. 2. þm. Skagf. og ég, höfum þess vegna leyft okkur enn á ný að bera fram brtt. á þskj. 545, sem fer í svipaða átt og sú, sem var samþ. við 3. umr. Ég skal taka það fram, að þó að þessar till. standi á ábyrgð þessara 4 manna, þá er að sjálfsögðu það, sem ég segi, algerlega á mína ábyrgð sagt.

Að setja hámark, sem miðað er við 8 þús. kr., er frá mínu sjónarmiði talsvert hærra en ég tel vera eðlilegt og réttlátt, en þar sem það hefir sýnt sig, að það þýðir ekki að bera fram hámark, sem er lægra, þá hefi ég gengið inn á, að miðað sé við þessa upphæð.

Við umr. í dag í hv. Ed. kom í ljós, að ýmsir þm. höfðu það að athuga við till. þá, sem var samþ. í þessari d. við 3. umr., að ákvæðin í gr. stönguðu hvort annað, eftir að hún var samþ., sérstaklega þar sem miðað væri við tekjur án tillits til þess, hvort það væru launatekjur eða tekjur af öðrum hlutum. Það voru færð þau rök fram, að það væri ekki nægilega skýrt í gr., við hvað væri átt. Nú höfum við í fjhn. reynt að skýra þetta nánar og miðum við launatekjur eingöngu hjá stofnunum, sem ríkið á eða styrktar eru af ríkinu eða settar á fót með löggjöf. Það ætti því ekki að vera um það að villast, við hvað væri átt með till., eins og hún nú er orðuð. Ennfremur er það einskorðað þannig að því er þetta ákvæði snertir, að miðað sé við skattaframtal fyrra árs, þangað til nýtt skattaframtal kemur. Nú stendur svo vel á að því er þetta snertir, að skattaframtal fyrir árið 1939 er nýkomið, og er tilætlunin af okkar hálfu sú, að þeir, sem á árinu 1939 hafa yfir 8 þús. kr. launatekjur, fái á árinu enga verðlagsuppbót, en það á að gilda, þangað til næsta skattaframtal liggur fyrir. Ennfremur er því bætt við, sem sjálfsagt er, að laun og verðlagsuppbót samanlagt skuli ekki vera hærra hjá neinum manni en sem nemur 8 þús. kr.

Ég vænti því, að hv. þm. þessarar d. séu ekki í neinum vafa um, við hvað við eigum í meiri hl. fjhn. að því er þetta snertir, og eins hlyti að sjálfsögðu að vera, ef frv. ætti eftir að fara til meðferðar í Sþ. Ég geri ekki ráð fyrir að ég þurfi að fara fleiri orðum um þessa till., því að ég hygg, að hún muni liggja ljóst fyrir.

Þá er önnur till., sem við í meiri hl. fjhn. höfum leyft okkur að bera fram á sama þskj. (545), en hún fer fram á, að inn í þessi l. sé sett ákvæði um það, að ríkisstj. hafi heimild til, ef fjárhagsástæður versna frá því, sem nú er, að fella verðlagsuppbótina niður að nokkru eða öllu leyti.

Eins og kunnugt er, þá liggur fyrir Alþ. frv., sem að vísu er ekki ennþá komið fyrir þessa hv. d., en það fer fram á að gefa ríkisstj. heimild til að fella niður 35% af ýmsum lögbundnum gjöldum og þar á meðal af verðlagsuppbótinni. Ég verð að segja, að mér finnst óviðfelldið, að samtímis sé borið fram frv. um verðlagsuppbót og jafnhliða annað um heimild til að fella niður 35% af henni. Það er eðlilegra að hafa þetta í einu og sama frv., ef menn á annað borð geta fallizt á, að það sé sanngjarnt og eðlilegt.

Í sambandi við þessar till. þykir mér ástæða til að segja ofurlítið um málið almennt frekar en ég hefi áður gert. Ég verð þá fyrst að segja það, að mér þykir það mjög eftirtektarvert í sambandi við afgreiðslu þessa máls á Alþ., að ég hefi ekki enn heyrt færð fyrir því nein rök, að það sé eins og nú standa sakir réttlátt og sanngjarnt að borga þessa verðlagsuppbót. Þetta er atriði, sem ég vil leggja nokkra áherzlu á. Það er í fyrsta lagi það að athuga í þessum efnum, að þessa uppbót eiga allir þeir menn að fá, sem eru í föstum launastöðum í þessu landi og hafa tekjur með þeim launakjörum, sem þar eru sett. Það er athugandi, að um margar þessar stöður hafa aðrir sótt, sem óskað hafa eftir að fá þær með þeim kjörum, sem þar er um að ræða. Fjöldi af þeim mönnum, sem ekki hafa notið þess að fá þessar stöður, er menn, sem hafa miklu verri aðstöðu en þeir, sem orðið hafa fyrir þeim höppum að hljóta þessar stöður. Ég verð að segja, að þegar þeir, sem lent hafa í því að hljóta þessar stöður, eiga nú að fá launauppbætur, þá er hinum, sem í mörgum tilfellum eru kannske eins hæfir, sýnd enn meiri ósanngirni en ella þyrfti að vera.

Í öðru lagi verð ég að segja það sem mína skoðun, að ég tel, að ríkissjóður eigi ekki að bera ábyrgð á því, þótt dýrtíð vaxi af völdum stríðs, og honum ber engin skylda til að bæta upp kjör þessara manna frekar en annara þegna í okkar þjóðfélagi.

Það er mín skoðun, að það beri að taka tillit til, hvernig aðstaðan er hjá öðrum mönnum í okkar þjóðfélagi, sérstaklega þeim fjölda manna, sem vill vinna, en er í vandræðum með að fá eitthvað að starfa. Það eru þessir menn, verkamenn og aðrir, sem ríkisvaldið á að bera meir fyrir brjósti en þá menn, sem eru í fastlaunuðum stöðum.

Það ber einnig að gæta þess, að framleiðslan í landinu, bæði í sveitum og við sjó, hefir ekki svo glæsilegar framtíðarhorfur eins og sakir standa, að ástæða sé til að gera ráð fyrir, að hún sé fær um að borga verðlagsuppbætur til þeirra manna, sem bezta hafa aðstöðu í þessu landi.

Að þessu athuguðu verð ég að segja, að mér finnst mjög eðlilegt, þrátt fyrir það þótt mikill meiri hl. sé fyrir því að samþ. verðlagsuppbót til embættismanna og starfsmanna ríkisins, að þá sé ríkisstj. heimilað að hafa það á valdi sínu, hvort hún er greidd eða að hve miklu leyti hún er greidd, og það fari eftir því, hvernig fjárhagsástæðurnar verða. Þegar farið er fram á í sambandi við fjárl., að ríkisstj. hafi heimild til að fella niður svo og svo mikið af þeim upphæðum, sem ætlaðar eru til opinberra framkvæmda, sem miða að því að veita mönnum vinnu, þá verð ég að segja, að ég tel, að hitt eigi að ganga fyrir, að ríkisstj. hafi heimild til að fella niður eitthvað af þeim launauppbótum, sem ætlunin er að greiða samkv. þessu frv.

Að þessu athuguðu vænti ég þess, að ef menn hugsa vel um, hvernig ástandið er, þá hljóti menn að fallast á þessa heimildartill., sem meiri hl. fjhn. hefir lagt fram. Við vitum ekki á þessari stundu, hversu miklir fjárhagslegir örðugleikar kunna að steðja að okkar atvinnuvegum á þessu sumri, svo ekki sé lengra talið fram í tímann. Það kann að vera, að það fari eins um þessar brtt. meiri hl. fjhn. og hinar, að þær verði felldar, en við höfum hér sýnt viðleitni til að færa þetta mál til betri vegar, og það er þá á ábyrgð þeirra manna, sem fella till., hvernig fer um þetta mál.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Í sambandi við þetta hámark, sem samþ. var hér í Nd., en Ed. hefir nú breytt, þá sé ég, að hér er fram komin brtt. frá meiri hl. fjhn., sem líkist þeirri brtt., sem var samþ. hér við 3. umr. Ég ætla nú ekki að orðlengja um nauðsynina á því, að sett sé hámark fyrir því, hverjir eigi að fá þessa dýrtíðaruppbót, og heldur ekki að minnast á það, sem ég hefi oft sagt hér áður viðvíkjandi nauðsyninni á því, að Alþ. gerði eitthvað til að tryggja betri hag alþýðu manna, en um það eru menn ekki eins samtaka og um það að bæta hag hálaunamannanna, eins og sýnt hefir sig áþreifanlega í dag viðvíkjandi togaraeigendum, þar sem búið er að koma fyrir kattarnef till. um það, að þeir borgi útsvör til bæjar- og sveitarfélaga. Ed. hefir sýnt hug sinn í garð hálaunamannanna, þar sem hún hefir fellt burt ákvæði það, sem sett var inn í þessari d., að af launum yfir 8 þús. kr. á ári skyldi ekki greidd dýrtíðaruppbót.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta, því að það duga ekki mikið rökræður við hv. þm. viðvíkjandi þessum atriðum. En það er eitt atriði, sem þarf að laga í till. á þskj. 545 í sambandi við 8 þús. kr. hámarkið. Í till. þarf að koma greinilega fram, að ætlazt sé til, að það séu 8 þús. kr. eftir núgildandi verðlagi eða sú upphæð, sem til þess svarar síðar, ef verðlag fer hækkandi. Ég býst ekki við, að það sé meiningin hjá hv. flm. till., að svo framarlega sem dýrtíðin

vex á næstu árum og 8 þús. kr. koma kannske til með að samsvara 5—6 þús. kr., þá eigi embættismennirnir að missa dýrtíðaruppbót fyrir þetta bil. Ég vil því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um þetta og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Á eftir orðunum „8000 krónum“ í 2. málslið komi: eftir núgildandi verðlagi eða þeirri upphæð, sem til þess svarar síðar.“

Ég álít rétt, að það komi þarna fram, sem mér hefir skilizt, að meiningin væri með þessari till.

Viðvíkjandi 2. brtt., þar sem lagt er til, að ríkisstj. sé heimilað að fella niður að nokkru eða öllu leyti verðlagsuppbótina, þá vil ég lýsa því yfir, að ég er á móti þeirri brtt. Ég er einnig á móti því frv., þar sem lagt er til, að ríkisstj. sé heimilað að fella niður 35% af ýmsum lögbundnum gjöldum. Ég álít, að Alþ. eigi sjálft að ráða fjármálunum, en vald ríkisstj. eigi í engu að vera meira en góðu hófi gegnir. Ríkisstj. hefir fullkomlega sýnt það undanfarið, að þegar henni þykir mest við liggja, þá skirrist hún ekki við að gefa út bráðabirgðal. eða á einhvern hátt að knýja fram það, sem henni þykir mest þörf á.

Ég er því á móti því, að ríkisstj. sé gefin heimild í þessum efnum. Ég tel nauðsynlegt í þessu sambandi, að Alþ. gangi frá því, áður en því verður slitið, hvað það vill leggja fyrir ríkisstj. að gera í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar, en skiljist ekki þannig við vandamálin, að ríkisstj. geti farið hverju því fram, sem hún vill vera láta.

Viðvíkjandi hámarkinu, 8 þús. kr., þá vil ég að lokum segja, að ég álít, að það nái ekki nokkurri átt annað en sú till. verði samþ. og Alþ. gangi þannig frá verðlagsuppbótinni, að hún sé takmörkuð við 8 þús. kr. Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt, eins og útlitið er nú og líkur eru til, að hin mestu vandræði vofi yfir fjölda af landsbúum, að ríkið gangi á undan í því að bæta upp laun, sem vitanlegt er að nægja mjög riflega til þess, að menn geti sómasamlega séð fyrir sér og sínum.

Hinsvegar vil ég geta þess um leið, að ég álít, að Alþ. geti ekki látið staðar numið í því að takmarka þetta við sína eigin embættismenn, að þeir skuli ekki fá dýrtíðaruppbót á laun, sem eru yfir 8 þús. kr. á ári, heldur þurfi að halda lengra, svo að á öðrum eins erfiðleikatímum og nú eru haldist engum manni uppi að hafa svo há laun og tíðkazt hefir undanfarið, eða kannske 10—20 þús. kr. á ári.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., sem hann hefir lýst. — Það þarf tvennskonar afbrigði til þess, að þessi brtt. megi koma hér fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 552) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Herra forseti! Ég vil aðeins vekja athygli hv. d. á því, að ef till. undir tölul. 1 yrði samþ., þá er vafasamt um örlög frv., því að þá yrði það að fara í Sþ. Það virðist vera allrótgróinn ágreiningur milli d. um þetta mál. Ágreiningurinn liggur í því, eins og menn munu hafa veitt athygli, hvort telja beri þetta uppbætur eða nauðþurftarstyrk. Ed. virðist vera nokkuð eindregin í því að framfylgja þeim grundvelli, sem frv. var upphaflega lagt fram á.

Um síðari till. hefi ég það að segja, að ég er meðmæltur því, að hún verið samþ. Ég tel, að þeir hv. þm., sem yrðu að láta sér lynda, að þeir yrðu undir í þessu máli, fengju nokkra réttingu sinna mála með því að fela ríkisstj., ef nauðsyn krefðist þess, að draga úr dýrtíðaruppbótinni, ef það reyndist ógerlegt fyrir ríkissjóð að standa undir þeim byrðum, ásamt öðrum byrðum, sem á honum hvíla. Ég tel, að ef sú till. verður samþ., þá beri að skilja hana þannig, að ríkisstj. hafi heimild til að lækka mismunandi mikið dýrtíðaruppbótina og breyta henni meir í það horf, að gera hana að nauðsynlegri hjálp frekar en uppbót á laun manna, eins og frv. upphaflega fór fram á og það nú stefnir að. Það væri fullkomlega réttlátt, ef það væri talið ríkisvaldinu um megn að greiða alla dýrtíðaruppbótina.

Ég mæli því með, að till. undir 2. tölul. verði samþ.

***Jón Pálmason:** Í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði um 1. till. meiri hl. fjhn., að það væri svo mikill ágreiningur milli d. um hana, að það liti út fyrir, að frv. yrði að fara í Sþ., ef hún yrði samþ., þá verð ég að segja, að ég sé enga ástæðu fyrir okkur, sem höfum þá skoðun, að það sé í alla staði sanngjarnt að setja hámark að því er þetta snertir, að slaka til með þá skoðun, þótt það hafi sýnt sig, að meiri hl. hv. Ed. er því fylgjandi að hafa þetta takmarkalaust eins og það er í frv.

Ég verð að segja, að mér finnst það tæplega sæmandi eins og nú standa sakir, að maður, sem hefir 20 þús. kr. laun á ári, fái verðlagsuppbót af 7800 kr., eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég held þess vegna, að það sé ástæðulaust fyrir okkur, sem teljum eðlilegt, að hámark sé sett, að slaka nokkuð til í þessum efnum.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að okkur ætti að vera fullnægt með því að fá síðari brtt. samþ., sem er heimild fyrir ríkisstj. að lækka þessa uppbót eða fella hana niður, þá er það að nokkru leyti rétt og að nokkru leyti ekki. Það er að því leyti rétt, að við getum að sjálfsögðu treyst því, að ef til vandræða horfir, þá muni stj. nota þessa heimild, sem þar er, en það er að því leyti ekki rétt frá minu sjónarmiði, að ég tel eðlilegra að slá því föstu, að ekki sé greidd verðlagsuppbót á hærri laun en samkvæmt fyrri till. er tilgreint. En annars vil ég itreka það, að ég tel, að miklu skipti að það komi fram, að það sé vilji fyrir því, að þessi heimild sé notuð, áður en notuð er heimild til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum, sem miða að því að halda uppi vinnu fyrir það fólk í landinu, sem annars hefði hana ekki, og ég vil mega vona, að hæstv. ríkisstj. fari þá leið, ef til vandræða kemur.

Ég mun ekki ræða frekar um þetta nema sérstakt tilefni gefist, en vonast eftir að þessi till. okkar í fjhn. um 8 þúsund kr. hámark nái samþykki, þar sem hún er í samræmi við það, sem áður hefir verið samþ. hér í deildinni.

*Gísli Sveinsson: Ég hefi nú í gegnum allar umr. þessa máls ekki tekið til máls um þetta frv., en það er ekki beinlínis af því, að ég hafi ekki haft hug á að láta í ljós skoðun mína á því, hvernig ýmsar tillögur hafa verið fram bornar hér, og hvernig þær hafa ekki aðeins stangazt á, heldur að ýmsu leyti gert þetta mál svo erfitt viðfangs, að það hefir verið ráðgáta, hvernig ætti að haga framkvæmdum, ef allt hefði verið samþykkt eins og það hefir komið frá n. Ég hefi um þetta allt haft þá reglu, að taka ekki annan þátt í afgreiðslu málsins en við atkvgr., og hefi um það haft þá sömu reglu, sem ég hefi haft um mál á þingi, bæði fyrr og síðar, nema þau hafi komið mér beinlínis við. Það má nú segja, að það sé ekki heppilegt að taka ekki annan þátt í afgreiðslu mála en þennan, og hefi ég ekki tekið hér til máls af því, að ég telji þetta mál snerta mig sérstaklega, en ég tel, að hér hafi svo margir um sárt að binda, og aðrir meira en ég. Ég get lýst því yfir, að ég gæti fallizt á það, að ekki kæmi til mála nein launauppbót, ef ekki væru aðrir verr staddir en ég, þótt þau laun, sem sýslumenn fá úti um land, séu ekki talin há. En það má öllu ofgera, og ég tel, að fjhn., eða sérstaklega einstakir menn innan n., því ekki eiga allir þar óskilið mál, gangi nokkuð langt í því að lýsa sinni skoðun á því, hvað sé rétt og hvað ekki rétt í þessu máli.

Hv. þm. A.-Húnv., sem ef til vill er form. n. eða a. m. k hleypur hann fram fyrir skjöldu, vill tala um þessi mál eins og hann einn hafi vit á þeim, og tala um það, þegar talað er um að fjárhagurinn og afkoman í Reykjavík sé slæm, að það þurfi nauðsynlega að verja svo og svo mörgum millj. til beins styrks eða aðstoðar atvinnuvegunum, sem nú standi tæpt. Ég er ekki að mæla því bót, ef menn vilja rýra atvinnuvegina, en það virðist vaka fyrir þessum hv. þm., að ef talað er um að bæta kjör þeirra manna, sem fást við opinber störf, þurfi alltaf að koma á móti, að það megi ekki gera. Það þurfi þá að styrkja aðrar greinir, en sem betur fer, er ekki komið svo landbúnaðinum um allar jarðir landsins, að hann standi sig svo hörmulega, að það þurfi sérstakar milljónaráðstafanir nú til þess að hlaupa undir bagga, eins og hann vill gera með frv., sem hann hefir borið hér fram. En þessi hv. þm. og meiri hluti fjhn., sem ég veit ekki, hverjir skipa nú, því hún er víst nokkuð skörðótt, — ég geri þó ráð fyrir, að það séu 3 menn sem standa að þessu — þeir vilja nú á síðustu stundu reyna að stemma stigu fyrir framgangi málsins, með því að samþ. brtt., þar sem alveg er skipt um grundvöll fyrir málinu. Það, sem nú virðist vaka fyrir þessum mönnum, er að klifa á þessu, sem búið er að fella í Ed., 8 þúsund kr. hámark, sem ekki mætti yfirstiga til þess, að nokkur uppbót yrði á það veitt. Nú er eins og þessir menn hafi ekki aðgætt, hvernig 2. gr. frv. er. Þar segir, að „til 1. flokks skulu teljast laun 300 kr. eða minna á mánuði, til 2. flokks laun frá 300—400 kr. á mánuði, og til 3. flokks laun yfir 400 kr. á mánuði, þó þannig að af hærri mánaðarlaunum en 650 kr. greiðist einungis verðlagsuppbót af 650 kr., en ekki af því, sem þar er fram yfir.“ M. ö. o., að takmarkið er sjálfkrafa komið 8000 kr. Það er eins og hv. þm. og n. vilji ekki sjá þetta og kannast við það. Þegar talað er um 650 kr. mánaðarlaun, þá sjá hv. þm., að hér skakkar ekki miklu, og því, sem fram yfir er, má ekki greiða uppbætur af. Nú hefir margoft verið tekið fram, að það munar minnstu, hvort verið er hérna megin eða hinu megin við takmarkið. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram, er þetta „princip“, regla, hvort greiða á uppbót af þessu eða hinu. Ef ekki á að greiða uppbótina á laun eða tekjur, þá ætti n. að koma fram með styrkfrumvarp eitthvað áþekkt því, sem hv. þm. A.-Húnv. flytur um tveggja millj. króna styrkinn. Sýnir það ekki neitt litla þrákelkni, að menn nenna að gefa þessu ýmiskonar nöfn og koma með þetta á síðasta degi þingsins til þess að koma í veg fyrir, að málið komist fram. Fjhn. var ekki of gott að koma með þetta og fá það rætt, en að koma með það æ ofan í æ, það kalla ég mikla málafylgju. Að efninu til er þetta það sama eins og kom fram hér í d. og fór til Ed. Nú er mér óskiljanlegt, að það geti verið nokkur meining í þessu eins og það fór frá Nd., að taka allar tekjur og girða þannig fyrir, að þeir, sem hafa undir 8 þús. kr., og mundu með uppbótinni ná þeirri upphæð, en hafa kannske ekkert meira að öðru leyti, hafi möguleika til þess að fá uppbót. — Þá er það till. hv. þm. N.-Ísf. Mér líkaði hún ekki. Hún er borin fram til þess að útiloka embættismenn, sérstaklega lækna, sem víða hafa miklar aukatekjur, frá því að næla sér í þær. Það er ekki nema gott við því að segja að hafa duglega lækna, og býst ég við, að allir vildu það, og landlæknir líka. Mér líkar þetta ekki, en samt er meira vit í því en þessu, sem nú kemur fram, að aðeins eigi að greiðast verðlagsuppbót af launum, sem tekin eru frá stofnunum, sem ríkið á eða styrkir. Það er nú svo blandað, hverjar stofnanir ríkið á, að ef ég væri spurður að, hvar takmörkin væru, mundi mig reka í vörðurnar. Þetta er bundið við opinber störf, og sumir þessara manna sjá rautt, ef launin koma frá því opinbera, en ef þau koma annarstaðar að, þá er allt gott. Ég skal hugga hv. þm. A.-Húnv. með því, að takmörkin eru í 2. gr. Ég er alveg rólegur með þetta, hefi ekki tekið þátt í málinu nema við atkvgr. og mun ekki gera það hér eftir nema alveg sérstakt tilefni gefist. Ég býst nú við, að hv. þingm. hafi, þar sem málið er á síðasta degi, athugað hvað málið er orðið ömurlegt bæði í sjón og reynd, og þess vegna sé ekki mikil hætta á, að þessi till. verði samþ., en ef hún verður samþ., er allt í sama öngþveitinu, ef þingið vill ekki fela ríkisstj. framkvæmdir þessara mála eftir þeim lögum, sem í gildi eru.

Hvað snertir 2. till. skilst mér, að ráðh. vilji til samkomulags mæla með henni. Ég vil þó

benda á, að þessi till. er ekki laus við það, sem kom svo meinlega fram í ræðu hv. þm. A.-Húnv., að vilja ekki gera öllum jafnhátt undir höfði. Nú er því svo háttað, að hér eru komnar fram og hefir verið útbýtt frá Ed. brtt. á þskj. 544 við frv., sem borið var fram f. h. stj., að fella niður eða lækka ýmsar greiðslur skv. lögum. En meiri hluti fjhn. þessarar deildar leggur til í brtt. á þskj. 545, að ríkisstj. sé heimilt, ef fjárhagsörðugleikar vaxa, að fella niður verðlagsuppbótina að nokkru eða öllu leyti. Ráðh. er þannig heimilt, ef nokkrar líkur eru til, að örðugleikar fari vaxandi — en allir vita að þeir vaxa svo að segja daglega — að draga úr verðlagsuppbótinni eða fella hana niður með öllu.

En hvað segir svo á þskj. 544? Ég vil biðja hv. þm. að hafa þskj. fyrir framan sig; þar segir svo í II. lið, með leyfi hæstv. forseta: „Heimildir þær, sem gefnar eru í 1. gr. laga þessara, er skylt, ef til kemur, að nota hlutfallslega jafnt til niðurfærslu þeirra útgjalda ríkissjóðs, er þær ná til, enda sæti þá sömu hlutfallstölu niðurfærsla á gjöldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í 22. gr. fjárl. fyrir árið 1941". Og ennfremur segir í I. lið undir 1. tölulið: „Í stað orðanna „ef nauðsyn krefur" í upphafi greinarinnar komi: ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur ríkissjóðs bregðast verulega frá því, sem fjárlög gera ráð fyrir."

Það sjá allir, hver munur er á þessum till. eða brtt. meiri hluta fjhn. Heimildina til þess að fella niður eða lækka ýmsar greiðslur samkv. lögum skal skv. brtt. 544 ekki nota nema fyrirsjáanlegt sé, að tekjur ríkissjóðs bregðist verulega, en skv. brtt. meiri hluta fjhn. við frv. það, er hér liggur fyrir, má fella niður verðlagsuppbótina, ef fjárhagslegir örðugleikar vaxa.

Þetta vildi ég benda á nú á síðustu stundu þessa máls. En eftir að búið er að flækja þetta mál og þvæla eins lengi og kostur er á, tíma menn loks ekki að sjá af neinni verðlagsuppbót til opinberra starfsmanna. Ekkert annað liggur að baki brtt. meiri hluta fjhn., og verði þær samþ., má með sanni segja, að síðari villan er margfalt verri en hin fyrri.

***Jón Pálmason:** Það kom greinilega í ljós í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þm. V.-Sk. (GSv), að hann talar hér frekar sem beinn fulltrúi launastéttarinnar en sem fulltrúi alls almennings í landinu. Mér finnst að vissu leyti gott, að fram skuli koma ákveðin rödd í þessa átt. en það hryggir mig, að hún skuli koma frá vini mínum og flokksbróður, hv. þm. V.-Sk., því að hún gengur í gagnstæða átt við mína sannfæringu. En þótt mér þyki leitt, að hv. þm. hefir gert þessa stefnu að sinni, aftrar það mér ekki frá því að svara honum afdráttarlaust út frá þeirri skoðun, sem ég hefi á þessu máli, sem um er að ræða.

Ég vil þá í fyrsta lagi taka það fram, til þess að þessi hv. þm. eða aðrir þurfi ekki að vera í neinum vafa um það, að þessar brtt. eru fluttar af 4 mönnum í fjhn. þessarar d., og að því er ég bezt veit án ágreinings. Í annan stað vil ég taka fram, að ég þurfti engrar kennslu við frá þessum hv. þm. Mér er það vel ljóst og okkur öllum, að 650 kr. hámarkið er þannig hugsað, að ekki má greiða dýrtíðaruppbót af þessari upphæð, en það má gera skv. frv. jafnvel þótt maður hafi 30000 kr. laun.

Hv. ræðumaður talaði um þrákelkni af minni hálfu og að ég virtist ekki vilja samþykkja, að kjör þeirra væru bætt, sem hefðu launastöður hjá því opinbera. Ég finn ástæðu til að taka það fram, ef menn kynnu að skilja afstöðu mína til þessa máls á þann veg, að hún stafaði af óvild í garð einstakra manna eða stétta, að því fer svo fjarri, að svo sé, enda væri það næsta óeðlilegt, þar sem innan þessarar stéttar eru margir kunningjar mínir og vinir og menn, sem ég vil í alla staði gott eitt, enda þykist ég ekki hafa sýnt það, að ég sé háður óvild til einstakra manna eða stétta. Skoðun mín í þessu máli byggist á því, að mér er ljóst, að höfuðmeinið í okkar þjóðfélagi er það, að allur almenningur, eða a. m. k. hin uppvaxandi kynslóð, sem á nokkurs úrkosta, keppir að því að komast frá sveitavinnunni og sjávarvinnunni í fastlaunaðar stöður. Þessi flótti frá framleiðslustörfunum og aðsóknin að hærri skólum og þessum stöðum gerir það að verkum, hvernig komið er hjá okkur, en öll afkoma þjóðarinnar byggist á því, hvernig framleiðslunni vegnar. Ég get ekki fallizt á, að það sé ósanngirni hjá mér eða öðrum, þótt ég áliti, að ef bætt eru kjör þeirra manna, sem bezta hafa aðstöðuna fyrir, beri einnig að bæta kjör þeirra, sem verr eru settir. Það virðist svo sem meiri hl. hv. þm. hafi ekki gert sér ljóst, hvílíkt hyldýpi er staðfest milli kjara þeirra manna, sem vinna að framleiðslunni til sjós og sveita, og hinna, sem hafa fastlaunaðar stöður hjá ríkinu eða öðrum. Þetta hyldýpi gerir það að verkum, að ég vil ekki með atkv. mínu stuðla að því, að samþ. verði að bæta kjör þeirra, sem bezta hafa aðstöðuna fyrir, á meðan ekki er hægt að bæta kjör þeirra, sem lakar eru settir.

Þetta er það meginatriði, sem ætti að gera öllum ljóst, að það er furðulegt og ómaklegt, þegar einstakir menn, hvort sem þeir eru flokksmenn mínir eða andstæðingar, brigzla mér um ósanngirni og þrákelkni eða óvild í garð þeirra, sem hér eiga hlut að máli.

Að ég eða meiri hluti fjhn. áliti, að það sé betra, ef menn hafa laun frá öðrum fyrirtækjum en því opinbera, þá er því til að svara, að það, sem hér um ræðir, er að ákveða, hvernig haga skuli afstöðu ríkisins gagnvart þeim launþegum, sem eru í þess þjónustu. Hitt liggur meira fyrir utan okkar verksvið, en ég tel, að í þessu efni eigi jafnt yfir alla að ganga. Það, sem þingið ákveður um kjör opinberra starfsmanna, mun verða grundvöllur þess, sem krafizt verður, að gildi um starfsmenn bæjarfélaga og annara fyrirtækja.

Ég get ekki fallizt á, að kenni neinnar hlutdrægni hjá okkur í meiri hl. fjhn. í 2. till. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fella niður verðlagsuppbótina að nokkru eða öllu, en það kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að honum virtist, að svo væri. Sú till. byggist

á þeirri skoðun okkar, að miðað við þær aðstæður, sem nú eru hér, annarsvegar hjá þeim, sem eru í fastlaunuðum stöðum, og hinsvegar hjá verkalýðnum, sem hefir óvissa vinnu, og þeim hluta sveitafólks, sem veit ekki, hvernig vinnuskilyrðum muni háttað, þá sé sjálfsagt að fella fyrr niður dýrtíðaruppbótina til opinberra starfsmanna en að grípa til þess að skera niður framlög til verklegra framkvæmda, sem gera þeim, er lakasta hafa aðstöðu, fært að afla sér síns brauðs. Frá þessu sjónarmiði er það harla ósanngjarnt að brigzla okkur um hlutdrægni.

***Thor Thors:** Ég ætla ekki að fara langt út í þetta mál í heild, en vegna þeirra orðaskipta, er fram hafa farið milli flokksbræðra minna, hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. A.-Húnv., ætla ég að segja nokkur orð.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að hv. þm. V.-Sk. talaði í þessu máli sem fulltrúi launastéttarinnar eingöngu, en ekki sem fulltrúi þjóðarinnar. Þetta var mjög ómaklega mælt hjá þessum ágæta vini mínum, því að hv. þm. A.-Húnv. verður að gera sér ljóst, að hér er um verulegt stefnumál að ræða, sem byggist ekki á því, að hér sé um hagsmuni starfsmanna ríkisins að ræða. Það, sem hér er um að ræða, er þetta: Ætlar ríkið sem stærsti atvinnurekandinn í þjóðfélaginu að skapa sínum starfsmönnum verri rétt en Alþ. hefir ákveðið öðrum starfsmönnum? Alþ. hefir í l. um gengisskráningu ákveðið, að vissir starfsmenn, þ. e. sjómenn, verkamenn, iðnaðarmenn og verksmiðjufólk, skuli fá nokkrar launabætur í samræmi við vaxandi dýrtíð. Það hefir ennfremur leitazt við að skapa bændum nokkrar launauppbætur með því að taka út úr gengisskráningarlögunum takmörkun á verði innlendra afurða. Þetta hefir þegar leitt til þess, að mjólk og kjöt hafa hækkað í verði á innlendum markaði. Þetta var rétt stefna frá því sjónarmiði, að allar stéttir eigi að hafa nokkra leiðréttingu sinna mála. Eiga starfsmenn ríkisins ekki að vera sama réttar aðnjótandi og Alþ. hefir viljað veita öðrum? Í launastétt ríkisins eru margir, sem hafa svo lág laun, að þeir verða alla tíð í bökkum að berjast.

Mér er vel kunnugt um, að lífskjör fólks í sveit eru ekki sambærileg nema að litlu leyti við það, sem kaupstaðarbúar veita sér. Því er ekki að neita, að í kaupstöðunum eru gerðar aðrar kröfur af öllum almenningi til lífskjara en menn sætta sig við í sveit. En hinu má ekki gleyma, að sá bóndi, sem á sitt bú, fær flestar þær afurðir, sem kaupstaðarbúinn verður að kaupa dýru verði fyrir miklu lægra verð af eigin framleiðslu. Það er því sanngjarnt að bæta starfsfólki ríkisins að nokkru vaxandi dýrtíð. En svo er þetta að öðru leyti stefnumál: Ætlar ríkið yfirleitt að skammta starfsmönnum sínum slík laun, að allir, sem eiga annars úrkosti, fari ekki í þjónustu þess? Eiga störf hjá ríkinu að vera nauðalending þeirra, sem hvergi annarstaðar geta veitt sér og sínum lífsframfæri? Það virðist stefna í þessa átt. Nú þegar er mikið ósamræmi milli þess, hvernig ríkið launar sína starfsmenn og einstakir atvinnurekendur. Ef þetta ósamræmi heldur áfram og ekkert er gert til þess að draga úr því, verður afleiðingin sú, að einungis lélegustu starfsmennirnir lenda í þjónustu ríkisins, hinir leita í aðrar áttir.

Ég vildi aðeins benda á þessi sjónarmið, svo að minn ágæti flokksbróðir, hv. þm. A.-Húnv., gerði sér ljóst, að í þessu máli er ekki aðeins um fjárhagsatriði að ræða, heldur mjög ákveðið sjónarmið þess ríkisvalds, sem vill tryggja sér færa starfsmenn.

Hv. þm. V.-Sk. benti á, að í Ed. hefði sú breyting verið gerð á frv. um heimild til þess að lækka ýmsar greiðslur skv. lögum, að það væri skilyrði fyrir heimildinni, að fyrirsjáanlegt væri, að tekjur ríkissjóðs bregðist verulega frá því, sem fjárl. gera ráð fyrir. Hér finnst mér af mikilli sanngirni mælt, og vænti ég, að sama sanngirni nái einnig til þessa máls. Vil ég því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við brtt. á þskj. 545,2, en þar segir svo: „Ríkisstjórninni er heimilt, ef fjárhagsörðugleikar vaxa, að fella niður verðlagsuppbót samkvæmt lögum þessum að nokkru eða öllu leyti.“ Ég vil leggja það til, að á eftir orðunum: „fjárhagsörðugleikar vaxa“ komi: verulega; er þá farið inn á sömu braut og Ed. hefir farið og skýrt hefir verið af hv. þm. V.-Sk., að örðugleikarnir verða að vera verulegir, til þess að gripið verði til þessara breytinga, og ég hygg, að stuðningsmenn stj. geti treyst því, að hún sýni í öllu sanngirni um framkvæmd slíkra heimilda, ef til kemur.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Snæf., sem hann hefir lýst. Þarf tvöföld afbrigði til þess að hún megi koma til meðferðar, vegna þess að hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 553) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ef maður hefði ekki heyrt, hve oft hv. þm. Snæf. lagði áherzlu á, að hv. þm. A.-Húnv. væri flokksbróðir sinn, mætti maður halda, að rótgróinn kommúnisti hefði verið að tala, svo vel tókst hv. þm. A.-Húnv. að lýsa því, hvílíkt hyldýpi væri staðfest milli kjara verkamanna og fastlaunamanna ríkisins, og að þetta hyldýpi færi stöðugt vaxandi. Einstaka þm. hafa sýnt sig í því að vilja gera ráðstafanir til þess, að hæstu tekjurnar haldi ekki áfram að vaxa fyrir aðgerðir Alþingis, og því hefir komið fram till. þess efnis, að takmarka dýrtíðaruppbót til opinberra starfsmanna við 8000 kr. hámark og önnur till. um að afnema útsvarsfrelsi stórútgerðarmanna. Hvortveggja þessi till. sýnir viðleitni til þess að draga úr þessu hyldýpi, sem staðfest er milli verkamannastéttarinnar og hálaunamanna. En það virðist svo sem meiri hl. þingsins reyni ekki og vilji ekki draga úr þessum mun. Þess vegna er það ráð tekið að senda þingið heim, án þess að nokkuð sé gert til þess

að bæta úr kjörum alþýðu. Hv. þm. Snæf. talaði um, að það þyrfti að draga úr þeim mun, sem væri á launum starfsmanna ríkisins og hinna háu launa, sem einstakir atvinnurekendur borga sínum hæstlaunuðu starfsmönnum. Ég kom í minni síðustu ræðu greinilega inn á afstöðuna milli þessara tveggja tegunda og gat þess, að nauðsynlegt væri að draga úr þeim mun, sem væri þarna á milli, á þann hátt, að laun hálaunaðra starfsmanna ríkisins og tekjur einstakra atvinnufyrirtækja lækkuðu. Það er óþolandi að láta það viðgangast, að menn geti haft 10—100 þús. kr. upp úr einstaka atvinnurekstri hér á landi, sem þar að auki er í sumum tilfellum skattfrjáls. Ég efast um, að alltaf sé farið eftir manngildinu, þegar embætti eru veitt, sem yfirvöldin yrðu þó að hugsa um, ef þau tækju hag alþjóðar til greina. Ríkið tekur í sína þjónustu menn, sem einungis gangast fyrir því, hve mikið þeir fá fyrir sína vinnu, en leggur ekkert upp úr hinu, hvort þeir hafa áhuga fyrir sínu starfi. Ég vil líka vekja eftirtekt á því, sem segir í 2. tölulið brtt. meiri hl. fjhn., að heimila ríkisstjórninni að fella niður verðlagsuppbótina, eins og farið er nú fram á. Nokkrir hv. þm. telja ófært að hafa 8 þús. kr. hámarkið, en aðrir eru með því að láta skera niður alla dýrtíðaruppbótina. Það er hugsað meira af hálfu einstakra þm. um hag hálaunamanna en um það, hvort embættismannastéttin fær nokkra dýrtíðaruppbót eða ekki. Á sama tíma sem 8 þús. kr. hámarkið er skorið niður, er ríkisstj. veitt heimild til þess að skera niður útgjöld ríkisins og fella niður dýrtíðaruppbót til þeirra starfsmanna ríkisins, sem hafa aðeins 2—3 þús. kr. í árslaun og þurfa að framfleyta af því 5 manna fjölskyldu. Það á að gefa ríkisstj. heimild til þess að svipta þessa menn uppbótinni af hálfu þeirra manna, sem berjast á móti því, að uppbótin verði takmörkuð við 8 þús. kr. Þegar ríkið er í svo miklum fjárhagsörðugleikum, að minnka þarf laun við starfsmenn þess, virðist eðlilegt að byrja á þeim embættismönnum, sem hæst hafa launin. En þannig er ekki unnið í þessum málum. Þess vegna álít ég í sambandi við 2. gr. frv., að niðurskurðarheimildin sé margfalt hættulegri en nokkurn tíma 8 þús. kr. hámarkið.

***Jón Pálmason:** Það stendur svo illa á, að ég er búinn með minn ræðutíma. Ég vildi taka það fram, að mér þykir það mjög leiðinlegt, að einmitt úr hópi vina minna og flokksbræðra skuli vera tekin upp vörn fyrir þær stefnur, sem ég er alveg ósamþykkur. Hv. þm. Snæf. talaði um, að það væri mjög óviðeigandi, að ríkið hefði frekar atvinnurekstur en aðrir, ef það ætlaði sér ekki að borga neina verðlagsuppbót þrátt fyrir aukna dýrtíð. Á síðasta þingi var ákveðið að hækka skyldi kaup þeirra manna, sem stunda opinbera atvinnu. En ég álít, að þarna verði of langt gengið, samkvæmt því sem ákveðið var með gengislögunum, svo að það er ekki minum áhrifum eða minu atkv. að kenna, hvernig frá þeim ákvæðum er gengið. Viðvíkjandi því, að það hafi verið hækkað verð á mjólk og kjöti til hagsmuna fyrir okkur bændur, þá hafa bændur, eftir því sem ég bezt veit, ekki fengið einum eyri hærra verð fyrir mjólk sína en þeir fengu áður en stríðið byrjaði.

Að gerðar séu hærri kröfur til lífsins í kaupstöðum en sveitum er vitanlega rétt. En þegar fjárhagsástandið horfir til vandræða, má gera kröfu til þess, að kaupstaðarmenn eins og aðrir sníði sér stakk eftir vexti á þessum erfiðu tímum. Viðvíkjandi því, að stefnt sé í þá átt, að ríkið fái verri starfsmenn en áður, verð ég að segja það, að ríkið fær meiri möguleika til þess að njóta hinna beztu starfskrafta, sem völ er á.

ATKVGR.

Brtt. 552 felld með 20:2 atkv.

— 545,1 samþ. með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, StgrSt, VJ, ÞBr, BÁ, BjB, EOl, EystJ, HelgJ, ÍslH, JÍv, JPálm, PO, JörB.

nei: TT, ÁÁ, BJ, EE, EmJ, GÞ, GSv, HG, HV, JakM, ÓTh, PHalld, SEH, SK.

PHann greiddi ekki atkv.

3 þm. (SvbH, FJ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 553 samþ. með 17:3 atkv.

— 545,2—3, svo breytt, samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, TT, VJ, ÞBr, BÁ, BjB, EystJ, GÞ, HelgJ, JakM, JÍv, JPálm, ÓTh, PHalld, JörB.

nei: ÁÁ, BJ, EOl, EE, HG, HV, ÍslH.

SK, EmJ, GSv, PHann greiddu ekki atkv.

3 þm. (SvbH, FJ, GG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Sþ.

Á 22. fundi í Sþ., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 554).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 554, 556).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv., svo og frá útbýtingu brtt. 566. — Afbrigði leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

***Frsm. fjhn. Ed. (Magnús Jónsson):** Ég held, að ekki ætti að koma neitt að sök, þótt ekki sé búið að útbýta brtt., sem ég flyt ásamt 2 öðrum þm., því að hún er um efni, sem kunnugt er öllum þm. beggja d., sem sé um þann ágreining, sem er milli d. um þetta mál, enda er ekki hægt í Sþ. að bera fram till. um annað en slík ágreiningsmál. Eins og frv. var borið fram, var alveg ákveðið um þá uppbót, sem greiða á því launafólki, sem þar var talað um, en ekkert ákveðið um, hver launin mættu vera. Þegar ályktun um þetta var svo á síðasta þingi afgr. til ríkisstj., var í raun og veru falin í henni heimild til þess að greiða uppbætur til starfsmanna ríkisins eftir sömu reglu og nýlega var búið að samþ. með verðlagsuppbót til verkamanna. Þar um var engin önnur regla en sú, sem í lögunum stóð, að uppbótina skyldi greiða eftir sömu reglu, en stj. og ráðunautar hennar álitu þetta ekki hægt fyrr en þingið væri búið að ákveða nánar um það, og var eftir beiðni stj. lagt fram frv. um þetta efni í Ed. Deildin taldi rétt að setja mörk fyrir því, hvað bæta

skyldi upp, þannig að heildarlaunin, sem bæta skyldi upp, skyldu vera um 8 þús. kr., og því voru þessi laun ákveðin 650 kr. á mánuði, eða 7800 kr. á ári. Þótt launin væri hærri, fengist ekki uppbót nema af þessu, en það, sem væri þar fyrir ofan, skyldi ekki vera bætt upp. Það kom fram, að nokkrir þm. vildu setja ákveðið hámark, þannig að laun, sem næðu ákveðinni upphæð alls, átti ekki að bæta upp. Er það því millileiðin, sem fjhn. Ed. tók upp og meiri hl. d. með því að samþ., að uppbót skyldi greidd upp að þessu marki, sem ég tiltók. Þannig fór þetta mál til Nd., en í þeirri deild varð miklu meiri ágreiningur um það. Komu fram allmargar till., sem voru felldar, og ein, sem var samþ. Var sú till. þannig að laun, sem næðu 8 þúsund kr. alls, skyldu ekki vera bætt upp. Þegar málið kom til Ed., var þetta ákvæði tekið upp aftur og málið sent til Nd., og var það afgr. þaðan með þessu ákvæði, en þó gengið lengra, því að nú er það þannig, að nú mega laun og uppbot aldrei fara fram úr 8 þús. kr. Það er ekki einu sinni svo, að öfgunum sé haldið, heldur eru þær auknar og settar í frv. Við höfum, 3 þm., ekki talið rétt, að ekki væri prófaður þingvilji fyrir því, hvort fara eigi þessa leið, og höfum hér flutt brtt. um þetta ágreiningsmál um það, að frv. sé aftur fært í það horf, sem það var samþ. í frá Ed., sem sé að millileiðin sé farin.

Auk þessa var svo bætt inn í frv. 11. gr., sem er um það, að stj. heimilist að fella niður greiðslu allrar verðlagsuppbótar. Nú er, eins og þm. er kunnugt, alveg nýbúið að afgr. sem lög heimild fyrir ríkisstj. til þess að lækka ýms gjöld um 35%, og er mjög á reiki, hvað miklir erfiðleikar þurfa að steðja að til þess, að stj. noti þessa heimild út í æsar. Sömuleiðis hefir verið samþ. heimild um að lækka útgjöld á fjárl. Það gildir einnig um þessar uppbætur, sem nú er ekki búið að samþ., og kom til mála í þeirri n., sem hafði þetta til meðferðar í Ed., að gera um þetta samþykktir og heimila stj., ef erfiðleikar yrðu, að lækka þessi útgjöld. Samt kom engin till. fram um þetta. Það var eins og enginn vildi fara út í þetta til viðbótar við það, sem fyrir var. Ég held nú, að þessi gr. megi falla niður með öllu. Þess ber og að gæta, að engin sönnun er fyrir því, að þingvilji sé fyrir þessari till., sem ég held að hafi komið fram á síðustu stundu, en ég man ekki eftir, að brtt. hafi komið fram í þessa átt fyrr en frv. kom til Nd. aftur.

Af því þetta mál hefir verið svo mikið rætt, mun ég láta nægja að mæla fyrir brtt. okkar með þessum orðum.

***Einar Olgeirsson:** Það er nú búið að ræða þetta mál allmikið hér í þinginu, svo að það er ekki þörf á að ræða það mikið í viðbót. Ég verð að segja það, að ég var samþykkur þeirri breyt., sem Nd. gerði á 2. gr., en ég er andvígur 11. gr. og fylgjandi hverri þeirri tillögu, sem kemur fram um að fá hana burtu. Viðvíkjandi þessu með 8 þúsund kr. launin ætla ég ekki að fara inn á þau rök, sem komið hafa fram í báðum d., en langar til að minna hv. þm. á, hverskonar hugsunarhátt þeir sjálfir höfðu fyrir rúmu ári. Í lögum um gengisskráningu, eins og þau voru afgr. 4. apríl 1939 — og ég vil taka það fram, að við þm. Sósialistafl. vorum þeim andvígir, sökum þess, hvernig verkamenn voru sviptir rétti sínum — þar var ákveðið um það í 2. gr., að almennir verkamenn skyldu fá nokkrar uppbætur, en ennfremur tekið fram í 3. gr. þessara laga, að kaupgjaldsákvæði 2. gr. nái til verkamanna, sjómanna, verksmiðjufólks og iðnaðarmanna, sem taka kaup sitt samkvæmt samningum milli stéttarfélaga og vinnuveitenda eða kauptöxtum, sem giltu fyrir gildistöku laga þessara. Þegar lögin um gengisskráningu voru samþ. 4. apríl, var talið sjálfsagt að bæta ofurlitið úr fyrir þeim, sem verst voru staddir, en sérstaklega að banna einstaklingsfyrirtækjum í landinu að hækka kaup við starfsmenn sína, og sérstaklega var talið, að það þyrfti að fyrirbyggja það, að einstaklingsfyrirtæki í landinu hefðu möguleika á því að hækka laun forstjóra sinna, á sama tíma og menn vitaskuld voru með því að svipta verkamenn réttinum til þess að ráða yfir sínu kaupi. Þetta var sá hugsunarháttur, sem þá ríkti. Þegar l. um gengisskráningu var breytt, var kaupkúgunin gagnvart verkalýðnum látin haldast, en þessu breytt, að einstaklingsfyrirtækjum var leyft að hækka launin og líka hálaunin. Við þm. Sósialistafl. bárum fram brtt. við þetta, en allar slíkar brtt. voru felldar. Þá voru þm. þjóðstj. komnir þetta lengra á þessari slæmu braut. Nú þótti það ekki lengur nóg að fjötra verkamennina, heldur varð líka um leið að gefa hálaunamönnunum sitt. En ég vil segja það, að þegar kom fram till. um að veita sérstakar uppbætur, er ekki verið að fara lengra en farið var 4. apríl, það er verið að setja takmarkanir fyrir því, hvað mikið mætti hækka sérstök laun. Hinsvegar vil ég geta þess í sambandi við þetta, að það er engan veginn nægilegt út af fyrir sig, þótt samþ. sé, að embættismennirnir skuli ekki fá dýrtíðaruppbót á 8 þúsund kr. laun eða þar yfir. Ef rétt væri að farið um þetta, ætti Alþingi að ganga svo frá, að enginn hefði hærri laun en þetta, og ekki heldur hjá einstaklingsfyrirtækjum. Þetta væri hægt með lögum eins og í fyrra og líka með skattaálagningu. Svo vildi ég um leið og við erum að ræða þetta hér í þinginu sýna fram á, að ekki er rétt, að þeir, sem hafa 8 þúsund kr. laun, fái dýrtíðaruppbót líka. Ég vil minna á, hver hugsunarháttur ríkir almennt í landinu um þetta, og vil í þessu sambandi minna sérstaklega á það, sem stendur í blöðum þeirra þingmanna, sem berjast fyrir þessari uppbót á háu launin.

Í morgun var í Morgunblaðinu leiðari undir mjög fallegri fyrirsögn: „Skyldur við þá bágstöddu.“ Þessi leiðari gengur út á það, að öll dýrtíðaruppbót ætti að falla til þeirra, sem missa sína atvinnu. Í þessari grein segir svo, með leyfi forseta:

„Í sambandi við þau vandræði, sem af atvinnuleysi leiðir, og erfiðleika þá, sem að þeim steðja, er bágast eru staddir, hefir verið skotið fram þeirri hugmynd, að svo kunni að fara, að mæta þurfi erfiðleikum þeirra bágstöddustu með alveg sérstökum ófriðarráðstöfunum. Að

launauppbætur og kaupuppbætur opinberra starfsmanna og allra, sem vinna fyrir kaupi, yrðu greiddar, eins og til er ætlazt, en allar þessar uppbætur færu ekki til þeirra, sem vinna fyrir launanum, heldur rynnu þær í sérstakan sjóð. Yrði fé þessa dýrtíðarsjóðs síðan varið til þess að bæta úr vandræðum þeirra, sem misst hafa atvinnu sína og lenda meira eða minna í bjargarskorti."

Þetta segir nú Mbl. í morgun í sambandi við umr. um verðlagsuppbótina. Nú er það vitanlegt eftir skýrslum hagstofunnar, að þeir, sem hafa undir 400 kr. á mánuði, en fyrir 5 manna fjölskyldu að sjá, hafa ekki nægilegt til þess að framfleyta fjölskyldu sinni. Eins eru fjölskyldur með 200—300 kr. á mánuði. Þær fjölskyldur hlýtur að skorta mjög mikið. Þess vegna er það gefið, að launþegana kemur til með að skorta ýmislegt af því, sem verður að álíta nauðsynlegt til lífsins, og nú kemur Mbl. með þessa uppástungu, að þessir menn verði látnir greiða þessar uppbætur til þeirra, sem verr eru staddir. Þetta er bending blaðsins til þeirra, sem hafa yfir 8 þúsund kr. laun úr ríkissjóði um skyldur þeirra gagnvart hinum bágstöddu og hinum, sem hafa minna en 400 kr. á mánuði. Mbl. talar mjög skýrt til þessara manna. Ef þessir 8 þúsund kr. menn ætla að vera til með að gefa eftir þessar uppbætur, til þess að hægt sé að borga hinum bágstöddu laun, er engin ástæða til þess að verið sé að borga þeim þær. Því eins og vitað er, er það meiningin að gefa ríkinu heimild til niðurskurðar á fjárl. Afleiðingin er sú, að því meira fé sem ríkissjóður hefir aflögu, því meira er hægt að greiða vegna atvinnuleysis og í launauppbætur. Mér finnst því, að þeir, sem standa að einhverju leyti með Mbl., hljóti að vera með því að samþ., að þeir, sem hafa yfir 8 þúsund kr. laun, skuli engar uppbætur fá. Ég vil skora á þm. Sjálfstfl. að gera það nú í þetta skipti, að fara eftir því, sem Mbl. skorar á þá í morgun. Annars er mér ekki fjarri að halda, að morgunandakt Morgunblaðsins væri kannske ætluð til þess að koma mönnum á þá skoðun, að andi Sjálfstfl. sé annar en hann sýnist í þessu máli og flokkurinn vilji hjálpa hinum bágstöddu. Það væri því mjög leiðinlegt, ef þingflokkur Mbl. vildi annað en blaðið og að 8 þúsund kr. mennirnir yrðu áhrifaríkari.

Ég vil þess vegna vona, að fyrri brtt. nái ekki samþykki, þannig að 8 þúsund kr. fái að vera 8 þúsund kr., eins og hingað til. Hinsvegar er ég mótfallinn 11. gr., og að ég vil fella hana, byggist á því, að með henni er ætlazt til, að stj. sé gefin ennþá víðtækari heimild, þar sem leyft er að skera niður 35% af verðlagsuppbótinni. Þar af leiðandi á 11. gr. að falla burt.

***Jón Pálmason:** Það kann að vera, að ekki þýði mikið að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, því að það er þegar allmikið rætt í báðum d. og nú síðast í gær í Nd. En ég verð að segja það, að mig undrar á því, að fram skyldi koma till. um það að fella niður það hámark, sem þar var samþ. Því hefir verið slegið fram af nokkrum þm., og nú síðast af hv. 1. þm. Reykv., að því hefði verið slegið föstu með reglugerðinni, að verðlagsuppbótin til starfsmanna ríkisins skyldi lúta sömu lögum og verðlagsuppbót á annað kaup. Um þetta er það að segja, að þegar ákveðið var, að um það skyldi gefa út sérstaka reglugerð, var þar með ákveðið, að þetta skyldi ekki hlíta sömu lögum. Menn muna það ef til vill, að í sambandi við þessa brtt. flutti ég brtt. um 5000 króna hámark, en það var fellt með yfirgnæfandi meiri hl. Nú hefir verið reynt að koma inn í frv. nokkru hærra hámarki, fyrst 7800 krónum og svo 8000 krónum. Og ég verð að segja, að það er furðulegt að sjá það og vita til þess, að það skuli vera um það jafnmikið kapp og hér kemur fram, að koma því á, að það sé veitt dýrtíðaruppbót á laun allra opinberra starfsmanna, hvað há laun sem þeir hafa. Það eru engin takmörk fyrir því, hvað há laun menn megi hafa. Það eiga allir að fá uppbót samkv. till. Ed. Ég hefi leitt að því mjög sterkar líkur við meðferð málsins í Nd., að þetta hámark, sem hér er sett, muni ríkissjóðinn um ca. 175 þúsund krónur á þessu ári eftir horfunum, sem fyrir liggja. Á árinu 1941 stendur dæmið þannig, að á fjárlögum eru ekki ætlaðar nema 350000 kr. til þessarar verðlagsuppbótar, en þessi upphæð er ekki hærri en svo, að ef ekki verður horfið að því að nota niðurskurðarheimildina, þá hrekkur hún skammt. Á fjárlögum þessa árs er ekki ætlaður einn einasti eyrir til þessara útgjalda. Hv. 1. flm. þessarar brtt. hélt því fram, að það væru öfgar að fara fram á að setja þetta hámark, og að það væru öfgar að fara fram á, eins og samþ. var í Nd. í gær, að gefa stj. heimild til þess að lækka eða fella uppbótina niður. En án þess að fara langt út í að tala um það, hvort hér sé um öfgar að ræða, þá verð ég þó að telja, að þótt margar öfgar hafi átt sér stað á undanförnum árum í fjármálum þjóðarinnar, þá sé það þó tiltölulega fátt, sem komist í námunda við það, að heimtað er, að allir opinberir starfsmenn fái verðlagsuppbót af 7800 kr. launum. Að athuguðu núverandi ástandi og horfum tel ég það blátt áfram til óvirðingar fyrir Alþ. að skiljast svo við þetta mál að fella það, að haft sé hér nokkurt hámark í þessu efni.

Páll Zóphóníasson: Ég hefi ekki blandað mér mikið inn í þetta mál, og skal ekki heldur gera það nú. Hinsvegar virðist mér, að ennþá séu ýmsir gallar á frv., sem gera það erfitt í framkvæmdinni. Mig langar þess vegna að heyra um það frá þeim, sem helzt hafa staðið að þessu máli, og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. og skrifstofustjóra hans, sem báðir eiga hér sæti, hvernig þeir hafi hugsað sér framkvæmd þess máls. Það er mælt svo fyrir í 2. gr., að verðlagsuppbót megi ekki greiða á hærri laun en 8000 krónur. Hinsvegar er svo fyrir mælt í 8. gr., að verðlagsuppbót skuli greidd mánaðarlega eftir á. Nú eru allmargir af starfsmönnum ríkisins, sem hafa aukavinnu, sem hér á að taka til greina. Sumar þessar greiðslur koma hinsvegar ekki fyrr en í einu eftir árið. Ég hefi í huga ákveðinn mann, sem fær greiddar rétt eftir áramótin 2000 krónur. Þessi maður kemst

að viðbættum þessum 2000 kr. yfir hámarkið. Nú er búið að greiða þessum manni uppbót á launin allt árið mánaðarlega. Hvernig á að fara að í þessu tilfelli? Nú er talað um það í 1. gr., að leggja skuli til grundvallar síðasta skattaframtal. Það þýðir oft tveggja ára gamalt skattaframtal. En það getur nú margt breytzt á skemmri tíma. Ég held, að ef þetta væri samþ., þá þyrfti að breyta 8. gr. á þann hátt, að greiða alla uppbótina eftir á eftir árið. Ég er líka viss um, að það fyrirkomulag er alveg eins heppilegt fyrir menn. Menn geta þá látið þetta ganga upp í skatta og önnur opinber gjöld. Annars skal ég ekki ræða þetta frekar. Ég hefi leitt þetta mál hjá mér, en mér virðist þetta vera alveg óframkvæmanlegt og langar að vita, hvernig hæstv. fjmrh. hugsar sér að framkvæma það.

***Frsm. fjhn. Ed. (Magnús Jónsson):** Það er eins og ég sagði, að ég tel, úr því sem komið er, heppilegast, að atkvgr. verði látin skera úr um þetta mál. Ég vildi aðeins láta í ljós undrun mína yfir undrun hv. þm. A.-Húnv. á því, að við skulum bera fram brtt. við málið. Það er ekkert undarlegt, þótt við gerum slíkt, þar sem þetta er ágreiningsmál milli d. Hv. þm. sagði, að þegar þetta hámark hefði loks verið samþ. ... Þetta hámark hefir verið samþ. í Nd., en ekki í Ed.

Ég forðaðist í minni fyrri ræðu að minnast nokkuð á það, hvernig þessi till. er. Ég vildi ekki hleypa á stað umr. Nú hefir hv. 1. þm. N.-M. minnzt á þetta. Það er þess vegna engin ástæða til að forðast að minnast á þetta lengur. En sannleikurinn er sá, að hún er óframkvæmanleg. Það þarf að hafa meira en litla spámannsandagift til þess að sjá það út svona fyrirfram, hvaða laun þessi og þessi muni hafa á næsta ári. Það er enginn vafi á því, að ef þetta verður látið haldast í frv., þá verður það bæði óljóst og ósanngjarnt. Og hvað meina þessir menn eiginlega, sem eru að berjast fyrir þessu? Það er enginn vafi á því, að þeirra málstaður er í þessu máli miklu verri og þar af leiðandi verða þeirra till. erfiðari í framkvæmd. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég skal ekki gefa tilefni til þess, að málið geti ekki fengið afgreiðslu nú.

***Jón Pálmason:** Ég vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um framkvæmd þessarar till. Mig undrar, að hv. þm. skuli ekki skilja, að hægt er að nota skattaframtal við þetta. Í till. er aðeins átt við 8000 króna hámarkið. Núna, þegar þetta kemur til framkvæmda, stendur hinsvegar svo heppilega á, að við höfum við höndina nýtt skattaframtal fyrir árið 1939. Þeir, sem hafa haft meiri tekjur en 8000 krónur 1939, fá enga uppbót fyrr en næsta ár, ef þeir reynast þá hafa lækkað í launum af einhverjum ástæðum. Ég veit ekki, hvað menn vilja hafa þetta einfaldara.

Páll Zóphóníasson: Ég vil bara benda á það, að eftir till. hv. þm. A.-Húnv. ætti maður, sem byrjar að vinna hjá ríkinu 1. janúar, að fá enga verðlagsuppbót fyrr en næsta ár, af því að hann hefir engar tekjur haft áður hjá ríkinu, sem hægt er að miða uppbótina við. Sýslumaður, sem hættir störfum og fer á eftirlaun, fengi aftur uppbót eftir skattskránni, og þá kannske enga, ef hann hefði nú haft 8000 kr., þó hann hinsvegar fari niður í 500 kr. í eftirlaunum. Þeim, sem unnið hafa að þessu, hefir ekki enn heppnazt að koma hámarksákvæðinu í framkvæmanlegt form, og því verð ég með brtt. þremenninganna, en á móti frv. í heild, enda þótt ég telji, að lægst launuðu embættismennirnir ættu að fá uppbót.

Skúli Guðmundsson: Ég held, að það væri ástæða til að athuga þetta mál nánar áður en umr. er slitið.

Annars vildi ég aðeins mótmæla brtt. á þskj. 566. Það virðist svo sem þeir hv. þm., sem þessa till. flytja, séu svo einsýnir, að þeir sjái ekkert annað í okkar þjóðfélagi en það, að opinberir starfsmenn þurfi að fá uppbót á laun sín, án tillits til þess, hvað þeir eru vel settir áður. Ég tel það óhæft með öllu að afnema hámarkið, sem Nd. hefir sett í frv. En eins og ég sagði áðan, teldi ég ástæðu til, að menn ættu þess kost að athuga málið frekar áður en umr. er slitið.

ATKVGR.

Brtt. 566,1 samþ. með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, HV, JakM, MG, MJ, ÓTh, PZ, PHann, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, TT, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BSn, EE, EmJ, ErlÞ, HG.

nei: GG, HelgJ, HermJ, IngP, ÍslH, JJós, JÍv, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PO, SkG, StSt, StgrSt, VJ, ÞBr, BÁ, BjB, BrB, EÁrna, EOl, EystJ.

2 þm. (SvbH, FJ) fjarstaddir.

Brtt. 566,2 samþ. með 25:20 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 29:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GG, GSv, HV, IngP, ÍslH, JakM, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, TT, VJ, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BSn, BrB, EOl, EE, EmJ, ErlÞ, HG.

nei: JPálm, PO, StSt, SvbH, ÞBr, BjB.

HelgJ, HermJ, JJós, JÍv, JJ, PHerm, PZ, PHann, SkG, StgrSt, BÁ, EÁrna, EystJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (FJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 573).

61. Vegalagabreyting (frv. PO).

Á 4. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 16).

Á 6. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Pétur Ottesen):** Það er nú orðið nokkuð langt síðan breyt. hefir verið gerð á vegal.,

en grundvöllurinn undir þeim hefir breytzt síðan þau voru sett, því að á undanförnum árum hefir það verið svo, að jafnóðum og vegir féllu inn í þjóðvegakerfið, þar sem áður voru sýsluvegir, þá voru þeir jafnframt teknir upp í tölu þjóðvega. Með þessum hætti hafa smátt og smátt orðið þær breyt. á vegakerfi landsins, að allmargir af þeim vegum, sem áður voru sýsluvegir, eru nú að meira eða minna leyti búnir að vera sem sýsluvegir og hafa smám saman verið teknir upp í tölu þjóðvega. Á því tímabili, sem liðið er síðan vegal. var síðast breytt, en það var 1933, hafa orðið miklar og víðtækar breyt. á vegasamböndum landsins og umferð um vegi, og þess vegna er það ekki nema eðlilegt, þó að brtt. verði bornar fram. Það hafa komið fram óskir um breyt. á vegafyrirkomulaginu, sem ganga í sömu átt og lagt er til í þessu frv. og öðru frv., sem liggur fyrir þessu þingi. Einnig hafa komið fram fjölmargar brtt. í sömu átt á undanförnum þingum, en það hefir ekki tekizt að fá framgengt neinum breyt. á vegal. á þessu árabili, en ég býst við, að eftir því, sem lengra líður, þyki sanngjarnt, réttlátt og eðlilegt, að teknar verði aftur upp breyt. sem eðlileg afleiðing af þeim samgöngubótum og umbótum á vegakerfi landsins, sem hafa orðið á seinni árum. Mér virðist því eðlilegt, að þeir vegir, sem eru taldir upp í brtt. mínum á þskj. 16, verði teknir upp í þjóðvegakerfið, eins og því hefir verið háttað á undanförnum árum.

Ég þarf ekki að fjölyrða um hinar einstöku brtt., því að ég hefi gert það hér áður og auk þess hefir verið gerð grein fyrir þeim ástæðum, er liggja til grundvallar fyrir þessu frv. í grg. þess. Ég vil aðeins bera fram þá ósk, að Alþ. taki nú þessu máli þannig, að það fái nokkra afgreiðslu, og vildi ljúka máli mínu með ósk um að þessu frv. verði vísað til samgmn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 16, n. 261, 23, 27, 38, 39, 40, 49, 52, 54, 55, 59, 60, 62, 68, 79, 89, 115, 144).

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég mun nú ekki sakast um þó að vanti ýmsa af þeim, sem kallaðir voru áðan „hlutaðeigendur málsins".

Hér eru nú til umr. breyt. þær á vegal., sem hv. þm. þessarar hv. d. og einnig hv. Ed. hafa talið sig mikla áhugamenn um og hafa komið fram með margar brtt. við l., sem liggja fyrir ásamt þeim frv., sem borin voru fram um málið í byrjun þings.

Frv., sem komið hafa fram um breyt. á vegal. á þessu þingi, eru tvö, á þskj. nr. 16 og nr. 18. Þar af hefir samgmn. ekki talið skipta máli að taka til meðferðar sem frv. nema annað þessara frv., sem sé það á þskj. nr. 16, úr því að allar brtt., sem fram hafa komið síðan, hafa miðazt við það frv. Enda mun sönnu nær, að ef frv. á þskj. nr. 16 hefði verið komið fram og útbýtt á undan frv. á þskj. nr. 18, þá hefði frv. á þskj. nr. 18 ekki komið fram nema sem brtt. N. hefir því skoðað það frv. sem einskonar brtt., sem yrði að taka afstöðu til í n. og hv. d.

Samgmn. hefir á þskj. 260 tekið nokkra rögg á sig og viljað gera eitthvað í þessu máli. En eins og allir vita, sem kynnt hafa sér þingmál fyrr og síðar, þá eru tvennskonar mál mest reipdráttarmál, það eru l. um vegi annarsvegar og síma hinsvegar. Ég vil geta þess nú til aðvörunar, að síðast þegar samgmn. leyfði sér að koma með nokkrar till. af þeim mörgu, sem fram hafa komið um síma og vegi hér í hv. d., og mæltist til þess, að hv. þdm. vildu fallast á það að láta hitt liggja, sem í brtt. fólst, en n. gat ekki aðhyllzt, þá fór allt út um búfur, þannig að enginn sætti sig við það, sem n. kom fram með í málinu, og málið eyddist. Nú vildi ég gera það að till. minni, að þeir hv. þm., sem ekki hafa fundið náð fyrir augum n. að sinni, vildu taka till. sínar aftur og sætta sig við þær till., sem n. hefir gert að sínum, og veita þeim framgang sem l. frá þinginu.

Það hefir ekki verið kleift að hraða afgreiðslu þessa máls meira í samgmn. heldur en gert hefir verið. Og vel má tími vinnast til þess að koma málinu fram á Alþ. nú, ef menn geta verið á það sáttir, svo að nú fengist nokkur bót ráðin á því, sem margir hv. þm. telja ekki í lagi vera eins og er, og að þeir vegir á almennum leiðum verði teknir upp í tölu þjóðvega, sem menn telja, að eigi það skilið.

Ég hefi hér fyrir framan mig allar þær brtt., sem liggja fyrir í þessu máli, og má segja, að hver einasti alþm. hafi komið fram með einhverja till. Má heita, að hjá öllum hafi n. tekið eitthvað til greina. Gegnir furðu, ef hv. þm. fagna því ekki, að n. hefir séð sér þetta fært. Hinsvegar hefir n. tekið þá einu færu stefnu, að aðhyllast ekki aðrar brtt. en þær, sem hún var sannfærð um, að væru réttmætar og vegamálastjóri hefir gefið álit um og mælt með. Einnig hefir hann gefið álit um aðrar, sem hann telur ekki réttar, sumpart af því, að hann telur ekki koma til mála að taka þær upp, og sumpart vegna þess, að hann telur ekki hasta með þær. Ég tel góða reglu að taka fyrst nokkra vegi í tölu þjóðvega, en láta aðra bíða um stund, því að ástæður eru alls ekki svo fljótskoðaðar, að geti náð nokkurri átt að taka ýmsa vegi í þjóðvegatölu, þó að vitað sé, að almenningur á viðkomandi stöðum og fulltrúar þeirra vilji fylgja því fram. Það verður að velja úr. Sumpart er svo ástatt um þessa vegi, sem n. hefir tekið til greina, að hún telur fulla ástæðu til að taka þá í tölu þjóðvega, og í öðru lagi, eru nokkrir vegir, sem sumir hv. þm. hafa borið fram till. um, en ekki eru teknir upp eftir orðanna hljóðan. T. d. er vegur í Árnessýslu, sem brtt. hefir komið um. Það er Gnúpverjavegur. Hann er ekki með í till. n. Það er af því, að hann er í fyrsta lagi til í vegalög-

um, og einnig er hann kominn inn á þá braut, sem farið er fram á í till. hv. þm. Árn., svo að það er í rauninni orðið, sem þeir fara fram á, og tel ég, að það fullnægi þeirra till.

Nú má vera, að ýmsir telji, að einhver vegur, sem þeir gera till. um, hefði frekar átt að koma en aðrir, sem n. hefir tekið upp. En því er til að svara, að það verður að hlíta dómi þeirra, sem með þessi mál hafa að gera, hverju liggur mest á, og ég tel, að hv. þm. séu góðu bættir, þar sem þeir fá þó uppfyllt eitthvað af óskum sínum og áhugamálum, þó að allt komist ekki fram.

Annars virðist mér nú, að hv. þm. sé mörgum hverjum ekki sérstaklega mikið áhugamál að fylgjast vel með í þessu máli, þar sem flestir eru nú horfnir úr d. Ég tel því ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en skil þetta svo, að hv. þm. séu mér sammála og taki aftur till. sínar, svo að til atkv. komi nú aðeins þær till., sem n. hefir tekið upp.

***Þorsteinn Briem:** Í nál. á þskj. 216 hefir samgmn. komizt svo að orði, að hvert hérað, sem till. hafa komið frá um að taka vegi í þjóðvegatölu, hafi fengið einhverja lausn í till. n. Ég hygg, að það sé aðeins fyrir vangá n., að brtt. mín á þskj. 27 hefir ekki komizt inn í þá breytingartillagnaskrá, sem fylgir nál. Af þeirri ástæðu skal mér vera því ljúfara að taka aftur þessa brtt. mína til 3. umr. Brtt. mín hljóðar um það að taka upp í vegalög Salthólmavíkurveg.

Þessa brtt. tek ég aftur samkv. tilmælum hv. frsm., en aðeins í því trausti, að það hafi verið fyrir vangá n., að hún hefir ekki mælt með henni, en á hinn bóginn tekið upp vegi, þar sem líkt stendur á um. Þarna er ekki um stóran verzlunarstað að ræða, en þar er þó opin búð í hverri viku allt árið, og suma tíma ársins á hverjum degi. Umferð er þar allmikil, því að menn fara þangað oft á bílum og svo á ferju yfir Gilsfjörð til Króksfjarðarness. Vegurinn er því ekki eingöngu fyrir héraðsbúa, heldur einnig fyrir almenna ferðamenn, og á því vel við, að hann sé í þjóðvegatölu.

Ég vænti því, að hv. n. taki þessa till. til velviljaðrar athugunar fyrir 3. umr.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Það kom þarna þm., sem ég hélt, að væri genginn út, og fagna ég yfir því. Þetta er að nokkru leyti rétt, sem hann sagði, en þó ekki að öllu leyti. Nál. greinir, að hverjum stað, sem till. hafi komið fram um, hafi n. reynt að gera úrlausn. Tók ég sem dæmi um úrlausn n. 2 till., en þær eru ekki teknar upp sérstaklega í brtt. hennar. Það er brtt. á þskj. 52, frá hv. þm. Árn., þar sem svo er ástatt um, að búið er að vissu leyti að fullnægja þeim óskum. En um till. á þskj. 27, frá hv þm. Dal., er það að segja, að það er rétt, að vegamálastjóri hefir enga skrifl. umsögn gefið um hana. Býst ég við, að hann hefði gert það, ef honum hefði þótt sérstök ástæða til. Ég hefi í dag, í sambandi við það, að hv. flm. þessarar till. átti tal við mig um hana, rætt þetta við vegamálastjóra. Álit hans um þennan veg er í stuttu máli það, eins og um margar aðrar till., sem hér liggja fyrir, en n. hefir ekki tekið upp, að ekki sé að svo stöddu rík ástæða til að taka þennan veg í tölu þjóðvega. Þetta er innansveitarvegur, sem að vísu liggur til löggilts verzlunarstaðar, en þar er svo ástatt, eins og í svo mörgum öðrum stöðum á landinu, að skipað er upp vörum og afhent ull til töku þar. Telur vegamálastjóri, að þarna sé ekki verzlun árið um kring, heldur aðeins nokkrar vikur á ári hverju, og sé því ekki fært að skoða þetta sem kauptún. Vitanlega má um það deila í öllum héruðum frá sjónarmiði þeirra, sem þar eiga hlut að máli, hversu nauðsynlegt sé að fá þennan eða hinn veg, en ég held, að hv. þm. ætti að geta sætt sig við að bíða með þessa till., ekki aðeins til 3. umr., heldur eins og ég fer fram á, að hann og aðrir féllu frá þeim till., sem n. hefir ekki mælt með, og undir öllum kringumstæðum er það æskilegt, að ekki komi til atkv. við þessa umr. aðrar till. en þær, sem n. hefir tekið upp, því að hinar eru þannig vaxnar, að það þyrfti væntanlega að orða þær upp. Þess vegna vil ég vegna forseta ítreka það — þó að erfitt sé að tala við þá, sem eru ekki nærstaddir, um að taka till. sínar aftur — að nú verði gengið til atkv. um till. n., af formlegum ástæðum, en aðrar till. teknar aftur til 3. umr.

Forseti (JörB): Ég mun ásamt meðflm. mínum taka aftur til 3. umr. þær till., sem við flytjum. Ég tel, eins og hv. frsm., að það sé mjög æskilegt, ef menn vildu verða við þeim óskum.

***Þorsteinn Briem:** Það er aðeins aths. Hv. frsm. hefir nú viðurkennt það, sem ég benti á í upphafi máls míns, að ekki sé alveg rétt frá skýrt í nál., og ætla ég, þrátt fyrir orð hv. frsm., að þessi ónákvæmni sé vegna þess, að brtt. mín hafi ekki komið til athugunar í n.

Hv. frsm. ber vegamálastjóra fyrir því, að þetta sé innansveitarvegur. Ég vil enn benda á, að svo er ekki að öllu leyti, með því að það er alltítt, að menn fari á bílum til Salthólmavíkur til þess að fá flutning á sjó yfir Gilsfjörð. Ennfremur vill hv. frsm. gera lítið úr því, að þarna sé verzlunarstaður, heldur sé aðeins tekið þarna á móti ull á vorin og búð opin stöku sinnum. En þarna er sláturhús og verzlun opin, ekki eingöngu um sumartímann, heldur einnig vikulega yfir veturinn, einu sinni a. m. k. og stundum tvisvar í viku. Þetta er að vísu ekki kauptún, heldur er þar annar háttur, sem er ekki lakari, en hann er sá, að jörðinni hefir verið skipt milli margra ábúenda, og þar er a. m. k. einn iðnaðarmaður. Held ég því, að þarna sé heppilegt fyrirkomulag, þar sem öllum er tryggður aðgangur að jarðnæði.

Steingrímur Steinþórsson: Ég ætla ekki að flytja hér langa ræðu, en ég vil þakka hv. samgmn. fyrir afgreiðslu þessa máls, þó að ég sé ekki allskostar ánægður með gerðir hennar í sambandi við þær till., sem við þm. Skagf. höfum borið fram, en hitt var vitanlegt, að ómögu-

legt var að taka til greina allar þær mörgu till., sem fram hafa verið bornar.

Af því að ég stóð upp, vildi ég minnast á I. tölulið frv. okkar þm. Skagf. á þskj. 18 um veginn frá Varmahlíð að Goðdölum, sem n. hefir ekki tekið til greina. Ég álít þennan veg eiga fullan rétt á sér, og eins mikinn og marga aðra, sem teknir hafa verið upp í tölu þjóðvega í öðrum héruðum. En þrátt fyrir það hygg ég, að ef flm. annara till. tækju sínar till. aftur, mundum við einnig taka þessa till. aftur, til þess að fá það fram, sem tekið er til greina af okkar till. Mér er ljóst, að ef ekki næst samkomulag, þá muni þess engin von, að frv. komist í gegnum þingið. Ég er þess því mjög hvetjandi, þó að ég sé ekki allskostar ánægður með afgreiðslu n., að menn geti komið sér saman um þær till., sem n. hefir mælt með, því að þá fá menn þó nokkuð af þeim breyt., sem þeir hafa óskað eftir.

***Pétur Ottesen:** Ég get engan veginn tekið undir það með síðasta ræðumanni, að n. hafi hitt svo naglann á höfuðið, að ekki sé ástæða til að taka annað til greina en það, sem hún leggur til, en hitt vil ég taka undir með honum, að allt, sem n. leggur til, stefnir í rétta átt, þó að engan veginn sé svo tekið undir óskir manna sem ég hefði óskað og vonað.

Ég vil svo víkja að þeirri till., sem ég bar upphaflega fram sem frv. N. hefir ekki tekið til greina nema eina af þeim þremur óskum, sem ég bar fram samkv. eindreginni áskorun þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, sem sé að taka Grímsárbraut upp í þjóðvegatölu, en alveg gengið framhjá hinum tveimur, sem sé Lundarreykjadalsvegi og svokölluðum Akranesvegi, sem tengir sveitirnar austan Akrafjalls við kauptúnið Akranes. Um þann fyrri er það að segja, Lundarreykjadalsveginn, að það er almennt litið svo á, þar á meðal af mönnum, sem utanhéraðs eru og láta sig miklu skipta samgöngur á þessari leið, að endurbætur á þessum vegi muni, eins og nú er komið, ekki vera ýkjakostnaðarsamar, en vegurinn hafa ákaflega mikla þýðingu, sér í lagi fyrir þá, sem koma að norðan eða vestan og vilja fara til Reykjavíkur landleiðina um Borgarfjörð, því að þá er langstytzt að fara Uxahryggjaveg og á Kaldadalsveginn. Þessi leið er miklu fyrr opin en sú raunverulega Kaldadalsleið, sem er farin upp úr Hálsasveit upp hjá Húsafelli, sem liggur miklu hærra en þessi leið og er því miklu lengur undir snjó. Þessi leið er því mjög þýðingarmikil, einkum í sambandi við langferðir. Nú stendur svo á, að þessi vegur er nú þegar að nokkru leyti lagður, en að nokkru leyti ruddur fram eftir Lundarreykjadal, en eftir eru Uxahryggir og allra fremst í dalnum. En þegar eingöngu er miðað við sumar-, haust- og vorleið, þá hagar svo til, að ekki þarf annars við en að ryðja á þessari leið, svo að kostnaður af þessu er tiltölulega lítill, og þegar það fer saman, að þarna þarf ekki að offra miklu fé til þess að fá miklu styttri leið heldur en nú er nokkur kostur, þá finnst mér öll sanngirni mæla með að þessi mikilsverði vegur verði tekinn í þjóðvegatölu og gerðar á honum nauðsynlegar umbætur. Eins og sakir standa nú, er benzín, gúmmí og annað, sem þarf til rekstrar bíla, ákaflega dýrt, og má búast við, að svo verði nú fyrst um sinn, og verður að kaupa allt slíkt frá útlöndum, svo sem allir vita. Það er því mjög mikils virði, ef hægt er með tiltölulega lítilli fyrirhöfn að færa slíkan kostnað niður. Ég er því alveg sannfærður um, að þessi vegur er í fyrstu röð þeirra vega, sem taka á í tölu þjóðvega. Það má vel vera, að hv. samgmn. hafi ekki verið nægilega kunnug staðháttum, vegna vantandi upplýsinga, er hún tók ákvarðanir um brtt., en nú hefi ég bætt úr því, sem ég kann að hafa átt vangert áður með upplýsingarnar, og vænti fastlega, að háttv. nefnd láti þennan veg fylgja þeim öðrum vegum, er hún hefir mælt með að teknir yrðu í þjóðvegatölu.

Hvað Akranesveginn snertir, þá má færa gildar ástæður fyrir því, að hann eigi að takast í tölu þjóðvega, eins og margir þeir vegir, sem hv. samgmn. hefir mælt með, enda þótt hann liggi ekki á aðalsamgönguleið á milli landsfjórðunga.

Ég vil svo að síðustu taka það fram, að ég vænti þess fastlega, að ég hafi hér á Alþingi rutt þá braut, eða riðið á vaðið með breytingar á vegalögunum, sem virðist ætla að hafa það í för með sér, að nokkur bót fáist á þessum málum og óskir og kröfur ýmissa hv. þm. verði uppfylltar í þessu efni.

Ég vil svo að lokum undirstrika nauðsyn þess, að Uxahryggjavegurinn komist í tölu þjóðvega.

Bergur Jónsson: Ég vil aðeins taka það fram, að þar sem ég hefi heyrt yfirlýsingu hv. samgmn. um brtt. minar, mun ég taka þær aftur til 3. umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Ég tel sjálfsagt að ljúka þessari umr. nú og atkvgr. sömuleiðis, þar sem allar brtt. hafa verið teknar aftur til 3. umr. Gangi þær aftur þá, mun ég sem frsm. samgmn. gera þeim einhver skil.

Hvað snertir ræðu hv. þm. Borgf., skal ég taka það fram, að við hana hefi ég margt að athuga. Hún var sannarlega meira flutt af kappi en forsjá. Hinn ruddi vegur, sem hann var að tala um, mun frekar geta kallazt óvegur en vegur. Annars vil ég segja hv. þm. það, að n. tók upp þann veginn, sem vegamálastjóri taldi hafa meiri þýðingu, en frestaði að taka hinn, sem hann taldi skaðlaust, að biði enn, án þess að vera tekinn í tölu þjóðvega.

Að síðustu vil ég svo leggja áherzlu á það, að gengið verði til atkv. nú þegar um frv. og brtt. n.

Forseti (JörB): Ef allir þeir, sem brtt. hafa flutt við frv., hefðu lýst yfir því, að þeir tækju brtt. sínar aftur, þá hefði verið hægt að ganga til atkv., en nú er það alls ekki; það eru þvert á móti margar brtt., sem ekki hafa verið teknar aftur, en flm. þeirra fjarverandi. Verður því að fresta atkvgr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Ég veit ekki betur en að öllum hv. þm. hafi verið það ljóst, að mál þetta var hér til umr. nú, og tel ég því ekki nema rétt, að þeir taki afleiðingunum af því að vera fjarstaddir, þegar málið kemur undir atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Ég verð, þó að umr. sé lokið um þetta mál, að hreyfa því, sem óskað var eftir af mér fyrir hönd samgmn. og af hæstv. forseta í gær, að allir, sem stóðu að brtt., tækju brtt. aftur til 3. umr., og aðeins yrðu greidd atkv. um brtt. n. á þskj. 261.

Stefán Stefánsson: Ég tek aftur a-lið brtt. á þskj. 79 til 3. umr. B-lið brtt. hefir n. tekið upp í sínar brtt.

Thor Thors: Ég vil aðeins lýsa yfir, að ég tek aftur til 3. umr. brtt. 39, þar sem n. hefir tekið a-lið hennar upp í sínar brtt.

Vilmundur Jónsson: Ég vildi aðeins lýsa því yfir, að ég leyfi mér að taka aftur brtt. mína á þskj. 38.

Forseti (JörB): Við atkvgr. um þetta mál mun ég bera till. n. fyrst undir atkv. En þar sem frvgr. breytist mjög, verði till. n. samþ., ekki einungis að því leyti hvað hún tekur yfir meira, heldur er líka fellt nokkuð úr henni, þá þykir mér ekki nema sanngjarnt að verða við óskum hv. flm., ef fram koma, um að bera undir atkv. þetta sérstaka atriði frumv., þar sem hv. flm. frv. á ekki kost á að koma öðruvísi með leiðréttingar við þessa umræðu, ef hann vill þeim fram koma, heldur en með því að bera fram sérstaklega a-lið I, að haga atkvgr. þannig, og mundi ég verða við þeim tilmælum.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Ég sé ekki betur en tilganginum sé fullnægt með því að bera upp í einu lagi þær brtt., sem n. nú leggur til, að verði á frvgr., sem allar miðast við 2. gr. frv. um breyt. á vegal. frá 1933, og þar komi ekki neinn sérstakur liður til viðbótar fyrr en við 3. umr. En þá gæti liðunum fjölgað eftir því sem henta þætti.

Forseti (JörB): Ég hefi hugsað mér viðvíkjandi atkvgr. að fara lá leið, sem hv. þm. V.-Sk. drap á, að bera upp brtt. n. í einu lagi. Við 3. umr. mætti bera fram brtt. um þau atriði frumv., sem felld eru niður eftir till. n., verði þær samþykktar. En ef hv. flm. óskaði — sem mér er ekki grunlaust um — að bera upp einhverja stafliði, sem felast í hans frv., nú þegar við þá brtt., sem n. hefir gert, þá vil ég ekki neita honum um það. Því að um svona atriði er ekki hægt að ganga öðruvísi til atkv. en nokkuð sundurliðað, vegna þess hvernig málinu er háttað.

ATKVGR.

Allar brtt. nema brtt. 261 teknar aftur til 3. umr.

Brtt. 261 samþ. með 24 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Hv. þm. Borgf. hefir óskað eftir, að liður I,a í hans frv. yrði borinn upp til atkv. í sambandi við brtt. n., og mundi hann þá komast undir rómv. IV í brtt. hennar.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég lít svo á, að þetta sé ekki réttur gangur í málinu nú. Ég tel, að það sé með þeirri samþykkt, sem nú var gerð, þegar búið að ákveða frvgr. eins og hún er nú stíluð, og þar geti ekki komið neitt krull til greina með að kljúfa úr frv. vissan hluta á þennan hátt við atkvgr., því að á sama hátt gæti hver sem vill af þeim, sem tekið hafa aftur sínar brtt., komið með þær til þess að fá þær samþ. Því að hvorki þessi brtt. né aðrar falla inn í frv. nú, breytt frá því sem það var áður. Og hið rétta form á þessu er, að allar frekari breyt. bíði til 3. umr., enda er engu sleppt með því. Þetta hafa hv. þm. líka gengið inn á, bæði af formlegum og efnislegum ástæðum, þar sem þegar er tekið upp í brtt. n. eitthvað frá hverjum af því, sem flestir hv. tillögumenn báru fram, undir a-lið brtt. á þskj. 261 við frv. nr. 16, sem nú hefir verið samþ.

Annað, sem kemur til atkv. við 3. umr., sem þarf að orðast um, fellst ég ekki á f. h. n., að verði borið upp þannig.

Forseti (JörB): Þetta er ekki stórvægilegt atriði. Og ef hv. þm. hefðu ekki tekið aftur sínar brtt., þá mundi maður hafa borið brtt. upp á þennan hátt, og séð svo til, að þær, sem samþ. hefðu verið af þeim, hefðu komið á rétta staði í frv.

Hv. flm. (PO) getur að vísu tekið aftur till. sína og borið hana fram sem brtt. við 3. umr. En vitanlega mundi hún þó koma á sama stað inn í frv. sem ég ætla að setja hana nú. Í svona kringumstæðum er ekki hægt að hafa slíkt öðruvísi en ég hefi nú tekið fram. Og till., ef samþ. verður, mundi koma undir rómv. IV í brtt. n. Og hv. þm. V.-Sk. má vera viss um, að séð verður um, að það verði gert á réttan hátt.

ATKVGR. (frh.).

I,a í frvgr. (liðurinn borinn upp skv. ósk flm.) samþ. með 15:10 atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 30., 31., 32. og 33. fundi í Nd., 4., 5., 9. og 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 323, 23, 27, 38, 39, 40, 49, 52, 54, 55, 59, 60, 62, 68, 79, 89, 115, 144, 351, 354, 358, 404).

***Frsm. (Gísli Sveinsson)**: Herra forseti! Ég sé, að þskj. við þetta mál eru með öðrum hætti á dagskránni í dag en þau voru í gær. Nú vissi ég ekki til þess að málið væri tekið fyrir í gær, enda þó að það væri á dagskrá.

Ég sé, að við frv. eru miklu færri brtt. en taldar voru í gær, og sé ég ekki, hvernig þetta má verða, það þarf a. m. k. skýringar. Að því er snertir málið sjálft, þá er því svo farið, eins og ég gat um við 2. umr., að eftir allmikla vinnu í n. og viðræður við vegamálastjóra þá höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að réttlátt væri að taka upp í tölu þjóðvega nokkra af þeim vegum, sem getið er um á þskj. 261, en það er nál. samgmn. En allar þær brtt., sem fram eru komnar frá einstökum hv. þm., er vitanlega ekki hægt að taka til greina, því að þm. eru meira og minna aðgangsfrekir, þegar farið er að bera fram brtt. við vegalögin, og það virðast næstum engin takmörk fyrir því, hvað þm. leyfa sér að koma fram með af brtt., einkum eftir að einn er byrjaður að koma með brtt. Það er þá sem sagt engin leið að komast út úr því öllu í einu lagi, nema annaðhvort með því að hundsa allt, sem fram kemur af brtt., eða þá hitt, að vinza nokkuð úr þeim. Hér er þó farin sú leiðin, að vinza úr það, sem n. þótti mestu máli skipta og nauðsynlegast er að framkvæma. Eins og nál. og brtt. á þskj. 261 bera með sér, þá er hér ætlazt til, að 2. gr. vegalaganna orðist á þann hátt, að bætt sé inn nýjum vegum í tugatali. Það mætti nú sýnast, að það væri nógu langt gengið, með því að reynslan hefir sýnt, að ekki hefir verið hægt að veita fé til þeirra vega allra, sem teknir hafa verið upp í tölu þjóðvega. Það eru vitanlega takmörk fyrir því, hvað mikið fé er hægt að *veita árlega í þessu skyni, og þó að vegir hafi* verið teknir upp í tölu þjóðvega, þá er það engan veginn skuldbundið, að til þeirra skuli leggja fé, það verður að vera eftir því sem fé er veitt til þess á fjárl. Þess vegna mætti segja, að það gæti ekki verið mikið keppikefli fyrir hv. þm. að þvinga inn till., sem gefið er, að ekki verður veitt fé til á næstu árum. Það er því mjög sennilegt, að eitthvað annað liggi til grundvallar hjá hv. þm. en að sjá vegunum farborða. Það má gera ráð fyrir því, að hv. þm. þyki það ekki svo lítils virði að geta sagt við kjósendur sína: „Nú eru þessir vegir komnir í tölu þjóðvega.“ Vitanlega hefði samgmn. óskað þess, að þm. hefðu athugað þetta sjálfir og gert upp við sig í samráði við vegamálastjóra, hvaða vegi mætti helzt taka upp í tölu þjóðvega, og hefði það þá máske orðið til þess, að meira samræmi hefði orðið í till. þeirra. Ég vil ekki aðeins óska þess, að þeir taki sínar brtt. aftur, heldur vil ég fyrir hönd n. skora á þessa hv. þm. að taka aftur sínar brtt. og láta þar við lenda sem hér er orðið. Enda munu þeir hv. þm., *sem hér standa að brtt., yfirleitt hafa lýst* yfir, að þeir taki brtt. sínar aftur eða muni gera það við þessa umr. Og ég get lýst því yfir, að það hefir ekki verið neitt meira tekið til greina, sem komið hefir fram í brtt. samgmn.-manna sjálfra, heldur en annara hv. þm. Það hefir verið reynt að taka upp í till. n. jöfnum höndum till. varðandi hin ýmsu héruð hér á landi, sem við könnun hefir talizt að megi takast inn um nokkurt árabil. Því að það er fullvíst, að ekki er hægt að ætlast til þess, að á hverju ári sé svo ástatt, að till. héðan og *þaðan um nýja upptöku vega í tölu þjóðvega* verði teknar til greina, hvorki af ráðamönnum framkvæmdarvaldsins né heldur af þeim n., sem um það mál fjalla með nokkurri ábyrgð í hæstv. Alþ. Hitt kann vel að vera, að einstakir hv. þm. telji sér ekki skylt að líta þannig á málið. En n. lítur þannig á, að þessi mál beri að líta á með fullri ábyrgðartilfinningu, enda þótt ekki verði með því móti allar till. teknar *til greina.*

Eins og hv. þm. sjá, er hér bunki af till. frá hv. þm., sem að vísu hefir rýrnað nokkuð í meðförunum síðan við 2. umr. og þangað til í dag. En það lasta ég ekki, að sumar brtt. eru ekki komnar á dagskrá nú, og verða því aldrei greidd atkv. um þær. En þær eru nógu margar eftir samt, og þær eru svo vaxnar að áliti n., að engin þeirra ætti að takast til greina, — ekki þær, sem enn lafa á dagskránni. Svo að enn gildir það, að þó að þessar eftirbreytur séu á dagskrána settar, sem hér hefir orðið, þá er n. á einu máli um að líta þannig á, að breyt., sem voru á þskj. nr. 261 og nú eru komnar inn í frv., sem er á þskj. nr. 323, — að þessar frvbreyt. séu svo viðtækar, að ekki nái nokkurri átt að knýja nú fram við frv. enn fleiri breyt. Það var svo við 2. umr. þessa máls — ég leyfi mér að segja það fyrir hönd n. — að þannig var farið að, sem hvorki ég né n. getum viðurkennt, að hafi verið réttmætt. Þá var þröngvað inn í frv. með aðstoð hæstv. forseta einni brtt., sem að réttum dómi var raunverulega búið að fella þá við atkvgr. Þá var málið þannig vaxið, að frv. það, sem hér er tekið tillit til, lá þá til grundvallar á þskj. 16 frá hv. þm. Borgf. (PO). Og það frv. hljóðaði um, og var allt þar með talið, till. um breyt. á vegal. í þrennu lagi, þar sem þremur nýjum vegum á að bæta inn í tölu þjóðvega. Nú var af þessum till. tekin til greina ein till., svo nefnd Grímsárbraut; hún var tekin inn í frv. með samþykkt brtt. samgmn. undir nafninu Bæjarsveitarvegur. En það virtist svo sem þessum hv. þm. nægði þetta ekki Þessi hv. þm., þm. Borgf., er nú form. fjvn., og hann þykist kannske vita deili á því, að nóg séu nú fjárráð landsins til þess að auka kostnað ríkisins óútreiknanlega mikið. Þessi hv. þm. hafði, að því er virtist, talið forseta trú um, að vel mætti bera upp einn lið frv., þó að búið væri að fella þetta frv. hv. þm. Borgf. með því að setja annað í þess stað, eins og greinir á þskj. 261, þar sem er borin fram brtt., þar sem allt frv. er fellt úr gildi eða því vikið til hliðar með þeirri höfuðbreyt., sem gerð er á því þskj., þar sem ekki aðeins þessi vegur, sem ég nefndi. var samþ., heldur allir vegirnir, sem n. tók til greina. Þannig var þá raunverulega frv. á þskj. 16 úr sögunni, þegar búið var að fella þetta frv. og annað komið í staðinn fyrir það. En þá skeður það, að hæstv. forseti tekur, vafalaust eftir áróðri hv. þm. Borgf., það til bragðs að vilja bera upp til atkv. einn lið í þessu frv.,

sem raunar var komið fyrir kattarnef, og tekur fyrir, að því er virðist af handahófi, fyrsta lið frv., og hann er samþ. Hv. þm. Borgf. hefir vafalaust lagt á það ríka áherzlu að þvinga inn ekki aðeins Bæjarsveitarveginn, heldur líka, að Lundarreykjadalsvegur skyldi koma inn á þennan hátt, enda þótt hann væri fallinn. Þetta gat hv. þm. Borgf. látið gera. Þetta var eina till., sem var þvinguð inn, en var áður raunverulega fallin. Hinar till. voru ekki fallnar. En þessar till. á þskj. 16 varð allar að taka upp og orða um og bera fram síðar við 3. umr., ef rétt hefði átt að að fara. Og það kemur í ljós, að í millitíðinni er hv. þm. Borgf. ekki ánægður. Hann er búinn að fá Grímsárbraut samþ. og þvinga inn Lundarreykjadalsveg. En hann er enn ekki ánægður, heldur kemur hann enn með þann veginn, sem er sjálfdæmdastur af þessum þremur vegum og jafnvel af öllum vegum, sem till. hafa komið um. Þá fer hann aðra leið, því að hann mun ekki hafa búizt við, að hæstv. forseti bæri upp Akranesveginn. Og mér er óskiljanlegt, hvers vegna forseti gerði það ekki, til þess að frv. gæti þá komið allt til atkvgr. og orðið samþ., sem búið var að fella allt í heild! — Hv. þm. Borgf. átti ekki nema þrjár till. um vegi og vill fá þær allar samþ. Á sama hátt gætu allir hv. þm. sagt: Það er tekinn upp af mínum till. einn vegur, — hvers vegna skyldi ég þá ekki líka fá samþ. annan veginn og þriðja veginn? Það hvílir ekki aðeins ábyrgð á samgmn. í þessu efni, heldur og á hv. þm. Og það kemur úr hörðustu átt, er sjálfur form. fjvn. beitir svo þvingun í málum sem hann hefir gert í þessu efni.

Samgmn. mun yfirleitt greiða atkv. á móti öllum brtt. öðrum en þeim, sem komnar eru inn í frv. Og þó að svo sé, að þar sé kominn inn einn vegur, sem n. ekki ætlaðist til, að þangað kæmist, þá verður að treysta því, að hv. Ed. lagfæri það.

Forseti (JörB): Ég skal geta þess út af því sem hv. þm. V.-Sk. sagði viðvíkjandi dagskrárskjölum, að þegar dagskráin var ráðin til 3. umræðu um þetta mál, þá höfðu verið teknar allar brtt. inn á dagskrána án tillits til þess, sem komið var inn í frv. En við athugun á því sýndist svo sem sumt af þeim skjölum þyrfti ekki að standa á dagskránni, af því að sum þeirra voru komin inn í frv., og því hafa þau verið niður felld. Og ég held, að ekki hafi verið fellt niður neitt af skjölum nema það, sem komið er inn í frv., a. m. k. ef svo er, þá er það óviljandi gert. Þess vegna er þetta ekki nema leiðrétting á dagskránni, og slíkt hefir verið fyrr og síðar gert án þess að að hafi verið fundið.

Aftur á móti er um það að segja, hvort þingskjöl hafi verið borin upp við atkvgr. við 2. umr. þessa máls samkv. þingsköpum eða löglega þá að farið, að ég býst við, að ef ég svara því, verði hv. þm. V.-Sk. að gegna forsetastörfum á meðan, því að ég veit ekki nema ég kunni að dvelja nokkuð við það atriði, ef ég geri grein fyrir því. En með því að hv. 8. landsk. hefir kvatt sér hljóðs, mun ég gefa honum orðið áður.

***Eiríkur Einarsson:** Vegna þess að ég á sæti í samgmn. þessarar hv. d. og á hér skylt við brtt., sem fyrir liggja, þykir mér rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessara mála með nokkru tilliti til hvorstveggja.

Þegar meginathugun fór fram á þessu máli í samgmn., lágu hér fyrir m. a. brtt. frá mér á þskj. 60. Ein af þeim brtt., sem þar um ræðir, er um Kiðjabergsbraut, frá Suðurlandsvegi um Reykjabraut að fyrirhuguðu brúarstæði á Hvítá nálægt Kiðjabergi, um Grímsnes vestur til Grímsnesvegar nálægt miðju Grímsnesi. Það er rétt, að þegar vegamálastjóri lagði til, hvaða vegi honum þætti gerlegt að taka í þjóðvegatölu, þá komst þessi till. mín ekki undir þann ramma, og er ekkert um það að segja. Og ég skal verða við þeim tilmælum hv. samgmn. að taka þessa brtt. mína aftur, svo að hún komi hér ekki til atkv. Aftur á móti er hér brtt. á þskj. 404, sem ég flyt og báðir hv. þm. Árn. með mér, um svo kallaðan Partaveg, eins og þeirri vegagerð er lýst hér á þessu þskj. Þessi brtt. kom fram nokkuð síðla, þegar meginathugun n. á brtt. í samráði við vegamálastjóra var um garð gengin. Og þess vegna fellur þessi brtt. ekki undir þann ramma, að vegamálastjóri hafi mælt með þessum vegi. En ég tel, að þar þurfi sérstakra skýringa við. Vegamálastjóri tók það fram, að till. um þennan veg hefði komið nokkuð seint til sín til þess, að hún gæti fengið gaumgæfilega athugun af hans hálfu, og því treysti hann sér ekki, úr því sem komið væri, til að mæla með þessum vegi svona seint. Hinsvegar verður ekki vefengd sú viðurkenning hans, að hann játaði, að um nauðsynjamál væri að ræða, þar sem þessi vegur er, sem hafði verið getið um áður, en með öðru vegarstæði, og flutt var till. um af mér og hv. þm. Árn. En þegar íbúarnir sjálfir, sem áttu við þennan veg að búa, skýrðu fyrir okkur, að það hafði við full rök að styðjast, að vegarstæðinu væri breytt, breyttum við till. okkar samkv. því.

Ég þykist nú enginn drottinsvikari vera við hv. samnm. mína í samgmn., þó að ég ekki taki þessa brtt. aftur, því að ég lýsti því yfir í n., að mér væri mjög umhugað um, að hún mætti ganga fram. Því að, eins og játað var af vegamálastjóra, er mjög nauðsynleg vegagerðin um suðausturhluta Flóans, frá Gaulverjarbæjarvegi yfir Miklavatnsmýri og um Partana að Fljótshólum, af því að þarna er land, sem á sér framtíð og verður nýtt miklu betur en nú er gert, og þá er höfuðnauðsyn, að frambúðarvegur verði lagður yfir þetta svæði. Þeir menn, sem þurfa að fá þennan veg, búa nú við afarillar samgöngur, en þurfa að flytja mjólk sína úr 200 kúm til Mjólkurbús Flóamanna, og þarna er því ekki um neina smávegis einangrun að ræða.

Ég vil geta þess, að það hefir komið fram og var vitanlegt vegamálastjóra, að héraðsbúar, sem eiga að búa að þessum vegi, leggja afarmikið kapp á, að þessi vegur komist í þjóðvegatölu — enda á hann jafnmikinn rétt á því og fjöldi annara vega — svo að þeir bjóða sérstakar fórnir í vinnu til þess, að byrjað verði á þessari vegagerð.

Þarf ég svo ekki að fjölyrða um þetta meira,

en endurtek það, að þó að ég taki brtt. á þskj. 60 aftur, þá hefi ég hvorki vilja né aðstöðu til að taka þessa brtt. á þskj. 404 aftur, en fulltreysti því, að hv. þdm. sjái réttmæti þessa máls og greiði þessari brtt. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti! Hv. 8. landsk. hefir nú vikið að þeirri brtt., sem ég er meðflm. að ásamt honum og hv. 2. þm. Árn., og ég hefi engu þar við að bæta um nauðsyn þeirrar ákvörðunar, að vegur verði þarna lögboðinn. Það er að vísu sýsluvegur þarna austur í Partana með sjó, en óhentugur og kemur ekki að fulli gagni, t. d. næst alls ekki eftir þeim vegi til þeirra engilanda, sem nauðsyn ber til, og kemur heldur ekki að fullum notum fyrir bæina, sem þarna eru austur frá. Ég mundi, þrátt fyrir þá nauðsyn geta fallizt á það fyrir mitt leyti, að þessi brtt. yrði tekin aftur, svo það verði ekki málinu að falli, en get ekki gert það, nema meðflm. minir fallist á þá ákvörðun.

Ég ætla svo að víkja lítils háttar að því, sem hv. frsm. samgmn. sagði hér um meðferð þessa máls við 2. umr. Hann veik að því, hver vandi væri á höndum með afgreiðslu þessa máls, og ef samþ. væru margar brtt., gæti það orðið málinu að falli. Þetta efast ég ekki um, að sé rétt, og ég skil þá afstöðu samgmn., að það sé mjög miklum erfiðleikum bundið að gera mönnum til hæfis og ganga svo frá þess máli, að menn geti nokkurn veginn vel við unað, en að málið gangi þó fram. Það er sízt of mikið úr því gert, sem hann sagði um það efni. Hinsvegar, þó að þessi vandi sé fyrir hendi, er samt ekki hægt að taka ráðin af hv. þm. um afgreiðslu slíkra mála frekar en annara mála, þannig að þar verða þeir að njóta atkvæðisréttar síns um það, sem þeir vilja samþ. eða fella af þessum till., þó að það hinsvegar geti vel verið, að það sé ekki hyggilegt, að halda til streitu sumum till., sem fram hafa komið um þetta mál.

Viðvíkjandi svo þeim atriðum, sem hv. frsm. samgmn. veik að um meðferð málsins við 2. umr., sem mér virðist hann telja alveg fráleita, og að engin dæmi væru til að haga þannig málsmeðferð við atkvgr., að tekið hefði verið atriði úr frv., sem hann telur að fallið hefði verið með samþykkt till. n., og sem ekki hefði því verið þingsköpum samkvæmt og því fráleitt, þá hefi ég það þar til að segja, að vera má, að ef maður vildi nota sér ýtrasta form til þess að tefla málum fram á fremstu nöf til þess að koma þeim fyrir kattarnef, tefla þeim kannske framar heldur en svo, að auðvelt væri að rökstyðja það, þá getur verið, að fundizt gæti forseti, sem hefði gert það. Það læt ég mig litlu máli skipta. En út af því, sem hv. þm. V.-Sk. lét orð hér falla um meðferð annara till., sem voru niður felldar við þessa umr., vil ég segja, að mér þótti vænt um, að hann leit þar sömu augum á málið og ég um, hvað heimilt hefði verið í því sambandi. Hann taldi, að ef flm. slíkra till. hefðu verið samþykkir því, þá hefði mátt bera þær upp við umr. Nú höfðu verið tekin úr þeim till. ýms atriði og samþ. með brtt. n., og þá áttu ekki lengur við hvað formið snerti þau atriði brtt., sem nefndin tók ekki upp í till. sínar. Allt þetta var mér ljóst, þegar umr. hófst um málið, og einmitt fyrir það tók ég fram, að þar sem svo sérstaklega stæði á um það, hvernig þessu máli væri háttað, þá skoðaði ég meðferð þess svo hér við umr. og atkvgr., að ef einhverjir hv. þm. héldu fram sínum brtt. við umr., þá mundi ég ekki sjá mér annað fært heldur en verða við óskum þeirra um að bera upp slíkar brtt., og að það, sem á skorti um form á þeim með tilliti til hinnar nýju gr., sem samgmn. hefir samið, yrði lagfært með breyt. við endurprentun og það skoðað sem hver önnur „redaktions"-breyt. Allir hv. þm. virtust mér sammála um þetta. Og mér þykir vænt um, að einmitt hv. þm. V.-Sk. hefir fallizt á þessa skoðun og lýst hana rétta og löglega, og að hann álítur, að allir hv. þm. hefðu átt rétt á að heimta slíkt viðvíkjandi sínum brtt., ef þeir hefðu óskað. En nú kom ekki til þeirra kasta um þetta efni, því að allir hv. þdm. tóku aftur sínar brtt., sumpart algerlega og sumpart til 3. umr., svo að þessa meðferð þurfti ekki að viðhafa um þessar brtt. Þá eru aðeins þau málsatriði, sem varða hv. flm. upphaflega frv., ein eftir. Brtt. n. var að vísu stíluð við hans frv., og hefðu þau málsatriði verið á annan veg heldur en eins og á stóð, mundi ég heldur ekki hafa séð mér fært að bera upp eina till. úr hans frv., sem samgmn. hafði ekki tekið upp í sínar till. Það var líka minni þörf á þessu, þar sem um 2. umr. var að ræða, og einmitt vegna þess fór ég fram á það við hv. þm. Borgf. að taka aftur þessi atriði til 3. umr. og flytja þá brtt. við frv. En hv. þm. Borgf. taldi um eitt atriði í sínu frv., einn liðinn, svo miklu máli skipta fyrir sig að sjá, hvernig viðhorf d. væri til hans við þá umr., að hann óskaði mjög eindregið eftir því, að atkv. væru látin skera úr um þetta atriði. Ég býst við, að það hefði alls ekki verið hægt að segja, að neinn réttur hefði verið brotinn á hv. þm. Borgf., þó að ég hefði ekki orðið við þeim tilmælum við 2. umr., að bera þennan lið upp, heldur látið það bíða til 3. umr. En það er ekki vani minn að beita harðræði við hv. þm. að óþörfu, ef mér finnst, að það, að láta að óskum þeirra, komi ekki í bága við þær reglur, sem gilt hafa hér á Alþ., og þá vil ég ekki synja þeim um óskir þeirra, óskir, sem þeir eiga í höfuðatriðum rétt á, og fyrir það varð ég við þessum tilmælum hv. þm. Borgf.

Nú þegar svona stendur á, eins og um þetta mál, að smáatriðum er þannig skipað, þá finnst mér fjarri öllu lagi, að flm. frv., sem er svona vaxið eins og þetta frv. var, að efni þess var nákvæmlega sama eðlis og mörg atriði í brtt. hv. þm. við frv., þá finnst mér ekki ná nokkurri átt, að flm. frv. hafi miklu minni rétt um afgreiðslu sinna till. heldur en aðrir hv. þm. um afgreiðslu þeirra till., sem þeir báru fram við þetta sama frv. Og að brtt., hvort sem heldur hún er flutt af hálfu n. eða einstakra hv. þdm., sem útilokar viss atriði í hinu upphaflega frv., eigi að geta gert það að verkum, að flm. þess frv. eigi að hafa minni rétt til að halda sínum till. fram til atkvgr. heldur en allir aðrir

hv. þdm., sem brtt. kunna að gera við málið, það get ég ekki fallizt á. Ef slíkt væri látið gilda, væri það nýr háttur um afgreiðslu mála hér á hæstv. Alþ. Venjan hefir verið sú, að láta ganga til atkv. um hvert málsatriði, svo að skoðanir manna gætu notið sín alveg án tillits til þess, hver flytti.

Þegar nú hv. þm. V.-Sk. finnur ekki aðrar ástæður til rökstuðnings máli sínu en fram hafa komið, þá held ég, að ekki sé ástæða til að fjölyrða frekar um þingskapabrot. Ég vænti svo, að það, sem við kunnum að líta misjafnlega á þetta atriði, verði ekki meira ágreiningsatriði en þegar er orðið, og frá minni hálfu er engin þykkja vegna þeirra atburða, sem hér hafa orðið. Ég tel hv. þm. ekki hafa gætt þess sem skyldi, hvernig málið er vaxið, og því lagist það, sem okkur ber á milli, er hann athugar málið nánar.

***Helgi Jónasson:** Hv. frsm. samgmn. tók það skýrt fram, hvað fyrir n. vakti, þegar hann mælti hér fyrir hönd hennar. Það var búið að vinna að því í samráði við vegamálastjóra, hvernig mál þetta skyldi leyst, og á það samkomulag hélt ég, að allir aðilar hefðu fallizt. En nú kemur t. d. hv. 8. landsk. með brtt., sem er um allt annað en vegamálastjóri lagði til. Brtt. þessa vænti ég, að hv. þm. taki aftur; hið sama vænti ég og, að aðrir þm. geri, sem brtt. eiga við frv. nú, og fyrir hönd okkar þm. Rang. vil ég taka það fram, að við tökum till. okkar aftur, ef aðrir þm. gera slíkt hið sama með till. sínar. Annars verð ég að segja það, að mér finnst ekki hægt að ganga lengra en samgmn. gerði í þessu efni.

***Steingrímur Steinþórsson:** Við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að ég teldi samgmn. hafa eftir atvikum komizt sæmilega frá þessu máli og reynt eftir föngum að koma til móts við þá, sem brtt. áttu við frv. Sömuleiðis gat ég þess, að við þm. Skagf. værum ekki ánægðir með till. samgmn., þar sem hún hefði ekki mælt með því, að vegurinn frá Varmahlíð fram í Goðdali væri tekinn í tölu þjóðvega.

Við 2. umr. frv. þessa var samþ. brtt. frá hv. þm. Borgf., sem samgmn. hafði ekki mælt með. Var þá sýnilegt, að boðorð það, sem samgmn. setti, var brotið, og fyrir því flytjum við, þm. Skagf., aftur brtt. okkar um veginn frá Varmahlíð fram Skagafjörðinn, en nú förum við aðeins fram á, að tekinn verði í tölu þjóðvega kaflinn frá Varmahlíð fram að Mælifelli, en það er ekki nema helmingur leiðarinnar fram í Goðdali. Till. þessi er flutt fyrir eindregin tilmæli frá sýslunefnd Skagfirðinga; þó munum við taka hana aftur, ef aðrir þm., sem brtt. eiga við frv. að þessu sinni, taka till. sínar aftur.

Ég get með engu móti fallizt á það í ræðu hv. frsm. samgmn., að sjálfsagt sé að fylgja í öllu till. vegamálastjóra um þessi mál. Mér finnst sjálfsagt að taka töluvert tillit til till. hans, en að leggja allt vald um þessi mál í hendur hans tel ég ekki rétt. Hitt get ég fallizt á, sem hv. frsm. samgmn. sagði, að máli þessu sé stefnt í hreinan voða, ef nú væri farið að samþ. nýjar brtt. við það. Ég fyrir mitt leyti vil leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt í því formi, sem það er nú, því að ég legg áherzlu á, að það komist í gegnum þingið að þessu sinni, enda þótt við þm. Skagf. séum ekki sem ánægðastir með það.

***Þorsteinn Briem:** Við höfum nú heyrt hinar hörðu áskoranir frá hv. frsm. samgmn. um að taka brtt. þær, sem fram eru komnar við frv., aftur. Það var fyrir óskir hans, að ég tók aftur brtt., er ég átti við frv. þetta við 2. umr., og það gerði ég í trausti þess, að n. athugaði sig betur og kæmist að þeirri niðurstöðu, að hún hefði ekki gert alveg rétt í till. sínum né farið að öllu eftir orðum sínum í nál., þar sem hún lýsir því yfir, að hún vilji láta hvert hérað hafa sitt. Þetta mun hún og hafa gert fyrir öll þau héruð, sem till. voru bornar fram fyrir, nema mitt hérað. Ég var því að vonast eftir, að hv. n. tæki til velviljaðrar athugunar brtt., sem kom fram vegna þessa héraðs. Til þess svo að gera hv. n. hægara fyrir þá flutti ég aðra brtt., svo að um tvo vegarkafla gæti verið að ræða. Brtt. sú hljóðar um það, að Staðarfellsvegurinn, sem nú er þjóðvegur, yrði lengdur frá Staðarfelli að Skarði. Eins og kunnugt er, þá er Dalasýsla afskekkt og hefir orðið útundan með vegabætur. Það er því þeim mun meiri nauðsyn að gera eitthvað fyrir sýsluna nú. Auk þess sem taka má tillit til þess, að mæðiveikin er allmjög farin að herja á þessa sýslu. Verður því vart um annað að ræða til bjargar fyrir fólkið en stofna smjörsamlag og auka þá um leið nautgriparæktina, breyta samlaginu svo síðar í rjómabú. Er því áríðandi, að samgöngurnar séu sem beztar, svo að hægt sé að láta búið ná yfir sem stærst svæði.

Hv. frsm. samgmn. deildi fast á hæstv. forseta og þá, sem flutt hafa brtt. við frv. nú. Ég vildi nú vona, að hann yrði jafnstrangur í kröfum gagnvart sjálfum sér og hann var gagnvart þeim, sem hann deildi á, og stæði við sín eigin orð í nál. Ég get alls ekki tekið brtt. mína aftur, hvað sem aðrir gera með brtt. sínar.

Forseti (JörB): Hvað snertir brtt. á þskj. 404, þá lýsi ég því yfir, að ég mun taka hana aftur, ef það getur orðið til þess að greiða fyrir málinu.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Ég mun ekki fara að ræða einstakar brtt., sem fyrir liggja. Það hefir komið skýrt fram frá n., að hún fellst ekki á neinar breyt. á frv. umfram þær, sem þegar hafa verið samþ.

Ég vil aðeins geta þess út af margendurteknum ásökunum hv. þm. Dal. í garð n., að honum hefir verið gefinn kostur á, að með hann verði farið eins og aðra, að brtt. hans verði samþ., ef hann fær meðmæli vegamálastjóra með henni. Vegamálastjóri hefir hvorki við mig eða þennan hv. þm. látið neitt í ljós um það, að nauðsynlegt væri að taka tillit til till. hans. Það hefir því ekkert verið farið verr með þennan hv. þm. eða hérað hans heldur en aðra. Aðalskilyrðið fyrir því, að samgmn. mæli með

brtt. við frv., er, eins og margtekið hefir verið fram, að vegamálastjóri mæli með till., telji sanngjarnt og rétt, að umræddur vegarkafli verði tekinn í tölu þjóðvega. Það er liðinn langur tími síðan hv. þm. vissi þetta, og ennþá bólar ekki á neinum meðmælum frá vegamálastjóra með till. hans. Ég verð því að tilkynna hv. þm. það, að þrátt fyrir óskir hans, þá treystir n. sér ekki til að mæla með till. hans.

Hvaða hrossakaup kunna að fara fram milli einstakra þm., getur samgmn. að sjálfsögðu ekkert við ráðið. Hún hefir aðeins tekið sína afstöðu. Um atkvgr. verður því að skeika að sköpuðu.

Hvað snertir misklíð þá, sem hefir risið milli mín og hæstv. forseta út af meðferð málsins við 2. umr., þá mun ég láta hana niður falla. Brtt. þær, sem fram hafa komið, munu að sjálfsögðu verða bornar upp eins og forseti telur réttast. Ábyrgð á orðalagi þeirra tekur n. enga, en að taka upp atriði, sem ekki liggja fyrir, kemur vitanlega ekki til greina. [Vantar niðurlag ræðunnar.]

Forseti (JörB): Ég vil aðeins taka það fram, að mér þótti vænt um ummæli hv. frsm. samgmn., að skoðanamunur sá, sem á milli okkar hefir risið, skuli vera fallinn niður. Hitt þarf ég tæplega að minna hann á, að samkv. þingsköpum má ekki bera sama málsatriði, sem fellt hefir verið, upp í sömu deild á sama þingi.

Ég vil biðja þdm. að vera ekki langorða. Það er ekki hægt að hafa lengri umr. um þetta frv., því að það þarf að afgr. fleiri mál á þessum fundi.

***Eiríkur Einarsson:** Ég þarf ekki að fara að ræða um brtt. á þskj. 404, því að hæstv. forseti (JörB), sem er fyrsti flm. hennar, tók hana aftur. Ég reis úr sæti til að láta í ljós, að mér þótti leiðara, að hv. 2. þm. Rang. (HelgJ) fór með mishermi um það, að ég hefði fallizt á það í n. að taka allar brtt. aftur. Um Partaveg sló ég sérstakan varnagla, taldi rétt að láta hann koma undir atkv., og mun greiða þeirri till. atkv. mitt.

***Þorsteinn Briem:** Út af ræðu hv. frsm. vildi ég segja, að málið er ekki afgr. með því, sem vegamálastjóri leggur til. Hann á ekki að hafa löggjafarvald um þau efni, heldur Alþ., enda er nú búið að samþ. brtt., sem ganga á móti till. hans. (GSv: Á þá að bæta gráu ofan á svart?).

ATKVGR.
Allar brtt. teknar aftur.
Frv. samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 323).

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þar sem allir hv. þm. úr samgmn. Ed. eru viðstaddir, vildi ég beina nokkrum orðum til þeirra. Á þskj. 323, þar sem þetta frv. hefir verið afgr. frá hv. Nd., er svo farið, að 3 eða 4 sýslur hafa orðið alveg afskiptar í þessum l. og enga vegi fengið hjá sér. Þar er ein sýsla, sem aldrei hefir fengið styrk af vitafé, og hún hefir líka verið svo afskipt, að hún hefir ekki getað framlengt vegi, svo að þeir kæmust í þjóðvegatölu. Þegar vegal. voru samþ. 1933, fékk hún heldur ekki neinn veg þá. En á síðari árum hefir hv. samgmn. látið hana njóta nokkurs réttar. Ég á hér við Dalasýslu. (**BSt:** Hv. þm. er ekki fulltrúi Dalasýslu). Það er rétt. En þó að ég sé ekki þm. þessa kjördæmis, tel ég ekki rétt að láta það líða órétt þar fyrir. Ef mér hefði sýnzt Eyfirðingar vera beittir órétti, hefði ég engu síður tekið málstað þeirra. Annars ætlaði ég ekki að fara að svara hv. 1. þm. Eyf., sem var að barna söguna hjá mér, heldur vekja athygli hv. samgmn. á því, að það beri að taka tillit til þessarar sýslu, sem aldrei hefir fengið neitt af vitafé og hefir verið bægt frá því að fá vegi í þjóðvegatölu til jafns við aðrar sýslur. Tel ég víst, að hv. samgmn. Ed. vilji líta á þetta mál með réttsýni.

***Jónas Jónsson:** Þó að ég sé ekki nema einn af liðsmönnum hv. 1. þm. N.-M. í þessari n., sem getið var um, tek ég undir við hv. síðasta ræðumann, sem við köllum stundum í ógáti þm. Dal., því að ég hefi oft áður haldið fram rétti Dalasýslu. Ég lít svo á sem hann, að rétt sé, að tekið sé jafnt tillit til allra héraða, er fé til vega er úthlutað. Þætti mér gott, ef hann kæmi fram með upplýsingar um þetta, sem ég hefi ekki getað aflað mér, þó að ég sé ekki alveg ókunnugur í Dalasýslu, og vona ég, að ég muni geta stutt hann í þessu máli.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, 466, 468, n. 491 og 493).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv., sem liggur hér fyrir um breyt. á vegal., kom hingað frá hv. Nd. N. gat ekki orðið sammála um það, eins og sjá má á þeim tveimur nál., sem fram eru komin á þskj. 493 og 491. Tveir af okkur litum svo á, að eins og þessum málum væri nú komið, þá sé ekki rétt að samþ. þetta frv., og skal ég leyfa mér að segja nokkur orð um þá afstöðu okkar, þótt gerð sé grein fyrir henni í nál. okkar á þskj. 491. Skal ég þá fyrst benda á, að þjóðvegirnir, sem nú eru í landinu, eru enn sem komið er meira og minna óbílfærir eða rétt slarkandi bílfærir. Skal ég í því sambandi benda á, að í aðeins þremur sýslum eru allir þjóðvegirnir orðnir bílfærir. Það er í Borgarfjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu og Rangárvallasýslu. Þá vil ég einnig í þessu sambandi benda á, hvernig þetta mál er komið hér inn á Alþingi. Hv. þm.

Borgf. flytur fyrst frv. um breyt. við vegal. inn á Alþ., — þm. fyrir kjördæmi, þar sem allir þjóðvegir eru bílfærir og sumir ágætlega góðir. Af sýsluvegum þar er ⅓ hlutinn bílfær, annar þriðjungurinn slarkandi bílfær mestallt árið, en ⅓ er ekki bílfær enn, en unnið að lagningu þeirra nú árlega. Og svo leggur hann til með frv. sínu, að þessi þriðjungur, sem ekki er bílfær ennþá, verði tekinn í þjóðvegatölu og þar með öllum óbílfærum vegum, sem nú eru sýsluvegir, létt af sýslunni. Þannig ber málið að hér á Alþingi, að þm. úr kjördæmi, þar sem allir þjóðvegir eru bílfærir, helmingurinn ágætlega og hinn helmingurinn sæmilega bílfær, ⅓ af sýsluvegunum bílfær, ⅓ slarkfær og ⅓ óbílfær, kemur með till. um að taka þennan síðasta þriðjung upp í þjóðvegatölu, og nær saman um sig svo mörgum Nd.-mönnum, að frv. er hingað komið. Þá vil ég benda á, að nú er mislangt komið að gera þá þjóðvegi, sem þegar eru í l., akfæra. Í 3 sýslum eru óakfærir af þeim vegum, sem þegar eru komnir í þjóðvegatölu, innan við 10 km. Í Vestur-Húnavatnssýslu eru t. d. aðeins 0,8 km. óakfærir, í Vestur-Skaftafellssýslu 9,3 km., í Mýrasýslu 9,5 km. Hinir þjóðvegirnir í þessum sýslum eru allir orðnir akfærir. Þá koma næst 2 sýslur, sem hafa á milli 10 og 20 km. þjóðvegi, sem eru óbílfærir. Það eru í Eyjafjarðarsýslu 13,8 km. og Dalasýslu 15 km. Í 3 sýslum eru frá 20—30 km. óakfærir enn. Það eru Vestur-Ísafjarðarsýsla með 26,7 km., Gullbringu- og Kjósarsýsla með 27,5 km. og Árnessýsla með 28,6 km. Í Skagafirði eru 31,2 km., í Strandasýslu 42,1 og Norður-Ísafjarðarsýslu 49 km., í Norður-Þingeyjarsýslu 54,5, Austur-Skaftafellssýslu 63,7, Suður-Þingeyjarsýslu 67,3, Barðastrandarsýslu 79,1, Suður-Múlasýslu 90,3, Snæfellsnessýslu 98,3 og í Norður-Múlasýslu 161,2 km óakfærir af þeim vegum, sem þegar eru komnir í þjóðvegatölu. Svona er ástandið nú. Alþ. er búið að ákveða, að þessir vegir skuli vera þjóðvegir og að þeir skuli gerðir bílfærir, og þetta er eftir. Og þrátt fyrir að mikið hafi áunnizt, eru nokkrir partar af því, sem bílfært er kallað, aðeins rutt. Það liggur fyrir skýrsla frá vegamálastjóra um, hversu mikið það er í hverri sýslu, sem er lítt eða ekki akfært. Það er t. d. ekkert í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ekkert í Borgarfjarðarsýslu, lítið eitt í Mýrasýslu o. s. frv.

Nú skilst mér, að Alþ. hafi með því að gera einhvern veg að þjóðvegi tekið á sig vissar skyldur gagnvart þeim vegi, fyrst og fremst að halda honum við, og í öðru lagi að kosta lagningu hans, en ekki ákveðið hvenær. Hvað viðhaldið snertir, þá verðum við að horfast í augu við þann sannleika, að á því síðasta ári, sem skýrslur eru um, var eytt í vegaviðhaldið til þjóðveganna 830000 kr. Ég verð að segja það frá ferðalagi mínu um landið í fyrravor, að ég hefi aldrei séð vegi eins vel farna undan vetrinum og þá, enda viðhaldsféð minna en oft áður. Vegamálastjóri segir, að þessi upphæð sé það allra minnsta, sem hægt sé að komast af með, og verði þó að vanrækja það dálítið, af því að upphæðin sé of lítil. Alþ. hefir ekki séð sér fært að láta hann hafa svona mikið fé nú, heldur hefir lækkað upphæðina niður í 750000 kr. Hann á þannig að hafa ennþá minna fé en ráðgert var síðasta ár. Nú er það hinsvegar vitanlegt, að kaup verkamanna hefir hækkað og mun hækka meira, og í öðru lagi mun kostnaður við viðhald þeirra vega, sem hér á að bæta við, verða 35000 kr. minnst, og þá miðað við dagkaup eins og það var í fyrra. Hv. form. fjvn. sagði við mig í gær í einkasamtali, að framlagið til vegaviðhalds væri aðeins áætlunarupphæð, það yrði að greiða það, sem þyrfti. Ég veit ekki, hvoru ég á að trúa, þegar hann segir það og lýsir yfir, að verið sé að gera fjárl. sem næst því, sem þau muni verða í veruleikanum, en það er alveg víst, að ef við samþ. að bæta þessum vegum við þjóðvegina, þá hækkar viðhaldið eða það gengur út yfir þá vegi, sem fyrir eru, og þeim verður verr haldið við. Til viðbótar við það, að vegaviðhaldið er ekki áætlað nema 750000 kr., þó að við vitum, að það hafi orðið 830000 kr., þá vill nú Alþ. fara að samþ. að bæta þar ofan á nýjum þjóðvegum, þar sem viðhaldið kostar 35000 kr. Og þrátt fyrir það að Alþ. telur, að vel geti farið svo, að það verði að skera þetta niður um ⅓ hluta eða rúmlega það, þá telur það samt rétt að bæta við vegum, sem kostar 35000 kr. að halda við. Þetta finnst mér ekkert vit. Ég verð að álíta, að þeir, sem geta verið með þessu, hafi gróflega litla ábyrgðartilfinningu eða þá að þeir séu að leika einhvern blindingsleik til þess að sýna einhverjum kjósendum, að þeir hafi komið inn á vegalög einhverjum vegi, þó að vitað sé, að það verði til þess eins að draga úr, að þeim vegi eða öðrum vegum á landinu verði eins vel haldið við og ella væri.

Þá er annað sjónarmið, og það er það, að sýsluvegirnir eru alstaðar lagðir að nokkru leyti fyrir sýslufé og að nokkru leyti fyrir landsfé. 1933 voru samþ. l. nr. 102 um framlag til akfærra sýsluvega, sýsluvegasjóðslögin svokölluðu. Með bráðabirgðabreyt. nokkurra laga var samþ. að lækka þetta, en þó látið vera nokkuð. Nú hygg ég, að ekki orki tvímælis, að þessir vegir, sem sýslurnar eru að baksa við að leggja, potast smátt og smátt í þá átt, sem þeir eiga að vera. Hinsvegar er reynslan sú, og má nefna þess mörg dæmi, að þegar búið er að taka slíka vegi í þjóðvegatölu, þá hættir sýslan að leggja fé til þeirra, en gerir aðra vegi að sýsluvegum, sem venjulega hafa miklu minni þýðingu, og þannig líða nokkur ár, að allt stendur við það sama, af því að ekki fæst fjárveiting til veganna úr ríkissjóði, en á sama tíma heldur sýslan áfram að leggja fé í minna nauðsynlega vegi, sem hún hafði gert að sýsluvegi í stað hinna, er gerðir voru að þjóðvegum. Þess vegna verður það oft til þess að tefja fyrir, að vegirnir væru lagðir, að þeir eru teknir í þjóðvegatölu, og stundum verða lagðir og fullgerðir aðrir vegir, sem þá hafa orðið að sýsluvegum, en öllum ber saman um, að síðar áttu að leggjast. Þetta er önnur ástæðan, sem verður að athuga, þegar litið er á þetta mál í heild.

Þá vil ég enn benda á, að vegirnir eru í eðli sínu mjög misjafnir. Margir vegir eru þannig, að það er sjálfsagt, að öll þjóðin standi að

þeim, því að þeir eru þjóðvegir í þess orðs réttu merkingu. Hinsvegar er það kunnugt, að það eru margir vegir, sem ekki er hægt að segja það um, því að þeir hafa ekki þýðingu nema fyrir takmarkaðan fjölda fólks innan vissra svæða. Þeir eru að réttu lagi héraðavegir. Ég hefi litið svo á, að sú stefna, sem upp er tekin í sýsluvegasjóðslögunum, sé sú rétta, og eins þar sem svo er fyrir mælt í vegalögunum, að hægt sé að krefjast ákveðins framlags frá viðkomandi hreppi, ef sérstaklega stendur á; það álít ég, að sé rétt stefna. Ég álít, að núverandi þjóðvegum eigi að halda uppi að nokkru leyti af heildinni, en að nokkru leyti af viðkomandi héruðum. Vegamálastjóri hefir liðað vegina sundur, eftir því sem honum finnast þeir eiga að vera flokkaðir á þennan hátt. Ég lít svo á og sá hv. samnm. minn, sem stendur að þessu meirihl.nál. með mér, að rétt sé að flokka ekki einu sinni þá vegi, sem nú eru komnir inn í þjóðvegatölu, heldur einnig þá, sem hér liggja fyrir og hafa legið fyrir í allskonar brtt., og ýmsa aðra vegi, sem hafa ekki legið hér fyrir. Þeir yrðu flokkaðir þannig, að í flokki sér yrðu þjóðvegir, sem ríkissjóður ætti að bera allan kostnað af, en sér í flokki yrðu aftur héraðavegir, sem ríkið bæri ákveðinn hluta af og viðkomandi hérað ákveðinn hluta, og svo gæti vel verið, að rétt væri að flokka héraðavegina í tvo flokka; í öðrum flokknum væru þeir, sem væru meira áríðandi og ríkið stæði undir að langmestu leyti, og svo aðrir, sem ríkið stæði ekki undir nema að nokkru leyti, að helmingi eða kannske ekki það.

Við álítum því, að þessar ástæður allar sýni fullkomlega, að þörf sé á að taka vegalögin í heild til endurskoðunar. Svo er líka önnur ástæða, og hún er sú, að sumstaðar hafa þjóðvegirnir verið lagðir eftir þeim leiðum, sem nú er hætt að fara, eins og í Austur-Skaftafellssýslu. Þjóðvegurinn liggur þar eftir Mýrunum og yfir Hornafjarðarfljót, en síðan bílferjan kom yfir Hornafjarðarós, er farið niður á fjörur og eftir þeim. Þetta er sjálfgerður vegur nema á nokkrum parti, og vegamálastjóri hefir orðið að sjá um hann, þótt hann sé ekki þjóðvegur. Þess vegna hlýtur að vera brýn þörf að endurskoða öll þjóðvegalögin, og jafnframt lít ég svo á, að óforsvaranlegt sé af Alþ., þegar það veit, að þörf er á að láta meira en 800000 kr. í vegaviðhald og þarf að skera niður nauðsynlegustu upphæðir, að leyfa sér að skera viðhaldið niður í 750000 kr. og með því segja vegamálastjóra að hafa vegina þannig, að ekki sé hægt að fara um þá, því að það er það, sem Alþ. segir. Og á sama tíma er það óforsvaranlegt að taka þar til viðbótar 5—600 km. í þjóðvegatölu og segja svo vegamálastjóra að dreifa þessu fé enn betur, líka á þessa vegi, og láta svo allt drabbast niður ennþá meir. Ég álít það ábyrgðarleysi af þeim, sem gera þetta, og óforsvaranlegt í alla staði. Sömuleiðis er það, að upp undir ⅔ af þeim vegum, sem hér á að taka í tölu þjóðvega, eru sýsluvegir, sem nú er verið að leggja af sýslunum með framlagi frá ríkinu í móti. Allt þetta stöðvast með því að gera þá nú að þjóðvegum. Og hvenær treysta hv. þm. sér til að leggja með, að veitt verði framlag úr ríkissjóði til nýbygginga þessara vega? Hefir fjvn. ekki þótt fullerfitt að leggja eitthvað fram til þeirra vega, sem nú þegar eru þjóðvegir?

Af þessum ástæðum öllum leggur meiri hl. til, að frv. verði afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá: [Sjá þskj. 491].

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Það er ekki mikið eftir af fundartímanum, en þetta málefni er svo gott, að það mælir með sér sjálft.

Ég er hissa á hv. 1. þm. N.-M., að hann skuli eyða svona miklum tíma til að sýna fram á fánýti vega, því að ég veit ekki betur en að hann sé mjög aðgangsmikill um vegi fyrir sitt kjördæmi.

Ég vil segja honum frá því, að ein mesta sandeyðimörk hér á landi er svæðið frá Möðrudal til Vopnafjarðar. Það hefir verið reynt að gera þessa eyðimörk bílfæra. Hver hefir gagn af þessu? Það eru Vopnfirðingar og engir aðrir. En hvers vegna hafa Vopnfirðingar fengið veg? Það er af því, að til eru menn, sem líta öðruvísi á málin en þessir hv. þm., sem standa að þessari dagskrá, og fara ekki í hreppapólitík. Ég hefi átt mikinn þátt og meiri en þessi hv. þm. í að útvega fé í vegi til Vopnafjarðar. En það er ekki hægt fyrir hv. 1. þm. N.-M. og þá, sem eru uppbótarþm. þaðan, að koma til þm. og biðja þá um að vera með vegum þar eystra, þegar þeir geta ekki vitað til, að annarstaðar séu lagðir vegir. Öll ræða hv. 1. þm. N.-M. byggðist á þeirri skoðun, sem var hér ríkjandi, áður en bílarnir komu. Þá var reynt að gera smáspotta, og þegar bílarnir komu og hleyptu krafti í þessa hluti, þá voru aðeins til smáspottar út frá Akureyri og fáeinum öðrum kaupstöðum, vegurinn yfir Fagradal og austur yfir heiði. Það gekk allt eftir þessu músarholusjónarmiði, sem dagskráin er byggð á. En það kom nýr andi yfir fólkið, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er runnið frá þeim sama anda. Frv. er byggt á því að byggja vegi áfram og koma þeim lengra, nota þær þúsundir af fólki, sem nú hafa ekkert að gera, gefa þeim tækifæri til að vinna í vegum. Þetta þarf í sjálfu sér ekkert að rökræða, og það er undarlegt eftir allt, sem gert hefir verið, eftir að búið er að leggja tugi þúsunda í að gera sumarbílfæran veg til Vopnafjarðar, — það væri undarlegt, ef svo ætti að hætta, — ef ætti að segja fólkinu, — ef það ætti að vera gleðiboðskapurinn til þess frá þessum hv. þm. Vopnfirðinga, sem ætti að tilkynna fólkinu í útvarpinu, að það hefði nú tekizt að drepa þetta frv., — ef fólkið ætti að fá það eftir að hafa tapað mestu af sínum markaðsmöguleikum í Noregi, í Póllandi, í Þýzkalandi, og fallinn markað í Ameríku, — ef svo á þar á ofan að segja því, að það fái ekki meiri vegi. Það er ekki ámælisvert, þó að búið sé að gera veg til Vopnafjarðar, en nú geta þessir þm. þakkað þeim, sem koma nú fram með sín áhugamál. Hér er lítil brtt., sem hv. þm. Dal. flytur, og ég er með brtt. um veg í Bárðardal. Það má segja, að það sé engin goðgá að stinga upp á, að Dalamenn fái veg, sem kemur þeim í samband við kaupstað, og Bárðdælir fái veg eftir

sinni sveit, þar sem dugandi menn eru að berjast við mikla örðugleika og hafa ekki veg, heldur en að eigi að fara að leggja 50 km. veg yfir sandauðnina til þess að þm. Vopnfirðinga geti komizt heim til sín.

Nú gat hv. þm. ekki komizt hjá því að lesa upp úr sínu nál. til þess að sanna þær vitleysur, sem eru í því skipulagi, sem hann hefir. Hann talaði um, að búið væri að breyta þjóðveginum í Austur-Skaftafellssýslu, þar væri komin ný leið með bílferju yfir Hornafjarðarós. Hvers vegna er þá hv. þm. að berjast með hnúum og hnefum, fölskum tölum og allskonar vitleysum fyrir, að þetta eigi að vera svona, hreppavegurinn eigi að vera þjóðvegur og þjóðvegurinn eigi ekki að vera neinn vegur? Hæstv. vegamálaráðh. er svo settur, að í hans kjördæmi er einn af aðalvegum landsins, Grindavíkurvegur. Hann er ekki þjóðvegur, og svo berjast þessir hv. þm. fyrir af allri sinni getu, að hann verði ekki viðurkenndur, og ég veit þó ekki, hvaða vegur á að vera þjóðvegur, ef það er ekki vegurinn frá Vogastapa til Grindavíkur, vegurinn, sem Grindvíkingar börðust fyrir að leggja sjálfir, — lögðu á sig gífurlegar fórnir til að koma honum upp og lögðu hlut á hvern bát til þess að unnt væri að framkvæma það. Nú segir þessi hv. þm.: „Þessi vegur á ekki að vera þjóðvegur, en sandauðnin frá Möðrudal til Burstarfells á að vera þjóðvegur, og það á að spara allt í hana."

Það er nú komið að fundarslitum, svo að ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta, en afdrif frv. fara alveg eftir því, hvort mýsarholusjónarmiðið á að fá að komast að í vegamálunum.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég þarf ekki miklu að svara hv. þm. S.-Þ. Þó voru það tvö eða þrjú atriði úr hans ræðu, sem mig langar sumpart til að fá skýringu á, og sumpart vil ég svara nokkuð.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að ég falsaði tölur. Ég krefst þess ákveðið, að hann nefni, hvaða tölur það eru. Ég hefi tölurnar frá vegamálastjóra, og ef það er vegamálastjóri, en ekki ég, sem hv. þm. segir, að hafi falsað þessar tölur, sem ég nefndi, þá svarar vegamálastjóri því sjálfur, enda þó hann geti það ekki hér á þingi. En eins og það kom fram í ræðu hv. þm. S.-Þ., þá bar hann mér það á brýn, að ég hefði falsað tölur. Hér liggja tölurnar á þessu blaði, og ég óska ákveðið eftir, að hv. þm. gefi upp, hvaða tölur ég hafi falsað.

Þá sagði hv. þm., að ég væri með eitthvert músarholusjónarmið. Nú er mér ekki ljóst, hvaða sjónarmið hv. þm. kallar músarholusjónarmið í þessu máli. Ég veit ekki, hvaða sjónarmið músin hefir til samgangna í holu sinni. En ég geri ráð fyrir, hvað sem öðru líður, að músinni sé í brjóst borið, eins og öðrum verum, að vilja lifa og vilja hafa greiðan gang út úr holunni, það sé fyrst og fremst hennar sjónarmið, og það sé það, sem hv. þm. S.-Þ. kallar hér músarholusjónarmið. Það er flestum verum eðlilegt að vilja hafa sjálfsbjargarviðleitni. Þegar ég yfirfæri þetta á þjóðfélagið, þá verður það fyrst fyrir í þessu sambandi, að fólkið þarf að komast yfir landið eftir þeim vegum, sem búið er að leggja eða lofa því að leggja. Hvernig hefir hv. þm. S.-Þ. og hæstv. Alþ. rækt þetta? Jú, þegar vegamálastjóri hefði átt að fá 830 þús. kr. til viðhalds á vegum, eins og eytt var síðastl. ár, þá er hann látinn hafa 750 þús. kr., og má öllum vera ljóst, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess tvenns, að kaup hefir hækkað, svo dagsverk fyrir sömu fjárupphæð verða færri, og að viðhaldið hefir verið af vanefnum gert og ófullnægjandi, að með þeirri upphæð verður viðhald veganna það lélegt, að þeir ganga úr sér. Þetta er þá rækt á þann hátt, að láta göngin frá músarholunum falla saman. En á sama tíma er ákveðið að grafa ný göng með því að taka á ný í þjóðvegatölu nýja vegi. Og ef við færum að heimfæra þetta upp á till., sem hér liggja fyrir, þá gæti verið um tvær eða þrjár músarholur að ræða í kjördæmi hv. þm. S.-Þ. Inn í Bárðardal liggja göng, sem þeir hafa grafið sjálfir, og þingið hefir ákveðið, að ein músagöng skuli liggja út í Kinn, og það skyldi maður ætla, að hv. þm. S.-Þ. legði til, að þessi göng væru nú grafin. En það gerir hann ekki. Hann vill létta af Bárðdælingum að halda opnum göngunum frá sér, þó hann viti, að það gerir hann verr fallinn til að uppfylla þær skyldur, sem hann hefir tekið sér á herðar með lagningu þjóðvega, sem þegar eru komnir í þjóðvegatölu, eins og Kinnarvegarins. Það er eftir 60.3 km. af þeim vegi, sem ákveðið er að leggja í Þingeyjarsýslu sem þjóðveg. En áður en á að sjá um, að það sé gert, vill hv. þm. S.-Þ. láta þingið taka á sig nýjar skyldur, en hina bíða, þó þeim fyrir löngu hafi verið gefin von um vegina. Mér skilst, að þetta sé músarholusjónarmiðið, og það sé hv. þm. S.-Þ., sem það hafi, en ekki ég.

Þá talaði hv. þm. um það, að þjóðvegur væri frá Austurlandi og niður í Vopnafjörð, og væri búið að eyða í hann allmiklu fé, og þetta væri sandauðn. Og það var svo að heyra, að það væri alveg óverðskuldað að leggja fé í þann veg. Ég skal benda á það, að þegar þessi vegur var tekinn í þjóðvegatölu og fyrst veitt til hans fé, lá fyrir tilboð um að leggja allan veginn fyrir 18600 kr. frá Möðrudal og niður á Brúnir og gera það í akkorði. En fjvn., sem hv. þm. S.-Þ. átti þá sæti í og var form. fyrir, vildi ekki sinna þessu tilboði. Vegamálastjóri lagði á móti því og taldi, að vegir, sem væru lagðir fyrir akkorð, væru ekki líkt því eins vel gerðir og þeir, sem hann léti gera. Og þess vegna var þetta ekki gert. En vegurinn varð miklu dýrari heldur en hann hefði orðið í akkorði, en hann er kannske betur gerður heldur en ef hann hefði verið gerður í akkorði; það er ekki gott að dæma um það, því þótt við sjáum, hvernig hann er nú, er ekki hægt að segja, hvernig hann hefði verið gerður í akkorði. Það hvað þessi vegur verður yfir 18600 kr. er því að öllu leyti að kenna fjvn., og þá fyrst og fremst form. hennar. Annars er nú vegurinn ekki kominn alla leið enn, þótt hv. þm. S.-Þ. teldi svo í fávizku sinni.

Það, sem skiptir máli, er, hvort á að fara inn

á það sjónarmið, að þenja vegakerfið út, samhliða því sem allir viðurkenna, að ekki sé hægt að leggja nægilegt fé til þess að leggja vegi og halda þeim við, og hvort það á að bæta við vegaköflum, sem vitað er að kosta 35 þús. kr. bara í viðhaldi, og hvort það á að láta þau sýslufélög, sem nú eru að leggja þessa vegi með framlagi úr ríkissjóði á móti, gera það áfram, og láta bíða að bæta þessum nýju vegum við þjóðvegi, þangað til ríkið getur lagt til þeirra, sem getur vart orðið fyrr en 1942, þar sem nú eru þegar samþ. fjárl. fyrir 1941. Á að láta drafnast niður viðhaldið á hinum vegunum, sem komnir eru, með því að minnka fé til þess með því að taka af fé því, sem fyrir er, til viðhalds þessara nýju vega?

Ég álít þessa stefnu óheilbrigða. Ég álít, að það heilbrigðasta í þessu máli sé að endurskoða alla vegalöggjöfina.

Þá minntist hv. þm. á það, að ég hefði bent á sem dæmi vegi, sem vegamálastjóri sæi um viðhald á, sem ekki væru þjóðvegir, og átti þar við veginn eftir fjörunum frá Flatey að Melatanga, og að ég hefði haft þetta úr nál. hans. Það getur verið, að hann minnist á þetta í nál. sínu, en ég hefi ekki lesið það, enda var því útbýtt nú á fundinum. En hvernig bætir hann úr þessu? Vegur þessi er þegar kominn í þjóðvegatölu í Nd., en samhliða ætlast hv. þm. S.-Þ. til, að jafnframt haldi vegamálastjóri við vegi, sem liggur samhliða þessum vegum, sem hann kallar „ómerkilegan hreppaveg", sem ekki komi heildinni neitt við. Það er ekki verið að leiðrétta vegal. með þessu. Það þarf að leiðrétta öll vegal. í heild, og þá er ekki vafi á því, að ýmsir vegir, sem eru komnir á vegal., eiga ekki að vera þjóðvegir. Það eru aðrir í þessum till., sem eiga að vera þjóðvegir, og aðrir, sem eiga að vera héraðavegir, og svo eru vegir, sem hvergi eru í þessum till., sem eiga að vera héraðavegir. Og það, sem við viljum, er, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. til þess að hún láti endurskoða vegal. og leggja síðan málið fyrir næsta þing.

Það hefir komið fram í ræðu hv. þm. S.-Þ. o. fl., að við værum með þessu að sýna vegamálunum í heild óvilja. Við vildum ekki veita fé til nýrra vega. Heldur nú hv. þm. S.-Þ., að fé, sem varið sé til vegagerða 1940 og 1941, vaxi, þó samþ. séu þessi lög? Hann er að tala um, að nú þurfi að vinna að vegagerð, eins og það standi í einhverju sambandi við þetta frv. Er ekki búið að samþ. fjárl. og ákveða, hvað leggja skal til vega? Ég veit ekki betur, og þó hv. þm. S.-Þ. sé sjaldan í deildum þingsins, fylgist hann væntanlega það með málum, að hann veit þetta. Allt hans tal um þörf vinnu nú í sambandi við þetta mál er því vitleysa ein. Og það hefir verið sagt, að það sæti illa á mér að vera á móti því, að sveitakjördæmi fái vegi. Hverjir eru á móti því? Eru þeir á móti því, sem vilja láta leggja vegaspotta, þó að ekki sé nema fyrir litla upphæð á hverjum stað, eða hinir, sem vilja koma vegum í þjóðvegatölu, sem leiðir það af sér, að engu verður við þá bætt fyrst um sinn? Eða eru það þeir, sem vilja láta sýslurnar og ríkið leggja fram í þessa vegi og halda þeim áfram smátt og smátt með eðlilegum hætti, þangað til þeim verður markaður bás þar, sem þeim er eðlilegast að vera í lögunum? Ég er alls ekki viss um, hver leggur meir á móti vegamálunum yfirleitt, þessir hv. þm., sem hafa borið mér þetta á brýn, eða við, sem höldum hinu fram og viljum láta endurskoða alla vegalöggjöfina. Hitt er annað mál, að ef vegirnir komast í þjóðvegatölu, verður vonandi einhverntíma í náinni framtíð hægt að leggja þá á ríkisins kostnað, en þeir stoppa í bili, þegar þeir fara úr sýsluvegatölu, því fjárveitingunni, sem fá á í sýsluvegi með framlagi á móti, verður ekki varið til þeirra, eftir að þeir eru komnir í tölu þjóðvega. Það er þess vegna alveg rangt að vera að tala um í þessu sambandi, að einn sé á móti vegalagningu og annar ekki.

Ef þetta frv. yrði að l. eins og það kemur frá Nd., myndi lengd þjóðveganna aukast um 10% og viðhald veganna eitt aukast um 35 þús. kr. minnst, eftir áætlun vegamálastjóra. Við í meiri hl. samgmn. álítum slíkt vera ábyrgðarlaust og því fulla þörf á í þessu máli, að hér verði horfzt í augu við veruleikann, og vegal. verði endurskoðuð og þeim skipað í heilbrigðara form heldur en þau nú eru í.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þeir áttust við hér áðan í ræðum, hv. þm. S.-Þ. og hv. 1. þm. N.-M., og ætlaði ég mér ekki að svo komnu máli að blanda mér inn í þeirra mál. En þar sem frsm. meiri hl. samgmn. virtist í ræðu sinni gera ráð fyrir því, að ég segði hér nokkur orð, þá get ég ekki verið að neita honum um það og verð við þeirri ósk hans.

Hv. 1. þm. N.-M. fór mjög mikið með tölur hér, eins og honum er títt. Nú sagði hann, að hv. þm. S.-Þ. hefði brugðið sér um það, að hann falsaði tölur. Ég tók ekki eftir því, hvort hv. þm. S.-Þ. sagði það alveg afdráttarlaust, en hv. þm. S.-Þ. ætti að vita bezt og vera kunnugast um það, hvernig hv. 1. þm. N.-M. fer með tölur. En oft hefir verið talið, að tölur frá hendi þessa hv. þm. séu lítt ábyggilegar, og má vera, að það sé enn meira nú en verið hefir. En mér virðist vera farinn að minnka sá brúaáhugi, sem hefir verið í honum fyrr, því að hann hefir jafnan viljað hafa framlög í vegabætur yfir vatnsföll og land, og viljað gera mikið að slíku. En nú virðist mér hann vilja stinga við fótum, og alls ekki vilja, að ríkissjóður styrki fleiri vegi eða að teknir séu fleiri vegir í þjóðvegatölu, og þá sjálfsagt líka hætta að brúa ár, sem ekki eru á vegum í þjóðvegatölu. Hann ætlar sýslum að gera það, skilst mér. Hv. þm. lýsti því yfir, að ríkissjóður væri þess ekki megnugur að taka fleiri vegi upp í þjóðvegatölu. En hann hyggur, að sýslufélögin séu þess megnug að vinna nú meira en áður að sýsluvegunum. Því að við vitum, að eftir því sem samgöngur aukast og bílakstur vex, er krafizt, að ekki þurfi að stöðvast við reiðgötur, sem ruddar hafa verið fyrir klyfjahesta, heldur að bílar geti óhindrað farið yfir héruðin. Og við því geta sýslusjóðir ekki reist rönd, að gera bílvegi, sem mjög verður að vanda til.

Ef hv. þm. vildi nú sleppa þessum eina eyri,

sem hann fékk lagðan á hvern benzínlítra nú á þessu þingi til brúargerða, aðallega fyrir sitt kjördæmi, og upphæðinni, nær 100 þús. kr., væri skipt milli sýsluvegasjóða, þá þyrfti nú varla að taka nýja vegi í þjóðvegatölu, en móti því stritast hv. þm. eins og hann getur.

Annað hljóð mun hafa verið í þeim strokk 1936, þegar þá voru rædd vegal. hér á þingi, því ef maður athugar vegal. frá þeim tíma, þá sér maður fljótt, að það hefir ekki einn einasti hv. þm. verið jafngráðugur í að koma vegum í þjóðvegatölu eins og einmitt hv. 1. þm. N.-M. Því að í kjördæmi hv. 1. þm. N.-M. eru 4—5 vegir, sem komast í þjóðvegatölu, þegar aðrar sýslur hafa látið sér nægja tekna einn eða í mesta lagi tvo vegi. Nú þarf þessi hv. þm. ekki meiri þjóðvegi, og þá geta hinir beðið rólegir og eiga helzt að sjá fyrir sínum vegum sjálfir.

En hitt finnst mér ekki óeðlilegt, þó að önnur héruð vilji njóta jafnréttis á við þetta hérað, sem hefir sótt á svo fast áður fyrr og verið mikið styrkt, og þm. þeirra reyni að fá jafnmikil réttindi og fríðindi fyrir þau héruð, sem standa þeim næst, eins og þetta eina hérað. Norður-Múlasýsla, hefir fengið áður fyrr, eins og ég gat um.

Ég minntist á það, að hann hefði getið þess, að ríkissjóður væri ekki fær um að taka fleiri vegi í þjóðvegatölu. En ég hefi líka bent á, að það væri ómögulegt, að héruðin gætu haldið við þessum vegum eins og krafizt er nú, nema þeim komi tekjuauki.

Þá gat hv. þm. um það, að þeir menn, sem vildu auka vegakerfið í landinu, hefðu mjög litla ábyrgðartilfinningu. Ég verð að segja, að það er til ábyrgðartilfinning gagnvart fleirum heldur en aðeins ríkissjóði. Það verður að athuga, hvað héruðin þola, og við það verður dálítið að miða vegagerð og viðhald vega.

Hv. þm. bar okkur það á brýn, að þetta væri aðeins kjósendadekur. En slík orð finnast mér koma úr hörðustu átt, því að hafi nokkur þm. dekrað við sína kjósendur og farið eftir þeirra kröfum, þá er það hv. 1. þm. N.-M. Og það hefir heyrzt, að kommúnistasella væri austur í Jökuldalshéraði, og talið er, að hv. þm. teygi höndina nokkuð í áttina til kommúnista hér við atkvgr.

Þeir vegir, sem nú eru þegar í þessu frv., hvort sem það verður samþ. eða ekki, eru taldir í héruðunum vissir að komast í þjóðvegatölu eftir eitt eða tvö ár, og héruðin munu ekki hreyfa hönd né fót til þess að bæta þá. Og ég tel ekki farsælla fyrir ríkið að geyma sér að taka þá og bíða eftir því, að þeir gangi enn meir úr sér, heldur en taka á móti þeim nú þegar eins og þeir eru. Og sízt er það til bóta að fresta viðhaldi þessara vega, og á næsta þingi verða ekki minni átök um þá, og gæti mér komið til hugar, að það væri þá einhver vegarspottinn í Norður-Múlasýslu svona rétt undir kosningar, sem þyrfti að líta á og kannske að koma í þjóðvegatölu.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Hv. 1. þm. N.-M. gekk nú eiginlega inn á þetta þrönga sjónarmið, sem ég hafði talað um. En hann talaði eins og það væru mýs, fólkið í sveitinni, og að það væru mýs í Bárðardal. Og það eru víst sjálfsagt mýs í Vopnafirði og í Hjaltastaðaþinghá. En ég mótmæli því algerlega, að minir kjósendur í Suður-Þingeyjarsýslu séu mýs. En ég skal ekki segja, hverjir það eru, sem kjósa hv. 1. þm. N.-M. Hinu verður ekki neitað, að réttari samlíking með þessu orði er að nota það í sambandi við þá tregðu í vegamálum, sem lýsir sér í hugsunarhætti hv. 1. þm. N.-M. Hv. 1. þm. N.-M. reyndi ekki að mótmæla því, að vegna þess stórhugar í vegamálum á undanförnum árum, þá er vegagerðin komin eins langt eins og hún er komin. Við nokkrir þm. fórum um kjördæmi hv. þm. árið 1928, seint á sumri. Og ef maður fer um það kjördæmi nú og athugar alla þá vegi og brýr, sem gerðar hafa verið síðan, þá stafar það af því, að þm., sem ferðuðust þarna þá, sannfærðust um það, að fólkið, sem þarna býr, hefði rétt fyrir sér að óska eftir vegabótum þar. Það er hætt við, að biðin hefði orðið nokkuð löng, ef við hefðum átt að bíða aðgerðalausir eftir því, að það yrði rannsakað samkv. rökst. dagskrá Alþingis af ríkisstjórn og hlutaðeigandi aðilum. Ég verð að segja, að mér finnst hv. þm. ekki komast vel frá þeirri hliðstæðu, sem ég tók frá Vopnafirði. Þar hafa þeir góða höfn og samgöngur innan sveitar, en eru einangraðir frá vegakerfi landsins og óska nú eftir vegi ofan af Fjöllum. Hv. þm. langar til þess, að þeir fái hann, — en hvenær mundi það verða, ef aðrir hefðu sama músarholusjónarmið og hann? Kannske aldrei. En við skulum alls ekki fara þannig að, við skulum leggja þennan veg eins fljótt og hægt er, og líka veginn út á Skarðsströnd, sem hv. 1. þm. N.-M. er á móti. Framkoma þessa hv. þm. er jafnóverjandi fyrir því, þó að við látum ekki kjósendur hans gjalda hennar. Það þarf oft færri menn til þess að gera skaða en gagn, og hér þyrfti ekki nema fácina af þeim mönnum, sem líkjast þessum hv. þm., til að vinna óbætanlegt tjón. Ég skal segja ofurlitla dæmisögu um mann, sem var ráðunautur í Búnaðarfélaginu og þm. fyrir myndarlegt kjördæmi. Hann hafði lengi vel ágætt upp úr því að setja sig upp á móti öllu því, sem hann hélt hann gæti stöðvað fyrir öðrum. En kjósendur hans áttuðu sig á því, áður en lauk, að hann kom anzi litlu fram á þingi af því, sem til gagns horfði; menn lærðu að beita hann sömu aðferð og hann beitti aðra. Nú geta menn athugað að taka upp þessa aðferð, þegar það er verðskuldað. — Það fór svo, að búnaðarfélagsráðunauturinn, sem vanur var að setjast á hvern hlóðarstein í kjördæminu og tala við hverja kerlingu, hann féll, — á músarholusjónarmiðinu. Ég verð að segja það, að mér þætti leiðinlegt, ef þetta ætti eftir að koma fyrir þennan hv. flokksbróður minn.

Ég hefi tekið fyrir tvær hliðar á þessu máli. Ég er ekki þm. Eyf. og því síður Siglfirðinga, það er ekki af því, sem ég hefi gert það, sem ég hefi getað, bæði persónulega og á flokksfundum, til að flýta fyrir vegi yfir Siglufjarðarskarð. Fyrir nokkrum árum voru till. um það kolfelldar, en nú er búið að koma því inn í vitund manna, að þetta sé nauðsynjamál, sem

ekki megi stöðva, og þótt það væri drepið í bráð á síðasta þingi, vissu allir, að það gæti ekki staðið lengi. Nú var við afgreiðslu fjárl. stigið rösklegt spor áleiðis. Það er ekki furða, þótt hv. 1. þm. N.-M. mæti mér sem andstæðingi í þessu efni, því að ég er þar búinn að liggja á allt öðru plani en hann í mörg ár. Vegna þessa víðara sjónarmiðs hefi ég vanrækt hluti í mínu eigin kjördæmi. Spurningin, sem ég vil leggja fyrir hann, er þessi: Eiga þröng kjördæmasjónarmið rétt á sér eða á að líta á nauðsyn alls landsins og m. a. atvinnuþörfina. — nú þegar þannig stendur á fyrir sjávarútveginum, að sumum ishúsum og útgerðarmönnum þykir ekki borga sig að framleiða ísfisk fyrir enska markaðinn, hvað þá að fisksöluútlitið sé glæsilegt á öðrum sviðum? Ég hygg, að þeir, sem atvinnu missa, þiggi að vinna við vegagerð, ef þess er kostur.

Það liggur ekki fyrir til umr. nú, hvort leggja eigi niður þjóðvegi eins og Mýraveg, þegar þjóðvegur er kominn eftir Melatanga. Ég geri ráð fyrir, að það verði athugað á sínum tíma. Enn síður kemur tölumoðið málinu við. Upp úr því fást ekki nema falsrök, þegar á að flækja menn með talnaröðum. Einn hv. þm., sem nú er dáinn og ég ætla ekki að nefna, var vanur að hugsa alla hluti í tölum. Þessi maður raðaði einu sinni tölunum þannig, að hann gat byggt það á þeim að hækka ísl. krónuna stórkostlega á árunum 1925—26. En það var aðeins byggt á tölum, ekki sjálfu lífinu. Og var það ekki röksemdafölsun? Hvað ætli útgerðarfyrirtækin, sem töpuðu þarna 2 millj. kr., segi um það? Eða ef maður tekur Eyjólf Jóhannsson í Mjólkurfélaginu og Sveinbjörn Högnason í Mjólkursamsölunni og ber saman þeirra tölur, — hvað hefir maður upp úr því? Það er auðvitað gott að hafa tölur með, en alveg tilgangslaust að þylja þær upp eins og hv. 1. þm. N.-M. gerir oft. Hvað þýða allir þessir km. eða kannske ég segi heldur kg. af sandi ofan af Hólsfjöllum í Vopnafjörð? Lífið sýnir okkur aftur á móti mun á vegi um auðn og vegi um byggð, eins og þar sem vegurinn frá Ásgarði út eftir Fellsströnd á að liggja. Ég vil ekki hlusta á tómt tölumoð og slúður, heldur röksemdir lífsins. Ég veit, að það er réttara að leggja veginn í Dalasýslu en öræfaveginn. En ég vil leggja báða vegina.

Nú hefi ég svarað þessum hv. þm. nægilega. Bæði hann og aðrir hv. þm. skulu vita það, að þeim mun ekki takast að ósekju að halda fram músarholusjónarmiðum sínum.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég þarf litlu að svara hv. þm. S.-Þ. (JJ). Hann viðurkenndi með þögninni, að tölurnar, sem ég tók, væru réttar og að hann hefði farið með rangt mál, þegar hann sagði, að þær væru falsaðar. Bollaleggingar hans um, að Jón Þorlákssson hafi dregið rangar ályktanir af tölum, koma mér ekki við, en leitt þykir mér, að hann af því skuli hafa orðið svo hræddur nú að gera hið sama, að hann skuli ekki þora að horfast í augu við veruleikann, sem hér sést bezt með tölunum. En þær tölur liggja fyrir, að í kjördæmi hans eru 67.3 km. af þjóðvegum, sem eftir er að gera bílfæra, og í öllum sýslum, nema þrem, Borgarfjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu og Rangárvallasýslu, er mikið af þjóðvegum, sem ekki eru bílfærir. Þetta skildist mér hv. þm. kalla falsrök, því að það væru bara tölur. Nei, þetta er lífið, þó að það sé sagt í tölum. Heldur hv. þm., að hann flýti fyrir lagningu þessara vega með því að minnka framlagið til viðhalds þeirra um 35 þús. kr. á ári, eins og verður, ef frv. er samþ.? Heldur hann, að hann efni gefin loforð við kjósendur sína með því að samþ. að leggja tuttugu nýja vegi jafnframt eða áður en þau loforð verða efnd að leggja þá vegi, sem enn eru ólagðir af þjóðvegum? Hann hrósar sér af því, að sjónarmið sitt sé ákaflega viðtækt. Nú hefi ég það sjónarmið, og hefi reynt að fylgja því í lífinu, að koma því í framkvæmd, sem ég hefi lofað að gera, áður en ég tæki á mig nýjar skyldur. Þegar hv. þm. (JJ) hefir lýst yfir því sem form. fjvn., að ómögulegt sé að leggja eins mikið til viðhalds vegum og vegamálastjóri telur þurfa, hvað þá auka hraðann á nýlagningum, þar til uppfyllt væru gefin loforð, finnst mér lítið vit í að dreifa kröftunum í enn fleiri staði, og mannslegra væri að reyna að koma móti fólkinu með eitthvað af því, sem maður er búinn að lofa, með því að taka veg í tölu þjóðvega og þar með gefa ákveðnar vonir um, að hann verði lagður.

Það er náttúrlega alveg misskilningur, að við, sem stöndum að nál. meiri hl., séum andvígir meiri vegalagningum. Það, sem hv. 5. landsk. (ÞÞ) sagði um það, er alveg út í hött. Hann talaði um þetta mál í sambandi við brýr og brúarlagningar. Hvað kemur það þessu máli við. Þá var hann að reyna að hjálpa hv. þm. S.-Þ. með aðdróttunum um, að tölur þær, er ég nefndi, væru ekki réttar, en þar sem hv. þm. S.-Þ. hefir nú étið það ofan í sig og reynt að skjóta sér á bak við það, að Jóni sál. Þorlákssyni hafi orðið það á að draga rangar ályktanir af tölum, þá væri hv. 5. landsk. þm. sæmra að reyna að verja þann gamla flokksbróður sinn en vera með dylgjur til hans.

Hann talaði um framlög til sýsluvega. Reynslan sýnir, að sýslur hætta að leggja í vegi, sem breytt er úr sýsluvegum í þjóðvegi, og þá hættir lagning þeirra að miða áfram um stund. En ekki er hætta á því, að sýslurnar reyni ekki að taka við tillagi ríkisins til sýsluvega og leggja eitthvað á móti. Breytingar þessa frv. mundu að öllum líkindum draga úr vegagerð af þessari ástæðu. Annars mætti vel nota heimild 12. gr. vegalaganna frá 1933 til að ákveða, að sveitarfélög eða sýslur verði að taka að sér nokkurn hluta kostnaðar við að gera þjóðvegarkafla akfæra. Með því móti mætti halda áfram slíkum vegum, þangað til ríkið sér sér fært að taka þá að sér að öllu leyti.

En þegar það kostar 800—900 þús. kr. að halda gerðum vegum við, þótt af vanefnum sé gert, þýðir ekki að bæta ofan á 35 þús. kr. viðhaldsbyrði án þess að gera sér afleiðingarnar ljósar. Vanræksla á viðhaldi hlýtur að fara vaxandi, og það hefnir sín síðar. Eina úrræðið er að flokka vegina á nýjan leik í þjóðvegi og héraðavegi (og í 3. lagi hreppavegi), ákveða, hvernig ríkið

leggur fé til hvorra um sig og hvaða vegir lenda í hvorum flokki, losna við ólag eins og t. d. það að halda Mýravegi við sem þjóðvegi samhliða Melatangavegi. Jafnframt verður að bæta fyrir það óheillaspor, sem stigið var 1936 með 14. liðnum í l. um bráðabirðabreyt. nokkurra laga, að takmarka mjög lögboðin framlög ríkisins til sýsluvegasjóða.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 491, frá meiri hl. samgmn., felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, PZ, SÁÓ, ÁJ.

nei: JJós, JJ, MJ, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP.

PHerm, BSn, BrB, ErlÞ, EÁrna greiddu ekki atkv.

Brtt. 468,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 468,2 tekin aftur til 3. umr.
— 466,1 samþ. með 9:1 atkv.
— 466,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 508, 468, 509, 510, 517, 518).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Þá var einnig of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 509, 510, 517 og 518. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. S.-Þ., hv. 5. landsk. og 1. þm. Eyf. Þarf afbrigði til þess, að hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 525) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Við þm. Eyf. flytjum hér 3 brtt. á þskj. 509. — 1. brtt. er viðvíkjandi Eyjafjarðarbraut. Það er brtt. við sjálf l., um að lengja þessa braut ofurlítið eða þann hluta hennar, sem er þjóðvegur, þannig að í staðinn fyrir að þjóðvegurinn endar nú hjá Saurbæ, verði hann látinn enda hjá Jórunnarstöðum. Ég skal játa, að ég veit ekki nákvæmlega, hvað þetta er langt frá Saurbæ og inn að Jórunnarstöðum, en það mun ekki vera nema mjög stuttur spotti. Ég hygg, að það sé a. m. k. ekki yfir 10 km.

Þá eru tvær brtt. við XII. lið á þessu sama þskj. Fyrst um Hörgárdalsveginn frá Hörgárbrú hjá Möðruvöllum að Hallfríðarstöðum. Orsökin til þess, að við bárum þessa brtt. fram hér, um nýjan veg um Hörgárdalinn, er einkum sú, að þessi sveit er að því leyti ekki í tengslum við aðalvegasambandið, að það liggur enginn þjóðvegur í Skriðuhrepp neinstaðar. Nú hagar svo til, að ef þessi till. okkar um Hörgárdalsveginn yrði samþ., þá myndi þessi vegur liggja frá Möðruvöllum inn Hörgárdalinn að dalamótum Hörgárdals og Öxnadals vestan við ána. En austan við ána liggur Þelamörkin, og um hana er þjóðvegur. Nú kynni að þykja óþarft að leggja þannig vegi hlið við hlið, jafnvel þótt áin sé á milli, sem vanalega er ófær, a. m. k. þegar hún er í vexti. Við höfum því afráðið flm. að taka þessa till. aftur, en ætlum í þess stað að leyfa okkur að bera fram aðra skriflega brtt. einnig um Hörgárdalsveg, frá vegamótum hjá Bægisá að Hörgárbrú í Skuggahvammi. Með því móti er aðaltilgangi okkar náð, að þarna sé hægt að tengja saman þjóðveginn inn Þelamörkina og Öxnadalinn við veginn í Hörgárdal. En þessi vegur, sem við stingum hér upp á í skrifl. brtt., að tekinn verði í þjóðvegatölu, er miklu styttri heldur en hinn, og auk þess er það bílfær vegur, svo að ekki yrði nema um viðhald að ræða. En vegurinn frá Möðruvöllum inn Hörgárdalinn er ólagður nema tiltölulega stutt braut, og er því vitanlega miklu minni kvöð lögð á ríkissjóð með því að samþ. þá skrifl. brtt., sem ég hefi nú lýst, heldur en að samþ. þá brtt., sem er á þskj. 599. Ég vona því fastlega, að þessi brtt. verði samþ., því að ég hygg, að það sé nú ekki orðið ýkja víða á landinu, sem sveitirnar eiga við það sama að búa eins og t. d. innri hluti Skriðuhrepps í Hörgárdal að því er samgöngur snertir.

Þá er 2. brtt., eða stafliður b, á sama þskj., um það að taka upp í þjóðvegatölu veginn að Árskógssandi frá þjóðveginum, sem liggur út ströndina. Mér finnst þetta mjög hliðstætt því, að hv. Nd. tók inn á frv. veginn frá þjóðveginum að Hjalteyri, og í samræmi við það, sem áður hefir verið gert í sambandi við vegal., að tengja kauptún og þorp við aðalvegakerfið í landinu. En á Árskógssandi er, eins og hv. þm. vita sjálfsagt, þorp með allmörgum íbúum. Ég skal þó geta þess, að þessi brtt. var borin fram í Nd., þegar frv. var þar fyrir þeirri hv. d., og var þar felld. Það kynni því að mega ætla, að hv. Nd. yrði ófús til þess að taka við þessari till. aftur, þó að brtt. yrði samþ. hér í hv. d., og mun ég því af þeirri ástæðu bera mig saman við meðflm. minn um það, hvort ástæða sé til að halda þessari till. til streitu. En ég vona, að a. m. k. verði fyrri till. á þskj. 509 og skrifl. brtt., sem ég mun nú biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir, báðar samþ., úr því að það virðist hafa orðið ofan á hér í hv. d. á annað borð að gera breyt. á vegal. og taka nýja vegi upp í tölu þjóðvega. Úr því að svo er, hygg ég, að fullyrða megi, að það sé ekki farið fram á annað en það, sem er fyllsta sanngirni, samanborið við önnur héruð, þó að farið sé fram á, að þessir stuttu vegakaflar séu teknir í þjóðvegatölu. Hinsvegar skal ég játa, að ég tel það töluvert vafasamt, hvort rétt sé að breyta vegal. nokkuð á þessu þingi, en ef svo verður gert, verð ég að halda fast við þessar till. okkar.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent svofelld skrifl. brtt. frá þm. Eyf.: [Sjá þskj. 524]. Þarf afbrigði til þess að hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég vil fyrst leyfa mér að finna að því — þó skal ég ekki fara um það mörgum orðum — að mál eins og þetta sé hespað hér í gegn með þeim hraða, að það fæst hvorki tími til þess að taka framkomnar brtt. fyrir á nefndarfundi né heldur tími til þess að tala við vegamálastjóra, sem á að hafa stjórn þessara mála með höndum, og ekki tími til þess fyrir einn einasta hv. þm. að átta sig á, hvaða brtt. þeir kynnu að vilja gera við vegal. Ég sé ekki, að sé nein ástæða til þessa. En afleiðingin hefir orðið sú, að það liggja fyrir skrifl. brtt. jafnvel frá sömu þm., sem áður eru búnir að bera fram brtt. Þetta sýnir ljóslega, hversu mikið flaustur þetta er. Þm. koma nú með skrifl. brtt. við brtt., sem þeir báru hér fram í gær. Þetta er óforsvaranlegt, og ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hraði yfirleitt ekki svona málum. Það er ekki þörf að hafa það þannig við mál, sem þurfa að athugast vel.

N. hefir engan fund getað haldið um brtt., sem nú liggja fyrir, og ekki getað athugað þær, ekki getað borið þær undir vegamálastjóra, ekki getað fengið upplýsingar um lengd veganna og ekki heldur, hvar á vegi héruðin eru stödd um að leggja þessa vegi, og ekki getað athugað, hvað það kostar árlega — yfirleitt ekki getað aflað sér neinna upplýsinga um þetta. Vegna þess og þess flýtis, sem er á þessu, hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við þskj. 517 og 518, og skal ég nokkuð greina frá þeim.

Fyrri brtt. á þskj. 517 fer í þá átt að leiðrétta það, sem hv. þm. S.-Þ. taldi í sinni ræðu í gær, að ekki væri tími til að leiðrétta. Það var vegurinn í Austur-Skaftafellssýslu. Það eru þarna á parti settir tveir vegir hlið við hlið annarsvegar eins og leið liggur yfir Mýrarnar, en hinn vegurinn um Melatanga. Nú myndi ég líta svo á, að Melatangavegur ætti að vera í A-fl. og kostaður að öllu leyti af ríkinu. Hinn vegurinn, sem myndi hverfa, ef fyrri till. mín yrði samþ., myndi eiga að vera í B-fl., sem væri að mestu leyti kostaður af viðkomandi héruðum. Ég hefi samt sem áður komið með till. um að fella niður 1. gr. l. frá 1928, þannig að ekki verði þarna tveir vegir hlið við hlið að öllu leyti kostaðir af ríkinu. Og í samræmi við þetta er 2. brtt., að c-liður frv. falli niður.

Það kom hér í d. greinilega fram í gær, að meiri hl. af þeim hv. þm., sem atkv. greiddu, en minni hl. þó af þdm., vildu ekki, að nú væri farið að endurskoða vegalöggjöfina og láta slá á frest þessum samþykktum, þar til sú rannsókn væri búin, heldur vildu þeir fá þetta fram nú, án þess þó að kæmi rödd á móti því, að rétt væri að flokka vegina eins og ég legg til og láta héruðin borga nokkurn hluta af nýlagningu þeirra og e. t. v. viðhald, þó síður viðhaldið. Þetta er orsök þess, að ég legg til, að við frv. verði bætt tveimur gr., fyrst aftan við 12. gr., um það, að þessir vegir, sem nú fara í frv., skuli hvað nýlagningu snertir kostaðir að ⅔ af ríkinu, en að öðru leyti af héruðunum. Það, sem fyrir mér vakir með þessu, er að koma þeirri skiptingu á þetta, sem mér finnst eðlilegast, að sé í framtíðinni. Þó skal ég viðurkenna, að í frv. eru tveir vegir, sem ég tel, að ríkið verði að kosta að öllu leyti. En þegar málið er afgr. í þessu flaustri á svo skömmum tíma, sá ég ekki ástæðu til þess að taka þá út úr, heldur verði þeir með í þessu tilfelli. Ég geri ráð fyrir, að ekki líði mörg ár, þangað til að vegirnir verða flokkaðir, og þá megi laga þetta. En það, sem fyrir mér vakir með því að setja þetta ákvæði inn, er, að frekar sé von um, að þá stöðvist ekki vinna í vegum, sem byrjað hefir verið á að leggja. Með því að taka inn í l. ákvæði um þetta vona ég, að í framtíðinni teygist þessir vegir áfram af þeirri fjárveitingu, sem nú er til þeirra ætluð og kallað til sýsluvega.

Í öðru lagi legg ég til, að aftan við frv. komi ný gr., bráðabirgðaákvæði, og þar geri ég ráð fyrir, að ekkert sé lagt fram af ríkissjóði til viðhalds þeirra vega næstu tvö árin, sem nú verða samþ. í þessu frv., sem þó í fjárl. er búið að samþ. fé til, en héruðin verði á þessum tveim árum að sjá um viðhaldið. Þetta er til þess að reyna að tryggja það, að ekki sé dregið úr því fé, sem ætlað er að leggja í þessa vegi, með því að dreifa því yfir þessa vegi.

Með þessum tveimur brtt. vænti ég, að náist þó það heilbrigði í þessum málum, að vegagerð geti haldið áfram í landinu með líkri þróun og nú er, en ekki þurfi að stöðvast vegalagningar á einum 20 stöðum, eins og orðið hefði, ef frv. hefði verið samþ. óbreytt, þar sem ekkert fé er fyrir hendi annað en fjárframlögin til sýsluvegasjóðs og úr hreppasjóðum, en frá hæstv. Alþ. er einskis fjár að vænta, þar sem búið er að samþ. fjárl. fyrir bæði þessi ár, án þess fé sé ætlað þar í þessu skyni. Ég legg því til, að þessar tvær nýju gr. verði samþ., og legg ég aftur á móti miklu minna kapp á, að 1. og 2. brtt. mín verði samþ., og þó að þessi tvöfaldi vegur í Austur-Skaftafellssýslu verði lagður í bili, þá geri ég ráð fyrir, að vegamálastjóri muni gera lítið til þess að halda honum við, svo það kemur þá ekki svo mjög að sök, þótt hann sé lagður, þótt ekki sé það vel viðkunnanlegt, að tveir vegir liggi samhliða í sömu sýslunni með fárra km. millibili, sem báðir eru kostaðir af ríkinu, þegar svo þar að auki eru ekki nema 0,2 km. eftir af sýsluvegunum í sýslunni, sem ekki eru komnir á ríkið. Þá á ég brtt. um, að við bætist nýr vegur frá Hallormsstað og inn að brúarstæði á Jökulsá í Fljótsdal.

Páll Hermannsson: *Ég vil benda á, að hér liggja* orðið fyrir allmargar brtt., sumar þeirra skriflegar, og nokkrar þeirra eru í raun og veru mjög þýðingarmiklar, eins og t. d. sú, sem gerir ráð fyrir, að byrjað verði að flokka vegina og fjárframlagi ríkissjóðs verði hagað með tilliti til þess, í hvaða flokki vegurinn er. Þetta finnst mér svo þýðingarmikið, að það sé nokkurt flaustur að ganga til atkv. um slíkar till. án þess að n. fái íhugað þær. Það voru í gær skiptar skoðanir og karp um það, hvort brýn þörf væri á að taka nýja vegi inn í vegalögin. Mér finnst, að ekki þyrfti að vera neitt karp um málið eins og það er nú, en að það ætti að íhugast nánar í n. Ég vil gera það að till. minni, að umr. verði frestað og málinu vísað til aðgerða hv. samgmn. á

ný, og ekki gengið til atkv. fyrr en n. hefir haft tíma til þess að athuga málið.

*Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég held, að það sé óþarfi að fara að vísa þessu máli á ný til n., eins og hv. 1. þm. N.-M. talaði um. Fyrir það fyrsta er viðvíkjandi aðalatriðinu, sem hv. 1. þm. N.-M. talaði um, meiri hl. samgmn. sammála, því að ég, sem var í minni hl. að öðru leyti, vil nú skapa meiri hl., ef þess ef þörf, með hv. form. n., um að styðja þessa till. Það kom til orða í n., að það væri sameiginlegur vilji til fyrir því að bæta inn svona „klásúlu". Ég álít, eins og hv. 1. þm. N.-M., að þetta sé spor í rétta átt, sem gert hefir verið með þessum viðbótartill. En að því leyti, sem hv. 1. þm. N.-M. sér ekki ástæðu til að vísa þessu til n. og sagði, að þessu væri hraðað um of á síðustu stundu, þá er eins og menn, sem svona tala, hafi aldrei verið á þingi fyrr. Það ganga oft stærstu málin í gegnum þingið síðustu dagana með afbrigðum og næturfundum, og þetta er eitthvert það aumasta mál, samanborið við þau stórmál, sem verið er að afgreiða nú síðustu daga þingsins, án þess að menn geti um þau hugsað. Þegar svo þess er líka gætt, að meiri hl. samgmn. er fullkomlega andstæður málinu og hefir óskað að eyða því og hefir gert till. til að fella það, þá vil ég mótmæla því, að málinu sé vísað til n. til frekari rannsóknar. N. er þegar búin að sýna, að hún hefir ekki annan áhuga fyrir málinu en að stöðva það. Ég hefi ekki á móti því, að þetta mál verði fellt, ef verkast vill, eða látið daga uppi, af því að ekki vinnst tími til að afgreiða það, en að verið sé að leika sér með það á þennan hátt, því mótmæli ég, því að það eru engin skynsamleg rök fyrir því, að framhaldsathugun á málinu sé nauðsynleg, og þó menn kynnu að vilja athuga það nánar, þá er ekki nauðsynlegt, að það sé gert á þessu þingi.

Ég hefi ásamt 2 öðrum hv. þm. borið fram skrifl. brtt. um, að ekki einungis nýlagning vega, heldur einnig viðhald þeirra verði kostað af sýslunum þar til öðruvísi verður ákveðið, og þar með höfum við þessir þremenningar sýnt, að við viljum viðhalda sambandinu við sýslurnar og áhugann þar fyrir þessum málum, og þótti ekki ástæða til að skera þráðinn þarna á milli alveg sundur, eins og annars hefði verið gert.

Út af annari till. hv. 1. þm. N.-M. vil ég bera fram mótmæli, ekki einungis fyrir mína hönd, heldur einnig fyrir hv. þm. V.-Sk. og vegamálastjóra, því gr. um veginn í VesturSkaftafellssýslu er orðuð af vegamálastjóra og þessum hv. þm. og því engin ástæða til að vísa því til n., af því að þessum atriðum óskar vegamálastjóri ekki, að sé breytt, því að eftir því, sem hv. þm. V.-Sk. segir mér, þá vill hann einmitt fá þennan veg, og það situr ekki á þessari hv. d. að fara að hræra í því.

Það er margt gott að segja um till. hv. 1. þm. N.-M. um veginn niður Fljótsdalshéraðið. Það er ein af fegurstu sveitum landsins og þarna má búast við, að komi brú á fljótið, áður en langt um líður, og verður þá vegakerfi Fljótsdalshéraðsins miklu betra en nú, þar sem eru tveir þjóðvegir, sinn hvorum megin við fljótið.

Mér þykir vænt um, að hv. 1. þm. Eyf. gat fallizt á að taka aftur till. sína um veginn á Árskógsströndinni, því að ef málið hefði þurft að fara þannig aftur til hv. Nd., hefði það getað fellt það. Þessi litla breyt., sem hv. 1. þm. Eyf. gerði, er réttmæt og eðlileg samgöngubót frá Bægisá yfir í Hörgárdal, og hún er vissulega til bóta. En ég mótmæli því kröftuglega sem nm. í samgmn., að málið verði sett til n., því það er aðeins til að drepa það, en menn verða þá að hafa hug til þess að drepa það í d.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifleg brtt., sem er gerð við brtt. á þskj. 468, 2, frá hv. 5. landsk. þm. Það er aðeins formbreyting vegna breytts orðalags í frv., en brtt. var upphaflega gerð við frv. eins og það var við 1. umr. Þar sem komið hefir fram till. um að fresta málinu og vísa því til samgmn., verður sú till. borin undir atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til samgmn. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ, JJós, MG, MJ, PHerm. PZ.

nei: ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

Einn þm. (SÁÓ) fjarstaddur.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., 22. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 508, 468, 509, 510, 517, 518, 524, 525, 526).

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! N. hefir athugað brtt. þær, er fram eru komnar, og hefir orðið sammála um það, sem nú skal taka fram:

Að mæla með 1. lið brtt. á þskj. 509, þar sem farið er fram á að lengja akbrautina, sem endaði við Saurbæ í Eyjafjarðarsýslu, fram að Jórunnarstöðum, ásamt brautinni að Kristneshæli. Þá skilst mér a-liður undir 2. lið till. hafa verið tekinn aftur; b-liður fjallar um lítinn spotta frá Árskógsströnd niður að Árskógssandi, en þann veg verða þeir að fara, sem ætla með ferjunni út í Hrísey, sem er allstórt þorp.

Brtt. á þskj. 510 virðist aðeins vera sjálfsögð leiðrétting.

1. og 2. brtt. á þskj. 517 eru teknar aftur, en n. hefir orðið sammála um að mæla með 3. brtt. á því þskj.

Hv. þm. S.-Þ. hefir sagt okkur í n., að till. sú, er hann hefir borið fram ásamt hv. 5. landsk. og hv. 2. þm. Eyf., sé tekin aftur.

Þá er n. sammála um að mæla með brtt. á þskj. 518, sem fer fram á að leggja vegarspotta fram Fljótsdalinn. Þarna eru að vísu ár, sem þarf að brúa, en vonandi verða ekki mörg ár þangað til það verður gert. Þá mælum við einnig með þeim vegi, sem getið er í brtt. á þskj. 524.

Brtt. á þskj. 525 var tekin aftur, en brtt. á þskj. 526 mun bera að skoða sem leiðréttingu við till., er hér var á ferðinni um daginn. 2.

liður á þskj. 468 er stuttur spotti frá Vesturlandsvegi í Saurbæ til Salthólmavíkur, og mælir n. með þessari till.

Ég vænti þess, að hv. Nd. muni ekkert hafa að athuga við þessar till. Vænti ég þess, að menn sjái, að ekki stoðar að leggja vegi, ef ekki er hægt að halda þeim við. Og viðvíkjandi 3. lið brtt. á þskj. 517 vil ég láta í ljós þá von, að menn líti svo á, að kostnaðurinn verði að koma að nokkru á héruðin, en ekki aðeins á ríkissjóð.

ATKVGR.

Brtt. 517,1—2, 509,2.a og 525 teknar aftur.
— 509,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 509,2.b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 526 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 468,2, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 510 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 524 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 518 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 517,3.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 517,3.b samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 542).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Þetta mál, sem er frv. til l. um breyt. á vegalögum, hefir haldið áfram sínum gangi gegnum þingið, en inn í það höfðu komizt þeir agnúar frá því, sem samgmn. skildi við það á sínum tíma, að því var hætta búin á göngu sinni. Eins og hv. þm. muna, þá var samgmn. hv. d. sammála um að taka úrval af brtt. frá einstökum þm. upp í frv. N. hafði ásamt vegamálastjóra unnið að þessu og hafði verið svo réttlát að taka til greina vegi úr öllum héruðum þeim, sem brtt. lágu fyrir um frá fulltrúum þeirra. Einnig hafði hún það fyrir augum, hvað langur tími væri liðinn frá því, að vegur úr viðkomandi héraði hefði verið tekinn upp í þjóðvegatölu. Nú vildi svo illa til, að einn hv. þm. virtist ekki vera ánægður með ráðstafanir og till. n., en fór fram á, að sínar till. um upptöku vega í tölu þjóðvega yrðu teknar upp í frv. Það eru engin takmörk fyrir því, hversu hv. þm. geta verið kröfufrekir í þessum málum, jafnvel þó að n. hefði tekið inn í frv. till. frá flestum þeirra og reynt þannig að miðla málum. Það tókst fyrir þessum hv. þm. að koma sínum till. að, og áður var þó búið að taka till. frá honum í frv. Mér finnst hér vera farið út á hálan ís, sem gæfi öðrum hv. þm. illt fordæmi. Hv. þm. sýndu þá tillátssemi að taka allar brtt. aftur í þeirri von, að málið fengi ekki fleiri ágalla, heldur mætti ganga greiðlega gegnum þingið. En það varð nú ekki, því að ýmsir hv. þm. töldu sér skylt að koma með sínar óskir úr sínum héruðum um vegi í þjóðvegatölu. Fyrir nokkra keppni tókst að þvinga inn brtt., sem ekki voru allar þannig vaxnar, að þær stæðust þann hreinsunareld, sem frv. gekk í gegnum. Og þar með var sú gátt opnuð inn í frv., sem brtt. hv. þm. streymdu inn um inn í frv. Og þannig liggur nú málið fyrir nú, að frv. er stórskemmt frá því sem áður var, og sjálfsagt á móti vilja margra hv. þm., einnig í Ed. Hér eru komnir inn 9 vegir samtals í frv. frá því er það var lagt hér fram. Og sumir eru þeir dýrir vegir, sem ekki hefir verið gerð nein vegabót á og ríkið því yrði að byggja að öllu leyti, ef þetta á að ná fram að ganga.

En hv. Ed. lét ekki þar við lenda, heldur tók rögg á sig og samþ., gegn andmælum ýmissa hv. þm., tvær nýjar gr. inn í frv. Það var tekið rannsóknarlaust inn í frv. með þessu, að kostnaður við þessar vegabyggingar skuli ekki aðeins greiddur af ríkinu, heldur að ⅓ hluta af viðkomandi héruðum. Nú vitanlega ætluðust þeir hv. þm. til, sem fengu samþ. vegi, og þjuggust við, að kostnaðinum við þessa vegi væri ekki að meira eða minna leyti dembt yfir á héruðin. Er þó um marga af þessum vegum, sem teknir voru í frv., að mínum dómi alls ekki betur farið en heima setið að setja þá hér í frv., ef samþ. á þessar gr. Ákvæði 3. gr. eru svo fráleit, að það nær ekki nokkurri átt að samþ. þau, þar sem lagt er til, að viðhald þeirra vega, er bætast við tölu þjóðvega eftir frv. þessu, skuli árin 1940 og 1941 kostað af viðkomandi héruðum, því að héruðin munu ekki standast þetta og munu ekki gera það um vegi, sem á annað borð eru komnir inn í þjóðvegatölu. Hvernig svo sem ætti að skipta kostnaðinum, mundu þau ekki taka neitt af honum á sig vegna vega í þjóðvegatölu. Þetta viðhald mundi, ef allt þetta væri samþ., drafnast niður, og það mundi verða hefndargjöf fyrir héruðin að hafa fengið vegum komið í þjóðvegatölu með þessu frv., ef þetta bráðabirgðaákvæði væri samþ. En ef þessar tvær gr. væru burt felldar, höfðu, eins og málið stæði þá, ýmsir hv. þm. rétt fyrir sér með að leggja á það nokkurt kapp að koma vegum, sem í þessu frv. eru, í þjóðvegatölu. Samgmn. hefir athugað þessar till., sem komust inn í frv. í Ed., og n. lítur á þessar tvær gr., sem illu heilli komust þar inn í frv., sem fullkomið skemmdarverk á málinu. Og hún vill ekki eiga hlut í því að samþ. málið í því formi, sem það hefir nú. Hún ber því fram skrifl. brtt. um að fella niður þessar 2. og 3. gr., sem hv. Ed. hefir sett inn í frv., en hefir þó ekki gert brtt. um niðurfellingu þeirra einstöku vega, sem komust inn í frv. í Ed. Með þessu móti eru að vísu, ef hv. þm. ætla að samþ. þetta allt saman, þessa vegi alla, málin komin í nokkra kös, og verður vandi úr að ráða fyrir ríkissjóð að standa þar að. En hitt nær ekki nokkurri átt, að samþ. það óréttlæti, sem komizt hefir inn í frv. í hv. Ed., að nú skuli demba þessu á héruðin aftur, þar sem þau hafa kannske ekki litið við þessum vegum, sem hér eru till. um að koma í þjóðvegatölu, þar sem teknir eru heilir vegir bara eftir landslagi og ætlazt til, að þeir komi inn í þetta kerfi. Ég mun því fyrir hönd samgmn. bera fram skrifl. brtt., sem hljóðar þannig, að 2. gr. og 3. gr. frv. falli niður.

Að lokum vil ég lýsa því yfir, að þó að samgmn. átelji þessa meðferð alla á frv. í hv. Ed. — því að frá sjónarmiði n. er málið komið út

á hálan ís, sem seint verður við það ráðið á — þá mun hún þó láta kyrrt liggja og afskiptalaust um þessa einstöku vegi, sem samþ. voru í Ed., ef samþ. verður brtt. hennar hin skrifl., sem ég hefir þegar lýst, um niðurfellingu 2. og 3. gr. En verði brtt. felld, munu bæði ég og aðrir fleiri nm. greiða atkv. á móti frv. eins og það nú liggur fyrir. Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá samgmn., sem hv. þm. V.-Sk. hefir nú lýst. Þarf að veita afbrigði til þess, að brtt. megi taka til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 558) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég vil vekja athygli hv. þm. á, að tilætlunin var að ljúka umr. um þetta mál og helzt að fá það afgr. nú þegar og að því loknu setja nýjan fund og taka mál fyrir, sem d. hafa borizt frá Ed.

Jón Pálmason: Á undanförnum árum hefir mátt heita svo, að á hverju þingi hafi legið fyrir frv. um fleiri eða færri breyt. á vegal., og jafnan hafa þessi frv. strandað. Ég fyrir mitt leyti bjóst við, að svo mundi eins fara um þetta frv. nú á þessu þingi. Og ég hefi af þeim ástæðum ekki borið fram neina brtt. um vegi í minu kjördæmi nú, að ég bjóst við, að það hefði ekki mikla þýðingu. En þegar ég sé, að það er búið að hrúga inn vegum í þetta frv. jafnstórkostlega og raun ber vitni, bæði í þessari hv. d. og hv. Ed., þá finn ég það, að ég get ekki staðið mig við annað en bera fram brtt. til samræmis um einn veg í minu héraði, sem að sjálfsögðu, eftir því sem ég bezt fæ skilið, væri meiri sanngirni í að taka hér með í þetta frv. heldur en ýmsa vegi, sem nú hafa verið samþ. inn í frv. Þessi vegur er frá Hofi á Skagaströnd að Ásbúðum. Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. um þetta.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. A.-Húnv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 550]. — Til þess að brtt. þessa megi taka til meðferðar á fundinum, verður að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég get haft sama formála fyrir því, sem ég segi hér, eins og hv. þm. A.-Húnv. Mér höfðu á öndverðu þessu þingi borizt beiðnir frá nokkrum kjósendum mínum um að flytja brtt. um að bæta einum vegarspotta við í þjóðvegatölu; er þessi spotti á Mýrunum. Ég gerði það ekki, vegna þess, eins og hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það hefir verið venja á undanförnum árum, að þegar hæfilega margar brtt. hafa verið komnar fram við vegal., þá hefir þeim öllum verið komið fyrir kattarnef. Nú sé ég, að þingið er hér með till. um að bæta allverulega við vegi í þjóðvegatölu með þessu frv. Get ég þá ekki lengur setið hjá, og ber hér fram skrifl. brtt. um að bæta við Þverárhlíðarvegi, sem liggur frá Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk að Norðtungu. Þessi vegur liggur um nokkurn hluta Stafholtstungnanna upp í Þverárhlíð, sem er mjög afskekkt hvað vegi snertir. Og þar sem svo er ástatt nú um þetta hérað, að það liggur fjárhagslega í sárum vegna fjárpestarinnar, sem hefir gengið þar undanfarin ár, þá treysti ég, þegar tekið er tillit til þessa og líka hins, að sanngirni mælir með því almennt að leggja þarna veg, hv. þd. til þess að sýna mér sama örlæti um samþykkt þessarar brtt. eins og hún hefir sýnt fjölmörgum öðrum. Leyfi ég mér því að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. (**Viðskmrh.:** Jæja! Býður enginn betur?).

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 549) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Pétur Ottesen:** Ég skal gjarnan verða við tilmælum hæstv. forseta um að tala ekki lengi um þetta mál nú. Að vísu er nú þannig ástatt fyrir mér, að bæði við 3. umr. þessa máls hér í d. á dögunum og nú hefir einn hv. þm., þm. V.-Sk., reynt mjög að reita mig til reiði, sem honum engan veginn hefir þó tekizt, hvorki þá eða nú, með því að ráðast á mig nokkuð hatramlega og bera mér ýmislegt á brýn, af því að ég fékk hér samþ. eina till. framhjá honum, en með góðu samþykki hans samnm. Hann þarf því ekki að bera fyrir sig n. í þessu. Það er hans eigin persóna, sem hefir særzt svona, svo að hann hefir ekki getað séð mig í friði. Þetta afvegaleiddi hv. þm. svo hrapallega, að hann vildi halda því fram, að ég hefði komið hæstv. forseta til að brjóta þingsköp í sambandi við þessa till. En annaðhvort viljandi eða óviljandi tók svo þessi hv. þm. þetta allt saman aftur, því að hann sló hér fram setningu, þar sem hann át ofan í sig það, sem hann hafði sagt um hæstv. forseta, að hann hefði gengið í bága við þingsköp með því að bera upp þessa till., enda var forseti fljótur að benda honum á það, að hann væri búinn að taka aftur allar aðdróttanir til sín um þingskapabrot í þessu sambandi. Þess vegna er það, að framkoma þessa hv. þm. er harla einkennileg, þegar litið er á þetta allt. Og ég vil draga skýrt strik á milli hans og ýmissa hans samnm. í samgmn., þar sem hann lítur svo á, að eiginlega hafi ekkert leyfi verið til þess fyrir hv. d. að samþ. hér nokkurn skapaðan hlut annað en það, sem n. lagði til. Þetta er ákaflega einstrengingslegur skilningur á aðstöðu n. Og hv. þm. virðist ganga nokkuð á svig við þingræðið, og jafnvel lýðræðið, með því að halda fram þessari kenningu, og það á þeim tíma, sem við skreytum okkur með því að vera lýðræðissinnar, eins og okkur ber að vera. Ég hygg, að þessi þrákelkni hjá hv. þm. hafi ekki haft nein áhrif á gang þessa máls, því að hv. þm. eru upp úr því vaxnir að láta slíka framkomu hafa nein áhrif á sína afstöðu til alvarlegra þjóðmála, eins og þessi

mál eru. Því að þessi mál grípa á viðtækan hátt inn í hagsmunamál manna, sem búa í hinum dreifðu byggðum landsins. Það er búizt við hjálp frá því opinbera til þess að hjálpa þessum mönnum til að bjarga sér og standa föstum fótum í þeim atvinnurekstri, sem þeir reka þar til uppbyggingar fyrir þjóðfélagið. Og þessari hjálp er búizt við í þeirri mynd að bæta samgöngur hjá þeim. Það er ekki síður nauðsynlegt, eftir að fólkið í sveitunum er orðið svo fátt sem nú er, því að þeir menn, sem þar eru, þurfa sannarlega að geta komizt sem tálmunarminnst yfir landið, ef þeir eiga að geta búið. Það er því ákaflega hatramlegt, þegar þm., sem er fyrir kjördæmi, sem eins miklum örðugleikum er háð að ferðast um eins og kjördæmi þessa hv. þm., ris hér upp og gerist sérstakur baráttumaður fyrir því, að staðið sé á móti því, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að á þarfir þeirra manna, sem í dreifbýlinu búa, til þess að komast yfirleitt yfir landið, sé litið með sanngirni. Þetta er ákaflega kynlegt og einkennilegt framferði. Og það er gott fyrir þennan hv. þm. að fá að þreifa á því, að það er ekki hægt að láta svona skoðanir sigra á hæstv. Alþ., sem að sjálfsögðu er allt af vilja gert til þess að hjálpa mönnum, sem berjast við mikla örðugleika úti um dreifbýlið í landinu. Það byggðist vitanlega á réttum skilningi hv. þm. að samþ. mína sanngjörnu till. á dögunum. Það var ekki eingöngu það, að hv. þm. V.-Sk. láliti sínar brtt. svo helgan dóm, að það mætti ekkert koma nálægt þeim, heldur felldi hann þungan dóm yfir hv. Ed. út af því, að hún gerði nokkrar breyt. á frv. En þetta er ekki undarlegt, því að þar eru þm. fyrir önnur kjördæmi heldur en þeir, sem bera fyrir brjósti áhugamál kjördæma sinna hér í þessari hv. d. Enda er ekki nema eðlilegt, að brtt. hv. Ed.-þm. nái líka fram að ganga. Þau milli 20 og 30 ár, sem ég hefi setið á þingi, hafa verið samþ. till. um þetta frá báðum d. þingsins. Og að því er snertir þá vegi, sem teknir hafa verið upp í frv. í hv. Ed., þá er mér tjáð af form. samgmn. þar, að þeir hafi verið teknir inn í frv. í samráði við vegamálastjóra, alveg eins og var hér í hv. Nd., þannig að honum hefir verið kunnugt um, hvaða brtt. þar var um að ræða. Og það er náttúrlega sjálfsagt að tala við vegamálastjóra um þessa hluti, þó að þingið hafi vitanlega alveg í höndum sér, hvaða samþykktir eru gerðar um einstaka vegi, hvað sem till. vegamálastjóra líður, þó að ég vilji ekkert lítið úr þeim gera í heild.

Inn í þetta frv. hafa svo komizt tvær gr. í Ed., sem ég get tekið undir með hv. þm. V.-Sk., að ég er andvígur, um að setja ákvæði um það, að viðkomandi héruð skuli bera ⅓ hluta af kostnaði við nýlagningu vega þeirra, sem bætast í þjóðvegatölu árið 1940, og ennfremur, að viðhald vega þeirra, er bætast við tölu þjóðvega eftir frv þessu, skuli árin 1940 og 1941 vera kostað af viðkomandi héruðum. Ég er alveg á móti því, að farið sé að taka upp í vegal. yfirleitt slík ákvæði sem þessi, að láta héruðin standa undir kostnaði af þeim vegum, sem teknir eru upp í þjóðvegatölu á annað borð. En mér skilst hinsvegar, að afgreiðsla frv. í heild geti oltið á því, hvernig þessi ákvæði eru afgr., og virðist mér frá því sjónarmiði engin höfuðsök, þó að þessi ákvæði væru látin standa í frv. Þetta er til eins árs í öðru tilfellinu, en til tveggja ára í hinu tilfellinu. Þessi tími er fljótur að líða. Og þegar hv. þm. V.-Sk. talar um, að það verði erfitt fyrir héruðin að standa undir þessum kostnaði, þá er á það að líta, að þetta er þó mjög mikill léttir frá því, sem nú er, því að nú verða héruðin að standa undir öllum lagningarkostnaðinum á þessum vegum. Með samþykkt frv. í þessu formi fá héruðin styrk til nýbygginga þessara vega, þar sem þau fá hann nú engan. Þó ég því sé á móti þessu ákvæði yfirleitt, vil ég, samkvæmt því, sem ég hefi sagt, að svo komnu máli sætta mig við þetta form til samkomulags við hv. Ed., því að það er tryggasta leiðin til þess að fá frv. afgr. sem lög frá Alþ. nú þegar. Og ég verð að segja, að það er þó nokkur viðurkenning á þörfum manna í dreifbýlinu og hugnun fyrir þá, sem eru að berjast fyrir vegagerð þar, að fá þá viðurkenningu frá þinginu, sem felst í þessu frv. eins og það er nú. Þess vegna vildi ég mjög mælast til þess við hv. þdm. hér, að við, sem viljum gera það, sem við getum, til þess að létta undir með mönnum, sem búa við erfiðar vegasamgöngur og hafa lítið fjármagn til þess að greiða úr þeim erfiðleikum af eigin rammleik, tökum nú höndum saman og stuðlum að því, að frv. fái framgang eins og það liggur fyrir. Ef frv. verður breytt, þá er vísast, að það dagi uppi eða verði fellt í þinginu.

Ég verð að segja það út af þeim brtt., sem eru fram komnar frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Mýr., að mér þykja þeir vera seint á ferð með sínar brtt. Þetta frv. er búið að liggja hér fyrir þinginu síðan á öndverðu þingi, og þess vegna hefir verið nægur tími til þess að koma með brtt. Og ég get ekki skilið það, að þeir eru nú fyrst að koma með sínar brtt., öðruvísi en svo, að þetta sé nokkurskonar tilræði við frv., að bera þessar brtt. fram svona á síðustu stundu, þar sem þær eru líklegar til þess að verða þáttur í því, að bæði þessum till. og öðru í frv. verði siglt í strand. Og þar sem hér er verið að leitast við að hjálpa til með þessu frv. að létta afkomu þeirra, sem við erfiðar samgöngur og ýms önnur erfið kjör eiga að búa í dreifbýlinu, þá er það nokkuð harðleiknislegt gagnvart þessu fólki, ef það verður nú á síðustu stundu farið að slökkva fyrir því þann vonarneista, sem skapazt hefir hjá þessum mönnum um það, að hér ætti að létta þeim nokkuð sóknina með því að rétta fram hönd til þess að greiða úr erfiðum samgöngum hjá þeim.

***Frsm. (Gísla Sveinsson)**: Herra forseti! Það var nú að vonum, að hv. þm. Borgf. sá sér einn kost nauðugan að standa upp og bera hönd fyrir höfuð sér eða reyna að friða sína samvizku, sem hann hefir staðið á nálum með síðan þetta frv. var hér í Nd. á dögunum. Hans samvizka er líka þannig í þessu máli, að hann yfirleitt vilar ekki fyrir sér að neita staðreyndum og fullyrða það, sem er í lausu lofti. Þetta hefir komið fyrir þennan hv. þm. fyrr. En ég mæltist til þess

fyrir skömmu, að þessi hv. þm. gætti sín nú, þar sem honum hafði verið falin allábyrgðarmikil staða á þingi, í þeirri trú, að hann fyndi til ábyrgðar sinnar, því að vegsemdinni fylgir vandi. Og því merkilegra er það, þar sem þessi hv. þm. er einn með elztu hv. þm. að þingáratölu, að hann er ekki enn farinn að læra, að það er nokkur ábyrgðarhluti að vilja aldrei beygja sig, heldur alltaf beita fullkominni frekju, ef hans kjördæmi er um að ræða, hversu tillitssamur sem hann annars er í málum.

Nú veit hv. þm., að hann kom þannig ár sinni fyrir borð, þó að hann væri á engan hátt skágenginn, heldur fyllsta tillit tekið til hans till. og höfuðtill. hans tekin upp, en hann var ekki ánægður með það, — að hann fékk hæstv. forseta til þess að þvinga málið í gegn, að því er ég og aðrir telja á óréttmætan hátt, en það gaf hv. þm. tækifæri til þess við 2. umr., að koma máli sínu fram. Allir aðrir tóku aftur sínar till. til 3. umr.; einnig sá þm., sem gat sagt, að hann hefði engan veg fengið, tók aftur sínar till., til þess að málið gæti gengið fram.

Hv. þm. fór með staðlausa stafi, þar sem hann sagði, að ég sem frsm. hafi staðið einn. N. fylgdist öll að, og enginn nm. fylgdi hv. þm. með þessa till., sem hann barnaði frv. með. Og þessi hv. þm., sem er form. fjvn., leyfir sér að fullyrða, að nm. hafi greitt till. hans atkv. Það var alls ekki, en hann fékk þm. til að greiða till. sinni atkv. með því að lofa þeim að fylgja aftur þeirra till., en þær voru allar teknar aftur, svo að hann losnaði við að borga brúsann, en fékk sitt í gegn.

Það er einnig ósatt, að n. hafi ekki viljað taka tillit til till. úr héruðum og ég sem frsm. hafi viljað þverskallast við að verða við réttmætum óskum. Það geta hv. þm. séð með því að líta á brtt. n. Þar eru ekki færri en 25 nýir vegir, sem n. leggur til, að séu á einu bretti og einni fjöl teknir inn í vegalögin. Er það það mesta, sem nokkur þn. hefir lagt til í þeim efnum allt frá því, að vegalögin voru samþ. Hinsvegar lagði n. á móti ýmsum till. úr héruðunum, ekki eingöngu hans till., sem voru með þeim hæpnustu, heldur og öðrum. Aðaltill. hans var tekin upp af n., en aðra till. sína fékk hann samþ., af því að hann einn allra neitaði að taka hana aftur. Hann var ekki ánægður, form. fjvn., það var ekki nóg komið á rikissjóðinn. 3. till. sína tók hann aftur, af því að hann neyddist til þess, hún var frekust, og hann vissi, að hann var búinn að fá svo mikla andúð þm. gegn þessu framferði sínu. Hann stendur vel í sinni stöðu, hv. form. fjvn.

Það er ekki réttur máti hjá honum að vilja níða alla niður fyrir að vilja hafa í hverju máli einhverja reglu, eitthvað sem hægt er að verja, einhverja skynsemi, einhverja rannsókn. Hann hefir ekki rannsakað þetta mál og getur því ekki talað úr flokki eins og ég get sem frsm., því að n. hefir lagt mikla vinnu í að rannsaka þetta mál ásamt þeim, sem bezt skyn bera þar á, rannsaka, hvar þörfin er mest og hvar þörfin er minnst. Það er því nokkuð frekt af hv. þm., þegar hann er hér að reisa sig, setja sig á háan hest og segja, að ég vilji ekki vegi í Skaftafellssýslu. Það er enganveginn svo, heldur hefi ég unnið að því í n. að fá rétta rannsókn á málinu og beygt mig fyrir þeirri niðurstöðu.

Ég skal engu spá um, hvernig fer um atkvgr. í þessu máli, ef það kemst í Sþ., en mér virðist vera kominn svo mikill glundroði í það, að því væri eins vel bjargað með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar eins og till. kom um í Ed., svo að unnt væri að rannsaka þetta mál í heild og semja nýtt frv. til vegalaga.

Þá vil ég leiðrétta eitt, sem hv. þm. fór rangt með, sjálfsagt vísvitandi, hann vissi svo vel, hvað hann sagði, en ofsi hans er svo mikill. Hann sagði, að vegamálastjóri hefði verið með till. í Ed. Það er langt frá því, en hitt má til sanns vegar færa, að hann hafi fengið að vita um þær, enda mátti varla minna vera en að hann fengi að sjá þær. En sá var munurinn, að hann mælti með öllum þeim 22 till., sem sanngmn. Nd. bar fram.

Að sjálfsögðu samþ. þm. það, sem þeim sýnist, og vel getur verið, að ekkert verði skeytt um þá rannsókn, sem fram hefir farið á málinu, og álit þeirra manna, sem bezta þekkingu hafa til brunns að bera. Slíkt kemur sér oft illa fyrir þá, sem vilja láta samþ. allt, sem þeim dettur í hug. En það er ekki rétt aðferð við setningu l., og þess vegna hefi ég mælt á þann hátt sem ég hefi nú mælt.

Forseti (JörB): Umr. um þetta mál verður frestað, sökum þess að það þarf að koma öðrum málum, sem hafa nú borizt d. til 1. umr., áleiðis með nýjum fundi. En ég mun taka þetta mál á þá dagskrá, svo að engu sé sleppt með það. Er málið þá hér með tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

***Pálmi Hannesson:** Við þm. Skagf. höfum bæði á þessu þingi og fyrr á þingum borið fram brtt. við vegalögin. Að þessu sinni hafa till. okkar verið í þremur liðum: tveir þeirra hafa þegar verið samþ., en einn tókum við aftur, enda þótt það væri sá liðurinn í brtt. okkar, sem við lögðum einna mesta áherzlu á, að næði fram að ganga. Að við tókum till. þessa aftur hér í Nd. var aðeins til samkomulags. En nú er frv. komið aftur frá hv. Ed. og allmikið breytt frá því, sem Nd. afgr. það frá sér; þannig eru t. d. komnar inn í það brtt., sem teknar voru aftur hér í hv. Nd., og það till., sem við teljum hafa miklu minni rétt á sér en till. okkar, er við tókum aftur. Sumar þessar till. eru hinar furðulegustu, eins og t. d. till. um einhvern afskekktan útkjálkaveg, sem hv þm. A.-Húnv. gat einhvernveginn smeygt inn í frv. Brtt. sú, sem við þm. Skagf. flytjum að þessu sinni og ég er að tala um nú, er um það, að 14 km. vegur frá Varmahlíð og fram að Mælifelli verði tekinn í tölu þjóðvega. Það, sem fyrst og fremst mælir með þessari brtt., er það, að vegarkafli þessi myndi tengja saman Skagfirðingabrautina og Kjalveg, en auk þess liggja að vegi þessum fjölbyggðar sveitir. Þegar um það er að ræða að

mæta þörf dreifbýlisins, á slíkur vegur sem þessi fyllsta rétt á sér. Ég vil svo undirstrika það, að ég og samþm. minn leggjum mikla áherzlu á að fá þennan vegarkafla tekinn í tölu þjóðvega.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 559) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Pétur Ottesen:** Ég skal að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að lengja umr. þessar ekki mikið, úr því sem orðið er, þar sem líka komið er fram á nótt.

Þrátt fyrir hinn mikla áróður hv. þm. V.-Sk. um þennan umræddu Uxahryggjaveg, sem nv. d. samþ. um daginn, hefir honum engu tekizt að fá umþokað. Það er alkunna, að þessum hv. þm. þykir gaman að halda ræður, og þá sérstaklega að hlusta á sjálfan sig. Hitt er annað mál, hversu gaman öðrum þykir að hlusta á hann. Hann hefir nú, hv. þm., þegar haldið þrjár stólparæður um þennan vesalings Uxahryggjaveg og á kannske eftir að halda þá fjórðu, en ég býst við, að allt komi fyrir ekki. Þá var hann að tala um það, hv. þm., að samgmn. hefði ekki getað sinnt till. þeim, sem fram komu. Þetta er ekki rétt, heldur er hitt áreiðanlegt, að n. var öll á einu máli um að taka veg þennan upp í frv., að undanteknum þó þessum hv. þm. Af því að hann var þessu ekki samþykkur, telur hann, að n. hafi ekki tekið ákvörðun um þetta. Hv. þm. virðist hér sem endranær líta á sig sem einhvern einvaldsherra, sem öllu eigi að ráða. En hann má vara sig á því, að hann skripli ekki á því sköturóðinu.

Annars vil ég, svona í mestu góðvild, benda hv. þm. á, að hann er bara réttur og sléttur þm. hér á Alþingi eins og ég, og það meira að segja einn af smærri spámönnunum (**GSv:** Ég vísa öllum þessum vaðli hv. þm. Borgf. heim til föðurhúsanna). Þá var hann að tala um það, hv. þm., að það væri engin fjárveiting til vegna þessara nýju vega. Þetta er ekki allskostar rétt; úr þessu er einmitt bætt með þeim drápsbagga, sem hv. Ed. lagði á héruðin vegna hinna nýju vega. Þá vildi hann vera að bera mér á brýn ábyrgðarleysi sem formanni fjvn. Þessi og því lík ummæli fara bara ekki vel í munni þessa hv. þm., hans, sem hefir lagzt allra þm. harðast á móti flestum þeim till. fjvn., sem miðað hafa að því að draga úr kostnaði ríkissjóðsins.

Ég skal svo fara að láta útrætt um þetta mál. Þessi margumræddi vegur hefir verið samþ. af hv. d., og hefir hún því gefið hv. þm. V.-Sk. bezta svarið.

Úr því sem komið er, held ég, að réttast verði að samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir nú.

***Eiríkur Einarsson:** Mér þykir mál þetta komið í einkennilegt horf, þegar það er athugað, hvernig það lá fyrir hér síðast. Í hv. Ed. hafa verið settar inn í það till., sem koma algerlega í bága við það samkomulag, sem um málið var gert hér. Þar hafa farið fram ýmiskonar hrossakaup um málið, og m. a. hefir það verið samþ. þar, að þessir nýju þjóðvegir skuli að nokkru leyti hvíla á héruðunum. Mál þetta kemur því hingað aftur að segja má öfuga boðleið, og fæ ég ekki annað séð en að vegið sé aftan að okkur, sem til samkomulags tókum brtt. okkar aftur hér í d. Ég tel mig því, þegar málinu er svona komið, með öllu lausan við það loforð, er ég gaf, þegar samkomulagið var gert um afgreiðslu málsins hér. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. um hinn svonefnda Partaveg. Það er búið að mæla með þeim vegi áður, og einnig hefir vegamálastjóri sagt, að hann teldi veg þennan eiga fullan rétt á að komast í tölu þjóðvega, talið hann einn hinn nauðsynlegasta veg, sem enn hafi ekki verið tekinn upp í þjóðvegakerfi landsins. Að ég kem með brtt. um þetta nú, er ekki gert af neinni þrákelkni, heldur sakir þess, að það er mikil sanngirniskrafa, að vegur þessi verði tekinn upp í tölu þjóðvega. Ég vænti því, að brtt. mín verði samþ. Hinsvegar mun ég taka hana aftur, ef aðrir þm. gera slíkt hið sama með brtt. sínar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 560) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 560 felld með 15:12 atkv.
— 549 felld með 16:9 atkv.
— 550 felld með 15:10 atkv.
— 559 felld með 16:9 atkv.
— 558,1 samþ. með 16:12 atkv.
— 558,2 samþ. með 15:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir eina umr. þar (A. 542, sbr. 558).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti (EÁrna): Það er ekki búið að prenta frv. eins og Nd. gekk frá því síðast, en það fær þingskjalsnr. 571. Það er að því leyti frábrugðið frv. eins og það var afgreitt héðan, að 2. og 3. gr. eru felldar niður, svo að nú er aðeins 1. gr. eftir. — Verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess, að málið verði tekið til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Síðan þetta mál fór úr þessari hv. deild hefir orðið sú breyt. á því í Nd., að breyt. við 12. gr. vegalaganna og ákvæði til bráðabirgða hefir hvorttveggja verið fellt niður.

Á sínum tíma mun Ed. Alþ. hafa verið ætlað það hlutverk að viðhafa meiri gætni og festu um meðferð mála en Nd. Veit ég ekki, hvort

þessar kröfur eru gerðar til hennar ennþá. Þegar þetta frv. barst deildinni aftur, hafði þetta tvennt gerzt:

1) Nd. lýsti sig andvíga þeirri stefnu, sem kom fram í 2. gr. frv., að láta ríkissjóð ekki kosta nema að nokkru leyti þá vegi, sem ekki væru alþjóðarvegir, ef svo mætti segja, heldur einstökum héruðum til hagsbóta.

2) Nd. leyfir sér með þessu að stoppa um 2 ár nýlagningu 16 vega, sem verið er að leggja, þar sem fé er ætlað til sýsluvega í fjárl. og það hefir að nokkru leyti farið í þessa vegi móti framlagi frá viðkomandi sýslum, en það fé er ekki hægt að láta renna til þjóðvega skv. lögunum. Í stað þess að leyfa eðlilega þróun um framhald þessara vega með því að láta héruðin leggja á móti framlögum ríkissjóðs hefir Nd. klippt yfir þráðinn, svo að nú verða þessir vegir að bíða þar til fé er veitt til þeirra í fjárl. 1942, ef tök eru á því þá.

Samhliða þessu virðist Nd. álykta, að þær 750 þús. kr., sem ætlaðar eru til viðhalds þjóðvega í fjárl., muni endast það vel, þrátt fyrir hækkað dagkaup, að óhætt sé að bæta viðhaldi þessara nýju þjóðvega á þennan lið, enda þótt undanfarin ár hafi þurft 830 þús. kr. til 1 millj. kr. til viðhalds þeirra þjóðvega, er fyrir voru.

Nd. hefir með afgreiðslu þessa máls sýnt framúrskarandi ábyrgðarleysi. Ég álít því fyrir mitt leyti, að það sé óforsvaranlegt af Ed. að samþ. frv. eins og það er nú, sérstaklega ef enn er litið á Ed. sem kjölfestu Alþingis. N. hefir ekki haft tækifæri til þess að taka sameiginlega afstöðu um frv., enda er það nýlega afgr. frá Nd. og ekki enn farið að útbýta því hér í deildinni.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Ég er sammála hv. 1. þm. N.-M. (PZ), að það hefði verið réttara af hv. Nd. að fella ekki niður þau ákvæði, sem bætt var í frv. hér í d. Nd. hefir haft mikinn áhuga fyrir því að koma þessu máli áfram, og það er afgr. þaðan í flýti, eins og oft vill verða, þegar mjög er liðið að þinglokum. Ef tími hefði ekki verið svo naumur, má vænta, að afgreiðsla Nd. hefði verið á annan veg. Hitt vil ég fullyrða við hv. 1. þm. N.-M. og vegamálastjóra, að þessi ákvæði muni ekki vera úr sögunni, þó að Nd. felldi þau niður, því að lífið sjálft mun sjá til þess, enda hefir það sýnt sig, að áhugi manna úti um land er það mikill fyrir vegalagningum, að sýslurnar leggja oft mjög mikið fé til veganna, enda þótt um þjóðvegi sé að ræða. Ég vil t. d. geta þess, að veginum frá Húsavík út á Tjörnes hefir verið þokað áfram á þennan hátt, og það er eingöngu því að þakka, að þessi vegur er kominn í þjóðvegatölu. Lagning þessa vegar hefir haft þau áhrif, að þessi sveit, sem var að því komin að leggjast í eyði, blómgast nú á ný, enda eru þar mörg hlunnindi, sem kunnugt er. Nú er svo komið, að bráðlega verður vegur þessi kominn alla leið út á Tjörnes, og er gert ráð fyrir, að hann verði kominn út að Máná eftir 2 ár. Ég vil undirstrika það, að þetta hefði ekki áunnizt, ef Ingólfur heitinn Bjarnarson hefði ekki fyrir 10 árum fengið þennan veg tekinn í tölu þjóðvega.

Ég get nefnt annað dæmi úr sömu sýslu. Fyrir 3 árum var vegurinn meðfram Eyjafirði að austan gerður að þjóðvegi. Áður hafði vegurinn út í Svarfaðardal verið tekinn í tölu þjóðvega, til ómetanlegs gagns fyrir þær sveitir. Nú hafa smáupphæðir verið lagðar í Svalbarðsstrandarveginn árlega úr ríkissjóði, en þið skuluð ekki halda, að sýslan hafi um leið kippt að sér hendinni. Nei, hún leggur 2—3 þús. kr. á ári til vegarins eins og áður.

Það kann að vera rétt hjá hv. þm., að sumstaðar sé þessu ekki þann veg farið, en ég hefi nefnt hér þrjá hreppa, Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandarhrepp og Tjörneshrepp, sem eru nú að losna við vegleysið, vegna þess að þessir vegir fengust teknir í þjóðvegatölu.

Hv. 1. þm. N.-M. minntist á viðhaldsféð. Öllum er kunnugt, að viðhaldsfé þjóðvega fer ekki eftir því, hvað veitt er í fjárl. árlega; það hefir æfinlega verið bætt við fjárlagaupphæðina. Annars geri ég ekki ráð fyrir því, að t. d. Bárðardalsvegurinn fái eina krónu af viðhaldsfé, en hitt geri ég mér vonir um, að vegurinn muni smáþokast áfram fyrir það, að hann er gerður að þjóðvegi.

Þetta er einskonar jólaglaðning, sem fólkið fær með svona samþykktum, og ég álít t. d. alls ekki rétt að svipta þá í Fljótsdalnum þeirri ánægju að vita, að munað sé eftir þeim. Nú er verið að hugsa um að byggja brú þarna í Fljótsdalnum, og þegar hún er komin, vantar veginn. Ég geri ekki ráð fyrir því, að Fljótsdælingar fái 1 kr. af viðhaldsfé til síns vegar frekar en Bárðdælingar, en þeir fá þá trú, að munað sé eftir þeim, þótt þeir búi í dreifbýlinu. — Ég vil geta þess, að úr þessari sveit í kjördæmi hv. þm. þurfti maður nýlega að ná í strandferðaskipið á Reyðarfirði. Hann var 3 daga að komast þessa leið á hestum, og enda þótt ég viti, að þetta er ekkert eindæmi, læt ég þessa getið, því að ekkert hefir fólkið á móti því að komast dálítið fyrr áfram.

Ég vildi óska þess frá sjónarmiði dreifbýlisins, að menn litu dálítið breitt á þetta mál, og enda þótt ég við meðferð þessa máls hafi sannfærzt um, að það sé rétt hjá hv. 1. þm. N.-M. og vegamálastjóra, að nauðsynlegt sé að gera ákvæði 12. gr. vegalaganna sterkari en þau nú eru, álít ég, að með samþykkt þessara vega sé spor stigið í rétta átt, og ætti hv. 1. þm. N.-M. að geta fylgt þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Þegar ég kvaddi mér hljóðs áðan, hafði ég þá ánægju að sjá hæstv. ráðh. hér í stólunum, sem ekki hefir verið algengt á þessu þingi, þar sem hæstv. atvmrh. hefir varla sézt hér í d. og hæstv. fjmrh. sjaldan, en báða þá þurfti ég að tala við. Ég ætlaði mér að leggja fyrir þá tvær spurningar, sem geta haft afgerandi þýðingu um afstöðu mína til málsins. Þess vegna veit ég ekki, hvort ég á að fara að spyrja tóma stólana.

Það, sem ég ætla að spyrja um, er það, í fyrsta lagi: Treystir hæstv. atvmrh. sér til þess, og hæstv. fjmrh., að láta það fé, sem ætlað er á fjárl. fyrir 1940 og 1941 til akfærra sýsluvega, og hefir gengið til 16 af þeim vegum, sem verða

teknir í tölu þjóðvega, ef frv. þetta verður að lögum, ganga til þess að leggja þá áfram, eftir að þeir kallast þjóðvegir? Þetta hefir afgerandi þýðingu fyrir afstöðu mína í málinu. Ef þeir treysta sér til þess, þrátt fyrir það þó að búið sé að taka þessa vegi, sem hér er um að ræða, í þjóðvegatölu, þá verður haldið áfram að leggja þessa vegi, og þeir togast áfram, eins og þeir hafa gert, smátt og smátt til síns áfangastaðar.

Í öðru lagi: Treysta þeir sér til þess að hlutast til um það við vegamálastjóra, að ákvæði 12. gr. vegal., sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta, verði framkvæmd:

„Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslufélög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar."

Þessu hefir verið beitt, eins og hv. þm. S.-Þ. minntist á, við einstaka vegi hér á landi. Þeir eru þó innan við 10 alls. Nú koma þarna inn tuttugu og nokkrir nýir vegir, og þá vil ég fá að heyra frá hæstv. atvmrh., sem hefir æðstu stjórn þessara mála, hvort hann treystir sér til þessa, að láta beita þessu skilyrði þannig lagað, að eitthvað komi á móti ríkissjóðsframlaginu í framtíðinni, svo að það verði haldið áfram að leggja þessa vegi.

Þetta tvennt hefir afgerandi þýðingu fyrir afstöðu mína í málinu. Ef hæstv. ráðh. treysta sér til þess að láta sýsluvegasjóðsféð næstu 2 ár ganga til þessara vega, svo að haldið verði áfram að leggja þá, þá er burt rýmt einum af þeim annmörkum, sem ég sé á því að taka þessa vegi í þjóðvegatölu nú.

Ef hæstv. ráðh. treysta sér til þess ennfremur að láta beita ákvæðum 12. gr. vegal., sem nú gilda, frekar en gert hefir verið, þá jafnar það líka metin, svo að hægra verður að vera með frv. eftir það, þó að stórgallað sé. Hinsvegar vil ég fá þessum tveim spurningum svarað, áður en ég marka mína afstöðu í málinu.

Hæstv. ráðh. hafa varla sézt hér á þessu þingi. Þó hefir það komið fyrir, að hæstv. fjmrh. hafi komið í sinn stól hér í þessari hv. d.; hæstv. atvmrh. hér um bil aldrei. Og það er dálítið hardleikið, þegar búið er að tilkynna honum, að ég muni spyrja hann um mál, sem heyrir undir hann, og hann er í næsta herbergi, að hann komi þá ekki hér inn í hv. d. Það lítur ekki út fyrir, að hann hafi sérstakan áhuga á málum, sem undir hann heyra, þegar hann hagar sér þannig, enda er áhugaleysi hans áður alkunnugt, þótt atvikin hafi skolað honum í ráðherrastólinn.

Ég tek ekki endanlega afstöðu til þessa máls, fyrr en ég heyri svör hæstv. ráðh. við þessu, sem ég geri ráð fyrir, að einhverjir þeirra manna geti fært þeim, því að það skiptir ákaflega miklu máli. Ef þeir í þessu efni hvorki treysta sér til að framkvæma fjárl. eða beita ákvæðum 12. gr. vegal. frá 1933 í framtíðinni á þessum vegum, þá mun ég ekki geta fylgt frv. Sjái þeir sér það aftur fært, mundi ég eftir atvikum geta fylgt því eins og það liggur fyrir, enda þótt ég sé ákaflega óánægður með það.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast á vegna ræðu hv. 1. þm. N.-M. viðkomandi kostnaðinum við vegina. Ég vil beina athygli hv. þd. að því, að þetta frv., sem nú er flutt, verður ekki staðfest sem l. fyrr en nú eftir mánaðamótin. Og það er ekkert ákvæði um það, að þau gangi strax í gildi. Þá eru 12 vikur frá því að tilkynnt er, að l. séu staðfest og þangað til þau ganga í gildi. Þá verður sennilega komið fram í ágúst, þegar þau öðlast gildi, úr því að þessi tími er kominn. Og þar af leiðandi geri ég ekki ráð fyrir, að hægt verði að vinna neitt verulega fyrir þetta fé á þessu ári. Það kemur sennilega ekki til neins verulegs kostnaðar á þessum vegum á árinu 1940.

***Magnús Gíslason:** Ég greiddi atkv. með þessu frv. eins og það fór hér frá þessari hv. d. Og enda þótt ég telji, að hér sé mjög stórt spor stigið í þá átt að auka útgjöld ríkissjóðs við vegalagningar hér á landi, og kannske þannig, að ekki liggi alveg nauðsyn fyrir hendi um alla þessa vegi, þá taldi ég þó, að með þeim gr., sem bætt var við, 2. og 3. gr., um að ⅓ kostnaðar skyldi greiddur af héruðum, og með því bráðabirgðaákvæði, sem sett var í frv. um, að viðhald þeirra vega, er bættust við tölu þjóðvega eftir frv. þessu, skyldi árin 1940 og 1941 kostað af viðkomandi héruðum, mundi verða dregið mikið úr þeim útgjöldum, sem ríkið fengi af l. þessum á næstu árum, ef að l. yrði. Útgjöld ríkissjóðs vegna vega eru nú þegar það mikil, að ef haldið verður vegum við eins og verið hefir, þá get ég ekki skilið annað en að þau mundu verða yfir 1 millj. kr. með þeim aukna kostnaði, sem leiðir af hækkuðu kaupgjaldi og verðhækkun á benzíni. Þess vegna ætla ég, að það sé ógætilega farið fyrir hönd ríkissjóðs að taka á hann svo mikinn kostnað, án þess að eitthvað komi á móti frá þeim héruðum, sem hlut eiga að máli. Hefi ég því viljað sætta mig við, að frv. gangi fram með því móti, að það væri í því formi, sem það hafði, er það fór héðan frá hv. d.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 11. landsk. þm., hv. 2. landsk. þm. og hv. þm. Vestm., svo hljóðandi: [sjá þskj. 574]. Þetta eru þær gr., sem felldar voru úr frv. í Nd. — Afbrigða þarf við, svo að till. megi koma til meðferðar, og vil ég biðja hv. dm. að greiða um þau atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Ég vildi aðeins benda á, að það er miklu réttara að fella frv. hreinlega heldur en að samþ. þessa brtt., sem nú hefir verið borin fram og samþ. afbrigði fyrir, með því að búið er að fella þetta atriði í hv. Nd. Þess vegna er það að samþ. þetta hér sama sem að fella frv., þó að það sé ekki eins hreinleg aðferð. Ég lít því þannig á,

að þeir, sem vilja fella frv., eigi að ganga hreint að því.

Ég vildi beina máli mínu til skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins, sem er sá eini, sem hér er mættur af valdamönnum stjórnarinnar, sem hefir óbeint með þetta atriði að fara, og spyrja hann, hvort hann ekki treysti sér til samkv. sinni stöðu að framkvæma hreint og beint vegal. eða leggja til við stjórnina að framkvæma þau eftir þeim till., sem hv. Ed. hefir lagt til. Þessi d. hefir staðið nokkuð fast saman um það að benda á þessa leið, sem hefir verið fellt í Nd., að farin verði. En það er hægt að ná því takmarki, sem vakir fyrir d., einmitt með því að samþ. frv., en með því, að þessi hv. skrifstofustjóri, sem er það fasta vald í stjórnarráðinu viðvíkjandi fjárframlögum, beiti 12. gr. vegal. gagnvart þessum vegum um þau tvö ár, sem um er að ræða. Ef þessi hv. þm. treystir sér til að gera það, þá er það sama og l. Því að enginn vegamálastjóri eða ráðh. fer að breyta á móti því, sem svona væri tryggt af skrifstofustjóra í ráðuneytinu og stuðningi þessarar hv. d. Ef hv. þm. sér sér ekki fært að gera þetta, finnst mér hann bregðast sinni trú í þessum efnum. Þetta er algerlega á hans valdi í stjórnarráðinu, og mundi líka hafa þau áhrif, að hægt væri einmitt í samráði við vegamálastjóra að beita þessu víðar. Því að í hans sýslu hefir þessi gr. á undanförnum árum verið notuð um þrjá vegi. Og kenni ég ekki í brjósti um aðrar sýslur, þó að slíkt hið sama væri gert þar líka. Ég vil skjóta því til hv. 11. landsk. sem skrifstofustjóra ráðuneytisins og sem þm. að bjarga þessu máli með stjórnarfarslegri röggsemi.

*__Magnús Gíslason:__ Ég get því miður ekki orðið við tilmælum hv. þm. S.-Þ. um að gefa loforð um þetta, því að það er ekki á mínu valdi að taka að mér að framkvæma 12. gr. vegal., nema samþykkt sé fyrir því frá Alþ. En hitt tók ég skýrt fram, að ég greiddi atkv. með því, að ákvæði 12. gr. yrðu notuð, af því að ég teldi, að með því yrði dregið úr kostnaði ríkissjóðs. Verði þessi brtt. ekki samþ., sem hér var borin fram af mér og 2 öðrum hv. þm., mun ég greiða atkv. á móti frv. í heild sinni. En ég tel ekki, að um óeðlilega aðferð sé að ræða, þó að þessi brtt. væri samþ. hér nú, því að hliðstætt hefir átt sér stað um annað mál. Og þó að þessi brtt. verði samþ., er hægt að afgr. málið í sameinuðu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 574 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, MG, PZ, SÁÓ, ÁJ, BrB, ErlÞ.

nei: IngP, JJ, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BSn, EÁrna.

1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Ég verð að segja það, að þó að ég jafnvel hefði getað verið með svona brtt., þá hefir mér borizt það, að eitt af því undarlega við framferði hv. Nd. sé, að hún hafi þegar lokið störfum og að síðasta fundi hennar hafi verið slitið í dag, svo að hún er því ekki starfandi lengur. **(Rödd af þingbekkjum:** Málið þyrfti ekki til Nd., þó að brtt. yrði samþ., til þess að verða að l.). Í Sþ. þarf aukinn meiri hl. til þess að afgr. málið, og segi ég því nei.

Páll Zóphóníasson: Með því að ég hefi ekki getað fengið svör við fyrirspurnum, sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh. áðan, en hugsanlegt er, að þau hefðu getað verið þannig, að ég hefði sætt mig við frv., segi ég já.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 575).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 7. fundi í Sþ., 15. marz, utan dagskrár, mælti

*Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Það gerðist hér í gær í þessum húsakynnum sá atburður, sem ég vildi, að mætti festast í þingsögunni.

Það var hér í einu hliðarherberginu, að hæstv. forsrh. gekk að mér og sló mig í andlitið. Hann mun hafa verið mjög reiður vegna orðaskipta, sem ekki eru þó svo stórvægileg, að þau séu í frásögur færandi.

Út af þessu vildi ég spyrja hæstv. ráðh., sem sæti eiga í ríkisstj. með forsrh., hvort þeir vildu ekki sjá til þess, að þm. gætu gengið um húsakynni Alþ. nokkurn veginn óhultir fyrir geðofsa hæstv. forsrh.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er gamall og góður íslenzkur siður, sem hefir verið notaður í mörg hundruð ár við stráka, sem eru óprúttnir í orðum, til þess að aga þá, og jafnframt til þess að sýna hina dýpstu lítilsvirðingu, sem maður getur sýnt, að gefa hinn svokallaða íslenzka kinnhest.

Og þegar gengið er að forsrh. í hans einkaherbergi og viðhöfð þau orð, sem ég ætla ekki að endurtaka hér, og lagðar hendur á hann, eins og þessi hv. þm. gerði, þá álít ég þetta viðeigandi svar, og ég býst við, að það muni margur álíta.

Um það, að ég hafi verið reiður, vil ég segja það, að ef ég er reiður, slæ ég ekki með flötum lófa.

*Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Þetta sýnir ekkert annað en það, sem ég vissi fyrir, að forsrh. er óvandaður dóni. (Forseti hringir). Hann vill, skilst mér, að upp sé tekinn sá siður, að menn komi fram sem óvandaðir dónar, enda þótt þeir séu forsrh. — Það eru ósannindi, að ég hafi lagt á hann hendur. Og að hann hafi ekki verið reiður, segir sig sjálft; menn hlaupa ekki svona á sig og gera sér smán frammi fyrir alþjóð án þess að þeir séu viti sínu fjær af bræði.

Á 12. fundi í Sþ., 3. apríl, utan dagskrár, mælti

*Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég vildi leyfa mér að bera hér fram litla spurningu til þess hæstv. ráðh., sem fer með utanríkismál.

Það var hér fyrir nokkru síðan, að það urðu nokkrar umr. um það, hvort gerðir hefðu verið verzlunarsamningar milli Íslands og Stóra Bretlands. Því var haldið fram í einu blaði bæjarins, að slíkir samningar hefðu verið gerðir, en því var harðlega mótmælt af öllum blöðum þeirra flokka, sem að hæstv. ríkisstj. standa, og að mér skilst í nafni hæstv. ríkisstj. En frá því er svo skýrt í skeyti til Morgunblaðsins í dag, að Chamberlain, forsætisráðherra Stóra Bretlands, hafi í ræðu, sem hann hélt, skýrt frá því, að verzlunarsamningar hefðu verið gerðir milli Stóra Bretlands og nokkurra landa, sem hann hafi tiltekið, og að í þeim samningum séu ákvæði um takmarkanir á útflutningi til Þýzkalands. Meðal þeirra landa, sem forsætisráðherra Stóra Bretlands nefndi, að gert hefðu slíka verzlunarsamninga við Stóra Bretland, er Ísland.

Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hverju þetta sætir, hvort forsætisráðherra Stóra Bretlands fer hér ekki með rétt mál, og hverju það sætir, að blöðin hafa, að því er virðist í nafni ríkisstj., neitað því, að slíkir samningar hafi verið gerðir. —

Herra forseti! Má ég endurtaka fyrirspurn mína, þar sem nú er kominn inn í þingsalinn hæstv. ráðh., sem fer með utanríkismál, sem ekki var viðstaddur hér áðan, þegar ég bar fram fyrirspurn mína? (Forseti PO: Já).

Það hefir verið skýrt frá því í Morgunblaðinu í dag, að Chamberlain, forsætisráðh. Stóra Bretlands, hafi skýrt frá því, að gerðir hafi verið verzlunarsamningar milli Íslands og Stóra Bretlands, er feli í sér takmörkun á útflutningi til Þýzkalands. Nú hefir þessu áður verið neitað í blöðum hér, og vildi ég spyrja hæstv. ráðh., sem fer með utanríkismál, hverju þetta sætti.

*Einar Olgeirsson: Ég vildi aðeins í sambandi við það, að ég heyri, að hæstv. félmrh., sem fer með utanríkismál, svarar ekki fyrirspurn hv. 1. landsk., leyfa mér að lýsa yfir, að réttir og sléttir þm. munu fylgja þeirri reglu í þessu efni, að skoða þögn sama sem samþykki.

Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, utan dagskrár, mælti

Thor Thors: Herra forseti! Undanfarinn sólarhring hafa þeir stórviðburðir gerzt á sviði utanríkismála, að sjálfstæði og fullveldi frændþjóða okkar á Norðurlöndum er stofnað í mikla hættu, ef ekki afnumið. Ég geri ráð fyrir, að við Íslendingar munum hafa nokkra ástæðu til að óttast, að á sama veg kunni að fara um okkur. Mér finnst nauðsyn, að ríkisstj. kalli þm. nú þegar á lokaðan fund um þessi mál.

Forseti (JörB): Ég vil geta þess, að þegar hefir verið ákveðið, að þm. stjórnarflokkanna og stuðningsmenn stjórnarinnar á Alþingi komi saman á lokuðum fundi mjög skjótt hér á eftir, og verða nú tekin af dagskrá öll þau mál, sem þar liggja fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Út af þessari yfirlýsingu vildi ég spyrja, hvort ekki sé meiningin að halda þingfund um þessi mál mjög bráðlega. Mér skildist yfirlýsing hæstv. forseta ekki vera beint svar við áskorun hv. þm. Snæf., heldur aðeins ná til flokksfundar þeirra þm., sem að ríkisstj. standa. Gerðir flokksfundar eru vitanlega ekki gerðir Alþingis.

Forseti (JörB): Að svo stöddu er mér aðeins kunnugt það, sem ég tók fram. En vitaskuld líður ekki á löngu, þar til þingfundur verður kallaður saman.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 20. fundi í Nd., 18. marz, utan dagskrár, mælti

Bjarni Bjarnason: Einhvern fyrstu daga þessa þings bar ég fram frv. ásamt hæstv. forseta um afnotarétt og meðferð jarðhita. Þetta mál var fyrir síðasta þingi og var þá afgr. með nokkrum breytingum af allshn. þessarar hv. d. En í framsöguræðu minni gat ég þess, að við flm. féllumst á, að frv. yrði afgr. í því formi, sem hv. Nd. gaf því á síðasta þingi. Ég held, að ekki hafi orðið nein mannabreyting í hv. allshn., þó að nokkur skipulagsbreyting hafi að vísu orðið, þar sem skipt hefir verið um formann, og þykir mér því undarlegt, að ekki skuli vera hægt að fá málið úr n., ekki sízt þar sem það var afgr. til n. eftir till. hennar sjálfrar. Ég hefi innt hv. n. eftir þessu og komizt að raun um, að ekki muni vera ágreiningur um málið innan hennar. En mér er mikið áhugamál, að málið komi sem fyrst úr n.

***Einar Olgeirsson:** Ég bar fram frv. í byrjun þessa þings ásamt hv. 4. landsk., og var því vísað til hv. allshn. Frv. fjallaði um mál, sem flestir hafa mikinn áhuga fyrir, sem sé kaupgjaldsmálin. Ég hefi ekkert heyrt frá hv. allshn. síðan hún fékk málið til meðferðar, og þætti mér því vænt um, ef hæstv. forseti vildi grennslast eftir því, hvort hv. n. getur ekki farið að skila áliti, þar sem málið er búið að liggja hjá henni í meira en mánuð.

Forseti (JörB): Ég hefi þráfaldlega ítrekað við n., að þær skiluðu áliti um mál, er vísað er til þeirra, og látið í ljós, að það væri þingsins að segja til um það, hvernig afgreiðslu málin skyldu fá. Það á ekki að geta verið á valdi n. að eyða málum með því að láta þau ekki koma aftur fyrir þd.

Viðvíkjandi máli því, er hv. 2. þm. Árn. gat um, er það að segja, að ég hefi einnig rætt við hv. n. um að fá skjóta afgreiðslu á málinu. Eins og hann tók fram, virtist ekki vera ágreiningur um málið innan n. Ég veit enga ástæðu, hví málið hefir ekki verið afgr., og mun ég því, áður en langir tímar líða, taka málið á dagskrá, ef n. fæst ekki til að afgreiða það.

Viðvíkjandi tilmælum hv. 5. þm. Reykv. vil ég endurtaka það, að ætlazt er til, að hv. þd. úrskurði um afgreiðslu mála, en ekki n., nema þegar svo stendur á, að komið er að þinglokum og ekki vinnst tími til afgreiðslu þeirra, en um hvorugt þessara mála er því til að dreifa.

III. Utanför þingmanns.

Á 24. fundi í Nd., 28. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi bréf frá hv. þm. Ísaf.:

„Ég leyfi mér hér með að tilkynna yður, hæstvirti forseti, að ég hefi af hálfu síldarútvegsnefndar verið kvaddur til utanfarar í síldarsöluerindum. Mun ég leyfa mér að leggja í för þessa að fengnu leyfi Alþfl. og óska samþykkis yðar til þess að mæta ekki á þingfundum það sem eftir er þingtímans. Virðingarfyllst,

Finnur Jónsson."

Ég vil vænta þess, að hv. d. samþ. af sinni hálfu burtfararleyfi Finns Jónssonar, þar sem hann er að rækja áríðandi störf fyrir síldarútvegsnefnd.

IV. Mannaskipti í nefndum.

Á 6. fundi í Nd., 28. febr., áður en til dagskrár væri gengið, mælti

forseti (JörB): Mér hefir borizt ósk Framsfl. þess efnis, að hann mætti setja hv. þm. V.-Húnv. (SkG) til þess að gegna störfum hv. þm. N.-Þ. (GG) í samgmn. í forföllum hans, og skoða ég það samþ., ef enginn mælir því í gegn.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (JörB): Mér hefir borizt ósk um það frá Alþfl., að hv. þm. Seyðf., Haraldur Guðmundsson, taki sæti í sjútvn. í stað Finns Jónssonar, og skoða ég það samþ. af hálfu d., ef ekki koma nein andmæli fram.

Á 10. fundi í Sþ., 1. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt um það ósk frá Alþfl., að þm. N.-Ísf. (VJ) tæki sæti í allshn. í stað þm. Ísaf. (FJ) í fjarveru hans.

V. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 21. fundi í Sþ., 22. apríl, var tekin til meðferðar
kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, A, B og C. — Á A-lista var ErlÞ, á B-lista BJ, PZ, og á C-lista SK, SEH. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bergur Jónsson,
Sigurður Kristjánsson,
Erlendur Þorsteinsson,
Páll Zóphóníasson,
Sigurður E. Hlíðar.

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 22. fundi í Sþ., 23. apríl, var tekin til meðferðar
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1939, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 38. gr. stjskr.

Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista voru JörB, SÁÓ, en á B-lista JPálm. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. alþingismennirnir:

Jörundur Brynjólfsson,
Jón Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson.

3. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til 3 ára, frá 1. jan. 1941 til 31. des. 1943, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 1 5. jan. 1938 og l. nr. 43 19. maí s. á.

Fram komu tveir listar, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Af A-lista: Þormóður Eyjólfsson,
Þorsteinn M. Jónsson,
Finnur Jónsson.
Af B-lista: Sveinn Benediktsson,
Jón Þórðarson.

Varamenn:
Af A-lista: Einar Árnason,
Bernharð Stefánsson,
Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Óli Hertervig,
Elías Þorsteinsson.

4. Síldarútvegsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 3 manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til 3 ára, frá 1. jan. 1941 til 31. des 1943, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 74 29. des. 1934.

Fram komu tveir listar, A og B, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Af A-lista: Björn Kristjánsson,
Finnur Jónsson.
Af B-lista: Sigurður Kristjánsson.
Varamenn:
Af A-lista: Þorsteinn M. Jónsson,
Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Ólafur Vilhjálmsson.

5. Milliþinganefnd um gjaldeyrisverzlun og innflutningshömlur.

Á 24. fundi í Sþ., s. d., var tekin til meðferðar
kosning þriggja manna milliþinganefndar samkvæmt nýafgreiddri þingsályktun um skipun milliþinganefndar til að endurskoða löggjöfina um gjaldeyrisverzlun og innflutningshömlur.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, A og B. — Á A-lista voru EystJ, Kjartan Ólafsson, en á B-lista Björn Ólafsson. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina án atkvgr.:

Eysteinn Jónsson,
Björn Ólafsson,
Kjartan Ólafsson.

VI. Starfsmenn þingsins.

Á 2. fundi í Sþ., 20. febr., skýrði forseti frá, að ráðnir hefðu verið af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Svanhildur Þorsteinsdóttir, Björgvin Magnússon, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Kirstín D. Pétursdóttir.

Innanþingsskrifarar:
Ólafur Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Björn Franzson, Jóhann Hjörleifsson, Jón J. Símonarson, Sigríður Stefánsdóttir, Kristján Thorlacius, Auðbjörg Tryggvadóttir, Aðalheiður Sæmundsdóttir, Gísli Gíslason.

Dyra- og pallagæzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Jón Bjarnason, Hjálmtýr Sigurðsson, Ágúst Jóhannsson, Jens Magnússon, Þorleifur Ben. Þorgrímsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

Fatagæzla:
Ragna Þorvarðsdóttir, Vigdís Torfadóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir.

Þingsveinar:
Daníel Bergmann, Einar Runólfsson, Birgir Finnsson, Ingólfur Bjarnarson, Dagfinnur Stefánsson, Gunnar Egilson, Haukur Heiðar, Albert Guðmundsson.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

Ráðnir voru til viðbótar 5. marz þessir innanþingsskrifarar: Björn Sigfússon, Róbert Bjarnason, Rannveig Þorsteinsdóttir, Sigrún Pálsdóttir.

VII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 49. fundi í Ed., 23. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (EÁrna): Þar sem þetta verður síðasti fundur d., þá vildi ég fara fram á það við hv. dm., að þeir gæfu mér leyfi til að undirskrifa þær fundargerðir, sem eftir er að bóka, og ef enginn hv. dm. mótmælir því, þá skoða ég það samþ.

Þegar við erum að hætta störfum í d. og skilja að þessu sinni, þá vil ég þakka hv. dm. fyrir prýðilega framkomu í minn garð, sem hefir verið þannig, að ég hefði ekki getað á betra kosið. Ég veit, að það hefir talsvert skort á um mín störf í d., en ég hefi fundið, að ég hefi ætíð átt hlýju að mæta hjá hv. dm.

Ég vil að lokum óska öllum hv. dm. góðrar líðunar og þeim, sem eiga ferð fyrir höndum til heimila sinna, góðrar ferðar.

Magnús Jónsson: Ég vil í nafni mínu og ég býst við allra hv. dm. þakka hæstv. forseta fyrir hlýleg orð í garð okkar dm. og samvinnu okkar við hann. Ég vil þakka honum fyrir hans lipru og sanngjarnlegu fundarstjórn nú eins og áður.

Það er náttúrlega ekki alltaf vandalaust verk fyrir hæstv. forseta, sérstaklega síðustu daga þingsins, þegar mikið er að gera og kannske dálítið öldurót í hugum manna út af gangi mála, að sefa hugina og láta þingstörfin samt sem áður fara fram með þeim virðulega blæ, sem þarf að vera. Ég held, að það verði ekki annað sagt en að forseti okkar hafi verið óvenjulega laginn á það, og vildi ég óska þess, að svo mætti einnig verða í framtíðinni, hvort sem hann eða einhver annar stjórnar þessari d., að henni mætti verða stjórnað af jafnmikilli samvizkusemi og jafnmikilli lagni eins og hann hefir stjórnað fundum okkar á undanförnum árum og á þessu þingi.

Ég vil svo óska honum alls góðs í framtíðinni og góðrar heimferðar, þegar hann leggur heim á leið, og góðrar heimkomu.

Ég vil svo biðja hv. dm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir deildarmenn stóðu upp.]

Forseti (EÁrna): Ég þakka hlýleg orð í minn garð og segi þessum síðasta fundi d. slitið.

b. Í neðri deild.

Á 50. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Þetta mun vera síðasti fundur deildarinnar að þessu sinni. Ég vil fara fram á það við hv. þdm., að þeir veiti mér heimild til að undirskrifa gerðabók ásamt riturum. Skoða ég það sem samþ., ef enginn mælir því í gegn.

Vil ég svo þakka hv. þingdeildarmönnum einkar vel fyrir góða samvinnu á þinginu og hvað þeir hafa verið mér góðir í öllu samstarfi. Ég vil óska öllum utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Ég vil vona, að við hittumst allir heilir á næsta þingi.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég vil fyrir hönd þingdeildarmanna þakka hæstv. forseta fyrir hans ágætu fundarstjórn að þessu sinni sem endranær. Ég vil einnig þakka honum hans árnaðaróskir til okkar þingmanna; ég vil árna honum blessunar og vona, að við hittum hann heilan, er þing kemur saman næst.

Forseti (JörB): Ég vil þakka hæstv. atvmrh. hans hlýju orð í minn garð og vil endurtaka árnaðaróskir mínar til hans og þingdeildarmanna.

Segi ég svo fundi slitið.

VIII. Þinglausnir.

Á 25. fundi í Sþ., 24. apríl, las forseti upp svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefir staðið frá 15. febr. til 24. apríl, eða **samtals 70 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	50
- efri deild	49
- sameinuðu þingi	25
Alls	124 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	6		
b. — — efri deild	5		
c. — — sameinað þing	3		
		—	14
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	55		
b. Borin fram í efri deild	22		
		—	77
		—	91
Þar af:			
a. Afgreidd sem lög:			
stjórnarfrumvörp	14		
þingmannafrumvörp	47		
	— alls	61	lög
b. Fellt:			
þingmannafrumvarp		1	
c. Afgr. m. rökst. dagskrá:			
þingmannafrumvarp		1	
d. Vísað til stjórnarinnar:			
þingmannafrumvörpum		2	
e. Ekki útrædd:			
þingmannafrumvörp		26	
		—	
		91	

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í neðri deild	3		
b. — — í efri deild	2		
c. — — í sameinuðu þingi	22		
		—	27
Þar af:			
a. Þingsályktanir afgr. til stj.:			
1. ályktanir Alþingis	13		
2. ályktun efri deildar	1		
	— alls	14	þál.
b. Felld		1	
c. Afgr. með rökst. dagskrá		1	
d. Vísað til stjórnarinnar		1	
e. Ekki útræddar		10	
		—	
		27	

III. Fyrirspurnir:

Borin fram í efri deild	1		
Bornar fram í neðri deild	2		
		—	3
Þar af:			
a. Synjað leyfis		1	
b. Ekki svarað		2	

Mál til meðferðar í þinginu alls 121

Síðan mælti

forseti (HG): Störfum þessa Alþingis er nú lokið. Það er hið 55. löggjafarþing, en 70. samkoman frá því Alþingi var endurreist.

Frá stofnun Alþingis eru nú liðin 1010 ár, en 678 ár frá því Ísland játaðist undir konungsyfirráð.

Oft hefir Alþingi setið lengur að störfum en að þessu sinni, og málin, sem það hefir afgreitt, eru sízt fleiri nú en oft áður. Þó tel ég það alveg vafalaust, að þetta Alþingi muni jafnan verða talið eitt hið allra merkasta í sögu þjóðarinnar. Og vissulega mun oftlega verða til þess vitnað, er tímar líða.

Styrjöldin mikla magnast enn og tekur til æ fleiri landa og þjóða. Áhrif hennar bein og óbein verða stöðugt ríkari og tilfinnanlegri. Hlutleysi og friðarvilji smárra þjóða er að engu haft.

Nágrannaþjóðir vorar, frændþjóðirnar á Norðurlöndum, sem einskis hafa annars óskað en að gæta hlutleysis og lifa í sátt og friði við nábúa sína alla, hafa nú þrjár nauðugar dregizt inn í þennan hildarleik. Og hin fjórða bíður þess milli vonar og ótta, hvort og hvenær hún hljóti sömu örlög. Ein hefir orðið að sætta sig við nauðungarfrið eftir frábæra vörn gegn ofurefli og látið hluta af landi sínu. Önnur berst nú fyrir lífi sínu og sjálfstæði við erlendan árásarher, sem hefir helztu borgir landsins á valdi sínu. Og hin þriðja, sambandsþjóð vor, hefir neyðzt til þess að beygja sig fyrir vopnavaldi nábúa, sem er þrítugfalt sterkari en hún.

Vér Íslendingar erum magnlausir áhorfendur þessa voðalega harmleiks. Vér getum aðeins vottað þessum frændþjóðum vorum einlæga samúð og dýpstu hluttekningu. Vér höfum dáðst að afrekum þeirra, verklegum og andlegum. Hvergi hefir lýðræði og lýðfrelsi verið meira virt né gefið betri raun en hjá þeim. Lífskjör almennings, menning og áhrif í þjóðmálum voru þar jafnari og betur tryggð en hjá flestum þjóðum öðrum. Stærri þjóðir, ríkar og voldugar, sóttu til Norðurlanda fyrirmyndir í félagsmálalöggjöf, alþýðutryggingum, samvinnufélagsskap og öðrum slíkum efnum.

Vér Íslendingar eigum enga ósk heitari þessum frændþjóðum vorum til handa en þá, að þeim lánist sem fyrst að endurheimta frið og frelsi og óskert umráð yfir löndum sínum.

Vér Íslendingar höfum ekki orðið fyrir árásum neinnar styrjaldarþjóðar, og til þessa höfum vér borið gæfu til að komast hjá manntjóni af völdum stríðsins. Fjarstaða landsins hefir enn sem fyrr reynzt oss haldgóð vörn.

En þrátt fyrir það verður ástandið einnig hjá oss iskyggilegra með hverjum degi, sem líður. Vígstöðvarnar hafa færzt nær. Öllu viðskiptasambandi er nú slitið við mörg hin þýðingarmestu markaðslönd vor, — lönd, sem hin síðari ár hafa keypt talsvert meira en helminginn af öllum útflutningsvörum vorum og séð oss næstum því fyrir helmingi hins innflutta varnings.

Allt bendir til þess, að vér verðum að vera viðbúnir stórfelldri röskun á atvinnulífi og viðskiptum. Ekki er annað sýnilegt en að veigamiklar atvinnugreinir, svo sem vinna við byggingar og saltfiksverkun, muni mjög dragast saman. Og um fjárhagsafkomu ríkisins og einstaklinganna er allt í hinni mestu óvissu.

Ástand og horfur móta jafnan störf Alþingis. Svo er og að þessu sinni. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og með sérstökum lögum hefir Alþ. veitt ríkisstjórninni alveg óvenjulega víðtækar heimildir til að draga úr fjárframlögum til ýmissa framkvæmda, ef ástandið breytist þannig, að slíkt verður óhjákvæmilegt. En það

er von þingmanna, að eigi komi til þess, að nauður reki til að beita þeim heimildum. Og víst má telja, að ef nauðsynlegt verður að grípa til þeirra, þá verða og aðrar aðgerðir óhjákvæmilegar.

Alþingi hefir afgreitt lög um uppbætur á ellilaunum, örorku- og slysabótum, um verðlagsuppbætur til opinberra starfsmanna, um húsaleigu, um stríðstryggingu sjómanna o. fl., sem öll bera vott um vilja Alþingis til að mæta þeim örðugleikum, er styrjöldin veldur. Sama má og að nokkru leyti segja um lögin um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi tilteknar landspildur til nýbýlastofnunar og fjárframlög til ræktunarframkvæmda á þessum jarðeignum, svo og lögin um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins. Hvorttveggja miðar að því að nytja betur gæði landsins og skapa ný atvinnuskilyrði í stað hinna, sem tapast. Þá gerði Alþingi og ráðstafanir til þess, að öll fiskiskip, 10 lesta og stærri, geti innan skamms fengið talstöðvar til öryggis skipshöfnum.

Atburðir þeir, sem gerzt hafa á Norðurlöndum, hafa fært oss heim sanninn um það, hver hætta lýðræðinu og sjálfstæði landsins getur stafað af starfsemi ofbeldisflokka og áróðursmanna erlends valds. Af því tilefni m. a. samþykkti Alþingi því nær einum rómi ályktun um ráðstafanir til verndar lýðræðinu og öryggi ríkisins og undirbúning löggjafar um þau efni. Aðeins þrír þingmenn voru andvígir þessari ályktun.

Afleiðing þess, að sambandsþjóð vor og konungur hafa neyðzt til að lúta valdi annars ríkis, er sú, að þau stjórnarfarslegu tengsl, sem verið hafa milli vor og hennar, hafa rofnað, og að konunginum er ókleift að fara með það vald, sem honum er fengið í stjórnarskránni.

Þessu nýja viðhorfi varð Alþingi að mæta. Með atkvæðum allra þingmanna, án undantekningar, var því samþykkt, að Ísland tæki í sínar hendur að svo stöddu landhelgisgæzluna og meðferð utanríkismála, svo og að fela ríkisstjórninni að fara með vald það, sem konungi er fengið með stjórnarskránni.

Æðsta vald í öllum málefnum ríkisins er nú aftur, eftir nærfellt 700 ár, fengið þjóðinni í hendur, — kjörnum þingfulltrúum hennar og ríkisstjórn, er nýtur stuðnings meiri hluta Alþingis.

Konungur vor hefir ávallt fylgt í öllu ákvæðum stjórnarskrár Íslands, enda hafa Íslendingar viljað sýna og sýnt honum fullan þegnskap.

Og sambandsþjóð vor hefir jafnan, síðan sambandslögin öðluðust gildi, virt samning þann, sem í þeim felst, og staðið við hann í hvívetna svo sem bezt mátti á kjósa. Sama hefir Alþingi og viljað gera.

Alþingi hefir á engan hátt viljað rjúfa eða rofið sambandslagasamninginn. Honum mátti segja upp eftir örfá ár. Og sízt vildi Alþingi nota sér raunir sambandsþjóðarinnar til að ganga á gerða samninga. En atburðir sem orðið hafa hjá sambandsþjóð vorri, gerðu henni ófært að rækja lengur sinn hluta samningsins og konungi ókleift að fara með vald sitt hér. Hlaut því samningurinn að þessu leyti að falla niður.

En þótt hin stjórnarfarslegu tengsl milli dönsku og íslenzku þjóðarinnar séu rofin, þá erum vér enn bundnir sterkum böndum við dönsku þjóðina, böndum vináttu og margháttaðra samskipta, böndum frændsemi og sameiginlegrar menningar. Og það er von vor, að hún komist sem fyrst heil og frjáls úr þeirri eldraun, sem hún nú þolir.

Enn sem fyrr mun dómurinn um störf Alþingis verða misjafn, og þá fyrst og fremst um það, hversu því hafi lánazt viðbúnaðurinn gegn erfiðleikum þeim í atvinnulífi þjóðarinnar, sem þegar segja áþreifanlega til sín og útlit er fyrir, að fari vaxandi. En hitt ætla ég að vart geti orkað tvímælis, að Alþingi hafi á réttri stundu og á réttan hátt mætt hinu nýja stjórnarfarslega viðhorfi. Allir óskum vér og vonum, að oss lánist að fara svo með hið æðsta vald í málefnum hins íslenzka ríkis, að til gæfu og gengis megi verða fyrir þjóðina alla.

Þótt blika sé í lofti og bakki í hafi, ber að minnast þess ávallt, að öll él birtir um síðir. Í dag er síðasti dagur vetrar. Á morgun fyrsti dagur sumars.

Að svo mæltu þakka ég þingmönnum öllum gott samstarf á liðnu þingi. Megi störf þingsins reynast þjóðinni eins og óskir vorar standa til.

Þingmönnum þeim, sem heima eiga utan Reykjavíkur, óska ég góðrar ferðar og heillar heimkomu.

Og öllum oss, landsbúum öllum, óska ég árs og friðar, gleðilegs og farsæls sumars.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir hönd Alþingis góða fundarstjórn og gott samstarf á þessu þingi, sem nú hefir verið háð og er nú lokið, og óska honum allra heilla í framtíðinni.

Forseti (HG): Ég þakka hæstv. ráðh. og þm. öllum.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Alþingi hefir nú lokið störfum sínum og hefi ég því aflað mér heimildar til að slíta Alþingi.

Samkvæmt ályktun Alþingis 10. apríl fól þingið ráðuneyti Íslands að fara með konungsvaldið, og hefi ég móttekið bréf þar að lútandi:

„Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds, gerir kunnugt:

Að það veitir hér með forsætisráðherra, Hermanni Jónassyni, umboð til þess í nafni ráðuneytisins að segja Alþingi slitið, er það hefir að þessu sinni lokið störfum sínum.

Gert í Reykjavík, 23. apríl 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson.

Bréf ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, um þinglausnir.“

Það eru nú liðin 1010 ár síðan Alþingi Íslendinga var stofnað, og er þetta 55. löggjafarþing síðan Alþingi var endurreist. —

Ég leyfi mér samkvæmt því umboði, er ég áðan las, að segja Alþingi slitið.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast ættjarðar vorrar, Íslands, og hans hátignar konungsins með því að rísa úr sætum sínum.

Þingheimur stóð upp, og aldursforseti, **Ingvar Pálmason**, mælti: „Lifi Ísland!“

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.